XVI. Að endurgreiða innlendum skipasmíðastöðvum aðflutningsgjöld, þar með talinn söluskattur, af efni í skip og báta, er þær smíða. Má miða endurgreiðsluna við tiltekna fjárhæð á hverja smálest, sem næst því er ætla má að svari til þeirra aðflutningsgjalda og söluskatts, er greidd hafa verið af efni til smíðanna.
XVII. Að greiða menningarsjóði það, sem á kann að vanta, að tekjur sjóðsins árið 1953 nái 360 þús. kr.
XVIII. Að taka lán að fjárhæð allt að 5.5 millj. króna hjá Framkvæmdabanka Íslands til framkvæmda vegna flugþjónustu.

XIX. Að ábyrgjast lán hjá Tryggingastofnun ríkisins fyrir síldarverksmiðjuna Rauðku á Siglufriði að fjárhæð allt að 2.6 millj. króna.
XX. Að tryggja með samningi, að bókasafn Þorsteins M. Jónssonar verði eign Kennaraskóla Íslands, enda fallist ríkisstjórnin á skilyrði eigandans fyrir afhendingu safnsins.
XXI. Að verja allt að 1 millj. kr. til byggingar sementsverksmiðju.
XXII. Að ákveða, að fjölgun starfsmanna ríkis og ríkisstofnana skuli vera háð samþykki fjármálaráðherra, þar til sett verða lög um ráðstafanir til þess að draga úr kostnaði við opinberan rekstur.

23. gr.

Á árinu 1954 skal greiða sérstakar uppbætur á laun starfsmanna ríkisins sem hér segir:

Á laun samkvæmt	I.—III.	flokki	launalaga	10 %
- — —	IV.	—	—	12 —
- — —	V.— IX.	—	—	15 —
- — —	X.—XV.	—	—	17 —

enda skal lágmarksvinnutími samkv. 1. gr. I. reglugerðar nr. 45 1946 og 2. gr. d. reglugerðar nr. 136 1945 vera á sama tíma 38½ klukkustund á viku.

Á árinu 1954 skal greiða 15% uppbót á lífeyri og eftirlaun, þó aldrei á hærri fjárhæð en 14 400 kr. hverjum einstökum lífeyris- eða eftirlaunaþega.

Ríkissjóður greiðir helming uppbótarinnar á lífeyri, en hlutaðeigandi lífeyrissjóður hinn helminginn.

24. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1953 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þegar frumvarp til fjárlaga fyrir yfirstandandi ár var samið, voru verðlagsuppbætur á laun miðaðar við að kaupgjaldsvísitala yrði 155 stig á þessu ári. Síðasta Alþingi breytti lagaákvæðum um greiðslu verðlagsuppbóta á laun á þá lund, að þær miðast nú við kaupgjaldsvísitölu að viðbættum 5 eða 10 stigum eftir því, hvort grunnlaun eru hærri eða lægri en 1830 kr. á mánuði. Séu grunnlaunin hærri en 2200 kr. á mánuði er þó aðeins greidd 23% verðlagsuppbót á þann hluta launanna, sem umfram er. Jafnframt voru svo gerðar ýmsar ráðstafanir til þess að lækka verðlag, m. a. með auknum niðurgreiðslum úr ríkissjóði, og lækkaði þá kaupgjaldsvísitalan í 148 stig. Sýnt var, að þessar breytingar myndu valda nokkurri hækkun á kaupgreiðslum, og voru því veittar á 19. gr. fjárlaga 2.5 millj. kr. til að mæta þeim. Í febrúar s. l. lækkaði kaupgjaldsvísitalan um eitt stig, og hefur verið óbreytt síðan, 147 stig. Er í þessu frumvarpi miðað við að svo verði einnig næsta ár. Hækkun á einstökum launaliðum frá núgildandi fjárlögum er þá 1—2%, og mun láta nærri, að það jafnist móti þeim 2.5 millj. kr., sem á fjárlögum þessa árs eru veittar vegna vantalinnar verðlagsuppbótar.

Vegna fyrrnefndra ráðstafana til lækkunar á verðlagi voru fjárveitingar til dýrtíðarráðstafana hækkaðar á síðasta Alþingi um 8.8 millj. kr. umfram það sem lagt var til í fjárlagafrumvarpinu. Til þess að halda áfram sömu niðurgreiðslum

á næsta ári, þarf nú enn að auka fjárveitinguna, einkum vegna aukinnar framleiðslu á mjólk og kartöflum. Er lagt til að veittar verði 43.5 millj. kr. í þessu skyni á næsta ári. Óvíst er enn, hvort sú fjárhæð muni nægja, og verður það athugað nánar við meðferð frumvarpsins á Alþingi.

Í frumvarpi þessu er gerð sú breyting frá því, sem verið hefur í fjárlögum að undanförnu, að símakostnaður og burðargjöld eru færð stofnunum öllum og embættum til gjalda á sama hátt og annar kostnaður við þau, en hefur að undanförnu verið fært í einu lagi fyrir allmargar stofnanir á 11. gr. D. Lækkar því sú grein um 1.7 millj. kr. Mestum hækkunum veldur þetta hjá stjórnarráði (500 þús. kr.), sýslumönnum og bæjarfógetum (470 þús. kr.) og tollstjóraskrifstofunni (145 þús. kr.).

Ráðuneytið hefur eftir megni reynt að forðast gjaldahækkanir, og eru því mjög víða í frumvarpinu lægri fjárhæðir en önnur ráðuneyti fóru fram á. Þó varð ekki komizt hjá því að hækka ýmsa liði frá fjárlögum þessa árs með tilliti til reynslu undanfarinna ára.

Forstöðumenn ýmissa stofnana og starfsgreina hafa farið fram á fjölgun starfsfólks, en slíkum málaleitunum hefur yfirleitt verið synjað.

Um 2. gr.

1. og 2. Tekju- og eignarskattur, svo og stríðsgróðaskattur, er áætlaður 59.9 millj. kr., eins og í núgaldandi fjárlögum. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir setningu nýrra skattalaga á yfirstandandi Alþingi, og er áformað að beinir skattar lækki. Á hinn bóginn má gera ráð fyrir, að tekjur manna verði talsvert hærri í ár en á s. l. ári. Að vísu verður ekki um það sagt, hvort tekjuhækkun þessi vegur á móti því, er skattar verða lækkaðir. Telur ráðuneytið eftir atvikum eigi annað tiltækilegt en áætla þessa liði að svo stöddu óbreytta.

3. Vörumagnstollur reyndist á s. l. ári 23.7 millj. króna, og er hann nú áætlaður 24 millj., svo sem er í fjárlögum þessa árs.

4. Verðtollur er áætlaður 110 millj., og er það 1 millj. hærra en í fjárlögum nú.

5. Innflutningsgjald af benzíni varð á s. l. ári 9.5 millj. Með hliðsjón af því er áætlunin hér hækkuð um 0.3 millj. frá fjárlögum eða í 9.5 millj.

6. Gjald af innlendum tollvörum er áætlað 7.2 millj. eða jafnhátt og í núgildandi fjárlögum.

7. Fasteignaskattur er áætlaður jafnhár og í fjárlögum nú.

8. Lestagjald af skipum er áætlað óbreytt frá fjárlögum þessa árs.

9. Bifreiðaskattur er áætlaður óbreyttur frá núgildandi fjárlögum.

10. Aukatekjur ríkissjóðs reyndust á s. l. ári rúml. 4 millj. og virðast ekki verða lægri í ár. Áætlunin er því hækkuð í 4 millj.

11. Stimpilgjald er áætlað óbreytt frá fjárlögum, 9 millj.

12. Vitagjald er áætlað óbreytt frá fjárlögum.

13.—15. Þessir liðir eru áætlaðir óbreyttir frá núgildandi fjárlögum.

16. Söluskattur er með hliðsjón af reynslu s. l. árs áætlaður 91.5 millj. eða 2 millj. hærri en í fjárlögum nú.

17. Leyfisgjöld eru áætluð óbreytt frá fjárlögum nú.

Um 3. gr. A.

1. *Póstsjóður.* Rekstrarhalli póstsins er áætlaður 634 þús. kr., og er það svipað og í fjárlögum þessa árs, en rúml. 300 þús. kr. lækkun frá tillögum póst- og símamálastjóra. Telur ráðuneytið nauðsynlegt, að póstþjónustan standi að verulegu leyti undir sér sjálf.

2. *Landssíminn.* Ráðuneytið telur nauðsynlegt, að greiðsluhalli Landssímans á árinu 1954 aukist ekki frá áætluðum greiðsluhalla stofnunarinnar í fjárlögum

þessa árs. Póst- og símamálastjóri gerir í sinni áætlun ráð fyrir 2 705 þús. kr. greiðsluhalla, en með því að lækka ýmsa rekstrar- og fjárfestingarliði áætlunarinnar hefur ráðuneytið fært greiðsluhallann niður í 1 619 þús. kr.

3. *Áfengisverzlun ríkisins.* Á starfsliði áfengisverzlunarinnar hafa verið gerðar þær breytingar, að bætt var við 3 iðnkonum og einum aðstoðarmanni, en lyfjafræðingur hætti störfum. Af þessum sökum og vegna aldurshækkana hækka grunnlaun um tæplega 30 þús. kr. Rekstrarhagnaður er áætlaður 52 millj. kr., og er það óbreytt frá fjárlögum þessa árs.

4. *Tóbakseinkasala ríkisins.* Grunnlaun hækka um 6714 kr. vegna aldurshækkana. Annar rekstrarkostnaður hækkar um 100 þús. kr. Rekstrarhagnaður er áætlaður 39 millj. kr., og er það 4 millj. kr. hærra en í fjárlögum þessa árs.

5. *Ríkisútvarpið.* Afnotagjöld eru miðuð við 36000 útvarpsnotendur, og hækka því um 100 þús. kr. frá fjárlögum þessa árs. Aðrar tekjur hækka um 200 þús. kr. Ráðunautsstaða við dagskrárskrifstofu fellur niður, og verður því nokkur lækkun á grunnlaunum. Annar kostnaður hækkar samtals um 250 þús. kr., og munar þar mest um e-lið, til útvarpsstöðva, sem hækkar um 100 þús. kr. vegna fjölgunar sendistöðva, og f-lið, til hleðslustöðva, viðgerðarferða o. fl., sem hækkar um 50 þús. kr. vegna nauðsynjar á aukinni þjónustu við hlustendur úti á landi. Rekstrarhagnaður er áætlaður nær óbreyttur frá fjárlögum þessa árs, eða 1 643 þús. kr., og rennur 1 millj. kr. þar af í framkvæmdasjóð útvarpsins.

Grunnlaun hjá viðgerðarstofu útvarpsins hækka um 55 þús. kr., sem stafar af því að starfsmenn stofunnar á Akureyri eru nú teknir á starfsmannaskrána.

Rekstrarhagnaður viðgerðarstofunnar lækkar um 5 þús. kr.

Áætlaður hagnaður af viðtækjaverzlun er 40 þús. kr. lægri en í fjárlögum þessa árs, og rennur sem fyrr til greiðslu á skuldum þjóðleikhússins.

6. *Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.* Fylgt hefur verið tillögum forstjórans. Tekjuafgangur er áætlaður 325 þús. kr. eða 25 þús. kr. hærri en í gildandi fjárlögum.

7. og 8. *Áburðarsala og Grænmetisverzlun ríkisins.* Gert er ráð fyrir jöfnum tekjum og gjöldum af þessum fyrirtækjum, svo sem verið hefur. Fylgt hefur verið tillögum forstjórans.

9. *Landssmiðjan.* Vegna aukinnar starfsemi er bætt við einum verkfræðingi. Af sömu ástæðum hækkar annar kostnaður einnig nokkuð. Í tillögum forstjórans er gert ráð fyrir 90 þús. kr. rekstrarhagnaði, en með tilliti til reiknings síðasta árs hefur ráðuneytið áætlað hagnaðinn 165 þús. kr. Er það 95 þús. kr. hærra en í fjárlögum þessa árs.

10. *Tunnuverksmiðjur ríkisins.* Tekin hefur verið nær óbreytt áætlun síldarútvegsnefndar um rekstur tunnuverksmiðjanna á næsta ári. Tekjur og gjöld eru áætluð jöfn svo sem verið hefur.

11. *Innkaupastofnun ríkisins.* Grunnlaun hækka lítið eitt vegna aldurshækkana. Ekki er gert ráð fyrir neinum tekjuafgangi.

12. *Ríkisbúið á Bessastöðum.* Í áætlun bústjórans er gert ráð fyrir aðeins 1 þús. kr. tekjuafgangi, og eru þó gjöldin áætluð 6 þús. kr. lægri en í fjárlögum þessa árs. Ráðuneytið hefur í samráði við forsætisráðuneytið hækkað tekjuáætlun búsins þannig, að hagnaður er nú áætlaður 17 þús. kr. Er það 2 þús. kr. hærra en í fjárlögum þessa árs.

Um 3. gr. B.

Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru áætlaðar jafnháar og í þessa árs fjárlögum.

Um 4. gr.

Með hliðsjón af reynslu ársins 1952 eru tekjur af verðbréfum, bankainnstæðum, hlutafjáreign o. fl. áætlaðar 1 983 000 kr.

Um 5. gr.

Óvissar tekjur eru áætlaðar jafnháar og í fjárlögum þessa árs.

Um 7. gr.

Vextir af lánum ríkissjóðs eru taldir:

1.	Innlend lán	kr. 4 109 904	
	÷ endurgreiddir vextir frá öðrum	— 974 448	
			kr. 3 135 456
2.	Lán í dönskum krónum		— 248 924
3.	Lán í £ (£ 53 401-0-0)	kr. 2 440 425	
	÷ endurgreiddir vextir frá öðrum	— 2 440 425	
4.	Lán í $ ($ 109 525.00)	— 1 787 448	
	÷ endurgreiddir vextir frá öðrum	— 1 754 400	
			— 33 048
5.	Lán hjá Alþjóðabanka (£ 54 481-0-0 og $ 20 000.00)	kr. 2 816 182	
	÷ endurgreiddir vextir frá öðrum	— 2 816 182	
			Kr. 3 417 428

Vextir og afborganir af föstum lánum 1953 sundurliðast þannig:

I. Innlend lán:

Vextir: (7. gr. 1.) Kr.	Afborganir: (20. gr. út, I, 1.a.) Kr.	
130.00	2 600.00	Lán vegna kaupa á Reykjatorfu.
5 599.00	8 483.00	Lán vegna kaupa á fasteignum á Eyrarbakka og Stokkseyri.
350.00	1 000.00	Lán vegna kaupa á Skálholti.
16 363.00	42 500.00	Innanríkislán 1938.
208.00	3 467.00	Lán vegna kaupa á Amtmannsstíg 1.
628.00	5 232.00	Lán vegna kaupa á Kaldaðarnestorfu.
30 998.00	70 450.00	Innanríkislán 1940.
234 000.00	400 000.00	Innanríkislán 1941.
84 000.00	450 000.00	Innanríkislán 1944.
71 090.00	374 160.00	Af eignakönnunarbréfum.
4 800.00	30 000.00	Lán hjá Helga Tryggvasyni vegna kaupa á blaðasafni o. fl.
750 000.00	984 052.00	Happdrættislán, A-flokkur.
750 000.00	984 052.00	Happdrættislán, B-flokkur.
330 000.00	400 000.00	Lán hjá Landsbanka Íslands vegna Skipaútgerðar ríkisins (l. 90/1945).
150 000.00	1 000 000.00	Vegna framlags til Alþjóðabanka og gjaldeyrissjóðs.
16 500.00	300 000.00	Lán til greiðslu á skuld síldarverksmiðja ríkisins við Eimskipafélag Íslands vegna síldarflutninga veturinn 1947—48.
3 240.00	8 360.00	Lán vegna embættisbústaðar sakadómara, Rvík.
23 520.00	84 000.00	Lán vegna afurðatjónsbóta bænda milli Héraðsvatna og Blöndu, er slátruðu fé sínu haustið 1949.
12 100.00	10 000.00	Lán vegna eignarnáms á Egilsstaðalandi (ræktunarland fyrir þorpið).

Vextir: (7. gr. 1.) Kr.	Afborganir: (20. gr. út, I, 1.a.) Kr.	
416 138.00	1 682 875.00	Lán hjá Landsbanka Íslands „til þess að greiða yfirdráttarskuldir í téðum banka, er stofnaðar voru vegna kaupa á nýsköpunartogurum og nokkrum Svíþjóðarbátum“.
1 000.00	10 000.00	Lán vegna kaupa á landshafnarjörðinni Rifi á Snæfellsnesi.
15 700.00	13 750.00	Lán hjá Útvegsbanka Íslands vegna kaupa á Drangsnesi.
117 000.00	1 600 000.00	Lán hjá Tryggingastofnun ríkisins vegna skuldaskipta frá 1949.
26 730.00	162 000.00	Lán hjá Landsbanka Íslands vegna kaupa á togaranum Garðari Þorsteinssyni.
18 000.00	37 500.00	Lán hjá Sjóvátryggingarfélagi Íslands (yfirtekin lán vegna togarans Garðars Þorsteinssonar).
47 700.00	115 000.00	Handhafaskuldabréfalán vegna kaupa á togaranum Garðari Þorsteinssyni.
51 194.00	571 945.00	Lán hjá Fiskveiðasjóði vegna smíði Svíþjóðarbáta.
18 150.00	170 000.00	Lán til byggingar Þjóðminjasafnshúss.
10 736.00	214 721.00	Lán hjá Styrktar- og lánasjóði vegna Svíþjóðarbáta.
221 550.00		Lán vegna afurðatjónsbóta til bænda 1950.
138 993.00		Lán vegna afurðatjónsbóta til bænda 1951.
118 476.00		Lán vegna afurðatjónsbóta til bænda 1952.
132 000.00		Lán vegna afurðatjónsbóta til bænda 1953.
220 948.00	446 360.00	Lán vegna skuldaskilasjóðs 1950 (hjá Landsb.).
17 389.00	347 793.00	Lán hjá Búnaðarfélagi Íslands vegna kaupa á Sámsstöðum í Fljótshlíð.
7 920.00	74 000.00	Handhafaskuldabréfalán vegna kaupa á Pólgötu 2, Ísafirði (bæjarfógetaskrifst.).
7 754.00	43 523.00	Lán hjá Grími Gíslasyni, Rvík, vegna kaupa á Drápuhlíð 4, Rvík (íbúð rektors Menntaskólans, Reykjavík).
33 000.00		Lán hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins vegna Þjóðleikhússins.
4 109 904.00		
÷ 974 448.00		
3 135 456.00	10 640 299.00	

Til frádráttar þessari vaxtaupphæð koma (á móti skuld við Landsbankann, upphaflega kr. 24 565 000.00 vegna togara og Svíþjóðarbáta), 1) vextir af stofnlánabréfum vegna togara, kr. 267 775.00; 2) vextir af þeim skuldum, sem ríkissjóður hefur lánað vegna byggingarkostnaðar togara, kr. 152 582.00, og 3) vextir af 8.7 millj. stofnlánadeildarbréfum í eigu ríkissjóðs, en Landsbankinn hefur þau að handveði vegna Svíþjóðarbáta, kr. 154 029.00, samtals kr. 574 386.00.

Auk þess eiga að koma til frádráttar vextir innborgaðir af Siglufjarðarkaupstað vegna togarans Garðars Þorsteinssonar, kr. 199 200.00, og endurgreiddir vextir vegna láns Skuldaskilasjóðs 1950, kr. 200 862.00.

Frádráttur samtals kr. 974 448.00.

II. Erlend lán:

1. Lán í Danmörku:

Vextir: 7. gr. 2) Kr.	Afborganir: (20. gr. út, I, 1.b) Kr.	
2 032.00	5 304.00	Forsörgelsesforeningen Bicuben, Kbh., 1909 til Vífilsstaðahælis.
12 549.00	117 451.00	Statsanstalten for Livsforsikring, Kbh., 1926 (til veðdeildarbréfakaupa).
29 547.00	99 866.00	Det Forenede Danske Livsforsikringsaktieselskab Hafnia, 1927 (til veðdeildarbréfakaupa).
29 547.00	99 866.00	Dansk Folkeforsikringsanstalt, Kbh., 1927.
22 950.00	170 000.00	Köbenhavns Handelsbank 1950, vegna smíði varðskipa.
4 020.00	29 288.00	Det forenede danske Livsforsikringsaktieselskab Hafnia 1926.
100 645.00	521 775.00	danskar krónur, eða
248 924.00	1 232 954.00	íslenzkar krónur.

2. Lán í Bretlandi:

£ 53 401-0-0	£ 52 589-0-0	Togaralán 1949 (£ 1 250 000-0-0).
÷ – 53 401-0-0	– 52 589-0-0	Sömu upphæðir til frádráttar (innb. af togurunum).

3. Lán í U. S. A.:

$ 57 500.00		Lán hjá Export Import bank, Washington, 1948, til kaupa á síldarvinnslutækjum o. fl. (1. afb. 1956) ($ 2 300 000.00).
÷ – 57 500.00		Sama upphæð til frádráttar, innb. af skuldunautum.
– 50 000.00		Lán 1949—1950 vegna Laxár- og Sogsvirkjana ($ 2 000 000.00).
÷ – 50 000.00		Sama upphæð til frádráttar, innb. af virkjununum (1. afb. 1956).
– 2 025.00	$ 5 000.00	Handhafaskuldabréfalán vegna kaupa á sendiráðshúsi í Washington ($ 50 000.00).
$ 2 025.00	$ 5 000.00	bandarískir dollarar, eða
33 048.00	81 600.00	íslenzkar krónur.

4. Lán hjá Alþjóðabanka:

£ 38 281-0-0	Lán vegna Laxár- og Sogsvirkjana 1950 £ 875 000-0-0 (L. £ 151 800, S. £ 723 200.00).
÷ – 38 281-0-0	Sama upphæð til frádráttar, innb. af virkjununum.
– 16 200-0-0	Landbúnaðarlán 1951.
÷ – 16 200-0-0	Sama upphæð til frádráttar, innb. af Búnaðarbanka Íslands (1. afb. 1956) (£ 360 000-0-0).
$ 20 000.00	Lán vegna áburðarverksmiðju 1952.
÷ – 20 000.00	Sama upphæð til frádráttar innb. af áburðarverksmiðjunni.

Um 8. gr.

Með tilliti til kostnaðar við forsetaembættið á síðasta ári og það sem af er þessu ári, hefur ráðuneytinu þótt óhjákvæmilegt að hækka kostnaðaráætlunina um 85 þús. kr. frá fjárlögum þessa árs. Er þó áætlunin 120 þús. kr. lægri en forsætisráðuneytið lagði til.

Um 9. gr.

Alþingiskostnaður er áætlaður jafnhár og í núgildandi fjárlögum.

Um 10. gr.

I. 2. b. *Dómsmálaráðuneytið.* Grunnlaun lækka um 863 kr. vegna mannaskipta.

c. *Félagsmálaráðuneytið.* Bætt er við einum fulltrúa, sem vinnur hálfan daginn.

d. I. *Fjármálaráðuneytið.* Grunnlaun lækka um 684 kr. vegna mannaskipta.

d. II. *Endurskoðunardeild.* Óhjákvæmilegt þykir, að bætt sé við tveimur fulltrúum. Vegna þessa og aldurshækkana hækka grunnlaun um 86 þús. kr.

e. *Forsætis- og menntamálaráðuneytið.* Einn fulltrúanna var fjarverandi hálft yfirstandandi ár, og var reiknað með því í gildandi fjárlögum. Fulltrúinn hefur nú tekið var starfi á ný. Þá hefur annar fulltrúi verið hækkaður í flokki. Af þessum ástæðum hækka grunnlaun um 18630 kr.

Fálkaorðan. Kostnaður við fálkaorðuna hefur reynzt of lágt áætlaður að undanförnu, og er því hækkaður um 5000 kr.

g. *Utanríkisráðuneytið.* Bætt er við deildarstjóra, sem vinnur hálfan daginn (hann er jafnframt forsetaritari). Vegna þessa og aldurshækkana hækka grunnlaun um 31 173 kr.

h. *Viðskiptamálaráðuneytið.* Ráðunautur ríkisstjórnarinnar í efnahags- og viðskiptamálum er nú ekki lengur á launaskrá ráðuneytisins, þar eð Framkvæmdabankinn hefur tekið við störfum hans. Ritari ráðunautsins hefur einnig látið af störfum í ráðuneytinu. Grunnlaun lækka því um 65 212 kr.

i. *Aðrir starfsmenn.* Á þessum lið fækkar um einn starfsmann, sem vann hálfan daginn. Grunnlaun lækka því um 13 788 kr.

j. *Símakostnaður og burðargjöld.* Þessi liður er nýr, og er hér um tilfærslu að ræða frá 11. gr. D.

k. *Annar kostnaður ráðuneytanna* hefur jafnan reynzt of lágt áætlaður áður, og er því hækkaður um 75 þús. kr.

3. *Ríkisféhirzla og ríkisbókhald.* Grunnlaun lækka vegna mannaskipta um 20 273 kr. Annar kostnaður hækkar um 25 þús. kr. með tilliti til kostnaðar að undanförnu.

4. *Ýmis kostnaður.* Kostnaður við útgáfu Stjórnartíðinda hækkar um 15 þús. kr.

II. *Hagstofan.* Síðasta Alþingi hækkaði aukavinnulið Hagstofunnar um 90 þús. kr. í því skyni að starfslið hennar yrði aukið, um 3 menn, 2 fulltrúa og 1 bókara. Þessir starfsmenn eru nú færðir á launaliðinn, og eru þá taldir þar 17 starfsmenn í stað 14 í fyrra. Vegna þessa og aldurshækkana hækka grunnlaun um 79 846 kr. Í stað þess lækkar liðurinn „aukaaðstoð" um 90 þús. kr. Húsaleiga, ljós og hiti hækka um 18 500 kr., og annar kostnaður um 41 þús. kr. Þar af er hækkun á vélakostnaði vegna úrvinnslu manntalsins 1950 25 þús. kr., og 14 þús. kr. póst- og símakostnaður færður af 11 gr. D.

III. 1.—9. *Utanríkismál.* Fylgt hefur verið að mestu tillögum utanríkisráðuneytisins um framlög til utanríkismála. Kostnaður við sendiráðið í Washington hækkar um 33 600 kr., sendiráðið í Osló um 58 700 kr., sendiráðið í Vestur-Þýzkalandi um 7400 kr. og aðalræðismannsskrifstofuna í New York um 3300 kr. Kostnaður við sendiráðið í Stokkhólmi lækkar um 2700 kr. og sendiráðið í London um 800 kr. Óbreyttur er kostnaður við sendiráðin í Kaupmannahöfn og París og við skrifstofu fulltrúa Íslands hjá NATO. Alls hækkar kostnaður við þessi sendiráð um 99 500 kr. Við bætist svo hið nýstofnaða sendiráð í Moskvu. Utanríkisráðuneytið hefur áætlað kostnað við það 1 350 þús. kr. Er það byggt á kostnaðaráætlun fyrir sendiráðið frá árinu 1950, og tekið tillit til gengisbreytingar á rúblunni síðan.

Vegna þess hver óvissa ríkir um þennan kostnað nú, þykir ráðuneytinu þó ekki ástæða til að taka í frumvarpið meira en 1 millj. kr.

Um 11. gr. A.

1. *Hæstiréttur.* Grunnlaun óbreytt. Kostnaður við útgáfu á dómum og registri eins árs er nú áætlaður 160 þús. kr. og hækkar því sá liður um 40 þús. kr. Annar kostnaður hefur reynzt of lágt áætlaður og hækkar um 10 þús. kr.

2. *Borgardómaraembættið.* Grunnlaun hækka um 2 106 kr. vegna aldurshækkana. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting hækkar um 10 þús. kr., m. a. vegna aukins húsnæðis, og annar kostnaður hækkar um 7 þús. kr., þar af 2 þús. kr. vegna síma- og frímerkjakostnaðar, sem flytzt frá 11. gr. D.

3. *Borgarfógetaembættið.* Grunnlaun hækka um 1 755 kr. vegna aldurshækkana. Annar kostnaður hækkar um 15 þús. kr. vegna síma- og frímerkjakostnaðar, sem flytzt frá 11. gr. D.

4. *Sakadómaraembættið.* Grunnlaun hækka um 11 418 kr. vegna aldurshækkana. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting hækkar um 10 þús. kr. og annar kostnaður um 25 þús. kr.

5. *Lögreglustjóraembættið.* Í fjárlagatillögum lögreglustjóra frá fyrra ári var gert ráð fyrir, að nýr fulltrúi, sem annaðist umferðamál, tæki til starfa við embættið á miðju þessu ári. Ráðuneytið vildi ekki samþykkja fjölgunina og tók ekki laun fulltrúa í fjárlagafrumvarpið þá. Alþingi hækkaði síðan aukavinnufjárveitingu embættisins um 38 þús. kr., og mun það m. a. hafa verið ætlað til að greiða laun þessa fulltrúa. Hann hefur nú tekið til starfa, og eru honum því ætluð full laun í frumvarpinu. Vegna þessa og aldurshækkana hækka grunnlaun um 32 445 kr. Aukavinna lækkar um 26 þús. kr. og ljós, hiti, ræsting, húskostnaður lækkar um 16 600 kr.

6. *Embætti sýslumanna og bæjarfógeta.* Grunnlaun starfsfólks hækka um 18 677 kr. vegna aldurshækkana. Með tilliti til kostnaðar að undanförnu er annar kostnaður áætlaður 60 þús. kr. hærri en í fjárlögum þessa árs, en auk þess er bætt á liðinn 470 þús. kr. vegna póst- og símakostnaðar, sem færist af 11. gr. D. Endurgreiðsla frá Tryggingastofnun ríkisins hækkar um 40 þús. kr.

8. *Lögreglukostnaður.* Grunnlaun lögregluþjóna hækka um 19 482 kr. vegna aldurshækkana. Uppsetningu á liðnum er breytt nokkuð, þannig að allur kostnaður við ríkislögregluna í Reykjavík og ríkislögregluna á Keflavíkurflugvelli komi fram sérstaklega. Kostnaður við einkennisfatnað er óbreyttur, en tryggingar hækka lítið eitt. Óhjákvæmilegt er að auka bifreiðakost lögreglunnar á Keflavíkurflugvelli, og hækkar bifreiðakostnaðurinn því um 75 þús. kr. Húsaleiga, ljós, hiti, ræsting o. fl. hækkar um 6 400 kr. og fæðisstyrkur lögreglumanna um 21 200. Hækkun á fæðisstyrknum stafar af því, að fleiri lögreglumenn eru búsettir utan flugvallarsvæðisins en gert var ráð fyrir í fyrra. Á þessu ári var keypt bifreið fyrir lögregluna á Akureyri, og er hér lagt til, að ríkissjóður greiði helming kostnaðarins. Kostnaður við sumarlöggæzlu á Þórshöfn hækkar um 5 þús. kr. og hluti ríkissjóðs af lögreglukostnaði í Reykjavík um 50 þús. kr.

9. *Landhelgisgæzlan.* Kostnaður við landhelgisgæzluna er áætlaður 593 þús. kr. lægri en í fjárlögum þessa árs. Er þá miðað við óbreytta tilhögun við gæzluna, en ekki gert ráð fyrir neinum stærri viðgerðum eða endurbótum á skipunum. Til slíkra viðgerða voru í núgildandi fjárlögum ætlaðar 500 þús. kr.

10. a. *Hegningarhúsið í Reykjavík.* Óhjákvæmilegt þykir að bæta við einum fangaverði til næturvörzlu. Grunnlaun hækka því um 24 219 kr. Samkv. reynslu síðasta árs er annar kostnaður hækkaður um 25 þús. kr.

10. b. *Vinnuhælið á Litla-Hrauni.* Grunnlaun lækka um 25 272 kr. vegna fækkunar starfsmanna. Annar kostnaður hækkar um 50 þús. kr. og tekjur um 25 þús. kr. Kostnaðurinn í heild lækkar um rúml. 10 þús. kr.

10. c. *Til rekstrar vinnuhælis að Kvíabryggju.* Á fjárlögum þessa árs eru

veittar 125 þús. kr. til rekstrar vinnuhælisins. Hælið hefur ekki tekið til starfa enn, en ráðgert er að hefja reksturinn innan skamms. Dómsmálaráðuneytið hefur áætlað kostnað við rekstur hælisins á næsta ári 250 þús. kr., en þar eð verulegur afgangur mun verða af fjárveitingu þessa árs, er lagt til að veittar verði 175 þús. kr. á næsta ári.

d. *Fangaklefar lögreglustöðvarinnar í Reykjavík.* ½ kostnaður við fangaklefana lækkar um 3 500 kr.

12. *Kostnaður við saka- og lögreglumál* hefur verið of lágt áætlaður að undanförnu og hækkar því um 50 þús. kr.

14. *Kostnaður við siglingadóm* lækkar um 5 þús. kr.

17. *Kostnaður við félagsdóm* hækkar um 3 þús. kr.

Um 11. gr. B.

1. *Skipaskoðun ríkisins.* Einn skipaeftirlitsmaður hefur verið hækkaður í launum til samræmis við hina eftirlitsmennina, og hækka grunnlaun því um 4 914 kr. Annar kostnaður hækkar um 10 þús. kr.

2. *Öryggiseftirlit ríkisins.* Laun eftirlitsmanna hafa verið hækkuð, þar eð ekki tókst að fá hæfa menn fyrir þau laun, sem áður var ætlað að greiða. Grunnlaun hækka því um 13 086 kr. Tekjur eru áætlaðar jafnar gjöldum.

3. *Bifreiðaeftirlit ríkisins.* Grunnlaun eru óbreytt. Tekjur eru sem að undanförnu áætlaðar jafnar gjöldum.

4. *Löggildingarstofan.* Grunnlaun óbreytt. Annar kostnaður hækkar um 10 þús. kr. Tekjur hækka um 10 þús. kr.

5. *Eftirlit með skipulagi bæja og sjávarþorpa.* Starfsliði fækkar um einn teiknara og lækka því grunnlaun um 17 257 kr. Annar kostnaður hefur reynzt of lágt áætlaður að undanförnu og hafa því safnast nokkrar skuldir. Liðurinn hækkar þess vegna um 30 þús. kr. Tekjur eru áætlaðar jafnar gjöldum.

6. *Matvælaeftirlitið.* Grunnlaun óbreytt. Annar kostnaður hefur reynzt of lágt áætlaður og hækkar því um 20 þús. kr. Tekjur reyndust á s. l. ári rúml. 290 þús. kr. og fara vaxandi. Er reiknað með að þær verði 300 þús. kr. á næsta ári, og verður þá tekjuafgangur rúml. 100 þús. kr.

7. *Kostnaður við mat á afurðum.*

a. Fiskmat. Grunnlaun lækka um rúml. 5 þús. kr. vegna mannaskipta. Kostnaður við námskeið fiskmatsmanna hækkar um 5 þús. kr., og aðrir liðir samtals um 20 þús. kr., aðallega vegna þess að yfirmatsmönnum hefur fjölgað um einn, samkvæmt ákvörðun síðasta Alþingis.

b. Síldarmat. Kostnaður við síldarmatið fer mjög eftir því, hve mikið er saltað af síld, sem matsskyld er samkvæmt lögum eða samningum. Með tilliti til reynslu þessa árs þykir rétt að áætla kostnaðinn á næsta ári nokkru hærri en í gildandi fjárlögum. Er tímakaup matsmanna hækkað um 10 þús. kr. og annar kostnaður um 5 þús. kr. Tekjur hafa ekki verið áætlaðar í fjárlögum að undanförnu, enda hefur matsgjaldið verið lágt, og aðeins tekið af sumum tegundum saltsíldar. Með bráðabirgðalögum, sem gefin voru út nú í sumar, var matsgjaldið hækkað, og gjaldskyldan lögð á alla síld, sem til mats kemur. Eru af þessu áætlaðar 60 þús. kr. tekjur.

f. Ferðakostnaður matsmanna er samkvæmt reynslu hækkaður um 5 þús. kr.

12. *Húsaleigueftirlit.* Í fjárlögum þessa árs eru ætlaðar 128 496 kr. til húsaleigueftirlits. Var sú fjárhæð miðuð við, að störf húsaleigunefnda legðust niður, þegar húsaleigulögin féllu úr gildi 14. maí þ. á. Nú hefur félagsmálaráðuneytið áætlað kostnað við húsaleigueftirlit á næsta ári 213 567 kr., og segir um það í greinargerð m .a.: „Þótt hin eldri húsaleigulög séu nú víðast úr gildi numin, starfa húsaleigunefndir enn alls staðar samkvæmt lögum nr. 30 4. febr. 1952, 3. gr., við framkvæmd á húsaleigumati (hámarkshúsaleigu). Hvort starf nefndanna er nú meira eða minna en áður var, er enn eigi kunnugt, og þykir því enn verða að gera

ráð fyrir svipuðum útgjöldum og áður. Nauðsynlegt er að kveða á um það með nánari lagasetningu, hverjir skipi húsaleigunefndir samkv. lögum nr. 30/1952, þar eð nefndirnar ganga að sjálfsögðu úr sér með tímanum. Einnig væri eðlilegt að kveða nánar á um greiðslu kostnaðar vegna þeirra í hinum nýju lögum.“ Svo sem hér kemur fram, ríkir nú mikil óvissa um störf og skipun nefndanna, svo og um greiðslu kostnaðarins. Ráðuneytinu þykir því eigi ástæða til annars en að hafa fjárveitinguna nær óbreytta, og hefur tekið í frumvarpið 130 þús. kr.

Um 11. gr. C.

I. a. *Tollstjóraskrifstofan í Reykjavík.* Grunnlaun hækka um 36 835 kr. vegna aldurshækkana, svo og vegna þess að bætt hefur verið við einni stúlku, er vinnur hálfan daginn. Tollstjóri hefur auk þess lagt til að ráðnir verði 2 nýir starfsmenn, fulltrúi til aðstoðar við skrifstofustjórn og tollafgreiðslu og tollritari við útreikning tolla, en ráðuneytið hefur ekki viljað samþykkja það. Lausavinnuliðurinn er sem áður miðaður við laun tveggja lögtaksfulltrúa, er starfa við embættið til bráðabirgða. Húsaleiga, ljós og hiti lækka um 15 þús. kr. Símakostnaður og burðargjöld, 145 þús. kr., er nýr liður, fluttur af 11. gr. D. Annar kostnaður varð á síðastliðnu ári um 500 þús. kr., og þykir því eigi fært að áætla hann lægri en 450 þús. kr. á næsta ári. Er það 50 þús. kr. hærra en í gildandi fjárlögum.

b. 1. *Tollgæzla í Reykjavík.* Grunnlaun hækka um 7 752 kr. vegna aldurshækkana. Símakostnaður er áætlaður 20 þús. kr., en hefur áður verið talinn á 11. gr. D. Annar kostnaður er í fjárlögum þessa árs áætlaður 420 þús. kr., og var sú áætlun gerð með hliðsjón af kostnaðinum 1951, sem reyndist 433 þús. kr. Nú hefur kostnaðurinn á síðast liðnu ári orðið 526 þús. kr. Hækkunin stafaði af því, að einkennisföt hækkuðu í verði á árinu 1952 svo að nam 48 þús. kr. og aukavinna hækkaði um 47 þús. kr. Aukavinna er óhjákvæmileg við tollafgreiðslu á farþegaskipunum og þegar leit er gerð í hinum stærri farmskipum, og einnig oft við afgreiðslu á millilandaflugvélum. Þá hefur vöruflutningur með flugvélum aukizt svo, að ekki er hægt að ljúka tollskoðun á honum á venjulegum vinnutíma. Enda þótt reynt verði að spara aukavinnuna eins og hægt er, þykir ekki ráðlegt að áætla liðinn „annar kostnaður“ lægri en 500 þús. kr. á næsta ári.

2. *Tollgæzla utan Reykjavíkur.* Óhjákvæmilegt var talið að efla tollgæzluna á Keflavíkurflugvelli, og var bætt þar við 2 tollvörðum snemma á þessu ári. Vegna þessa og aldurshækkana hækka grunnlaun um 56 057 kr. Fjölgun þessi hefur einnig í för með sér nokkra hækkun á öðrum kostnaði, en auk þess hefur hann jafnan verið of lágt áætlaður að undanförnu. Er því áætlunin hækkuð í 300 þús. kr.

II. a. *Ríkisskattanefnd.* Grunnlaun hækka um 2 772 kr. vegna aldurshækkana. Annar kostnaður hækkar um 15 þús. kr., aðallega vegna þess, að nefndin þurfti að taka á leigu dýrara húsnæði en hún hafði áður, er hún varð að rýma sitt fyrra húsnæði í Arnarhváli fyrir tollstjóraskrifstofunni.

b. *Skattstofan í Reykjavík.* Starfsfólki hefur fækkað um einn ritara, en vegna aldurshækkana hækka grunnlaun lítið eitt. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting hækkar um 20 þús. kr. og annar kostnaður um 5 þús. kr. Á undanförnum árum hefur verið gert ráð fyrir því í fjárlögum, að bæjarsjóður Reykjavíkur greiddi þriðjung af kostnaði við skattstofuna. Þessu hefur Reykjavíkurbær mótmælt á þeim forsendum, að verulegur hluti af kostnaði við skattstofuna á síðari árum stafaði af útreikningi á stóreignaskatti o. fl., sem væri bæjarsjóði óviðkomandi. Hefur nú verið svo um samið, að bæjarsjóður greiði ákveðið gjald fyrir hvern íbúa bæjarins, kr. 5.25 auk kaupgjaldsvísitölu. Sú endurgreiðsla er á næsta ári áætluð tæpl. 500 þús. kr. eða 245 þús. kr. lægri en í fjárlögum þessa árs.

c. *Skattstofur utan Reykjavíkur.* Kostnaðurinn varð 665 þús. kr. árið 1952. Ráðuneytið lagði fyrir flestar skattstjórana á síðastliðnu ári að segja upp öllu starfsfólki sínu, en taka lausamenn í þess stað um aðalannatímann. Má af því

vænta nokkurs sparnaðar á þessu ári. Síðan hefur verið stofnað skattstjóraembætti á Akranesi, og fellur í staðinn niður greiðsla til undirskattanefndar þar. Er þá gert ráð fyrir að kostnaðurinn verði 600 þús. kr. á næsta ári.

f. *Millimatskostnaður* hækkar samkvæmt reynslu um 15 þús. kr.

Um 11. gr. D.

Eins og að framan er getið, lækkar þessi grein um 1.7 millj. kr., þar eð símakostnaður og burðargjöld, sem áður hefur verið fært hér í einu lagi fyrir allmargar stofnanir, er nú fært hverri einstakri stofnun til gjalda á viðkomandi fjárlagagrein.

Um 12. gr.

I. *Landlæknisembættið.* Grunnlaun óbreytt. Annar kostnaður hækkar um tæplega 15 þús. kr., þar af 12 þús. kr. vegna póst- og símakostnaðar, sem fluttur er af 11. gr. D.

II. *Héraðslæknar.* Launin eru áætluð í samræmi við reglugerð nr. 48/1953, um skiptingu læknishéraða í launaflokka. Símakostnaður og burðargjöld, 20 þús. kr., er nýr liður hér, fluttur af 11. gr. D.

IV. *Ríkisspítalar.* Hjá öllum ríkisspítölunum eru launagreiðslur til starfsfólks stærsti útgjaldaliðurinn, og hækka þær nokkuð vegna aukinna verðlagsuppbóta. Þá er í launafjárhæðinni innifalin áætluð aukavinna vegna sumarleyfa. Óhjákvæmilegt er, að í sumarleyfum séu störf meginhluta starfsfólksins unnin í aukavinnu, en vegna þeirrar lengingar á sumarleyfum, sem ákveðin var á þessu og síðasta ári, hlýtur sá kostnaður að aukast verulega. Matvörur eru annar stór kostnaðarliður spítalanna, og kemur þar yfirleitt fram nokkur lækkun. Annar kostnaður hækkar lítið eitt hjá Landsspítala og Fæðingardeild, en lækkar á öllum hinum spítölunum. Daggjöld eru óbreytt, en vegna smávægilegra breytinga á áætluðum legudagafjölda sumra spítalanna breytast tekjurnar þar lítillega.

Samtals hækkar rekstrarhalli eldri spítalanna um 440 þús. kr.

Við þetta bætist svo, að til starfa taka 2 nýjar stofnanir, fávitahælið í Kópavogi og blóðbankinn. Til þeirra er að vísu veitt nokkurt fé á þessu ári, eða 75 þús. kr. til fávitahælisins og 100 þús. kr. til blóðbankans, en það nægir engan veginn til að standa undir rekstri þeirra. Er nú gert ráð fyrir að rekstrarhalli fávitahælisins verði 203 700 kr. og rekstrarhalli blóðbankans 181 000 kr. á næsta ári.

Hækkun frá fjárlögum þessa árs er þá 210 þús. kr. fyrir þessar tvær stofnanir, en 650 þús. kr. hjá ríkisspítölunum öllum.

Í þessu sambandi er rétt að benda á, að af 619 þús. kr. áætluðum daggjöldum hins nýja fávitahælis greiðir ríkissjóður ⅘ hluta eða 495 þús. kr. Hið sama er að segja um tekjuaukningu Kleppsspítalans, að af henni greiðir ríkissjóður ⅘ hluta. Kemur þetta fram sem hækkun á 12. gr. VI. (ríkisframfærsla sjúkra manna og örkumla). Í áætlun blóðbankans er gert ráð fyrir 100 þús. kr. tekjum af blóðrannsóknum, en þær eru teknar frá rannsóknarstofu Háskólans, og eykst því rekstrarhalli hennar sem því nemur.

A. *Landsspítalinn.* Bætt er við svæfingarlækni með ½ laun, hjúkrunarkonu á næturvakt og rannsóknarkonu. Þá hafa laun yfirlæknis röntgendeildar verið hækkuð til samræmis við laun annarra yfirlækna spítalans, og nema grunnlaunin nú tæpl. 55 þús. kr. Tillaga stjórnarnefndarinnar um að bæta við 3 aðstoðarhjúkrunarkonum hefur ekki verið samþykkt. Í liðnum „annar kostnaður" er gert ráð fyrir 50 þús. kr. til kaupa á tækjum til varnar gegn lömunarveiki samkvæmt tillögu landlæknis og heilbrigðismálaráðuneytisins. Stjórnarnefnd ríkisspítalanna lagði til, að bætt yrði við einum kennara við Hjúkrunarkvennaskólann, en sú tillaga er ekki tekin upp hér.

B. *Fæðingardeild Landsspítalans.* Bætt er við einni rannsóknarkonu.

C. *Vífilsstaðahælið.* Tillaga stjórnarnefndarinnar um að bæta við aðstoðar-

yfirhjúkrunarkonu, umsjónarmanni og viðgerðarmanni hefur ekki verið tekin til greina.

D. *Kristneshæli.* Gert er ráð fyrir því, að allur þvottur sé þveginn heima í hinu nýja þvottahúsi hælisins, og verður að því verulegur sparnaður.

E. *Kleppsspítalinn.* Tillaga stjórnarnefndarinnar um að bæta við umsjónarmanni og viðgerðarmanni hefur ekki verið tekin til greina.

F. *Holdsveikraspítalinn í Kópavogi.* Launin lækka nokkuð, þar eð yfirhjúkrunarkonan og ráðskonan starfa nú einnig við fávitahælið.

G. *Fávitahælið í Kópavogi.* Áætlun stjórnarnefndarinnar hefur verið tekin óbreytt að mestu.

I. *Blóðbankinn.* Í áætlun stjórnarnefndarinnar eru forstöðumanninum ætluð sömu laun og yfirlæknar Landsspítalans hafa, eða tæp. 55 þús. kr. auk verðlagsuppbótar. Ráðuneytið hefur ekki enn tekið afstöðu til þess, hversu há laun það mun samþykkja forstöðumanninum til handa, og hefur því tekið áætlunina óbreytta í frumvarpið.

V. *Til berklavarna.* Styrkur til berklasjúklinga lækkar um 66 500 kr., þar eð gert er ráð fyrir 126 700 legudögum í stað 128 500 í fjárlögum þessa árs. Sýklarannsóknir hækka um 60 þús. kr., en annar kostnaður lækkar um 10 þús. kr.

VI. *Ríkisframfærsla sjúkra manna og örkumla.* Þessi liður hækkar um 382 700 kr. Er þar gert ráð fyrir 106 000 legudögum á Kleppi í stað 102 000 í fjárlögum þessa árs, og á öðrum geðveikideildum 15 000 legudögum í stað 13 000. Þá er gert ráð fyrir 32 vistmönnum í hinu nýja fávitahæli í Kópavogi í stað 24 í fjárlögum nú. Enn fremur er reiknað með verulegri fjölgun legudaga vegna ýmissa langvarandi sjúkdóma, en nálega jafn mikilli lækkun á ellisjúkdómum.

VIII. *Styrkur til heilsuverndarstöðva í kaupstöðum* er hækkaður um 50 þús. krónur.

IX. *Styrkur til læknisbústaða, sjúkraskýla og sjúkrahúsbygginga* er settur jafnhár og í síðasta fjárlagafrumvarpi.

XII. *Til fávitahælis í Skálatúni.* Byggingarstyrkur þessi er settur hér sem sérstakur liður á 12. gr. Styrkurinn var tekinn upp á síðasta Alþingi, og þá færður með ríkisspítölunum, en er þeim óviðkomandi.

XIII. *Til ónæmisaðgerða.* Samkvæmt reynslu er liðurinn hækkaður um 5 þús. kr.

XIV. *Kostnaður vegna varna gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands.* Heilbrigðismálastjórnin hefur nú í undirbúningi ný lög um sóttvarnir til samræmingar alþjóðlegum sóttvarnarsamningi. Verði þetta frumvarp að lögum, mun sóttvarnarkostnaður aukast verulega. Hefur landlæknir stungið upp á, að liðurinn yrði áætlaður 50 þús. kr., og er það þó hrein ágizkun. Að svo stöddu telur ráðuneytið þó ekki ástæðu til að reikna með þessum útgjöldum, og hefur því sett liðinn óbreyttan, 2 þús. kr. Þess má og geta, að af samþykkt áðurnefnds frumvarps mundi einnig leiða verulegan útgjaldaauka fyrir tollgæzluna, þar eð tekjur af sóttvarnargjöldum myndu að mestu falla niður. Hefur tollstjóri áætlað þann kostnaðarauka 70 þús. kr. á næsta ári.

XX. *Kostnaður við eyðing á rottum* hækkar um 10 þús. kr.

XXIV. *Ferðastyrkur á 2. alþjóðakrabbameinsþing,* 30 þús. kr., er nýr liður. Styrkurinn veitist aðeins á næsta ári.

Um 13. gr. A.

I. *Stjórn og undirbúningur vegagerða.* Grunnlaun lækka lítið eitt vegna mannaskipta. Samkvæmt reynslu verður að hækka ferðakostnaðarfé um 100 þús. kr., en í stað þess er fært 100 þús. kr. meira af kostnaðinum á ýmis verk. Annar skrifstofukostnaður hækkar um 50 þús. kr.

II. Þjóðvegir. Til nýrra þjóðvega eru ætlaðar 8.1 millj. kr., sem er sama fjárhæð og í fjárlagafrumvarpinu í fyrra. Til viðhalds fór vegamálastjóri fram á að

veittar yrðu 23 millj. kr. og auk þess 2 millj. kr. til endurbóta á aðalleiðum. Ráðuneytið telur þó ekki unnt að veita meira en 21 millj. kr., eða jafn mikið og í fjárlögum þessa árs.

III. *Brúargerðir.* Lagt er til að veittar verði 3.1 millj. kr.

VI. *Til sýsluvega.* Síðasta Alþingi samþykkti hækkun framlags til sýsluvegasjóða um 50%. Er því lagt til að fjárveitingin hækki úr 950 þús. kr. í 1.5 millj. kr.

VIII. *Til ferjuhalds.* Vegamálastjóri hefur áætlað að styrkir til þeirra ferja, sem nú eru starfræktar, muni á næsta ári verða samtals 3 þús. kr. Er það ætlað ferjum á Hvítá í Árnessýslu hjá Auðsholti, Lagarfljóti hjá Steinavaði og Þjórsá hjá Hrossholti. Á næsta ári er fyrirhugað, að sett verði vélknúin stór ferja á Hornafjarðarfljót. Árlegur rekstrarhalli er áætlaður 60 þús. kr., og þar eð gert er ráð fyrir að starfræksla hefjist um mitt næsta ár, er farið fram á 30 þús. kr. styrk á næsta ári. Liðurinn er því alls 33 þús. kr.

XII. *Iðgjald til slysatryggingarinnar* hækkar um 20 þús. kr.

XIII. *Gjöld samkv. lögum um orlof* hækka um 225 þús. kr. Gjöld þessi eru of lágt áætluð í fjárlögum þessa árs, en auk þess var orlofsfé hækkað á síðasta Alþingi úr 4% í 5%.

Niður falla fjárveitingar til ræktunarvega og til vegalagningar á landi ríkissjóðs í Kópavogi.

Um 13. gr. B.

I. *Skipaútgerð ríkisins.* Rekstrarhalli strandferðanna er í frumvarpinu áætlaður 6.5 millj. kr. Er það tæpl. 1.5 millj. kr. hærra en í fjárlögum þessa árs, en nokkru lægra en í áætlun forstjórans. Í þessari áætlun eru útgjöld áætluð svipuð og gert var á fyrra ári, en forstjórinn telur, að tekjur hafi minnkað verulega að undanförnu, og verði því að gera ráð fyrir auknum halla.

II. *Til flóabáta og vöruflutninga* er lagt til að veittar verði 1 250 þús. kr.

III. *Ferðaskrifstofa ríkisins.* Grunnlaun hækka um 4 800 kr. vegna aldurshækkana. Annar skrifstofukostnaður lækkar um 2 þús. kr. Til landkynningar er ætlað 20 þús. kr. meira en í fjárlögum þessa árs, og tekjur eru áætlaðar 25 þús. kr. hærri. Rekstrarhalli verður þá lítið eitt hærri en í fjárlögum þessa árs, og greiðist úr sérleyfissjóði sem að undanförnu.

Um 13. gr. C.

I. *Stjórn og undirbúningur vitamála.* Grunnlaun hækka um 1 652 kr. vegna aldurshækkana. Af launum verkfræðinga o. fl. eru 230 þús. kr. færðar á hafnir, eða nokkru lægra en í fyrra samkvæmt tillögu vitamálastjóra. Annar skrifstofukostnaður hækkar um 20 þús. kr. vegna póst- og símakostnaðar, sem flytzt frá 11. gr. D.

II. *Laun vitavarða.* Grunnlaun hækka um 8 450 kr. og aukagæzla og aðstoð um 8 þús. kr. vegna fjölgunar á vitum.

III. *Rekstrarkostnaður vitanna.* Rekstur vitaskipsins hækkar um 10 þús. kr. og rekstur vitanna um 100 þús. kr. vegna fjölgunar á vitum.

VII. *Fyrning* lækkar um 20 þús. kr.

VIII. *Til hafnarmannvirkja og lendingarbóta* er lagt til að veittar verði 4 475 þús. kr.

IX. *Framlag til hafnarbótasjóðs samkv. lögum* hækkar um 295 þús. kr.

Niður fellur fjárveiting til róðrarmerkja í Faxaflóa.

Um 13. gr. D.

I. *Stjórn flugmála.* Laun fulltrúa og bókara, sem hér hafa verið talin áður, eru nú færð á Loftferðaeftirlit. Grunnlaun lækka því um rúml. 59 þús. kr. Annar kostnaður lækkar um 20 þús. kr. Endurgreiðsla vegna alþjóðaflugþjónustu hækkar um 4 þús. kr.

II. *Reykjavíkurflugvöllur.*

1. Lendingarstjórn. Grunnlaun lækka um tæpl. 85 þús. kr., þar eð laun þriggja aðstoðarflugumferðarstjóra eru færð á lið V. Innanlandsflugstjórn. Annar kostnaður, sem er 30% af „öðrum kostnaði" vegna flugumferðarstjórnar (70% færist á alþjóðaflugþjónustu), er áætlaður 20 þús. kr. hærri en í fjárlögum þessa árs, og er það í samræmi við áætlun vegna alþjóðaflugþjónustu (liður XIII. 1.).

3. Sjóflughöfn. Grunnlaun óbreytt. Annar kostnaður hækkar samkvæmt reynslu um 5 þús. kr.

4. Vélaverkstæði. Grunnlaun óbreytt. Aðrir kostnaðarliðir breytast nokkuð og hækka samtals um 10 þús. kr. Á móti því kemur 50 þús. kr. tekjuhækkun.

5. Trésmíðaverkstæði. Rekstrarkostnaður verkstæðisins er áætlaður 40 þús. kr. lægri en í fjárlögum þessa árs, og tekjur 50 þús. kr. lægri.

6. Viðhald og varðveizla mannvirkja. Launin eru nú sundurliðuð, þannig að laun fastráðinna verkstjóra koma fram sérstaklega. Samtals lækka launagreiðslur um nál. 100 þús. kr., en efni, aðkeypt vinna, viðgerðir o. fl. hækkar um 100 þús. kr.

7. Annar kostnaður, þ. e. raforka, tryggingar og opinber gjöld, er áætlað 60 þús. kr. hærra en í fjárlögum þessa árs.

III. *Keflavíkurflugvöllur.*

2. Lendingarstjórn. Kostnaður, annar en laun, hækkar um 20 þús. kr.

3. Flugumsjón. Grunnlaun lækka um tæpl. 7 þús. kr. vegna mannaskipta. Annar kostnaður var of lágt áætlaður og hækkar um 40 þús. kr.

4. Flugvélaafgreiðsla. Grunnlaun hækka lítið eitt vegna aldurshækkana. Laun afgreiðslumanna annarra en fastra starfsmanna hækka um rúml. 50 þús. kr. og annar kostnaður um 20 þús. kr.

5. Tryggingargjöld lækka um 33 þús. kr.

6. Viðhald húsa og rekstur rafstöðvar hækkar um 45 þús. kr.

IV. *Aðrir flugvellir og sjóflughafnir* lækka um 40 þús. kr.

V. *Innanlandsflugstjórn.* Þetta er nýr liður, sem tekinn er upp í samræmi við breytta tilhögun á flugstjórninni. Flugstjórnin á hinu svonefnda Suðursvæði er reyndar óbreytt, og starfa þar 3 menn, sem áður voru taldir undir lendingarstjórn á Reykjavíkurflugvelli. Þar er því aðeins um að ræða tilfærslu á launum, en annar kostnaður er áætlaður 15 þús. kr. Hins vegar er flugstjórnin á svonefndu Norðursvæði með bækistöð á Akureyri nýjung. Er þar í launalið reiknað með einum flugumferðarstjóra, en annar kostnaður, þar með talin laun aðstoðarmanns, er áætlaður 35 þús. kr.

VI. *Rekstur fjarskiptastöðva* hækkar um 30 þús. kr. vegna nýrra radíóvita, sem settir hafa verið upp á aðalflugleiðunum innanlands.

X. *Þjálfun starfsmanna í flugvallarekstri* lækkar um 50 þús. kr.

XII. *Loftferðaeftirlit.* Grunnlaun hækka sem nemur launum tveggja starfsmanna, er flytjast af lið I., stjórn flugmála. Jafnframt er kostnaðurinn sundurliðaður.

XIII. *Alþjóðaflugþjónustan.* Kostnaður á þessum lið lækkar nokkuð, auk þess sem alþjóðatillag hækkar úr 88% í 90%. Nettókostnaður lækkar því um 212 þús. kr.

XIV. *Framlag til veðurþjónustu erlendis.*

1. Framlag til veðurþjónustu á Grænlandi hefur að undanförnu verið fært með áætlun Veðurstofunnar á 15. gr. B., en þar eð flugráð annast greiðsluna er talið eðlilegra að flytja liðinn á þessa grein. Alþjóðaflugmálastofnunin reiknar framlagið út í samræmi við hundraðstölu íslenzkrar flugumferðar á Norður-Atlantshafi og milli Íslands og Grænlands. Á fjárlögum þessa árs eru veittar 60 þús. kr., en það hefur reynzt allt of lágt, og er því hér farið fram á 135 þús. kr.

2. Til veðurskipa á Norður-Atlantshafi greiðir Ísland samkvæmt samningi við alþjóðaflugmálastofnunina £ 1 000 á ári. Þessi greiðsla hefur ekki verið tekin í fjárlög fyrr.

Kostnaður við tæknilega aðstoð fellur niður.

Tekjur af flugvöllum eru samtals áætlaðar 25 þús. kr. lægri en í fjárlögum þessa árs.

Um 14. gr. A.

I. *Biskupsembættið.* Grunnlaun hækka um 702 kr. vegna aldurshækkana. Ljós og hiti í biskupsbústaðnum hækkar um 2 000 kr. og risna um 4 000 kr.

II. *Embætti sóknarpresta og prófasta.*

1. Laun. Fylgt er áætlun biskups um launin, og er þá reiknað með, að 100 prestar verði á fullum launum og 10 á byrjunarlaunum. Verða þá 6 prestaköll prestslaus, en þar skiptast byrjunarlaun á milli þjónandi prests og prestakallasjóðs. Auk þess þarf enn að greiða hálf byrjunarlaun fyrir þjónustu Kollafjarðarness-prestakalls, sem lagt var niður með nýju prestakallalögunum.

3. Síma- og frímerkjakostnaður presta, 40 þús. kr., er nýr liður hér, fluttur af 11. gr. D.

Um 14. gr. B.

I. a. *Háskóli Íslands.* Grunnlaun hækka um 12 763 kr., aðallega vegna launahækkunar hjá einum kennara. Risna rektors er hækkuð um 2 500 kr. Stundakennsla og landmælingar hækka um 8 þús. kr. Áhaldakaup læknadeildar lækka um 10 þús. kr. Ýmis útgjöld hækka um 20 þús. kr.

b. *Tilraunastöðin á Keldum.* Grunnlaun hækka aðeins vegna aldurshækkana. Annar kostnaður hækkar um 50 þús. kr. Forstöðumaðurinn hefur áætlað tekjur stöðvarinnar á næsta ári 170 þús. kr., en með tilliti til þess, að þær urðu 533 þús. kr. á síðastliðnu ári, hefur ráðuneytið áætlað þær 275 þús. kr., svo að rekstrarhallinn verður lítið eitt lægri en í fjárlögum þessa árs.

II. *Námsstyrkir.* Samkvæmt tillögu menntamálaráðuneytisins er hér bætt við nýjum lið, til leiðbeiningarskrifstofu um nám erlendis, 13 500 kr. Liður þessi hefur áður verið á fjárlögum, en þó ekki síðustu 3 árin.

III. *Fræðslumálastjóraembættið.* Samkvæmt reynslu er annar kostnaður hækkaður um 25 þús. kr.

IV. *Menntaskólinn í Reykjavík.* Grunnlaun hækka um 27 378 kr. vegna þess að laun ritara á skrifstofu rektors eru nú talin með föstum launum, en voru áður færð með stundakennslu. Stundakennsla hækkar um 36 þús. kr. vegna vísitöluhækkunar og fjölgunar bekkjardeilda. Var í fyrra reiknað með 21 bekkjardeild, en þær urðu 22 á síðastliðnum vetri, og er reiknað með, að svo verði einnig næsta vetur. Hiti, ljós og ræsting lækkar um 10 þús. kr.

V. *Menntaskólinn á Akureyri.* Stundakennsla lækkar um 53 þús. kr., þar eð gert er ráð fyrir 12 bekkjardeildum í stað 13 áður. Hiti, ljós og ræsting lækkar um 10 þús. kr. og annar kostnaður hækkar um 5 þús. kr.

VI. *Menntaskólinn á Laugarvatni.* Í fjárlögum þessa árs er gert ráð fyrir launum til þriggja kennara, auk skólastjórans, en þar eð nú hafa verið skipaðir 4 kennarar, hækka grunnlaun sem því nemur. Þar eð skólinn er nýtekinn til starfa, er ekki vitað með neinni vissu, hver kostnaðurinn raunverulega verður, en stundakennsla er áætluð 50 þús. kr. hærri en í fjárlögum þessa árs, húsnæði, ljós og hiti 5 þús. kr. hærri og prófkostnaður 1 500 kr. hærri.

VII. *Kennaraskólinn.* Bætt er við einum kennara með full laun og öðrum með ½ laun, og hækka grunnlaun sem því nemur. Í stað þess lækkar stundakennsla um 26 þús. kr. Hiti, ljós og ræsting hækkar um 5 þús. kr., en bækur og áhöld lækka um 5 þús. kr. og viðhald um 5 þús. kr.

Í handíðadeild hækkar stundakennsla um 500 kr., og annar kostnaður er sundurliðaður, en óbreyttur að fjárhæð.

Stofnstyrkur til Handíðaskólans fellur niður.

VIII. *Stýrimannaskólinn.* Niður fellur fjárveiting til kaupa á radartækjum.

IX. *Vélstjóraskólinn.* Grunnlaun hækka um 8 280 kr. vegna aldurshækkana. Stundakennsla hækkar um 70 þús. kr. vegna fjölgunar bekkjardeilda. Hiti, ljós

og ræsting hækkar af sömu ástæðu um 20 þús. kr. og annar kostnaður um 15 þús. kr. Niður fellur fjárveiting til niðursetningar á vélum.

X. *Sjómannaskólahúsið.* Annar kostnaður lækkar um 10 þús. kr. vegna lækkunar á eldsneyti, en tekjur hækka um 8 þús. kr.

XI. *Búnaðarkennsla.*

1. Bændaskólinn á Hólum. Grunnlaun lækka um 3 450 kr. vegna mannaskipta.

2. Bændaskólinn á Hvanneyri. Stundakennsla hækkar um 500 kr. Liðurinn „viðhald og annar kostnaður" skiptist á þrjá liði með óbreyttri fjárhæð. Niður fellur fjárveiting til vélaverkstæðis.

3. Garðyrkjuskólinn á Reykjum. Hiti, ljós og ræsting hækkar um 3 þús. kr., viðhald skólahúsa um 5 þús. kr. og annar kostnaður um 7500 kr. Niður fellur fjárveiting til raforkuframkvæmda.

XIV. *Almenn barnafræðsla.*

1. *Laun kennara í föstum skólum.* Samkvæmt upplýsingum frá fræðslumálaskrifstofunni hefur fjölgun barnakennara í fyrrahaust orðið mun minni en gert var ráð fyrir í fjárlögum þessa árs, og áætlar hún nú grunnlaunin 17 þús. kr. lægri en í fyrra. Hins vegar hefur komið í ljós veruleg skekkja í útreikningi skrifstofunnar á verðlagsuppbót í fyrra, og hækkar því sá liður nú um 1 362 þús. kr.

2. *Laun farkennara* (grunnlaun) lækka um 15 þús. kr.

Enn fremur er þeim heimilt að rannsaka, hvort bifreiðar hafi áfengi meðferðis, þó að það sé löglega keypt, enda liggi fyrir rökstuddur grunur um, að áfengið sé ætlað til ólöglegrar sölu.

Nú finnst áfengi í bifreið, þegar svo stendur á sem í næstu málsgrein hér á undan segir, og skal þá refsa eiganda þess, sem hann væri sekur um ólöglega áfengissölu, nema leiddar séu að því sterkar líkur, að áfengið sé ekki ætlað til sölu.

20. gr.

Bannað er að neyta áfengis í veitingastofum, veitingatjöldum eða öðrum þeim stöðum, þar sem veitingar fara fram, sbr. þó 12. gr. og 2. málsgr. þessarar greinar. Sama gildir og um félagsherbergi.

Lögreglustjóri má þó veita félögum manna leyfi til áfengisveitinga í félagsherbergjum eða almennum veitingastöðum, öðrum en þeim, er um getur í 12. gr. Slík leyfi má einungis veita í veizlum, samsætum eða öðrum þess háttar samkvæmum innanfélagsmanna og félagsgesta, ef sýnt er, að félagsskapurinn í heild eða einstakir þátttakendur í honum hafi ekki hagnað af. Vínveitingaleyfi má ekki veita skemmtifélögum né til vinneyzlu í samkvæmum, sem ætla má að til sé stofnað í tekjuskyni fyrir veitingahús.

VI. KAFLI

Ölvun.

21. gr.

Hver sá, sem sökum ölvunar veldur óspektum, hættu eða hneyksli á almannafæri, opinberum samkomum, í bifreiðum eða öðrum farartækjum eða skipum, skal sæta ábyrgð samkvæmt lögum þessum.

22. gr.

Hver embættismaður eða starfsmaður ríkisins eða opinberra stofnana, sem er ölvaður, þegar hann er að gegna embætti sínu eða starfi, skal sæta refsingu. Sé um miklar sakir að ræða eða brot ítrekað, varðar það frávikningu úr stöðunni um

stundarsakir eða að fullu og öllu. Eigi læknir í hlut, skal hann missa lækningaleyfi sitt ásamt embættinu.

Sömu refsingu skal hver sá læknir sæta, þótt hann sé ekki embættismaður, sem er ölvaður, þegar hann er að gegna læknisstörfum, og kemur þá missir lækningaleyfis um stundarsakir eða fyrir fullt og allt í stað embættis- eða sýslunarmissis.

23. gr.

Séu lyfsalar eða þjónar þeirra ölvaðir við störf sín, sæta þeir sömu refsingu og læknar.

24. gr.

Ef flugmenn, bifreiðarstjórar, skipstjórar, stýrimenn, bátsformenn eða vélstjórar eru undir áhrifum áfengis við flug, akstur, stjórn skips eða vélar, varðar það missi réttar til að stjórna flugvél, bifreið, skipi, bát eða vél um stundarsakir, þó eigi skemur en 3 mánuði, eða fyrir fullt og allt, ef miklar sakir eru eða brot er ítrekað.

Sömu refsingu skulu framangreindir menn sæta, þótt annar hafi haft með höndum starf þeirra í farartækinu, ef þeir eru sjálfir í því og áttu að annast starfið, en vanræktu það sökum ölvunar og verulegt slys hlauzt af því.

Það varðar refsingu að veita mönnum þeim, sem tilgreindir eru í 1. málsgr., áfengi, þegar þeir eru að störfum.

Ákveða skal í reglugerð, að flugmönnum, bifreiðarstjórum og stjórnendum hvers konar farartækja, sem annast mannflutninga, sé bannað að neyta áfengis vissan tíma, áður en þeir hefja störf sín.

25. gr.

Leiki vafi á, hvort sakborningur samkvæmt þessum kafla sé undir áhrifum áfengis, skal bæði dómara og sakborning heimilt að láta skera úr því með blóðrannsókn, sem læknir eða annar kunnáttumaður framkvæmir.

VII. KAFLI

Áfengisvarnir.

26. gr.

Ríkisstjórnin skipar sér til aðstoðar áfengisvarnaráðunaut. Skal hann skipaður að fengnum tillögum frá stjórnum þeirra bindindisfélaga, sem styrks njóta af opinberu fé til bindindisstarfsemi.

Áfengisvarnaráðunauturinn starfar samkvæmt erindisbréfi, sem ríkisstjórnin setur honum. Hann skal taka laun samkvæmt VI. fl. launalaga.

27. gr.

Áfengisvarnaráð skal skipað fimm mönnum. Áfengisvarnaráðunauturinn er sjálfkjörinn formaður ráðsins, en fjórir ráðsmenn og jafnmargir varamenn skulu kosnir hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi að afstöðnum hverjum almennum alþingiskosningum. Dómsmálaráðherra skipar varaformann ráðsins, að fengnum tillögum frá stjórnum þeirra bindindisfélaga, sem styrks njóta af opinberu fé. Áfengisvarnaráð skal hafa skrifstofu í Reykjavík. Veitir áfengisvarnaráðunautur henni forstöðu. Kostnaður við störf áfengisvarnaráðs greiðist úr áfengisvarnasjóði.

28. gr.

Áfengisvarnaráð fer með yfirstjórn allra áfengisvarna í landinu. Það skal stuðla að bindindissemi, vinna gegn ofnautn áfengra drykkja og reyna í samráði við ríkisstjórn, áfengisvarnanefndir og bindindissamtök að afstýra skaðlegum áhrifum áfengisneyzlu.

Áfengisvarnaráð skal hafa umsjón með áfengisvarnanefndum, samræma störf þeirra og vera þeim til aðstoðar og leiðbeiningar í hvívetna. Það skal fylgjast sem bezt með í áfengis- og bindindismálum og veita hlutlausar upplýsingar um þau til blaða og annarra aðila, er óska þeirra.

Umsagnar áfengisvarnaráðs skal jafnan leita, áður en reglugerðir samkvæmt lögum þessum eru settar. Álits þess skal einnig leita varðandi verðlagningu áfengis.

Að öðru leyti fer áfengisvarnaráð með þau störf, sem lög þessi ákveða.

Nánari ákvæði um störf áfengisvarnaráðs skulu sett í reglugerð.

29. gr.

Áfengisvarnanefndir skulu vera í öllum hreppum og kaupstöðum landsins, þriggja manna í hreppum, sjö manna í kaupstöðum, öðrum en Reykjavík, þar sem nefndin er skipuð níu mönnum. Ráðherra skipar formenn nefndanna, að fengnum tillögum áfengisvarnaráðs, en að öðru leyti skulu nefndarmenn kosnir hlutfallskosningu af hlutaðeigandi hreppsnefndum og bæjarstjórnum. Kjörtími nefndarmanna er fjögur ár. Kostnaður við störf nefndanna greiðist úr áfengisvarnasjóði að öðru leyti en því, að viðkomandi hreppur eða kaupstaður greiðir fyrir nauðsynlegt húsnæði handa þeim.

Áfengisvarnanefndir skulu vera ráðgefandi um öll bindindis- og áfengismál fyrir sveitarstjórnir, lögreglustjóra, áfengisvarnaráð, ríkisstjórn og aðra þá aðila, sem komið geta til greina í því sambandi. Verksvið nefndanna skal að öðru leyti ákveðið í reglugerð, sem ráðherra gefur út, að fengnum tillögum áfengisvarnaráðs.

30. gr.

Í öllum skólum, er opinbers styrks njóta, skal fara fram fræðsla um skaðleg áhrif áfengisnautnar. Setur ráðherra nánari fyrirmæli um hana í reglugerð.

31. gr.

Stofna skal áfengisvarnasjóð. Er hlutverk hans að standa straum af kostnaði við áfengisvarnir, bindindisfræðslu og bindindisútbreiðslu. Skulu í hann renna árlega 3% af hagnaði Áfengisverzlunar ríkisins.

Áfengisvarnaráð fer með stjórn og reikningshald sjóðsins.

Nánari fyrirmæli um áfengisvarnasjóð skulu sett í reglugerð.

32. gr.

Á næstu 5 árum skal árlega leggja til hliðar 6% af hreinum ágóða Áfengisverzlunar ríkisins.

Skal helmingi þeirrar upphæðar varið til byggingar drykkjumannahæla og lækningastöðva handa drykkjumönnum, sjúkrahúsa og elliheimila eftir nánari ákvörðun heilbrigðismálaráðherra.

Hinum helmingnum skal verja að jöfnu til þess að veita félagsheimilum og hótelum vaxtalaus lán, enda gangi þau hótel fyrir, er ekki hafa vínveitingaleyfi. Veitir menntamálaráðherra þessi lán, að fengnum tillögum áfengisvarnaráðs.

33. gr.

Ríkisstjórnin skal láta auglýsa á skipum, sem annast farþegaflutning með ströndum landsins, á veitingahúsum, pósthúsum og símastöðvum og öðrum þeim stöðum, sem þurfa þykir, útdrátt úr lögum þessum.

VIII. KAFLI
Refsiákvæði.

34. gr.

Fyrir brot gegn 3. gr. skal refsa þannig:

1. Ef áfengi er flutt inn í því skyni að selja það eða veita fyrir borgun, þá varðar það sektum:

Fyrsta sinni	kr.	4 000—20 000
Öðru sinni	—	8 000—40 000
Þriðja sinni	—	16 000—80 000

Auk þess greiðist í sekt 400 kr. á hvern lítra þess áfengis, sem innflutt er.

Sé um verulegt brot að ræða, má enn fremur dæma sökunaut í fangelsi, og skal það jafnan gert, þegar um margítrekað brot er að ræða.

Skip skal ávallt vera að veði til tryggingar greiðslu á sektum og málskostnaði, og má kyrrsetja það og selja, að undangengnu fjárnámi, til lúkningar hvoru tveggja.

Flytji skip hingað ólöglega áfengi, svo að telja megi það verulegan hluta af farmi þess, skal skipið gert upptækt handa ríkissjóði með dómi.

Brot gegn 3. gr. telst fullframið, þegar áfengi það, sem til sölu eða veitinga er ætlað, er flutt inn í landhelgi.

2. Nú þykir eigi sannað, að áfengið sé flutt inn til sölu eða veitinga fyrir borgun, svo og þegar skipstjóri ber ábyrgð á broti skipverja, en er ekki við það riðinn að öðru leyti, þá varðar það sektum frá 400—12 000 krónum. Auk þess greiðist í sekt 400 kr. á hvern lítra þess áfengis, sem innflutt er.

Jafnan skal hið ólöglega aðflutta áfengi verða eign ríkissjóðs.

35. gr.

Skýri skipstjóri lögreglustjóra, hreppstjóra eða sérstökum löggæzlumanni rangt frá um áfengi það, er hann hefur meðferðis, eða dragi að skýra frá áfengisbirgðum samkvæmt 4. gr., skal hann sekur um 2000—20 000 kr., liggi ekki þyngri refsing við broti hans samkvæmt öðrum lagaákvæðum. Skip er að veði fyrir sektum og málskostnaði, eins og segir í 34. gr. 1., 3. málsgr.

Upptækt skal gert það áfengi, sem skotið var undan innsiglun eða vanrækt að skýra frá.

36. gr.

Brot gegn fyrri málsgrein 6. gr. varða refsingu samkvæmt 34. gr.

37. gr.

Brot gegn 7. gr. og reglugerð samkvæmt 2. málsgr. sömu greinar varða sektum, 2000—20 000 kr., og skal sökunautur enn fremur sæta fangelsi, ef áfengið hefur verið ætlað til sölu eða veitinga fyrir borgun og brot er ítrekað, eða miklar sakir eru að öðru leyti.

38. gr.

Misbeiti læknir lækningaleyfi sínu til þess að útvega mönnum áfengi til neyzlu, með því að láta af hendi áfengi eða áfeng lyf eða lyfseðil á áfengi, án þess að áfengið sé nauðsynlegt til lækninga, skal hann við fyrsta brot sæta sektum, 800—8000 kr. Ítrekað brot varðar sektum, 1600—20 000 kr.

Sama gildir um lyfsala og þjóna þeirra, ef þeir misnota aðstöðu sína til þess að selja mönnum áfengi til neyzlu.

Sé brot margítrekað eða að öðru leyti stórfellt, skal auk sektar svipta sökunaut leyfi til þess að láta af hendi áfengi eða áfengisblöndur eða gefa út áfengis-

seðla. Lágmark leyfissviptingarinnar skal vera 2 ár. Sé brot svo vaxið, að það falli undir ákvæði 2. málsgr. 40. gr., skal beita refsingu samkvæmt þeirri grein.

39. gr.

Misnoti veitingamaður, sem leyfi hefur til áfengisveitinga, leyfi sitt með því að veita áfengi á öðrum tímum eða á annan hátt en honum er heimilt, eða aðrar vintegundir, svo og með því að selja áfengi án þess að neytt sé á staðnum, varðar það refsingu samkvæmt 40. gr. og leyfissviptingu samkvæmt 41. gr.

40. gr.

Brot gegn ákvæðum 18. gr. varða sektum, 800—8000 krónum. Sé brotið ítrekað, varðar það sektum frá 1600—20 000 krónum.

Brjóti nokkur oftar ákvæði þessarar greinar eða geri sér að atvinnu sölu eða veitingar áfengra drykkja, varðar það, auk sektar, fangelsi, allt að 3 mánuðum.

41. gr.

Verði maður, sem leyfi hefur til veitingasölu eða gistihúshalds samkvæmt lögum nr. 21 15. júní 1926, sekur um brot á ákvæðum 18. gr., varðar það refsingu samkvæmt 40. gr. Hafi brotið átt sér stað í sambandi við atvinnurekstur hans, skal hann auk refsingarinnar sviptur veitingaleyfi, í fyrsta sinn ekki skemur en einn mánuð, í annað sinn ekki skemur en 3 mánuði og í þriðja sinn að fullu og öllu.

Þjónustumenn sæta sektum, 200—4000 krónum.

42. gr.

Brot gegn ákvæðum 16. gr. varða sektum frá 100—2000 krónum.

43. gr.

Brot gegn 1. málsgr. 19. gr. varða sektum, 200—8000 kr., og ítrekað brot 400—16 000 kr.

Brot gegn 4. málsgr. 19. gr. varða sektum, er nema í fyrsta sinn fimmföldu og í annað sinn tíföldu söluverði þess áfengis, sem ætlað er til ólöglegrar sölu. Brjóti nokkur oftar ákvæði þeirrar málsgreinar eða geri sér ólöglega áfengissölu að atvinnu, varðar það auk sektar fangelsi allt að 3 mánuðum. Hafi bifreiðarstjóri ítrekað gerzt sekur um ólöglega áfengissölu, varðar það hann missi réttar til að stjórna bifreið um stundarsakir, þó eigi skemur en 3 mánuði, eða fyrir fullt og allt, ef miklar sakir eru eða brot er margítrekað. Áfengi, sem flutt er eða geymt ólöglega í bifreið, skal gert upptækt.

Fjárnám fyrir sektum og kostnaði skal gera í bátum og flutningatækjum, sem notuð eru til ólöglegs áfengisflutnings.

44. gr.

Brjóti nokkur ákvæði 1. málsgr. 20. gr., varðar það veitingasala, ef það er með vitund hans, 200—4000 kr. sekt og neytanda 100—2000 kr. sekt. Þriðja brot varðar veitingasala missi veitingaleyfis.

Brot gegn 2. málsgr. 20. gr. varðar félagsstjórn, þjónustumenn og neytendur 200—8000 kr. sektum.

45. gr.

Brot gegn 21. gr. varða sektum frá 100—2000 kr., nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum.

46. gr.

Brot gegn 22.—24. gr. varða sektum: Fyrsta sinni 400—2000 kr. Öðru sinni 800—4000 kr. Auk sektanna kemur stöðu- og réttindamissir svo sem í þeim greinum segir.

47. gr.

Sá, sem kemur því til leiðar með fortölum eða fjárframlögum, heitum, hótunum eða ráðum sínum, að 3., 6. gr., 1. málsgr., eða 7. gr. þessara laga verði brotin, veitir til þess aðstoð í orði eða verki, tekur þátt í gróða af þeim brotum eða aðstoðar aðra til að halda þeim gróða, skal, þótt hann verði ekki talinn aðalmaður í verknaðinum, sæta sektum, 200—16 000 kr.

IX. KAFLI
Ýmis ákvæði.

48. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna allar í Menningarsjóð.

Gera skal aðför hjá hinum seku til lúkningar sektum samkvæmt lögum þessum, og því aðeins skulu þeir afplána sektir í fangelsi, að fé þeirra hrökkvi ekki fyrir þeim.

49. gr.

Vinnuskylda má vera samfara afplánun sekta samkvæmt lögum þessum.

50. gr.

Fara skal með mál út af brotum á lögum þessum og reglum að hætti opinberra mála.

51. gr.

Lög þessi skal prenta á íslenzku, dönsku, þýzku, ensku og frönsku, og svo mörg eintök, að nægi til að senda umboðsmönnum ríkisins í öðrum löndum.

52. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 33 9. jan. 1935, lög nr. 26 18. febr. 1943, lög nr. 47 16. marz 1951, lög nr. 11 29. jan. 1952, svo og öll þau lagaákvæði, sem brjóta í bága við þessi lög.

53. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1953.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd, sem dómsmálaráðherra skipaði á árinu 1951 til þess að endurskoða áfengislöggjöf landsins. Var frumvarpið lagt fyrir Alþingi 1952 og fylgdi því þá ýtarleg greinargerð um störf nefndarinnar og niðurstöður og vísast til hennar (þskj. 33 1952). Frumvarpinu var vísað frá með rökstuddri dagskrá eftir nokkrar umræður í efri deild. Það ákvæði frumvarpsins, sem mestri gagnrýni hefur sætt, var heimildin í 2. mgr. 7. gr. um bruggun áfengs öls að undangenginni samþykkt við þjóðaratkvæðagreiðslu. Þessi heimild hefur nú verið felld niður. Að öðru leyti er frumvarpið óbreytt, og er þess að vænta, að það fái nú efnislega afgreiðslu á Alþingi.

Nd. 13. Frumvarp til laga [13. mál]

um vátryggingarsamninga.

(Lagt fyrir Alþingi á 73. löggjafarþingi, 1953.)

I. KAPÍTULI

Sameiginlegar reglur um allar tegundir vátrygginga.

Inngangur.

1. gr.

Lög þessi gilda um vátryggingarsamninga, sem gerðir eru við vátryggingarhlutafélög, gagnkvæm vátryggingarfélög eða önnur félög eða stofnanir, sem reka vátryggingarstarfsemi.

Lögin gilda ekki um:

a. endurtryggingar;
b. almannatryggingar samkvæmt l. nr. 50 7. maí 1946, sbr. l. nr. 1 12. jan. 1952 og l. nr. 38 27. febr. 1953;
c. stríðsslysatryggingar skipshafna samkvæmt l. nr. 43 9. maí 1947, eða ófriðartryggingar sbr. l. nr. 2 21. jan. 1944;
d. tryggingar samkvæmt l. nr. 51 27. júní 1921, l. nr. 41 27. júní 1925, l. nr. 15 7. maí 1928, l. nr. 101 30. des. 1943, sbr. l. nr. 40 15. febr. 1945, l. nr. 102, 30. des. 1943, l. nr. 103 30. des. 1943 og l. nr. 86 11. júní 1938 sbr. l. nr. 114 30. maí 1940;
e. samninga, þar sem stéttarfélög lofa að veita meðlimum sínum bætur fyrir tjón, er þeir bíða af atvinnuleysi eða stöðvun atvinnurekstrar;
f. samninga, þar sem vinnuveitandi heitir mönnum, er starfað hafa við atvinnurekstur hans, eftirlaunum.

2. gr.

„Félagið“ merkir í lögum þessum vátryggjanda.

„Vátryggingartaki“ merkir þann, er gert hefur samning um vátryggingu við félagið.

„Vátryggður“ merkir þann, sem kröfu á um greiðslu bóta, er til hennar kemur.

3. gr.

Ákvæði laga þessara koma því aðeins til greina, að eigi sé á annan veg áskilið berum orðum í samningi eða verði talið í honum fólgið. Þetta gildir þó ekki um þau ákvæði, er lögin sjálf berum orðum lýsa ófrávíkjanleg eða ófrávíkjanleg eru samkvæmt öðrum réttarreglum.

Rangar upplýsingar við samningsgerð.

4. gr.

Hafi vátryggingartaki, er vátryggingin var tekin, sviksamlega gefið rangar upplýsingar um atvik, er ætla mátti að skiptu máli fyrir félagið, eða leynt slíkum atvikum sviksamlega, er samningurinn ekki skuldbindandi fyrir félagið. Sama gildir, ef framkoma hans hefur að öðru leyti verið með þeim hætti, að það mundi almennt verða talið óheiðarlegt að bera samninginn fyrir sig.

5. gr.

Ef ætla má, að vátryggingartaki hafi, er vátryggingin var tekin, hvorki vitað né mátt vita, að upplýsingar, er hann gaf, voru rangar, er félagið skuldbundið svo sem engar rangar upplýsingar hefðu verið gefnar.

Sé um skaðatryggingu að ræða, getur félagið þó sagt vátryggingunni upp með 14 daga fyrirvara.

6. gr.

Hafi vátryggingartaki gefið rangar upplýsingar, er öðruvísi stendur á en segir í 4. og 5. gr., er félagið laust mála, ef ætla má, að það hefði ekki tekið á sig vátrygginguna, hefði það haft rétta vitneskju um málavexti.

Ef ætla má, að félagið hefði tekið vátrygginguna á sig, en með öðrum kjörum, ábyrgist það að þeim mun, sem það mundi hafa skuldbundið sig fyrir hið umsamda iðgjald. Ef félagið mundi hafa takmarkað ábyrgð sjálfs sín enn frekar með endurtryggingu, lækka bæturnar í hlutfalli við það.

Sé um sjóvátryggingu eða aðra flutningatryggingu að ræða, gilda ákvæði 2. mgr. ekki. Í þess stað ábyrgist félagið þá aðeins að þeim mun, sem sannað verður, að atvik þau, er rangt var skýrt frá, hafi engin áhrif haft um það, að vátryggingaratburðurinn gerðist eða hve mikið tjónið varð.

7. gr.

Láti vátryggingartaki hjá líða að skýra frá atvikum, skiptir það engu máli um ábyrgð félagsins, nema honum hafi mátt vera það ljóst, að atvik þau, er eigi var frá skýrt, skiptu máli fyrir félagið, og meta megi það atferli stórkostlegt gáleysi af hans hálfu. Ef svo er, skal það metið sem hann hefði gefið rangar upplýsingar, sbr. 6. gr.

8. gr.

Vilji félagið bera fyrir sig eitthvert atvika þeirra, er ræðir um í 5.—7. gr., skal það, er það hefur fengið vitneskju um þau, skýra vátryggingartaka án ástæðulausrar tafar frá því, að hve miklu leyti það vill neyta réttar þess, er umræddar greinar veita því.

9. gr.

Félagið getur eigi borið það fyrir sig, að rangt hafi verið frá skýrt eða launung viðhöfð, hafi það vitað hið rétta, er vátryggingin var tekin, eða mátt vita það, né heldur, ef atvik þau, er félaginu var ókunnugt um, skiptu það eigi máli eða skipta eigi máli framar.

10. gr.

Félagið getur eigi borið fyrir sig samning, sem fer í bága við 5. gr. eða 7.—9. gr.

Hafi félagið undanskilið sig ábyrgð, ef svo skyldi reynast, að upplýsingar, er annar maður en vátryggingartaki gaf því, reyndust rangar, þá hefur það eigi ríkari áhrif en það mundi hafa haft, ef vátryggingartaki sjálfur hefði gefið þær upplýsingar.

Sama gildir, ef félagið hefur lýst einhverjum atvikum í vátryggingarskírteininu, án þess að leita um þau vitneskju hjá vátryggingartaka, og það hefur áskilið sér að vera að nokkru eða öllu undanþegið ábyrgð, ef lýsing atvika þessara reyndist að vera röng.

Upphaf ábyrgðar félagsins.

11. gr.

Nú hefur vátryggingarsamningur verið gerður, en eigi á það kveðið, hvenær ábyrgð félagsins skuli hefjast, og telst hún þá hefjast, þegar félagið eða vátryggingartaki sendir frá sér orðsendingu um, að hann samþykki tilboð hins.

Orðsendingar þær, er ræðir um í 1. mgr., skulu taldar hafa verið sendar kl. 6 síðdegis, sé annað eigi sannað.

Iðgjaldið.

12. gr.

Hið fyrsta iðgjald fellur í gjalddaga þegar, er samningurinn er gerður, enda sé eigi um annan gjalddaga samið.

Eigi iðgjaldið að greiðast með fleiri greiðslum, hverri fyrir sitt tímabil, eða sé vátryggingin framlengd með samningi eða samkvæmt 84. gr., er hinn fyrsti dagur hvers tímabils gjalddagi hinna síðari iðgjalda.

13. gr.

Sé fyrsta iðgjaldið eigi greitt á réttum tíma, má félagið segja vátryggingunni upp, og fellur samningurinn þá með öllu niður, sé iðgjaldið eigi greitt innan þriggja daga. Sama gildir, sé síðara iðgjald eigi greitt innan viku eftir að félagið hefur krafið vátryggingartaka greiðslu. Þá kröfu má þó í fyrsta lagi gera viku fyrir gjalddaga.

14. gr.

Verði hið fyrsta iðgjald eigi greitt, er þess er krafizt, en þá kröfu má í fyrsta lagi gera á gjalddaga, er ábyrgð félagsins lokið. Sama gildir, séu síðari iðgjöld eigi greidd innan viku frá því, að þeirra var krafizt, en krefja má þeirra í fyrsta lagi viku fyrir gjalddaga.

Fyrirvarar um að ábyrgð félagsins skuli þá fyrst hefjast, er hið fyrsta iðgjald er greitt eða skírteini afhent, eru ógildir.

Meðan samningurinn er ekki með öllu fallinn úr gildi, má vátryggingataki greiða iðgjaldið, og hefst þá ábyrgð félagsins að nýju, frá því að greiðslan fór fram.

15. gr.

Nú eru liðnir 3 mánuðir frá því að greiðslu iðgjalds var krafizt, og er það enn ógreitt, og fellur samningurinn þá úr gildi uppsagnarlaust, enda hafi félagið eigi byrjað lögsókn til heimtu iðgjaldsins. Ábyrgð félagsins hefst að nýju við byrjun þeirrar lögsóknar. Láti félagið lögsóknina niður falla eða leiði hún eigi til fullnustu kröfunnar, lýkur ábyrgð félagsins að nýju, og skal þá litið svo á, sem lögsóknarfresti þeim, sem getur í 1. málslið, hafi eigi verið slitið.

16. gr.

Hafi félagið, samkvæmt ákvæðum laga þessara, sagt vátryggingarsamningnum upp til slita, áður en sá tími, er hann var gerður um, var liðinn, eða falli samningurinn úr gildi samkvæmt 15. gr., og á félagið þá rétt á iðgjaldsupphæð þeirri, er greiða hefði átt, ef vátryggingin hefði aðeins verið gerð um þann tíma, sem liðinn er.

Falli samningurinn úr gildi af öðrum ástæðum, á félagið rétt á þeim hluta iðgjaldsins, er samsvarar tímanum fram til þess, að samningurinn féll úr gildi.

17. gr.

Eigi verður, svo gilt sé, samið svo um, að greiðslufall á lúkningu iðgjalds hafi í för með sér harðari kosti fyrir vátryggingartaka eða vátryggðan en segir í 13.—15. gr. Ákvæði 2. og 3. málsliðar 13. gr. og 16. gr. gilda eigi um líftryggingar.

Ásetnings- eða vangáratferli, er veldur því, að vátryggingaratburðurinn gerist.

18. gr.

Ef vátryggður verður þess valdur af ásettu ráði, að vátryggingaratburðurinn gerist, á hann enga kröfu á hendur félaginu.

Hafi hann af vangá sinni valdið því, að vátryggingaratburðurinn gerðist, og

telja má vangá hans stórkostlega eftir því, sem atvik lágu til, skal úr því skorið, hvort greiða skuli bætur og hve háar, eftir því, hversu mikil sökin er, og eftir öðrum atvikum. Þegar um er að ræða líftryggingar eða ábyrgðartryggingar, ber félagið þó fulla ábyrgð.

19. gr.

Ákvæðum 18. gr. um brottfall eða takmörkun ábyrgðar félagsins, skal þó eigi beitt, er vátryggður var yngri en 15 ára eða gat eigi hegðað sér skynsamlega vegna geðveiki, andlegs vanþroska, geðtruflana um stundarsakir eða annars þess konar ástands.

Sama gildir, ef verknaður sá, er leiðir til þess, að vátryggingaratburðurinn gerist, er unninn í því skyni, að varna því að tjón verði á mönnum eða eignum, og með þeim atvikum, að hann verði talinn réttmætur.

20. gr.

Eigi verður, svo gilt sé, samið svo um, að félagið skuli laust úr ábyrgð, er því, að vátryggingaratburðurinn gerðist, hefur verið valdið af vangá, er ekki verður talin stórkostleg. Ákvæði þetta er því þó eigi til fyrirstöðu, að samið sé um það, bæði að félagið skuli leyst úr ábyrgð, er vátryggður hefur valdið vátryggingaratburðinum í ölæði, er honum verður sjálfum gefin sök á, og að félagið megi draga allt að 5% frá bótunum, er vátryggingaratburðurinn stafar frá vangá, sem eigi verður talin stórkostleg.

Skyldur vátryggðs, er vátryggingaratburðinn ber að höndum.

21. gr.

Þegar vátryggingaratburðurinn hefur gerzt, skal vátryggður þegar í stað skýra félaginu frá því, ef hann ætlar að hafa uppi kröfur á hendur því vegna hans.

Vanræki vátryggður þetta, ber félagið ekki frekari ábyrgð en það mundi hafa borið, ef slík tilkynning hefði verið gefin. Ef líkur eru að því leiddar, að félagið hafi vegna þessarar vanrækslu misst af tækifæri til að leiða sönnur að atvikum, sem mundu hafa leitt til þess, að ábyrgð þess hefði fallið niður eða orðið minni en ella, skal úr því skorið, með hliðsjón af atvikum málsins, hvort bætur skuli greiða, og ef svo er, hve háar.

Ef svo er um samið, að vátryggður skuli skýra frá atburðum, sem félagið ábyrgist afleiðingar af, enda þótt þær afleiðingar séu enn eigi komnar í ljós, gilda ákvæði þau, sem sett eru hér að framan, eftir því sem við á.

Eigi verður svo gilt sé samið um það, að vanræksla vátryggðs eða annarra á því að gefa félaginu tilkynningu svo sem hér var sagt, skuli hafa meiri afleiðingar en nú var um mælt.

22. gr.

Hafi vátryggður uppi kröfur á hendur félaginu, er honum skylt að veita því allar þær upplýsingar, er honum er unnt að veita, um atvik, er máli kunna að skipta, er dæma skal um vátryggingaratburðinn, eða er ákveða skal fjárhæð þá, er félaginu ber að greiða, eða endurgreiðslukröfur þær, er félagið kynni að eiga á hendur öðrum mönnum.

Vanræki vátryggður að gefa þessar upplýsingar, hefur það þau áhrif, sem segir í 2. mgr. 21. gr.

23. gr.

Ef svo er um samið, að vátryggður, er sviksamlega skýrir frá eða leynir atvikum, er skipta máli, þegar dæma skal um ábyrgð félagsins, skuli glata rétti þeim til bóta, er hann ella hefði átt, getur dómur, með hliðsjón af atvikunum, er svikunum var beitt, ákveðið, að bætur skuli greiða að nokkru eða öllu leyti þrátt fyrir samningsákvæði þetta.

Nú hafa upplýsingar verið gefnar eða vanrækt hefur verið að gefa þær, en hvorugt hefur þetta verið gert í sviksamlegum tilgangi, og hefur það þá eigi önnur áhrif en segir í 2. mgr. 21. gr., þótt á annan veg sé um samið.

Greiðsluskylda félagsins.

24. gr.

Krefja má um greiðslu bóta 14 dögum eftir að félagið átti þess kost að afla þeirra upplýsinga, er þörf var á til þess að meta vátryggingaratburðinn og ákveða upphæð bótanna.

Ef augljóst er orðið, áður en endanleg ákvörðun bótanna getur átt sér stað, að félaginu beri að minnsta kosti að greiða nokkurn hluta upphæðar þeirrar, er það er krafið um, má krefjast greiðslu á þeim hluta hennar samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í 1. mgr. þessarar gr.

Félagið skal greiða vexti af fjárhæðinni frá gjalddaga, er séu 1% p. a. lægri en vísilvextir Landsbankans.

Eigi verður, svo gilt sé, samið svo um, að gjalddagi bótanna skuli háður ákvörðun félagsins eða því, að það hafi verið skyldað til greiðslu með dómi.

Aðgangsréttur félagsins.

25. gr.

Ef einhver er skaðabótaskyldur við vátryggðan fyrir atvik, er vátryggingin tekur til, þá öðlast félagið rétt vátryggðs á hendur honum, að svo miklu leyti sem það hefur greitt vátryggðum bætur. Ef þriðji maður hefur valdið tjóninu af vangá, er eigi verður talin stórkostleg, eða sé ábyrgð hans eingöngu byggð á reglunum um ábyrgð vinnuveitanda á skaðaverkum starfsmanna hans, má lækka skaðabótaábyrgð hans eða fella hana niður eftir atvikum.

Sé um líftryggingu, slysa- eða sjúkratryggingu að ræða, á félagið enga kröfu á hendur þeim, er valdur varð að því, að vátryggingaratburðurinn gerðist. Þegar um þessar tryggingar er að ræða, hefur það og engin áhrif á kröfur vátryggðs, hvort heldur er gegn félaginu eða þeim, sem tjóninu hefur valdið, þótt hann hafi þegar fengið greiddar bætur hjá hinum. Ákvæðum 1. mgr. skal þó beitt um slysa- og sjúkratryggingar, að svo miklu leyti sem greiðsla félagsins er raunveruleg skaðabót.

Félagið getur eigi áskilið sér að öðlast rétt vátryggðs gegn þriðja manni í rýmra mæli en hér að framan segir.

Fjárþrot félagsins og vátryggingartaka.

26. gr.

Ef bú félagsins er tekið til gjaldþrotaskipta, má vátryggingartaki rifta samningnum. Geri hann það ekki, fellur samningurinn þó úr gildi þrem mánuðum eftir að gjaldþrotaskiptin voru auglýst.

Komi það í ljós við fjárnámsgerð, að félagið skorti fé til að greiða skuldir sínar, eða hafi það stöðvað greiðslur sínar eða reynist fjárhag þess með öðrum hætti þannig varið að ætla megi, að það geti ekki fullnægt skuldbindingum sínum, má vátryggingartaki rifta samningnum, ef félagið setur eigi þegar í stað, er hann krefst þess, nægilega tryggingu fyrir efndum sínum.

Þegar vátryggingarsamningi er rift samkvæmt framangreindum ákvæðum, getur vátryggingartaki krafizt bóta fyrir tjón það, er hann bíður við það að vátryggingunni lýkur.

27. gr.

Missi félagið rétt til að stunda vátryggingarstarfsemi hér á landi, má vátryggingartaki rifta samningnum. Sama gildir, sé félagið sameinað öðru félagi eða afhendi það öðru félagi fjármuni sína í heild sinni.

Ef efnt er til frjálsra skuldaskila félagsins, fellur vátryggingarsamningurinn niður, þegar ár er liðið frá upphafi skuldaskilanna. Innan þess tíma má vátryggingartaki rifta samningnum, ef félagið setur eigi þegar í stað, er hann krefst þess, nægilega tryggingu fyrir efndum sínum.

Ákvæði 3. mgr. 26. gr. koma hér til greina, eftir því sem við á.

28. gr.

Verði bú vátryggingartaka tekið til gjaldþrotaskipta, eða boði hann til nauðasamninga án gjaldþrotaskipta, þá hefur það, enda þótt öðru vísi sé um samið, engin áhrif á vátryggingarsamninginn önnur en þau, er leiða af almennum reglum laganna. Þegar um skaðatryggingu er að ræða, má félagið þó áskilja sér rétt til að segja samningnum upp með 14 daga fyrirvara.

Fyrning.

29. gr.

Kröfur, sem rísa af vátryggingarsamningi, fyrnast á 4 árum frá lokum þess almanaksárs, er kröfuhafinn fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. Kröfur um greiðslu bóta eða vátryggingarfjárhæðarinnar fyrnast þó í síðasta lagi á 10 árum frá því að vátryggingaratburðurinn gerðist. Að öðru leyti fer um fyrninguna eftir almennum reglum laganna. Ákvæði 4. mgr. 2. gr. l. nr. 14 20. okt. 1905 halda gildi sínu.

30. gr.

Samningi um að vátryggður glati kröfu sinni, ef hann krefur hennar eigi með lögsókn innan skemmra frests en segir í 29. gr., verður eigi beitt, nema því aðeins að félagið hafi, með eigi skemmri fresti en 6 mánaða, skýrt vátryggðum skriflega frá því, hversu langur fresturinn sé og hvaða afleiðingar það muni hafa, ef hann er látinn líða ónotaður.

Samningi um að félagið skuli vera leyst úr ábyrgð, ef krafa, er rís af vátryggingaratburði, er eigi höfð uppi við félagið innan tiltekins frests, verður eigi beitt gegn þeim manni, er slíka kröfu hefur uppi innan 3 mánaða frá því að hann fékk vitneskju um atvik þau, er krafan rís af.

Samningur um framlengingu vátryggingarinnar.

31. gr.

Félagið getur eigi borið fyrir sig samning um það, að vátryggingin skuli talin framlengd um lengri tíma en eitt ár, hafi henni eigi verið sagt upp, nema því aðeins að það hafi minnt vátryggingartaka á það, í fyrsta lagi þremur mánuðum og síðasta lagi einum mánuði fyrir lok uppsagnartímans, að vátryggingin mundi framlengjast á þennan veg, ef henni væri ekki sagt upp.

Ákvæði um gerðardóm o. fl.

32. gr.

Samningur um að vátryggður eða vátryggingartaki megi ekki njóta aðstoðar annarra manna, er þeir semja við félagið, er ógildur.

Samningi um að vátryggður eða vátryggingartaki skuli mæta sjálfir til slíkra samningaumleitana verður eigi beitt, ef það mundi hafa í för með sér óhæfilega mikinn kostnað eða vera óhæfilegum örðugleikum bundið, ef þess væri gætt.

Nú er svo um samið, að væntanleg ágreiningsefni skuli undanskilin úrskurði dómstóla, og getur þá dómur metið það að engu, ef ákvæðin um skipun og starf þeirra, er úrskurðurinn skal falinn, verða eigi talin tryggileg fyrir vátryggðan.

Um tilkynningar.

33. gr.

Tilkynningar frá félaginu til vátryggingartaka eða vátryggðs hafa þá fyrst áhrif, er þeir hafa tekið á móti þeim. Nú kemur tilkynning eigi fram eða eigi á réttum tíma, og stafar það af því, að móttakandi hefur vanrækt að skýra frá því, að hann hafi flutt sig, eða af öðrum atvikum, er hann varða, og fær tilkynningin þá áhrif að lögum daginn eftir að hún undir venjulegum kringumstæðum mundi hafa komið í hendur móttakanda.

Þegar vátryggður hefur afhent þess konar tilkynningu, sem um ræðir í 21., 46. og 67. gr. til sendingar í símskeyti eða með pósti, eða hún hefur verið afhent til flutnings með öðru flutningatæki, er gilt þykir að nota, verður það eigi hans skaði, þótt henni seinki eða hún komi eigi til skila.

Ógildi ósanngjarnra samningsákvæða.

34. gr.

Ef ákvæði í vátryggingarsamningi er í ósamræmi við lög þessi og mundi leiða til niðurstöðu, sem augljóslega væri ósanngjörn, skal meta það ógilt, svo fremi ógilding þess yrði talin vera í samræmi við góðar venjur í vátryggingarmálum.

II. KAPÍTULI

Skaðatrygging.

A. Almenn ákvæði.

Tryggingarhagsmunir.

35. gr.

Gegn skaða má vátryggja sérhverja lögmæta hagsmuni, er metnir verða til peningaverðs, hvort heldur eru hagsmunir vátryggingartaka sjálfs eða þriðja manns.

Vátryggingarverð.

36. gr.

Nú er hlutur vátryggður og engir sérstakir hagsmunir tilgreindir, og telst vátryggingin þá taka til þeirra hagsmuna, að verð hlutarins sjálfs rýrni eigi við vátryggingaratburðinn, og tekur hún þá eigi til annarra hagsmuna, sem tengdir eru því, að hluturinn varðveitist. Félagið ábyrgist því ekki rekstrartap né tjón, sem hlýzt af því, að hluturinn varð ekki notaður á þeim tíma eða með þeim hætti, sem ráðgert hafði verið.

37. gr.

Með undantekningum þeim, sem um getur í 38. og 75. gr., skal verð hlutarins talið nema þeirri upphæð, er þurft hefði til kaupa á hlut þeim, er fórst eða skemmdist, með því verðlagi, er síðast var á slíkum hlut áður en vátryggingaratburðurinn gerðist, að frádreginni hæfilegri verðrýrnun hans vegna aldurs, brúkunar, minnkaðs notagildis og annarra atvika.

Þegar um búsgögn er að ræða eða hluti til persónulegra nota og þess háttar, er verðrýrnun vegna aldurs og brúkunar því aðeins dregin frá verðinu, að telja megi, að notagildi hlutanna fyrir vátryggðan hafi minnkað svo verulegu nemi.

Sé hús, sem skaðazt hefur, byggt að nýju eða við það gert, skal aðeins dreginn frá mismunur milli gamals og nýs.

38. gr.

Bætur fyrir hluti, sem vátryggður hefur framleitt sjálfur til sölu, skulu ákveðnar í samræmi við verð það, er fengizt hefði fyrir þá, síðast áður en vátryggingaratburð-

urinn gerðist, við sölu þeirra með venjulegum skilmálum, en draga skal frá því venjulegan sölukostnað, verzlunaráhættu þá, er hjá varð komizt, og það hagræði að verðið er greitt út í hönd.

39. gr.

Enda þótt umsamið sé á annan veg, er félaginu óskylt að greiða hærri bætur en með þarf til þess að bæta tjón það, sem orðið hefur.

Sé kveðið á um ákveðið verð hinna vátryggðu muna í vátryggingarsamningnum, eða samið um tiltekna aðferð við mat á tjóninu, þá eru þau ákvæði skuldbindandi fyrir félagið, nema það sanni, að bæturnar mundu þá nema meiru en upphæð tjónsins.

Vátrygging undir verði.

40. gr.

Sé vátryggingarfjárhæðin lægri en verð hinna tryggðu hagsmuna, er ábyrgð félagsins aðeins hlutfallsleg eftir mun þeim, sem er á vátryggingarfjárhæðinni og verði hins tryggða.

Tvítrygging.

41. gr.

Séu sömu hagsmunir vátryggðir gegn sömu hættu hjá fleiri félögum en einu, ábyrgist hvert þeirra með sama hætti og væri það eitt vátryggjandi.

42. gr.

Ef fleiri félög en eitt bera ábyrgð á tjóni og bætur þær, er greiða skal, eru lægri en samanlagðar bótafjárhæðir þær, er félögin ábyrgjast, skal skipta ábyrgðinni milli félaganna í hlutfalli við fjárhæðir þær, er hvert þeirra um sig ábyrgist. Geti eitthvert félaganna eigi greitt sinn hluta bótanna, skal skipta því, sem á vantar fulla greiðslu, milli hinna í samsvarandi hlutfalli innan þeirra takmarka, sem sett eru í 1. málsl. þessarar greinar.

43. gr.

Ef fyrirvari er um það gerður í vátryggingarsamningi, að félagið skuli að öllu eða nokkru leyti leyst úr ábyrgð, ef hinir sömu hagsmunir eru eða verða síðar vátryggðir hjá öðru félagi, þá á vátryggður þó rétt á bótum fyrir tjón, er hann fær eigi bætt samkvæmt hinni vátryggingunni. Ef fleiri félög en eitt hafa tekið á sig vátryggingu á sömu hagsmunum og öll sett það skilyrði fyrir ábyrgð sinni, að hagsmunir þessir væru eigi vátryggðir annars staðar, þá ábyrgjast öll félögin samt sem áður í hlutfalli við þá fjárhæð, sem hvert þeirra um sig hefði ábyrgzt, ef það eitt hefði tekið vátrygginguna á sig. Geti eitthvert félaganna eigi greitt sinn hluta bótanna, skal skipta því, sem á vantar fulla greiðslu, milli hinna í samsvarandi hlutfalli.

Nú er ekki aðeins ábyrgðin heldur og rétturinn til iðgjalda háður því, samkvæmt samningnum, að vátrygging sé eigi tekin annars staðar, og koma þá ákvæði 1. mgr. eigi til greina.

Félagið getur bundið ábyrgð sína því skilyrði, að vátryggður beri sjálfur áhættu á nokkrum hluta hagsmuna þeirra, sem tryggðir eru, svo og að hann tryggi eigi annars staðar aðra hagsmuni en þá, er ræðir um í 36. gr.

44. gr.

Vátryggðum er skylt að skýra félagi því, er hann krefur bóta, frá því, hjá hvaða félögum öðrum hann einnig hefur tekið vátryggingu. Ber hann ábyrgð á tjóni því, er af því kann að leiða, að hann vanrækti að skýra frá þessu.

Ef svo er um samið, að vátryggingartaki eða vátryggður skuli, áður en vátryggingaratburðinn ber að höndum, skýra félaginu frá því, ef sömu hagsmunir eru vá-

tryggðir annars staðar, þá hefur vanræksla hans á því eigi önnur áhrif en þau, er segir í 1. mgr., og það enda þótt annað hafi verið ákveðið í samningi.

Aukin áhætta.

45. gr.

Ef hætta, sem sérstaklega er nefnd í skírteininu, breytist síðar með vilja vátryggðs á þann veg, að áhætta félagsins eykst fram yfir það, sem ætla má, að haft hafi verið í huga, er samningurinn var gerður, er félagið laust úr ábyrgð, ef ætla má, að það hefði eigi tekið vátrygginguna á sig, ef aðstæður þær, er skapazt hafa við breytinguna, hefðu verið fyrir hendi, þegar samningurinn var gerður.

Ef ætla má, að félagið hefði tekið vátrygginguna á sig með öðrum kjörum, verður ábyrgð þess á sömu leið, sem hún mundi hafa orðið, ef það hefði haldið vátryggingunni áfram fyrir sama iðgjald og því verið kunnugt um hina auknu hættu. Ef félagið hefði takmarkað sjálfs sín ábyrgð enn frekara með endurtryggingu, lækka bæturnar hlutfallslega.

Um sjóvátryggingar og aðrar flutningatryggingar gildir sú regla, í stað þess er segir í 2. mgr., að félagið ábyrgist aðeins að því leyti til, sem aukning hættunnar hefur eigi haft áhrif um það, að vátryggingaratburðinn bar að höndum, né um það, hve mikið tjónið varð.

46. gr.

Nú eykst áhættan, en ekki með vilja vátryggðs, og fær hann vitneskju um það, en vanrækir að ástæðulausu að skýra félaginu frá því, og er þá sem breytingin hefði orðið með vilja hans.

47. gr.

Nú eykst áhættan svo sem segir í 45. gr., og má félagið þá segja vátryggingunni upp með viku fyrirvara, hvort sem hættan hefur aukizt með eða án vilja vátryggðs.

48. gr.

Vilji félagið bera það fyrir sig, að áhættan hafi aukizt, verður það, án ástæðulausrar tafar, er það hefur fengið vitneskju um aukningu áhættunnar, að tilkynna vátryggðum, að það hyggist neyta réttar síns samkvæmt 45.—47. gr.

49. gr.

Félagið getur eigi krafizt lausnar frá skyldum sínum vegna þess, að áhættan hafi aukizt, þegar sú áhættuaukning er eigi lengur fyrir hendi eða hún skiptir eigi lengur máli fyrir félagið.

Sama gildir, er áhættan hefur aukizt við ráðstafanir, sem gerðar eru til þess að varna því, að tjón verði á mönnum eða eignum, og ráðstafanir þessar verða taldar réttmætar.

50. gr.

Félagið getur eigi borið fyrir sig samning um það, að aukning áhættunnar skuli hafa áhrif að lögum endranær eða í ríkara mæli en greinir í 45.—49. gr. Þó má semja svo um, að reglunum í 2. mgr. 45. gr. skuli beitt í stað reglnanna í 3. mgr. sömu greinar eða öfugt.

Þegar hlutur er vátryggður í þágu þriðja manns og hluturinn er í varðveizlu vátryggingartaka, hefur áhættuaukning, sem hann hefur valdið viljandi, sömu áhrif, sem væri hún af völdum vátryggðs. Sama gildir um vátryggingu gegn rekstrartapi.

Varúðarreglur.

51. gr.

Ef mælt er í vátryggingarsamningi fyrir um varúðarreglur, er gætt skuli, áður en vátryggingaratburðinn ber að höndum, til þess að afstýra honum eða draga úr

tjóni því, er af honum kynni að leiða, og hafi vátryggður eða annar maður, sem skylt var að gæta þess, að varúð þessi sé viðhöfð, orðið sekur um vanrækslu á að gæta hennar, á vátryggður aðeins kröfu á hendur félaginu, þegar og að svo miklu leyti, sem telja má sannað, að það hafi eigi verið að kenna vanrækslu á því, að reglum þessum væri fylgt, að vátryggingaratburðurinn gerðist eða hve víðtækar afleiðingar hans urðu.

Nú er fyrirmæla um varúð, þeirra, er getur í 1. mgr., eigi gætt, og ber það vott um hirðuleysi, svo að ástæða er til að óttast, að einnig verði vanrækt að gæta þeirra síðar, eða sé af öðrum rökum ástæða til að óttast frekari vanrækslu, og má félagið þá segja samningnum upp með viku fyrirvara.

Samningar þess efnis, að félagið skuli leyst úr ábyrgð í ríkara mæli en hér var lýst, er slíkra fyrirmæla er eigi gætt, hafa eigi gildi að lögum.

Ráðstafanir til að varna tjóni.

52. gr.

Þegar vátryggingaratburðurinn hefur gerzt eða bein hætta er á því, að hann muni að höndum bera, ber vátryggðum að reyna af fremsta megni að afstýra tjóninu eða draga úr því. Eigi vátryggður rétt til bóta frá þriðja manni fyrir tjón, sem félaginu er skylt að bæta, ber honum að gera þær ráðstafanir, sem eftir atvikum eru nauðsynlegar til að tryggja endurgreiðslukröfu félagsins, þar til félagið getur gætt hagsmuna sinna sjálft. Hafi félagið gefið ákveðin fyrirmæli um þetta efni, ber vátryggðum að fara eftir þeim eftir því sem honum er unnt.

Vanræki hann þessa skyldu sína af ásettu ráði eða stórkostlegu gáleysi, ábyrgist félagið eigi það tjón, sem ætla má, að af því hafi hlotizt. Eigi verður, svo gilt sé, samið um það, að vanræksla vátryggðs eða annarra á að gera áðurnefndar ráðstafanir, skuli hafa ríkari áhrif en hér var sagt.

53. gr.

Vátryggingin nær til tjóns og kostnaðar, er vátryggður hefur af ráðstöfunum þeim, sem ræðir um í 52. gr. og hæfilegar þykja eftir atvikum. Ákvæðum 40. gr. skal beitt um þetta efni eftir atvikum.

Félaginu er skylt að bæta nefndan kostnað, þótt bæturnar þá verði hærri en vátryggingarfjárhæðinni nemur.

Vátrygging hagsmuna þriðja manns.

54. gr.

Sé hlutur vátryggður og eigi greint, hverjum sú trygging skuli til hagsbóta, þá telst vátryggingin vera hverjum þeim til hagsbóta, er bíða mundi tjón við það, að hluturinn skemmdist eða færi forgörðum, vegna þess að hann ætti hlutinn eða veðrétt í honum eða önnur óbein eignarréttindi, eða vegna þess, að hann bæri áhættuna af því, að hluturinn færist. Ákvæði þetta gildir þó því aðeins um sjóveðrétt, að persónuleg krafa gegn eiganda veðsins sé veðréttinum samfara.

Sé áskilið, að vátryggingin skuli falla úr gildi við eigandaskipti, gildir hún þó í 14 daga, — í 3 daga, er um búfjártryggingu er að ræða, — frá eigandaskiptunum, að svo miklu leyti sem hinn nýi eigandi á ekki rétt á bótum samkvæmt vátryggingu, er hann hefur aflað sér sjálfur. Ákvæði þetta gildir eigi um sjóvátryggingu á skipi.

55. gr.

Vátrygging á búsmunum tekur, sé annað eigi ljóst af atvikum málsins, einnig til búsmuna maka vátryggingartaka, barna hans, sem hjá honum eru, og heimilisfólks hans, sem er í persónulegri þjónustu hans.

56. gr.

Ef tekin er vátrygging á hagsmunum þriðja manns eða taki hún lögum samkvæmt til hagsmuna annarra manna, er vátryggingartaka þó heimilt, gagnvart þeim, að taka ákvarðanir um breytingar á samningnum, riftun hans eða uppsögn, og getur hann einnig, svo gilt sé, tekið við uppsögn og öðrum tilkynningum, er vátrygginguna varða. Þetta gildir þó eigi, ef annað leiðir af lögskiptum hans og þriðja manns.

Hafi vátryggingartaki gert slíka ráðstöfun í heimildarleysi, er hún samt skuldbindandi gagnvart félaginu, nema því aðeins, að það hafi vitað eða mátt vita, að vátryggingartaka skorti rétt til þess. Þegar um sjóvátryggingu eða aðra flutningatryggingu er að ræða, gildir þetta þó því aðeins, að vátryggingartaki sýni skírteinið, svo að athugasemdir verði ritaðar á það eftir þörfum, eða hann sanni, að eigi hafi verið gefið út farmskírteini eða farmbréf þess eðlis, að sendandi varningsins geti eigi ráðstafað honum, eftir að hann hefur látið bréfið af höndum.

57. gr.

Þegar vátryggingaratburðinn ber að höndum, á sá rétt á bótum, sem á hagsmuni þá, er vátryggingin tók til, þótt honum hafi ekki verið skýrt frá vátryggingunni.

Þó getur vátryggingartaki, svo gilt sé, samið við félagið um bæturnar og tekið við greiðslu þeirra, nema því aðeins, að vátryggingartaki hafi nefnt til ákveðinn mann eða einhver hafi gefið sig fram við félagið sem rétthafa, eða loks að vátryggður eigi rétt til vátryggðra fasteigna, er tryggður sé með þinglýsingu. Ákvæðum síðasta málsl. 56. gr. skal beitt, eftir því sem við á.

58. gr.

Taki vátrygging samtímis bæði til hagsmuna eiganda og veðhafa, má greiða eigandanum bæturnar, ef tjónið hefur þegar verið bætt, hús, er vátryggt var, byggt upp að nýju, aflað á ný annarra hluta, sem vátryggingin og veðrétturinn náðu til, eða önnur jafngóð trygging sett fyrir því, að veðhafi fái rétti sínum fullnægt. Sama gildir, ef vátryggingin tekur til hagsmuna annarra, sem rétt eiga til hlutarins.

Hafi viðgerð eigi farið fram eða nýrra hluta verið aflað, skal vátryggingarfénu skipt milli eigandans og annarra rétthafa, og skal þá gætt ákvæða 2. mgr. 57. gr.

B. Sjóvátrygging og önnur flutningatrygging.

1. Sjóvátrygging.

59. gr.

Þegar talað er um sjóvátryggingu í lögum þessum, er átt við vátryggingu gegn hættu, sem hagsmunir vátryggðs eru lagðir í við flutninga á sjó. Taki vátryggingin einnig til annarrar hættu, er tengd er flutningunum, telst hún í heild sinni sem sjóvátrygging.

Vátrygging, er varðar skip, er lagt hefur verið í lægi eða er í dráttarbraut eða í skipakví, eða liggur kyrrt með öðrum hætti, telst vera sjóvátrygging. Sama gildir um tryggingu á varningi, sem er í slíku skipi.

60. gr.

Sé sérstök undantekning eigi gerð í lögum eða í samningi, tekur sjóvátrygging til hvers konar hættu, sem hinir vátryggðu hagsmunir eru lagðir í.

61. gr.

Þegar um húftryggingu er að ræða eða vátryggingu farmgjalds, ábyrgist félagið skaðabótaskyldu, er falla kann á vátryggðan gagnvart þriðja manni, þegar skip eða farmgjald eru í ábyrgð fyrir tjóni, er hlotizt hefur af árekstri skipa eða árekstri skips við fasta hluti eða á floti, eða þeim atvikum, sem lögð eru á borð við árekstur

í 228 a gr. í siglingalögunum. Þegar vátryggt er undir verði, koma ákvæði 40. gr. til greina. Félagið svarar þó ekki til ábyrgðar útgerðarmanns á tjóni á varningi, er var í hinu vátryggða skipi og hlotizt hefur af árekstrinum.

62. gr.

Félagið ábyrgist ekki tjón á skipi, er eingöngu stafar af sliti, elli eða fúa, og eigi heldur tjón á varningi, er stafar af ónógum umbúðum eða af eðli varningsins sjálfs, svo sem innri skemmdum, rýrnun, venjulegum leka, eða ef dýr deyja.

63. gr.

Þegar félagið vátryggir hagsmuni útgerðarmanns, er því óskylt að bæta tjón, er stafar af því, að skipið var óhaffært, er það lét síðast úr höfn, ófullnægjanlega útbúið eða mannað, hafði eigi nauðsynleg skipsskjöl eða var eigi tryggilega hlaðið. Þetta gildir þó ekki, ef ætla má, að hvorki útgerðarmaður né skipstjóri hafi vitað eða mátt vita um það, sem áfátt var.

64. gr.

Sé reikningur um niðurjöfnun sameiginlegs sjótjóns gerður á réttum stað og með löglegum hætti, skal félagið greiða framlag það til sjótjónsbóta, sem kemur í hlut hinna vátryggðu hagsmuna að greiða samkvæmt niðurjöfnun tjónsins. Sé vátryggt undir verði, koma ákvæði 40. gr. til greina.

65. gr.

Ef kveðið er á um það í farmsamningi, að reikningur um niðurjöfnun sameiginlegs sjótjóns skuli gerður eftir öðrum reglum en lög mæla fyrir um, og leysir það þá eigi félagið við skuldbindingu þess, þótt eftir samningsákvæði þessu sé farið, enda séu reglur þær, sem eftir er farið, notaðar almennt í alþjóðlegum viðskiptum.

66. gr.

Þótt heimta megi bætur fyrir tjón, sem orðið hefur á vátryggðum hlut, samkvæmt reglunum um sameiginlegt sjótjón. er vátryggðum þó rétt að krefjast þess, að félagið bæti sér tjónið sem einkasjótjón, og þarf hann ekki að bíða þess, að sjótjónsreikningurinn sé gerður.

Ef félagið greiðir slíkar bætur, öðlast það allan rétt vátryggðs á hendur öðrum hluttakendum í sjótjóninu. Sé vátryggt undir verði, koma ákvæði 40. gr. til greina.

67. gr.

Ef flutt er með öðru skipi en því, er nota skyldi samkvæmt vátryggingarsamningnum, er félagið laust úr ábyrgð, ef ætla má, að það hefði eigi tekið vátrygginguna á sig, ef því hefði verið um þetta kunnugt, eða það mundi hafa áskilið sér hærra iðgjald, sett aðra skilmála eða endurtryggt meira af áhættu sinni.

Ef breyting þessi verður, eftir að ferðin er hafin, ber félagið þó ábyrgð, ef breytingin varð án samþykkis vátryggðs eða hún var nauðsynleg vegna atburðar, er vátryggingin tók til. Verði slík breyting, án samþykkis vátryggðs, er honum þó skylt, að skýra félaginu frá henni, jafnskjótt og hann fær vitneskju um hana. Vanræki hann það, er félagið laust úr ábyrgð á atburðum, er gerast að þeim tíma liðnum.

68. gr.

Ef vikið er á ferðinni frá leið þeirri, er ráðgert var í samningnum að farin skyldi, eða að öðru leyti má telja rétta leið, er ábyrgð félagsins lokið, nema því aðeins, að afvik þessi séu gerð án samþykkis vátryggðs.

Ábyrgð félagsins lýkur þó ekki, ef afvik þessi voru nauðsynleg vegna atburðar, er vátryggingin tók til, eða þau voru gerð til þess að forðast tjón á mönnum eða eignum, en atvik lágu svo til, að telja mátti slíkt réttmætt. Félagið er þó leyst úr ábyrgð á tjóni, sem verður, ef eigi er aftur horfið á rétta leið, jafnskjótt og unnt er.

Hafi ábyrgð félagsins lokið samkvæmt fyrirmælum 1. eða 2. mgr., ber það samt ábyrgð á vátryggingaratburðum, er gerast, eftir að skipið aftur er komið á rétta leið, ef ætla má að afvikin hafi eigi skipt máli um það, að tjónið varð eða hversu mikið það varð.

Samsvarandi reglur gilda, er skip kemst út fyrir siglingasvæði það, er vátryggingin tekur til.

69. gr.

Verði skip eða farmur, sem útgerðarmaður á, fyrir tjóni við björgun á öðru skipi eða farmi þess, er félaginu óskylt að bæta tjón, sem ætla má að fengizt hafi bætt með greiðslu björgunarlauna. Komi það í ljós, eftir að bætur hafa verið greiddar, að tjónið hafi fengizt bætt að öllu eða nokkru leyti með greiðslu björgunarlaunanna, getur félagið auk þess krafizt endurgreiðslu á tilsvarandi hluta bótanna.

70. gr.

Vátryggður á rétt á bótum, sem um algert tjón væri að ræða, ef skip, vegna þess að það hefur sokkið eða strandað eða vegna annars atburðar, er vátryggingin tekur til, er svo komið, að ekki er unnt að bjarga því með hæfilegum tilkostnaði, eða það hefur orðið fyrir svo miklum skemmdum, að það er eigi þess virði, að við það sé gert.

Sama gildir, er varningur, vegna atburðar, er vátryggingin tekur til, er svo kominn eða hann svo skemmdur, sem áður var sagt, eða honum hefur verið skipað upp á stað, er hann verður eigi sóttur til innan hæfilegs tíma eða með hæfilegum tilkostnaði.

71. gr.

Vátryggður á rétt á bótum, sem um algert tjón væri að ræða, hafi eigi spurzt til skips á þeföldum þeim tíma, er að jafnaði fer til ferðar skipsins þaðan, sem síðast fréttist til þess, og til næsta ákvörðunarstaðar þess, þó eigi á skemmri tíma en 3 mánuðum, eða hafi áhöfnin yfirgefið skipið og sé það eigi komið undir umráð vátryggðs innan 3 mánaða, frá því að það var yfirgefið.

Sama gildir um varning, sem í skipinu er, þegar hvorki hann né skipið eru komin fram innan frests þess, er greinir í 1. mgr.

72. gr.

Vátryggður á rétt á bótum, sem um algert tjón væri að ræða, ef erlent ríki leggur farbann á skip eða farm eða þau eru hernumin eða kyrrsett með líkum hætti og eigi látin laus innan 6 mánaða.

Ef vátryggður vill neyta þessa réttar, skal hann skýra félaginu frá því innan 3 mánaða frá því hann fékk vitneskju um atvik þau, er veita honum þennan rétt.

73. gr.

Þegar félagið hefur greitt bætur fyrir algert tjón, öðlast það rétt vátryggðs til þess, er enn kynni að vera til af munum þeim, er það hefur bætt. Félagið getur og krafizt þess, að vátryggður afhendi sér öll skjöl og sönnunargögn, er varða muni þessa og hann getur látið í té.

Sé um vátryggingu undir verði að ræða, á félagið þó aðeins rétt á hluta af fjármunum þessum eftir hlutfalli því, sem er á milli vátryggingarverðsins og vátryggingarfjárhæðarinnar.

74. gr.

Beri tjón að höndum oftar en einu sinni á vátryggingartímabilinu, bætir félagið það, enda þótt bótagreiðslurnar samanlagðar verði hærri en vátryggingarfjárhæðin.

Þegar tjón hefur orðið getur félagið þó leyst sig úr allri ábyrgð á atburðum, sem gerast, og kostnaði, sem á fellur, eftir að vátryggingartaki hefur fengið tilkynningu um að félagið vilji neyta þessa réttar síns, enda greiði það áður alla vátryggingar-

fjárhæðina að viðbættum kostnaði þeim, sem þegar er á fallinn. Þegar þannig stendur á, verður ákvæðum 73. gr. ekki beitt.

75. gr.

Vátryggingarverð skips er verð þess á þeirri stundu, er ábyrgð félagsins hófst.

Ef kveðið er á um tiltekið verð á skipi, þegar vátryggingarsamningurinn er gerður (verðsett skírteini), er sú verðákvörðun skuldbindandi fyrir félagið, ef það getur eigi sannað, að hið tiltekna verð sé hærra en svo, að sanngjarnt sé að telja það vátryggingarverð skipsins.

Verð á vátryggðum vörum skal ákveðið — án þess að tillit sé tekið til síðari verðbreytinga — sem verð það, er greitt var á fráfararstaðnum síðast, áður en flutningarnir hófust, fyrir sams konar vörur afhentar frítt í skip eða annað flutningatæki, að viðbættum 10% svo og iðgjaldi fyrir almenna vátryggingu og farmgjaldi, eigi það að greiðist, hvort sem flutningunum verður lokið eða eigi.

76. gr.

Ef vátryggingu mundi lokið, meðan skipið er á ferð sinni, hvort heldur það er samkvæmt samningnum eða fyrir uppsögn vegna annarra atvika en vanskila á greiðslu iðgjalds, fellur samningurinn þó fyrst úr gildi við lok komudags skipsins til fyrsta ákvörðunarstaðar þess. Ef vátryggingin framlengist af þessum sökum, getur félagið krafizt iðgjalds fyrir framlenginguna.

2. Önnur flutningavátrygging.

77. gr.

Sé sérstök undantekning eigi gerð í lögum eða í samningi, tekur önnur flutningavátrygging en sjóvátrygging til sérhverrar hættu, sem hinir vátryggðu hagsmunir eru lagðir í við flutningana.

78. gr.

Ákvæðum 62., 67., 68., 72., 73., 74. og 75. gr. skal beitt eftir því sem við á.

C. Brunatrygging.

79. gr.

Brunatrygging tryggir tjón, er verður vegna eldsvoða á hlut, sem vátryggingin tekur til, jafnvel þótt eigi kvikni í honum. Tryggingin tekur ekki til tjóns, sem hlýzt af eldi, sem ekki verður talinn eldsvoði.

80. gr.

Sé hlut af ásettu ráði stofnað í hættu af hita, við suðu, þurrkun, reykingu eða því um líkt, ber félagið ekki ábyrgð á tjóni, sem verður á hlutnum af þeim sökum, þótt í honum kvikni.

81. gr.

Ef eigi er öðru vísi um samið, ábyrgist félagið með sama hætti og brunatjón, tjón, sem hlýzt af því, að eldingu lýstur niður, þótt eigi verði af því eldsvoði.

Hafi félagið tekið á sig ábyrgð á tjóni, er verður við sprengingu, sem eigi er afleiðing bruna, fer um það eftir ákvæðunum um brunatryggingar.

82. gr.

Ef hlutir, sem brunatryggðir eru, týnast við eldsvoða vegna þjófnaðar eða af öðrum sökum, eða skemmist þeir, er reynt er að bjarga þeim frá bruna, telst það tjón vera brunatjón. Sama gildir, ef þeir eyðileggjast eða skemmast við það, að reynt er að koma í veg fyrir eldsvoða eða hefta útbreiðslu hans, enda sé það eftir atvikum talið réttmætt að leggja þá í sölurnar. Gildir þetta, þótt engum hlut, sem tryggingin nær til, sé hætt vegna eldsvoðans.

83. gr.

Sé vátryggður hlutur annars staðar en greint var, er vátrygging á honum var tekin, þegar vátryggingaratburðinn ber að höndum, er félagið samt sem áður ábyrgt, nema því aðeins að ætla megi, að félagið hefði ekki tekið á sig vátrygginguna, áskilið sér hærra iðgjald eða aðra skilmála, eða endurtryggt sig frekara, ef til þess hefði verið sagt, að staður sá, þar sem vátryggingaratburðurinn gerðist, væri vátryggingarstaðurinn.

Þegar vátryggðir eru búsmunir, ábyrgist félagið með allt að 15% af vátryggingarfjárhæðinni, þó ekki hærri upphæð en 10000 kr., brunatjón, er verður, er hinir vátryggðu munir til bráðabirgða eru á öðrum stað innanríkis en tilgreindur er í skírteininu, og það þótt áhættan hafi aukizt af þeim sökum.

84. gr.

Ef vátrygging gildir um eins árs tíma, skal telja, að hún framlengist um ár að hverju sinni, ef eigi má ætla, að á annan veg hafi verið umsamið, og hvorki vátryggingartaki né félagið hafa sagt tryggingunni upp í síðasta lagi viku fyrir lok vátryggingartímabilsins.

85. gr.

Ákvæði í 18. og 19. gr. gilda einnig, er maki vátryggðs, sem samvistum er við hann, hefur valdið því, að vátryggingaratburðurinn gerðist.

86. gr.

Ef veðbönd hvíla á vátryggðri fasteign og félagið leysist úr ábyrgð gagnvart eiganda hennar samkvæmt 4. eða 6. gr. eða 2. mgr. 50. gr., getur veðhafi þó krafizt fullnustu af bótum þeim, er ella hefði átt að greiða, enda geti hann hvorki fengið fullnustu af veðinu né af öðrum eignum skuldarans. Félagið öðlast rétt veðhafans gegn skuldaranum að því leyti, sem það hefur greitt veðhafanum bætur.

Sama gildir, ef vátryggingin tryggir hagsmuni annarra, er rétt eiga til hlutarins.

87. gr.

Ef vátrygging fasteignar fellur úr gildi samkvæmt samningi eða sé vátryggingarfjárhæðin lækkuð eða ljúki ábyrgð félagsins vegna vangreiðslu iðgjalds eða eigandaskipta, þá hefur það eigi gildi að lögum gagnvart veðhafa fyrr en 14 dögum eftir að hann hefur fengið tilkynningu félagsins um það.

Ákvæðum 1. mgr. 51. gr. verður því aðeins beitt gagnvart veðhafa, að hann eigi sjálfur sök á því, að fyrirmælunum var eigi fylgt.

Að öðru leyti skulu enn í gildi ákvæði, er sett eru í sérlögum um brunatryggingar fasteigna, eða reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, til verndar veðhöfum eða öðrum, sem rétt eiga til eignarinnar.

Ákvæði þessi gilda og um fylgifé með fasteign, enda taki vátryggingin til þess.

88. gr.

Félagið getur eigi borið fyrir sig ákvæði í samningi, sem hafa að geyma afvik frá reglum þeim, sem settar eru í 86. og 87. gr. veðhafa til varnar.

D. Búfjártrygging.

89. gr.

Deyi dýr eða sé því slátrað innan mánaðar frá lokum vátryggingartímans vegna afleiðinga atburðar, er samningurinn tók til og gerðist á vátryggingartímanum, er félagið í ábyrgð eins og dýrið hefði dáið á vátryggingartímanum.

90. gr.

Deyi dýr eða sé því slátrað vegna sjúkdóms eða slyss, skulu bæturnar ákveðnar eftir því hvers dýrið mundi hafa verið vert síðast, áður en það dó, ef það hefði eigi sýkzt eða slasazt.

E. Ábyrgðartrygging.

91. gr.

Ef vátryggt er gegn bótaábyrgð, er maður kann að baka sér gagnvart þriðja manni vegna atvika, er tjón hafa í för með sér, ber félaginu að greiða bætur, ef atvik, sem samningurinn nær til, eiga sér stað á vátryggingartímanum, enda þótt skaðlegar afleiðingar þeirra verði eigi fyrr en síðar.

92. gr.

Vátryggingin nær einnig til kostnaðar við vörn vátryggðs gegn kröfum þriðja manns, ef það verður talið eðlilegt eftir atvikum, að vátryggður hafi lagt í þann kostnað.

Ef vátryggður er dæmdur til að greiða vexti af skaðabótagreiðslu, skal farið eftir reglunum í 1. mgr., eftir því sem við á.

Ef kveðið er á tiltekna vátryggingarfjárhæð í samningnum, ber félaginu að greiða nefnda vexti og kostnað, þótt greiðsla þess af þeim sökum fari fram úr vátryggingarfjárhæðinni. Ef vátryggingarfjárhæðin er lægri en skaðabótagreiðsla sú, sem dæmd er, ber félaginu þó aðeins skylda til að greiða þann hluta vaxtanna, er svarar til bótafjárhæðar þeirrar, er því ber að greiða.

93. gr.

Þegar krafizt er kyrrsetningar fyrir kröfu, er rís af ábyrgð, er vátryggingin tekur til, er félaginu skylt að setja tryggingu þá, er á þarf að halda til að varna því, að kyrrsetning sé gerð, þó eigi hærri tryggingu en vátryggingarfjárhæðinni nemur.

94. gr.

Ákvæði í samningi þess efnis, að félagið skuli leyst úr ábyrgð, ef vátryggður án samþykkis þess greiðir bætur eða viðurkennir rétta bótakröfu, sem fram er komin, eru ógild að því leyti, er telja má sannað, að vátryggður hafi aðeins gert það, sem honum var skylt að lögum, er hann greiddi kröfuna eða viðurkenndi réttmæti hennar.

95. gr.

Þegar staðreynt hefur verið, að vátryggður sé skaðabótaskyldur þeim, er tjónið beið, og upphæð bótanna ákveðin, öðlast sá, sem tjónið beið, rétt vátryggðs á hendur félaginu að því leyti til, sem kröfu hans er eigi þegar fullnægt.

Eigi fleiri menn, er tjón hafa beðið, bótakröfur, er af vátryggingaratburði eru risnar, og nemi kröfur þær, er þeir hafa lýst á hendur félaginu, samanlagðar meiru en félaginu er skylt að greiða, skal þeim fullnægt að réttri tiltölu, sé eigi um annað samið.

96. gr.

Þegar félaginu er orðið kunnugt um, að vátryggingaratburður hefur gerzt, getur það eigi með samningum við vátryggðan komið því til leiðar, að réttur sá, er 95. gr. veitir þeim, er tjónið beið, sé rýrður eða honum spillt.

III. KAPÍTULI
Líftryggingar.

Almenn ákvæði.

97. gr.

Líftryggingu má miða hvort heldur er við líf vátryggingartaka eða við líf þriðja manns.

98. gr.

Eigi að greiða iðgjöld fyrir ákveðin tímabil, er vátryggingartaka óskylt að halda tryggingunni við með því að greiða hin síðari iðgjöld.

99. gr.

Vilji félagið takmarka ábyrgð sína, ef svo skyldi fara, að áhættan ykist, skal það tekið skýrt fram í skírteininu, bæði hvaða áhættuaukning skuli hafa þessi áhrif og hvaða áhrif hún skuli hafa.

100. gr.

Hafi sá, sem tryggður er, svipt sjálfan sig lífi og vátryggingin eigi verið óslitið í gildi að minnsta kosti síðustu 2 árin, er félagið leyst úr ábyrgð, nema telja megi sannað, að tryggingin hafi verið tekin eða henni aflað gildis að nýju, án þess að sjálfsmorð hafi verið haft í huga, og að sjálfsmorðið mundi hafa verið framið jafnt fyrir því, þótt líftrygging hefði engin verið.

101. gr.

Þótt félagið sé leyst úr ábyrgð eftir ákvæðum laga þessara eða samkvæmt skilmálum þeim, er um var samið, skal þó farið eftir reglum þeim um endurkaup vátryggingarinnar eða breytingu hennar í iðgjaldafrjálsa tryggingu, sem gilda samkvæmt lögum eða samningum.

Höfuðstólstrygging.

102. gr.

Vátryggingartaki getur, hvort heldur er þegar vátryggingin er tekin eða síðar, tilnefnt annan mann sem rétthafa í sinn stað, og skal þá vátryggingarfjárhæðin greidd beint til þess manns.

Vátryggingartaki getur afturkallað ákvörðun þessa, hafi hann eigi þegar afsalað sér rétti til slíkrar afturköllunar gagnvart þeim, er hann setti í sinn stað. Þessi afturköllunarréttur vátryggingartaka hverfur eigi til erfingja hans eða dánarbús.

103. gr.

Ákvörðun vátryggingartaka, sem um ræðir í 102. gr. svo og afturköllun hennar eru því aðeins gildar, að félaginu sé skýrt frá þeim skriflega eða félagið hafi getið þeirra í skírteininu eða skráð á það athugasemd um þær.

104. gr.

Ef greiða á vátryggingarfjárhæðina við lát vátryggingartaka og hann hefur eigi tilnefnt annan mann sem rétthafa í sinn stað, skal hún renna til dánarbús hans.

Ef vátryggingartaki hefur tilnefnt annan mann sem rétthafa í sinn stað, og sá maður er ekki skylduerfingi hans, en vátryggingartaki lætur eftir sig maka, lífserfingja, arfgeng kjörbörn eða lífserfingja þeirra, skal farið með vátryggingarfjárhæðina, að því er varðar búshluta og skylduarf þessara manna, eins og hún heyrði til dánarbúinu og vátryggingartaki hefði ánafnað þeim, er hann tilnefndi í sinn stað, henni með arfleiðsluskrá. Þetta gildir þó eigi, ef vátryggingartaki hefur afsalað sér rétti sínum til að afturkalla ánöfnunina.

Nú hefur vátrygginarfjárhæðin samkvæmt 102. gr. enn eigi verið greidd hinum tilnefnda rétthafa, og gefur sig einhver fram við félagið og sannar nægilega með því að sýna hjúskaparvottorð, útskrift af skiptagerð eða með einhverju þess háttar, að hann sé einn af eftirlátnum vandamönnum vátryggingartaka, þeirra er getur í 2. mgr., og ber af þeim sökum fram mótmæli gegn því, að fjárhæðin sé greidd hinum tilnefnda rétthafa, og má þá félagið eigi greiða fjárhæðina, fyrr en skorið hefur verið úr því með sátt eða lögsókn milli aðila, hver rétt eigi á fjárhæðinni. Félaginu er þó ávallt rétt að greiða hinum tilnefnda rétthafa allt að þriðjungi vátryggingarfjárhæðarinnar eða hæfilegan útfararkostnað vátryggingartaka, hafi hann annazt um útför hans.

105. gr.

Þegar greiða skal vátryggingarfjárhæðina við lát vátryggingartaka og skýra þarf ákvæði hans, er hann hefur tilnefnt annan mann sem rétthafa í sinn stað, skal eftirfarandi reglum fylgt, ef atvik málsins leiða eigi til annars.

Sé maki vátryggingartaka tilnefndur, er það sá maki, sem hann lifði í hjúskap með, er hann andaðist.

Ef vátryggingartaki hefur tilnefnt börn sín, teljast lífserfingjar hans, þar á meðal kjörbörn og lífserfingjar þeirra, rétthafar að þeim hluta hver, sem erfðalög segja til um.

Hafi vátryggingartaki tilnefnt erfingja sína, taka þeir allir sinn hlut hver vátryggingarfjárhæðarinnar í hlutfalli við erfðarétt þeirra eftir vátryggingartaka, að lögum eða samkvæmt arfleiðsluskrá.

Hafi vátryggingartaki tilnefnt „nánustu vandamenn“ sína, telst maki hans vera rétthafi, en sé maki eigi á lífi, þá börn hans, og séu þau heldur eigi á lífi, þá erfingjar hans, allt samkvæmt reglum þeim, er áður var lýst.

106. gr.

Nú lifir maður sá, er vátryggingartaki hefur tilnefnt sem rétthafa í sinn stað, skemur en hann, og fellur sú ánöfnun þá niður, enda eigi að greiða vátryggingarfjárhæðina við lát vátryggingartaka eða síðar.

107. gr.

Þegar svo er um samið, að vátryggingarfjárhæðin skuli greidd, annaðhvort við lát vátryggingartaka eða þegar hann hefur náð tilteknum aldri, og vátryggingartaki hefur tilnefnt annan mann sem rétthafa í sinn stað, tekur réttur þess, sem tilnefndur var, aðeins til að fá vátryggingarfjárhæðina greidda við lát vátryggingartaka.

108. gr.

Þótt vátryggingartaki tilnefni annan mann sem rétthafa í sinn stað, þá skerðir það eigi rétt hans til að krefjast endurkaupsverðsins eða til að framselja réttindi þau, er vátryggingarsamningurinn veitir honum, veðsetja þau eða ráða fyrir þeim með öðrum hætti.

Hafi vátryggingartaki afsalað sér, gagnvart þeim manni, er hann tilnefnir, rétti sínum til að afturkalla þá ánöfnun sína, telst hann jafnframt hafa afsalað sér rétti til að ráðstafa vátryggingunni á þann veg, að réttur hins tilnefnda manns verði rýrður eða honum spillt, án þess að samþykki hans komi til.

109. gr.

Sá, sem vátryggingartaki hefur tilnefnt sem rétthafa í sinn stað, má ekki framselja kröfu sína, veðsetja hana, eða ráðstafa henni með öðrum hætti, fyrr en vátryggingaratburðinn hefur að höndum borið, hvort sem vátryggingataki hefur afsalað sér rétti til afturköllunar eða eigi.

110. gr.

Ef svo er ákveðið í líftryggingarsamningi, að vátryggingarfjárhæðin skuli eigi greidd við lát vátryggingartaka heldur síðar, eða hafi maður miðað vátryggingu við líf annars manns, og hafi vátryggingartaki tilnefnt annan mann sem rétthafa í sinn stað, þá öðlast sá maður rétt þann, er samningurinn veitir vátryggingartaka, við lát hans, liggi atvik eigi til annars.

111. gr.

Sá, sem fengið hefur framsal á líftryggingarskírteini að kaupi eða með öðrum hætti, öðlast þar með öll þau réttindi gegn félaginu, sem samningurinn veitir. Við framsalið fellur niður réttur þess manns, er vátryggingartaki hefur tilnefnt sem rétthafa í sinn stað, svo fremi vátryggingartaki hefur eigi afsalað sér rétti til að afturkalla þá ráðstöfun sína.

112. gr.

Þótt vátryggingartaki veðsetji kröfu sína, þá fellur réttur þess manns, er hann hefur tilnefnt sem rétthafa í sinn stað, eigi niður af þeim sökum. Hafi vátryggingartaki eigi afsalað sér rétti til afturköllunar, stendur réttur hins tilnefnda manns að baki rétti veðhafans.

Þegar krafa veðhafa er komin í gjalddaga, má hann krefjast greiðslu af endurkaupsverði vátryggingarinnar, en skora skal hann áður, með 2 mánaða fyrirvara, á vátryggingartaka að leysa veðið með greiðslu kröfunnar af téðu verði vátryggingarinnar. Hafi vátryggingaratburðinn þegar borið að höndum, getur hann leitað sér fullnustu af vátryggingarfjárhæðinni. Veðhafa er óheimilt að framselja vátryggingarkröfuna, enda þó svo hafi verið um samið.

Veðrétturinn telst ekki taka til kröfu um uppbót (bonus), sem fellur í gjalddaga, áður en veðhafinn leitar fullnustu.

113. gr.

Löggerningar, er varða réttindi þau gegn félaginu, sem af líftryggingarsamningnum leiða og eigi er neitt skráð um á skírteinið, verða ekki bornir fram gegn þeim manni, er síðar eignast slík réttindi í grandleysi við afsalsgerning, enda hafi hann fengið skírteinið í vörzlur sínar eða rituð hafi verið á skírteinið athugasemd um rétt hans.

114. gr.

Það verður eigi borið fram gegn þeim, er samkvæmt 113. gr. hefur í grandleysi öðlazt rétt yfir skírteininu, að vátryggingarfjárhæðin eða endurkaupsverðið hafi þegar verið greitt, né að ákvörðun hafi verið gerð um breytingu á gildandi samningsákvæðum, nema því aðeins, að löggerningurinn hafi verið gerður við grandlausan mann, er hafði skírteinið í höndum með formlega löglegri heimild, og skírteininu hafi annaðhvort verið skilað félaginu eða á það hafi verið rituð athugasemd um það, sem gerzt hefur.

115. gr.

Nú er skírteini gefið út til handhafa eða það er síðar framselt handhafa, og verður hann allt að einu að gera félaginu grein fyrir heimild sinni, ef hann vill fá vátryggingarfjárhæðina greidda sér eða ráðstafa vátryggingunni með öðrum hætti.

Það nægir ekki til þess að vátryggingartaki sé talinn hafa tilnefnt annan mann sem rétthafa í sinn stað, þótt svo sé ákveðið, að vátryggingarfjárhæðan skuli greidd handhafa skírteinisins.

116. gr.

Skuldheimtumenn vátryggingartaka eða þess manns, er hann hefur tilnefnt sem rétthafa í sinn stað, geta eigi leitað fullnustu í rétti þeirra gegn félaginu, sbr. þó 117. gr.

Hafi líftryggingarskírteini verið framselt, geta skuldheimtumenn framsalshafa gengið að rétti hans, nema því aðeins að hann sé maki vátryggingartaka eða hafi öðl-

azt skírteinið endurgjaldslaust. Þegar þannig stendur á, koma ákvæði 117. gr. til greina, eftir því sem við á, að því er varðar iðgjöld þau, er framsalshafi hefur greitt, eða, sé um maka að ræða, að því er varðar endurgjald það, er hann kann að hafa greitt fyrir framsalið.

117. gr.

Sé bú vátryggingartaka tekið til gjaldþrotaskipta og komi það í ljós, að hann hefur á síðustu 3 árum fyrir gjaldþrotið varið meiru fé til iðgjaldagreiðslu en samsvarað hafi efnahag hans, er hann innti þær greiðslur af höndum, getur búið krafizt þess af félaginu, að það greiði sér það, sem ofgreitt var, svo framarlega sem hægt er að greiða það af endurkaupsverði vátryggingarinnar, hafi hún slíkt verðgildi, en að öðrum kosti af höfuðstólsverði iðgjaldsfrjálsrar tryggingar, er vátryggingartaki mundi eiga rétt á fyrir fjárgreiðslur þær, er hann þegar hefur innt af hendi.

Hafi vátryggingarfjárhæðin fallið í gjalddaga áður en gjaldþrotaskiptin hófust, og sé hún enn ógreidd, eða falli hún í gjalddaga meðan á búskiptunum stendur, getur búið, með skilyrðum þeim, er greinir í 1. mgr. krafizt þess, að tilsvarandi hluti hennar verði greiddur sér.

Reglum þessum skal einnig beita, er vátryggingartaki hefur tilnefnt annan mann sem rétthafa í sinn stað, og það þótt hann hafi skuldbundið sig til að afturkalla eigi þá tilnefningu. Hafi sá, sem tilnefndur var, greitt endurgjald fyrir, má hann krefja búið um endurgreiðslu þess. Hafi vátryggingarfjárhæðin verið greidd honum, má búið beina kröfu sinni gegn honum.

Lífeyristrygging.

118. gr.

Reglur þær, sem settar eru um höfuðstólstryggingu, gilda og um lífeyristryggingar. Félagið leysist þó frá skyldu sinni, ef það greiðir lífeyrisgreiðslu, sem í gjalddaga er komin, þeim manni, sem talinn er vera lífeyrisþegi, meðan það eigi hefur fengið vitneskju um, að rétturinn til hennar hafi verið framseldur öðrum. Þetta gildir, enda þó eigi hafi verið ritað á skírteinið, að greiðsla hafi fram farið.

Ef greiða á lífeyririnn í lífstíð annars manns en vátryggingartaka, skal litið svo á, að vátryggingartaki hafi tilnefnt hann sem rétthafa í sinn stað.

IV. KAPÍTULI

Slysa- og sjúkratryggingar.

119. gr.

Vátryggingu má taka gegn slysum og sjúkdómum, hvort heldur er vátryggjanda sjálfs eða þriðja manns.

120. gr.

Beri slys eða sjúkdóm, er vátryggingin tekur til, að höndum á vátryggingartímabilinu, ábyrgist félagið einnig þær skaðlegu afleiðingar þess, er eigi koma í ljós fyrr en síðar.

121. gr.

Ef einhver þau atvik ber að höndum á vátryggingartímabilinu, sem sagt er um í skírteininu skírt og greinilega, að hafi aukna hættu í för með sér, og er þeim manni, er líf hans eða heilbrigði er tryggt, um þetta kunnugt, er félagið laust úr ábyrgð meðan aukin hætta stafar af þeim, ef það mundi eigi hafa tekið vátrygginguna á sig, ef ástand það, er af breytingunni leiðir, hefði verið fyrir hendi, er vátryggingin var tekin.

Ef ætla má, að félagið hefði tekið á sig vátrygginguna, verður það ábyrgt í þeim mæli og með þeim skilmálum, sem það mundi hafa sett fyrir áframhaldandi vá-

tryggingu fyrir iðgjald það, er um var samið, og hefði því þá verið kunnugt um aukningu hættunnar. Ef félagið mundi hafa takmarkað ábyrgð sjálfs sín í ríkara mæli, með endurtryggingu, lækka bæturnar í því hlutfalli.

Ákvæði 48. og 2. mgr. 49. gr. gilda um þetta efni eftir því, sem við á.

Samningur um, að aukning hættunnar leysi félagið úr ábyrgð að meira mun en nú var sagt, hefur eigi gildi að lögum. Þó má semja svo um, að sú regla skuli gilda, í stað ákvæða 2. mgr., að félagið beri ábyrgð aðeins að því leyti, sem aukning hættunnar hefur verið áhrifalaus um það, að vátryggingaratburðinn bar að höndum, eða um það, hve mikið tjónið varð.

122. gr.

Ákvæði 102—106. gr. gilda um slysatryggingar og sjúkratryggingar, eftir því sem við á.

123. gr.

Skuldheimtumenn vátryggingartaka eða vátryggðs geta hvorugir gengið með lögsókn að rétti vátryggðs gegn félaginu.

124. gr.

Hafi sá maður, er líf hans eða heilbrigði hefur verið tryggt, af ásettu ráði eða stórkostlegu gáleysi látið hjá líða að gera þær ráðstafanir, sem sanngjarnlega mátti ætlast til, að hann gerði eftir atvikum, til þess að varna því, að vátryggingaratburðurinn gerðist eða til þess að draga úr afleiðingum hans, eða hafi hann, án þess að gildar ástæður væru fyrir hendi, ekki farið eftir þeim fyrirmælum, sem félagið hefur gefið honum um það efni, þá ábyrgist það ekki tjón það, sem ætla má að af því hafi leitt. Þetta gildir þó ekki, ef það hefði leitt til óhæfilegrar skerðingar á sjálfsákvörðunarrétti hans, ef hann hefði fullnægt fyrirmælum félagsins.

Um það verður eigi samið svo gilt sé, að vanrækslan skuli endranær en nú var sagt, hafa áhrif að lögum eða viðtækari áhrif.

V. KAPÍTULI

Gildistöku- og bráðabirgðaákvæði.

125. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1954.

126. gr.

Nú hefur vátryggingarsamningur verið gerður fyrir gildistöku laga þessara, og gilda þau þá um hann frá fyrsta degi eftir það, að félagið hefði getað slitið samningnum með umsömdum fyrirvara, eða hann hefði endurnýjazt samkvæmt 84. gr.

127. gr.

Ákvæðum 26. og 27. gr. skal beitt jafnan, ef atvik þau, er hafa þau réttaráhrif, er þar greinir, gerast eftir gildistöku laganna.

128. gr.

Ákvæðum 29. gr. skal beitt um vátryggingarsamninga, sem gerðir eru áður en lögin öðlast gildi, þó svo að frestir þeir, er settir eru í 29. gr., skuli taldir frá gildistöku laganna, enda hafi fyrning eigi fullnazt fyrr en eftir lögum þeim, er gilt hafa hingað til.

129. gr.

Ákvæðum 34. gr. skal jafnan beitt, er vátryggingaratburður sá, sem talinn er heimila að þeim sé beitt, gerist, eftir að lögin hafa tekið gildi.

130. gr.

Ákvæði laganna um þá, er vátryggingartaki hefur tilnefnt í sinn stað sem rétthafa, þegar um er að ræða líf-, slysa- eða sjúkratryggingar, gilda jafnan, er ráðstöfun þessi er gerð eftir gildistöku laganna.

131. gr.

Ákvæðum 115. gr. skal beitt, er líftryggingarskírteini, sem út var gefið áður en lögin tóku gildi, er framselt handhafa eftir þann dag.

132. gr.

Ákvæði 116. og 123. gr. gilda jafnan, er lögsókn var ekki byrjuð áður en lögin tóku gildi. Ákvæði 117. gr. gilda, ef gjaldþrotin hefjast eftir nefndan tíma.

133. gr.

Ákvæði þau í öðrum lögum, er leiða til víðtækara öryggis réttar vátryggingartaka eða vátryggðs en samsvarandi ákvæði laga þessara, skulu halda gildi sínu.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lagaboð þau, er hér segir:

Lög nr. 17 2. nóv. 1914, um sjóvátryggingu.

Lög nr. 23 27. júní 1921, um vátryggingarfélag fyrir fiskiskip, 6., 7. og 11. gr.

Lög nr. 61 31. maí 1947, um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip, 11.—29. gr., 30. gr. 4. mgr. og 31.—33. gr., sbr. l. nr. 103 23. des. 1952, um breyting á lögum nr. 61/1947, um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip, 9.—17. gr.

Lög nr. 73 4. júlí 1942, um Brunabótafélag Íslands, 10. gr.

Lög nr. 20 23. febr. 1943, um búfjártryggingar, 6. gr., sbr. l. nr. 90 15. des. 1952, um breyting á l. nr. 20 23. febr. 1943, um búfjártryggingar, 4. gr.

Lög nr. 25 14. júní 1929, um gjaldþrotaskipti, 26. gr.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Norðurlandaþjóðirnar hafa, eins og kunnugt er, átt samvinnu um nokkurt skeið, um samningu laga á sviði kröfuréttarins. Hefur verið mjög til þess starfs vandað, enda mun það allra mál, að lagasmíð þessi hafi lánazt vel, og höfum vér Íslendingar tekið sum þeirra í tölu laga vorra, svo sem lögin um lausafjárkaup, nr. 39, 19. júní 1922, og lögin um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, nr. 7 1. febr. 1936, sem hvort tveggja eru hinir gagnmerkustu lagabálkar. Frumvarp það til laga um vátryggingarsamninga, er hér liggur fyrir, er eitt þessara norrænu samvinnulaga, og má telja æskilegt, að það yrði gert að lögum hér á landi. Enda þótt vátryggingar tíðkuðust hér þegar á lýðveldistímanum, gagnkvæmar búfjártryggingar og brunatryggingar, þá er það þó eigi fyrr en á síðasta mannsaldri, að vátryggingar fara að skipta verulegu máli í viðskiptum manna hér á landi, og er sú þýðing þeirra nú orðin geysimikil og vaxandi með ári hverju. Löggjafinn hefur sinnt þessum málum fremur lítið, ekki sett nein almenn lög um samninga þessa, að undanskildum l. um sjóvátryggingu nr. 17 2. nóv. 1914. Að öðru leyti er aðeins fá einkaréttarákvæði að finna í lögum um ýmsar opinberar eða hálfopinberar tryggingarstofnanir, svo sem Samábyrgð Íslands á fiskiskipum og Brunabótafélag Íslands.

Vátryggingarfélög hafa að jafnaði sett sér almennar reglur um samningskjör þau, er þau bjóða viðskiptamönnum sínum, og er þau að finna í reglugerðum þeirra, prentuðum vátryggingarskilmálum og vátryggingarskírteinum. Að þessum kjörum verða viðskiptamennirnir að ganga. Samningsaðstaða félagsins verður þá miklu betri en aðstaða viðskiptamannsins, og þegar svo háttar, getur verið hætta á því, að hann verði að sæta ósanngjörnum kostum. Það bætir að vísu úr, að vátryggingarfélög munu oft ekki neyta réttar síns samkvæmt samningum að fullu, en það á viðskiptamaðurinn þá undir lipurð félagsins. Af þessum ástæðum getur í þessum samningum,

frekar en mörgum öðrum, verið þörf á ófrávíkjanlegum ákvæðum, enda er og kveðið svo á að allmörg ákvæði frumvarps þessa skuli vera ófrávíkjanleg, ýmist í þágu félagsins eða vátryggðs.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal það tekið fram, sem hér fer á eftir.

I. KAPÍTULI

Sameiginlegar reglur um allar tegundir vátrygginga.

Um 1. gr.

Í gr. þessari er kveðið á um gildissvið laganna. Gilda þau um vátryggingarsamninga. Þykir eigi vera ástæða til að skilgreina það nánar, hvaða samningar teljist vera vátryggingarsamningar, enda hafi bæði fræðimenn og dómstólar afmarkað það hugtak nægilega. Lögin gilda þó eigi um alla vátryggingarsamninga, heldur þá eina, sem gerðar eru við félög eða stofnanir, sem reka vátryggingarstarfsemi. Í þessu felst takmörkun á tvo vegu. Lögin gilda ekki um samninga, þar sem einstakur maður tekur á sig vátryggingu, og er þetta í samræmi við l. nr. 62 22. nóv. 1913, 1. gr., og á hinn bóginn gilda þau aðeins um vátryggingarsamninga við félög eða stofnanir, sem reka vátryggingarstarfsemi. Ef félag, sem rekur annars konar starfsemi, tæki að sér að svara til skaða, er annar maður kynni að verða fyrir, mundu ákvæði laganna eigi gilda um þann samning.

Enn fremur er sú takmörkun gerð á gildissviði laganna, að þau taka ekki til nokkurra nánar tiltekinna vátrygginga, en það eru:

a. Endurtryggingar. Þær eru sjálfstæð tryggingalögskipti, sem að jafnaði hafa engin áhrif á lögskipti aðila frumtryggingarsamningsins. Réttur vátryggðs gegn félaginu verður að jafnaði hinn sami, hvort sem félagið hefur endurtryggt sig eða eigi. En þótt lögin taki ekki beinlínis til endurtrygginga, mundi samt mega beita ýmsum ákvæðum þeirra með lögjöfnuði um þær.

b.—d. Í stafliðum þessum ræðir um almannatryggingar og aðrar tryggingar svipaðar þeim. Um þær allar gætir sérstakra félagslegra sjónarmiða, og um þær er mælt fyrir í sérstökum, ýtarlegum lögum. Tryggingar þær, sem um ræðir í stafliðunum b. og d., eru og yfirleitt skyldutryggingar, og gætir þar lítt samninga aðilanna.

e.—f. Samninga þá, er ræðir um í stafliðum þessum, þótti og rétt, samkvæmt fyrirmynd dönsku laganna, að undanskilja gildi laga þessara.

Um 2. gr.

Greinin hefur að geyma skýringu á nokkrum orðum, sem notuð eru víða í lögunum.

Sá aðila, sem tekur trygginguna á sig, er nefndur „félagið“. Það er handhægt heiti og á einnig oftast við, því að tíðast er að félög taki tryggingar á sig. Orðið „ábyrgðarsali“, sem notað er í l. nr. 17 2. nóv. 1914, er villandi, því hér er eigi um kaup eða sölu að ræða. Hins vegar mætti nota orðið „vátryggjandi“, en rétt þótti þó að fylgja norrænu lögunum um þetta efni.

Lögin greina vandlega á milli þess manns annars vegar, sem semur við félagið um vátrygginguna, og hins vegar þess, sem kröfu á um greiðslu bótanna. Hinn fyrri er nefndur „vátryggingartaki“, hinn síðarnefndi „vátryggður“. Er þar að vísu oft um sama manninn að ræða, en þarf þó eigi svo að vera, og er þessi aðgreining því nauðsynleg.

Um 3. gr.

Lagaákvæði, sem sett eru um samninga á sviði einkamálaréttarins, eru oftast frávíkjanleg, þ. e. aðilarnir geta samið um afvik frá þeim. Þetta er og aðalreglan, að því er varðar vátryggingarsamninga. En lögin kveða sjálf svo á, að allmörg af ákvæðum þeirra skuli vera ófrávíkjanleg, sbr. 10., 14. 2. mgr., 17., 20., 21., 23.—25., 28., 32., 50.—52., 115., 121., 124. gr. Ákvæði þessi miða flest að því að koma í veg fyrir

afvik frá lögunum, sem eru vátryggðum í óhag, og mundi því vera heimilt að víkja frá þeim honum í hag.

Auk ákvæða þeirra, er lögin sjálf lýsa ófrávíkjanleg, eru svo ýmis ákvæði þeirra ófrávíkjanleg samkv. öðrum réttarreglum. Má þar tilnefna ákvæðin um afleiðingar þess, að félagið verður gjaldþrota, og ákvæðin um vernd kröfu til lífsábyrgðarfjár gegn skuldheimtumönnum vátryggðs.

Rangar upplýsingar við samningsgerð.

Öll heilbrigð vátryggingarstarfsemi byggist á því, að félögunum sé unnt að gera sér sem réttastar hugmyndir um áhættu þá, er þau taka ábyrgð á. Þann dóm sinn verða þau oft og einatt að byggja, einvörðungu eða að mestu leyti, á upplýsingum, sem vátryggingartaki gefur, og varðar það því miklu, að þær séu sem réttastar. Í vátryggingarréttinum eru því víðast settar strangar reglur um afleiðingar þess, að þessar upplýsingar reynast rangar, og það látið varða ógildi samningsins, sbr. um sjóvátryggingu l. nr. 17 2. nóv. 1914, 12.—15. gr. Nú á tímum mun almennt talið, að þessi ákvæði eldri laga séu of hörð í garð vátryggingartaka. Félögin eigi nú hægara en áður um að fá upplýsingar frá öðrum en vátryggingartaka, og hart sé að láta samninginn ávallt falla allan úr gildi af þessum sökum. Sé þá sá millivegur hagkvæmari, að láta hann gilda, en með breyttu efni eftir atvikum, og loks sé rétt að láta það skipta meiru máli en fyrr, hversu vitneskju vátryggingartaka um þessi atvik var varið. Ákvæði laganna um þetta efni eru mótuð af þessum nýju skoðunum.

Um 4. gr.

Hér er mælt svo fyrir, að samningurinn sé óskuldbindandi fyrir félagið, ef vátryggingartaki hefur beitt svikum við samningsgerðina, sbr. l. nr. 7 1. febr. 1936, 30. gr. Sama er látið gilda, ef framkoma hans að öðru leyti hefur verið með þeim hætti, að það mundi almennt verða talið óheiðarlegt af honum að bera samninginn fyrir sig, sbr. l. nr. 7 1. febr. 1936, 32. gr. Í þessum tveimur tilvikum er atferli vátryggingartaka ámælisverðast, og er því eðlilegt, að það hafi þá afleiðingu að leysa félagið með öllu við skuldbindingar sínar gagnvart honum.

Um 5. gr.

Hér er rætt um það tilvik, er vátryggingartaki hefur ástæðu til að ætla, að upplýsingar, sem hann hefur gefið félaginu, séu réttar, og skerðir það þá eigi rétt hans gegn félaginu, þótt þær reynist að hafa verið rangar. Sú áhætta, sem því er samfara, er m. ö. o. lögð á félagið.

Frá þessari meginreglu 1. mgr. er svo vikið að nokkru í 2. mgr., að því er til skaðatrygginga tekur. Félaginu er heimiluð uppsögn á samningnum með 14 daga fyrirvara. Ef vátryggingartaki hefur t. d. vátryggt skip sitt eða hús um eins árs bil og gefið félaginu í grandleysi upplýsingar, sem síðar reynast að vera rangar, en hafa ráðið því, að félagið tók vátrygginguna á sig, þá væru það harðir kostir fyrir félagið, ef það skilyrðislaust væri bundið til loka vátryggingartímans. Vegna hagsmuna vátryggingartaka er þó rétt að láta trygginguna eigi falla tafarlaust úr gildi, heldur veita honum nokkurn frest til að afla sér nýrrar tryggingar hjá sama félagi eða öðru. Regla þessi er einskorðuð við skaðatryggingar. Þegar um persónutryggingu, svo sem líftryggingu, er að ræða, er frekar hætta á, að atvik þau, sem vátryggingin er bundin, t. d. heilsufar mannsins, kunni að hafa tekið þeim breytingum, að ný trygging sé ófáanleg eða aðeins fáanleg gegn mjög háu iðgjaldi.

Um 6. gr.

Þegar hvorki er um að ræða sviksemi eða óheiðarlegt atferli vátryggingartaka, né um grandleysi hans, en hann hefur gefið rangar upplýsingar, veltur gildi samningsins á því, hve miklu þessar upplýsingar hafa ráðið um loforðsgjöf félagsins. Ef atriði þau, er rangt var frá skýrt, hafa verið svo mikilvæg, að félagið mundi alls

eigi hafa tekið vátrygginguna á sig, ef það hefði vitað hið rétta, er félagið laust allra mála. Ef vátryggingartaki mátti ætla, að atvik þessi skiptu félagið engu máli, er félagið skuldbundið samkvæmt efni samningsins.

Sá möguleiki er þó einnig fyrir hendi, að félagið hefði tekið vátrygginguna á sig, þótt það hefði vitað hið rétta, en tekið hana þá á sig með öðrum kjörum. Um það ræðir í 2. og 3. mgr. Þegar svo stendur á, hefur tveimur mismunandi reglum verið fylgt. Önnur er sú, að félagið sé laust við ábyrgð á þeim vátryggingaratburðum eða því tjóni, sem stafar af atvikum þeim, sem það fékk eigi réttar upplýsingar um, en beri hins vegar fulla ábyrgð á þeim vátryggingaratburðum, sem mundu hafa gerzt og haft hið sama tjón í för með sér, þótt atvikum hefði verið svo hagað, sem frá var skýrt. Er þetta nefnt „orsakareglan“ (kausalitetsreglan). Dæmi þessa má nefna það, að hús er brunatryggt, en vátryggingartaki hefur af vangá látið hjá líða að skýra frá því, að rekin sé í því starfsemi, sem mikil brunahætta stafar af. Húsið brennur af eldi frá nágrannahúsi. Vátryggingin mundi þá í fullu gildi samkvæmt þessari reglu. Hins vegar mundi vátryggingartaki engar bætur fá, ef húsbruninn stafaði af hinum hættulega atvinnurekstri.

Önnur lausn málsins er sú, að láta það, að rangt er tilsagt, leiða til þeirrar breytingar á samningnum, að hann verði þess efnis, sem hann mundi hafa orðið í fyrstu, ef rétt hefði verið frá sagt. Er það hin svonefnda „hlutfallsregla“ (pro rata-reglan). Ef t. d. 10% hærra iðgjalds mundi hafa verið krafizt, ef félaginu hefði verið kunnugt um hin réttu atvik, þá lækki vátryggingarfjárhæðin að sama skapi. Ef félagið mundi hafa endurtryggt t. d. 40000 kr. af áhættu sinni, en hefur aðeins endurtryggt 30000 kr. vegna hinna röngu upplýsinga, þá komi mismunurinn, 10000 kr. til frádráttar bótum þeim, sem vátryggingartaki fær greiddar, o. s. frv.

Í 2. mgr. er hlutfallsreglan lögfest sem aðalregla, en í 3. mgr. er mælt svo fyrir, að orsakareglan skuli gilda um flutningatryggingar.

Þess skal getið, að ákvæði 6. gr. eru frávíkjanleg, sbr. 10. gr.

Um 7. gr.

Í 5. og 6. gr. er lýst afleiðingum þess, að vátryggingartaki gefur rangar upplýsingar. Í 7. gr. ræðir hins vegar um það, ef hann lætur hjá líða að gefa félaginu upplýsingar um málið. Sé um sviksamlega launung eða óheiðarlegt atferli hans að ræða, fer um gildi samningsins svo sem segir í 4. gr. Endranær er sú aðalreglan, að það skiptir eigi máli um ábyrgð félagsins, þótt vátryggingartaki láti hjá líða að skýra því frá atvikum. Þetta gildir þó ekki, ef honum má vera það ljóst, að atvik þessi skipti máli fyrir félagið, og meta má það sem stórkostlegt gáleysi af hans hálfu að leyna þeim. Ef svo er, er launung hans lögð á borð við það, að hann hafi gefið rangar upplýsingar.

Það er algengt, að félögin leggi fyrir vátryggingartaka eyðublöð með spurningum, sem honum er ætlað að svara. Láti hann einhverjum þeirra ósvarað, og taki félagið á sig vátrygginguna án þess að krefjast svars við þeim, mundi vátryggingartaki að jafnaði mega telja það vott þess, að félagið líti svo á, að þau atriði, sem ósvarað var, skipti eigi máli fyrir sig. Oft mundi hann og mega líta svo á, að spurningaskráin hefði að geyma öll þau atriði, sem félagið óskaði, að hann gæfi upplýsingar um.

Um 8. gr.

Hér ræðir um nauðsyn þess, að félagið skýri vátryggingartaka frá, ef það ætlar að bera fyrir sig eitthvert atvika þeirra, sem ræðir um í 5—7. gr. Vátryggingartaka getur verið þess mikil þörf að fá sem fyrst vitneskju um, hvernig félagið hyggst bregðast við, er slík atvik koma í ljós, t. d. hvort það ætlar að nota tækifærið til að ganga frá samningnum. Eru ákvæði gr. í samræmi við reglur annarra laga um svipaðar tilkynningar, svo sem l. nr. 39 19. júní 1922 og l. nr. 7 1. febr. 1936. Hins vegar þarf engrar tilkynningar við, er félagið hyggst að neyta réttar síns samkvæmt 4. gr.

Um 9. gr.

Vera má, að félagið viti hið rétta um atvik þau, er rangt var skýrt frá eða leynt var. Það hefur t. d. sjálft látið rannsaka málið. Þegar svo er, hafa hinar röngu upplýsingar engin áhrif haft um loforðsgjöf þess, og getur það þá eigi borið þær fyrir sig. Sama gildir, ef það mátti vita hið rétta.

Það leiðir og af eðli málsins, að vátryggingartaka er aðeins skylt að gefa upplýsingar um atvik, er áhrif geta haft um ákvarðanir félagsins, þ. e. varða áhættu þess. Það hefur því engin áhrif, þótt rangar upplýsingar séu gefnar um atvik, sem eigi geta skipt máli með slíkum hætti eða eru nú hætt að geta það.

Um 10. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um það, að ákvæði 5. og 7.—9. gr. skuli vera ófrávíkjanleg af félagsins hálfu. Samningar, er áskildu félaginu betri afstöðu en ákvæði gr. þessara veittu, eru því ógildir, en hins vegar er ekkert því til fyrirstöðu að samningurinn sé gerður hagstæðari vátryggingartaka en gr. þessar segja.

Skyldan til að gefa félaginu upplýsingar hvílir fyrst og fremst á vátryggingartaka, sem er samningsaðili félagsins, og oftast er hann einnig vátryggður. En stundum koma upplýsingarnar frá öðrum mönnum, svo sem þegar umboðsmaður vátryggingartaka gerir vátryggingarsamninginn eða þegar vátrygging er tekin á hagsmunum þriðja manns. Samkvæmt 2. mgr. gr. hefur fyrirvari félagsins um ábyrgðarleysi þess, ef þessar upplýsingar reynast rangar, eigi ríkari áhrif til að leysa félagið undan ábyrgð, en hann mundi hafa haft, ef hinar röngu upplýsingar hefðu komið frá vátryggingartaka sjálfum.

Samkv. 3. mgr. getur félagið eigi heldur takmarkað ábyrgð sína með því, að taka í vátryggingarskírteinið lýsingu á tilteknum atvikum, er það eigi hefur leitað vitneskju um hjá vátryggingartaka, og áskilja sér að vera undan ábyrgð þegið að meira eða minna leyti, ef það, sem í skírteininu segir um atvik þessi, reynist rangt.

Upphaf ábyrgðar félagsins.

Um 11. gr.

Það fer eftir l. nr. 7 1. febr. 1936, hvort talið er, að vátryggingarsamningur sé á kominn milli aðila, en það er önnur spurning, hvenær ábyrgð félagsins hefst. Hún getur hafizt um leið og samningur er á kominn. Hún getur einnig hafizt síðar, t. d. er samningur um brunatryggingu á húsi er gerður 15. des., en ábyrgð félagsins á ekki að hefjast fyrr en 1. jan. Enn fremur getur svo verið umsamið, að samningurinn skuli verka aftur fyrir sig, þannig að ábyrgð hefjist áður en samningurinn er gerður, t. d. er eigandi vöru verður þess vís, að skip, sem flytur hana, er lagt úr höfn fyrir tveimur dögum og vátryggir þá vöruna frá brottför skipsins úr höfn að telja. Venjulega eru sett ákvæði í samninginn um það, hvenær ábyrgð félagsins skuli hefjast. En hafi það eigi verið gert, mælir 11. gr. svo fyrir, að ábyrgð félagsins skuli talin hefjast þegar félagið eða vátryggingartaki senda frá sér samþykki á tilboði hins. Upphaf ábyrgðarinnar verður að sjálfsögðu að miðast við ákveðið augnablik, og með því að oft getur verið örðugt að sanna, hvenær dags orðsendingin hefur verið send af stað, er mælt svo fyrir, að hún skuli talin hafa verið send kl. 6 síðd., sé annað eigi sannað.

Iðgjaldið.

Í þessum þætti frumvarpsins eru nokkrar reglur um endurgjald það, er vátryggingartaka ber að greiða félaginu fyrir þá fjárhagslegu tryggingu, sem félagið lofar honum með samningnum. Endurgjald þetta er venjulega nefnt iðgjald, en reglur þessar koma jafnt til greina þótt það kunni að vera nefnt öðru nafni, t. d. tillög í gagnkvæmu vátryggingarfélagi.

Um 12. gr.

Hér ræðir um gjalddaga iðgjalda og þarfnast 1. mgr. eigi skýringa.

Um 2. mgr. er þess að geta, að þegar vátryggingarsamningur er endurnýjaður, þá er gjalddagi hins fyrsta iðgjalds á fyrsta degi vátryggingartímans, en ekki við samningsgerðina, og gildir það einnig, er hinn nýi samningur er gerður áður en vátryggingartíminn samkvæmt hinum eldra samningi er á enda.

Um 13. gr.

Hér ræðir um afleiðingar þess, að iðgjaldið er eigi greitt á réttum tíma. Heimilar það greiðslufall félaginu uppsögn á samningnum, en vátryggingartaka er gefinn kostur á að koma í veg fyrir, að samningurinn falli niður samkv. uppsögninni með því að greiða iðgjaldið innan fresta þeirra, er í gr. segir. Ákvæði gr. eru ófrávíkjanleg, sbr. 17. gr.

Um 14. gr.

Hér er að finna ákvæði um áhrif þess um ábyrgð félagsins, að iðgjaldið er eigi greitt. Ábyrgð þess lýkur um leið og greiðslufallið verður, og félagið svarar því ekki til vátryggingaratburða, er gerast eftir að svo er komið. En samkvæmt 3. mgr. á vátryggingartaki þess kost að varna því, að samningurinn falli endanlega niður, með því að greiða iðgjaldið. Hefst ábyrgð félagsins þá að nýju. Þessa úrræðis getur hann þó því aðeins neytt, að samningurinn sé eigi þegar fallinn úr gildi samkv. 13. eða 15. gr.

Fyrirvarar þeir, sem getið er í 2. mgr., miða að því, að tryggja félögin gegn því að bera ábyrgð án þess að fá endurgjald fyrir, en 1. mgr. 14. gr. veitir þeim nú næga tryggingu í því efni og eru þessir fyrirvarar því óþarfir. Á hinn bóginn eru þeir vátryggingartaka óhagstæðir, sbr. Landsyfirréttardóma X., bls. 308, því þeir geta leitt til þess, að hann verði að greiða iðgjöld fyrir tímabil, er félagið enga ábyrgð ber.

Um 15. gr.

Þegar vanskilin á greiðslu iðgjaldsins eru orðin svo mikil, sem í gr. þessari segir, þykir rétt að láta þau varða því, að samningurinn falli úr gildi uppsagnarlaust. Ef félagið byrjar lögsókn til heimtu iðgjaldsins, er litið á það sem vott þess, að það vilji láta samninginn vera í gildi, enda hefst þá ábyrgð þessa að nýju, en lýkur svo aftur, ef lögsóknin leiðir eigi til fullnustu kröfunnar.

Um 16. gr.

Hér ræðir um réttinn til iðgjaldsins, er samningurinn fellur niður, áður en sá tími er liðinn, sem hann var gerður til. Er þar greint á milli tvenns.

Annars vegar er það tilvik, að félagið segir samningnum upp samkvæmt heimild í lögunum sjálfum, sbr. 5., 13., 47. og 51. gr., eða samningurinn fellur úr gildi samkvæmt 15. gr. Á félagið þá rétt á iðgjaldi því, sem vátrygging sú, er úr gildi gekk, hefði kostað, samkvæmt gjaldskrá félagsins, ef hún hefði aðeins verið tekin um tímabilið fram að því, að samningurinn gekk úr gildi.

Á hinn bóginn eru svo, samkvæmt 2. mgr., öll önnur tilvik, þar sem samningurinn fellur úr gildi. Á félagið þá rétt á þeim hluta hins umsamda iðgjalds, sem svarar til tímans fram til þess, að samningurinn gekk úr gildi.

Hafi vátryggður þegar greitt hærra iðgjald en félagið á rétt á samkvæmt framansögðu, á hann rétt á endurgreiðslu (ristorno) þess, sem umfram er. Hafi hann hins vegar greitt minna, á félagið kröfu á hendur honum um mismuninn.

Um 17. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um það, að ákvæði 13.—15. gr. skuli vera ófrávíkjanleg í óhag vátryggingartaka eða vátryggðum.

Í 2. mgr. er ákveðið, að nokkur ákvæði 13. gr. og 16. gr. gildi eigi um líftryggingar. Í þeirra stað koma sérreglur til greina um þessar tryggingar, sbr. 98. og 101. gr.

Ásetnings- eða vangáratferli, er veldur því, að vátryggingaratburðurinn gerist.

Í þessum þætti frumvarpsins eru sett ákvæði um það, hvaða áhrif það hafi um skuldbindingu félagsins, að vátryggður eða annar maður, sem honum ber að svara fyrir, valda því, að vátryggingaratburðurinn gerist.

Um 18. gr.

Samkvæmt 1. mgr. ber félagið enga ábyrgð, ef vátryggður veldur því af ásettu ráði, að vátryggingaratburðurinn gerist. Samningur, sem mælti svo fyrir, að félagið skyldi greiða bætur fyrir tjón, er vátryggður hefði bakað sér sjálfur af ásettu ráði, og léti greiðsluskyldu þess vera algerlega komna undir geðþótta vátryggðs, mundi eigi talinn vera vátryggingarsamningur.

Sama var fyrrum talið gilda, er vátryggður hafði valdið þessu af gáleysi, sbr. b. nr. 17 2. nóv. 1914, 19. gr. Á síðari tímum hefur sú regla þó almennt verið talin of hörð í garð vátryggðs, og er því frá henni vikið í 2. mgr. Samkvæmt henni ber félaginu að bæta tjónið, er vátryggður hefur valdið því af gáleysi, sem eigi verður talið stórkostlegt. Sé gáleysi hans hins vegar talið stórkostlegt, fer það eftir mati á öllum atvikum, hvort félagið verður bótaskylt eða eigi, og getur niðurstaðan þá orðið sú, að það skuli aðeins greiða nokkurn hluta bótanna. Þetta gildir þó eigi um líftryggingar og ábyrgðartryggingar. Þar ábyrgist félagið að fullu þótt vátryggður hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi og orðið þess með þeim hætti valdandi, að vátryggingaratburðurinn gerðist.

Um 19. gr.

Rétt þykir að takmarka ákvæði 18. gr. um brottfall eða takmörkun á ábyrgð félagsins, þegar hlut á að máli maður, sem eigi hefur náð sakhæfisaldri eða er andlega miður sín með þeim hætti, sem í gr. segir, svo og þegar það, að vátryggingaratburðurinn gerðist, hefur hlotizt af réttmætum varnarráðstöfunum gegn tjóni á mönnum eða eignum.

Um 20. gr.

Samkvæmt gr. þessari er sú regla ófrávíkjanleg, að félagið sé ábyrgt, enda þótt vátryggður hafi valdið því, að vátryggingaratburðurinn gerðist, hafi hann eigi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. Frá þessari aðalreglu eru þó gerðar tvær undantekningar í gr., og þarfnast þær ekki nánari skýringa.

Skyldur vátryggðs, er vátryggingaratburðinn ber að höndum.

Félagið hefur margvíslega hagsmuni af því, að fá sem fyrst vitneskju um það, er vátryggingaratburð ber að höndum. Vera má, að hægt sé að draga úr tjóninu, ef fljótt er við brugðið. Rannsaka þarf atvik að atburðinum sem fyrst til þess að ganga úr skugga um, hvort félagið á að ábyrgjast tjónið eða eigi. Örðugra getur og orðið að meta tjónið, er langt líður um. Í vátryggingarskilmálum eru oft gerðar mjög strangar kröfur til vátryggðs um tilkynningar til félagsins, en ekki er ástæða til að láta það, að hann tilkynnir eigi, hafa áhrif um skyldur félagsins, nema því aðeins að segja megi, að um vanrækslu vátryggðs hafi verið að ræða og vanræksla hans hefur komið félaginu að baga. Ákvæði frumvarpsins um þetta efni eru að mestu sama efnis og l. nr. 17 2. nóv. 1914, 16. gr., en þó er sá miklu munur á þeim, að reglur frumvarpsins eru ófrávíkjanlegar, en hinar frávíkjanlegar.

Um 21. gr.

Í 1. mgr. er að finna hina almennu reglu um tilkynningarskyldu vátryggðs.

Í 2. mgr. ræðir um afleiðingar þess, að vátryggður vanrækir tilkynningarskyldu sína. Ábyrgð félagsins takmarkast og verður eigi meiri en hún mundi hafa orðið, ef tilkynningin hefði verið gefin. Ef félagið t. d. hefði getað gert ráðstafanir til að koma fram ábyrgð gegn þriðja manni, ef því hefði verið kunnugt um vátryggingar-

atburðinn, en hefur misst af tækifærinu til þess fyrir vanrækslu vátryggðs, þá mundi ábyrgð þess minnka sem svarar þeirri upphæð, sem það ella hefði unnið úr hendi þriðja manns.

Samkvæmt 3. mgr. tekur tilkynningarskylda vátryggðs einnig til aðdraganda þess, að tjónið verður, enda þótt það þá eigi sé enn staðreynt, hvort tjón þegar er orðið. Félagið getur þá e. t. v. gert ráðstafanir, sem komið geta í veg fyrir, að tjón verði.

Ákvæði gr. eru ófrávíkjanleg, sbr. 4. mgr.

Um 22. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 23. gr.

Greinin fjallar um það tilvik, að ákveðið hefur verið í samningi, að vátryggður skuli glata öllum rétti til bóta, er hann hefur haft í frammi sviksamlegt atferli. Vera má að þetta reynist vera óhæfilega þung viðurlög, einkum er svikin lúta aðeins að minni háttar atriðum, og viðurlög þessi mundu stundum koma niður á öðrum en vátryggðum, t. d. dánarbúi hans eða þrotabúi. Því er það hér lagt á vald dómstólanna að fella slík samningsákvæði úr gildi að nokkru eða öllu.

Í 2. mgr. er félaginu meinað að áskilja sér í samningnum meiri rétt en segir í 2. mgr. 21. gr., er rangar upplýsingar hafa verið gefnar eða launung verið lögð á atriði, er frá skyldi skýrt, án þess þó að um sviksemi hafi verið að ræða.

Greiðsluskylda félagsins.

Um 24. gr.

Í 1. mgr. eru hin almennu ákvæði um gjalddaga bótagreiðslunnar. Ber að skýra þau svo, að félaginu sé skylt að greiða, þegar vátryggður krefur það um greiðslu, eftir að þeir 14 dagar, sem hér ræðir um, eru liðnir. Að jafnaði er það vátryggðs að koma fram með upplýsingar um að skilyrði fyrir bótagreiðgslu séu fyrir hendi og um upphæð bótanna, og þegar 14 dagar eru liðnir frá því, að hann lagði fram fullnægjandi skilríki fyrir þessu, getur hann krafizt greiðslunnar. Félagið getur þá eigi lengt greiðslufrest sinn með því að krefjast frekari upplýsinga eða fara sjálft að afla þeirra.

Vera má, að enn séu eigi fyrir hendi gögn um skyldu félagsins til að greiða alla hina umkröfðu upphæð, en víst sé orðið um nokkurn hluta hennar. Er þá ástæðulaust að leyfa félaginu að fresta greiðslu á þessum hluta bótanna, og getur vátryggður þá krafið þeirra, svo sem í 1. mgr. segir.

Um skyldu félagsins til að greiða vexti af bótaupphæðinni eru fyrirmæli í 3. mgr. Þegar þar er talað um víxilvexti Landsbankans, er átt við forvexti bankans (disconto).

Í 4. mgr. er félaginu bannað að áskilja sjálfu sér í samningnum rétt til þess að ákveða hvenær greiðsla skuli fara fram svo og að binda greiðsluskyldu sína við það, að það hafi verið skyldað til greiðslu með dómi.

Aðgangsréttur félagsins.

Um 25. gr.

Vera má, að einhver þriðji maður hafi orðið þess valdur, að vátryggingaratburðurinn gerðist, og verði af þeim eða öðrum sökum bótaskyldur við vátryggðan. Sú regla gildir um flestar vátryggingar, að vátryggður á ekki að fá meiri bætur en tjóni hans nemur. Sú regla væri brotin, ef vátryggður gæti heimt fullar bætur hjá báðum, félaginu og hinum skaðabótaskylda manni. Við þessi rök hafa ákvæðin í 1. málsl. gr. að styðjast. Í 2. málsl. er veitt heimild til þess að lækka eða fella niður skaðabótaábyrgð þriðja manns, bæði þegar hann hefur valdið tjóninu af vangá, sem eigi verður talin stórkostleg, og þegar ábyrgð hans byggist á reglunum um ábyrgð vinnuveitanda á skaðaverkum starfsmanna hans. Hliðstæð ákvæði um takmörkun bóta-

ábyrgðar eru í l. nr. 41 19. maí 1930, 51. gr. og á slík regla eigi sízt vel við, er svo stendur á sem hér, að sá, er fyrir tjóninu verður, á rétt á bótum annars staðar að.

Samkv. 2. mgr. gilda þessar reglur ekki um líftryggingar, slysa- eða sjúkratryggingar. Ástæða til þess er sú, að tryggingar þessar eru í þeim flokki vátrygginga, sem nefndur er „summuvátrygging", en einkenni þeirra er það, að félaginu ber, þegar vátryggingaratburðurinn gerist, að greiða hina umsömdu vátryggingarupphæð, án tillits til þess, hvort vátryggður hefur beðið nokkurt tjón eða eigi. Í þessum tryggingum hefur það og engin áhrif á kröfu vátryggðs, hvort heldur en gegn félaginu eða gegn þriðja manni, að hann hefur fengið bætur hjá hinum. Ákvæðum 1. mgr. skal þó beitt um slysa- og sjúkratryggingar að svo miklu leyti, sem greiðsla félagsins er raunveruleg skaðabót. Vera má, að efni vátryggingarsamnings sé á þá leið, að aðeins megi krefjast bóta fyrir fjártjón, t. d. sjúkrahúskostnað, borgun til læknis, greftrunarkostnað o. s. frv., og eru þær tryggingar þá settar á bekk með öðrum fjártjónstryggingum.

Ákvæði gr. eru samkvæmt 3. mgr. ófrávíkjanleg í þágu félagsins.

Fjárþrot félagsins eða vátryggingartaka.

Um 26. gr.

Ef bú félagsins er tekið til gjaldþrotaskipta, eru líkur fyrir því, að það geti eigi staðið í skilum við vátryggðan, ef til kemur, og er þá samkvæmt almennum reglum brostin veruleg forsenda fyrir skuldbindinu hans. Heimilar það honum riftun samningsins. En þótt hann neyti eigi þess réttar, þykir rétt að setja gildi samningsins ákveðin mörk, er þannig er komið, og því er hann látinn ganga úr gildi þrem mánuðum eftir að gjaldþrotaskiptin voru auglýst.

Í 2. mgr. er rætt um það, er fjárþrot félagsins koma í ljós með öðrum hætti. Er vátryggðum þá einnig heimil riftun, en félagið getur komið í veg fyrir hana með því að setja tryggingu fyrir efndum samningsins af sinni hálfu.

Þegar samningnum er rift samkvæmt 1. eða 2. mgr. getur vátryggingartaki krafizt bóta fyrir tjón það, er hann bíður við það, að vátryggingunni lýkur fyrr en skyldi, t. d. ef hann getur ekki aflað sér vátryggingar annars staðar fyrir jafnlágt iðgjald.

Um 27. gr.

Í gr. þessari ræðir um áhrif þess, að ýmsar verulegar breytingar verða á högum félagsins, svo að við það eru brostnar verulegar forsendur fyrir skuldbindingu vátryggingartaka. Heimila þessar breytingar vátryggingartaka riftun samningsins og eftir atvikum bætur fyrir tjón, er hann kann að bíða.

Um 28. gr.

Fjárhagur vátryggingartaka getur skipt miklu máli fyrir félagið, því undir honum er það komið, hvort hann getur staðið í skilum með greiðslu iðgjaldsins. Greinin ræðir um tvö tilvik, þ. e. gjaldþrotaskipti á búi vátryggingartaka og umleitun hans um nauðasamninga án gjaldþrotaskipta, og vísar um það efni til almennra reglna laganna. Fer um afleiðingar fjárþrotanna eftir þeim, og er ekki heimilt að semja um annað, að því undanskildu, að félagið getur áskilið sér rétt til að segja samningi um skaðatryggingu upp með 14 daga fyrirvara.

Fyrning.

Um 29. gr.

Hér má finna almenna reglu um fyrningu krafna, er rísa af vátryggingarsamningi. Er fyrningarfresturinn ákveðinn 4 ár, svo sem um flestar kröfur gildir, sbr. l. nr. 14 20. okt. 1905, 3. gr. En hér er sett sú sérregla, að fyrningarfresturinn telst eigi, eins og venjulegt er, frá gjalddaga kröfunnar, heldur frá lokum þess almanaksárs, er kröfuhafinn átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. Bið getur orðið

á því, að það skilyrði sé fyrir hendi, og er þá ákveðið, að kröfur um bætur og kröfur um vátryggingarupphæðina — þetta síðara á við um „summuvátryggingar“ — fyrnist í síðasta lagi á 10 árum frá því að vátryggingaratburðurinn gerðist.

Í l. nr. 14 20. okt. 1905, 2. gr. er mælt svo fyrir, að kröfur um lífeyri fyrnist á 20 árum. Er þar átt við sjálfan lífeyrisréttinn en kröfur um hinar einstöku lífeyrisgreiðslur fyrnast á 4 árum. Þótt kröfur um lífeyri geti risið af vátryggingarsamningi, þótti eigi ástæða til að hagga þessu ákvæði l. nr. 14 1905.

Um 30. gr.

Í grein þessari eru reistar skorður við því, að félagið geti samið um skemmri fyrningarfresti en í 29. gr. segir. Greinin þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Samningar um framlenginu vátryggingarinnar.

Um 31. gr.

Það er á valdi aðila að kveða á um það, hve langur vátryggingartíminn skuli vera. Þeir geta einnig kveðið á um það, að vátryggingin skuli teljast framlengd, hafi henni eigi verið sagt upp. Sé framlengingartíminn ekki lengri en eitt ár, er samningurinn um hann bindandi fyrir aðila. En sé hann lengri en eitt ár, getur félagið því aðeins borið þetta samningsákvæði fyrir sig, að það hafi, innan þess tíma fyrir lok uppsagnarfrestsins, sem í greininni segir, vakið athygli vátryggingartaka á því, og þar með gefið honum tilefni til að taka ákvörðun um það, hvort hann eigi heldur að framlengja samninginn eða segja honum upp.

Ákvæði um gerðardóm o. fl.

Um 32. gr.

Í grein þessari eru ákvæði, sem eiga að tryggja vátryggðan eða vátryggingartaka við samningagerðir við félagið og við gerðardóm um ágreiningsefni aðila.

Um tilkynningar.

Um 33. gr.

Í 1. mgr. er gefin regla um það, á hvaða tíma tilkynningar félagsins til vátryggingartaka eða vátryggðs, svo sem tilkynningar samkvæmt 5., 8., 13., 14., 30., 31., 47., 48., 51., 74., 84., 87. og 121. gr. skuli hafa áhrif, og er þá við það miðað, hvenær sá, sem tilkynningunni er beint til, tekur á móti henni, þ. e. hvenær hún „kemur til hans“ í þeirri merkingu, sem þau orð hafa í l. nr. 7 1. febr. 1936. Ef það, að tilkynningin kemur eigi fram á réttum tíma, stafar af atvikum, sem varða viðtakandann, er miðað við næsta dag, eftir að hún mundi hafa komið fram, ef þessi atvik hefðu eigi tafið hana.

Í 2. mgr. eru ákvæði um það, hvor aðila skuli hafa áhættuna af því, ef tilkynningum, sem ræðir um í 21., 46. og 67. gr. — en þar er um tilkynningar vátryggðs til félagsins að ræða — seinkar. Ákvæði þessi eru hliðstæð ákvæðum l. nr. 7. 1. febr. 1936, 39. gr. og l. nr. 39 19. júní 1922, 61. gr.

Ógildi ósanngjarnra samningsákvæða.

Um 34. gr.

Vátryggingar varða þjóðfélagið svo miklu, að eigi þykir ráðlegt að leggja það að öllu á vald aðila sjálfra að semja um þær sín í milli. Því er og mælt svo fyrir í frumvarpinu, að ýmis einstök ákvæði þessi skuli vera ófrávíkjanleg. En löggjafanum er það að sjálfsögðu ofvaxið að setja ákvæði um öll þau hugsanlegu tilvik, þar sem þess kynni að reynast þörf. 43. gr. er því ætlað að vera viðbót við hin dreifðu ákvæði um ógildi einstakra tiltekinna samningsákvæða.

II. KAPÍTULI
Skaðatryggingar.

Skaðatrygging er vátrygging, þar sem skylda félagsins er sú ein að bæta fjárhagslegt tjón, sem orðið hefur, eða, eins og þegar um sjóvátryggingu er að ræða, að greiða bætur fyrir hið raunverulega verðgildi hinna tryggðu hagsmuna, er ábyrgð félagsins hófst, sbr. 75. gr. Efnalegir hagsmunir verða aðeins tryggðir skaðatryggingu, en vátrygging á persónulegum hagsmunum, lífi manna eða heilbrigði, getur bæði verið skaðatrygging og trygging, þar sem félaginu er skylt að greiða fyrirfram ákveðna vátryggingarupphæð, er vátryggingaratburðurinn gerist (summuvátrygging).

A. Almenn ákvæði.

Tryggingarhagsmunir.

Um 35. gr.

Samkvæmt grein þessari er það bundið takmörkunum á tvo vegu, hvaða hagsmuni tryggja má skaðatryggingu, að 1) þeir séu lögmætir og 2) að unnt sé að meta þá til peningaverðs. Hið síðarnefnda leiðir af eðli skaðatrygginga. Af fyrrnefndu takmörkuninni leiðir það, að vátrygging, sem ætluð væri til þess að bæta vátryggðum tjón, sem leiddi af ólögmætum ásetningarverkum hans, væri ógild, t. d. ef hún ætti að tryggja honum bætur fyrir atvinnutjón hans vegna afplánunar refsingar eða tjón, er leiddi af upptöku muna. Annars þarf vátrygging ekki að vera ógild, þótt henni sé ætlað að bæta afleiðingar réttarbrots, sbr. t. d. ábyrgðartryggingar á bifreiðum.

Það skiptir eigi máli, hvort tryggðir eru hagsmunir vátryggingartaka sjálfs eða annars manns, enda oft þörf á tryggingu vegna annars manns, svo sem t. d., er seljandi vöru, er flytja á sjóveg, vátryggir hana í þágu kaupandans.

Vátryggingarverð.

Um 36. gr.

Vátryggingarverðið er sú upphæð, er leggja skal til grundvallar, er bætur eru ákveðnar.

Greinin gefur skýringu á því, til hvaða hagsmuna vátryggingin skuli talin taka, þegar hlutur er vátryggður og engir sérstakir hagsmunir tilgreindir. Sé t. d. um að ræða brunatryggingu á húsi og brenni húsið, þá á að bæta verð þess eða þá verðrýrnun, sem það hefur orðið fyrir við brunann, en ekki t. d. kostnað, sem eigandi hússins kann að hafa haft af því, að koma innanstokksmunum sínum fyrir í geymslu, eða tjón, sem hann hefur hlotið af atvinnumissi, vegna þess að sölubúð hans eða vinnustofa skemmdist af eldi.

Um 37. gr.

Þar eð tryggingar þær, er hér ræðir um, aðeins eiga að bæta tjón það, er vátryggður beið, þá er eðlilegt, að bæturnar séu miðaðar við verð hlutarins á þeirri stundu, er tjónið verður. Til þess að ákveða það er hér mælt fyrir um, að farið skuli eftir kaupverði sams konar hluta sem næst því, að vátryggingaratburðurinn gerðist. Má ætla, að það hafi verið verðgildi hlutarins, er hann fórst, og þá einnig tjón vátryggðs, þó að frádreginni verðrýrnun, sem þegar kann að hafa verið orðin á hlutnum vegna aldurs, brúkunar o. s. frv.

Um 38. gr.

Þegar um hluti er að ræða, sem vátryggður hefur sjálfur búið til, skal einnig miða bæturnar við söluverð þeirra, en þó er frá því dregið ýmislegt hagræði, sem vátryggður hafði af því að þurfa ekki að sjá um sölu hlutarins sjálfur. Bæturnar verða því netto söluverð hlutanna.

Um 39. gr.

Í 1. mgr. er sett fram meginregla sú, sem áður hefur verið getið, að bæturnar skuli eigi vera hærri en upphæð tjónsins nemur, og samkvæmt 2. mgr. er þessi regla ófrávíkjanleg félaginu til tjóns, enda þótt félagið beri sönnunarbyrðina fyrir því, að hinar umsömdu bætur séu hærri en upphæð tjónsins.

Vátrygging undir verði.

Um 40. gr.

Aðilum er frjálst að semja svo um, að vátryggingarfjárhæðin skuli vera lægri en verð hinna vátryggðu hagsmuna, sbr. l. nr. 17 2. nóv. 1914, 8. gr. Þegar svo er, verður ábyrgð félagsins hlutfallsleg. Vörur, sem eru 10000 kr. virði, eru vátryggðar fyrir aðeins 7500 kr. Félagið ábyrgist þá aðeins ¾ hluta tjónsins. Þetta gildir þó því aðeins, að ekki sé á annan veg um samið, t. d. þannig, að félagið skuli bæta tjónið að fullu svo langt, sem vátryggingarupphæðin nær (vátrygging au premier risque).

Tvítrygging.

Um 41. gr.

Það hefur verið nefnt tvítrygging, er sömu hagsmunir eru tryggðir gegn sömu hættu hjá fleiri félögum en einu, sbr. l. nr. 17 2. nóv. 1914, og er því heiti haldið sér, þótt eftirfarandi reglur gildi einnig, er félögin, sem tryggt er hjá, eru fleiri en tvö. Samkvæmt 6. gr. l. nr. 17 frá 1914 gildir sú regla að jafnaði um tvítryggingu, að hin yngri vátrygging heldur gildi sínu aðeins að svo miklum hluta, sem vátryggingarverð hinna vátryggðu hagsmuna er meira en hinni eldri vátryggingu nam. Ef t. d. skip, sem er 500000 kr. virði, er vátryggt fyrir 400000 krónur hjá A. og 300000 kr. hjá B., og alger skipstapi verður, þá greiðir A. 400000 kr. en B. aðeins 100000 kr. Þetta gildir þó því aðeins, að tryggingarnar hafi ekki verið teknar sama dag, því ef svo er, ábyrgjast félögin pro rata, í dæminu, sem tekið var. A. ⅝ hluta og B. ⅜ hluta tjónsins. Frá þessum reglum er horfið í frumvarpinu. Samkvæmt því er ábyrgð félaganna in solidum. Vátryggður getur krafið hvert þeirra, sem hann vill, um bætur allt að tryggingarupphæð þeirri, sem það hefur tekið að sér. En þess er jafnan að gæta, að vátryggður á ekki rétt á hærri greiðslu en tjóni hans nemur, enda þótt samanlögð vátryggingarupphæð félaganna sé hærri en vátryggingarverðið.

Um 42. gr.

Þegar fleiri félög en eitt eru ábyrg og vátryggður hefur fengið bætur hjá einu þeirra samkvæmt 41. gr., þá hefur það með greiðslu sinni leyst hin undan greiðsluskyldu til vátryggðs. Samkvæmt 41. gr. er vátryggður sjálfráður um, hvert félaganna hann krefur um bætur. Ef við svo búið yrði látið standa, mundi það leiða til misréttis milli félaganna, og er ákvæðum gr. þessarar ætlað að koma jöfnuði á með þeim, þannig að niðurstaðan verði sú, að hvert félag um sig beri sinn hluta tjónsins í hlutfalli við fjárhæð þá, er það hefur ábyrgzt.

Um 43. gr.

Ákvæði 41. og 42. gr. eru frávíkjanleg. Aðilar geta samið um aðra tilhögun í þeim efnum, er þar ræðir um, en þá sem þar greinir. Hér í 1. mgr. 43. gr. koma hins vegar ófrávíkjanleg ákvæði. Fyrirvari um ábyrgðarleysi félagsins, er um tvítryggingu er að ræða, leysir það ekki undan skyldu til að bæta það tjón, sem hin vátryggingin tók ekki til. Og ef öll félögin hafa sett þennan fyrirvara, þá ábyrgjast þau samt sem áður, eins og hvert þeirra hefði ábyrgzt, ef það eitt hefði tekið vátrygginguna á sig.

Svo getur staðið á, að maður vilji vátryggja einhverja hagsmuni þannig, að sú vátrygging sé því aðeins bindandi, að annar maður hafi eigi þegar tryggt þessa hagsmuni. Svo getur t. d. verið um mann, sem kaupir vöru cif og veit ekki, hvort seljandinn hefur fullnægt þeirri skyldu sinni, að vátryggja vöruna. Vátrygging kaupands er þá tekin til vonar og vara. Ef félagið, sem kaupandinn samdi við, jafnframt

samþykkir að taka ekkert iðgjald, ef svo skyldi reynast, að vátrygging seljandans sé í lagi, þá er engin þörf á reglum þeim, sem 1. mgr. hefur að geyma. Félagið getur áskilið, að vátryggður hafi nokkurn hluta hinna vátryggðu hagsmuna í sjálfs sín ábyrgð, sbr. t. d. l. nr. 54 30. júlí 1909, 2. gr., l. nr. 20 26. febr. 1943, 6. gr. Var sú tilhögun áður tíðari en nú og talin auka tryggingu gegn því, að vátryggður gerðist þess valdandi, að vátryggingaratburðurinn gerðist, er hann átti það á hættu að verða að hafa nokkurn hluta tjónsins óbættan.

Um 44. gr.

1. mgr. mælir fyrir um skyldu vátryggðs til að skýra félagi því, er hann krefur bóta, frá því, hjá hvaða félögum öðrum hann hefur tekið tryggingu. Er félaginu það oft mikils varðandi að fá þá vitneskju sem fyrst, svo að það geti fengið hin félögin til að taka þátt í ákvörðun bótanna með sér eða komið fram aðgangskröfum á hendur þeim. Vanræki vátryggður þetta og hljóti félagið skaða af því, t. d. hitt félagið verður gjaldþrota, verður vátryggður bótaskyldur við félag það, er bæturnar greiddi.

Sömu afleiðingar hefur það, ef vátryggður áður en vátryggingaratburðurinn gerist vanrækir að gefa upplýsingar um þetta efni, hafi það verið áskilið í samningnum.

Aukin áhætta.

Þegar hér er talað um aukningu áhættunnar, er átt við það, að líkurnar til þess, að vátryggingaratburðurinn gerist, aukist eftir að vátryggingin er tekin meira eða með öðrum hætti en félagið mátti búast við. Um áhrif þess á lögskipti aðila fjalla næstu greinar hér á eftir.

Um 45. gr.

Greinin fjallar um það tilvik, að vátryggður veldur því með vilja að hættan eykst. Að jafnaði er þá brostin veruleg forsenda fyrir skuldbindingu félagsins, og verður því aðalreglan sú, að þessi framkoma vátryggðs leysir félagið úr allri ábyrgð.

Nú má vera, að félagið hefði tekið vátrygginguna á sig, hefði því verið kunnugt um áhættu þá, er hér er um að ræða, en áskilið sér önnur kjör. Verður ábyrgð þess þá í samræmi við það. Hlutfallsreglan (pro rata reglan), sbr. aths. við 6. gr., kemur þá til að ráða. Um sjóvátryggingar og aðrar flutningatryggingar ræður þó orsakareglan (kausalitetsreglan) hér sem endranær.

Um 46. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa, en þess eins skal getið, að hér er um tilkynningarskyldu vátryggðs eins að ræða, og greinin tekur því ekki til vátryggingartaka, sé hann annar en vátryggður.

Um 47. gr.

Þegar áhættan eykst með þeim hætti, sem segir í 45. gr., getur það verið hart aðgöngu fyrir félagið að vera eftirleiðis bundið við samninginn. Hefur því þótt vera ástæða til að veita því, er svo stendur á, almenna heimild til að segja samningnum upp með nokkrum fyrirvara.

Um 48. gr.

Greinin svarar algerlega til 8. gr., og vísast til aths. við þá grein.

Um 49. gr.

Fyrri mgr. er hliðstæð 9. gr., og síðari mgr. svarar til 2. mgr. 19. gr. Vísast til aths. við þær greinar.

Um 50. gr.

Með grein þessari eru ákvæði 45.—49. gr. gerð að mestu leyti ófrávíkjaleg í félagsins þágu. Þó má semja um skipti á notkun hlutfallsreglunnar og orsakareglunnar sbr. 2. og 3. mgr. 45. gr.

Þegar um er að ræða hluti, sem vátryggðir eru í þágu þriðja manns og eru í vörzlum vátryggingartaka, er að sjálfsögðu meiri hætta á því, að hann verði þess valdur, að áhættan eykst, en vátryggður, sem engin umráð hefur yfir hlutnum. Er þá þetta atferli vátryggingartaka lagt að jöfnu við það, að um atferli vátryggðs sjálfs væri að ræða. Sama gildir um vátryggingu gegn rekstrartapi, er vátryggingartaki hefur fyrirtækið með höndum fyrir vátryggðan.

Varúðarreglur.

Um 51. gr.

Í vátryggingarsamningum er oftlega áskilið frá félagsins hálfu, að tiltekinnar varúðar sé gætt til þess að afstýra því, að vátryggingaratburðurinn gerist, eða til þess að draga úr tjóni því, er af honum kynni að leiða. Það leysir eigi ávallt félagið frá skuldbindingu sinni, að þessarar varúðar er ekki gætt. Félagið er þá ábyrgt, að svo miklu leyti, sem telja má sannað, að það hafi eigi verið að kenna vanrækslunni að vátryggingaratburðurinn gerðist eða hafði svona miklar afleiðingar. Hér er því farið eftir orsakareglunni.

Vanræksla á að gæta hinnar áskildu varúðar hefur það í annan stað í för með sér, að félagið getur sagt samningnum upp, svo sem nánar segir í 2. mgr.

Samkvæmt 3. mgr. eru ákvæðin í 1. og 2. mgr. ófrávíkjanleg í félagsins þágu.

Ráðstafanir til að varna tjóni.

Um 52. gr.

Til þess er hægt að ætlast af vátryggðum, að hann, þegar vátryggingaratburðurinn hefur gerzt, geri það sem í hans valdi stendur til að draga úr tjóninu og gæti á annan veg hagsmuna félagsins, þar til það getur gætt þeirra sjálft. Vátryggður hefur oft aðstöðu til þessa, sem félagið hefur ekki. Sbr. um þetta l. nr. 17 2. nóv. 1914, 16. og 17. gr. Það er eðlileg afleiðing af vanrækslu hans í þessu efni, að félagið ábyrgist eigi það tjón, sem ætla má, að af henni hafi hlotizt.

Ákvæði greinarinnar eru ófrávíkjanleg með sama hætti og ákvæði 51. gr.

Um 53. gr.

Vátryggður kann að hafa haft kostnað af ráðstöfunum þeim, sem hann gerir samkvæmt 52. gr., vegna félagsins, eða hann hefur orðið fyrir tjóni af þeim. Félaginu ber þá að bæta honum kostnað þennan og tjón, og það þótt bæturnar verði þá hærri en vátryggingarfjárhæðin.

Ef vátryggt er fyrir lægri upphæð en verð hinna vátryggðu hagsmuna er, ber félagið aðeins ábyrgð á greiðslum þessum að tiltölu við vátryggingarfjárhæðina, sbr. 40. gr.

Vátrygging hagsmuna þriðja manns.

Í 35. gr. er það tekið fram, að vátryggja megi hvort heldur er hagsmuni vátryggingartaka sjálfs eða þriðja manns. Vátryggingar hagsmuna þriðja manns eru mjög tíðar og liggja til þeirra ýmsar ástæður. Venjulegast er þá um þess konar lögskipti vátryggingartaka og vátryggðs að ræða, sem fela í sér skyldu vátryggingartaka til að vátryggja hagsmuni hins í eigin nafni, t. d. kaupsamning, sbr. cif-kaup, l. nr. 39 19. júní 1922, 64. gr., leigusamning, veðsetning, geymslusamning, umboðssölu (kommission). Stundum eru og hagsmunir þriðja manns vátryggðir, þótt vátryggingartaka beri engin skylda til þess, einkum þegar slíkt getur varðað hagsmuni ótiltekinna manna, t. d. er vörur eru sendar til markaðsstaðar óseldar og vátryggðar í þágu hins væntanlega kaupanda. Hins vegar horfir málið öðruvísi við, er maður samkvæmt umboði annars manns tekur vátryggingu á hagsmunum hans. Þá er umbjóðandinn hinn vátryggði en umboðsmaðurinn eigi neinn aðili að vátryggingarsamningnum.

Áður var litið svo á, að vátrygging í þágu þriðja manns væri því aðeins gild, að þriðji maður annaðhvort hefði falið vátryggingartaka að taka hana eða sam-

þykkt hana eftir á. Í l. nr. 17 2. nóv. 1914, 2. gr., segir, að ef maður tekur vátryggingu fyrir hönd annars manns án umboðs hans, skuli hann geta þess berum orðum, að hann hafi eigi umboð til þess. Ella sé vátryggingin ógild. Ákvæði þetta er ekki tekið upp í frumvarpið, og ákvæði þess byggist á því sjónarmiði, að lögskipti vátryggingartaka og vátryggðs séu óviðkomandi lögskiptum vátryggðs og félagsins. Það sé samningurinn sjálfur, sem þeim ráði. Réttur þriðja manns (vátryggðs) sé algerlega sjálfstæður réttur.

Um 54. gr.

Þegar um vátryggingu hlutar er að ræða, er það oft svo, að ýmsum öðrum en eiganda hlutarins er það hagsmunamál, hvort hluturinn ferst eða eigi, hvort hann verður fyrir skemmdum eða eigi. Þannig er því t. d. farið um þá, sem veð eiga í hlutnum, þá, sem eiga rétt á að nota hann og yfirleitt alla, sem eiga óbein eignarréttindi í hlutnum. En þetta getur jafnvel verið hagsmunamál fyrir menn, sem engin réttindi eiga yfir hlutnum. Þannig er því varið um þann aðila kaupsamnings, sem ber áhættuna af því, að hinn seldi hlutur farist, sbr. l. nr. 39 19. júní 1922, 17., 37., 62.—65. gr. Sú áhætta getur fallið á kaupanda áður en hann yrði talinn orðinn eigandi söluhlutarins, þ. e. skylda til að greiða kaupverðið, hvort sem hann fær hið selda eða eigi.

Þegar nú hinn vátryggði hlutur ferst og til þess kemur að greiða vátryggingarverðið, er málið einfalt, ef enginn annar en eigandinn á hagsmuni tengda við hlutinn. Hann á þá einn rétt til bótanna. Séu hagsmunir annarra við hlutinn tengdir, hluturinn er t. d. veðsettur, er fleiri en ein lausn málsins hugsanleg. Ein er sú, að telja eigandann einan vera vátryggðan og greiða honum allar bæturnar. Ef nú veðskuld hvílir á hlutnum, sem veðþolinn ber ekki persónulega ábyrgð á, leiðir þetta til þess, að hann fær hærri bætur en skaða hans nemur. Ef eigandinn á hinn bóginn væri aðeins talinn eiga rétt á bótum fyrir tjón sitt, þá mundi það, er slíkar veðskuldir hvíla í hlutnum, leiða til ástæðulauss gróða fyrir félagið, sem miðað hefði iðgjaldið, sem það áskildi sér, við það, að það e. t. v. yrði að greiða allt verð hlutarins. Þriðja lausnin er að telja alla, sem hagsmuni hafa af því, að hluturinn varðveitist, vera vátryggða, og greiða þeim öllum bætur svo langt sem vátryggingarfjárhæðin nær. Fær þá hver sitt, og er sú lausn eðlilegust, og þá leið er farið í grein þessari.

Um sjóveðsrétt gildir þessi regla þó því aðeins, að persónuleg krafa gegn eiganda veðsins sé veðréttinum samfara. Mörgum sjóveðskröfum er svo varið, að veðhafinn getur aðeins leitað fullnustu þeirra í tilteknum eignum veðþola, skipi, farmgjaldi eða farmi. Í 238. gr. sigll. nr. 56 30. nóv. 1914 segir, að bætur þær, sem ábyrgðarsali skal greiða fyrir skip og farmgjald, skuli ekki koma í stað hins vátryggða veðs, sbr. 246. gr. að því er varðar sjóveð í farmi. Er þetta gömul regla í sjóréttinum og hefur nú nýlega fengið alþjóðlega staðfestingu með alþjóðasamþykktunum í Brüssel 25. ág. 1924 og 10. apríl 1926, um ábyrgð útgerðarmanns og veð í skipum.

Tilskilið kann að vera í samningi, að vátryggingin skuli falla niður, ef eigandaskipti verða að hinum vátryggða hlut. Bagalegt gæti orðið fyrir vátryggðan, ef slíku ákvæði væri fylgt út í æsar, og því er ákveðið, að vátryggingin skuli, þrátt fyrir þetta samningsákvæði, halda gildi sínu nokkurn tíma frá eigendaskiptunum. Vátryggður fær þá ráðrúm til að afla sér nýrrar tryggingar. Um sjóvátryggingu á skipi eru sérreglur settar í 76. gr.

Um 55. gr.

Grein þessi hefur aðallega þýðingu, þegar um brunatryggingu er að ræða, og munu ákvæði hennar, í öllu falli að því er tekur til búsmuna maka og barna vátryggingartaka, vera í samræmi við venjur, sem fylgt hefur verið að undanförnu.

Um 56. gr.

Samningur um vátrygging á hagsmunum þriðja manns er einn hinna svokölluðu þriðjamannsgerninga (negotia in favorem tertii). Um þá eru engin almenn ákvæði

í íslenzkum lögum og því nokkur vafi á því, hvaða reglum um þá skuli beitt í einstökum atriðum. Í greininni er leyst úr nokkrum þeirra spurninga, sem rísað þegar um vátryggingu á hagsmunum þriðja manns er að ræða. Fyrst og fremst kemur það fram í greininni, að vátryggingartaki hefur forræði yfir málinu. Hann getur samið við félagið um breytingar á samningnum, hann getur sagt samningnum upp eða rift honum, ef riftunarskilyrði að öðru leyti eru fyrir hendi. Félagið má svo aftur af sinni hálfu skoða hann sem forráðamann málsins og getur t. d. beint uppsögnum og öðrum tilkynningum til hans. Eru þessar ráðstafanir jafngildar gagnvart þriðja manni, sem hann hefði sjálfur átt þar hlut að máli.

En þetta forráð vátryggingartaka getur verið takmörkunum bundið samkvæmt lögskiptum hans og þriðja manns. Ef vátryggingartaki hefur t. d. lofað þriðja manni því að segja ekki samningnum upp, er uppsögn hans óheimil, og hún er þá ekki bindandi fyrir þriðja mann, ef félaginu er eða má vera kunnugt um þetta loforð. Sé félagið hins vegar grandlaust, er þessi ólögmæta ráðstöfun gildandi gagnvart þriðja manni. Þegar um flutningatryggingar er að ræða, og út hefur verið gefið flutningsskírteini, sem lýtur reglunum um viðskiptabréf, verður grandleysi félagsins að styðjast við handhöfn vátryggingarskírteinisins.

Um 57. gr.

Af ákvæðum 1. mgr. leiðir það, að þegar vátryggingaratburðurinn hefur gerzt, er það þriðji maður (vátryggður), sem forrræði hefur yfir málinu, og er þá skipt um frá því, sem ráð er fyrir gert í 56. gr. Vátryggingartaki getur þó enn samið við félagið um bæturnar og tekið við greiðslu þeirra, nema um eitt af þrennu sé að ræða: 1) vátryggingartaki hafi nefnt til ákveðinn mann sem rétthafa, 2) einhver hafi gefið sig fram við félagið, sem rétthafi eða 3) vátryggður eigi þinglýstan rétt til vátryggðrar fasteignar. Af síðastnefnda ákvæðinu leiðir það, að félagið verður sjálft að grennslast eftir hverjir eigi þinglýst réttindi yfir fasteigninni, sem það hefur tryggt. Loks gilda um þetta ákvæðin í niðurlagi 56. gr., um handhöfn vátryggingarskírteinis sem skilríkis fyrir þann, er telur sig vera rétthafa.

Um 58. gr.

Ef eigandi hinnar vátryggðu eignar hefur bætt úr skemmdum þeim, er hún varð fyrir við vátryggingaratburðinn, er trygging veðhafa orðin jafngóð og hún áður var og hann hefur þá ekkert tjón beðið og á þar af leiðandi engan rétt til bóta. Sama gildir jafnan endranær, er svo er komið, að sá sem átti hagsmuni þá, sem skertir voru við vátryggingaratburðinn, hefur fengið aðstöðu til að njóta þeirra hagsmuna sinna eins og hann áður gat. Að öðrum kosti skiptast bæturnar milli þessara aðila eftir því sem réttindum þeirra innbyrðis er varið.

B. Sjóvátrygging og önnur flutningatrygging.

1. Sjóvátrygging.

Sjóvátrygging er hin eina vátryggingartegund, sem ýtarlegar almennar reglur eru um í íslenzkum lögum, l. nr. 17 2. nóv. 1914. Þau lög eru þýðing á 10. kafla norrænu siglingalaganna, sem samin voru um 1890. Á þeim áratugum, sem síðan eru liðnir, hafa orðið margar og miklar breytingar í siglingamálum, og er því sízt að undra, þótt ýmis ákvæði laganna séu úrelt orðin.

Þess má geta, að ákvæði þessa kafla, 59.—76. gr., eru flestöll frávíkjanleg.

Nokkur ákvæði, er sérstaklega eiga við sjóvátryggingu, er að finna annars staðar í frumvarpinu, sbr. 6., 45., 54., 56. og 57. gr.

Um 59. gr.

Hér er það skilgreint, hvað sé sjóvátrygging, og svarar greinin til 1. greinar l. nr. 17 frá 1914. Aðalatriðið í skilgreiningunni er það, að sjóvátryggingin á að

bæta tjón, er stafar af hættum, er að kunna að steðja að, meðan á flutningum á sjó stendur. Hún nær ekki aðeins til háska, er af sjónum kann að stafa (perils of the sea), heldur og háska, sem fyrir kann að koma á sjó (perils on the sea) t. d. eldsvoða í skipi.

Í 1. gr. l. frá 1914 er það tilskilið, að hagsmunir þeir, er tryggja á, velti á því, að skip eða farmur, sem lagður er í hættu á sjó, týnist ekki eða rýrni í þeim háska. Skilgreining frumvarpsins er rýmri en þetta. Hún getur tekið til vátryggingar á hagsmunum, sem eigi er svo farið, t. d. bótaábyrgð útgerðarmanns gegn þriðja manni fyrir tjón, er orðið hefur við flutningana. Enda þótt það kunni að virðast eðlilegast, að einskorða trygginguna við sjálfan flutninginn, þá er það þó hagkvæmara að láta trygginguna ná lengra bæði aftur og fram í tímann. Þegar vara sú, sem flytja á, er afhent afgreiðslu skipsins til varðveizlu um lengri eða skemmri tíma, þar til henni verður skipað út, og gefið strax út farmskírteini (received for shipment — farmskírteini), er hagkvæmt að láta sjóvátrygginguna einnig tryggja varninginn fram að því, að honum er skipað út. Sama er að segja um tjón, er kann að verða við uppskipun vörunnar á ákvörðunarstað. Þá er tryggingin eigi heldur fastlega bundin við flutning á sjó. Þegar vara er send með gagnfæru farmskírteini (through bill of lading) tekur sjóvátryggingin til flutningsins alla leið, enda þótt varan sé flutt landveg nokkurn hluta leiðarinnar.

Um 60. gr.

Frá hinni almennu reglu gr. eru gerðar undantekningar í 61.—63. gr. Algengt er, að samið sé um frekari undantekningar, t. d. að ófriðarhætta sé undanskilin.

Um 61. gr.

Það er almenn regla um tryggingu á hlutum, að hún tekur aðeins til verðs hinna tryggðu muna og því aðeins til annarra hagsmuna, að svo sé sérstaklega um samið, sbr. 36. gr. Frá þessu er vikið um sjóvátryggingar, því samkvæmt gr. felst ábyrgðartrygging í sjóvátryggingunni svo sem nánar segir í greininni. Er þetta í samræmi við eldri rétt.

Um 62. gr.

Greinin er í öllu verulegu í samræmi við l. nr. 17 2. nóv. 1914, 20. gr. tölul. 2 og 3. Reglan í niðurlagi 3. tölul., um ábyrgð á tjóni, sem hlýzt af því, að ferðin hefur dregizt óvenjulega lengi, er þó ekki tekin með hér. Þykir einsætt, að félagið sé ábyrgt, er tjónið stafar af töf vegna atburðar, er það ber áhættuna af, án tillits til þess, hvort vörunni er meira eða minna hætt við skemmdum.

Um 63. gr.

Greinin kemur í stað l. nr. 17 2. nóv. 1914, 20. gr. 1. tölul.

Samkvæmt greininni verður samningurinn ekki ógildur, þótt skipið sé óhaffært, heldur leysist félagið við ábyrgð á tjóni því, sem hlýzt af því, að skipinu er svona áfátt. Í l. nr. 17 frá 1914 var miðað við ástand skipsins, er það lét út í ferðina. Getur oft verið örðugt að ákveða það, hvenær ferð skips skuli talin byrja, og er hér því í þess stað miðað við ástand þess, er það lætur síðast úr höfn. Þá er hér og vikið frá eldri reglum að því leyti, að félagið er því aðeins laust úr ábyrgð, að ætla megi að útgerðarmaður eða skipstjóri hafi vitað eða mátt vita um það, sem áfátt var.

Um 64. gr.

Þegar sameiginlegt sjótjón ber að höndum, getur verið um tvennt að ræða, að tjón verði á hinum vátryggðu hagsmunum, og ber félagi því, er tekið hefur á sig vátryggingu þeirra, að bæta það tjón samkvæmt vátryggingarsamningnum, sbr. 66. gr. Í annan stað er svo bótakrafa þess, er átti hagsmuni þá, er í sölurnar voru lagðir, og fylgir þeirri kröfu sjóveðréttur í skipi, farmgjaldi og farmi sbr. siglinga-

lögin 236. og 244. gr. Í þessu síðarnefnda tilviki er ekki um að ræða tjón á hinum vátryggðu hagsmunum sjálfum, og tilvikið fellur því í rauninni ekki undir skaðatryggingu sbr. 36. gr. En frá fornu fari hefur reglan verið sú, að félagið yrði að svara til framlags hinna vátryggðu hagsmuna til sjótjónsbótanna, sbr. l. nr. 17 2. nóv. 1914, 22. gr. Heimild fyrir þessari bótaskyldu félagsins verður eftirleiðis að finna í þessari grein.

Um 65. gr.

Réttarreglur þjóðanna um sameiginlegt sjótjón eru frábrugðnar í ýmsum efnum og er slíkt bagalegt, er um svo alþjóðleg lögskipti er að ræða, sem oft varða hagsmuni manna af ýmsum þjóðum. Úr því hefur verið reynt að bæta með setningu hinna svonefndu York-Antwerpen reglna. Reglur þessar, er síðast voru endurskoðaðar í Amsterdam 1950, eru hvergi lögteknar, en til þeirra er almennt vitnað í farmsamningum og vátryggingarsamningum. Þessar reglur eru fyrst og fremst hafðar fyrir augum í 65. gr., og felur hún það í sér, að félagið skuli hlýta því, að niðurjöfnunin fari eftir slíkum reglum, sem almennt eru notaðar í alþjóðlegum viðskiptum, ef svo er kveðið á í farmsamningi, enda þótt það sé eigi ákveðið í vátryggingarsamningnum.

Um 66. gr.

Samkvæmt l. nr. 17 2. nóv. 1914, 21. gr. er ábyrgð félagsins, er sameiginlegt sjótjón ber að höndum, aðeins varaábyrgð. Vátryggður verður að bíða þess, að sjótjónsreikningur sé gerður, og getur þá fyrst krafið félagið bóta, er sýnt er, að hann nær ekki bótum annars staðar. Hér er frá reglu þessari vikið. Vátryggður getur krafið bótanna strax og þarf ekki að bíða eftir því að sjótjónsreikningurinn sé gerður. En félagið öðlast þá jafnframt, er það hefur greitt honum bæturnar, rétt hans á hendur öðrum hluttakendum í sjótjóninu.

Um 67. gr.

Það skiptir að sjálfsögðu miklu máli um áhættu félagsins, á hvaða skipi hinn vátryggði varningur er fluttur. Venjulega er kveðið á það í samningnum, hvert skipið sé, og sé þá skipt um skip, hefur það þær afleiðingar um ábyrgð félagsins, er nánar er lýst í grg., og eru þær nokkuð mismunandi eftir því, hvort skipt er um skip áður eða eftir að ferðin er hafin.

Um 68. gr.

Það getur skipt miklu máli um áhættu félagsins, hvaða leið skipið á för um. Greinin ræðir um áhrif þess á skyldur félagsins, ef vikið er frá leið þeirri, sem ráðgert var í samningnum að farin skyldi eða að öðru leyti má telja rétta leið, en um þetta efni eru nú ákvæði í l. nr. 17 2. nóv. 1914, 25. og 26. gr. Það er nýmæli hér, að þótt ábyrgð félagsins ljúki vegna afvika skips frá réttri leið, þá hefst hún aftur, er skipið á ný er komið á rétta leið, enda megi ætla, að afvikin hafi eigi skipt máli um það, að tjónið varð eða hversu mikið það varð.

Sams konar reglur gilda, ef skipið kemst út fyrir siglingasvæði það, sem vátryggingin tekur til. Hér er átt við það, er áskilið er í samningnum, að vátryggingin skuli eigi ná til atburða, er verða á tilgreindum hafsvæðum, t. d. ef skipið kemst norður fyrir tiltekinn breiddarbaug.

Um 69. gr.

Þegar um björgun með skipi er að ræða og björgunarlaunin eru ákveðin, skal m. a. taka tillit til skaða þess, er skipið kann að hafa orðið fyrir við björgunina. Útgerðarmaðurinn fær með ö. o. það tjón sitt bætt með nokkru af björgunarlaununum. Ef hann þá jafnframt mætti krefjast þess, að félagið bætti sér þetta tjón, yrði niðurstaðan sú, að hann fengi tvöfaldar bætur og mundi það fara í bága við ákvæði 39. gr. Hér er því mælt svo fyrir, að bætur þær, sem fengust með björgunarlaununum,

skuli koma til frádráttar bótagreiðslu félagsins, og komi þetta fyrst í ljós, eftir að félagið hefur greitt bæturnar, á það endurgreiðslukröfu á hendur vátryggðum.

Um 70. gr.

Ef hinir vátryggðu hlutir farast algerlega, t. d. sjóvátryggðar vörur brenna algerlega, er um algert tjón að ræða og ber félaginu þá að greiða vátryggingarfjárhæðina að fullu. Hafi hluturinn hins vegar eigi farið algerlega forgörðum, ber því aðeins að greiða svo mikinn hluta af vátryggingarfjárhæðinni, sem svarar til þess tjóns, sem orðið hefur. Þetta eru þær reglur, sem almennt gilda, en við sjóvátryggingu hefur frá fornu fari félaginu verið gert að skyldu að greiða bætur, sem um algert tjón væri að ræða, í sumu þeim tilfellum, þar sem þó einhver hluti hinna vátryggðu verðmæta enn er við líði. Jafnframt öðlast það þá þann rétt, sem vátryggður enn kann að eiga. Um þetta eru ákvæði í l. nr. 17 2. nóv. 1914, fjórða kafla. Um þetta efni fjalla 70.—73. gr. frumvarpsins. Í þessari gr. ræðir um það tilvik, að skipið hefur eigi algerlega farið forgörðum, en er svo komið, að annaðhvort er ekki unnt að bjarga því með hæfilegum tilkostnaði, eða hefur orðið fyrir svo miklum skemmdum, að það er eigi þess virði, að við það sé gert. Í 2. mgr. eru svo samsvarandi reglur um farm að því viðbættu, að bæta skal farm, sem um algert tjón væri að ræða, er honum hefur verið skipað upp á stað, sem hann eigi verður sóttur til innan hæfilegs tíma eða með hæfilegum tilkostnaði. Þegar svo er komið, má oftast segja, að farmurinn sé eigandanum glataður.

Um 71. gr.

Hér ræðir um það, er skip hverfur, og má þá krefja bóta sem fyrir algert tjón, hafi það eigi komið fram 3 mánuðum eftir að síðast spurðist til þess.

Um 72. gr.

Hér er vátryggðum veittur réttur til bóta fyrir algert tjón, er erlent ríki tálmar för skipsins eða farms þess og fjármunir þessir hafa eigi verið látnir lausir innan tiltekins frests. Í 2. mgr. er settur frestur til að koma fram með slíka bótakröfu.

Um 73. gr.

Þegar félagið hefur greitt bætur samkvæmt 70—72. gr., enda þótt hinir vátryggðu munir séu eigi algerlega glataðir, er eðlilegt, að það þá jafnframt eignist það, sem enn kann að vera eftir af þeim. Ef t. d. skip, sem horfið var, síðar kemur í leitirnar, eftir að félagið hefur greitt bæturnar, þá verður það eign félagsins.

Í síðari mgr. felst sú sjálfsagða regla, að sé um vátryggingu undir verði að ræða, eignist félagið aðeins tiltölulegan hluta verðmætanna.

Um 74. gr.

Í sjóvátryggingum er litið svo á, að vátryggingarfjárhæðin sé aðeins hámarksupphæð bótaskyldu félagsins vegna hvers vátryggingaratburðar fyrir sig, en ekki hámark skuldbindingar félagsins allt vátryggingartímabilið. Ákvæði greinarinnar gilda ekki, þegar alger skaði verður. Vátryggingunni er þá lokið. Ef hinir vátryggðu hagsmunir glatast alveg, eru þeir þar með hættir að vera til, og sé eitthvað af þeim enn við líði, hverfur það til félagsins samkvæmt 73. gr. og er vátryggingunni lokið í báðum þessum tilfellum.

Um 75. gr.

Samkvæmt 37. og 38. gr. er aðalreglan sú, að vátryggingarverðið skuli vera gangverð hinna vátryggðu hagsmuna á þeirri stund, er vátryggingaratburðurinn gerist, eða sem næst því. Í sjóvátryggingum er frá þessari reglu vikið og svo er og gert í þessari gr. Liggja til þess ýmsar ástæður, m. a. sú, að stundum er alveg óvíst, hvenær vátryggingaratburðurinn hefur gerzt, svo sem þá er skip hverfur í hafi. Hér er í 1. mgr. ákveðið, að vátryggingarverð skips skuli vera verð þess, er ábyrgð félagsins

hófst. Þá er í 2. mgr. ákvæði um „verðsett skírteini“, er tilgreint er tiltekið verð á skipinu. Er slík ákvörðun bindandi fyrir félagið, ef það eigi getur sannað, að verðið sé ósanngjarnlega hátt. Loks er í 3. mgr. kveðið á um vátryggingarverð á varningi og þá miðað við verðlagið á fráfararstaðnum að viðbættum ýmsum kostnaðarliðum, og er þá miðað við fob-verð vörunnar.

Um 76. gr.

Ljúki vátryggingunni meðan skipið er á ferð, mundi oft reynast örðugt að afla nýrrar tryggingar, er tekið gæti við af hinni fyrri samstundis. Þykir sanngjarnt að vátryggingin framlengist, þegar svona stendur á, fram til loka komudags skipsins til hins fyrsta ákvörðunarstaðar þess. Gefst þá vátryggðum ráðrúm til að taka nýja tryggingu.

Þessi regla er þó ekki látin gilda, er ástæðan til slita tryggingarinnar er vanskil á greiðslu iðgjaldsins.

2. Önnur flutningavátrygging.

Um 77. gr.

Aðrar flutningavátryggingar en sjóvátryggingar eru t. d. vátryggingar á loftförum og á bifreiðum. Vátryggingin getur bæði tekið til flutningatækisins og varnings þess, er fluttur er. Grein þessi, sem er hliðstæð 60. gr., sker úr um það, til hvaða hagsmuna tryggingin skuli talin ná.

Um 78. gr.

Hér eru taldir ýmsar gr. úr kaflanum um sjóvátryggingar, er eftir skuli farið, þegar um aðrar flutningatryggingar er að ræða. Vísast til athugasemdanna við greinar þessar hverja um sig.

C. Brunatryggingar.

Um 79. gr.

Ákvæði þessa kafla, 79.—88. gr., eiga aðeins við þá brunatryggingu, sem er trygging á hlutum, sbr. 36. gr., og taka því ekki til tryggingar annarra hagsmuna gegn tjóni af bruna, t. d. ekki til bóta fyrir atvinnutjón, sem af slíkum atburðum kann að leiða. Ábyrgðin tekur ekki aðeins til tjóns, er verður beinlínis af völdum elds, heldur og skaða, sem verður það óbeinlínis, t. d. hlýzt af reyk eða vatni við eldsvoða.

Ábyrgðin er takmörkuð við tjón, sem hlýzt af „eldsvoða“. Er þetta gert til að undanskilja smábruna ábyrgðinni. Um „eldsvoða“ í merkingu frumvarpsins er því aðeins að ræða, að eldur sé „laus“, sem kallað er, þ. e. að honum séu ekki sett tiltekin mörk af mönnum. Auk þess verður eldurinn að hafa náð nokkru magni. Takmörkin milli þessa tvenns eru eigi glögg, og verður það matsatriði hverju sinni, hvort bruni telst eldsvoði eða eigi. [1]Með því að tryggingin tekur aðeins til tjóns af eldsvoða, tekur vátryggingin ekki til tjóns, er verður við sprengingu, nema svo sé sérstaklega um samið, eða sprengingin stafi af eldsvoða. Tryggingin mundi eigi heldur taka til þess, er þiljur sviðnuðu af hita frá ofni, eða neisti hrykki úr eldstæði og sviði gat á gólfdúk. En leiði þessi atvik til eldsvoða, tekur tryggingin til tjóns, er af honum verður.

Um 80. gr.

Hér eru munir af ásettu ráði lagðir í hættu, og er eðlilegt, að það hafi áhrif um ábyrgð félagsins. Er regla þessi í samræmi við almennar venjur í brunatryggingum, og leiðir hún til þess, að ýmiss konar minni háttar tjón verður undanskilið bótum.

Um 81. gr.

Ákvæði fyrri mgr. hafa að vísu eigi mikla raunhæfa þýðingu hér á landi, þar sem tjón af eldingum er mjög fátítt, en rétt þótti þó að taka ákvæði þessi í frum-

varpið, enda mun það vera almenn venja, að félögin séu talin bera ábyrgð þá, er hér um ræðir.

Um síðari mgr. skal þetta tekið fram: Ef sprenging hlýzt af eldsvoða, skal bæta það tjón, er af henni leiðir samkvæmt 79. gr. Ef bruni hlýzt af sprengingu, gildir hið sama. Tjónið, sem af því leiðir, telst brunatjón. Tjón, sem endranær hlýzt af sprengingu, ábyrgist félagið ekki, nema svo hafi verið sérstaklega um samið. Gildir þetta t. d. um tjón, sem verður við ketilsprengingu.

Um 82. gr.

Eftir almennum reglum ber vátryggðum að sanna, að munir, sem brunatryggðir voru og hann hefur misst við eldsvoða, hafi farizt af ástæðum, sem félagið ber ábyrgð á, þ. e. að þeir hafi eyðzt af bruna. Oftlega mundi honum vera það ókleift, að sanna þetta, og ýmsar aðrar orsakir gætu til þess legið, að hluturinn væri horfinn. Ábyrgð félagsins er því einnig látin ná til þess, er munir hverfa við eldsvoða, hvort heldur er við þjófnað eða af öðrum orsökum. Þetta tekur þó aðeins til tjóns, er verður við eldsvoðann, og tekur ábyrgðin því t. d. ekki til þess, er munum, sem bjargað hefur verið úr eldsvoða, seinna er stolið úr geymslu, sem þeim hefur verið komið í.

Lög nr. 85 22. nóv. 1907, 27. og 28. gr., hafa að geyma reglur hliðstæðar þeirri, er felst í 2. málsl. 82. gr., og síðastnefnd regla er í samræmi við almennar reglur um neyðarrétt, sbr. almenn hegningarlög nr. 19 12. febr. 1940, 13. gr. Regla 2. málsl. er annars mjög í samræmi við 52. og 53. gr. frumvarpsins. Hin sérstaka þýðing hennar er sú, að hún hefur það í för með sér, að umrætt tjón er talið vera brunatjón, og getur því sá, sem fyrir því verður, gengið að því félagi, sem hann hefur vátryggt þessa hagsmuni sína hjá, um bætur fyrir tjón sitt.

Um 83. gr.

Það getur stundum skipt miklu máli um áhættu félagsins, hvar hinir vátryggðu munir eru niður komnir. En oftar hagar þó svo til, að áhætta félagsins eykst ekkert við það, þótt munirnir séu fluttir á annan stað en þann, er greinir í skírteininu að þeir séu á. Aðalreglan er því sú, að það skiptir engu um ábyrgð félagsins þótt slíkur flutningur eigi sér stað. Frá aðalreglu þessari eru þó gerðar veigamiklar undantekningar. Ef félagið eigi mundi hafa tekið hlutinn í tryggingu, hefði það vitað hvar hann var niður kominn, tryggt hann með öðrum skilmálum eða endurtryggt sig fyrir hærri upphæð, er það laust úr ábyrgð sinni.

Í 2. mgr. eru sérreglur um búsmuni, og er ábyrgðin þá nokkru víðtækari, þegar þeir til bráðabirgða eru á öðrum stað innan ríkis. Hámarksfjárhæðin, sem hér er ákveðin, er nokkru hærri en í lögum hinna Norðurlandanna, og er sú hækkun gerð vegna breytinga þeirra, sem orðnar eru á verðgildi peninganna.

Um 84. gr.

Ákvæði greinarinnar spara aðilum nýjar samningagerðir við lok hvers vátryggingartímabils. Gilda þau aðeins um vátryggingar, sem gerðar eru til eins árs, en eigi, þegar vátryggingartíminn er lengri eða skemmri en eitt ár.

Um 85. gr.

Í 18. og 19. gr. er kveðið á um áhrif þess á skyldur félagsins, er vátryggður verður þess sjálfur valdandi, að vátryggingaratburðurinn gerist. Vegna hins nána fjárhagssambands milli hjóna þykir rétt að meta það að jöfnu við það, að vátryggður verði þessa sjálfur valdur, ef maki hans, er með honum býr, veldur eldsvoðanum. Greinin gildir eigi, ef hjónin hafa slitið samvistum, þótt þau enn eigi séu skilin að borði og sæng eða lögskilnaði.

Um 86. gr.

Samkvæmt lögum nr. 73 4. júlí 1942, 13. gr., er réttur veðhafa til brunabótafjár nokkru rýmri en gert er ráð fyrir í þessari grein, enda eru ákvæði greinarinnar frávikjanleg í þágu veðhafanna, sbr. 88. gr.

86. gr. á aðeins við það, er félagið leysist úr ábyrgð gagnvart vátryggðum vegna þess, að því hafa verið gefnar rangar upplýsingar (4. og 6. gr.) eða vegna þess, að áhættan hefur aukizt með vilja vátryggðs, er hefur hinn vátryggða hlut í vörzlum sínum (50. gr., 2. mgr.). Um nokkur önnur tilvik, þar sem ábyrgð félagsins lýkur að nokkru eða öllu, er rætt í 87. gr. Atvik þau, er um ræðir í 18., 21.—23., 29.—30., 45.—48. og 52. gr., breyta aðeins rétti vátryggðs sjálfs gegn félaginu.

Um 87. gr.

Hér er enn að ræða um ákvæði veðhöfum til tryggingar. Samkvæmt 3. mgr. halda áðurnefnd ákvæði l. nr. 73 4. júlí 1942, 13. gr., gildi sínu. 4. mgr. á aðeins við um venjulegt fylgifé fasteignar, og taka ákvæði hennar því ekki til muna, sem gerðir eru að sérstöku fylgifé með ættaróðali samkvæmt l. nr. 116 30. des. 1943.

Um 88. gr.

Samkvæmt grein þessari eru ákvæði 86. og 87. gr. ófrávíkjanleg af félagsins hálfu í þá átt, að rýra rétt þann, sem veðhöfunum er veittur með nefndum greinum. Hins vegar er ekkert því til fyrirstöðu, að félagið veiti veðhöfunum enn frekari tryggingu í brunabótafénu en 86. og 87. gr. mæla fyrir um.

D. Búfjártrygging.

Um 89. gr.

Greinin er hliðstæð 91. gr., um ábyrgðartryggingu, og 120. gr., um slysatryggingu.

Svo mun tíðast vera um búfjártryggingar, að það sé skilyrði fyrir ábyrgð félagsins, að dýrin séu algerlega heilbrigð, þegar vátryggingin er tekin. Ef vátryggt dýr sýkist undir lok vátryggingartímans, á eigandinn þess ekki kost að fá það vátryggt að nýju, og deyi dýrið úr sjúkdómi þessum eða verði að slátra því vegna hans, eftir lok vátryggingartímans, mundi eigandinn engar bætur fá. Þykir því rétt að láta ábyrgð félagsins ná fram yfir vátryggingartímann, þegar svona stendur á.

Um 90. gr.

Þegar búfé er vátryggt, er tilætlunin sú, að vátryggður fái það bætt því verði, er það mundi hafa haft, hefði það eigi sýkzt eða slasazt, og er þá miðað við verð heilbrigðs dýrs á þeim tíma, er það dó eða því var slátrað, en ekki við verðlagið eins og það var, er það sýktist eða slasaðist.

E. Ábyrgðartrygging.

Um 91. gr.

Greinin er hliðstæð 89. gr. og vísast til athugasemdanna við þá grein.

Í þessu sambandi er atburður sá, er tjónið leiðir af, metinn sem vátryggingaratburður, en það, sem á eftir fer, tjónið, sem þriðji maður verður fyrir, bótakrafa hans, málssókn o. s. frv., metið sem afleiðing vátryggingaratburðarins. Af því leiðir svo annars vegar, að félagið er ábyrgt, þótt afleiðingarnar verði eigi fyrr en eftir að vátryggingartíminn er á enda, hafi vátryggingaratburðurinn gerzt á því tímabili, og á hinn bóginn að það ábyrgist ekki afleiðingar atburðar, er skeður áður en vátryggingin er tekin, þótt afleiðingar hans komi eigi í ljós fyrr en vátryggingartíminn er byrjaður.

Um 92. gr.

1. mgr. er í samræmi við 53. gr. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 93. gr.

Samkvæmt lögum nr. 18 22. marz 1949, 13. gr., er hægt að varna því, að kyrrsetning sé gerð fyrir kröfu, með því að setja nægilega tryggingu fyrir greiðslu hennar. Þegar um ábyrgðartryggingu er að ræða, er félaginu skylt að setja tryggingu þessa, ef vátryggður krefst þess, þó eigi hærri tryggingu en vátryggingarfjárhæðinni

nemur. Sama mundi gilda, er kyrrsetning, sem framkvæmd hefur verið, er afleyst. Neiti félagið ranglega að setja tryggginguna mundi það baka sér skaðabótaskyldu gegn vátryggðum, þó sennilega aðeins skyldu til að bæta honum fjártjón, sem hann biði vegna neitunar þess, en líklega ekki miskabætur samkvæmt 24. gr. laga 18/1949.

Um 94. gr.

Félagið ábyrgist aðeins þær bótakröfur, sem raunverulega hvíla á vátryggðum. Vátryggður getur að sjálfsögðu, ef hann vill, viðurkennt, að bótakrafan á hendur sér sé rétt, og er sú viðurkenning hans bindandi gagnvart kröfuhafanum. En þessi viðurkenning hans er ekki nægileg sönnun fyrir hann gegn félaginu, og ef félagið yrði að taka hana sem næga sönnun, mætti svo fara, að það yrði að bæta vátryggðum fjárútlát, sem honum voru eigi skyld. Er því eðlilegt, að félögin áskilji það í vátryggingarsamningunum, að slíkar viðurkenningar vátryggðs, sem gerðar eru án samþykkis þess, skuli eigi vera bindandi fyrir sig. Er hér mælt svo fyrir, að slíkir fyrirvarar skuli taldir vera gildir, en þó svo, að geti vátryggður sannað, að hann hafi eigi gert annað en honum var skylt að lögum, er hann greiddi kröfuna eða viðurkenndi hana, þá er félagið bótaskylt þrátt fyrir fyrirvarann, svo sem viðurkenningin hefði verið gerð með samþykki þess.

Um 95. gr.

Greinin hefur þá meginreglu að geyma, að þegar ákveðið hefur verið, bæði réttmæti bótakröfunnar og upphæð, eigi sá, sem tjónið beið, beinan aðgang að félaginu um greiðslu bótanna, að svo miklu leyti, sem kröfu hans hefur eigi þegar verið fullnægt. Þegar félagið greiðir þeim, sem fyrir tjóninu varð, efnir það þar með skuldbindingu sína við vátryggðan. Er þetta í fullu samræmi við þá almennu reglu um skaðasína við vátryggðan. Er þetta í fullu samræmi við þá almennu reglu um skaðatryggingar, að bæturnar eigi ekki að nema meiru en tjóninu, sbr. 39. gr. Ef félagið greiddi bæturnar til vátryggðs, gæti það leitt til þess, að hann auðgaðist á vátryggingunni, ef hann hagnýtti sér sjálfum fé, í stað þess að greiða það þeim, sem tjónið beið, og yrði vátryggður gjaldþrota og rynni fé inn í bú hans, mundu skuldheimtumenn hans hljóta við það óréttmæta auðgun.

Um 96. gr.

Grein þessi veitir þeim, sem fyrir tjóninu varð, tryggingu gegn því, að rétti hans samkvæmt 95. gr. verði spillt með samningum félagsins og vátryggðs, eftir að félaginu er orðið það kunnugt, að vátryggingaratburðurinn hefur gerzt.

III. KAPÍTULI

Líftryggingar.

Almenn ákvæði.

Um 97. gr.

Það hefur aldrei verið talið varhugavert að leyfa, að samið sé um, að vátryggingarfjárhæðin skuli greidd, er vátryggingartaki eða þriðji maður nær tilteknum aldri. Þá hefur það og eigi heldur verið talið varhugavert að ákveða, að vátryggingarfjárhæðin skuli greidd við lát vátryggingartaka sjálfs eða tilteknum tíma eftir lát hans. Hitt hefur þótt vafasamara, hvort leyfa skyldi vátryggingu þess efnis, að greiðsla vátryggingarfjárins sé háð því, að þriðji maður deyi. Getur það þá orðið hagsmunamál fyrir vátryggðan, að sá þriðji maður andist sem fyrst, og mætti vera að þriðja manni stafaði hætta af því. Í lögum sumra þjóða eru ákvæði, sem ætlað er að girða fyrir þessa hættu. Ekki þótti þó næg ástæða til þess að taka slík ákvæði upp í norrænu lögin um vátryggingarsamninga, enda eiga slík lagaákvæði frekar heima í öðru sambandi, t. d. í refsiréttinum eða í lögum um eftirlit af hálfu ríkisvaldsins með vátryggingum.

Um 98. gr.

Líftryggingarsamningar eru oftast gerðir til langs tíma, en samkvæmt grein þessari er það lagt á vald vátryggingartaka, hvort hann greiði iðgjöld oftar en í fyrsta skipti. Styðst þessi regla við það, að hagir vátryggingartaka kunna að breytast, t. d. svo, að hann nú eigi örðugt með að greiða iðgjöldin eða hann hafi eigi lengur hagsmuni af líftryggingunni. Þykir þá rétt að láta hann sjálfan ákveða það, hvort hann vill halda tryggingunni við eða eigi. Fyrsta iðgjaldið verður hann hins vegar að greiða og samkvæmt 12. gr. fellur það í gjalddaga strax, er samningurinn er gerður, sé eigi öðruvísi um samið.

Um 99. gr.

Aukning áhættu skiptir miklu minna máli í líftryggingum en í skaðatryggingum. Þegar greiða á líftryggingarfé við lát manns, hefur það almennt engin áhrif um skyldu félagsins, hvort hann lifir heilsusamlegu lífi eða eigi, og það hefur heldur engin áhrif, þótt hann sýkist af alvarlegum sjúkdómi, og hættan á því, að hann látist, vaxi af þeim sökum. Samsvarandi gildir, þegar tryggingarfé á að greiðast, er maður hefur náð tilteknum aldri. Þótt hann fari gætilega með heilsu sína og skapi þannig skilyrði til þess, að hann lifi lengur en ella, getur félagið eigi að neinu leyti leystst undan skyldu sinni við það. Til þess að hættuaukning hafi slík áhrif, verður félagið að hafa áskilið það við samningsgerðina, og verður það þá að vera tekið skýrt fram í skírteininu, bæði hvaða áhættuaukning skipta skuli máli og hvaða áhrif hún skuli hafa, hvort hún hafi það í för með sér, að vátryggingin falli algerlega úr gildi, eða að félagið leysist að nokkru undan skyldum sínum.

Um 100. gr.

Hér ræðir um áhrif þess um skyldur félagsins, að vátryggður fremur sjálfsmorð, en um sjálfsmorð er því aðeins að ræða, að maður af ásettu ráði svipti sig lífi. Ákvæði greinarinnar gilda því ekki, þótt segja megi, að vátryggður hafi með óvarkárni sinni bakað sér líftjón. Það er félagsins að sanna, að um sjálfsmorð hafi verið að ræða. En þótt sönnur séu að því leiddar, hefur það engin áhrif um skyldur félagsins, ef vátryggingin hefur verið óslitið í gildi síðustu 2 árin eða telja megi það sannað, að vátryggingin hafi ekki skipt máli um þá ákvörðun vátryggðs að fremja sjálfsmorðið.

Um 101. gr.

Í grein þessari er gert ráð fyrir því, að þótt félagið leysist úr ábyrgð, hvort heldur er samkvæmt ákvæðum laganna eða samkvæmt skilmálum þeim, sem settir eru í samningnum, þá geti þó orðið bæði um greiðslu á endurkaupsverði tryggingarinnar og breytingu hennar í iðgjaldafrjálsa tryggingu að ræða. Er kveðið svo á, að um það skuli fara eftir lögum eða samningum. Er þess að geta, að enn hafa eigi verið sett lög um það efni hér á landi og ráða því samningar aðilanna.

Höfuðstólstrygging.

Höfuðstólstryggingar eru hér nefndar allar þær líftryggingar, þar sem greiða skal tryggingarfjárhæðina út í einu lagi, er vátryggingaratburðurinn gerist. Lífeyristryggingar (sbr. 118. gr.) eru á hinn bóginn þær tryggingar, þar sem vátryggingarfé er greitt smátt og smátt.

Um 102. gr.

Það er altítt, að vátryggingartaki tilnefni annan mann sem rétthafa í sinn stað. Það er t. d. algengt, að giftir menn tryggi sig á nafn konu sinnar, þannig að líftryggingarfjárhæðin gangi til hennar. Loforð félagsins um að greiða konunni fé er þá einn hinna svonefndu „þriðjamannsgerninga“ (negotia in favorem tertii), og um þá gildir sú almenna regla, að loforðsmóttakandinn getur breytt ákvæði samningsins um rétt þriðja manns, meðan hann eigi með einhverjum hætti hefur skuldbundið sig gegn þriðja manni til þess að nota eigi þann rétt sinn. Eru ákvæði 2. mgr.

í samræmi við þetta. Afturköllunarréttur hans er persónulegur. Hafi hann eigi neytt hans áður en hann dó, geta hvorki erfingjar hans né dánarbú haggað rétti þriðja manns.

Um 103. gr.

Þegar vátryggingartaki tilnefnir annan mann sem rétthafa í sinn stað, er þar um mikilvægt hagsmunamál að ræða, og er þess þá þörf, að réttur þess, er tilnefndur er, sé sem ótvíræðastur. Sama er að segja um afturköllun slíkrar yfirlýsingar. Hún þarf að vera sem vafalausust. Þess vegna hefur verið talið rétt að binda gildi þessara gerninga við tiltekið form, annaðhvort þannig, að félaginu sé látin í té skrifleg yfirlýsing vátryggingartaka, eða að félagið geti þess í skírteininu, að þessar ákvarðanir hafi verið teknar.

Um 104. gr.

Ef vátryggingartaki eigi hefur tilnefnt annan mann sem rétthafa í sinn stað og greiða á vátryggingarfjárhæðina við lát hans, er litið svo á sem vátryggingin sé tekin til hagsmuna fyrir dánarbú hans, og rennur vátryggingarféð þá til þess.

Í 2. og 3. mgr. eru ákvæði, sem sett eru til að tryggja skylduerfingja vátryggingartaka gegn því, að hann beiti þá arfsvikum með því að verja fé sínu til vátryggingar í þágu þriðja manns.

Um 105. gr.

Það er að sjálfsögðu mikilsvert, að sem minnst óvissa sé um það, hver rétt eigi til vátryggingarfjárins, ekki síst þegar það er annar maður en vátryggingartaki. Sum þau orðatiltæki, sem notuð eru, er vátryggingartaki tilnefnir annan rétthafa í sinn stað, eru svo óákveðin, að nánari skýringa er þörf, og eru nokkrar skýringarreglur settar í greinina. Þegar maki er tilnefndur án þess að vera nafngreindur, er það sá maki, sem hann lifði í hjúskap með, er hann andaðist. Skiptir þar eigi máli, hvort hjónin eru samvistum eða eigi, en séu þau lögskilin eða skilin að borði og sæng, er réttur eftirlifandi maka til líftryggingarfjárins niður fallinn.

Hafi vátryggingartaki nefnt til börn sín, teljast allir lífserfingjar hans rétthafar. Er þá sem vátryggingarféð hefði fallið þeim til arfs eftir vátryggingartaka og skiptist það þá á milli þeirra eftir reglum erfðaréttarins.

Samsvarandi gildir, ef hann hefur tilnefnt erfingja sína, og tekur það þá bæði til lögerfingja hans og þeirra, sem hann hefur arfleitt með erfðaskrá.

Loks eru í 5. mgr. ákvæði til skýringar á orðunum „nánustu vandamenn".

Um 106. gr.

Þegar vátryggingartaki tilnefnir annan mann sem rétthafa í sinn stað, er ástæðan til þess jafnaðarlegast sú, að hann vill með þessum hætti hlynna að þeim, er hann tilnefnir. Hann vill láta hann njóta líftryggingarfjárins framar öðrum, og ákvörðun hans um það efni er byggð á persónulegum ástæðum. Ef nú sá, sem tilnefndur var, andast á undan vátryggingartaka og vátryggingarfjárhæðin á að greiðast við lát vátryggingartaka eða síðar, þá er það eðlilegt, að ánöfnunin falli niður við lát hins tilnefnda manns. Líkur eru því taldar vera gegn því, að ákvörðunin sé gerð í þágu erfingja hans eða dánarbús, en að sjálfsögðu er það á valdi vátryggingartaka að mæla fyrir á annan veg.

Um 107. gr.

Þegar svo er um samið, að vátryggingarfjárhæðin skuli annaðhvort greidd við lát vátryggingartaka eða þegar hann hefur náð tilteknum aldri, t. d. þegar hann verður 60 ára, kemur vátryggingarfjárhæðin til útborgunar við það þessara tveggja tímamarka, er fyrr ber að höndum. Hafi vátryggingartaki þá tilnefnt annan mann sem rétthafa og komi vátryggingarfjárhæðin til útborgunar í lifanda lífi vátryggingartaka, virðist það líklegra, að hann hafi ætlað sjálfum sér hana fremur en hinum tilnefnda manni, og að hann hafi því aðeins ætlað hinum síðarnefnda fé, ef það yrði eigi greitt fyrr en eftir lát sitt. Þannig mundi þessu að jafnaði vera

varið í þeim algengu tilfellum, þar sem maður tryggir líf sitt í þágu konu sinnar, því aðaltilgangur slíkrar líftryggingar er þá sá að tryggja ekkjunni framfærslu eftir lát bóndans.

Um 108. gr.

Samkvæmt 2. mgr. 102. gr. getur vátryggingartaki hvenær sem er afturkallað ánöfnun sína, og samkvæmt 1. mgr. 108. gr. getur hann og ráðið einhliða yfir réttindum þeim, sem vátryggingarsamningurinn veitir. Þetta gildir þó ekki, þegar og að svo miklu leyti, sem hann hefur afsalað sér þessum rétti gagnvart hinum tilnefnda rétthafa. Ef svo er, þarf hann samþykki hans til slíkra ráðstafana.

Um 109. gr.

Tilgangur vátryggingartaka, er hann tilnefnir annan mann sem rétthafa í sinn stað, er jafnaðarlega sá, að hann skuli eiga þess kost að njóta góðs af vátryggingarfénu einmitt á þeim tíma, er vátryggingaratburðinn ber að höndum. Hætt er við, að tilgangi þessum yrði spillt, ef sá, sem tilnefndur er, gæti ráðstafað fyrir fram hinni væntanlegu kröfu sinni, t. d. framselt hana eða veðsett. Slíkir gerningar mundu og oft hafa vafasamt gildi, þykir rétt að koma í veg fyrir, að þess konar ráðstafanir séu gerðar með því að lýsa þær ógildar. Liggja að þessu svipaðar ástæður og að banni erfðalaganna nr. 42 23. maí 1949 gegn sölu eða veðsetningu arfs, er maður á í vændum.

Um 110. gr.

Svo getur verið ákveðið í líftryggingarsamningi, að vátryggingarfjárhæðin skuli eigi greidd fyrr en nokkrum tíma eftir lát vátryggingartaka, og þegar tryggingin er miðuð við líf annars manns, getur hæglega farið svo, að sá maður lifi lengur en vátryggingartaki. Í þessum tilfellum rís sú spurning, hver neytt geti réttinda vátryggingartaka, er trygginguna varða, eftir lát hans. Hafi hann þá eigi tilnefnt neinn annan mann sem rétthafa í sinn stað, hverfur þessi réttur, samkvæmt almennum reglum um erfðir, til erfingja hans eða dánarbús. En hafi hann hins vegar tilnefnt einhvern, er eðlilegast að láta þann mann öðlast þau réttindi, er samningurinn veitir vátryggingartaka, þegar við lát hans. Samkvæmt 2. mgr. 102. gr. erfist réttur vátryggingartaka til að afturkalla ánöfnunina ekki, og hið sama hlýtur að gilda um rétt hans til annarra ráðstafana á ánöfnuninni, því ella gætu erfingjarnir, t. d. með veðsetningu skírteinis, skert eða gert að engu rétt þess manns, er tilnefndur var. En einhver verður að vera aðili réttinda þessara frá þeim tíma, er vátryggingartaki lézt, og fram til þess að greiða skal vátryggingarféð, og liggur þá næst að ætla hinum tilnefnda rétthafa þá aðild.

Um 111. gr.

Hér er gert ráð fyrir því, að aðilaskipti að líftryggingarskírteini geti orðið fyrir framsal, og eru þá áhrif framsalsins þau, sé eigi á annan veg samið, að framsalshafi öðlast öll þau réttindi gegn félaginu, sem samningurinn veitir. Þá fellur og niður réttur þess manns, sem vátryggingartaki hefur tilnefnt sem rétthafa í sinn stað, nema því aðeins að vátryggingartaki (framseljandinn) hafi afsalað sér rétti sínum til að afturkalla þá ráðstöfun sína.

Um 112. gr.

Hér ræðir um réttarstöðu aðila, er vátryggingartaki veðsetur kröfu sína og hefur tilnefnt annan mann sem rétthafa í sinn stað. Veðsetningin haggar þá eigi ánöfnuninni, en réttur veðhafa gengur fyrir rétti hins tilnefnda rétthafa, hafi vátryggingartaki ekki afsalað sér réttinum til afturköllunar ánefningarinnar. Gildir því annað um veðsetningu kröfunnar en um framsal hennar, sbr. 111. gr.

Í 2. mgr. eru gefnar tæmandi reglur um það, með hverjum hætti veðhafi getur leitað fullnustu í veði sínu. Á hann þar aðeins um tvær leiðir að velja, að leita fullnustu í endurkaupsverði vátryggingarinar eða, hafi vátryggingaratburðurinn

gerzt, í vátryggingarfjárhæðinni. Hin venjulega fullnustuleið, að selja skírteinið við nauðungarsölu, er honum bönnuð. Sú leið mundi að vísu sjaldan vera honum hagstæðari en hinar, því venjulega mundi eigi boðið hærra í skírteinið en endurkaupsverðinu nemur. En ef t. d. sá maður, sem vátryggingin er tengd við, lægi hættulega veikur, kynni svo að fara, að gróðavegur væri að kaupa skírteinið yfir endurkaupsverði, en ástæður virðast vera til þess að heimila eigi slík kaup.

Í 3. mgr. er ákveðið, að veðrétturinn skuli ekki taka til kröfu um uppbót (bonus), sem fellur í gjalddaga áður en veðhafinn leitar fullnustu. Er þetta í samræmi við það, sem gildir um vexti af skuldakröfum, sem veðsettar eru.

Um 113. gr.

Ákvæði greinarinnar eru í samræmi við almennar reglur um viðskiptabréf og fela ekki í sér nein afvik frá þeim.

Um 114. gr.

Ákvæði 114. gr. eru einnig í samræmi við almennar reglur um viðskiptabréf.

Um 115. gr.

Samkvæmt almennum reglum er handhöfn handhafabréfs nægilegt skilríki fyrir handhafann, og skuldaranum rétt og skylt að greiða honum án þess að hann þurfi að færa nokkrar sönnur á það, hversu hann er að bréfinu kominn. Frá reglu þessari er vikið í 1. mgr. og handhafanum gert að skyldu að leiða sönnur að heimild sinni til bréfsins.

Í 2. mgr. er ákveðið, að það eitt út af fyrir sig, að svo er fyrir mælt, að vátryggingarfjárhæðin skuli greidd handhafa skírteinisins, nægi eigi til þess, að svo sé metið, sem vátryggingartaki hafi tilnefnt handhafann sem rétthafa í sinn stað. Sá, sem skírteinið hefur í höndum, verður einnig í því tilfelli að færa sönnur á heimild sína.

Um 116. gr.

Greinin hefur það nýmæli að geyma, að réttur vátryggingartaka, hvort heldur er krafan um vátryggingarfjárhæðina, krafan um endurkaupsverð tryggingarinnar eða kröfur um uppbætur (bonus), eru undanþegnar aðför skuldheimtumanna hans. Sama gildir um rétt þess manns, er hann hefur tilnefnt sem rétthafa í sinn stað, og samkvæmt 2 mgr. suma þeirra manna, sem fengið hafa skírteinið framselt sér. Frá þessari reglu er þó að nokkru leyti vikið í 117. gr.

Hafi líftryggingarskírteinið hins vegar verið framselt, er skírteinið eins og hver annar fjármunur framsalshafans og sætir þá aðför skuldheimtumanna hans, eins og hver önnur eign hans, þó með þeim undantekningum, sem nefndar eru í 2. mgr. þ. e. ef framsalshafi er maki vátryggingartaka eða hann hefur fengið skírteinið endurgjaldslaust. Samkvæmt greininni gilda að þessu leyti ólíkar reglur um framsalshafa annars vegar og tilnefndan rétthafa hins vegar, og er því þörf á að aðgreina þessa tvo aðila glögglega. Aðgreiningin virðist þá í því fólgin, að sá löggerningur, sem aðeins veitir rétt til vátryggingarfjárhæðarinnar, sé talinn ánöfnun réttarins, en víðtækari löggerningar metnir vera framsal á honum.

Um 117. gr.

Greinin ræðir um rétt þrotabús vátryggingartaka til að hagnýta sér vátryggingu, er þrotamaður hefur aflað, og kemur hún í stað 26. gr. l. um gjaldþrotaskipti nr. 25 14. júní 1929. Samsvarandi reglur gilda og samkvæmt 2. mgr. 116. gr., þegar maður hefur eignazt vátrygginguna endurgjaldslaust og síðan greitt félaginu iðgjöld, svo og þegar maki vátryggingartaka hefur öðlazt vátrygginguna gegn endurgjaldi.

Ákvæði greinarinnar eiga að tryggja það, að maður verji eigi fé sínu til að afla sér eða öðrum líftryggingar, ef sú ráðstöfun er skuldheimtumönnum hans til tjóns. Tekur þetta til þeirra vátryggingarsamninga einna, sem gerðir eru á 3 síðustu árum

fyrir gjaldþrotið, enda hafi vátryggingartaki varið meiru fé til vátryggingarinnar en samsvaraði efnahag hans, er hann innti þær greiðslur af hendi, og aðalreglan er sú, eins og í 26. gr. gjaldþrotaskiptalaganna, að búið getur neytt þess réttar, sem vátryggingartaki átti sjálfur, til endurgreiðslu frá félaginu. Þegar um iðgjaldafrjálsar tryggingar er að ræða, mun þó endurgreiðsluréttur búsins geta orðið nokkru víðtækari en samsvarandi réttur vátryggingartaka.

Lífeyristrygging.

Um 118. gr.

Grein hefur áður verið fyrir því gerð, sbr. inngangginn að aths. við 102. gr., hver munur væri á höfuðstólstryggingum og lífeyristryggingum. Reglur þær, sem hér að framan hafa verið settar um höfuðstólstryggingu, gilda einnig um lífeyristryggingu eftir því sem við á, en þó með nokkrum afbrigðum, sem leiða af mismunandi gerð þessara vátrygginga. T. d. er venjulega ekki um neitt endurkaupsverð lífeyristrygginga að ræða.

Lífeyrisskírteini eru samkvæmt 118. gr. 1 mgr. viðskiptabréf jafnt og önnur líftryggingarskírteini. Vegna óvissu þeirrar, sem á því leikur, hve lengi lífeyrisgreiðslurnar verði greiddar, og þess, að hér er venjulega ekki um neitt endurkaupsverð að ræða, hefur þetta þó eigi mikla raunhæfa þýðingu. Að vissu leyti er og brotið í bág við almennar reglur um viðskiptabréf, að því er til lífeyrisskírteina tekur. Félagið þarf eigi, er það greiðir lífeyrisgreiðslurnar, að gæta sömu varúðar og mælt er fyrir um í 114. gr. Það leysist frá skyldu sinni, ef það greiðir lífeyrisgreiðslu í grandleysi þeim manni, sem talinn er vera lífeyrisþegi, enda þótt eigi hafi verið rituð á skírteinið athugasemd um, að greiðslan hafi átt sér stað. Í 2. mgr. er vikið frá formreglum þeim, er greinir í 103. gr. og gætt skal almennt, er vátryggingartaki tilnefnir annan mann sem rétthafa í sinn stað.

IV. KAPÍTULI

Slysa- og sjúkratryggingar.

Slysa- og sjúkratrygging á það sameiginlegt með líftryggingum, að greiða ber tryggingarfjárhæðina, þegar vátryggingaratburðinn hefur að höndum borið, án tillits til þess, hvort meira eða minna fjártjón hefur af honum hlotizt. Skilur þetta atriði tryggingar þessar frá skaðatryggingum, og vegna þessa skyldleika þeirra við líftryggingar má um þær beita sumum sömu reglum og um líftryggingar gilda.

Eins og tekið er fram í 1. gr. gilda ákvæði laga þessara ekki um slysa- eða sjúkratryggingar samkvæmt lögum um almannatryggingar.

Um 119. gr.

Greinin svarar til 97. greinar.

Um 120. gr.

Til grundvallar ákvæðum greinarinnar liggur svipuð hugsun og til grundvallar 89. og 91. gr. Sýkist vátryggður eða slasist á vátryggingartímabilinu, hefur vátryggaratburðurinn gerzt á þeim tíma, og félagið ábyrgist þá líka þær afleiðingar, sem af sjúkdóminum eða slysinu kunna að stafa eftir lok vátryggingartímabilsins. En með því að félagið ábyrgist aðeins sjúkleika vátryggðs, verður hann að hafa sýkzt á vátryggingartímabilinu. Það er ekki nóg, að hann hafi t. d. smitazt á vátryggingartímabilinu, ef sjúkleikinn hefur eigi brotizt út fyrr en að því loknu.

Um 121. gr.

Ákvæði greinar þessarar svara til ákvæðanna í 45.—50. gr., um skaðatryggingar, og ákvæða 99. gr., um líftryggingar, þótt nokkur efnismunur sé milli þeirra, sem eigi sýnist þó ástæða til að rekja í einstökum atriðum.

Um 122. gr.

Í 102—106. gr. ræðir um tilnefningu annars manns sem rétthafa í stað vátryggingartaka. Eiga ákvæði þessi jafnvel við um slysa- og sjúkratryggingar sem um líftryggingar.

Um 123. gr.

Greinin svarar til 1. mgr. 117. gr. um líftryggingar. Réttur vátryggðs gegn félaginu er varinn jafnt gegn skuldheimtumönnum hans sjálfs sem skuldheimtumönnum vátryggingartaka, og á það bæði við um einstaka skuldheimtumenn, er leita fjárnáms hjá þeim, sem um þrotabú þeirra.

Um 124. gr.

Greinin svarar að mestu leyti til ákvæða 51. og 52. gr., um skaðatryggingu. Þó er sá munur á, að 124. gr. tekur aðeins til stórkostlegs gáleysis, en 51. gr. til alls gáleysis, einnig þess, sem ekki verður talið stórkostlegt.

V. KAPÍTULI

Gildistöku- og bráðabirgðaákvæði.

Um 125. gr.

Rétt þykir að láta nokkuð ríflegan tíma líða frá staðfestingu laganna til gildistöku þeirra, svo að vátryggingarfélögunum gefist ráðrúm til að breyta vátryggingarskilmálum sínum til samræmis þau þau.

Um 126. gr.

Að jafnaði hafa lög ekki gildi aftur í tímann, þ. e. þeim verður ekki beitt um atvik, sem gerzt hafa áður en þau tóku gildi. Í 126. gr. og greinum, sem hér fara á eftir eru nokkrar undantekningar frá þeirri reglu gerðar. Um vátryggingarsamninga, sem félagið má segja upp og gerðir voru áður en lögin tóku gldi, gilda hin nýju lög frá fyrsta degi, eftir að félagið hefði getað slitið þeim með umsömdum fyrirvara, eða samningurinn hefði endurnýjazt samkvæmt 84. gr.

Um 127. gr.

Þarfnast ekki skýringa að öðru leyti en því, að hafi þrotabúsmeðferð á búi félagsins hafizt áður en lögin tóku gildi, þá hefur það, að skiptunum er haldið áfram, eftir gildistöku laganna, það ekki í för með sér, að ákvæðum þeim, er í gr. getur, verði beitt. Vátryggingartaki mundi og eiga rétt á að rifta samningnum vegna fjárþrota félagsins, samkvæmt 2. mgr. 26. gr., þótt sönnur væru á það færðar, að félagið hefði verið komið í fjárþrot áður en lögin tóku gildi, ef það enn væri fjárþrota, er riftunar er krafizt.

Um 128. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 129. gr.

Samkvæmt grein þessari hefur 34. gr. áhrif aftur í tímann um alla þá skilmála, sem varða ábyrgð félagsins á vátryggingaratburðinum, en hins vegar ekki um önnur atriði vátryggingarsamningsins, er ógild kynnu að vera samkvæmt 34. gr.

Um 130. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 131. gr.

Samkvæmt greininni eru skírteini, sem út eru gefin eða framseld handhafa áður en lögin tóku gildi, næg skilríki fyrir þann, sem krefst greiðslu vátryggingarfjárhæðarinnar.

Um 132. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 133. gr.

Í nokkrum lagaboðum, er vátryggingar varða, eru einstöku ákvæði, sem fremur ættu heima í vátryggingarskilmálum hlutaðeigandi félaga en í lögum, og er lagt til, að þau séu felld niður.

Ed. 14. Frumvarp til laga [14. mál]

um breyting á 1. mgr. 39. gr. laga nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis.

(Lagt fyrir Alþingi á 73. löggjafarþingi, 1953.)

1. gr.

1. mgr. 39. gr. laga nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis, orðist svo:

Þegar úrskurðað er, hverjir landslistar verði í kjöri, merkir landskjörstjórnin landslista hinna eldri flokka sama bókstaf og þeir höfðu síðast og landslista nýrra flokka í áframhaldandi stafrófsröð eftir þeirri röð, er heiti þeirra stjórnmálaflokka verða í, er þeim er raðað í stafrófsröð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir:

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á 1. mgr. 39. gr. laga nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Dómsmálaráðherra hefur tjáð mér, að þar sem ákvæði kosningalaganna um bókstafsmerkingu landslista og lista í kjördæmum, þar sem kosið er hlutbundnum kosningum, miði að því, að um þetta sé sem föstust skipan, þyki í beztu samræmi við það, að kveða svo á, að eldri stjórnmálaflokkar haldi listabókstaf sínum, en listar nýrra flokka verði merktir í áframhaldandi stafrófsröð eftir heiti þeirra.

Fyrir því eru hér sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

1. mgr. 39. gr. laga nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis, orðist svo:

Þegar úrskurðað er, hverjir landslistar verði í kjöri, merkir landskjörstjórnin landslista hinna eldri flokka sama bókstaf og þeir höfðu síðast og landslista nýrra flokka í áframhaldandi stafrófsröð eftir þeirri röð, er heiti þeirra stjórnmálaflokka verða í, er þeim er raðað í stafrófsröð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. maí 1953.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

Nd. 15. Frumvarp til laga [15. mál]

um breyting á lögum nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús.

(Lagt fyrir Alþingi á 73. löggjafarþingi, 1953.)

1. gr.

Á eftir 10. gr. laganna komi ný grein, er verður 11. gr., svo hljóðandi:

Úr ríkissjóði greiðist árlegur rekstrarstyrkur til viðurkenndra almennra sjúkrahúsa bæjar- og sveitarfélaga, og miðast hæð styrksins annars vegar við stærð og búnað sjúkrahúss, en hins vegar við legudagafjölda sjúklinga á sjúkrahúsinu á ári hverju sem hér segir:

1. Sjúkrahús með 20 sjúkrarúmum eða færri: 5 krónur á legudag.
2. Sjúkrahús með yfir 20 sjúkrarúmum, enda veiti því forstöðu sérstakur fastlaunaður sjúkrahúslæknir: 10 krónur á legudag.
3. Sjúkrahús með yfir 100 rúmum, er starfar a. m. k. í tveimur aðaldeildum, lyflækninga- og handlækningadeild, með tilheyrandi sérfróðu læknaliði, enda annar búnaður þess við hæfi: 20 krónur á legudag.

Ráðherra er heimilt að gera það að skilyrði fyrir styrkveitingu samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, að hlutaðeigandi sjúkrahús tryggi rekstrarafkomu sína með því að taka hæfilegt aukagjald umfram almennt daggjald af sjúklingum frá nágrannasveitarfélögum, er sjúkrahússins hafa not, en hafa sjálf ekki með höndum sérstakan sjúkrahúsrekstur, ella sé sjúkrahúsinu tryggður með samningi hæfilegur árlegur rekstrarstyrkur af hendi slíkra sveitarfélaga.

2. gr.

Lög þessi ganga í gildi þegar í stað, og greiðist rekstrarstyrkur til sjúkrahúsa bæjar- og sveitarfélaga samkvæmt þeim í fyrsta skipti fyrir árið 1953, en samkvæmt ákvæðum fjárlaga 1954, og þannig áfram.

Þegar lög þessi hafa öðlazt gildi, skal fella 1. gr. þeirra, ásamt 1. gr. laga nr. 33 12. febrúar 1945 með áorðinni breytingu samkvæmt lögum nr. 24 20. apríl 1949, inn í meginmál laga nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl., og gefa þau út að nýju með fyrirsögn: Sjúkrahúsalög.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af landlækni að tilhlutun heilbrigðismálaráðuneytisins, og þykir eigi ástæða til frekari athugasemda.

Nd. 16. Frumvarp til sóttvarnarlaga. [16. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 73. löggjafarþingi, 1953.)

I. KAFLI
Svið laganna.

1. gr.

Ráðherra ákveður, gegn hverjum sóttum beita skuli sóttvarnarráðstöfunum þeim, sem um er fjallað í lögum þessum, í því skyni að hindra, að þær sóttir berizt inn í landið eða héðan til annarra landa.

II. KAFLI
Skýrgreiningar.

2. gr.

Í lögum þessum merkir:

Einangrun: stíun hlutaðeigandi manns eða flokks manna frá öðrum mönnum — að undanteknu því starfsfólki, sem annast einangrunina — í því skyni að hindra, að sóttnæmi breiðist út.

Farangur: einkamunir og föggur farþega og einstakra manna áhafnar skips eða flugfars.

Flugfar: millilandaflugfar (-loftfar).

Flughöfn: flughöfn, sem leitað er af millilandaflugförum.

Grunaður: um mann, sem ætla má, að hafi haft tækifæri til að smitast af næmri sótt.

Hafnarstaður: kaupstaður eða hreppur, þar sem er höfn eða flughöfn.

Höfn: höfn (sjávarhöfn), sem leitað er af millilandaskipum.

Læknisrannsókn: eftirlitsferð sóttvarnarlæknis í skip eða flugfar og bráðabirgðarannsókn hans á farþegum og áhöfn, en ekki reglubundin rannsókn á skipi í því skyni að leiða í ljós og ákveða, hvort rottueyðingar sé þörf.

Næm sótt: sjúkdómur, sem sóttvarnarráðstöfunum skal beitt gegn samkvæmt ákvæðum 1. greinar.

Skip: millilandaskip.

Sóttvarnareftirlit (eftirlit): eftirlit heilbrigðisyfirvalda með heilsufari grunaðs manns.

Sóttvarnarsvæði: Hið minnsta svæði innan landamæra lands — t. d. höfn eða flughöfn — sem hefur ákveðin takmörk og þar sem heilbrigðismálum er svo skipað, að unnt er að koma þar við fullkomnum sóttvarnarráðstöfunum samkvæmt ákvæðum hins alþjóðlega sóttvarnarsamnings.

Sýktur: um mann, sem er haldinn næmri sótt eða telst smitaður af slíkri sótt.

Þegar í lögum þessum er rætt um *millilandaferð* skips eða flugfars, tekur það einnig til ferðar á milli hafna og flughafna hér á landi, ef hlutaðeigandi skip eða flugfar hefur á leið sinni samband við stað í öðru landi eða skip eða flugfar frá öðru landi, ef skipið eða flugfarið hefur ekki hlotið leyfi til frjálsra samskipta hér við land.

III. KAFLI
Sóttvarnaryfirvöld.

3. gr.

Sóttvarnarnefndir hafa með höndum, hver á sínum stað, framkvæmd ráðstafana gegn því, að næmar sóttir berist inn í landið og héðan til annarra landa.

Sóttvarnarnefnd í Reykjavík er skipuð tollstjóra, borgarlækni og lögreglustjóra, í kaupstöðum öðrum en Reykjavík bæjarfógeta, héraðslækni og bæjarstjóra, en á öðrum hafnarstöðum lögreglustjóra (hreppstjóra), héraðslækni og hreppsnefndaroddvita.

Formaður sóttvarnarnefndar í Reykjavík er tollstjóri, í kaupstöðum öðrum en Reykjavík bæjarfógeti, en á öðrum hafnarstöðum lögreglustjóri (hreppstjóri).

Almennar framkvæmdir sóttvarnarnefndar annast formaður með ráði og aðstoð héraðslæknis (í Reykjavík borgarlæknis). Einstök sóttvarnarlæknisstörf, aðgerðir og rannsóknir samkvæmt ákvörðun laga þessara má sóttvarnarnefnd með ráði héraðslæknis (í Reykjavík borgarlæknis) fela öðrum löggiltum læknum og lækninga- eða rannsóknarstofnunum.

4. gr.

Héraðslæknar (í Reykjavík borgarlæknir) eru sóttvarnarlæknar, hver í sínu héraði.

Í forföllum reglulegs sóttvarnarlæknis er sóttvarnarnefnd heimilt að fela öðrum löggiltum lækni að annast aðkallandi sóttvarnarlæknisstörf.

Þegar sérstaklega stendur á, er ráðherra heimilt að skipa sérstaka sóttvarnarlækna.

5. gr.

Embættis- og starfsmönnum tollgæzlu, lögreglu, hafnargæzlu, flugsamgangna og hafnsögumönnum er jafnan skylt að aðstoða sóttvarnarnefndir við framkvæmd sóttvarnarráðstafana samkvæmt ákvæðum laga þessara.

IV. KAFLI

Skipun sóttvarna að öðru leyti.

6. gr.

Bæjar- og sveitarstjórnum er skylt að gera ráðstafanir til þess, í samráði við sóttvarnarnefndir, að við verði komið — allra helzt á sjúkrahúsi — tryggilegri einangrun og nauðsynlegri aðhlynningu aðkomufólks til landsins, sem einangra þarf samkvæmt ákvæðum laga þessara.

Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd ráðstafana þessara.

7. gr.

Sóttvarnarnefndir skulu gera sér far um, með því að leita samkomulags við hlutaðeigandi yfirvöld og á annan hátt, að stuðla að því, að rottugangi á hafnar- og flughafnarsvæðum verði haldið í skefjum, svo sem unnt er, m. a. með því, að hús og önnur mannvirki á slíkum svæðum verði gerð svo rottuheld sem tök eru á.

Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um varnir gegn því, að rotta berist í land úr skipum og um útrýmingu rottu á hafnar- og flughafnarsvæðum.

8. gr.

Ráðherra er heimilt að skipa svo fyrir, að rottueyðing fari fram í skipum með ákveðnu, reglulegu millibili, eða þess sé gætt, að rottugangi í skipum sé sífelldlega haldið í skefjum, svo sem unnt er. Ráðherra ákveður, á hverjum hafnarstöðum rottueyðing í skipum fari fram. Rannsókn á rottugangi og rottueyðing í skipum fer fram á vegum sóttvarnarnefndar eftir þeim reglum, er ráðherra setur. Sóttvarnarnefnd lætur ókeypis í té vottorð um, að skip hafi verið rannsakað með tilliti til rottugangs og rottueyðingar hafi ekki talizt þörf (rottuvottorð), eða rottueyðing hafi farið fram (rottueyðingarvottorð). Ráðherra segir fyrir um gerð rottu- og rottueyðingarvottorða og hversu lengi þau skuli gilda.

Ráðherra er heimilt að skipa svo fyrir, að svo miklu leyti sem nauðsynlegt þykir, að rottu sé eytt í flugförum, enda setur þá nánari reglur þar að lútandi.

9. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða, að fyrirmæli 7. og 8. gr. um rottu megi, þegar svo stendur á, láta gilda um önnur nagdýr og dýr yfirleitt, sem kunn eru að því að vera eða geta verið smitberar næmra sótta.

10. gr.

Ráðherra er heimilt að löggilda flughöfn, er mikið kveður að millilandaferðum um, sem sóttvarnarflughöfn. Á sóttvarnarflughöfn skal vera kostur læknisþjónustu í sérstökum lækninga- og rannsóknarstofum, búnum nauðsynlegum tækjum.

Jafnframt því sem ráðherra löggildir sóttvarnarflughöfn, setur hann nánari reglur um sóttvarnarbúnað hennar.

11. gr.

Fulltrúar utanríkisráðuneytisins erlendis skulu gera sér far um að fylgjast sem bezt með sóttarfari, hver í sínu umdæmi, og tilkynna ráðuneytinu tafarlaust, ef upp koma eða yfirvofandi má telja, að upp komi sóttir, sem sóttvarnarráðstöfunum er skylt að beita gegn samkvæmt ákvæðum laga þessara. Sama gildir um hvers konar aðrar sóttir, ef þær gerast óvenjulega útbreiddar eða illkynja, eða ráðuneytið óskar sérstaklega fregna af þeim. Utanríkisráðuneytið tilkynnir tafarlaust ráðherra þeim, sem fer með heilbrigðismál, allar sóttarfarsfréttir.

Þegar vitað er af tilkynningu Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar samkvæmt ákvæðum hins alþjóðlega sóttvarnarsamnings, af fréttum frá fulltrúum utanríkisráðuneytisins erlendis samkvæmt ákvæðum 1. málsgreinar þessarar greinar eða samkvæmt öðrum áreiðanlegum heimildum, að á sóttvarnarsvæði erlendis hafi orðið vart næmrar sóttar, er ráðherra heimilt að ákveða, að litið skuli á það svæði sem sýkt af þeirri sótt, sem um er að ræða.

Ef ekki hafa verið gerðar viðeigandi ráðstafanir til að hefta útbreiðslu sóttarinnar frá hinu sýkta sóttvarnarsvæði, er ráðherra heimilt að ákveða, að einnig skuli litið á aðliggjandi svæði sem sýkt svæði.

Ráðherra tilkynnir, hvenær aftur skuli litið á áður tilkynnt sýkt svæði sem ósýkt svæði.

V. KAFLI

Almenn fyrirmæli.

12. gr.

Allar sóttvarnarráðstafanir samkvæmt ákvæðum laga þessara skal hefja, svo fljótt sem unnt er, og leiða til lykta án ónauðsynlegra tafa.

Áður en hafnar eru sérstakar sóttvarnarráðstafanir umfram læknisrannsókn og venjulegar rottueyðingaraðgerðir samkvæmt 8. gr., skal ætíð, þegar við verður komið, hafa samráð við landlækni, en ella tilkynna honum gerðar ráðstafanir svo fljótt sem tök eru á.

13. gr.

Sótthreinsun, skordýra- og rottueyðingu og öðrum sóttvarnaraðgerðum skal haga þannig, að ekki hafi í för með sér

a. ónauðsynleg óþægindi eða heilbrigðishættu fyrir hlutaðeigendur;
b. skemmdir á skipi eða flugfari;
c. eldhættu.

Við framkvæmd sóttvarnaraðgerða, er koma niður á farmi, farangri og öðrum munum skal gæta ýtrustu varúðar, svo að ekki hljótist skemmdir af að óþörfu.

Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd sóttvarnaraðgerða samkvæmt ákvæðum laga þessara, þ. á m. um sótthreinsun skipa og flugfara, skordýraeyðingu í skipum og flugförum, sótthreinsun og eftir atvikum tortímingu dýra, farms, óhreins líns og annars, sem hætta er á, að valdið geti útbreiðslu næmrar sóttar.

Ef þess er krafizt af sóttvarnarnefnd, er sérhverju skipi og flugfari, sem sóttvarnarráðstöfunum er beitt gegn samkvæmt ákvæðum laga þessara, skylt að aðstoða með áhöfnum sínum, eftir því sem tök eru á, við framkvæmd sóttvarnaraðgerðanna.

14. gr.

Ef þess er krafizt, lætur sóttvarnarnefnd í té þeim, er farm flytur, ókeypis vottorð (sóttvarnarvottorð) um sóttvarnarráðstafanir, sem beitt hefur verið samkvæmt ákvæðum laga þessara gegn skipi eða flugfari, hver hluti skips eða flugfars

hafi orðið fyrir aðgerðunum, í hverju þær hafi verið fólgnar og hver verið hafi ástæða til þeirra. Ef flugfar á í hlut og sé þess krafizt, skal skrá vottorð þetta á hið almenna afgreiðsluskírteini flugfarsins.

Ef þess er krafizt, lætur sóttvarnarnefnd enn fremur í té ókeypis vottorð

a. ferðamanni, þar sem greindur sé komudagur hans til landsins, brottfarardagur hans úr landi og tekið fram, hverjum sóttvarnarráðstöfunum hafi verið beitt gegn honum og farangri hans;
b. sendanda, móttakanda, þeim, er farm flytur, og umboðsmönnum hans um sóttvarnarráðstafanir, sem beitt hafi verið gegn farmi þeirra.

15. gr.

Mann, sem er undir sóttvarnareftirliti samkvæmt ákvæðum laga þessara, er óheimilt að einangra, og skal hann vera frjáls ferða sinna að öðru leyti en því, að skylt er honum, sé þess krafizt, að sýna sig heilbrigðisyfirvöldum með tilteknu, reglulegu millibili, alla þá tíð sem hann er undir eftirliti. Enn fremur er heilbrigðisyfirvöldum heimilt að láta lækni rannsaka hlutaðeiganda og krefjast annarra upplýsinga um hann, sem nauðsynlegar kunna að vera til að leiða í ljós heilbrigðisástand hans, er máli skiptir.

Nú óskar maður, sem er undir sóttvarnareftirliti, að fá að ferðast frá þeim stað, þar sem hann dvelst, til annars staðar hér á landi, og skal hann þá tilkynna það hlutaðeigandi heilbrigðisyfirvöldum, er gera heilbrigðisyfirvöldum á þeim stað, sem ferðinni er heitið til, viðvart um komu hlutaðeiganda. Jafnskjótt sem á staðinn er komið, skal hlutaðeigandi ganga fyrir heilbrigðisyfirvöld staðarins og undirgangast þar sóttvarnareftirlit samkvæmt ákvæðum 1. málsgreinar þessarar greinar.

Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd sóttvarnareftirlits samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

16. gr.

Sóttvarnarnefnd er heimilt að gera hverjar þær ráðstafanir, sem framkvæmanlegar eru til að koma í veg fyrir, að hafnir sóttmengist af mannasaur og öðrum úrgangi frá skipum.

17. gr.

Flugförum, sem fljúga yfir íslenzkt land, er bannað að fleygja niður nokkru því, er borið getur með sér sóttnæmi næmra sótta.

18. gr.

Ráðherra setur nánari reglur um sóttvarnarráðstafanir gegn einstökum næmum sóttum, og skal þar m. a. kveðið á um, hver teljast skuli meðgöngutími hverrar slíkrar sóttar, er sóttvarnarráðstafanir samkvæmt lögum þessum ber að miða við.

Í reglum þessum má kveða á um, hvenær skip eða flugför skuli teljast sýkt af næmri sótt, grunuð um að vera sýkt og ósýkt. Enn fremur má í reglum þessum krefjast þess, eða heimila ráðherra, þegar sérstaklega stendur á, að krefjast þess, að menn, er koma til landsins frá tilteknum löndum eða landshlutum, leggi fram gild vottorð um ónæmisaðgerðir gegn tilteknum næmum sóttum, að viðlögðu sóttvarnareftirliti eða einangrun, ef ekki er fullnægt.

VI. KAFLI

Sóttvarnarráðstafanir við för úr landi.

19. gr.

Þegar nauðsyn ber til að hindra, að næm sótt berist héðan til annarra landa, er ráðherra heimilt að skipa svo fyrir, að menn, sem ferðast úr landi undirgangist læknisrannsókn fyrir brottför sína. Ákveða skal stað og stund slíkrar læknisrannsóknar með tilliti til tollskoðunar o. s. frv., þannig að sem minnstum töfum valdi.

Sóttvarnarnefnd skal gera allar ráðstafanir, sem með góðu móti eru framkvæmanlegar til að koma í veg fyrir:

a. að maður, sem er sýktur eða grunaður, fari úr landi;
b. að sóttnæmi næmra sótta eða dýr, sem kunn eru að því að vera eða geta verið smitberar slíkra sótta, berist eða sleppi út í skip eða flugför á leið til útlanda.

Þrátt fyrir ákvæði 2. málsgreinar þessarar greinar, er sóttvarnarnefnd heimilt að leyfa, að maður á millilandaferð, sem við komu sína til landsins hefur sætt sóttvarnareftirliti, haldi ferð sinni áfram. Haldi hann ferðinni áfram loftleiðis, skal sóttvarnarnefnd láta þess getið á hinu almenna afgreiðsluskírteini flugfarsins, að hann hafi sætt sóttvarnareftirliti.

VII. KAFLI
Umleiðarferðir.

20. gr.

Ekki skal beita sóttvarnarráðstöfunum gegn skipum, sem leggja leið sína um landhelgi Íslands án þess að leita hér hafnar eða hafa á annan hátt samskipti við land eða landsmenn.

21. gr.

Sóttvarnarnefnd eru óheimilar sóttvarnarráðstafanir aðrar en læknisrannsókn gegn farþegum og áhöfn

a. skips, sem er ósýkt af næmri sótt, ef farþegar og áhöfn halda kyrru fyrir í skipinu, á meðan staðið er við;
b. flugfars, sem er ósýkt af næmri sótt, ef farþegar og áhöfn halda kyrru fyrir í vistarveru flughafnar, sem sóttvarnarnefnd sér þeim fyrir, á meðan staðið er við.

VIII. KAFLI
Sóttvarnarráðstafanir við komu til landsins.

22. gr.

Skip eða flugfar, sem kemur hér að landi, má ekki nema í neyðartilfelli hafa samskipti við land eða landsmenn, fyrr en sóttvarnarnefnd, eða sá, sem hún hefur veitt umboð til þess, hefur veitt skipinu eða flugfarinu leyfi til frjálsra samskipta.

Áður en tilkynnt hefur verið leyfi til frjálsra samskipta, má enginn án leyfis sóttvarnarnefndar ganga á land úr skipi eða flugfari, né nokkur úr landi fara út í skipið eða stíga upp í flugfarið.

Tollgæzlan annast tilkynningu frjálsra samskipta.

23. gr.

Þegar skip kemur að landi, skal skipstjóri, og sé skipslæknir á skipi, þá einnig hann, skýra sóttvarnarnefnd eða þeim, sem kemur fram fyrir hennar hönd, frá heilbrigðisástandi í skipinu á leiðinni og við komu að landi. Þegar flugfar kemur að landi, skal flugfarsstjóri eða fulltrúi hans veita samsvarandi upplýsingar. Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um, hverra upplýsinga hér að lútandi skuli krafizt og á hvern hátt þær skuli látnar í té. Einnig er ráðherra heimilt að mæla fyrir um, á hvern hátt skip og flugför skuli gera viðvart um, að þau komi frá eða hafi haft samskipti við sýkt sóttvarnarsvæði, eða í skipinu eða flugfarinu sé eða hafi verið á leiðinni sjúkdómstilfelli, sem ætla megi næma sótt.

Ef skip eða flugfar telst ósýkt af næmri sótt, skal sem skjótast leyfa því frjáls samskipti, þó ekki fyrr en ráðrúm hefur gefizt til læknisrannsóknar, ef ástæða þykir til. Þegar við verður komið, skal útvarpa til skips eða flugfars, áður en að landi er komið, leyfi til frjálsra samskipta, enda telji sóttvarnarnefnd, samkvæmt fregn-

um, er henni hafa borizt frá skipinu eða flugfarinu, að fullvíst sé, að af komunni stafi ekki sú hætta, að til landsins berist næm sótt.

Ef skip eða flugfar telst sýkt eða grunað um að vera sýkt af næmri sótt, má ekki veita skipinu eða flugfarinu leyfi til frjálsra samskipta, fyrr en það hefur verið rannsakað af sóttvarnarlækni og síðan látið sæta sóttvarnarráðstöfunum af hendi sóttvarnarnefndar samkvæmt ákvæðum þessara laga.

24. gr.

Ráðherra er heimilt að veita skipum og flugförum, er annast reglubundnar ferðir, undanþágu, að nokkru eða öllu leyti, frá ákvæðum 22. og 23. greinar. Sama gildir, þegar í hlut eiga hafnsögubátar, dráttarskip, fiskibátar og önnur smáför.

Ráðherra kveður og á um, hverja undanþágu frá sóttvarnarráðstöfunum unnt er að veita herskipum og herflugförum.

25. gr.

Sóttvarnarnefnd er heimilt að láta fara fram læknisrannsókn á hverju skipi og flugfari, svo og hverjum manni, sem til landsins kemur frá útlöndum.

Um ákvarðanir varðandi aðrar sóttvarnarráðstafanir skal fara eftir því, hvernig á hefur staðið á leiðinni til landsins og hvernig á stendur að læknisrannsókn lokinni.

26. gr.

Sóttvarnarnefnd er heimilt að ákveða, að maður, sem kemur til landsins með skipi eða flugfari og nefndin telur sýktan, skuli sæta einangrun. Ef þess er krafizt af réttum hlutaðeigendum, skal flytja slíkan mann úr skipi eða flugfari.

27. gr.

Sóttvarnarnefnd er heimilt að hlutast til um, að grunaður maður, sem kemur til landsins frá sýktu sóttvarnarsvæði, sé tekinn undir sóttvarnareftirlit. Hlutaðeigandi er háður slíku eftirliti, unz liðinn er meðgöngutími þeirrar næmu sóttar, sem um er að ræða.

Nema stoð eigi í sérstökum fyrirmælum samkvæmt ákvæðum þessara laga, má einangrun ekki koma í stað sóttvarnareftirlits, ef ekki stendur svo á, að sóttvarnarnefnd hafi ríka ástæðu til að ætla, að um sérstaka sótthættu séu að ræða.

28. gr.

Þegar nauðsynlegt telst til að hindra, að næm sótt berist til landsins og breiðist hér út, er ráðherra heimilt að mæla svo fyrir, að mönnum, sem til landsins koma, bjóðist að undirgangast viðeigandi ónæmisaðgerð, en sé því hafnað, má láta það varða sóttvarnareftirliti eða einangrun.

29. gr.

Auk læknisrannsóknar er óheimilt að endurtaka sóttvarnaraðgerð, sem áður í sömu ferð hefur verið framkvæmd á annarri viðkomuhöfn eða flughöfn, nema

a. eitthvert það sóttarfyrirbrigði hafi síðan gerzt í hlutaðeigandi skipi eða flugfari, sem réttlæti endurtekningu aðgerðarinnar.
b. sóttvarnarnefnd telji tvímælalaust, að aðgerðin hafi verið óvirk.

30. gr.

Skipi eða flugfari má af sóttvarnarástæðum ekki meina að leita sambands við nokkra höfn eða flughöfn. Ef höfnin eða flughöfnin hefur ekki skilyrði til að beita þeim sóttvarnarráðstöfunum, sem sóttvarnarnefnd telur nauðsynlegar, er heimilt að leggja fyrir skipið — eða flugfarið, ef því er það fært — að halda á eiginn kostnað

og ábyrgð til annarrar hafnar eða flughafnar, þar sem nauðsynlegum sóttvarnarráðstöfunum verður komið við, enda sé höfnin eða flughöfnin ekki óhaganlega úrleiðis.

31. gr.

Ekki skal litið svo á, að flugfar komi frá sýktu sóttvarnarsvæði, einungis fyrir það, að það hafi á leið sinni yfir sýkt svæði leitað þar sóttvarnarflughafnar, enda sé hún ósýkt.

32. gr.

Ekki skal litið svo á, að maður, sem ferðast í flugfari, er flogið hefur yfir sýkt sóttvarnarsvæði án þess að leita þar flughafnar, komi frá sýktu sóttvarnarsvæði, og ekki heldur, þó að flugfarið hafi leitað flughafnar á svæðinu, ef hlutaðeigandi hefur sætt viðeigandi sóttvarnarráðstöfunum á staðnum til tryggingar því, að hann smitist ekki.

33. gr.

Skip eða flugfar, sem leitað hefur hafnar eða flughafnar og færist undan að sæta sóttvarnarráðstöfunum samkvæmt ákvæðum laga þessara, á rétt á að halda ferð sinni áfram, en þá tafarlaust og er óheimilt að hafa samskipti við nokkra aðra höfn eða flughöfn hér á landi. Slíkt skip eða flugfar á þó rétt á, ef gætt er varúðarráðstafana, sem sóttvarnarnefnd segir fyrir um, að birgja sig hér að eldsneyti, vatni og vistum.

34. gr.

Ef skip strandar eða flugfar nauðlendir, er sóttvarnarnefnd heimilt að krefjast þess, að gætt sé sanngjarnlegra varúðarráðstafana, en aldrei umfram það, sem samrýmist ákvæðum laga þessara.

IX. KAFLI

Sóttvarnarráðstafanir gegn farmi, farangri og pósti.

35. gr.

Því aðeins má láta farm skips eða flugfars sæta sóttvarnaraðgerðum, að sóttvarnarnefnd hafi gilda ástæðu til að ætla, að hann sé mengaður sóttnæmi næmrar sóttar eða líklegur til að valda útbreiðslu slíkrar sóttar.

Umleiðarfarm, annan en lifandi dýr — enda sé farminum ekki umhlaðið hér — má ekki láta sæta sóttvarnaraðgerðum, og ekki má kyrrsetja hann á neinni höfn eða flughöfn, nema ráðherra hafi mælt sérstaklega fyrir um sóttvarnarráðstafanir gegn þess háttar farmi.

36. gr.

Ekki má láta farangur sæta öðrum sóttvarnaraðgerðum en sótthreinsun og skordýraeyðingu og þessum aðgerðum því aðeins, að sá, er hann hefur meðferðis, sé sýktur eða grunaður, eða farmurinn mengaður sóttnæmi næmrar sóttar eða í honum séu skordýr, sem eru eða geta verið smitberar slíkrar sóttar.

37. gr.

Póst, blöð, bækur og annað prentað mál má ekki láta sæta sóttvarnaraðgerðum. Þó getur ráðherra mælt fyrir um sérstakar sóttvarnaraðgerðir gegn póstbögglum, ef rík ástæða er til að ætla, að innihald þeirra sé mengað sóttnæmi næmrar sóttar eða það sé líklegt til að valda útbreiðslu slíkrar sóttar.

X. KAFLI
Ýmisleg ákvæði.

38. gr.

Ráðherra er heimilt að semja fyrir Íslands hönd við eitt eða fleiri lönd um gagnkvæmar tilslakanir á sóttvarnarráðstöfunum, sem fjallað er um í lögum þessum.

39. gr.

Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um flutning lifa inn í landið og úr landi, svo og um flutning slíkra líka á milli staða hér á landi.

40. gr.

Hinum reglulegu sóttvarnarlæknum ber þóknun samkvæmt gjaldskrá héraðslækna fyrir sóttvarnarlæknisstörf, sem mælt er fyrir um í lögum þessum. Ef tilkallaðir eða skipaðir eru sóttvarnarlæknar aðrir en héraðslæknar (í Reykjavík borgarlæknir), ber þeim fyrir sóttvarnarlæknisstörf sín þóknun samkvæmt gjaldskrá annarra lækna en héraðslækna.

41. gr.

Ríkissjóður ber kostnað af sóttvarnarráðstöfunum samkvæmt ákvæðum laga þessara með þeim undantekningum, er greinir hér á eftir. Um umræddar greiðslur fer eftir reglum og gjaldskrá, er ráðherra setur.

a. Erlent skip, er stundar fiskveiðar eða aðrar veiðar hér við land eða á nálægum höfum og leitar hér hafnar í sambandi við veiðarnar, greiðir allan kostnað af sóttvarnarráðstöfunum gegn því;
b. skip eða flugfar greiðir kostnað af rannsókn á rottugangi og rottueyðingu, sem um er fjallað í 8. gr.;
c. skip eða flugfar greiðir kostnað af sóttvarnarráðstöfunum þeim, sem um er fjallað í 33. gr.;
d. skip eða flugfar, sem leitar hér hafnar eða flughafnar eingöngu til að setja á land sjúklinga eða lík, greiðir kostnað af sóttvarnarráðstöfunum gegn því; nema í hlut eigi skip, sem um ræðir undir staflið a. þessarar greinar, ber þó ríkissjóður kostnað af læknisrannsókn og frekari rannsóknum, sem nauðsynlegar eru til að leiða í ljós heilbrigðisástand farþega eða áhafnar;
e. hlutaðeigandi skip eða flugfar greiðir kostnað af sjúkrahúsvist, aðhlynningu og lækningu sjúklings, sem sóttvarnarráðstöfunum er beitt gegn, að svo miklu leyti sem honum er sjúkrahúsvistin, aðhlynningin og lækningin nauðsynleg vegna sjúkdóms síns og engu síður, þó að honum sé ráðstafað á sjúkrahúsið jafnframt til einangrunar; hér til telst og kostnaður af útför sjúklingsins, ef til kemur;
f. kostnaður af sóttvarnarráðstöfunum gegn strönduðu skipi greiðist af andvirði strandgóss;
g. kostnað, sem leiðir af því, að maður fer í banni laga þessara út í skip eða stígur upp í flugfar, greiðir hlutaðeigandi, og er greiðslan lögtakskræf;
h. um kostnað af einangrun hjúkrunarliðs og annarra, sem haft hafa samskipti við sjúkling, er einangraður hefur verið samkvæmt ákvæðum laga þessara, fer, að svo miklu leyti sem kostnaðurinn hefur til fallið, eftir að sjúklingurinn er látinn eða hefur verið leystur úr einangrun, sem um kostnað af farsóttarvörnum innanlands.

42. gr.

Ríkissjóður greiðir ekki skaðabætur vegna tjóns, er leiða kann af sóttvarnarráðstöfunum samkvæmt ákvæðum laga þessara.

43. gr.

Brot gegn fyrirmælum laga þessara eða reglugerða og auglýsinga, sem birtar kunna að verða samkvæmt ákvæðum þeirra, varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum. Mál skulu rekin að hætti opinberra mála. Þegar sýnt þykir, að brot varða ekki þyngri viðurlögum en sektum, er sóttvarnarnefnd heimilt að taka boði hins brotlega um staðgreiðslu sektar gegn því að sleppa við málshöfðun.

Varningur, sem reynt er að flytja inn í landið eða fluttur hefur verið inn í landið í banni laga þessara, skal, að svo miklu leyti sem honum er ekki tortímt, gerður upptækur ríkissjóði til tekna. Sektir, sem menn hafa verið dæmdir til að greiða eða sætzt hefur verið á samkvæmt ákvæðum fyrri málsgreinar þessarar greinar, renna í ríkissjóð.

44. gr.

Lög þessi skal birta á íslenzku og ensku.

45. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 65 19. júní 1933, um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til landsins, og lög nr. 26 27. júní 1941 um breyting á þeim lögum

Jafnframt því sem lög þessi falla úr gildi, fellur niður innheimta gjalda í sóttvarnarsjóð, sem eftirleiðis skal hafa það hlutverk að standa straum af kostnaði af rannsóknum varðandi farsóttir og sóttvarnarmál. Sjóðurinn skal vera í vörzlum landlæknis undir yfirstjórn ráðherra, sem fer með heilbrigðismál, og eru allar greiðslur úr sjóðnum háðar samþykki ráðherrans.

Sóttvarnarhús ríkisins skal selja og andvirði þess renna í sóttvarnarsjóð.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Landlæknir hefur samið lagafrumvarp þetta og gerir fyrir því svolátandi grein:

Ísland hefur á vegum Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar gerzt aðili að hinum alþjóðlega sóttvarnarsamningi nr. 2 25. maí 1951, en þennan dag var hann samþykktur á 4. þingi stofnunarinnar í Genf. Fyrir þá aðila Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar, sem höfðu ekki tilkynnt fyrirvara innan tiltekins (9 mánaða) frests, gekk samningurinn í gildi hinn 1. október 1952, og var Ísland í hópi þeirra aðila.

Ákvæði laga nr. 65 19. júní 1933, um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands, en svo heita sóttvarnarlög vor, þau er nú gilda, þóttu ekki vera því til fyrirstöðu, að vér gætum í öllum atriðum er máli skipta, fullnægt ákvæðum hins alþjóðlega sóttvarnarsamnings. Að vísu eru ákvæði laganna yfirleitt allmiklu ríkari en heimilt er að beita samkvæmt samningnum, en hins vegar gert ráð fyrir, að eftir atvikum megi víkja frá ýtrustu fyrirmælum, og mun til þess verða gripið, ef á reynir og til árekstra stefnir við fyrirmæli samningsins. Mest ber á milli um bókstaf laga og samnings varðandi sóttvarnargjöld af skipum og flugförum, en reyndar bitamunur en ekki fjár um hæð gjaldanna til uppjafnaðar.

Hagkvæmt þótti að flýta ekki svo hinni sjálfsögðu endurskoðun sóttvarnarlaganna, að ekki væri unnt að hafa nokkurn stuðning af því, sem í þessu efni gerðist á öðrum Norðurlöndum, sem vér höfum svo lengi átt samleið með um skipun sóttvarnarmála. Danir riðu hér á vaðið og lögðu fyrir landsþing sitt (28. janúar 1953) frumvarp til nýrra sóttvarnarlaga samræmt ákvæðum hins alþjóðlega sóttvarnarsamnings. Hefur danska heilbrigðisstjórnin sýnt íslenzku heilbrigðisstjórninni þá góðvild að leyfa henni að fylgjast með undirbúningi þessarar lagasetningar, og er frumvarp þetta mjög sniðið eftir hinu danska frumvarpi, en þó samræmt íslenzkum staðháttum og aðstæðum. Hið danska frumvarp er nú orðið að lögum (Lov af 31. marts 1953 om karantæneforanstaltninger mod smitsomme sygdomme).

Nauðsynlegt er að gera sér ljóst, að alþjóðlegir sóttvarnarsamningar eru ekki fyrst og fremst helgaðir því að girða fyrir alla sótthættu af samgöngum landa á milli, heldur miklu fremur hinu, að tryggja samgöngurnar gegn óhóflegri íhlutun sóttvarnaryfirvalda. Af öllum millilandasamgöngum stafar að sjálfsögðu meiri eða minni sótthætta, sem engin leið er að girða með öllu fyrir nema með svo róttækum samgönguhömlum, að leiða mundi til fullkominnar ringulreiðar á samskiptum þjóðanna. Nokkur sótthætta er sá skattur, sem vér hljótum að greiða af þessum lífsnauðsynlegu samskiptum. Hins vegar hafa nú allar þjóðir, a. m. k. þær, sem eru á alþjóðlegum samgönguleiðum, hver hjá sér þann hemil á næmum sóttum, sem á annað borð eru með nokkru móti viðráðanlegar, að millilandasamgöngur mega nú yfirleitt heita stórhættulitlar, að viðhafðri hæfilegri gát samkvæmt ákvæðum hins alþjóðlega sóttvarnarsamnings. Horfir nú og svo fyrir samræmdar aðgerðir allra þjóða, að með hverju ári, sem líður, verði þessi hætta minni og minni, enda líta menn nú öruggir til þeirrar framtíðar, að alþjóðlegum samgöngum verði haldið uppi án nokkurra teljandi sóttvarnarráðstafana gegn þeim.

Hér á eftir fara skýringar á einstökum greinum frumvarpsins, að svo miklu leyti sem slíkra skýringa telst þörf.

Um 1. gr.

Þó að ætlazt sé til, að lögin heiti hinu almenna heiti: sóttvarnarlög, taka þau aðeins til millilandasóttvarna, þ. e. ráðstafana til varnar gegn því, að inn í landið eða út úr því berist þær sóttir, sem lögin á hverjum tíma eru látin taka til. Að hætti annarra Norðurlandaþjóða eigum vér oss önnur lög, sem helguð eru því hlutverki að reisa skorður við útbreiðslu farsótta innan lands. Eru það lög nr. 66 19. júní 1933 um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma. Þegar þau lög verða endurskoðuð, er þeim fyrirhugað heitið: farsóttalög. Styðzt þessi nafngift við nokkra málvenju, sbr. sóttvarnarhús og farsóttahús, en annars eru heitin valin með tilliti til þess, hve stutt þau eru og líkleg til að reynast þægileg í notkun.

Alþjóðasóttvarnarsamningurinn tekur einungis til sex tilgreindra sótta, sem samkvæmt samningnum heita sóttvarnarsóttir (quarantinable diseases), og er heitið miðað við það, að æskilegs árangurs sé að vænta af viðráðanlegum sóttvarnarráðstöfunum gegn þeim. Mun og vera gert ráð fyrir því, að allar þjóðir muni telja sér skylt að reisa sérstakar skorður við því, að þær illa kynjuðu sóttir berist inn í lönd þeirra, að svo miklu leyti, sem þeim getur stafað hætta af því. Þessar sóttir eru

1. bólusótt (variola);
2. dílasótt (typhus exanthematicus);
3. gul hitasótt (febris flava);
4. kólera (cholera asiatica);
5. rykkjasótt (febris recurrens);
6. svarti dauði (pestis).

Fimm af þessum sóttum (1—4 og 6) eru hinar sömu sóttir, sem sóttvarnarlög vor, þau er nú gilda, taka fyrst og fremst til, þ. e. hinar svo nefndu erlendu sóttir, sem ætíð er skylt að verja landið fyrir samkvæmt nánara tilteknum reglum. Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir því, að nefndar verði í sjálfum lögunum þær sóttir, sem þeim er ætlað að taka til, heldur verði það ákveðið í reglugerð. Er það gert með tilliti til þess, að ekki þykir fyrir fram sjálfsagt, að þau taki til allra þeirra sótta, sem alþjóðasóttvarnarsamningurinn fjallar um, og ekkert er því til fyrirstöðu, að láta megi þau, þegar svo ber undir, taka til annarra næmra sótta. Af sóttvarnarsóttum samkvæmt samningnum má gul hitasótt að ósekju vor vegna falla hér undan, því að hún berst einungis á milli manna með mýi því, sem ekki er líft í íslenzku loftslagi. Í reglugerð, sem að sjálfsögðu verður birt, jafnframt því sem lögin taka gildi, verður ákveðið, að þau skuli taka til hinna sóttanna fimm með þeim sérákvæðum um hverja einstaka sótt, sem samningurinn heimilar framast.

Ekki mun að svo stöddu þykja ástæða til að taka fleiri sóttir í tölu slíkra sóttvarnarsótta, þó að heimilt sé eftir samningnum, en að sjálfsögðu er það samkvæmt anda hans, að það verði ekki gert nema af mjög brýnni nauðsyn og ekki strangari sóttvarnarfyrirmæli sett um þær sóttir, sem við kann að verða bætt, en samsvari fyrirmælum samningsins um þær sérstöku sóttir, sem hann tekur til. Sérstaklega er tekið fram í samningnum, að aldrei megi vegna sóttvarnarráðstafana gegn sóttum, öðrum en sóttvarnarsóttum samkvæmt ákvæðum samningsins, nema um hinn ýtrasta háska sé að ræða fyrir heilbrigðisástand hlutaðeigandi lands, meina skipi eða flugfari að lesta eða losa farm, taka vistir, vatn og eldsneyti.

Um 2. gr.

Skýrgreiningarnar ná eingöngu til þeirra hugtaka sem á góma ber í frumv. og ekki þykja nægilega hnitmiðuð samkvæmt orðanna hljóðan, enda í sumum tilfellum til styttingar máli vikið allmikið frá venjulegustu merkingu mælts máls, og bera skýringarnar þetta nægilega greinilega með sér. Hugtakaskýrgreiningar hins alþjóðlega sóttvarnarsamnings ná til miklu fleiri hugtaka en lögunum er ætlað að fjalla beinlínis um, en komið geta þau til kasta reglugerða, sem settar verða samkv. lögunum, og bíða þá skýrgreiningarnar reglugerðanna.

Um 3.—5. gr.

Ekki hefur gefizt vel að kjósa til sóttvarnarnefnda, og er sannast mála, að mjög víða, þar sem slíkar nefndir eiga að vera samkvæmt ákvæðum gildandi sóttvarnarlaga, hafa þær aldrei komizt á laggirnar. Hin almennu störf sóttvarnarnefnda eru og embættisleg störf og rækt af hlutaðeigandi embættismönnum, en sjaldnast þörf eiginlegra nefndarstarfa. Þó getur svo borið undir, að æskilegt sé að hafa samráð nokkurra valinna manna um, og er hér gert ráð fyrir, að í sóttvarnarnefndir séu sjálfkjörnir ákveðnir embættis- og sýslunarmenn og þannig stillt til, að í hverri nefnd séu tveir embættismenn ríkisins og einn sýslunarmaður hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélags.

Ekki er gert ráð fyrir því, að breyting verði gerð á tilhögun starfshátta sóttvarnarnefnda frá því, sem verið hefur.

Um 6. gr.

Með sóttvarnarlögum frá 1902 var svo fyrir mælt, að reisa skyldi sérstakt sóttvarnarhús í hverjum kaupstað hér á landi, en síðan skyldu hús þessi vera til taks, ef einangra þyrfti í sóttvarnarskyni aðkomufólk frá öðrum löndum. Hús þessi voru reist að nafni til í öllum kaupstöðum, er þá voru, en utan Reykjavíkur varð tæplega nokkurt þeirra fullgert, og víst mun aldrei hafa til þess komið, að þau yrðu notuð í tilætluðu skyni. Með sóttvarnarlögum frá 1933 voru hin sérstöku sóttvarnarhús lögð niður annars staðar en í Reykjavík, þar sem svo heitir, að til sé sóttvarnarhús, frá upphafi illa nothæft og nú fyrir löngu orðið óhæft til slíkra nota. Líða og svo áratugir, að ekki reynir á það, að einangra þurfi fólk vegna sóttvarnarráðstafana gegn útlöndum, en alkunnugt er, hverjum erfiðleikum er bundið að halda eyðihúsum við, svo að ekki grottni niður.

Þykir reynsla hafa skorið úr um það, að sérstakt sóttvarnarhúsahald sé úrelt skipan, og hér á Íslandi hefur það reyndar aldrei átt heima. Hugmyndin um sérstök, afskekkt sóttvarnarhús á rætur að rekja til þeirra tíma, er menn kunnu langtum miður en nú tök á að umgangast næmar sóttir. Nú orðið er yfirleitt engum vandkvæðum bundið að einangra tryggilega sjúklinga með næmar sóttir, sem á annað borð láta að einangrun, á hverju sæmilega útbúnu sjúkrahúsi sem vera skal, enda reynir meira eða minna á það á öllum sjúkrahúsum hér á landi, sem sjúkrahúsnafn er gefandi. Einkum henta þó til slíkrar einangrunar almenn farsóttahús eða farsóttadeildir sjúkrahúsa. Þykir einsýnt að taka upp þá skipan að fela almennum sjúkrahúsum bæjar- og sveitarfélaga að annast gæzlu og aðhlynningu þeirra ein-

staklinga, sem einangra þarf vegna sóttvarnarráðstafana gegn útlöndum, enda gera sjúkrahúsunum skylt að takast það á hendur. Er um þetta farið að dæmi Dana. Sjúkrahúsbyggingar bæjar- og sveitarfélaga njóta nú þess styrks úr ríkissjóði, að ekki verður talið til mikils mælzt, að sjúkrahúsin bregðist vel við þessari almannanauðsyn, og því heldur sem aldrei mun kveða mjög mikið að því, að þessarar þjónustu verði æskt.

Víst er hugsanlegt, að svo beri við, að einangra þurfi vegna sóttvarnarráðstafana gegn útlöndum meiri fjölda manna í senn en svo, að rúmist á nokkru sjúkrahúsi. En á slíkt mun reyna svo örsjaldan, að lítil ráðdeild væri að halda uppi meira háttar sóttvarnarhúsi aðeins til að vera við því búinn að leysa einn og einn slíkan vanda e. t. v. á aldarfjórðunga fresti. Verður í slíkum undantekningar- og neyðartilfellum að láta sér nægja skyndiráðstafanir á borð við það að gera t. d. skólahús að bráðabirgðasóttvarnarhúsi, og eru slík úrræði ekki óþekkt hér á landi. Bæjar- og sveitarstjórnir eru einnig hér hin sjálfsagðasta hjálparhella og lánardrottinn.

Húsakynni flughafnar, sem nauðsynleg eru til þeirrar tryggingar gegn sótthættu af ferðamönnum, er um flughöfnina fara, að þeir megi halda sem óhindraðastir áfram ferð sinni (sbr. 10. gr. og 21. gr. b), teljast ekki til opinberra sóttvarnarhúsa, heldur er þar um að ræða eðlilegan búnað flughafnar, sem kostar kapps um að fullkomna þjónustu sína og tryggja hag viðskiptamanna sinna.

Um 7.—9. gr.

Varða rottueftirlit og rottueyðingu og þarfnast tæplega skýringar.

Um 10. gr.

Sbr. niðurlagsmálsgrein skýringar á 6. gr. Kostnaður af sóttvarnarbúnaði flughafna verður ekki greiddur af hinu opinbera sem sóttvarnarkostnaður. Hér er aðeins um það að ræða, að flughafnir, sem fullnægja settum skilyrðum um sóttvarnarbúnað, eigi þess kost að verða löggiltar sem sóttvarnarflughafnir (sanitary airports).

Um 11. gr.

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin tilkynnir aðilum sínum um gang sótta þeirra, sem alþjóðasóttvarnarsamningurinn tekur til. Um gang annarra sótta verður að leita annarra fregna, og eru sem fyrr lagðar þær kvaðir á fulltrúa utanríkisráðuneytis Íslands erlendis, að þeir fylgist með sóttarfari, hver í sínu umdæmi, og tilkynni hingað það, sem máli skiptir í því efni.

Um 12.—19. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 20. gr.

Umleiðarferð er nýyrði, sem svarar til danska orðsins: gennemrejse; á ensku: transit traffic.

Um 21. gr.

Varðandi staflið b., sbr. niðurlagsmálsgrein skýringar á 6. gr. og skýringu á 10. gr.

Um 22.—34. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 35. gr.

Umleiðarfarmur: transitgods, sbr. skýringu á 20. gr.

Um 36. og 37. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 38. gr.

Sérstaklega kemur til mála, að Norðurlönd geri með sér samninga um slíkar gagnkvæmar tilslakanir sóttvarnarráðstafana.

Um 39.—40. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 41. gr.

Varðandi staflið a.: Með því að alþjóðasóttvarnarsamningurinn er helgaður fyrirgreiðslu alþjóðlegra samgangna (world traffic) og ferðir erlendra fiskiskipa og annarra veiðiskipa af íslenzkum miðum og nálægum höfum á íslenzkar hafnir geta með engu móti talizt til alþjóðlegra samgangna í skilningi samningsins, verður ekki séð, að skylt sé að láta slík fiski- og önnur veiðiskip njóta þeirra fríðinda, sem samningurinn tryggir skipum á alþjóðlegum samgönguleiðum, að njóta að verulegu leyti ókeypis sóttvarnareftirlits. Hér kemur og til, hversu óvenjulegra hagsmuna vér Íslendingar eigum að gæta í þessu efni.

Önnur ákvæði greinarinnar varðandi greiðslu sóttvarnarkostnaðar fylgja nákvæmlega beinum fyrirmælum samningsins.

Um 42.—43. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 44. gr.

Áður hefur tíðkazt að birta íslenzk sóttvarnarlög á íslenzku, dönsku, ensku, frönsku og þýzku. Þetta virðist óþarflegur íburður, og ætti að vera nægilegt að birta þau útlendingum á einu heimsmáli, einkum þar sem sóttvarnarráðstöfunum vorum er ekki ætlað að víkja í neinu frá alþjóðlegum reglum.

Um 45. gr.

Sú ráðstöfun sóttvarnarsjóðs og andvirðis sóttvarnarhúss ríkisins, sem hér er stungið upp á, mætti svara vel tilgangi sínum. Illa fer á, að fé þessu verði ekki varið á einhvern hátt til eflingar sóttvarnarmálum, svo sem frá upphafi var fyrirhugað.

Frumvarpið hafa haft til umsagnar læknadeild háskólans og stjórn Læknafélags Íslands. Læknadeildin hefur í bréfi, dags. 25. apríl 1953, tjáð sig samþykka frumvarpinu og telur það „í samræmi við gildandi alþjóðareglur". Stjórn læknafélagsins gerði í bréfi, dags. 8. júní 1953, ekki aðrar athugasemdir við frumvarpið en þær, að læknum væri tryggð ónóg þóknun fyrir sóttvarnarstörf. Ef svo þætti, ættu ákvæði þar að lútandi þó ekki heima í sóttvarnarlögunum, heldur í hinum opinberu læknagjaldskrám, og má hvenær sem er taka það til athugunar af réttum aðilum.

Ed. 17. Frumvarp til laga [17. mál]

um breyting á lögum nr. 66/1944, um breyting á og viðauka við lög nr. 36/1909, um laun háskólakennara og um breyt. á lögum nr. 21/1936, um Háskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 73. löggjafarþingi, 1953.)

1. gr.

2. gr. laga nr. 66/1944 orðist svo:

Í laga- og hagfræðideild eru 4 prófessorar í lögfræði og 2 dósentar í viðskiptafræðum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. þetta er lagt fyrir Alþingi samkvæmt tilmælum háskólans. Fylgdi því svofelld greinargerð:

„Á fundi kennara í laga- og hagfræðideild 23. marz 1950 var samþykkt einróma að fara þess á leit við háttvirt Alþingi, að það lögtæki frumvarp um að bæta við einum fastakennara í lögfræði. Háskólaráð lýsti á fundi sínum 24. marz sama ár eindregnum stuðningi við tilmæli deildarinnar. Á fundi kennaranna í lögfræði 6. sept. 1951 var samþykktin frá 23. marz f. á. áréttuð. Það er efni frumvarps þessa, að prófessorar í lögfræði skuli vera fjórir, í stað þriggja.

Samkvæmt lögum nr. 36 30. júlí 1909 um laun háskólakennara skyldu vera 3 prófessorar í lagadeild. Var lagadeild þá prófessoraflest allra deilda háskólans, þar eð 2 prófessorar skyldu vera við hverja hinna deildanna, en 1 dósent við sinn hvora deildina, guðfræðideild og heimspeki, og aukakennarar nokkrir í læknadeild. Við rás tímans hefur þetta hlutfall breytzt lagadeildinni mjög í óhag. Þar er tala fastakennara enn hin sama og í sept. 1911, er háskólinn tók til starfa. En hinum deildunum öllum hefur bætzt kennaralið. Eru nú 5 prófessorar í læknisfræði og 1 í tannlækningum, 6 í heimspekideild og 1 dósent, og í guðfræðideild 4 prófessorar. Er lagadeildinni því svo komið nú, að hún er kennarafæst gömlu deildanna um fasta kennara. Ekki stafar þetta þó af því, að lagadeildin sé hornreka, þá er litið er til tölu nemenda, er sótt hafa hana heim. Tala kandidata frá einstökum deildum háskólans er óræk um það atvik. Samanburður á því efni um 15 árin síðustu er svofelldur:

Kandidatar 1935—1949:

Guðfræðideild	54
Heimspekideild (miðað við kandidata í ísl. fræðum)	35
Læknadeild (talan tekur ekki til þriggja tannlækna	107
Lagadeild (viðskiptafræðingar ótaldir)	161

Yfirlit þetta sýnir, að í lagadeild er mest viðkoma kandidata. Lagadeildin er nemendaflest allra deilda háskólans virkra nemenda. Einsætt er, að verkefni kennara hljóta að vaxa öðrum þræði við aukinn fjölda nemenda. Því gegnir t. d. um verkefni þau, er af prófum spretta. Á s. l. háskólaári þreyttu 47 nemendur fyrra hluta og síðara hluta embættisprófs í lögfræði, og stóðu prófin á þriðja mánuð samtals. Örðugt er eða ókleift að koma við kennslu, meðan prófin standa. Hafa þessi miklu próf því þær afleiðingar, að sneiðast hlýtur af kennslutímanum. Viðbót við kennaralið myndi hafa þau áhrif, að verkefni þau, er prófin leggja kennurum, mundu dreifast á fleiri hendur, og væri þá kostur að halda uppi fyrirlestrum í rýmra horfi en nú er, meðan á prófum stendur.

Þegar borin er saman tala fastakennara við lagadeildina og aðrar deildir háskólans, verður enn að hafa í huga, að á kennara lagadeildar eru lögð aukastörf framar því, sem flestir aðrir kennarar skólans þurfa að hlíta. Tveir af kennurum deildarinnar hljóta að annast kennslu í lögfræði í hagfræðideild kauplaust. Er mikil vinnukvöð að þeirri skyldu. Í annan stað eru kennarar lagadeildar varadómendur í hæstarétti, samkv. lögum nr. 112/1935, 5. gr., og eru oft kvaddir til setudómarastarfa í þeim dómi. Í þriðja lagi leitar háttvirt Alþingi eða einstakar nefndir þess oftlega til lagadeildarinnar með tilmæli um álitsgerð um frumvörp.

Ef seilzt er til samanburðar við lagadeildirnar á Norðurlöndum, kemur upp, að fastir kennarar eru miklu fleiri þar en hér. Við sænsku lagadeildirnar þrjár (í Uppsölum, Lundi og Stokkhólmi) eru 8 prófessorar við hverja deild, við lagadeildirnar í Kaupmannahöfn og Osló er talan svipuð, og sama er um lagadeildina í Helsingsfors. Auk þessara kennara koma dósentar, lektorar og aukakennarar. Segja má, að hér sé ólíku saman að jafna, þar sem tala stúdenta hérlendis sé mörgum sinnum minni en við deildir þær, sem nefndar voru. Rannsóknarefnin eru þó eigi fáskrúðugri hér á landi, og viðbúnaður við haldi fyrirlestra vex ekki, þótt

áheyrendur séu fleiri þar en hér. Prófun stúdenta kemur og mjög í hlut annarra manna erlendis en prófessoranna.

Kennsluháttum í lögfræði hefur verið gagnbreytt síðan 1911, síðast með reglum, sem staðfestar voru 21. sept. 1949. Er mjög örðugt að fylgja fram núverandi kennsluháttum við þann kennarakost, er deildin býr við. Má rekja það með vissu, að fæð fyrirlestra er beinlínis fallin til að lengja námið hjá stúdentunum, sakir þess hve yfirferðir í einstökum greinum taka langan tíma. Það atvik eitt er ærið til að réttlæta fjölgun kennara. Ef fjölgun fastakennara verður ekki ráðin nú, mun naumast stætt á öðru en að festa fleiri aukakennara en nú er til starfa í deildinni mjög á næstunni, t. d. til að annast námskeið í lögfræðilegri skjalaritun, í sérstaka hluta kröfuréttarins og til að fara með kennslu í lögfræði fyrir viðskiptafræðinema. Er miklu ráðlegra að fjölga fastakennurum en að ráða aukakennara til að kenna stöku greinar. Er og ekki sýnilegt, að fjölgun um einn fastakennara við deildina sé miklu kostnaðarmeiri en ráðning aukakennara. Má geta þess í því sambandi, að tveir aukakennarar starfa nú við deildina. Hefur annar þeirra hálf dósents laun, en hinn almenn laun stundakennara. Ef bætt væri við fastakennara, myndi hann m. a. annast kennslu í þeim greinum, sem þessir kennarar tveir kenna nú.

Í lagadeildinni hér er ekki kleift að koma við kennslu í ýmsum greinum lögfræðinnar, sem kenndar eru við vel flestar lagadeildir á Norðurlöndum. Veldur því fæð kennara. Eru margar þeirra greina þó harla gildismiklar. Má nefna í dæma skyni skattarétt og tolla, atvinnulöggjöf almennt, félagsmálarétt og vinnurétt, tryggingarétt, hugverkarétt og auðkenna, réttarheimspeki og réttarfélagsfræði. Auka þyrfti og kennsluna í ýmsum þeim greinum, sem nú eru kenndar. Þörf væri og á að breyta kennsluháttum, m. a. með því að hverfa meir en nú er kostur að verklegum æfingum og svo nefndum seminörum. Er ógerningur að koma fram höfuðbreytingum, án fjölgunar á kennaraliði deildarinnar. Má um þetta efni vísa til nánari greinargerðar eftir einn af núverandi kennurum lagadeildar í tímaritinu Úlfljóti, I. árg., 4. tbl., 1947.

Rannsóknir á íslenzkum lögvísindum eru eðlilega skammt á veg komnar. Að þeim rannsóknum verður bezt hlúð með því að efla tölu kennara við lagadeildina. Í ýmsum greinum lögfræðinnar eru erlendar bækur lagðar til grundvallar kennslunni. Eiga þær misvel við hérlendan rétt og þjóðlífsaðstæður og valda nemendum vandkvæðum við námið. Bíða kennaranna mikil verkefni á næstu árum, þar sem er ritun kennslubóka. Meðan kennslusvið hvers kennara er jafn geysimikið og nú er, verða þau verkefni seint unnin.

Á Alþingi hefur það komið fram oftar en einu sinni, að lagadeild hafi jafnan verið hófsöm um tilmæli um fjölgun kennara. Kennarar deildarinnar fara nú fram á aukningu kennaraliðs, sakir óhjákvæmilegrar nauðsynjar. Leyfa þeir sér að vænta þess, að háttvirt Alþingi taki vel í frumvarp þetta."

Nd. 18. Frumvarp til laga [18. mál]

um breyting á lögum nr. 13 frá 20. október 1905, um rithöfundarétt og prentrétt.

(Lagt fyrir Alþingi á 73. löggjafarþingi, 1953.)

1. gr.

4. gr. laga nr. 13 frá 20. október 1905, um rithöfundarétt og prentrétt, orðist svo:

Engum er heimilt að þýða rit eða gefa út þýðing á riti, án leyfis þess, er eignarrétt hefur á því, sbr. 22. grein.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Menntamálaráðherra fól s. l. vetur þremur mönnum, þeim Ólafi Jóhannessyni, prófessor, Kristjáni Guðlaugssyni, hrl., og Jóhannesi Elíassyni, stjórnarráðsfulltrúa, að gera tillögur um eftirtalin atriði:

1. Hvort rétt muni vera fyrir Ísland að gerast aðili að milliríkjasamningi þeim um vernd höfundaréttinda, sem undirritaður var í Geneve 6. sept. 1952.
2. Hverjar breytingar þurfi að gera á íslenzkum lögum, til þess að Ísland geti gerzt aðili að áðurnefndum samningi.
3. Hvort Íslandi muni hagkvæmt að gera samning við Bandaríkin um gagnkvæma vernd höfundaréttinda.
4. Hvort gera þurfi breytingar á íslenzkri löggjöf, ef til slíks samnings skyldi koma.

Nefnd þessi skilaði s. l. vor til ráðuneytisins álitsgerð þeirri, er hér fer á eftir, og er frumvarp þetta flutt í samræmi við niðurstöður hennar.

Í desembermánuði s. l. leitaði menntamálaráðuneytið álits okkar undirritaðra varðandi eftirtalin atriði:

1. Hvort rétt muni vera fyrir Ísland að gerast aðili að milliríkjasamningi þeim um vernd höfundaréttinda, sem undirritaður var í Geneve 6. sept. s. l.
2. Hverjar breytingar þurfi að gera á íslenzkum lögum, til þess að Ísland geti gerzt aðili að áðurnefndum samningi.
3. Hvort Íslandi mun hagkvæmt að gera samning við Bandaríkin um gagnkvæma vernd höfundaréttinda.
4. Hvort gera þurfi breytingar á íslenzkri löggjöf, ef til slíks samnings skyldi koma.

Í þeirri greinargerð, sem hér fer á eftir, verða spurningar þessar teknar til úrlausnar í þeirri röð, sem að framan greinir.

1. Eins og kunnugt er, hafa höfundaréttindi ekki notið réttarverndar fyrr en á síðari tímum. Urðu Englendingar fyrstir til þess að setja lög um vernd höfundaréttinda. Var það árið 1709. Í mörgum löndum Evrópu var slík löggjöf eigi sett fyrr en á nítjándu öld. Hér á landi naut rithöfundaréttur ekki örugglega verndar fyrr en með lögum 13/1905, því að vafasamt er talið, að tilskipanir frá 7. jan. 1741 og 7. maí 1828 hafi hér haft lagagildi, a. m. k. sú fyrrnefnda, en auk þess var verndin samkvæmt þeim lagaboðum mjög ófullkomin.

Í lögvernd höfundaréttar felst viðurkenning þess, að höfundur „eigi" hugverk sitt, að réttur höfundar yfir hugsmíð sinni sé eignarréttur, sem setja verði á bekk með eignarrétti að áþreifanlegum verðmætum, enda þótt séreðli höfundarréttindanna hljóti að hafa nokkur afbrigði í för með sér. Þannig er t. d. viðurkennt, að það eigi að vera á valdi höfundar að ákveða það, hvort hugverk hans skuli birt eða ekki, svo og að höfundur eigi að njóta ágóða af birtingu eða útgáfu hugverksins.

Löggjöf einstakra ríkja um höfundarétt veitti honum þó oftast ekki fullnægjandi vernd. Að vísu verndaði löggjöfin höfundaréttinn í því landi, þ. e. verndaði t. d. rétt rithöfundar til ritsmíðarinnar á frummálinu, en hins vegar gat hún ekki veitt honum vernd gegn því, að ritsmíð hans væri þýdd á annað tungumál og gefin út í öðru landi. Vernd gegn slíkum „stuldi" fór auðvitað eftir löggjöf viðkomandi lands. Vegna séreðlis höfundaréttarins var rík nauðsyn á slíkri aukinni vernd.

Sú nauðsyn leiddi til þess, að stofnað var til milliríkjasamninga og síðar víðtækrar alþjóðasamvinnu um gagnkvæma vernd höfundaréttinda. Var stofnun Bernarsambandsins stærsta sporið í þá átt, en það var sett á fót í Bern 9. sept. 1886. Gengust flest Evrópuríki undir sáttmála þann um vernd bókmennta og lista-

verka. Meginákvæði sáttmálans eru þau, að höfundar í öllum samningslöndum njóti þeirrar réttarverndar innan hvers samningsríkis, sem þarlendum höfundum er veitt að landslögum, þó svo að tíminn sem rétturinn helzt sé aldrei lengri en höfundur hver á rétt á heima hjá sér.

Aðildarríki sáttmálans skuldbinda sig til að veita höfundarétti þá vernd í lögum sínum, er í sáttmálanum greinir.

Samkvæmt Bernarsáttmálanum var upphaflega veitt 10 ára vernd gegn þýðingum, þ. e. a. s. rithöfundar höfðu um 10 ára bil frá lokum þess árs að telja, er frumritið kom út, einir rétt til þess að þýða eða láta þýða ritsmíðar sínar á önnur tungumál, og gefa út þýðingarnar.

Bernarsáttmálinn hefur síðan verið endurskoðaður og hafa verið gerðar á honum nokkrar breytingar, fyrst í Berlín 13. nóvember 1908 og síðan í Róm 2. júní 1928. M. a. hefur vernd höfundar gegn því að verk hans séu þýdd á önnur tungumál verið aukin. Nýtur sá réttur nú fullrar verndar meðan höfundarréttur annars varir. Er það byggt á þeirri skoðun, að þýðingarrétturinn sé aðeins einn þáttur höfundarréttarins, sem eðlilegt sé, að njóti sömu réttarverndar sem aðrir þættir höfundarréttar. Um þetta efni eru nú ákvæði í 8. gr. Bernarsáttmálans, sbr. augl. nr. 110 frá 19. sept. 1947. Segir þar svo:

„Nú telst til sambandslands höfundur að óbirtu verki eða verki, sem hefur verið birt fyrsta sinni í einhverju sambandslandanna, og á hann þá einkarétt á því að þýða verkið eða leyfa þýðingu á því um allan þann tíma, sem hann á rétt á frumverkinu.“ En í 7. gr. sáttmálans segir: „Vernd sú, er sáttmáli þessi veitir, varir til æviloka höfundar og fimmtíu ár eftir andlát hans.“

Frá þessari meginreglu Bernarsáttmálans um fulla vernd gegn því að verk höfundar séu þýdd á önnur tungumál og gefin út án greiðslu til rétthafa og leyfis hans, er þó undantekning heimil. Í 3. málsgr. 25. gr. Bernarsáttmálans segir, að í inngöngubeiðni megi taka fram, að viðkomandi land, í stað þess að vera bundið af 8. gr. sáttmálans, áskilji sér að minnsta kosti fyrst í stað, að varðandi þýðingar sé það bundið af ákvæðum 5. gr. sáttmálans frá 1886 í því formi, sem hann hlaut í París 1896.

Í þessu ákvæði felst, að aðildarríki sambandsins geta a. m. k. fyrst um sinn takmarkað vernd gegn óheimilum þýðingum við 10 ára tímabil frá útkomu frumrits, eftir því sem nánar segir í 5. gr. Bernarsáttmálans frá 1886.

Ýmis ríki, þar á meðal sum stórveldi, svo sem Bandaríki Norður-Ameríku og ráðstjórnarríkin rússnesku hafa aldrei gerzt aðilar að Bernarsáttmálanum. Hafa því jafnan verið skörð í þann varnargarð, sem leitast var við að byggja um höfundarétt með þeim sáttmála. Því var það, að menningar- og vísindastofnun Sameinuðu þjóðanna — Unesco — beitti sér fyrir því, að gerður væri nýr milliríkjasamningur um vernd höfundaréttar. Var markmið þeirrar samningsgerðar einkum það að ná til þeirra ríkja, sem ekki hafa talið sig geta gerzt aðilar að Bernarsambandinu. Þessi nýi allsherjarsamningur um höfundarétt var loks undirritaður í Geneve 6. sept. 1952.

Í 17. gr. þessa allsherjarsamnings er mælt svo fyrir, að hann skuli ekki á nokkurn hátt breyta ákvæðum Bernarsáttmálans um vernd bókmennta- og listaverka né ákvæðum um aðild að því sambandi, sem um þann sáttmála var stofnað.

Í viðbótaryfirlýsingu er gerð nánari grein fyrir þessu samningsákvæði. Segir þar svo:

„Ríki þau, sem aðilar eru að Bernarsambandinu til verndar bókmennta- og listaverka og undirritað hafa allsherjar milliríkjasamninginn um höfundarétt, óska þess að styrkja samvinnu sín á milli á grundvelli sambandsins (Bernarsambandsins), en vilja jafnframt komast hjá öllum glundroða, sem kynni að leiða af því að Bernarsáttmálinn og allsherjarsamningurinn um höfundarétt gilda samtímis. Hafa þau þess vegna fallizt á svofellda yfirlýsingu:

a) Verk, sem í merkingu Bernarsáttmálans eiga uppruna sinn í landi, sem gengið hefur úr Bernarsambandinu eftir 1. jan. 1951, skulu ekki njóta verndar samkvæmt Allsherjarsamningum í löndum þeim, sem eru aðilar að Bernarsambandinu.

b) Allsherjarsamningurinn um höfundarétt skal ekki taka til lögskipta milli Bernarsambandslanda, að því er varðar vernd verka, sem í merkingu Bernarsáttmálans eiga uppruna sinn í einhverju aðildarríki þess sáttmála."

Af þessum ákvæðum er ljóst, að Allsherjarsamningnum er ekki að neinu leyti ætlað að hagga við Bernarsáttmálanum. Sá sáttmáli á eftir sem áður að gilda um lögskipti milli Bernarsambandslanda, þótt þau séu jafnframt aðilar að Allsherjarsamningnum, enda gengur sá samningur yfirleitt skemmra um lögverndina en Bernarsáttmálinn.

Að efni til er lögverndin eftir hinum nýja samningi að vísu svipuð eða sams konar, en til lengdar verndartímans eru minni kröfur gerðar. Í Allsherjarsamningnum er miðað við það, að verndartímabilið sé eigi styttra en ævi höfundar og 25 ár eftir lát hans. Þó hefur hvert samningsríki, sem við gildistöku samningsins gagnvart því ríki, hefur takmarkað verndartímabilið, að því er snertir tilteknar tegundir verka, við tíma, er reiknast frá fyrstu birtingu verksins, rétt til þess að láta slíkar undantekningar gilda áfram og láta þær þá ná til annarra tegunda verka. Um allar slíkar tegundir verka skal þó verndartímabilið eigi vera skemmra en 25 ár frá fyrstu birtingu.

Ef eitthvert samningsríkjanna reiknar ekki verndartímabilið eftir ævi höfundar við gildistöku samnings þessa gagnvart því ríki, skal því heimilt að reikna verndartímann frá fyrstu birtingu verksins eða frá því að það var skrásett fyrir birtingu, eftir því hvort við á, og skal verndartímabilið þó eigi vera styttra en 25 ár frá fyrstu birtingu eða frá skrásetningu fyrir birtingu, hvort sem við á, sbr. 4. gr. samningsins.

Gildi Allsherjarsamningsins liggur þess vegna aðeins í því, að með honum er stofnað til gagnkvæmrar verndar höfundaréttinda í fleiri löndum en Bernarsambandið tekur til. Hann má því skoða sem eins konar viðbótarsamning við Bernarsáttmálann, þ. e. hann veitir höfundum og öðrum rétthöfum Bernarsambandslanda vernd í þeim samningsríkjum, sem standa utan Bernarsambandsins, og höfundum og öðrum rétthöfum í þessum síðastnefndu ríkjum veitir hann gagnkvæma vernd í Bernarsambandslöndum.

Þau ríki, sem gerðust aðilar að Allsherjarsamningnum þegar við undirskrift hans og eigi eru í Bernarsambandinu, eru þessi:

Andorra, Argentína, Austurríki, Chile, Cuba, El Salvador, Guatemala, Haiti, Honduras, Líbería, Mexico, Nicaraqua, Uruguay, Bandaríkin, San Marino.

Eins og áður er sagt, á lögvernd höfundaréttinda sér eigi langan aldur hér á landi. Lög nr. 13/1905, um rithöfundarétt og prentrétt veittu þó rithöfundarétti allríka lögvernd. Voru þau sniðin eftir dönskum lögum, um það efni, sem löguð voru eftir Bernarsáttmálanum. Lög nr. 13/1905 tóku til ritsmíða íslenzkra (danskra) þegna eða þeirra verka, sem íslenzkir þegnar voru forlagsmenn að. Ritsmíðum þegna annarra ríkja veittu þau ekki vernd, nema um það efni væri gerður gagnkvæmur verndarsamningur, sbr. 27. gr. laganna. Í 4. gr. laganna er þó mælt svo fyrir, að engum sé heimilt án leyfis þess, er eignarrétt hefur á riti, að gefa út þýðing á því fyrr en 10 ár eru liðin frá því að ritið var gefið út í fyrsta sinn.

Lög nr. 13/1905 tóku til bókmennta og tónsmíða, en eigi til annars konar listaverka.

Með l. nr. 49/1943, um breyting á l. nr. 13/1905, er vernd höfundaréttinda mjög aukin að því leyti til, að þá var listaverkum veitt sams konar vernd sem bókmenntum og tónsmíðum.

Með l. nr. 74/1947 var íslenzku ríkisstjórninni veitt heimild til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd Bernarsáttmálann. Jafnframt var gerð ein lítilfjörleg efnisbreyting á l. 13/1905. Við þýðingarákvæðinu var ekki hreyft. Gerðist Ísland síðan aðili að Bernarsambandinu, en notfærði sér þá heimild, sem áður getur, að áskilja sér rétt til að vera bundið a. m. k. fyrst um sinn af 5. gr. sáttmálans frá 1886 í því formi, sem hann hlaut í París 1896, í stað 8. gr. gildandi sáttmála, þ. e. áskildi sér rétt til að veita aðeins þá vernd gegn þýðingum, sem greinir í 4. gr. l. 13/1905 (í 10 ár frá fyrstu birtingu).

Með aðild Íslands að hinum nýja Allsherjarsamningi um höfundarétt mundi íslenzkum hugverkum sköpuð vernd víðar en nú, eða í þeim löndum utan Bernarsambandsins, sem nefnd eru hér að framan. Hugverk upprunnin í þeim löndum myndu og auðvitað þá njóta verndar hér á landi.

Þegar Bandaríkin eru fráskilin, verða skipti Íslands við þessi ríki, á því sviði, sem hér ræðir um, sennilega ekki mikil. Ef gerður væri gagnkvæmur verndarsamningur við Bandaríkin, mætti e. t. v. segja, að ekki væri mikil þörf á því fyrir Ísland að gerast aðili að Allsherjarhöfundarréttarsamningnum. Samt virðist eðlilegt, að Ísland gerist aðili að þessum samningi. Það spor er aðeins eðlilegt framhald af inngöngu Íslands í Bernarsambandið. Það er í samræmi við þá þróun um vernd höfundaréttar, sem átt hefur sér stað hér á landi. Aðild að samningnum virðist ekki hafa í för með sér nein útgjöld fyrir íslenzka ríkið. Má og geta þess, að hin Norðurlöndin fjögur hafa þegar gerzt aðilar að milliríkjasamningi þessum. Sýnist eðlilegt, að Ísland fylgi dæmi þeirra í þessu efni. Þeirri mótbáru hefur að vísu verið hreyft, að íslenzkum bókaútgefendum gæti verið bagi að aðild Íslands að þessum milliríkjasamningi, sem og að annarri samningsgerð um vernd höfundaréttar. Þetta sjónarmið hvílir raunverulega á þeirri hugsun, að Íslendingum muni haldast það uppi að snúa erlendum verkum á íslenzka tungu og gefa þau hér út án endurgjalds, þegar liðið er 10 ára tímabil það, sem í 4. gr. l. 13/1905 getur, enda þótt verkin njóti verndar í uppruna landi sínu. Hæpið er þó, að á slíku yrði stætt, enda er slík afstaða tæplega sæmandi siðmenntaðri þjóð.

Samkvæmt framanskráðu verður svar okkar við spurningu 1. liðs játandi, en jafnframt tökum við þó fram, að ef Ísland gerir gagnkvæman samning við Bandaríkin um vernd höfundaréttinda, hefur aðild Íslands að Allsherjarsamningnum sjálfsagt ekki verulega raunhæfa þýðingu.

2. Til þess að Ísland geti gerzt aðili að framangreindum samningi, þarf að breyta 4. gr. l. 13/1905, um vernd gegn þýðingum á verkum, sem enn eru eigi orðin almannaeign. Samkvæmt framanskráðu þyrfti að lengja það verndartímabil upp í a. m. k. 25 ár frá fyrstu birtingu. Aðra lagabreytingu þarf ekki.

Þegar þess er gætt, að rétturinn til að þýða rit á önnur tungumál er raunverulega aðeins einn þáttur höfundaréttar, er í sjálfu sér óeðlilegt, að um þann rétt gildi sérregla, eða að hann njóti minni lögverndar en aðrir þættir höfundaréttar.

Er það og í beztu samræmi við gildandi sáttmála Bernarsáttmálans, en samkvæmt honum er það aðalreglan eins og áður segir, að „þýðingarrétturinn“ njóti fullrar verndar sbr. 8. gr. sáttmálans. Gert er ráð fyrir, að heimildin til undantekninga verði ekki varanleg, þótt nánari takmörk séu ekki sett.

Samkvæmt dómi hæstaréttar, uppkveðnum 19. febr. s. l. er flutningur þýðingar á leiksviði óheimill meðan vernd varir eftir Bernarsáttmálanum, enda þótt 10 ára tímabilið sé liðið. Sama myndi væntanlega gilda um flutning í útvarp. Miðar því allt í þá átt að þrengja undantekningarákvæðið um þýðingar.

Hvað sem aðild Íslands að Allsherjarsamningnum líður, sýnist því í alla staði eðlilegt, að 4. gr. l. 13/1905 sé breytt á þá lund, að „þýðingarréttur“ sé settur á bekk með öðrum þáttum höfundaréttar og látinn njóta fullrar verndar að íslenzkum lögum. Er þetta og í fullu samræmi við tillögur þeirrar samnorrænu nefndar, er undanfarið hefur unnið að því að semja höfundalög fyrir Norðurlöndin. Í stað

10 ára tímabilsins í 4. gr. ætti almenna verndartímabilið — ævi höfundar og 50 ár að auki — að gilda um þýðingar.

3. Þess er áður getið, að Bandaríkin hafa ekki gerzt aðilar að Bernarsáttmálanum. Vernd hugverka í Bandaríkjunum hefur því til skamms tíma verið bundin því skilyrði, að verkin væru lögskráð til verndar þar innan 6 mánaða eftir að þau komu út og að þau væru samin af þegnum Bandaríkjanna eða þegnum annarra ríkja, sem hafa gagnkvæma höfundaréttarsamninga við Bandaríkin.

Verndartími höfundaréttarins samkv. bandarískum lögum skiptist í tvö tímabil. Er fyrra tímabilið 28 ár frá lögskráningu eða útgáfu verks. Með nýrri lögskráningu áður en verndartímabili lýkur, er hægt að halda verndinni áfram um annað 28 ára tímabil.

Eftir að Bandaríkin hafa gerzt aðili að framannefndum allsherjarsamningi um höfundarrétt, njóta hugverk upprunnin í þeim ríkjum, sem staðfest hafa þann sáttmála, verndar í Bandaríkjunum eftir því sem nánar er fyrir mælt í þeim samningi.

Það er vafalaust til nokkurra hagsmuna íslenzkum höfundum, að aflað sé verndar fyrir íslenzk hugverk í Bandaríkjunum. Til slíks eru tvær leiðir, önnur að gera sérstakan samning við Bandaríkin um gagnkvæma vernd höfundaréttinda, hin að gerast aðili að Allsherjarsamningnum um höfundarétt.

Ef Ísland gerist aðili að þeim samningi, svo sem mælt hefur verið með hér að framan, njóta íslenzk hugverk verndar í Bandaríkjunum samkvæmt þeim samningi (og hugverk í Bandaríkjunum auðvitað gagnkvæmrar verndar á Íslandi). Má þá segja, að ekki sé mikil ástæða til að gera sérstakan samning við Bandaríkin. En þó er á það að líta, að til þess að íslenzk hugverk geti notið fullrar verndar í Bandaríkjunum bæði verndartímabilin, sýnist sérstakur samningur við Bandaríkin nauðsynlegur. Slíkur gagnkvæmur verndarsamningur virðist geta verið til hagsbóta fyrir íslenzka höfunda. Er það því álit okkar, að rétt sér fyrir Ísland að gera sérstakan samning við Bandaríkin um gagnkvæma vernd höfundaréttinda.

Til slíks samnings er auðvitað enn meiri ástæða, ef Ísland gerist ekki aðili að framangreindum Allsherjarsamningi um höfundarétt.

4. Til þess að hægt sé að gera samning við Bandaríkin um gagnkvæma vernd höfundaréttinda, virðist ekki þurfa að gera aðrar breytingar á íslenzkum lögum en tilgreindar eru undir 2 hér að framan.

Hér fylgir með uppkast að lagafrumvarpi og þingsályktunartillögu.

Virðingarfyllst,

Reykjavík, 22. apríl 1953.

Ólafur Jóhannesson. Kristján Guðlaugsson. Jóhannes Elíasson.

Sþ. 19. Tillaga til þingsályktunar [19. mál]

um aðild Íslands að allsherjarsamningi um höfundarétt.

(Lagt fyrir Alþingi á 73. löggjafarþingi, 1953.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gerast fyrir hönd Íslands aðili að allsherjarsamningi þeim um höfundarétt, er gerður var í Geneve 6. sept. 1952.

Greinargerð.

Um ástæður fyrir þingsályktunartillögu þessari vísast til athugasemda við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 13 frá 20. október 1905, um rithöfundarétt og prentrétt.

Sþ. **20. Tillaga til þingsályktunar** [20. mál]

um endurskoðun varnarsamningsins milli Íslands og Bandaríkjanna.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason, Hannibal Valdimarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að snúa sér til stjórnar Bandaríkjanna og tilkynna henni, að hún óski endurskoðunar á varnarsamningnum milli Íslands og Bandaríkjanna frá 5. maí 1951. Við þá endurskoðun skal stefna ríkisstjórnarinnar m. a. miðast við þessi atriði:

1. Íslenzkir aðilar annist framkvæmdir, sem ákveðnar voru á grundvelli varnarsamningsins frá 1951 og enn er ólokið.
2. Sá hluti Keflavíkurflugvallar, sem eingöngu eða fyrst og fremst þarf að nota í hernaðarþágu, skal girtur og öll almenn umferð um hann bönnuð. Hið sama á við um þau varnarsvæði önnur, sem þegar hafa verið látin í té.
3. Ríkisstjórnin skal þegar hefja undirbúning þess, að Íslendingar taki í sínar hendur rekstur, viðhald og gæzlu þeirra mannvirkja, sem byggð hafa verið eða óbyggð eru á grundvelli varnarsamningsins frá 1951, en leita skal samninga við stjórn Bandaríkjanna eða Norður-Atlantshafsbandalagsins um greiðslu kostnaðar, sem af því hlýzt, og enn fremur um það, að Íslendingum verði látin í té nauðsynleg aðstoð til þess að þeir læri sem fyrst þau störf, sem hér er um að ræða. Ekki skal þó þjálfa Íslendinga til neinna hernaðarstarfa.
4. Þegar Íslendingar hafa menntað starfsmenn til þess að taka að sér þau störf, sem um ræðir í 3. lið, eða ráðið erlenda sérfræðinga til að annast þau, getur Alþingi ákveðið með þriggja mánaða fyrirvara, að herlið Bandaríkjanna skuli hverfa frá Íslandi. Meðan það er enn í landinu, skal það eingöngu dvelja á þeim stöðum, sem það hefur fengið til umráða.

Greinargerð.

Þegar varnarsamningurinn milli Íslands og Bandaríkjanna var gerður vorið 1951, var tvísýnt mjög um alþjóðamál. Ísland hafði tveim árum áður gerzt aðili að Atlantshafsbandalaginu, en engar hernaðarráðstafanir höfðu verið gerðar í landinu. Bækistöðvum þeim, sem hér hafði verið komið upp á styrjaldarárunum, hafði ekki verið haldið við, enda ekki við því búizt, að til þeirra þyrfti að grípa fyrst um sinn. Þegar Ísland var orðið aðili að Atlantshafsbandalaginu og ríki þess höfðu hafið framkvæmd mikillar vígbúnaðar- og varnaráætlunar vegna hins uggvænlega ástands í heimsmálum, hlaut til þess að koma, að gera yrði vissar ráðstafanir hér á landi. Lega landsins er mjög mikilvæg í hernaði. Þaðan er auðvelt að verja siglingaleiðir um norðanvert Atlantshaf og loftleiðir yfir það. Það var því eðlilegt, að hér yrðu gerðar ráðstafanir til þess að tryggja, að þegar í upphafi styrjaldar, sem brjótast kynni út, væru til á Íslandi stöðvar, sem gegnt gætu sams konar hlutverki og í síðasta stríði. Sökum fámennis gátu Íslendingar ekki annazt sjálfir þær framkvæmdir, sem nauðsynlegar voru, enda ekki eðlilegt, að þeir greiddu kostnað af þeim. Þeir gátu og af augljósum ástæðum ekki lagt til það lið, sem stjórn Atlantshafsbandalagsins taldi óhjákvæmilegt að staðsetja í landinu af öryggisástæðum. Þess vegna var varnarsamningurinn við Bandaríkin gerður.

Allir íslenzkir stjórnmálaflokkar höfðu á árunum eftir heimsstyrjöldina lýst því sem stefnu sinni, að Íslendingar ættu ekki að leyfa erlendar herstöðvar í landi sínu á friðartímum. Ýmsir töldu jafnvel, að Íslendingar ættu að taka aftur upp sams konar hlutleysisstefnu og þeir fylgdu fyrir stríð. Með inngöngu Íslands í Atlantshafsbandalagið var þó afráðið að gera slíkt ekki, en sá sáttmáli skyldi gilda í 20 ár. Hins vegar var lögð áherzla á, að af inngöngu Íslands í bandalagið leiddi ekki skyldu þess til að leyfa erlendar herstöðvar í landinu á friðartímum. Ljóst hlaut þó að vera, að

ef gert væri ráð fyrir erlendum herstöðvum í landinu í ófriði, hlyti að verða erfitt að standa gegn því, að þeim yrði komið upp þegar í stað, ef mjög tvísýnt yrði um alþjóðamál, og ómögulegt, ef Ísland væri jafnframt orðið aðili að Atlantshafsbandalaginu. Varð og miklu minni ágreiningur um varnarsamninginn, er hann var gerður vorið 1951, en búast hefði mátt við með tilliti til þeirrar afstöðu, sem stjórnarflokkarnir og vafalaust þjóðin yfirleitt hafði haft til erlendra herstöðva í landinu á friðartímum. Mikill meiri hluti þjóðarinnar viðurkenndi þá breytingu, sem orðið hafði á aðstöðu landsins bæði við inngöngu þess í Atlantshafsbandalagið og vegna ófriðarhættunnar um þetta leyti sem og vígbúnaðarframkvæmdanna, er í kjölfar hennar sigldu.

Flm. þessarar tillögu litu ekki þannig á, að skipun sú, sem tekin var upp með varnarsamningnum frá 1951, ætti að gilda til frambúðar á venjulegum tímum. Þar var um að ræða öryggisráðstafanir á sérstökum hættutímum. Af því hlaut að leiða, að skipun þessi yrði tekin til endurskoðunar, er friðarhorfur yrðu aftur tryggari og aukið jafnvægi kæmist á í alþjóðamálum. Reynsla sú, sem fengizt hefur af framkvæmd samningsins, hefur og í ýmsum atriðum orðið á þann veg, að fyllsta ástæða er til að endurskoða hann.

Flm. þessarar tillögu telja, að utanríkisstefna Íslands hljóti að grundvallast á þeirri staðreynd, að það er lífsskilyrði fyrir Íslendinga, að siglingaleiðunum umhverfis landið sé haldið opnum í ófriði. Íslendingar hljóta því að eiga samleið með þeim þjóðum, sem hafa sömu hagsmuna að gæta að þessu leyti, en það eru einkum Bandaríkjamenn, Bretar og Norðmenn. Samstarf við þessar þjóðir má og vera Íslendingum ljúft að því leyti, að á alþjóðavettvangi hafa þær verið málsvarar lýðræðis og frelsis. Auk þess verður nú að taka tillit til þess, að Ísland er aðili að millirikjasamningi (Norður-Atlantshafssáttmálanum), sem gilda á til ársins 1969 og leggur landinu vissar siðferðislegar skyldur á herðar. Þar eð aðstaða á Íslandi er í ófriði nauðsynleg til þess að verja siglingaleiðir um norðanvert Atlantshaf og loftleiðirnar um sama svæði, verða Íslendingar að vera reiðubúnir til þess að veita þessum þjóðum aðstöðu til þess, þegar styrjöld skellur á. Í 5. og 6. gr. Norður-Atlantshafssáttmálans er fjallað um ráðstafanir, ef vopnuð árás er gerð á eitthvert bandalagsríkjanna, þ. e. ef styrjöld brýzt út. En þá er rétt, að bandalagið eða Bandaríkin fyrir þess hönd fái hér aðstöðu til varnar. Þetta samstarf við nágrannaþjóðirnar getur einnig haft það í för með sér, að á sérstökum hættutímum verði að heimila hér erlenda öryggisgæzlu, svo sem gert var vorið 1951. En Íslendingar hljóta að áskilja sér rétt til þess að dæma um það sjálfir, hvenær tímar séu svo hættulegir, að slíks sé þörf. Þegar þeir telja þess ekki þörf, verða þeir þó að tryggja, að skilyrðum til nauðsynlegrar aðstöðu hér sé haldið við og nauðsynlegra tækja og mannvirkja gætt. Kostnað af viðhaldi tækja og mannvirkja er eðlilegt, að Norður-Atlantshafsbandalagið eða Bandaríkin greiði.

Það er skoðun flm. þessarar tillögu, að tímabært sé fyrir Íslendinga að hefja samninga um skipun þessara mála, er fremur geti orðið til frambúðar en sú, sem tekin var upp 1951, er erlendu liði var heimiluð vist í landinu. Um það getur varla verið ágreiningur meðal Íslendinga, að ekki sé við það unandi, að í landinu dvelji erlendur her til frambúðar, enda hafa allir þeir flokkar, sem stóðu að varnarsamningnum 1951, lýst yfir því, að þeir óski þess, að vist erlends hers í landinu geti orðið sem skemmst. Spurningin er þá um það tvennt, hvenær tími sé kominn til þess að kveða svo á, að herinn skuli hverfa á brott, og hvaða ráðstafanir þá skuli gera. Flm. þessarar tillögu telja, að það sé þegar orðið tímabært að hefja undirbúning að brottflutningi hersins og ekki komi til nokkurra mála að stofna íslenzkan her til þess að leysa hann af hólmi, enda engin þörf á vist herliðs hér á venjulegum tímum. Rekstur og gæzlu þeirra mannvirkja, sem samkomulag var um 1951, að hér þyrftu að vera, geta annazt tæknimenntaðir menn, þótt þeir hafi enga hernaðarþjálfun. Þess vegna er nauðsynlegt, að undinn sé bráður bugur að því að mennta íslenzka menn til þessara starfa, en ekkert er því að sjálfsögðu til fyrirstöðu, að við þau

vinni einnig erlendir sérfræðingar, meðan skortur er á innlendum mönnum til þeirra. Ekki verður það sagt fyrir fram, hversu langan tíma muni taka að sérmennta nægilega marga Íslendinga til þess að taka þessi störf að sér, svo að ekki er unnt að ákveða, hvenær herliðið skuli allt vera horfið af landinu. Þess vegna er í tillögunni gert ráð fyrir því, að Alþingi geti ákveðið brottflutning hersins með þriggja mánaða fyrirvara. Aðalatriðið er hins vegar, að stefnan sé skýrt mörkuð. En hún á að vera þessi: Íslendingar ætla sér að gegna skyldum sínum sem ein vestrænna lýðræðisþjóða og aðili að Norður-Atlantshafssáttmálanum. Í þágu eigin hagsmuna og hagsmuna nágranna sinna beggja vegna Atlantshafs ætla þeir að stuðla að því, að siglingaleiðir og loftleiðir um norðanvert Atlantshaf verði varðar í ófriði. Það er þeim lífsnauðsyn í styrjöld. En á venjulegum tímum er þeim það einnig lífsnauðsyn sökum fámennis þjóðarinnar og sérstakra kringumstæðna, að erlendur her dveljist ekki í landinu til langframa. Þess vegna vilja þeir nú þegar hefja undirbúning að því að landsmenn taki sjálfir að sér rekstur og gæzlu þeirra mannvirkja og tækja, sem hér hafa verið og þurfa að vera.

Reynsla af því, að bæði erlendir og innlendir verktakar annist varnarframkvæmdirnar, hefur orðið þannig, að rétt þykir að vinna að því, að þær framkvæmdir, sem óunnar eru, verði unnar af íslenzkum aðilum, en það er einkum bygging radarstöðva og nokkrar framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli. Erlendir sérfræðingar yrðu auðvitað að starfa við þessar framkvæmdir eftir þörfum. Jafnframt er nauðsynlegt, að herliðið dvelji eingöngu á svæðum þeim, sem því hafa verið fengin til umráða, þann tíma, sem það á eftir að vera í landinu. Er þetta í samræmi við ályktun, sem miðstjórn Alþýðuflokksins gerði á síðast liðnu vori, en svipaða ályktun hefur flokkur utanríkisráðherrans, Framsóknarflokkurinn, gert.

Sþ. 21. Tillaga til þingsályktunar [21. mál]

um uppsögn varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna.

Flm.: Gils Guðmundsson, Bergur Sigurbjörnsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni:

1. að æskja nú þegar endurskoðunar á varnarsamningi milli Íslands og Bandaríkjanna frá 5. maí 1951, samkvæmt heimild í 7. grein samningsins, svo og að leggja fyrir Alþingi frumvarp til uppsagnar samningsins, þegar er endurskoðunarfrestur sá, sem í samningnum er ákveðinn, heimilar uppsögn hans;
2. að krefjast þess, að Bandaríkin fækki nú þegar stórlega herliði sínu hér á landi;
3. að neita Bandaríkjaher um leyfi til byggingar allra frekari herstöðva eða hernaðarmannvirkja á Íslandi;
4. að loka bækistöðvum Bandaríkjahers algerlega, þar til herliðið er flutt af landi brott, og einangra herinn innan þeirra stöðva;
5. að koma nú þegar í veg fyrir, að hermenn eða starfsmenn á vegum Bandaríkjahers hafi á leigu húsnæði í íbúðum Íslendinga;
6. að sjá svo um, að ekki verði fleiri Íslendingar ráðnir til starfa hjá herliðinu en nú eru þar, svo og að íslenzkum atvinnuvegum verði gert kleift að taka í sína þjónustu innan eins árs alla þá Íslendinga, sem nú vinna í þágu herliðsins. Meðan Íslendingar starfa innan bækistöðva hersins, sé herinn einangraður frá hinu íslenzka starfsliði og girt fyrir öll ónauðsynleg samskipti þeirra í milli;
7. að stöðva nú þegar rekstur hinnar bandarísku útvarpsstöðvar á Keflavíkurflugvelli;
8. að sjá að öðru leyti um, að ekki verði á neinn hátt gengið á rétt Íslands í sambandi við framkvæmd varnarsamningsins, meðan hann er í gildi.

Greinargerð.

Að nýlokinni síðustu heimsstyrjöld, síðla árs 1945, fóru Bandaríki Norður-Ameríku þess á leit við íslenzk stjórnarvöld að fá leigðar herstöðvar á Íslandi til 99 ára. Þá voru engar viðsjár í milliríkjamálum, enginn styrjaldarótti, ekkert kalt stríð. Mátti því augljóst vera hverjum manni, að Bandaríki Norður-Ameríku höfðu fullan hug á því að innlima Ísland í hervirkjakerfi sitt, alveg án tillits til þess, hvort friðvænlega eða ófriðvænlega horfði í heiminum. Ýmsar raddir heyrðust þá í Bandaríkjunum, bæði í blöðum og á þingfundum, þar sem rætt var feimnislaust um nauðsyn þess, að Bandaríkin næðu öruggri og ævarandi herbúnaðaraðstöðu á Íslandi, svo að þau gætu gert það að útvirki sínu.

Þessar óskir Bandaríkjanna um herstöðvar hér til langs tíma vöktu einhuga mótmæli á Íslandi. Stjórnarvöld landsins, allir stjórnmálaflokkar, fjöldi félagssamtaka og einstaklinga kepptust um að lýsa yfir fullri andstöðu við tilmæli Bandaríkjastjórnar. Hvarvetna kvað við, að herstöðvar í landinu á friðartímum mundi íslenzka þjóðin aldrei þola. Margir leiddu rök að því í ræðu og riti, ekki síður stjórnmálamenn en aðrir, að langvinn herseta táknaði afnám sjálfstæðis þjóðarinnar og ógnaði lífi hennar og tilveru.

Bandaríkin sáu brátt, að sú leið, sem þau höfðu ætlað að fara til að ná hér hernaðarlegri fótfestu, var ekki vænleg til árangurs. Tilmæli um herstöðvar á Íslandi til langs tíma voru því látin niður falla, en svipazt um eftir öðrum leiðum til að ná settu marki.

Árið 1946 sneru Bandaríkin sér til íslenzkra stjórnarvalda og fóru þess á leit, að þeim væri látin í té sérstök aðstaða á Keflavíkurflugvelli og heimilað að hafa þar allmikið óeinkennisklætt lið, er lyti amerískri lögsögu. Beiðni þessi var réttlætt með því, að Bandaríkin þyrftu að njóta slíkrar aðstöðu vegna herliðs síns í Þýzkalandi.

Þrátt fyrir öflug mótmæli fjölmargra þegna þjóðfélagsins fengu Bandaríkin óskum þessum fullnægt. Íslenzk stjórnarvöld tóku á sig þá ábyrgð að heimila bandarísku liði dvöl á Keflavíkurflugvelli að þjóðinni algerlega forspurðri.

Árið 1949 sneru Bandaríkin sér enn til íslenzkra stjórnarvalda og mæltust til þess, að Ísland gerðist aðili að svonefndu Atlantshafsbandalagi, hervæðingarsamtökum undir forustu Bandaríkjanna. Íslenzk stjórnarvöld voru fullvissuð um það, að innganga Íslands í bandalag þetta væri nánast formsatriði eitt, eins konar viljayfirlýsing um það, að Íslendingar teldu sig eiga samleið með öðrum vestrænum lýðræðisþjóðum. Var lögð á það sérstök áherzla, að ekkert samningsríki æskti eftir að hafa herstöðvar í öðru þátttökuríki á friðartímum. Aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu hlaut illu heilli samþykki Alþingis. Jafnframt var þó lögð á það megináherzla af stjórnmálaforingjum þeim, sem beittu sér fyrir inngöngu Íslands í Atlantshafsbandalagið, að aldrei mundu leyfðar hér herstöðvar á friðartímum.

Tveimur árum síðar stigu íslenzk stjórnarvöld það ógæfuspor að leyfa Bandaríkjunum hersetu á Íslandi. Hinn 5. maí 1951 var gerður samningur milli Íslands og Bandaríkjanna um „hervernd" Íslands. Var herverndarsamningurinn svonefndi samþykktur af þingmannaliði þriggja stjórnmálaflokka, án þess að Alþingi væri kvatt saman, þrátt fyrir skýlaus ákvæði 21. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem svo er að orði kveðið, að ekki megi gera neina samninga, er fela í sér afsal eða kvaðir á landi og landhelgi, án samþykkis Alþingis.

Tilmæli Bandaríkjanna árið 1945 um hernaðarbækistöðvar á Íslandi til langs tíma sýndu ljóslega, að þau höfðu hug á að innlima Ísland í hernaðarkerfi sitt til langframa, hvernig sem skipaðist í heimsmálum. Það var augljóst, að fyrirætlanir þessar stefndu að því að efla yfirráð og auka hernaðarstyrk Bandaríkjanna sjálfra, alveg án tillits til þess, hvað til öryggis horfði fyrir íslenzka þjóð. Með herverndarsamningnum 1951 hafði þeim að mestu tekizt að ná því marki, sem stefnt var að 1945. Ísland var orðið hlekkur í hernaðarkeðju þeirra.

Íslenzk þjóð er fámenn, en land hennar stórt. Henni er því augljós háski búinn af nánum samskiptum við þjóðir, sem eru henni margfalt stærri, og þó einkum bráður og geigvænlegur, ef hún á að deila með þeim landi sínu. Formælendur herverndarsamningsins lögðu áherzlu á það í upphafi, að engin þjóðernishætta stafaði af hinu ameríska herliði fyrir það, hve fámennt það yrði og bundið við fáa staði. Hins vegar er augljóst, að til þess að verja Ísland gegn hernaðarárásum öflugs stórveldis yrði að koma upp hervirkjum um gervallt landið og hafa tugþúsunda her að staðaldri í landinu. Hefur og stöðugt verið að því unnið af hálfu Bandaríkjahers, síðan herverndarsamningurinn var gerður, að fjölga hér hernaðarmannvirkjum, efla hernaðaraðstöðu og búa í haginn fyrir aukinn liðsafla í landinu. Hlýtur öllum að vera ljóst, að hverju stefnir, ef svo verður fram haldið. Íslenzkri menningu og þjóðerni er stefnt í vísan voða. Spilling sú, siðferðisleg og menningarleg, sem jafnan fylgir langvinnri dvöl herliðs í framandi landi, hefur þegar komið hér fram í mörgum myndum og er nægilega hryggileg orðin, þótt ekki verði á aukið. Einkum er æskulýðnum augljós hætta búin, enda hafa íslenzk ungmenni þegar goldið mikið afhroð í samskiptum við hið erlenda herlið. Dæmin um það eru deginum ljósari og fleiri en margir gera sér í hugarlund, að þau samskipti hafa valdið æskufólki ólæknandi böli og lagt líf þess í rústir.

Atvinnuvegir þjóðarinnar gjalda æ meira afhroð, vegna þess að hernaðarframkvæmdirnar soga til sín vinnuaflið. Alda nýrrar verðbólgu er yfirvofandi, með öllum þeim geigvænlegu afleiðingum fyrir atvinnulífið, sem því eru samfara. Horfumst við Íslendingar nú í augu við þann háska, að lífsatvinnuvegir þjóðarinnar riðlist, byggð landsins sporðreisist og fjárhagskerfið hrynji.

Allt það, sem nú var talið, eru svo dýrar fórnir, að þær eru þjóðinni með engu móti bærar. Þar við bætist, að herseta stórveldis hér á landi og hervirkjagerð er íslenzkri þjóð engin vernd, ef svo skyldi til takast, að út brytist heimsstyrjöld. Þvert á móti mundi hin svokallaða vernd auka stórlega þá hættu, að Ísland yrði styrjaldarvettvangur. Herlið styrjaldaraðila og herstöðvar hér á landi mundu aðeins freista til árása af hálfu andstæðingsins, en ekki verða íslenzku þjóðinni nokkur vörn. Kæmi til styrjaldar, mundi vafalaust kappkostað að ónýta þau hernaðarmannvirki, sem hér væru, og hlyti það að kalla yfir Íslendinga dauða og tortímingu.

Með skírskotun til þess, sem að framan segir, telja flutningsmenn þessarar tillögu lífsnauðsyn, að tekin verði upp gerbreytt stefna í utanríkismálum, landið losað við allt erlent herlið og því ekki teflt fram, svo sem verið hefur, eins og peði á skákborði stórveldanna. Leggjum við því til, að Alþingi feli ríkisstjórninni að æskja nú þegar endurskoðunar á varnarsamningnum frá 5. maí 1951 og leggja fyrir Alþingi frumvarp til uppsagnar samningsins, þegar er hinn sex mánaða endurskoðunarfrestur, sem í samningnum er ákveðinn, heimilar uppsögn hans.

Þá teljum við og sjálfsagt, að Alþingi láti skýrt og ótvírætt í ljós þann vilja, að Bandaríkjaher verði ekki leyft að koma hér upp frekari herstöðvum eða hernaðarmannvirkjum en orðið er.

Þar eð endurskoðunartími samningsins er sex mánuðir og uppsagnarfrestur eitt ár, teljum við nauðsynlegt, að nú þegar séu gerðar ráðstafanir til að fækka herliðinu til mikilla muna, Alþingi feli ríkisstjórninni að beita í því sambandi ákvæðum 4. gr. samningsins, þar sem svo er að orði kveðið, að það skuli „háð samþykki íslenzku ríkisstjórnarinnar, hversu margir menn hafa setu á Íslandi samkvæmt samningi þessum". Jafnframt sé herliðið, meðan það dvelur hér, algerlega einangrað innan herstöðvanna, og komið sé í veg fyrir, að hermenn eða starfsmenn á vegum Bandaríkjahers hafi á leigu íslenzkt húsnæði. Útvarpsstöð þeirri, sem Bandaríkjaher hefur rekið á Keflavíkurflugvelli, sé tafarlaust lokað, enda brýtur sú starfsemi í bág við gildandi lagaákvæði um einkarétt íslenzka ríkisins til útvarpsrekstrar hér á landi. Þá verði gerðar nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að íslenzkir atvinnuvegir geti sem fyrst tekið í þjónustu sína alla þá Íslendinga, sem nú vinna á vegum herliðsins, og að því stefnt, að þar verði engir íslenzkir menn að störfum í þágu Bandaríkjahers að

ári liðnu. Loks teljum við ástæðu til þess, að Alþingi brýni það fyrir ríkisstjórninni að sjá að öðru leyti svo um, að ekki verði á neinn hátt gengið á rétt Íslands í sambandi við framkvæmd varnarsamningsins, meðan hann er í gildi.

Nd. 22. Frumvarp til laga [22. mál]

um breyting á lögum nr. 16 26. febr. 1943, um orlof.

Flm.: Karl Guðjónsson, Gunnar Jóhannsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Lög þessi gilda um allt fólk, sem starfar í þjónustu annarra, hvort heldur einstaklinga eða hins opinbera. Ná lög þessi jafnt til þeirra, er taka laun sín í hluta af verðmæti, sem hinna, er taka laun sín í peningum. Undanþegnir eru þó iðnnemar, sbr. 16. gr. laga nr. 46 25. maí 1949, um iðnfræðslu.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Sérhver, sem lög þessi ná til, hefur rétt og skyldu til orlofs ár hvert hálfan annan dag — einn og hálfan dag — fyrir hvern unninn almanaksmánuð á orlofsárinu, en orlofsár merkir í lögum þessum tímabilið 15. maí til 14. maí næsta ár á eftir. Telst í þessu sambandi hálfur mánuður eða meira sem heill mánuður, en skemmri tími ekki talinn með. Það telst vinnutími samkvæmt þessari grein, þótt maður sé frá vinnu vegna veikinda eða slysa, meðan hann fær kaup greitt eða hann er í orlofi.

3. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Sá, sem fer í orlof, á rétt á að fá greitt orlofsfé 6½% — sex og hálfan af hundraði — af kaupi því, sem hann hefur borið úr býtum fyrir vinnu sína næsta orlofsár á undan.

Orlofsfé greiðir sá eða þeir, sem orlofsrétthafi hefur unnið hjá á orlofsárinu, og fer greiðsla fram með orlofsmerkjum hvert skipti, sem útborgun vinnulauna fer fram.

Þegar starfsmenn, sem eru í fastri stöðu, fara í orlof halda þeir kaupi sínu óskertu orlofsdagana, jafnaháu og þeir hefðu unnið venjulegan vinnutíma. Kaup fyrir orlofsdagana skulu þeir fá greitt næsta virkan dag áður en orlof hefst.

Nú fer maður úr fastri stöðu, og greiðir vinnuveitandi þá með orlofsmerkjum orlofsfé af kaupi því, er starfsmaðurinn vann fyrir á því orlofsári.

Starfsmaður, sem er í fastri stöðu, þegar hann fer í orlof, en hefur ekki unnið hjá sama vinnuveitanda samfellt næsta orlofsár á undan, fær greitt orlofsfé með orlofsmerkjum næsta virkan dag áður en orlof hefst, og miðast það við kaup það, er hann vann fyrir hjá núverandi vinnuveitanda á orlofsárinu.

Krafa um greiðslu orlofsfjár er forgangskrafa í dánar- eða þrotabú vinnuveitanda til jafns við kröfur þær, sem um ræðir í 83. gr. b. 5. lið skiptalaganna, nr. 3 12. apríl 1878.

4. gr.

15. gr. laganna orðist svo:

Kröfur á hendur vinnuveitendum samkvæmt lögum þessum fyrnast eftir sömu reglum og kaupkröfur samkvæmt lögum nr. 14 frá 20. okt. 1905, um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lögin um orlof voru samþykkt 1943. Aðdragandi þeirra var skæruhernaðurinn svonefndi, en eftir hann gerði Dagsbrún mjög mikilvæga samninga við atvinnurekendur síðari hluta sumars 1942. Með þeim samningum var viðurkenndur 8 stunda vinnudagur, og auk þess var orlof verkamanna samningsbundið tvær vikur á ári, og skyldu atvinnurekendur greiða verkamönnum orlofsfé, þannig að þeir héldu launum í leyfi sínu.

Alþingi gaf síðan samningi þessum lagagildi á næsta ári með lögum um orlof, en þau eru mjög mikilvægur áfangi í réttindabaráttu íslenzkrar alþýðu.

En svo mikilvæg sem lögin voru á sínum tíma, eru þau engan veginn fullnægjandi nú, og hafa þingmenn sósíalista beitt sér fyrir nauðsynlegustu umbótum á undanförnum þingum. Hermann Guðmundsson og Sigurður Guðnason lögðu fram frumvarp svipað því, sem hér liggur fyrir, á þinginu 1948—49, og á síðasta þingi var það enn flutt af Magnúsi Kjartanssyni og Steingrími Aðalsteinssyni.

Í þessu frumvarpi felast fjórar meginbreytingar á lögunum:

1. Lágmarkssumarleyfi lengist upp í 18 virka daga, eða sem svarar þriggja vikna orlofi, og skal orlofsfé hækka í samræmi við það upp í 6½% af kaupi.

Þriggja vikna orlof er nú orðið mjög algengt hjá embættismönnum, starfsmönnum og ýmsum iðnaðarmönnum og mun af almenningi vera talinn mjög hæfilegur og eðlilegur tími. Erlendis hefur 3 vikna almennt orlof færzt mjög í vöxt á undanförnum árum. Norðmenn samþykktu lög um 3 vikna orlof þegar 1947, hafa þau gefið hina beztu raun og þykja jafnsjálfsögð nú og 2 vikna orlof áður. Síðan hefur sama breyting verið tekin upp í Danmörku og Svíþjóð.

Það er auðsætt, að vinnandi fólk á Íslandi mun ekki sætta sig við það lengi að vera eftirbátar starfsbræðra sinna á Norðurlöndum á þessu sviði.

2. Þá er lagt til í frumvarpinu, að orlofsrétturinn nái einnig óskertur til hlutarsjómanna.

Í orlofslögunum eru ákvæðin um orlof hlutarsjómanna óglögg og hafa valdið ágreiningi. Þar kemur til álita, hvort hlutarsjómenn fái nema hálft orlof, ef þeir taka þátt í útgerðarkostnaði að einhverjum hluta. Það virðist með öllu ástæðulaust að láta slík ákvæði standa í orlofslögunum, enda mælir ekkert með því, að hlutarsjómenn séu afskiptir orlofsfé. Ef hlutarsjómaður jafnframt rekur útgerð, er hann að sjálfsögðu sem slíkur ábyrgur fyrir orlofsgreiðslunum á sama hátt og aðrir atvinnurekendur.

3. Lögin gera ráð fyrir, að orlof sé ekki greitt á eftirvinnu, næturvinnu og helgidagvinnu í sama hlutfalli og launagreiðslur, heldur svo sem um dagvinnu væri að ræða.

Hér er lagt til, að þessi ákvæði verði felld niður úr orlofslögunum og orlof verði í öllum tilfellunum jafnt, 6½%.

Breyting þessi stefnir að fyllri framkvæmd á markmiði laganna. Orlofslögin eiga að tryggja vinnandi fólki hæfilega hvíld að unnu starfi, og hlýtur hvíldarþörfin jafnan að verða miklum mun meiri, ef unninn er óhæfilega langur vinnudagur, svo sem jafnan er, þegar um eftir- og næturvinnu er að ræða.

4. Í 15. gr. orlofslaganna eru sérstök ákvæði um fyrningu á kröfum, og hljóða þau svo: „Kröfur á hendur vinnuveitendum samkvæmt lögum þessum falla úr gildi fyrir fyrning, ef þær hafa ekki verið viðurkenndar eða lögsókn hafin innan loka næsta orlofsárs eftir að kröfurnar stofnuðust.“

Þessi tilhögun er óeðlileg. Þess eru mörg dæmi, að af þessu ákvæði hafi hlotizt óþægindi og misskilningur. Virðist sjálfsagt, að fyrning á kröfum vegna orlofsfjár fylgi algerlega sömu reglum og fyrning kaupgjalds, og er það lagt til í frumvarpinu.

Þegar hliðstætt frumvarp kom til umræðu á síðasta þingi, komst fyrri flutningsmaður þess, Magnús Kjartansson, svo að orði meðal annars:

„Ef Alþingi fæst ekki til að breyta orlofslögunum, benda allar líkur á, að aukið

orlof verði knúið fram af verkalýðsfélögunum sjálfum í samningum við atvinnurekendur, samningum, sem ef til vill fengjust ekki fyrr en eftir kostnaðarsamar deilur.“

Þessi varnaðarorð rættust þegar nokkrum mánuðum síðar. Í desemberverkföllunum miklu í fyrravetur var 3 vikna orlof ein meginkrafa verkalýðssamtakanna, og eftir hin miklu átök var samið um 15 daga orlof — helminginn af kröfum verkalýðssamtakanna á þessu sviði. En það er engum efa bundið, að verkföllin hefðu orðið auðleystari, ef Alþingi hefði fylgt tillögum sósialista um afgreiðslu málsins.

Nú standa sakir þannig, að orlofslögin eru óbreytt með ákvæðum um 12 daga orlof. Verkalýðsfélögin hafa með samningum sínum tryggt 15 daga orlof, og flestir, ef ekki allir starfshópar hafa fylgt í kjölfar þeirra.

Lögin eru á eftir veruleikanum. Hins vegar væri ófullnægjandi að breyta lögunum aðeins til samræmis við ákvæði gildandi samninga, því að ekki verður til lengdar staðið gegn hinni sjálfsögðu kröfu um 3 vikna orlof, og Alþingi ber að draga ályktanir af reynslu síðasta árs og leysa málið áður en til nýrra átaka kann að koma vegna þess.

Nd. 23. Frumvarp til laga [23. mál]

um uppsögn varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og afnám laga um lagagildi hans.

Flm.: Einar Olgeirsson, Ásmundur Sigurðsson, Sigurður Guðnason, Karl Guðjónsson, Gunnar Jóhannsson.

1. gr.

Ríkisstjórn Íslands skal tilkynna ráði Norður-Atlantshafsbandalagsins, þegar eftir að lög þessi hafa öðlazt gildi, að Ísland hafi ákveðið að segja varnarsamningi milli Íslands og Bandaríkjanna upp með tilskildum fyrirvara og endurskoðun sé aðeins formsatriði. Sex mánuðum eftir þá tilkynningu til nefnds ráðs skal ríkisstjórnin tilkynna stjórn Bandaríkja Norður-Ameríku uppsögn samningsins og sjá svo um, að tólf mánuðum eftir það hafi Bandaríkin flutt allt sitt lið af landi brott.

2. gr.

Lög um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess, nr. 110 19. des. 1951, falla úr gildi, um leið og varnarsamningurinn fellur niður samkvæmt 1. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi, og fylgdi því þá svo hljóðandi greinargerð:

„Síðan „varnarsamningurinn“ milli Íslands og Bandaríkjanna var gerður, hinn 5. maí 1951, og Ísland var aftur hernumið af amerískum her, eru nú liðin tvö og hálft ár.

Höfuðástæður þess, að flm. þessa frv. telja fullkomlega tímabært að segja honum upp, eru þessar:

I. Það hefur sýnt sig, að sá ótti, sem kann að hafa verið ríkjandi í hugum allmargra þingmanna, sem tóku á sig ábyrgð á samningsgerðinni og hernáminu, sem henni fylgdi, um, að ný heimsstyrjöld og vopnuð árás á Ísland væri alveg yfirvofandi á hverri stundu, var ástæðulaus með öllu, heilaspuni einn og blekking, sem

viss öfl höfðu reynt að ala á og koma inn hjá þingmönnum, er voru kallaðir saman til leynifunda til þess að samþykkja hernámið að þjóðinni forspurðri, þvert ofan í stjórnarskrá landsins og þvert ofan í allar þær yfirlýsingar, sem þjóðinni voru gefnar 1949 og áður, um, að aldrei skyldi koma til hersetu á Íslandi á friðartímum.

Það er því ljóst nú, að samningurinn var gerður á fölskum forsendum. Þingmenn voru fengnir til að samþykkja hann með blekkingum um yfirvofandi heimsstyrjöld, sem ekki hefur komið og er nú ólíklegri en nokkru sinni fyrr vegna sívaxandi máttar og áhrifa friðaraflanna í heiminum.

II. Það hefur sýnt sig svo átakanlega, að því þarf ekki að lýsa, að sá ægilegi háski, sem sjálfstæði þjóðarinnar, íslenzkri menningu og tungu og siðferði uppvaxandi æskulýðs er búinn af hernámi Íslands af hálfu erlends stórveldis og setu þúsunda erlendra hermanna rétt við bæjardyr höfuðborgarinnar og í henni sjálfri, er jafnvel miklu meiri en menn gerðu sér grein fyrir, áður en hið nýja hernám hófst fyrir hálfu öðru ári.

III. Samningurinn sjálfur og viðbótarsamningur sá, sem honum fylgdi, hefur verið vanefndur og þverbrotinn af hálfu hins erlenda samningsaðila, Bandaríkjanna. Í honum og málamyndaákvæðum hans hefur ekki reynzt neitt hald gegn þeim hættum, sem af hersetunni stafa.

Bandaríkin lofuðu því hátíðlega í samningnum sjálfum að framkvæma skyldur sínar samkvæmt honum þannig að stuðla svo sem frekast mætti verða að öryggi íslenzku þjóðarinnar og hafa ávallt í huga, hve fámennir Íslendingar eru. Og enn fremur lofuðu þeir, að ekkert ákvæði samningsins skyldi skýrt þannig, að það raskaði úrslitayfirráðum Íslands yfir íslenzkum málefnum (8. gr. samningsins).

Þessi loforð hafa verið efnd þannig, að íslenzkir menn og konur geta ekki lengur verið örugg fyrir árásum, líkamsmeiðingum og nauðgunartilraunum ameríska hermanna á opinberum skemmtistöðum, á götum úti eða jafnvel í híbýlum sínum.

Bandaríkin sýna tillitssemi sína til fámennis Íslendinga með þeim hætti að láta þúsundir hermanna flæða yfir Reykjavík á nótt sem degi, stórauka húsnæðisvandræðin þar með því að yfirkaupa leiguhúsnæði handa yfirmönnum hersins, sem þykir þægilegra að búa hér með fjölskyldur sínar en á Keflavíkurflugvelli, taka heilar hæðir íbúðarhúsa eða heil hús á leigu fyrir einkaskemmtistaði hermanna og ólifnaðarbæli og koma þannig því óorði á höfuðborg Íslands úti um heim, að spilling og ólifnaður sé hér meiri en dæmi séu til, þar sem verst er í stórborgum (sbr. ummæli ameríska herprestsins á Keflavíkurflugvelli í viðtali við erlent blað).

Í 4. gr. viðbótarsamningsins um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þeirra er ákveðið, að hermenn í hernámsliðinu skuli vera einkennisklæddir.

Þetta ákvæði hefur verið þverbrotið af sjálfri yfirstjórn hernámsliðsins, beinlínis í þeim tilgangi að auka varnarleysi og öryggisleysi Íslendinga fyrir hættum hernámsins.

Þegar allt framferði hernámsliðsins og yfirgangur hér í bænum keyrði svo úr hófi, að það hafði vakið réttmæta reiði og fordæmingu alls almennings í landinu og alveg sérstaklega reykvíska borgara, sem urðu að horfa upp á það og þola daglega, greip herstjórnin sjálf til þess ráðs að birta auglýsingu í aðalstöðvum hersins þess efnis, að hermenn skyldu afklæðast einkennisbúningum sínum á ferðum sínum í Reykjavík.

Þetta tiltæki herstjórnarinnar hér mun vera algert einsdæmi og ekki eiga sér nein fordæmi jafnvel þar, sem ameríska hernámsliðið dvelur í sigruðum löndum, en það er alkunn staðreynd, að amerískir hermenn eru alls staðar óvinsælir og illa liðnir, hvar sem þeir dveljast utan heimalands síns, og hafa alls staðar fulla ástæðu til að dylja einkenni hers síns og þjóðernis. En hér á að heita svo, að þeir dveljist samkvæmt gerðum samningi við varnarlausa smáþjóð, allsendis óvana hermennsku og vopnaburði. Í samninginn vantar að vísu öll skýr ákvæði til verndar Íslendingum sjálfum í viðskiptum þeirra við hernámsliðið, og var rækilega bent á það af

sósíalistum í umræðum um samninginn hér á Alþingi. En þegar samningsákvæði eins og það, að hermenn í hernumdu landi skuli bera einkennisbúning hers síns til aðgreiningar frá innlendum mönnum, er jafnvel þverbrotið opinberlega af yfirstjórn hersins, einmitt þegar það er orðin krafa alþjóðar, að reglur séu settar til að reisa rönd við spillingaráhrifum, sem af hernum stafa, þá er það augljóst, að í slíkum samningi er engin vörn eða vernd og að hann er óþolandi, enda hefur því meira að segja verið haldið fram af þeim, sem lengst ganga í þjónustuseminni, — Alþýðublaðinu og utanríkisráðherranum, — að engin íslenzk lög séu til og engin lög heldur hægt að setja(!), sem reisi fullnægjandi skorður við flakki óeinkennisbúinna ameríska dáta utan samningssvæðanna svokölluðu, t. d. í höfuðstað Íslands.

En sú vörn er þó til, eftir að öll þjóðin hefur fordæmt framkomu hernámsliðsins og reynslan hefur fært henni heim sanninn um hina geigvænlegu hættu af dvöl þess hér á landi og þá ómótmælanlegu staðreynd, að hún er jafnóþörf sem hún er háskaleg, að segja upp þessum samningi, sem gerður var á fölskum forsendum, með blekkingum og í blekkingaskyni, en auk þess hefur reynzt gersamlega haldlaus gagnvart hinum erlenda samningsaðila.

Sá samningsaðili, Bandaríki Norður-Ameríku, hefur nú sýnt Íslendingum það með framkvæmd fjögurra milliríkjasamninga, hvernig hann heldur gefin loforð og gerða samninga við eina af minnstu og varnarlausustu þjóðum heimsins:

I. Í herverndarsamningnum frá 1941 lofuðu Bandaríkin að hverfa burt frá Íslandi með allan herafla sinn á landi, í lofti og á sjó þegar að ófriðnum loknum.

Bandaríkin sviku þetta hátíðlega loforð, neituðu að hverfa burt héðan með her sinn og kröfðust árið 1945 herstöðva á Íslandi til 100 ára.

II. Þau neituðu að falla frá herstöðvakröfunum og fengu Keflavíkursamninginn árið 1946. Hver einasta grein þess samnings, sem til framkvæmda gat komið, var þverbrotin þau 5 ár, sem hann gilti.

III. Árið 1949, þegar Ísland var tekið í Atlantshafsbandalagið, gaf utanríkisráðherra Bandaríkjanna út hátíðlega yfirlýsingu „í embættisnafni fyrir hönd Bandaríkjanna og fyrir hönd allra bandalagsþjóðanna“, þess efnis, að „það skyldi aldrei koma til mála, að fram á það yrði farið við Íslendinga að hafa erlendar herstöðvar á Íslandi á friðartímum“. Þannig orðað flutti utanríkisráðherra Íslands (einnig í embættisnafni) þetta hátíðlega loforð Bandaríkjanna til Alþingis og íslenzku þjóðarinnar, þegar verið var að fá okkur í Atlantshafsbandalagið í marz 1949.

Þetta loforð, sem auðvitað átti að hafa samningsgildi og var samningur í sjálfu sér, var haldið svo, að í maí 1951 var herstöðvanna krafizt og þær teknar.

IV. Um það var gerður „varnarsamningurinn“, sem nú er í gildi og hefur verið haldinn svo sem alþjóð er kunnugt og nokkuð hefur verið drepið á hér að framan.

Þessi er reynsla Íslendinga af samningum við Bandaríkin.

Það er grundvallaratriði, sem allir milliríkjasamningar og allur þjóðaréttur byggist á, að „samninga ber að halda“.

Þetta grundvallaratriði og þessi forsenda allra ríkjasamninga hefur sannanlega brostið í öllum hinum þýðingarmestu samningaviðskiptum Íslands og Bandaríkjanna, eins og hér hefur verið sýnt, og er Íslendingum auðvelt að sanna þetta fyrir öllum heimi, hvenær sem er.

Efndir þeirra fjögurra samninga, sem hér er minnt á, sýna, að Bandaríkin hafa ekki hirt um að halda orð eða anda þeirra samninga, sem þeir hafa gert við Ísland.

Framkvæmd þessa samnings sýnir þó allra skýrast, að það er ekki vernd eða öryggi Íslendinga sem smáþjóðar, sem fyrir þeim vakir, heldur hernám Íslands í anda ameríkskrar hernaðarstefnu og vegna hernaðarþarfa Bandaríkjanna án minnsta tillits til smæðar og veikrar aðstöðu íslenzku þjóðarinnar. Með öðrum orðum, það er framkvæmd hinna ógrímuklæddu herstöðvakrafna frá 1945 og ekkert annað.

Það var ekki vilji eða tilætlun íslenzku þjóðarinnar 1945 né 1951. Þess vegna ber að segja þessum samningi upp þegar í stað.“

Frumvarp þetta var, sem fyrr segir, flutt á síðasta þingi, en stjórnarflokkarnir

hindruðu þá, að það kæmist til nefndar. Er það nú flutt aftur, til þess að það komi í ljós, hvort hið nýja þing hefur lært betur en hið gamla af reynslunni og vill taka meira tillit til vilja þjóðarinnar.

Allar þær ástæður, sem fram eru færðar í ofanritaðri greinargerð fyrir því, að segja beri upp hernámssamningnum frá 1951, hafa síðan verið staðfestar og undirstrikaðar af reynslunni og rás viðburðanna innanlands og utan.

Í heimsstjórnmálum hefur það gerzt meðal annars síðan 1951, að Kóreustyrjöldin er úr sögunni og að aðalforustumenn þriggja mestu stórvelda heimsins, Sovétríkjanna, Bandaríkjanna og Bretlands, hafa allir lýst því yfir, að ekkert það deilumál sé til, sem ekki sé unnt að leysa með friðsamlegum samningum. Hvar í heiminum mundi nú finnast sá ábyrgur stjórnmálamaður, sem telur það líklegra, að á næstu mánuðum eða misserum brjótist út allsherjar heimsstyrjöld, heldur en hitt, að aðalforustumenn stórveldanna setjist að samningaborði til þess að leysa deilumálin og tryggja heiminum öruggan frið á næstu árum, eins og forsætisráðherra Bretlands hefur opinberlega krafizt?

Í málefnum Atlantshafsbandalagsins hafa margir atburðir gerzt, sem gera það lausara í reipum en áður var og sýna, að það ofurvald, sem Bandaríkin hafa haft innan þess og yfir bandamönnum sínum yfirleitt, er nú úr sögunni. Þær tvær smáþjóðir, sem Íslendingar eru skyldastir innan þessa bandalags, Norðmenn og Danir, hafa báðar ákveðið hafnað eindregnum kröfum Bandaríkjanna um herstöðvar með þeim rökum, að nú séu friðartímar og sívaxandi friðarhorfur, enda hræði sporin frá Íslandi, reynslan af hernámi Íslands sýni, að herseta Bandaríkjanna í öðru ríki Atlantshafsbandalagsins sé því sjálfu enginn styrkur, heldur öfugt.

Og hvað hefur gerzt, og hvað er að gerast með íslenzku þjóðinni, á sama tíma og danskir og norskir talsmenn Atlantshafsbandalagsins haga orðum sínum og gerðum með þessum hætti, vara þjóðir sínar við ameríkskri hersetu með reynsluna frá Íslandi fyrir augum? Hverjir eru þeir íslenzkir stjórnmálamenn, sem nú treystast til að staðhæfa, að forsendan, sem þeir töldu vera fyrir hernámssamningnum 1951, yfirvofandi heimsstyrjöld og árás á Ísland á hverri stundu, sé til enn í dag?

En ef forsendan er brostin eða var aldrei til, ef nú eru friðartímar og vaxandi friðarhorfur þrátt fyrir allt, eins og Danir og Norðmenn telja og leggja til grundvallar neitun sinni við amerískum herstöðvum, hver eru þá rökin fyrir því að halda áfram samningsbundnu hernámi Íslands á friðartímum lengur en samningurinn um það gerir nauðsynlegt? Samkvæmt ákvæðum hans er hægt að losna við hernámið innan eins og hálfs árs. Hverjir vilja ekki vera lausir og óbundnir við hernám landsins þá, ef friðarhorfur halda áfram að aukast?

Það er nú svo komið, að þeir flokkar allir, sem tóku á sig ábyrgð á samningsgerðinni 1951 og munu ávallt bera þá ábyrgð frammi fyrir dómstóli sögunnar, eru nú á undanhaldi í málflutningi sínum og varnir þeirra fyrir áframhaldandi hernámi landsins allar á ringulreið. Sá utanríkisráðherra, sem samninginn gerði og ber sérstaka ábyrgð á honum, hefur orðið að hrökklast frá því embætti. „Varnarmálanefnd“ sú, sem hann skipaði sér til aðstoðar, hefur farið sömu leiðina.

Sá flokkur, sem hafði stjórnarforustu, er samningurinn var gerður, og virtist ekkert hafa að athuga við samninginn og framkvæmd hans hátt á annað ár, sá sér þann kost vænstan, er að því kom að verja hvort tveggja fyrir dómstóli kjósendanna, að snúast til harðrar gagnrýni á allri framkvæmd samningsins og hefur nú falið nýjum utanríkisráðherra að freista þess að ráða einhverja bót á henni, um leið og blað hans krefst endurskoðunar samningsins í heild, og viðurkennir þar með, að samningurinn sjálfur sé óhæfur grundvöllur til að byggja á til frambúðar.

En þegar rætt er um endurskoðun samningsins, verða þeir, sem vilja varast nýjar blekkingar, að gera sér ljóst, að aðeins er um tvennt að gera: áframhaldandi hernám Íslands af hálfu Bandaríkjanna eða ekki. Áframhaldandi hernám með endurskoðuðum og endurnýjuðum hernámssamningi mundi þýða hernám Íslands um ófyrirsjáanlega langan aldur.

Þeir, sem ekki óska að tilkynna Bandaríkjunum það beinlínis fyrir fram, að Íslendingar séu nú, þrátt fyrir allar fyrri yfirlýsingar, reiðubúnir til þess að veita þeim herstöðvar hér á landi um langa framtíð á friðartímum og við sívaxandi friðarhorfur, t. d. jafnvel þótt samningar tækjust á næstu mánuðum milli stórveldanna, sem tryggðu öruggan frið um langa hríð, hljóta því nú að vera því fylgjandi, að Alþingi láti í ljós þann vilja sinn, að samningurinn frá 1951, sem gerir ráð fyrir setu amerísks herliðs á Íslandi á friðartímum, falli niður, en það er aðeins hægt að gera ótvírætt með því, að Alþingi samþykki uppsögn hans með þeim hætti, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., með tilliti til þess, hvernig um hnútana var búið, er honum var á sínum tíma veitt lagagildi á Íslandi.

Nd. 24. Frumvarp til laga [24. mál]

um breyting á lögum nr. 30 4. febr. 1952, um hámark húsaleigu o. fl.

Flm.: Einar Olgeirsson.

1. gr.

Á eftir 4. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, svo hljóðandi (og breytist greinatalan í samræmi við það):

a. (5. gr.) Skylt er bæjar- og sveitarstjórnum í þeim kaupstöðum og kauptúnum, sem húsnæðisskortur er í, að láta tafarlaust fara fram rannsókn á eftirfarandi:
   1. Hvaða húsnæði sé ónotað en nothæft í kaupstaðnum eða kauptúninu.
   2. Hvaða húsnæði sé leigt amerískum hermönnum eða öðrum útlendingum, sem starfa í þjónustu hersins eða við framkvæmdir vegna hans.

   Skulu viðkomandi bæjar- og sveitarstjórnir á fyrsta fundi sínum eftir samþykkt laga þessara kjósa með hlutfallskosningu fimm manna nefnd til þess að framkvæma þessa rannsókn. Skal ljúka henni á eigi lengri tíma en tveim vikum eftir kosningu nefndarinnar.

b. (6. gr.) Nú kemur í ljós, að húsnæði, hvort heldur eru íbúðir eða einstök herbergi, er ónotað eða leigt amerískum hermönnum eða öðrum útlendingum, er starfa í þjónustu hersins eða við framkvæmdir vegna hans, og er þá skylt að taka allt slíkt húsnæði tafarlaust leigunámi og láta húsaleigunefnd ráðstafa því til húsnæðislausra innanhéraðsmanna samkvæmt 4. gr. þessara laga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Neyðin í húsnæðismálum, einkum í Reykjavík og fleiri bæjum og kauptúnum við Faxaflóa, er nú orðin slík, að grípa verður til tafarlausra úrræða til þess að skjóta skjólshúsi yfir húsnæðislaust fólk. Þetta neyðarástand hefur skapazt fyrir þráláta vanrækslu stjórnarvaldanna á undanförnum árum.

Sósíalistaflokkurinn hefur ár eftir ár flutt frumvörp, er leitt hefðu til mikilla úrbóta í húsnæðismálunum, ef samþykkt hefðu verið. En þessi frumvörp hafa öll verið drepin eða svæfð af stjórnarmeirihlutanum á Alþingi. Sósíalistaflokkurinn flytur á öðru þingskjali frumvarp um heildarlöggjöf til varanlegra úrbóta í þessum málum. En með þessu frv. er miðað að því að knýja fram nokkrar aðgerðir strax.

Á annað hundrað fjölskyldur hafa þegar leitað til bæjarstjórnarinnar í Reykjavík vegna húsnæðisskorts, og miklu fleiri eru í algerðum vandræðum. Það þolir enga bið að hjálpa þessu fólki. Valdhafarnir — og engir aðrir — eiga sök á vand-

ræðum þess. Núverandi stjórnarflokkar hafa afnumið húsaleigulöggjöfina, sem tryggði þó þessu fólki þak yfir höfuðið. En þeir hafa svo samtímis bannað mönnum með lögum og lánsfjárbanni að byggja yfir sig, með þeim afleiðingum, að frá 1946 hefur í sífellu fækkað þeim íbúðum í Reykjavík, er fullgerðar hafa verið árlega (úr 634 árið 1946 niður í 329 árið 1952), en að sama skapi aukizt íbúafjöldinn í gömlum herbúðum (úr 1303 árið 1946 í 2400 árið 1952), svo að ekki sé talað um aðrar óhæfar íbúðir, sem fólk hefur neyðzt til að dvelja í.

Meðan þetta neyðarástand ríkir og kemur harðast niður á barnafjölskyldunum (í herbúðum í Reykjavík eru um 1000 börn), er svo nokkuð um, að íbúðum sé haldið auðum, og mikil brögð að því, að amerískir hermenn og útlendingar, sem vinna í þjónustu hersins eða við framkvæmdir á vegum hans, taka á leigu herbergi og heilar íbúðir, sem Íslendingar þurfa á að halda. Kveður svo rammt að ásókn þessara útlendinga, að þeir auglýsa eftir íbúðum og taka íbúðir á leigu, þótt bannað sé með lögum að leigja öðrum en heimilisföstum innanhéraðsmönnum íbúðarhúsnæði. Bjóða amerískir menn mikið fé til þes að fá þannig ólöglega húsnæði á sitt vald og verður mikið ágengt, en yfirvöldin láta sem þau sjái eigi lögbrotin og jafnvel ekki grunlaust, að embættismenn hins opinbera brjóti þau sjálfir.

Frumvarp þetta er flutt til þess að knýja nú þegar fram, að lögin séu látin koma í gildi tafarlaust, a. m. k. hvað snertir það húsnæði, sem ónotað er eða amerískir hermenn eða útlendingar, sem vinna hér á vegum hersins, nota. Þeir menn hafa sannarlega haft nægilegt frelsi, vald og fé til þess að byggja yfir sig, meðan þeir enn dvelja hér illu heilli, og þeim á ekki að þolast að reka íslenzk börn út á kaldan klakann til þess að geta stundað þá þokkalegu iðju, sem flestir þeirra nota íbúðarhúsnæðið, er þeir hafa á valdi sínu, til.

Aðgerðir þær, sem hér er stungið upp á, eru aðeins til bráðabirgða og bæta aðeins úr litlum hluta þeirrar neyðar, sem stjórnarflokkarnir hafa leitt yfir þjóðina með stefnu sinni í húsnæðismálunum. Ýmsar neyðarráðstafanir geta bæjar- og sveitarstjórnir gert án lagaheimilda. En varanleg bót verður aðeins ráðin á húsnæðisvandræðunum með heildarlöggjöf, og um hana flytur Sósíalistaflokkurinn annað frumvarp á þessu þingi.

Nd. 25. Frumvarp til laga [25. mál]

um breyting á lögum nr. 53 27. júní 1921, um hvíldartíma háseta á íslenzkum botnvörpuskipum, og á lögum nr. 45. 7. maí 1928, um breyting á þeim lögum.

Flm.: Sigurður Guðnason, Einar Olgeirsson, Gunnar Jóhannsson.

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Þá er skip er að veiðum með botnvörpu eða á siglingu milli innlendra hafna og fiskimiðanna, skal jafnan skipta sólarhringnum í fjórar sex stunda vökur. Skal eigi nema helmingur háseta skyldur að vinna í einu, en hinn helmingurinn eiga hvíld, og skal hver háseti hafa að minnsta kosti 12 klukkustunda hvíld á sólarhring hverjum. Samningar milli sjómannafélaga og útgerðarmanna um lengri vinnutíma en fyrir er mælt í grein þessari skulu ógildir vera.

2. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Skipstjóri og útgerðarmaður bera sameiginlega ábyrgð á því, að fyrirmælum þessara laga sé fylgt, og varðar ítrekað brot skipstjóra stöðumissi.

3. gr.

Í stað „1000—10000“ í 5. gr. laganna komi: 5000—50000.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Sósialistaflokkurinn flytur nú frumvarp þetta í áttunda sinn. Rökin fyrir því hafa oft verið sett fram og skulu nú sett fram einu sinni enn:

Alþingi Íslendinga mun ásátt um, að líf þessarar þjóðar byggist öðru fremur á starfi því, sem sjómenn hennar inna af höndum, og þess vegna fari vel á því, að hún haldi einn dag vor hvert hátíðlegan til að votta mönnum þessum virðingu sína og þökk. Á sama hátt og aðrar þjóðir hafa sérstakan dag til að heiðra hermenn sína, hafa Íslendingar sérstakan dag til að heiðra sjómenn sína.

Sjómannadagurinn hefur verið haldinn hátíðlegur síðustu 15 árin með skrúðgöngum og ræðuhöldum. Og Alþingi Íslendinga hefur alltaf átt fulltrúa meðal hinna atkvæðamestu ræðumanna dagsins. Fulltrúar þess hafa yfirleitt lagt áherzlu á, að Alþingi kunni vel að meta afrek sjómanna í þágu fósturjarðarinnar, og staðið fyrir miklum húrrahrópum. Í 15 ár hefur Alþingi sem sagt látið ótvírætt á sér skilja fyrsta sunnudag í júní og stundum oftar, að það telji sig og landsmenn alla eiga sjómönnum allt gott að þakka, enda vinni þeir þýðingarmestu störf þjóðfélagsins og séu hetjur hafsins. Og næstum jafnlengi hefur meiri hluti Alþingis barizt markvíst gegn því, að mönnum þessum veittist lagalegur réttur til mannsæmandi hvíldar. Þessi stofnun, sem aldrei telur eftir sér að húrra fyrir sjómönnum, hefur nú í rúman áratug þrjózkazt við að samþykkja frumvarp til afnáms því hróplega ranglæti, að háseta á togurum hafa með lögum verið skyldugir til að þræla 16 klukkustundir á sólarhring. Mætti ætla, að ekki væri lítið unnið og ekki lítið vakað innan þeirrar stofnunar, sem þannig þykist sóma síns vegna mega haga sér.

Frv. þetta til lögfestingar 12 klst. lágmarkshvíld háseta á togurum var fyrst flutt á sumarþinginu 1942. Flutningsmaður þess var einn af þingmönnum Sósíalistaflokksins, þáv. 2. landsk. þm., Ísleifur Högnason. Sjávarútvegsnefnd Nd. fékk frumvarpið til meðferðar. Ef til vill hefur nefndinni ekki fundizt það ómaksins vert að sinna þessari kröfu um, að helztu fyrirvinnur þjóðfélagsins fengju tíma til að hvíla sig eitthvað í líkingu við það, sem tíðkast um aðrar mannlegar verur á Íslandi, — svo mikið er víst, að nefndinni láðist að afgreiða frumvarpið og það dagaði upp á þinginu.

Næst var frv. flutt á þinginu 1946 af tveim þingmönnum Sósíalistaflokksins, Hermanni Guðmundssyni og Sigurði Guðnasyni. Aftur fékk sjávarútvegsnefnd það til meðferðar, og að þessu sinni veitti hún sér tíma til að hafa skoðanir á því, enda gekk fulltrúi sósíalista í nefndinni mjög hart eftir því, að hún afgreiddi frumvarpið. Meiri hluti nefndarinnar, þeir Sigurður Kristjánsson og Pétur Ottesen, fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, og Skúli Guðmundsson, fulltrúi Framsóknarflokksins, lýsti sig andvígan málinu og lagði til, að frv. yrði fellt. Fulltrúi Alþýðuflokksins, Finnur Jónsson, lýsti yfir því, að hann væri ekki við því búinn að taka afstöðu til málsins. Fulltrúi Sósíalistaflokksins, Áki Jakobsson, varð einn nefndarmanna til að styðja frumvarpið og lagði til, að það yrði samþykkt. Hins vegar láðist deildinni að afgreiða frumvarpið. Það dagaði enn uppi á þessu þingi.

Sömu þingmenn fluttu frv. í þriðja sinn á þinginu 1947. Á meðan var hafin hörð barátta í málinu utan þings. Um 400 starfandi sjómenn sendu Alþingi áskorun um að samþykkja frumvarpið, og sams konar áskorun hafði verið samþykkt á þingi Alþýðusambands Íslands 1946, enda hörfa nú andstæðingar málsins á Alþingi til nýrra varnarstöðva í baráttunni gegn því. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar í sjávarútvegsnefnd lögðu að þessu sinni til, að frumvarpinu yrði vísað til ríkisstjórnarinnar gegn loforði hennar um að athuga málið sjálf eða skipa

nefnd til að athuga það. Og fulltrúi Alþýðuflokksins hljóp í bát með þessum mönnum, sem áður höfðu umsvifalaust viljað láta fella frumvarpið; lýsti sig fylgjandi afstöðu þeirra. Enn var aðeins einn nefndarmanna fylgjandi samþykkt frumvarpsins, fulltrúi Sósialistaflokksins.

Málinu var vísað til ríkisstjórnarinnar í marzmánuði 1948, en þremur mánuðum síðar skipaði þáv. forsætis- og félagsmálaráðherra, Stefán Jóh. Stefánsson, 6 manna nefnd til að endurskoða gildandi löggjöf um hvíldartíma háseta á togurum. Tveir nefndarmanna voru skipaðir án tilnefningar, tveir voru tilnefndir af samtökum sjómanna í Reykjavík og Hafnarfirði, tveir af togaraeigendum.

Það fór eins og þingmenn sósialista höfðu varað við, störf nefndarinnar urðu til einskis annars en tefja framgang þessa réttlætismáls. Í rúmt ár var nefndin að velta því fyrir sér, hvort mönnum þeim, sem fyrsta sunnudag í júní eru nefndir hetjur hafsins og þýðingarmestu starfsmenn þjóðfélagsins, skyldi lögum samkvæmt leyfast að hvíla sig lengur en 8 klst. á sólarhring. Og nefndin kom í þremur hlutum frá þessari löngu athugun. Fulltrúar sjómanna lögðu að sjálfsögðu til, að lögboðin yrði 12 klst. hvíld á togurum. Fulltrúar útgerðarmanna lögðu til, að frv. um slíka lögfestingu yrði fellt, samkvæmt þeirri gamalkunnu röksemd, að heilsusamlegur svefn sjómanna hljóti að orsaka stöðugar andvökur útgerðarmanna vegna versnandi afkomu skipanna og fljótlega ná hámarki í algeru efnahagshruni þjóðfélagsins. Stjórnskipuðu fulltrúarnir létu ekki uppi neinar skoðanir á málinu, enda töldu þeir sig einungis hafa átt að leitast fyrir um sættir milli þessara tveggja stétta, en ekki að móta afstöðu nefndarinnar; sáttatilraunir þeirra hefðu hins vegar engan árangur borið.

Vegna hinnar seinfengnu niðurstöðu nefndarinnar tafðist framgangur málsins hátt á annað ár, en eftir að hún hafði lokið störfum haustið 1949, var frumvarpið enn flutt snemma á næsta þingi. Meiri hluti sjávarútvegsnefndar lagði þá til, að málið yrði afgreitt með rökstuddri dagskrá, þess efnis, að eðlilegast væri, að sjómenn semdu sjálfir við útgerðarmenn um kjör sín, — og samþykkti deildin þessa afgreiðslu.

Þannig var málinu varpað úr höndum Alþingis og gert að deilumáli sjómanna og útgerðarmanna, og var afleiðinganna skammt að bíða. Togaraflotinn var stöðvaður og lá bundinn við bryggju vikum saman, og þjóðin beið af þessu tjón, sem nam um 70 milljónum króna í erlendum gjaldeyri. En sjómenn komu úr átökum þessum með rétt sinn að nokkru heimtan; samningar þeirra fólu nú í sér ákvæði um 12 klst. lágmarkshvíld á saltfiskveiðum.

En gömlu vökulögin giltu eftir sem áður varðandi ísfiskveiðar, og baráttunni fyrir málinu var haldið áfram á Alþingi. Í fimmta sinn fluttu sósialistar frumvarp þetta á þinginu 1950 og í sjötta sinn á þinginu 1951, alltaf gegn sömu andstöðu meiri hlutans. Jafnframt héldu sjómenn sjálfir áfram sinni baráttu. Og útgerðarmenn héldu áfram að þrjózkast við. Áður en þeir létu sig, varð þjóðfélagið að þola nýtt áfall langrar og kostnaðarsamrar togarastöðvunar. En í þeirri deilu vinna sjómenn loks fullan sigur; 12 klst. lágmarkshvíld háseta er tryggð á öllum veiðum togaranna. — Sjómenn tryggðu sér þennan rétt þrátt fyrir hina fjandsamlegu afstöðu Alþingis. Það hafði alltaf verið á valdi Alþingis að veita þeim hann og firra þannig þjóðfélagið vandræðum tveggja langvarandi togarastöðvana. Alþingi ber þannig höfuðábyrgð á því tugmilljónatjóni, sem þessar togarastöðvanir ollu.

Tólf klst. lágmarkshvíld togaraháseta á öllum veiðum er að vísu tryggð í samningum, sem stendur. En fyrir því er engin trygging, að ekki verði reynt að ná þessum sjálfsagða rétti af sjómönnum aftur og málið þannig enn á ný gert að hörðu og kostnaðarsömu deilumáli. Hins vegar er það á valdi Alþingis að veita slíka tryggingu. Sósialistaflokkurinn gerði tilraun til þess að fá Alþingi til þess að veita slíka tryggingu og flutti því frv. þetta í sjöunda sinn á Alþingi 1952. En allt fór á sömu leið og fyrr. Nú er frv. þetta flutt í áttunda sinn af Sósialistaflokknum. Alþingi hefur enn tækifæri til að bæta að nokkru fyrri misgerðir sínar og fyrirbyggja, að

tjón það, sem af þeim hlauzt, endurtaki sig. Þetta getur það gert með því einfaldlega að samþykkja nú loks frumvarpið og festa þannig í lög Íslands ákvæði um, að hetjur hafsins skuli hafa rétt til mannsæmandi hvíldar, engu síður en aðrir þegnar þjóðfélagsins.

Nd. 26. Frumvarp til laga [26. mál]

um rétt manna til byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum og opinbera aðstoð í því skyni.

Flm.: Einar Olgeirsson.

1. gr.

Sérhver íslenzkur ríkisborgari, sem eigi á sjálfur íbúð, sem hæf sé til íbúðar, á rétt á því að byggja sér íbúðarhús með einni íbúð, eða stærra hús, ef hann byggir með öðrum. Á hann kröfu á að fá til þess þá aðstoð frá því opinbera, sem nánar er kveðið á um í þessum lögum. Réttur þessi miðast við stærð íbúða, sem fyrir er mælt um í 3. lið 7. gr. þessara laga.

Rétt er og hverjum íslenzkum ríkisborgara að byggja íbúðarhús til sölu eða leigu, svo fremi innflutningur á byggingarefni sé frjáls samkv. 46. gr. þessara laga. En sé innflutningur byggingarefnis takmarkaður samkvæmt 47. gr., skulu þeir ganga fyrir, er um mælir í 1. málsgr. þessarar greinar.

Skylt er byggingarnefnd hvers kaupstaðar eða kauptúns að leyfa slíkar byggingar, ef þær samrýmast kröfum til heilsusamlegra íbúða, og mæla út lóð handa mönnum til byggingar slíkra íbúðarhúsa eða gefa mönnum kost á að byggja á sömu lóð allt að þriggja hæða hús. Eigi þarf að sækja um önnur leyfi en til byggingarnefndar viðkomandi kaupstaðar eða kauptúns til slíkra bygginga. Öll ákvæði, sem takmarka slíkar byggingar við veitingu fjárfestingarleyfa, eru úr gildi numin.

Rétt eiga menn að mynda samtök um að nota þennan rétt og fela þeim framkvæmd slíkra bygginga, og njóta þau þá sama réttar, enda breytist eigi eignarréttur aðilans við það öðruvísi en ráð er fyrir gert í lögum þessum.

I. KAFLI
Um verkamannabústaði.

2. gr.

Stofna skal byggingarsjóð til þess að bæta úr húsnæðisþörf verkamanna og annarra þeirra íbúa kaupstaða og kauptúna, sem hafa ekki tekjur né eiga eignir yfir það hámark, sem greinir í 4. lið 7. gr. laga þessara, og uppfylla að öðru leyti skilyrði laganna.

3. gr.

Byggingarsjóður lánar til byggingar samkvæmt skilyrðum þeim, sem lög þessi setja, í kaupstöðum og kauptúnum, enda hafi sveitarstjórn fært félagsmálaráðherra rök fyrir, að þörf sé slíkrar opinberrar aðstoðar.

Kauptún telst í þessum lögum þorp með minnst 15 fjölskyldum, enda hafi engin þeirra svo mikið land, að talizt geti lögbýli.

4. gr.

Byggingarsjóður skiptist í deildir, eina fyrir hvern kaupstað eða kauptún, þar sem viðurkennd hefur verið þörf fyrir opinbera aðstoð til byggingar verkamannabústaða, og aflast fé til hverrar deildar sem hér segir:

1. Sveitarsjóðir, sem um ræðir í 3. gr., leggja í sjóðinn árlega upphæð, sem nemur ekki minna en 12 krónum og ekki meira en 18 krónum fyrir hvern íbúa sveitarfélagsins, og ákveður sveitarstjórn upphæðina með sérstakri samþykkt.

Við flutningsmenn þessa frumvarps leyfum okkur að draga mjög í efa, að allir þeir þingmenn, er léðu breytingartillögu þeirri, er varð 13. gr., fylgi sitt á síðustu stigum málsins vorið 1949, hafi þá ætlazt til þess, að breytingin yrði notuð til þess að afhenda verksmiðjuna einkaaðilum til eignar að einhverju eða jafnvel öllu leyti. Miklu fremur teljum við líklegt, að þeir hafi litið svo á, að ummæli 3. gr. um, að verksmiðjan væri sjálfseignarstofnun, yrðu hin raunverulega gildandi ákvæði um eignarrétt hennar.

Það er ekki fyrr en nokkru eftir að lögin voru samþykkt, að ráðherrar fara að lýsa yfir þeim skilningi, að verksmiðjan sé eign hlutafélagsins, þvert ofan í skýlaus ákvæði 3. gr.

Við teljum því sjálfsagt, að Alþingi breyti þessum lögum í það horf, sem ætíð var fyrirhugað þangað til á allra síðustu stigum málsins í þinginu, felli burt 13. gr. þeirra og sýni þar með ákveðið þann vilja, að þetta fyrirtæki eigi ekki að komast í eign einkaaðila.

Nd. 28. Frumvarp til laga [28. mál]

um breyting á lögum nr. 53 27. júní 1921, um hvíldartíma háseta á íslenzkum botnvörpuskipum, og á lögum nr. 45 7. maí 1928, um breyting á þeim lögum.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Gylfi Þ. Gíslason, Eggert Þorsteinsson.

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Þá er skip er að veiðum með botnvörpu eða á siglingu milli innlendra hafna og fiskimiðanna, skal jafnan skipta sólarhringnum í fjórar sex stunda vökur. Skal eigi nema helmingur háseta skyldur að vinna í einu, en hinn helmingurinn eiga hvíld, og skal hver háseti hafa að minnsta kosti 12 klukkustunda hvíld á sólarhring hverjum. Samningar milli sjómannafélaga og útgerðarmanna um lengri vinnutíma en fyrir er mælt í lögum þessum skulu ógildir vera.

2. gr.

4. gr. orðist svo:

Skipstjóri og útgerðarmaður bera sameiginlega ábyrgð á því, að fyrirmælum þessara laga sé fylgt, og varðar ítrekað brot skipstjóra stöðumissi.

3. gr.

Í stað „1000—10000“ í 5. gr. laganna komi: 5000—50000.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta hefur verið flutt á nokkrum undanförnum þingum, en ekki náð fram að ganga. Á síðasta þingi fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

„Á undanförnum þingum hafa þingmenn Alþýðuflokksins flutt frv. um lögfestingu á 12 stunda hvíldartíma á botnvörpuskipum, þannig að sólarhringnum skuli skipt í fjórar sex stunda vökur og helmingur háseta vinna í einu, en hinn helmingurinn hvílast. Frv. þessi hafa ekki náð fram að ganga. Á síðasta þingi var frv. um þetta efni vísað frá með rökstuddri dagskrá. Var þar til þess vísað, að samtök sjómanna séu þegar búin að fá framgengt kröfunni um 12 stunda lágmarkshvíld á saltfiskveiðum með frjálsum samningum, og sé eðlilegt, að ákvæði um lágmarkshvíld á ísfiskveiðum verði einnig samningsatriði. Meiri hluti Alþingis hafði ekki viljað fallast á að lögfesta 12 stunda lágmarkshvíld á botnvörpuskipum. Þess vegna urðu sjómenn að neyta afls samtaka sinna og verkfallsréttar síns til þess að knýja fram nokkurn hluta kröfu sinnar, þ. e. 12 stunda hvíldina á öðrum veiðum en ísfiskveiðum. Til togaraverkfallsins síðasta hefði ekki þurft að koma, ef Alþingi hefði gengið til móts við óskir sjómannastéttarinnar.

Sjómenn og samtök þeirra telja þessu réttlætismáli ekki komið í höfn, fyrr en hásetum hefur verið tryggð 12 stunda lágmarkshvíld á öllum veiðum. Sú krafa verður ekki látin niður falla. Ef Alþingi skirrist enn við að setja lagaákvæði um þetta efni, jafngildir það því, að sjómönnum sé sagt, að þeir verði áfram að treysta einvörðungu á samtök sín og verkfallsrétt til þess að fá þessu hagsmunamáli sínu framgengt. Afleiðingarnar gætu orðið langar og harðvítugar vinnudeilur, sem þó gæti ekki lyktað nema á einn hátt, þ. e. með sigri sjómannasamtakanna, eins og síðasta verkfalli. Rökin fyrir því, að togarasjómönnum sé tryggð 12 stunda lágmarkshvíld, eru svo sterk, að baráttunni fyrir þessum málstað hlýtur að ljúka með algerum sigri. Þegar þeir, sem í landi vinna, hafa yfirleitt ekki lengri vinnudag en

8 stundir og mjög margir skemmri, er fráleitt, að sjómenn vinni nokkurn tíma 16 stundir í sólarhring. Þótt vinnudagurinn verði styttur niður í 12 stundir, er munurinn enn sannarlega nógu mikill, þegar það er haft í huga, að vinna háseta á botnvörpuskipum er ein hin erfiðasta, sem unnin er.“

Nd. 29. Frumvarp til laga [29. mál]

um breyting á lögum nr. 16 26. febr. 1943, um orlof.

Flm.: Eggert Þorsteinsson.

1. gr.

B-liður 1. gr. laganna fellur niður.

2. gr.

Í stað 1. og 2. málsgr. 3. gr. laganna kemur:

Sérhver sá, sem lög þessi ná til, hefur rétt og skyldu til orlofs í þrjá virka daga fyrir hverja tvo almanaksmánuði, sem hann hefur unnið næsta orlofsár á undan, og hlutfallslega fyrir skemmri tíma.

Orlofsár merkir í lögum þessum tímabilið frá 15. maí til 14. maí næsta ár á eftir.

Í þessu sambandi telst einn þriðji hluti úr mánuði eða meira sem tveir þriðju úr mánuði, en skemmri tími er ekki talinn með.

3. gr.

Í stað orðanna „4% — fjóra af hundraði“ í 4. gr. laganna kemur: 6% — sex af hundraði“.

4. gr.

Aftan við lögin komi svo hljóðandi bráðabirgðaákvæði:

Ríkisstjórnin skal undirbúa tillögur að endurbættu og föstu skipulagi ódýrra og hentugra orlofsferða innanlands og til útlanda með það fyrir augum, að almenningur geti notfært sér þær. Ríkisstjórnin leggi þessar tillögur sínar fyrir næsta reglulegt Alþingi.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðasta Alþingi fluttu þrír af þingmönnum Alþýðuflokksins þingsályktunartillögu um endurskoðun orlofslöggjafarinnar frá 26. febr. 1943, m. a. með það fyrir augum að lengja orlofsréttinn úr tveim vikum í þrjár. Enn fremur var í tillögunni gert ráð fyrir athugun á hentugum og ódýrum orlofsferðum innanlands og utan. Þingsályktunartillaga þessi hlaut ekki afgreiðslu þingsins, og ber að harma það, að slík rannsókn skyldi ekki fara fram.

Flutningsmaður þessa frumvarps telur það höfuðnauðsyn:

1) að orlofsrétturinn verði aukinn úr tveim vikum í þrjár;

2) að b-liður 1. gr. laganna verði felldur niður, en þar er gert ráð fyrir, að hlutarsjómenn njóti ekki að fullu þeirra hlunninda, sem lögin veita öðrum launþegum.

Nú hafa þessi mál skipazt þannig við lausn hinnar langvinnu vinnudeilu í desember s. l., að í samkomulagi milli verklýðsfélaganna og vinnuveitenda var fallizt á hækkun orlofsfjár og lengingu á orlofsrétti launþega úr 4% — fjórum af

hundraði — í 5% — fimm af hundraði. Þrátt fyrir þennan árangur er vitað af samþykktum fjölmargra verkalýðsfélaga, að þau munu ekki linna baráttunni fyrir framgangi þessara réttinda sinna fyrr en þeim árangri er náð, sem telja verður eðlilegan og sjálfsagðan með tilliti til þeirrar þróunar, er átt hefur séð stað t. d. á Norðurlöndum, en þar hefur nú víðast verið lengdur orlofsréttur úr tveim vikum í þrjár og tilsvarandi hækkun orlofsfjár.

Fullnægjandi réttindi í lögum þessum telja verkalýðsfélögin ekki tryggð fyrr en í fyrsta lagi orlofsrétturinn hefur verið hækkaður samkv. frv. þessu og í öðru lagi jafnframt tryggt, að þessi mál verði ekki samningsatriði milli vinnuþega og vinnuveitenda hverju sinni, heldur verði gerðar tilsvarandi breytingar á orlofslöggjöfinni, og þá jafnframt í þriðja lagi, að lögin nái til allra launþega.

Það er því í senn eðlileg og sjálfsögð þróun þessara mála í nágrannalöndunum og sanngirniskröfur launþegasamtakanna, sem gera það nauðsynlegt, að Alþingi samþykki frumvarp þetta, um leið og komizt yrði hjá frekari deilum en orðið er um þetta réttlætismál. Það má og ljóst vera, að framantaldar breytingar eru ekki einhlítar til úrbóta í þessum málum. Með það í huga er 4. gr. frv. sett hér og bráðabirgðaákvæði hennar um, að athugaðir verði möguleikar á, að almenningur geti hagnýtt sér orlofsféð og hvíldartímann á sem heilladrýgstan hátt.

Nd. 30. Frumvarp til laga [30. mál]

um breyting á lögum nr. 77 5. júní 1947, um félagsheimili.

Flm.: Eggert Þorsteinsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist þannig:

Með félagsheimilum er í lögum þessum átt við samkomuhús, sem ungmennafélög, verkalýðsfélög, íþróttafélög, lestrarfélög, bindindisfélög, skátafélög, kvenfélög og hvers konar önnur menningarfélög, sem standa almenningi opin án tillits til stjórnmálaskoðana eiga og nota til fundahalda eða annarrar félagsstarfsemi. Sama gildir um samkomuhús sveitarfélaga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Allir þeir, sem fylgzt hafa með framvindu félagsmála almennt hér á landi s. l. áratugi, hljóta að viðurkenna, að áhrifamestu samtök almennings eru stéttarfélögin og þá jafnframt þau fjölmennustu og telja nú yfir 26000 félaga. Allt frá stofnun fyrstu verklýðsfélaganna um og eftir aldamótin síðustu hefur skortur á viðunanlegu húsnæði mjög háð eðlilegri og ákjósanlegri starfsemi þeirra. Á seinni árum hefur þó nokkuð úr þessu rætzt hjá fjölmennustu félögunum, en allur þorri stéttarfélaga býr þó við þröngan og alls ófullnægjandi húsakost til fundarhalda og hvers konar fræðslustarfsemi, sem samtökunum er brýn nauðsyn á, að starfrækt sé. Að sjálfsögðu eru stéttarfélögin fyrst og fremst hagsmunasamtök, en jafnframt fræðslu- og menningarsamtök þess fólks, sem myndar þau, og þegar litið er yfir sögu þessara samtaka, ber ef til vill hæst hinn menningarlega árangur af starfi þeirra. Hinn mikli skortur húsnæðis þessara félaga stafar ekki hvað síst af fjárskorti til slíkra framkvæmda.

Sú breyting, sem farið er fram á í frumvarpi þessu, er í því fólgin, að ríkisvaldið komi til móts við stéttarfélögin á sama hátt og hin virðingarverðu félög, sem um getur í lögunum, og er því einungis krafa um, að þau njóti sama réttar til lausnar þessum vanda sínum og önnur samtök almennings. Með samþykkt þessa frumvarps eru opnaðir möguleikar fyrir lausn þessa vandamáls, t. d. með því, að hin smærri félög myndi með sér samtök til lausnar húsnæðisvandræðum sínum með tilstyrk þess opinbera.

Sþ. 31. Tillaga til þingsályktunar [31. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán til byggingar dráttarbrautar á Ísafirði.

Flm.: Kjartan J. Jóhannsson, Sigurður Bjarnason.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast allt að 5 millj. kr. lán til byggingar dráttarbrautar á Ísafirði, sem fullnægi þörfum útgerðarinnar á Vestfjörðum.

Greinargerð.

Það háir mjög útgerð, skipabyggingum og viðgerðum á Vestfjörðum, að þar hefur engin dráttarbraut verið til nægilega stór til þess að geta tekið upp þau skip, sem eru nú gerð þaðan út. Enn fremur er mikill fjöldi innlendra og erlendra skipa á veiðum þar úti fyrir mikinn hluta ársins, sem oft þurfa á viðgerðum að halda. Hefur oft þurft að framkvæma á þeim bráðabirgðaviðgerðir vestra með frumstæðum hætti. Úr þessu er óhjákvæmilegt að bæta. Á Ísafirði er ný vélsmiðja með góðum tækjum og fullkomin skipasmíðastöð. Þessi iðnfyrirtæki njóta sín ekki fyrr en aðstaða er fyrir hendi til þess að taka þar á land skip á stærð við togara. Þess vegna er þessi tillaga flutt. Með henni er lagt til, að ríkið veiti Vestfjörðum hliðstæða aðstoð og öðrum landshlutum hefur þegar verið veitt. Er hér um að ræða þýðingarmikið atvinnu- og efnahagsmál fyrir Ísafjörð og önnur útgerðarbyggðarlög á Vestfjörðum.

Þess má að lokum geta, að samkvæmt ýtarlegri athugun, sem fram hefur farið, eru ákjósanleg skilyrði fyrir slíkt mannvirki á Ísafirði. Ríkir mikill áhugi meðal almennings í bænum, einkum þó iðnaðarmanna, fyrir þessari framkvæmd.

Ed. 32. Frumvarp til laga [32. mál]

um breyting á lögum nr. 116 29. des. 1951, um breyting á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Flm.: Bernharð Stefánsson.

1. gr.

Á eftir 31. tölul. (Ólafsfjarðarvegur) í staflið C í 1. gr. laganna komi nýr liður: *Múlavegur* frá Ólafsfjarðarkaupstað um Ólafsfjarðarmúla til Dalvíkur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er kunnugt af fréttum í blöðum og útvarpi, að fyrir framtak einstakra manna í Ólafsfjarðarkaupstað er þegar hafizt handa um að leggja veg fyrir Ólafsfjarðarmúla. Er sú vegalagning mikið áhugamál, ekki einasta bæjarbúa í Ólafsfirði, heldur og nærliggjandi sveita og kaupstaða. Hafa og ýmsir þeir aðilar heitið fjárstuðningi til verksins, þar á meðal hefur ríkissjóður lagt fram nokkurt fé (af viðhaldsfé?). Vegarstæðið hefur verið athugað af verkfræðingi, og eru ekki talin nein sérstök vandkvæði á því að leggja þarna veg, enda hafa ýmsir vegir verið lagðir hér á landi, sem meiri vandkvæðum hefur verið bundið. Þessi vegur mundi tengja Ólafsfjörð við veginn til Akureyrar og auk þess vera snjólaus eða snjólítill allt árið, í stað þess að Lágheiðarvegur, sem er eini vegurinn, er tengir Ólafsfjörð við vegakerfi landsins, er mjög oft ófær að vetrinum vegna snjóa, enda er sú leið til Akureyrar mjög miklu lengri.

Ólafsfirðingar hafa frá öndverðu haft mikil viðskipti við Akureyri og Eyjafjarðarsýslu. Má því öllum ljóst vera, þvílíkt hagræði það væri að fá þann veg, sem hér er lagt til að taka í þjóðvegatölu, enda er það ekki einasta mikið áhugamál Ólafsfirðinga, heldur og einnig nærliggjandi sveita og kaupstaða, svo sem Siglufjarðar, Dalvíkur og Akureyrar, svo sem sést á undirtektum þeim, sem þetta mál hefur fengið.

Nd. 33. Frumvarp til laga [33. mál]

um Landsspítala Íslands.

Flm.: Hannibal Valdimarsson.

1. gr.

Auk Landsspítalans í Reykjavík skal ríkið reka fjórðungsdeildir Landsspítalans í öllum landsfjórðungum.

Skal ein fjórðungsdeildin vera á Vestfjörðum, önnur á Norðurlandi, sú þriðja á Austfjörðum og hin fjórða á Suðurlandsundirlendinu.

2. gr.

Fjórðungsdeildirnar skulu vera búnar fullkomnustu tækjum og vera undir stjórn vel menntaðra sérfræðinga í skurðlækningum.

3. gr.

Nú er starfandi sjúkrahús í einhverjum landsfjórðungi þannig sett, að það þyki vel fallið til að verða fjórðungsdeild Landsspítala, og skal þá ríkið semja um yfirtöku þess við eiganda sjúkrahússins. Takist samningar ekki, er ríkinu heimilt að taka það eignarnámi.

4. gr.

Heimilt er stjórn ríkisspítalanna að fela Tryggingastofnun ríkisins að sjá um hagkvæman rekstur fjórðungsdeildar, ef heilbrigðismálaráðherra óskar þess.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1954.

Greinargerð.

Það ber að tryggja, að í hverjum landsfjórðungi sé að minnsta kosti eitt stórt og vandað sjúkrahús, vel búið að tækjum og undir stjórn hinna færustu sérfræðinga.

Hér er lagt til, einmitt með það í huga, að framanrituðu markmiði verði sem bezt náð, að aðalsjúkrahús hvers landsfjórðungs verði deild úr Landsspítala Íslands, er sé rekin af ríkinu eins og aðalspítalinn í Reykjavík.

Sjúkrahúsin í stærri kaupstöðum landsins utan Reykjavíkur eru eign viðkomandi kaupstaða og rekin af þeim. Nokkur þeirra eru svo stór, að þau taka við sjúklingum langt út yfir lögsagnarumdæmi heimahéraðsins. Nú er þessum bæjarfélögum ekki heimilað að ákveða sjúkradaggjöldin eftir tilkostnaði við rekstur sjúkrahúsanna, og verða því að taka á sig mörg hundruð þúsund króna halla vegna utanbæjarsjúklinga. Með þessu mælir engin sanngirni — sízt af öllu þegar ríkið rekur sjálft Landsspítalann í Reykjavík. Með því tekur ríkið ekki aðeins á sig að bera hallann af utanbæjarsjúklingum Landsspítalans, heldur einnig af innanbæjarsjúklingum.

Þetta misrétti vilja sumir jafna með sérstökum styrkjum til þeirra bæjarfélaga, sem reka stór sjúkrahús og bera þannig kostnað af heilbrigðisþjónustu fyrir aðra en eigin gjaldendur. En sú leið verður aldrei nema kák og leysir ekki málið á neinn viðhlítandi hátt.

Reykjavík hefur sinn Landsspítala, Vestfirðingar eiga að fá sína fjórðungsdeild Landsspítalans, og með sama hætti eiga Norðlendingar, Austfirðingar og Sunnlendingar að fá fjórðungsdeild Landsspítalans hver hjá sér, þar sem bezt liggur við með tilliti til samgangna og fjölbýlis.

Full hætta er á, að bæjarsjúkrahús, sem rekin eru til lengdar með stórfelldum halla, fái ekki fullnægjandi viðhald og verði ekki eins vel búin að tækjum og starfsliði og æskilegt er. Með deildaskiptum Landsspítala gerir ríkið fólkinu í öllum landshlutum jafnhátt undir höfði um fjárhagslega aðstoð til sem öruggastrar heilbrigðisþjónustu. Og jafnframt mætti ætla, að með þeirri leið verði bezt séð fyrir því meginatriði málsins, að til sé vel útbúið og fullkomið sjúkrahús í hverjum landsfjórðungi.

Nd. 34. Frumvarp til laga [34. mál]

um Stofnlánadeild landbúnaðarins.

Flm.: Jón Pálmason, Jón Sigurðsson.

1. gr.

Stofna skal sérstaka lánadeild við Búnaðarbanka Íslands, og heitir hún Stofnlánadeild landbúnaðarins.

2. gr.

Tilgangur stofnlánadeildar er að gera efnalitlum mönnum fært að hefja búskap í sveitum landsins.

3. gr.

Stofnlánadeild lánar eingöngu frumbýlingum til jarðakaupa, búpeningskaupa og verkfærakaupa. Lánin skulu tryggð með veði í hinni keyptu eign og heimilast að lána hæst út á jörð 50% kaupverðs og út á búpening og verkfæri ⅔ skattmats. Vextir af lánunum séu 4% árlega. Afborgunarfrestur sé 40 ár á jarðakaupalánum, en 10 ár á lánum til bústofns- og búvélakaupa.

4. gr.

Ríkissjóður skal í upphafi leggja stofnlánadeild 5 milljónir króna sem lánsfé, er afborgist án vaxta á 10 árum.

5. gr.

Auk þess fjár, sem um getur í 4. gr., skal stofnlánadeildin afla sér rekstrarfjár og útlánafjár með því að taka á móti sparisjóðsinnlögum með þeim kjörum, er hér segir:

Vextir skulu vera 3½%. Tryggingar eru hinar sömu og í öðrum deildum Búnaðarbankans. Sparifé þetta skal vera skattfrjálst, svo og vextir af því sem tekjur, ef þeir eru lagðir við höfuðstólinn, enda sé spariféð óuppsegjanlegt nema með minnst 6 mánaða fyrirvara. Skylt er sparifjáreigendum að gera grein fyrir eign sinni í stofnlánadeildinni, þegar þeir telja fram til skatts, þótt sú eign reiknist ekki með við skattaútreikning.

6. gr.

Stjórn Búnaðarbankans annast stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins á sama hátt sem annarra deilda bankans.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi og koma til framkvæmda 1. jan. 1954.

Greinargerð.

Frumvarp um þetta efni fluttu sömu menn á síðasta þingi, og einnig var það flutt á næstsíðasta þingi af fyrra flutningsmanni. Í hvorugt skiptið náði það fullnaðarafgreiðslu og er því flutt enn á ný í von um það, að Alþingi afgreiði nú málið, sem er þýðingarmikið nauðsynjamál eins og nú er komið.

Úr greinargerð fyrir frumvarpinu frá síðasta þingi þykir flutningsmönnum ástæða til að endurtaka eftirfarandi:

„Fyrr á tímum gátu ungir menn stofnað til búskapar með mjög lítið fé, ef þeir aðeins fengu jörð eða jarðarhluta til leigu. Fátækir menn ólu aldur sinni víða um land á afdala- og heiðajörðum, og margir þeirra björguðust ótrúlega vel. Þessir tímar eru löngu liðnir. Afdala- og heiðajarðirnar eru flestar komnar í eyði fyrir löngu. Fólkið hefur farið í kaupstaðina. Í sveitunum að öðru leyti hefur fólkinu fækkað mjög, og liggja til þess ýmsar orsakir. Nú á tímum er aftur að verða vaxandi áhugi meðal ungra manna á því að hefja búskap. Aðsókn að nýbýlaaðstoð er mjög mikil og eftirspurn eftir byggðum jörðum hefur aukizt stórkostlega. En nú er af sem áður var. Nú er ekki hægt að byrja búskap með litlu stofnfé. Gildi peninganna er orðið lítið. Jarðir, búpeningur og verkfæri hefur allt margfaldazt í verði á fáum árum. Án verulegs lánsfjár er ekki unnt fátækum mönnum að byrja búskap, en þetta lánsfé er hvergi fáanlegt eins og nú er.

Þess vegna er þetta frumvarp flutt. Þörfin fyrir framgang þess er ákaflega brýn og aðkallandi. Að því gæti orðið þýðingarmeiri og farsælli atvinnubót en atvinnubótavinnu bæjanna og öðru því, er nú um skeið hefur verið stofnað til í óvissu. Segja má, að óvíst sé, að stofnlánadeildin fái fjármagn til að gegna sínu hlutverki, og ef það tekst ekki, þá verður árangurinn lítill. En okkur þykir rétt, að gerð sé raunhæf tilraun með það, hver áhrif skattar og útsvör hafa á sparifjársöfnun í landinu. Reynslan ætti að skera úr um það á fáum árum, hvort þessi tilraun heppnast vel eða ekki.“

Nd. 35. Frumvarp til laga [35. mál]

um breyting á lögum nr. 53 11. júní 1938, um mat á matjessíld og skozkverkaðri síld.

(Lagt fyrir Alþingi á 73. löggjafarþingi, 1953.)

1. gr.

Í stað kr. 0.25 í 3. gr. laganna komi: 1.00 — einni krónu.

2. gr.

Aftan við 5. gr. laganna komi nýr málsliður svo hljóðandi: Um kostnað við frjálst mat á síld fer samkvæmt 3. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samhljóða bráðabirgðalögum, sem út voru gefin 20. júlí 1953, og lagt fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar. Um frumvarpið vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 53 11. júní 1938, um mat á matjessíld og skozkverkaðri síld.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Atvinnumálaráðherra hefur tjáð mér, að í lögum nr. 53 frá 1938, um mat á matjessíld og skozkverkaðri síld, sé matsgjald af hverri útflutningsmetinni tunnu ákveðið kr. 0.25. Vegna þeirra verðhækkana, sem orðið hafi síðan lögin voru sett, beri nauðsyn til að hækka þetta gjald, ef það eigi að nægja til að standa straum af kostnaði við matið, eins og til var ætlazt. Þá verði og að telja eðlilegt, að sama gjald verði tekið af þeirri síld, sem metin er með frjálsu mati.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Í stað kr. 0.25 í 3. gr. laganna komi: 1.00 — einni krónu.

2. gr.

Aftan við 5. gr. laganna komi nýr málsliður svo hljóðandi: Um kostnað við frjálst mat á síld fer samkvæmt 3. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. júlí 1953.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

Nd. 36. Breytingartillögur [15. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl.

Frá Skúla Guðmundssyni.

1. Við 1. gr. Í stað „sjúkrahúsa bæjar- og sveitarfélaga“ í fyrri efnismálsgr. greinarinnar komi: sjúkrahúsa sýslu-, bæjar- og sveitarfélaga.
2. Við 2. gr. Í stað „sjúkrahúsa bæjar- og sveitarfélaga“ í fyrri málsgr. komi: sjúkrahúsa sýslu-, bæjar- og sveitarfélaga.

Nd. 37. Frumvarp til laga [36. mál]

um breyting á lögum nr. 34 1943, um fiskveiðasjóð Íslands.

Flm.: Magnús Jónsson, Jónas Rafnar, Einar Ingimundarson, Sigurður Bjarnason.

1. gr.

Aftan við 4. gr. laganna komi nýr stafliður:

e. Til verbúða og útgerðarhúsa (sjóhúsa).

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt núgildandi lögum um fiskveiðasjóð Íslands er sjóðnum ekki heimilt að lána fé til byggingar verbúða eða útgerðarhúsa, nema þeirra húsa, þar sem jafnframt fer fram einhver fiskiðja. Hefur þetta valdið miklum erfiðleikum á mörgum útgerðarstöðvum, þar sem vélbátaeigendur skortir tilfinnanlega viðunandi húsnæði í landi til fisksöltunar, fiskgeymslu, geymslu veiðarfæra og til ýmissa annarra nota í sambandi við útgerð báta sinna. Munu margir hafa leitað á náðir fiskveiðasjóðs, en þar sem lögin heimiluðu ekki lánveitingar til þessara framkvæmda, hefur ekki reynzt auðið að veita mönnum úrlausn þar. Er þá ekki annað að leita en til bankanna, sem oft hafa reynzt harla tregir til að leysa á viðunandi hátt úr þessum erfiðleikum.

Sumum kann að virðast bera í bakkafullan lækinn að gera tillögur um auknar byrðar á fiskveiðasjóð, sem er þess alls ekki megnugur að veita lán í samræmi við þau ákvæði, sem nú gilda um starfsemi sjóðsins.

Á síðasta þingi kom fram tillaga um að fella niður undanþágu þá um greiðslu fiskveiðasjóðsgjalds af saltfiski, sem gilt hefur um nokkur ár. Frumvarpi þessu, sem borið var fram af meiri hluta sjávarútvegsnefndar neðri deildar, var vísað frá með rökstuddri dagskrá þess efnis, að saltfiskframleiðslan gæti ekki staðið undir gjaldinu. Jafnframt var þó viðurkennd hin mikla fjárþörf fiskveiðasjóðs og því beint til ríkisstjórnarinnar að gera einhverjar ráðstafnir til að afla sjóðnum nauðsynlegs starfsfjár.

Þar sem flutningsmenn þessa frumvarps telja því líklegt, að ríkisstjórnin leiti úrræða til þess að bæta úr brýnni fjárþörf sjóðsins, eru ekki neinar tillögur gerðar um það efni. Hins vegar teljum við eðlilegt, að það sé í verkahring fiskveiðasjóðs Íslands að lána til útgerðarhúsa og verbúða eigi síður en t. d. til olíugeyma og dráttarbrauta.

Sþ. 38. Breytingartillögur [31. mál]

við till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán til byggingar dráttarbrautar á Ísafirði.

Frá Jónasi Rafnar.

1. Aftan við tillgr. bætist: og allt að 5 millj. kr. lán til stækkunar dráttarbrautar Akureyrarkaupstaðar.
2. Aftan við fyrirsögn bætist: og Akureyri.

Sþ. 39. Tillaga til þingsályktunar [37. mál]

um smíði fiskibáta innanlands.

Flm.: Gils Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni:

1. að láta á næstu tveimur árum smíða innanlands 200 litla fiskibáta (trillur) af hentugum stærðum og gerðum;
2. að láta á næstu tveimur árum smíða innanlands 20 fiskibáta, 30—60 tonn brúttó.

Sjómönnum og útvegsmönnum verði gert kleift að eignast báta þessa með hagkvæmum greiðsluskilmálum og vaxtakjörum.

Jafnframt felur Alþingi ríkisstjórninni að afla sér lagaheimildar, sem hún telur þurfa til lántöku vegna bátasmíða þessara og til veitingar stofnlána út á bátana.

Greinargerð.

Með stækkun fiskveiðalandhelginnar vorið 1952 voru gerðar ráðstafanir, sem ætla má að leiði til þess, að fiskgengd vaxi næstu árin á grunnmiðum hér við land. Hin gegndarlausa rányrkja miðanna samfara stóraukinni veiðitækni hafði gengið svo á fiskstofninn, að mörg beztu mið hér við land voru uppurin og ördeyða fram undan, ef ekkert hefði verið að gert. Aflabresturinn á grunnmiðum hafði bitnað mjög hart á bátaútvegi landsmanna og haft geigvænlegar afleiðingar fyrir mörg sjávarþorp og jafnvel heila landshluta. Hins vegar er það alkunna, að fiskibátar, sem róa á grunnmið og koma daglega með veiði sína að landi, afla hins bezta og verðmætasta fisks, sem völ er á, og er auðvelt að framleiða úr bátafiski hina ágætustu vöru. Jafnframt er þess að geta, að fiskibátar veita landverkafólki góða atvinnu og hafa orðið helzta lyftistöng margra sjávarþorpa. Hefur útgerð þeirra, þegar afli brást ekki, reynzt bæði farsæl og hagkvæm frá sjónarmiði þjóðarheildarinnar, þar eð stofn- og rekstrarkostnaður er hverfandi lítill, miðað við eftirtekjuna.

Stækkun fiskveiðilandhelginnar og augljós aukning fiskgengdar á bátamiðum leggur grundvöll til stóraukinnar smábátaútgerðar. Hefur þess og orðið greinilega vart, að margir dugandi menn hafa nú hug á því að koma sér upp smábátaútgerð. Reynist það þó örðugt félitlum mönnum, eigi sízt vegna þess, að þeir eiga mjög torvelt með að fá hagkvæm lán út á bátana. Smábátafloti landsmanna hefur gengið mjög úr sér undanfarin aflaleysisár. Er því augljós og mjög alvarleg slysahætta í því fólgin, ef gerðir verða út í vaxandi mæli gamlir og lélegir bátar, svo sem dæmi eru til og allar horfur eru á að færist mjög í vöxt, ef ekki verður gripið til sérstakra ráðstafana af hálfu hins opinbera til að auðvelda mönnum að eignast nýja og góða báta.

Samkvæmt lauslegri athugun, sem gerð hefur verið, mun láta nærri, að góður 5—6 tonna opinn vélbátur kosti sjófær um 60 þús. kr. Mætti því smíða 200 slíka

báta fyrir 12 milljónir króna, en það er litlu hærri upphæð en einn togari mundi kosta, ef hann væri smíðaður nú.

Ekki mun fjarri lagi að gera ráð fyrir því, að 200 bátar af þeirri stærð, sem hér um ræðir, gætu veitt um 800 manns atvinnu. Erfitt er að gizka á, hversu miklum verðmætum slíkur bátafloti mundi skila þjóðarbúinu árlega, en óhætt mun að gera ráð fyrir, að í sæmilegu aflaári verði það allmiklu hærri upphæð en öllum stofnkostnaði nemur. Við þetta bætist enn sú atvinna, sem myndaðist við smíði þessara báta í landinu, en sjálfsagt er, að innlendar skipasmíðastöðvar, sem flestar hafa takmörkuð verkefni, verði látnar annast smíðarnar.

Æskilegt er og eðlilegt, að þeir menn, sem vinna við bátana, eigi þá sjálfir, en til þess verður ríkið að hlaupa undir bagga og útvega 5—10 ára stofnlán til þessara framkvæmda.

Síðari liður þingsályktunartillögu þessarar fjallar um það, að gerðar verði ráðstafanir til smíði 20 allstórra vélbáta innanlands á næstu tveimur árum. Það er alkunna, að mjög hefur dregið úr íslenzkri bátasmíði nú um hríð, og verður það að teljast mjög illa farið. Eigi bátafloti landsmanna ekki að rýrna til muna, er nauðsynlegt, að við hann bætist árlega allmargt nýrra skipa. Reynslan hefur sýnt, að gamlir bátar, keyptir frá útlöndum, gefast yfirleitt illa. Erlendir bátar, þótt nýir væru, hafa einnig reynzt síðri en íslenzkir bátar. Íslendingar gera meiri kröfur um styrkleika og gæði fiskibáta en flestar þjóðir aðrar, enda er hér oft illum veðrum að mæta, einkum á vetrarvertíð. Íslenzkar skipasmíðastöðvar hafa sýnt, að þær geta smíðað mjög góða báta, sem reynast vel í vetrarveðrum hér við land. Styrkleiki báta frá íslenzkum skipasmíðastöðvum hefur og þann mikla kost, að viðhald bátanna er miklu ódýrara en báta, sem keyptir hafa verið frá útlöndum. Aftur á móti hafa íslenzkar bátar orðið nokkru dýrari en erlendir, og valda því einkum há aðflutningsgjöld á efni til bátanna, vélum í þá og öðrum tækjum. Sé tekið tillit til hins hlutfallslega lága viðhaldskostnaðar íslenzku bátanna, mun reyndin þó hafa orðið sú, að þeir hafa raunverulega orðið ódýrari en erlendir bátar.

Nýsmíðar fiskibáta eru mikilvægt hagsmunamál fyrir hinn myndarlega skipasmíðaiðnað Íslendinga. Rekstur góðra skipasmíðastöðva er bráðnauðsynlegur viðhaldi bátaflotans. Viðgerðum báta er þannig háttað, að þær eru miklar á vissum tímum árs, en á öðrum árstímum þurfa skipasmíðastöðvarnar að geta unnið að nýsmíðum, ef rekstur þeirra á að geta verið nokkurn veginn í lagi, svo sem útvegi landsmanna er nauðsynlegt. Ber því allt að sama brunni. Innlendar bátasmíðar eru þjóðhagsleg nauðsyn.

Nd. 40. Frumvarp til laga [38. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd Norðurlandasamning um gagnkvæmi varðandi greiðslur vegna skertrar starfshæfni.

(Lagt fyrir Alþingi á 73. löggjafarþingi, 1953.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd samning þann milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um gagnkvæmi varðandi greiðslur vegna skertrar starfshæfni, sem undirritaður var á félagsmálaráðherrafundi Norðurlanda í Reykjavík 20. júlí 1953 og prentaður er sem fylgiskjal með lögum þessum.

2. gr.

Þegar samningur sá, er um ræðir í 1. gr., hefur verið staðfestur, skulu ákvæði hans hafa lagagildi hér á landi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal.

Milliríkjasamningur milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um gagnkvæmi varðandi greiðslur vegna skertrar starfshæfni.

Forseti lýðveldisins Íslands, Hans Hátign konungur Danmerkur, forseti lýðveldisins Finnlands, Hans Hátign konungur Noregs og Hans Hátign konungur Svíþjóðar, sem hafa komið sér saman um að gera með sér milliríkjasamning um gagnkvæmi varðandi greiðslur vegna skertrar starfshæfni, hafa útnefnt sem umboðsmenn sína:

Forseti lýðveldisins Íslands:
Forsætis- og félagsmálaráðherra, Steingrím Steinþórsson,
Hans Hátign konungur Danmerkur:
Vinnu- og félagsmálaráðherra, Poul Sörensen,
Forseti lýðveldisins Finnlands:
Félagsmálaráðherra, Vieno Simonen,
Hans Hátign konungur Noregs:
Félagsmálaráðherra, Aaslaug Aasland,
Hans Hátign konungur Svíþjóðar:
Félagsmálaráðherra, G. E. Sträng,

sem, að fengnum nauðsynlegum umboðum, hafa orðið ásáttir um eftirfarandi:

1. gr.

Samningsríkin skuldbinda sig til þess að láta ríkisborgurum annars samningsríkis í té greiðslur vegna skertrar starfshæfni í samræmi við ákvæði þessa samnings.

Kona, sem ekki er sjálf ríkisborgari í samningsríki, en er eða var síðast gift ríkisborgara hlutaðeigandi ríkis, nýtur sama réttar og ríkisborgari þess ríkis.

Enn fremur nýtur sá, sem áður hefur átt ríkisfang í samningsríki og hefur ekki öðlazt ríkisfang í öðru ríki, sama réttar og ríkisborgarar þess ríkis.

2. gr.

Greiðslur vegna skertrar starfshæfni taka samkvæmt samningi þessum til örorkulífeyris, gervilima, svo og ráðstafana varðandi lækningu, þjálfun og vinnu.

3. gr.

Um skilyrðin fyrir rétti til greiðslna, sem samningurinn tekur til, svo og um upphæð greiðslnanna og útreikning, fer eftir reglum dvalarlandsins.

Til þess að öðlast rétt til örorkulífeyris í dvalarlandinu verður hlutaðeigandi þó annaðhvort að hafa dvalið þar samfleytt í a. m. k. 5 árin næstu áður en krafa um hann er borin fram, eða hafa dvalið þar a. m. k. síðasta árið áður en krafan er borin fram og hafa á þessum tíma verið a. m. k. eitt ár líkamlega og andlega fær um að inna af höndum venjuleg störf. Til þess að öðlast rétt til annarra greiðslna samkvæmt þessum samningi, þ. e. gervilima og ráðstafana varðandi lækningar, þjálfun og vinnu, verður hlutaðeigandi að hafa eignazt fast heimili í dvalarlandinu. Fjarvera frá dvalarlandinu um stundarsakir skiptir ekki máli.

4. gr.

Dvalarlandið skal standa straum af kostnaði við greiðslur samkvæmt samningi þessum.

5. gr.

Ef löggjöf samningsríkis hefur að geyma reglur um það, að örorkulífeyrisþegi skuli, er hann nær ákveðnum aldri, fá ellilífeyri í stað örorkulífeyris, skulu örorkulífeyrisþegar, sem eru ríkisborgarar annarra samningsríkja, hefja töku ellilífeyris eftir sömu reglum og ríkisborgarar dvalarlandsins.

6. gr.

Samningur þessi skerðir ekki rétt samningsríkjanna til þess að setja almennar reglur um rétt erlendra manna til dvalar í hlutaðeigandi landi. Slíkar reglur mega þó ekki opna leið til þess að sniðganga samning þenna.

7. gr.

Samning þenna skal fullgilda og fullgildingarskjölunum skal, svo fljótt sem unnt er, komið til varðveizlu í íslenzka utanríkisráðuneytinu.

Samningurinn gengur í gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru tveir heilir almanaksmánuðir frá afhendingu fullgildingarskjalanna.

8. gr.

Vilji eitthvert samningsríkjanna segja samningnum upp, skal skrifleg tilkynning um það send íslenzku ríkisstjórninni, en hún skal þegar skýra hinum samningsríkjunum frá því og hvaða dag tilkynningin barst henni í hendur.

Uppsögnin gildir aðeins fyrir það land, sem hana hefur tilkynnt, og gildir hún frá 1. janúar að liðnum a. m. k. sex mánuðum frá því er íslenzka ríkisstjórnin tók við tilkynningu um uppsögnina.

Samninginn skal varðveita í skjalasafni íslenzka utanríkisráðuneytisins, og skal það láta ríkisstjórnum allra samningsríkjanna í té staðfest afrit af honum.

Þessu til staðfestu hafa umboðsmenn hvers ríkis fyrir sig undirritað samning þenna.

Gert í Reykjavík í einu eintaki á íslenzku, dönsku, finnsku, norsku og sænsku, en að því er sænskuna snertir í tveim textum, öðrum fyrir Finnland, en hinum fyrir Svíþjóð, hinn 20. júlí 1953.

Steingrímur Steinþórsson.
Aaslaug Aasland.
G. E. Sträng.
Poul Sörensen.
Vieno Simonen.

Lokabókun.

Í sambandi við undirritun í dag á samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um gagnkvæmi varðandi greiðslur vegna skertrar starfshæfni hafa umboðsmenn samningsríkjanna lýst yfir því, sem hér fer á eftir:

Það hefur verið tilætlun samningsríkjanna að veita ríkisborgurum hinna ríkjanna rétt til greiðslna vegna skertrar starfshæfni eftir þeim reglum, sem gilda í dvalarlandinu.

Þegar um er að ræða greiðslur samkvæmt heimild í lögum, hvort sem þær eru fólgnar í örorkulífeyri, gervilimum eða ráðstöfunum varðandi lækningu, þjálfun eða starf, skulu þær vera hinar sömu til þeirra, sem samningurinn tekur til, og ríkisborgara landsins. Að því er tekur til viðbótargreiðslna, sem háðar eru ákvörðunum einstakra sveitarfélaga, skal hvert ríki leitast við að tryggja þeim, sem samningurinn tekur til, einnig slíkar greiðslur.

Að því er tekur til Danmerkur skal það fram tekið, að skilyrði fyrir örorkulífeyri, einnig að því er snertir ríkisborgara hinna samningsríkjanna, er það, að hlutaðeigandi sé meðlimur dönsku örorkutryggingannna, en skyldan til þess að leita upptöku í tryggingarnar, sem lögð er á danska ríkisborgara, tekur ekki til ríkisborgara hinna samningsríkjanna.

Til skýringar á því, hversu víðtækur samningur þessi er, hafa hin einstöku ríki lýst yfir því, að samkvæmt núgildandi löggjöf falli eftirtaldar greiðslur undir samninginn:

Á Íslandi:

1. Greiðslur samkvæmt almannatryggingalögunum, nr. 50/1946, og viðaukalögum, nr. 38/1953:
   a. Örorkulífeyrir samkvæmt 18. og 19. gr. almannatryggingalaganna, sbr. 5. gr. viðaukalaganna.
   b. Barnalífeyrir samkvæmt 20. og 22. gr. almannatryggingalaganna, sbr. 5. gr. viðaukalaganna.
   c. Örorkustyrkur samkvæmt 3. bráðabirgðaákvæði almannatryggingalaganna.
   d. Makabætur samkvæmt 38. gr. almannatryggingalaganna, sbr. 5. gr. viðaukalaganna.
   e. Ellilífeyrishækkun samkvæmt 17. gr. almannatryggingalaganna.
   f. Sjúkrasamlagsiðgjöld samkvæmt 6. tölulið 23. gr. viðaukalaganna.
2. Greiðslur samkvæmt lögum nr. 78/1936, 1. gr. 3. mgr. og 6. gr. 4. mgr., sbr. 8. gr. (gervilimir).

Í Danmörku:

1. Örorkulífeyrir ásamt viðaukum samkvæmt almannatryggingalögunum.
2. Aðstoð og hjúkrun samkvæmt 62. gr. almannatryggingalaganna.
3. Ráðstafanir samkvæmt 60. gr. almannatryggingalaganna.
4. Aðstoð til langvarandi sjúklinga samkvæmt 247. og 248. gr. framfærslulaganna.

Í Finnlandi:

1. Lífeyrir vegna vanhæfis til vinnu, sem reglur eru um í lögum um veitingu lífeyris frá 31. maí 1937, svo og sjúkrahjálp sú, sem ræðir um í 51 gr. nefndra laga, og yrkisnám og veiting vinnutækja og annarra hjálpartækja.
2. Öryrkjaumönnun samkvæmt lögum um umönnun öryrkja frá 30. desember 1946.
3. Örorkustyrkir samkvæmt lögum um örorkustyrki frá 14. júní 1951.

Í Noregi:

1. Greiðslur samkvæmt lögum frá 19. júní 1936, um öryrkja.
2. Aðstoð til blindra og öryrkja samkvæmt bráðabirgðalögum frá 16. júlí 1936, um aðstoð við blinda og öryrkja.
3. Yrkisnám og kennsla nýs starfs fyrir þá, sem eru vinnufærir að nokkru, í þeim sérstofnunum, sem að öllu eða nokkru leyti eru starfræktar á ríkisins kostnað.

Í Svíþjóð:

1. Örorkulífeyrir og sjúkrastyrkur samkvæmt lögum frá 29. júní 1946, um lífeyrisgreiðslur, ásamt vísitöluuppbót, makabótum, húsnæðisuppbót og blindrauppbót á slíkar greiðslur.
2. Sérstakar barnauppbætur fyrir börn örorkulífeyrisþega og þeirra, sem rétt eiga á sjúkrastyrkjum samkvæmt lögum frá 26. júlí 1947, um sérstakar barnauppbætur til barna ekkna og öryrkja o. fl.
3. Ráðstafanir framkvæmdar eða styrktar af ríkinu til þess að koma í veg fyrir örorku, svo og starfs- og öryrkjaumönnun, sem framkvæmd er eða styrkt af ríkinu, þar með talin umönnun daufdumbra og blindra.

Hafi dvöl — að undanskilinni fjarvist um stundarsakir — staðið í fimm ár eða lengur, ber að skilja fjarvist um stundarsakir samkvæmt 3. gr. samningsins sem fjarvist, er ekki standi lengur en fjóra mánuði. Hafi dvölin — að undanskilinni fjarvist um stundarsakir — staðið skemur en 5 ár, ber að skilja fjarvist um stundarsakir samkvæmt 3. gr. samningsins sem fjarvist, er ekki standi lengur en 1 mánuð. Í báðum tilvikunum má þó líta á fjarvist í lengri tíma sem hún sé um stundarsakir, þegar sérstakar ástæður mæla með því, þannig má taka tillit til þess, hve lengi hlutaðeigandi hefur dvalið í dvalarlandinu samanlagt og ástæðurnar fyrir fjarvistinni.

Þessi lokabókun gengur í gildi samtímis ofannefndum samningi og skal hafa sömu verkanir og ná til sama tíma og hann.

Þessu til staðfestu hafa umboðsmenn allra samningsríkjanna undirritað lokabókun þessa.

Steingrímur Steinþórsson.
Aaslaug Aasland.
G. E. Sträng.
Poul Sörensen.
Vieno Simonen.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á fundi félagsmálaráðherra Norðurlandanna fimm, sem haldinn var í Reykjavík dagana 16.—20. júlí 1953, voru undirritaðir þrír milliríkjasamningar um gagnkvæm réttindi borgara þessara ríkja. Samningar þessir eru:

1. Milliríkjasamningur um flutning milli sjúkrasamlaga og um sjúkrahjálp vegna dvalar um stundarsakir.
2. Milliríkjasamningur um gagnkvæma veitingu mæðrahjálpar.
3. Milliríkjasamningur um gagnkvæmi varðandi greiðslur vegna skertrar starfshæfni.

Samningar þessir taka til Norðurlandanna fimm, nema sá fyrst nefndi, sem Finnland á ekki aðild að.

Eins og sjá má á heiti samninganna fjalla þeir um málefni, sem eru innan sviðs almannatryggingalaganna, en í þeim lögum er sérstök heimild til þess að semja um gagnkvæm hlunnindi íslenzkra og erlendra þegna og var sams konar heimild í alþýðutryggingalögunum frá 1937.

Tveir hinna umræddu milliríkjasamninga eru algjörlega innan marka almannatryggingalaganna og alþýðutryggingalaganna, og er því ekki þörf sérstakrar lagasetningar í sambandi við þá. Hins vegar gegnir öðru máli um þriðja samninginn, þ. e. milliríkjasamninginn um gagnkvæmi varðandi greiðslur vegna skertrar starfshæfni.

Til samræmis við þau hlunnindi, sem sá samningur veitir íslenzkum þegnum, er þeir dvelja í hinum Norðurlöndunum, var talið rétt og nauðsynlegt, að hér á landi væri hann látinn taka til hlunninda, sem veitt eru samkv. lögum nr. 78/1936, um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla, sbr. lokabókun með samningnum.

Vegna þessa ber nauðsyn til þess að veita umræddum samningi lagagildi, og því er lagafrumvarp þetta borið fram nú.

Sþ. 41. Fyrirspurn [39. mál]

til fjármálaráðherra um innheimtu og greiðslu stóreignaskatts.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

1. Hvers vegna er ekki lokið endanlegri álagningu stóreignaskatts þess, sem innheimta skal samkvæmt lögum nr. 22 1950 og síðari breytingum á þeim lögum?
2. Hversu hárri fjárhæð nemur skattur sá, sem þegar hefur verið á lagður?
3. Hversu mikið hefur verið innheimt?
4. Hversu mikið hefur verið greitt með fasteignum?
5. Hversu mikið fé hefur ríkissjóður fengið fyrir þær fasteignir?
6. Hafa einhverjum þeirra fylgt kvaðir, og hafa þær þá komið til frádráttar matsverði?
7. Hefur ríkissjóður haft kostnað af einhverjum slíkum eignum, og þá hversu mikinn?

Nd. **42. Frumvarp til laga** [40. mál]

um breyting á lögum nr. 115 7. nóv. 1941, um Búnaðarbanka Íslands.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson, Halldór Ásgrímsson, Ásgeir Bjarnason, Páll Þorsteinsson.

1. gr.

Á eftir 13. gr. laganna koma tvær nýjar greinar:

a. (14. gr.) Fé opinberra stofnana og sjóða, þar á meðal Tryggingastofnunar ríkisins, sjóðs Brunabótafélags Íslands, Söfnunarsjóðs Íslands og annarra sjóða, er standa undir vörzlu ríkisins, svo og fé ómyndugra manna skal að nokkrum hluta verja til að kaupa bankavaxtabréf veðdeildar Búnaðarbankans, og ákveður ríkisstjórnin árlega upphæðina, eftir að hún hefur kynnt sér reikingsskil hlutaðeigandi sjóða.

Ríkisstjórnin gerir sérstakan samning við stjórn Landsbanka Íslands um kaup á verðbréfum veðdeildarinnar, er nemi allt að 10 milljónum króna á næstu 5 árum.

b. (15. gr.) Auk þess fjár, sem talið er í 13. gr., skal ríkissjóður leggja til deildarinnar óafturkræft framlag, 4 milljónir króna árið 1954 og 2 milljónir króna árlega næstu 10 ár, í fyrsta sinn 1955. Fé þetta bætist við stofnfé deildarinnar, en skal þó haldið aðgreindu frá núverandi stofnfé hennar. Viðbót þessi við stofnfé deildarinnar skal nefnast frumbýlafé.

2. gr.

Aftan við 15. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Ákvæðin í 1. og 2. málsgr. þessarar greinar skulu gilda um greiðslu tekjuafgangs vegna frumbýlafjár í viðbótarvarasjóð og greiðslur á tapi úr honum.

3. gr.

Aftan við 19. gr. laganna bætast tveir töluliðir, svo hljóðandi:

a. Að veita efnalitlum mönnum, þegar þeir byrja búskap, lán af frumbýlafé til að koma upp bústofni og til að kaupa verkfæri og vélar til búrekstrar, svo sem heyvinnuvélar og jarðyrkjuvélar.

b. Að veita sams konar lán bændum, sem af völdum náttúrunnar, svo sem snjóflóði, vatnsflóði, skriðuföllum eða jarðskálfta, eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum, verða fyrir svo miklum bústofnsmissi eða tjóni á verkfærum eða vélum, að það stofnar fjárhagslegri afkomu þeirra í hættu.

4. gr.

Aftan við 21. gr. laganna bætast fimm nýjar málsgr., svo hljóðandi:

Lán af frumbýlafé skulu veitt gegn 1. veðrétti í búfé eða vélum, öðru hvoru eða hvoru tveggja, og mega ekki nema meiru en ⅔ af verði veðsins samkvæmt skattmati.

Lán samkvæmt næstu málsgrein hér á undan skulu eigi veitt til lengri tíma en 10 ára. Þau mega vera afborgunarlaus fyrstu 2 árin. Hámark vaxta af lánum þessum skal vera 4%.

Skylt er lántakanda að annast endurnýjanir á búfé, sem hann hefur veðsett vegna láns til bústofnskaupa, þannig að fénaðurinn sé jafnan á góðum aldri. Á sama hátt er lántakanda skylt að halda vel við vélum, sem hann hefur veðsett veðdeildinni.

Nú bregður maður búi, flytur burt, svo að bústofninn verður ekki fluttur með, heldur illa við veðsettum vélum eða brýtur á annan hátt verulega gegn skyldum sínum gagnvart veðdeildinni, og eru þá eftirstöðvar lánsins þegar fallnar í gjalddaga.

Að öðru leyti má í reglugerð kveða nánar á um lán af frumbýlafé og um viðhald veða.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Búnaðarbankinn er eina bankastofnunin í landinu, sem gegnir því hlutverki að veita lán til bygginga og ræktunar í sveitum, og veðdeild bankans er ætlað það hlutverk að veita lán vegna jarðakaupa. En fjármagn Búnaðarbanksins er of takmarkað. Af þeim sökum hefur Ræktunarsjóður ekki getað veitt lán til allra framkvæmda, sem honum er heimilt að styðja, og ekki er sjáanlegt, að sjóðurinn geti fyrst um sinn sinnt að fullu því fjölþætta hlutverki, sem honum er þegar falið með lögum.

Tilgangur þessa frv. er að auka starfsfé veðdeildar Búnaðarbanka Íslands með því að tryggja á þann hátt, sem þar er gert ráð fyrir, sölu á verðbréfum deildarinnar. Er ætlazt til, að þetta verði gert með því að setja nú í þann kafla Búnaðarbankalaganna, sem um veðdeildina fjallar, svipuð ákvæði og áður voru í lögum um Ræktunarsjóð Íslands (27. gr. laganna frá 1935), um að opinberir sjóðir kaupi verðbréfin samkv. nánari ákvæðum ríkisstjórnarinnar og að samið verði við Landsbanka Íslands um verðbréfakaup að tilteknu marki, enda keypti Landsbankinn á sínum tíma jarðræktarbréf samkv. fyrrnefndum ákvæðum. Var þá gert ráð fyrir bréfakaupum allt að 1.4 millj. kr. af hans hálfu, en hér er gert ráð fyrir 10 millj. með tilliti til breytinga, sem síðan hafa orðið á gildi peninga.

Enn fremur eru hér að nýju bornar fram tillögur um aukið starfssvið veðdeildar Búnaðarbankans og sérstakt framlag til veðdeildarinnar á næstu árum í því skyni, svo að frumbýlingar geti átt kost á fjárhagslegri aðstoð við að koma upp atvinnurekstri í sveitum landsins.

Í greinargerð, sem fylgdi frv. um sama efni, er flutt var á síðasta þingi, segir svo:

„Samkvæmt manntali, sem fram fór 2. des. 1940 voru landsmenn þá 121474, en samkvæmt manntali 1. des. 1950, voru 144263 íbúar í landinu. Á síðastliðnum áratug hefur því mannfjöldinn vaxið um 22789 menn eða sem svarar 18.7 af hverju hundraði landsmanna. Öll fjölgun þjóðarinnar á þessum tíu árum hefur lent í kaupstöðum, því að í sýslum hefur fækkað um 750 menn á þessu tímabili. Frá 1940—1950 hefur fólki fjölgað í Reykjavík um 17900 eða um 47 af hundraði, í Hafnarfirði um 1379 eða 37 af hundraði, í Keflavík um 1045 eða 78 af hundraði og á Akranesi um 747 eða 41 af hundraði. Þessar tölur sýna, að í fjórum kaupstöðum við Faxaflóa hefur íbúatala vaxið svo á tíu árum, að það samsvarar nær allri fólksfjölgun í landinu á sama tíma. Orsakir þess eru af ýmsum toga spunnar, en sú er ekki veigaminnst, að til þessara staða, einkum Reykjavíkur, hefur dregizt miklu meira fjarmagn en önnur héruð eiga yfir að ráða. En afleiðingin verður jafnvægisleysi, sem veldur miklum erfiðleikum og truflun á eðlilegum viðskiptum, skorti á húsnæði, kapphlaupi um þær íbúðir, sem á boðstólum eru, hærri húsaleigu en hóflegt er.

Gæði lands og sjávar eru ekki bundin við einn landshluta einvörðungu. Ef framhald verður á því, að æ fleira fólk sezt að í fáum kaupstöðum, en aðrar byggðir standa í stað eða dragast saman, leiðir það til þess, að fleiri og fleiri aðilar hverfa frá framleiðslustörfum, sem eru undirstaða þjóðarbúsins, og að öðrum atvinnugreinum. Tvísýnt verður og um atvinnuhorfur, þar sem fjölmennið er mest, ef að kreppir og samdráttur verður á erlendu fjármagni, sem þjóðin nýtur góðs af.

Allstór hluti af stríðsgróðanum fór til sjávarútvegsins. Um þær mundir var þeirri skoðun á loft haldið, að þjóðin ætti fyrst og fremst að kosta kapps um að efla sjávarútveginn. Framleiðslu landbúnaðarafurða ætti að miða við innlendan markað eingöngu. En reynslan sannar því miður, að svipull er sjávarafli. Síldveiði er stopul, verksmiðjur standa litt notaðar, og aflaleysi er á miðum fiskibáta á stórum svæðum.

Þrautaráðið er að sækja á fjarlæg mið, jafnvel til Grænlands, á stórum skipum með fullkomnum veiðitækjum. En því stórvirkari sem veiðarfærin verða og því víðara sem farið er til fanga, þeim mun meiri hætta er fiskstofninum búin.

Þegar á þetta er litið, er augljóst, að það er fyllilega tímabært að gera ráðstafanir, sem miða að því að auka jafnvægi í búsetu landsmanna og að því að efla landbúnaðinn, gera þeim fært, sem vilja hefja búskap í sveit, að fá hófleg lán með hagkvæmum kjörum til að koma fótum undir atvinnureksturinn. Í þeim tilgangi er frumvarp þetta flutt.“

Nd. 43. Frumvarp til laga [41. mál]

um breyting á jarðræktarlögum, nr. 45/1950.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson, Eiríkur Þorsteinsson, Halldór Ásgrímsson, Páll Þorsteinsson.

1. gr.

Í stað orðanna „Helmingur rekstrarkostnaðar“ í III. lið 11. gr. laganna komi: 7/10 rekstrarkostnaðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samhljóða frumv., um þetta efni, var flutt á síðasta þingi, og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

„Þegar skurðgröfurnar fluttust hingað til landsins og tóku til starfa, kom skriður í framræsluna. Þessi tæki eru afkastamikil, eins og kunnugt er, þar sem landið er auðvelt til vinnslu. Hins vegar torveldar það mikið framræsluna, ef jarðvegur er mjög grýttur, eins og er því miður víða, og verður sú framræsla dýr, þótt með stórvirkum tækjum sé.

Allir vita, að langþýðingarmesta atriðið við túnrækt á votri jörð er að þurrka landið sem allra bezt. Þar sem jörð er mjög votlend og hallalítil, þarf skurðakerfið um landið að vera mikið og þétt. Slík framræsla hlýtur jafnan að verða dýr, en eigi að síður óhjákvæmileg, svo framarlega sem túnrækt á að verða möguleg á slíku landi. Nú er mjög víða um landið enginn möguleiki á að stækka túnin eða auka túnræktina, nema landþurrkun fari fyrst fram. Verulega aukin túnrækt byggist fyrst og fremst á því. Sé það ekki gert, verður lítið um aukna túnrækt að ræða. Það er þó áreiðanlega langþýðingarmesta umbótin í búskap landsmanna að auka túnræktina verulega frá því, sem enn er orðið.

Reynsla tveggja síðustu ára, sem verið hafa allhörð og erfið landbúnaðinum, sýnir ótvírætt, að vel ræktuð tún og vel hirt gefa allmikið gras, hvernig sem viðrar, þó að það sé nokkuð háð veðráttunni, hvað tímanlega þau eru sprottin.

Ef túnræktin hefði ekki verið komin lengra áleiðis en var fyrir 12—15 árum, svo að ekki sé vitnað lengra aftur í tímann, mundi afkoma bænda hafa orðið afar ill tvö síðustu árin, og er ekki gott að gera sér grein fyrir, hvernig fram úr því hefði verið ráðið.

Þessi reynsla ætti að vera mönnum hvöt til að auka túnræktina svo sem frekast er unnt. Ríkissjóður styrkir framræsluna til helminga. Við leggjum til, að ríkið styrki skurðgröftinn að 7/10 hlutum (70% kostnaðar). Jöfnun ruðnings styrkir ríkið ekki að neinu leyti. Sá kostnaður er þó víða allmikill. Dæmi eru til um það, að styrkur sá, er ríkið greiðir á skurðagerðina, hefur nærri að ¾ farið í kostnað við að jafna ruðningnum við skurðina. Verður þá skurðagerðin bændum dýr, og mun mörgum

þeirra reynast ókleift að halda slíkum verkum áfram, og er slíkt illa farið og hættulegt.

Á það ber líka að líta, að sá, er framkvæmir þessi verk, nýtur þeirra oft og einatt stutta stund, þótt hann leggi mikið fé og fyrirhöfn í slíkar umbætur. Aðrir njóta þessara verka miklu meira. Þetta er fyrir langa framtíð gert og er til gagns komandi kynslóðum. Með þessu er verið að gera landið betra og byggilegra og veita þjóðinni aukið öryggi í framtíðinni. Öllu, sem miðar að slíku, á að greiða fyrir, eftir því sem frekast eru tök til. Í ýmsum greinum þjóðlífsins virðast horfurnar nú iskyggilegar. Er þá ekki hyggilegt að greiða fyrir þeim umbótum, sem auka bjargræði þjóðarinnar í framtíðinni og öryggi?“

Nd. 44. Frumvarp til laga [42. mál]

um garðávaxta- og grænmetisgeymslur.

Flm.: Jón Sigurðsson, Ásgeir Bjarnason, Pétur Ottesen, Gísli Guðmundsson, Sigurður Bjarnason.

1. gr.

Framleiðsluráði landbúnaðarins skal falið að vinna að því, að komið verði upp, þar sem hentast þykir, vönduðum og hæfilega stórum geymslum fyrir garðávexti og grænmeti á helztu framleiðslu- og markaðsstöðum með hliðsjón af samgöngum og öðrum aðstæðum. Skal að því stefnt, svo sem ástæður frekast leyfa, að þeir, sem framleiða garðávexti og grænmeti til sölu, geti komið þessum söluvörum sínum í örugga geymslu, svo að á öllum tímum árs verði á boðstólum nægilegt af innlendum garðávöxtum og grænmeti.

Landbúnaðarráðherra hefur yfirstjórn þessara mála með höndum.

2. gr.

Garðávaxta- og grænmetisgeymslur þær, er um ræðir í 1. gr., eiga rétt á stofnstyrk úr ríkissjóði, er nemi ¼ byggingarkostnaðar húsa með tilheyrandi vélum og öðrum útbúnaði, ef þær uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a. Að eigendur þeirra séu framleiðendur garðávaxta eða grænmetis eða hlutaðeigandi búnaðarfélög, búnaðarsambönd, kaupfélög eða sveitar- og bæjarfélög.
b. Að geymsluhúsið með tilheyrandi vélum sé staðsett og byggt í samráði við framleiðsluráð landbúnaðarins og að úttekt kunnáttumanna hafi farið fram, er beri með sér, að húsið fullnægi þeim kröfum um byggingarefni og vélakost, er tryggi varanleik og geymsluhæfni slíkra húsa.
c) Að eigendur geymsluhúsanna reki þau sem sjálfstæð fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi.
d. Að allir framleiðendur garðávaxta og grænmetis á hlutaðeigandi félagssvæði eigi rétt á að gerast meðlimir, enda eigi þeir rétt á, ef þeir óska þess, að koma til geymslu eða sölu í garðávaxta- og grænmetisgeymsluna, eftir því sem húsrúm leyfir, þeim hluta framleiðslu sinnar, er telst til úrvalsflokks og 1. flokks, í réttu hlutfalli við heildarframleiðsluna á félagssvæðinu.

3. gr.

Nú hefur garðávaxta- og grænmetisgeymsla hlotið viðurkenningu framleiðsluráðs og fullnægi þeim skilyrðum, sem sett eru í 2. gr., og á hún þá rétt á, að Grænmetisverzlun ríkisins kaupi á hverju hausti nokkurn hluta af því magni, er húsinu berst til sölu af úrvalsflokks og 1. flokks kartöflum, og komi þeim þar í geymslu gegn hæfilegu gjaldi. Skal með kaupum þessum reynt að koma því til vegar, að allir lands-

hlutar eða framleiðslusvæði fái sem líkasta aðstöðu til að losna við framleiðslu sína og í sem réttustu hlutfalli.

Landbúnaðarráðherra ákveður árlega að haustinu í samráði við framleiðsluráð landbúnaðarins og Grænmetisverzlun ríkisins um kaup Grænmetisverzlunarinnar samkvæmt þessari grein.

4. gr.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð í samráði við framleiðsluráð landbúnaðarins og Grænmetisverzlun ríkisins nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

5. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerð varða sektum frá 200—2000 krónum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er langt síðan hugsandi menn komu auga á, að í ýmsum héruðum landsins voru skilyrði til framleiðslu kartaflna og annarra garðávaxta svo ákjósanleg, að þar mætti hæglega rækta allar þær kartöflur og fleiri garðávexti, sem þjóðin þarfnaðist, og spara þannig alveg erlendan gjaldeyri til slíkra kaupa.

Óhagstætt tíðarfar undanfarin ár hefur án efa valdið nokkru um, hve seint hefur gengið að ná þessu marki. En þó mun sönnu nær, að tilfinnanlegur skortur á góðum geymslum hafi valdið hér mestu um. Framleiðendur hafa margir hverjir orðið fyrir svo miklum skakkaföllum af skemmdum á sölukartöflum sínum, að þeim hefur ekki þótt svara kostnaði að leggja fé og vinnu í stórræktun, meðan ekki rættist úr í þessu efni.

Óvenjulega hagstætt tíðarfar síðastliðið sumar átti mestan þátt í því, að nú er kartöfluppskeran í fyrsta sinn talin meiri en ársneyzlan. Það kemur þá ekki heldur á óvart, að nú horfir til stórvandræða með geymslu á þessari miklu björg. Virðist yfirvofandi, að kartöflur, sem nema stórfé, eyðileggist sökum þess, að alls ónógar og ófullkomnar geymslur eru fyrir hendi. Á allra síðustu árum hafa verið byggðar nokkrar vandaðar kartöflugeymslur. Hefur þetta verið að nokkru leyti á tilraunastigi. En nú er svo komið, að ef rétt er að farið, geymast ósýktar kartöflur þar óskemmdar árlangt.

Nú er því tími til kominn að hefjast handa og koma upp öruggum geymslum, fyrst og fremst fyrir kartöflurnar, en jafnframt fyrir aðra garðávexti og grænmeti, eftir því sem ástæður leyfa og þörf krefur á hverjum stað. Og þó að þær geymslur komi ekki að gagni á þessu hausti, munu þær áreiðanlega, þótt síðar verði, bjarga miklum verðmætum frá eyðileggingu og spara mikinn erlendan gjaldeyri.

Að dómi okkar flutingsmanna er þetta þjóðfélagslegt nauðsynjamál og því réttmætt, að ríkið hlaupi undir bagga með því að leggja fram ¼ stofnkostnaðar. Er það sami stofnstyrkur og mjólkurbú hafa notið. Jafnframt er gert að skilyrði fyrir styrknum, að tryggt sé, að húsin verði vönduð og framleiðendum tryggð umráð og afnot þeirra.

Loks er nokkur kvöð lögð á Grænmetisverzlun ríkisins um kaup á kartöflum til þess að greiða fyrir kartöfluframleiðendum og tryggja um leið rekstur geymsluhúsanna.

Að endingu skal þess getið, að sala garðávaxta og grænmetis og skortur á nauðsynlegum geymslum hefur verið mjög til athugunar og umræðu í framleiðsluráði landbúnaðarins og aðalfundir Séttarsambands bænda hafa gert ítrekaðar samþykktir um þessi mál undanfarin ár. Málinu hefur þó ekki verið komið á framfæri við Alþingi, sökum þess að ekki hefur náðst samkomulag við aðra aðila um breytta skipan þessara mála á þann veg, er framleiðsluráð taldi æskilegast. Með frv. þessu er leitazt við að leysa þann þátt málsins, sem nú er mest aðkallandi og samkomulag er um.

Nd. 45. Frumvarp til laga [48. mál]

um breyting á lögum nr. 68 1949, um bifreiðaskatt o. fl.

Flm.: Páll Þorsteinsson, Halldór Ásgrímsson, Jörundur Brynjólfsson.

1. gr.

Í stað orðanna „5 aura innflutningsgjaldi“ í a-lið 8. gr. laganna komi: 10 aura innflutningsgjaldi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á Alþingi 1939 fluttu þrír þingmenn Framsóknarflokksins frumvarp um brúasjóð. Skyldi sjóðurinn fá tekjur af hluta af benzínskatti, er samsvaraði einum eyri af verði hvers benzínlítra, en fé sjóðsins yrði varið til að greiða kostnað við að brúa hinar stærstu ár í landinu. Frumvarpið var ekki samþykkt í það sinn og ekki heldur 1940, er það var borið fram aftur. En með lögum nr. 87 1941 var brúasjóður stofnaður, og tveim árum síðar voru með lagabreytingu tekjur sjóðsins hækkaðar um helming frá því, sem ákveðið var 1941, samkvæmt tillögum tveggja þingmanna Framsóknarflokksins. En með lögum nr. 53 1946 var brúasjóður sviptur tekjum sínum og þeim ráðstafað á annan hátt samkvæmt tillögum þáverandi fjármálaráðherra. Stóð svo um þriggja ára skeið. 1949 var aftur lögfest, að hluti af benzínskatti rynni í brúasjóð, og nemur sú fjárhæð 5 aura gjaldi af hverjum benzínlítra.

Á síðustu árum hafa nokkrar stórbrýr verið byggðar fyrir fé brúasjóðs. Enn þá eru þó mörg og stór verkefni óleyst á þessu sviði, þar sem allmargar stórár eru enn óbrúaðar og gera þarf að nýju stórbrýr á nokkrum stöðum í stað annarra, sem eru að falli komnar.

Kostnaður við brúagerðir hefur margfaldazt frá því, er síðasta styrjöld hófst. Vinnulaun eru meira en tíföld að krónutölu móts við það, sem var 1939, og efni til brúagerða hefur stórhækkað. Tíu aura gjald af benzínlítra er því ekki hlutfallslega hærri fjárhæð en eins eyris gjald hefði verið 1939.

Með þessu er lagt til, að tekjur brúasjóðs verði auknar um helming frá því, sem nú er, með það fyrir augum að hraða nauðsynlegum framkvæmdum í samgöngumálum.

Nd. 46. Frumvarp til laga [44. mál]

um breyting á jarðræktarlögum, nr. 45/1950.

Flm.: Pétur Ottesen, Magnús Jónsson, Sigurður Ágústsson, Sigurður Bjarnason.

1. gr.

Á eftir 1. málsgr. 12. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Á framlag ríkissjóðs til framkvæmda þeirra í jarðrækt og húsabótum, sem taldar eru í 11. gr. I.—VII., greiðist 20% álag auk verðlagsuppbótar. Undanskilinn er þó V. liður (Grjótnám), en á hann greiðist 50% álag auk verðlagsuppbótar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar endurskoðun jarðræktarlaganna fór síðast fram, var reynt að vanda til hennar eftir föngum og til þess valdir þeir menn, er bezt var treyst til þeirra hluta. Eftir að búnaðarþing hafði haft málið til meðferðar, var frv. lögfest í aðalatriðum eins og nefndin hafði lagt til, með þeirri breytingu, að framlag til vélgrafinna skurða var hækkað úr ⅓ kostnaðar upp í helming kostnaðar. Síðan hafa öðru hvoru komið fram allháværar kröfur um hækkun á jarðræktarframlaginu, ýmist á einstökum liðum þess eða á framlaginu í heild. Í því sambandi hefur verið bent á verðlagsbreytingar, sem orðið hafa síðan endurskoðun jarðræktarlaganna fór fram.

Nú hefur verið flutt á Alþingi frv. um að taka einn lið jarðræktarframkvæmda (vélgrafna skurði) út úr og hækka framlagið til þeirra, en með því er rofið styrkhlutfallið milli einstakra jarðræktarframkvæmda, sem verið hefur síðastliðin ár. Vitað er, að ekki verður unað við þessa breytingu eina af þeim, er einnig bera fyrir brjósti aðrar jarðræktarframkvæmdir. Hér er því lagt til, að allir þeir liðir, sem jarðræktarframlagið tekur til, hækki um 20%, að undanskildu grjótnámi, er hækki um 50%, en um það eru allir kunnugir sammála, að sá liður sé nú mikils til of lágur og þurfi því að hækka verulega, enda eiga þeir, sem neyðast til að brjóta grýtt land til ræktunar, oft við einna mesta örðugleika að etja í ræktunarframkvæmdum.

Sþ. 47. Tillaga til þingsályktunar [45. mál]

um afturköllun málshöfðunar gegn byggjendum íbúðarhúsa.

Flm.: Karl Guðjónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að afturkalla málshöfðanir þær, sem eftir kröfu fjárhagsráðs og að tilskipan dómsmálaráðuneytisins voru á síðastliðnu vori fyrirskipaðar gegn 22 mönnum í Vestmannaeyjum fyrir að byrja byggingu íbúðarhúss án leyfis fjárhagsráðs.

Greinargerð.

Samkvæmt lögunum um fjárhagsráð (nr. 70 5. júní 1947) er sem kunnugt er bann lagt við hvers konar fjárfestingu nema að fengnu leyfi fjárhagsráðs. Meðal þess, sem bann þetta nær til, er bygging íbúðarhúsa.

Viðurlög við brotum á þessum ákvæðum laganna eru mjög þung, og segir um þau í 22. gr. nefndra laga: „Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim varða sektum allt að 200 þús. kr. Ef miklar sakir eru eða brot er ítrekað, má svipta sökunaut atvinnurétti um stundarsakir eða fyrir fullt og allt. Upptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal og heimil vera.“

Það má því segja, að hver alþýðumaður, sem beittur kann að verða hinum ströngustu ákvæðum laganna, eigi sér efnahagslega engrar viðreisnar von um lífstíð.

Nú orkar það að vísu tvímælis, hvort bann og viðurlög við byggingu íbúða húsnæðislauss fólks í eigin þarfir fái staðizt, því að það er í rauninni bann við einu óhjákvæmilegasta lífsskilyrði mannsins.

En þótt vafi leiki á því, að hinir ákærðu húsbyggjendur verði sakfelldir, þótt dómar gengju í málum þeirra, þá hljótast mikil óþægindi fyrir þá af málarekstrinum.

Væri það yfirvöldunum til meiri sóma að létta undir með því fólki, sem af miklum dugnaði og brýnni þörf, en oftast af lítilli fjárhagsgetu byggir íbúðir, — ekki einasta fyrir sig, heldur og fyrir óbornar kynslóðir þessa þjóðfélags, — heldur en að halda uppi ofsóknum gegn því.

Lögin um fjárhagsráð hafa þegar valdið miklu böli í húsnæðismálum. Þar sem þeim hefur stranglega verið framfylgt, er nú húsnæðisvandamálið orðið eitt erfiðasta úrlausnarefnið, sem að kallar. Vandræðin, sem húsnæðisskorturinn skapar, hafa þegar tvístrað mörgum fjölskyldum og brotið niður lífshamingju ótalinna einstaklinga.

Hins eru líka dæmi, að lögin hafi ekki verið tekin mjög hátíðlega. Hafa menn þá í þegjandi samkomulagi hjálpazt að í því að komast fram hjá ákvæðunum um hindrun bygginga.

Það hefur lengi verið vitað, að í Vestmannaeyjum hafa verið byggð íbúðarhús án leyfis fjárhagsráðs. Þar er nú lítið um húsnæðisskort og svo komið, að 80—90% íbúanna búa í eigin húsnæði.

Sannar þetta betur en flest annað, til hverrar óþurftar fjárhagsráðslögin eru.

Hin nýja ríkisstjórn hefur nú lofað að beita sér fyrir afnámi fjárhagsráðs, og ber að fagna því, enda verður þá að ætla, að íbúðabyggingar verði gefnar frjálsar.

Hvernig sem á stæði um stefnu og starfshætti ríkisstjórnarinnar, væri það ósæmilegt af ríkisvaldinu að leitast við að fá menn sakfellda, sektaða og hindraða í að uppfylla jafnóhjákvæmilegar lífsþarfir sem húsnæðisöflun, — en alveg sérstaklega væri það rotið að halda réttarofsóknum áfram gegn nefndum 22 mönnum, eftir að ríkisstjórnin hefur lofað að afnema lögin, sem þeir eru ákærðir fyrir brot á.

Nd. 48. Frumvarp til laga [46. mál]

um breyting á lögum nr. 30 1943, um breyting á lögum nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir.

Flm.: Páll Þorsteinsson, Ásmundur Sigurðsson.

1. gr.

1. Á undan A. I. d. 1. í 1. gr. laganna komi nýr liður:
   Össurá í Lóni.
2. Á eftir A. I. d. 4. í sömu gr. komi nýr liður:
   Fjarðará í Lóni.
3. Á eftir A. I. d. 5. í sömu gr. komi nýr liður:
   Hólmsá á Mýrum.
4. Á eftir A. I. d. 9. í sömu gr. komi nýir liðir:
   a. Jökulsá á Breiðamerkursandi.
   b. Nýgræðnakvísl.
   c. Breiðá.
   d. Fjallsá.
   e. Hrútá.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Austur-Skaftafellssýsla er sem kunnugt er eitt mesta vatnahérað landsins. Þar eru mörg stór jökulfljót auk annarra smærri vatnsfalla, er kljúfa byggðir sýslunnar og valda mjög miklum erfiðleikum í samgöngum. Þótt nokkrar smærri brýr hafi verið byggðar í héraðinu og nú síðast ein stór brú yfir Jökulsá í Lóni, má fullyrða, að enn þá sé þessi sýsla einna verst sett um brúabyggingar af öllum sýslum landsins, miðað við þörf slíkra mannvirkja. Margar ár á þjóðvegum sýslunnar eru ekki komnar á brúalög enn þá, þótt þörfin á að brúa þær sé þegar orðin mjög aðkallandi. Frumvarp þetta er flutt til að fá úr þessu bætt.

Nd. **49. Frumvarp til laga** [47. mál]

um útvegun stofnfjár til Búnaðarbanka Íslands.

Flm.: Ásmundur Sigurðsson.

1. gr.

Ríkissjóður skal leggja Búnaðarbanka Íslands óafturkræft framlag að upphæð 60 millj. kr., er skiptist milli hinna þriggja aðaldeilda bankans, Byggingarsjóðs, Ræktunarsjóðs og veðdeildar, þannig, að Byggingarsjóður fær 25 millj., Ræktunarsjóður 23 millj. og veðdeild 12 millj.

2. gr.

Fé þetta fær ríkissjóður að láni hjá seðladeild Landsbankans, og skal það endurgreiðast á 40 árum án vaxta. Til tryggingar láninu skal ríkisstjórnin fyrir hönd ríkissjóðs veðsetja Landsbankanum gegn 1. veðrétti þann hluta af jarðeignum hins opinbera, sem liggur utan kaupstaða og kauptúna.

3. gr.

Nú eru jarðeignir þær, er um ræðir í 2. gr., veðsettar fyrir lánum, og skal þá viðkomandi lánastofnun skylt að gefa veðrétt eftir, enda ábyrgist ríkisstjórnin fyrir hönd ríkissjóðs lán þau, er á þeim hvíla. Séu slík lán við aðrar lánastofnanir en Búnaðarbankann, er honum skylt að innleysa þau.

Enn fremur skal ríkissjóður ábyrgjast þau lán, er Búnaðarbankinn veitir framvegis til bygginga og ræktunar á umræddum jörðum.

4. gr.

Þeim lánadeildum Búnaðarbanka Íslands, sem nú veita lán til bygginga aðeins gegn veði í fasteign, skal framvegis skylt að veita slík lán gegn ábyrgð ríkissjóðs á þeim jörðum hins opinbera (sbr. 2. málsgr. 3. gr.), sem Landsbankinn hefur fengið að veði samkvæmt ákvæðum 2. gr. þessara laga.

5. gr.

Önnur atriði, er snerta framkvæmd þessara laga, skulu ákveðin með reglugerð.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi, en náði þá ekki afgreiðslu. En eins og frv. var þá flutt, voru í því ákvæði, sem felld eru niður núna af eftirgreindum ástæðum:

Í 5. gr. frumvarpsins, eins og það var flutt fyrir ári, voru þau ákvæði, að lánum þeim, er Búnaðarbankinn hefur fengið samkvæmt 1. og 8. tölulið 1. gr. laga nr. 14 1952, um ráðstöfun á greiðsluafgangi ríkissjóðs árið 1951, svo og láni Ræktunarsjóðs samkv. 3. tölul. 2. gr. laga nr. 22 1950, um gengisskráningu o. fl., skyldi breytt í óafturkræf framlög.

Til frekari skýringar skal tekið fram, að hér var um að ræða eftirtalin lán, er Búnaðarbankanum höfðu verið lánuð til 20 ára með 5% vöxtum:

1. Lán veitt Ræktunarsjóði Íslands:
   a. Af gengishagnaði 1950 ..... kr. 6874946.51
   b. Af greiðsluafgangi ríkissjóðs 1951 ..... — 7500000.00
2. Lán veitt Byggingarsjóði af greiðsluafgangi ríkissjóðs 1951 .. — 7500000.00

Byggingarsjóður Búnaðarbankans hafði einnig fengið 7.5 millj. kr. af gengishagnaði 1950, en samkvæmt viðkomandi ákvæði gengislækkunarlaganna var gert ráð fyrir þeirri upphæð sem óafturkræfu framlagi, en ekki sem láni.

En stuttu eftir að þetta frumvarp var lagt fram á Alþingi, fluttu þrír af þingmönnum Framsóknarflokksins annað frumvarp, þar sem upp voru tekin ákvæði 5. gr. um breytingu þessara lána í óafturkræf framlög. Þetta frumv. varð að lögum í lok síðasta þings. Er því sú breyting gerð á frumvarpinu núna að fella niður 5. gr., þar sem ákvæði hennar hafa verið leyst.

Hins vegar má fullyrða, að enn þá hefur á engan hátt verið að fullu leyst það verkefni að tryggja Búnaðarbankanum nægilegt fjármagn til starfsemi sinnar. Fullnaðarlausn þess verður ekki fengin á annan hátt en þann, að bankinn hafi það mikið stofnfé til umráða, að vextir og afborganir, sem inn greiðast, nægi til nýrra útlána og rekstrar bankans að öðru leyti. Þótt hið erlenda lán, sem tekizt hefur að útvega á þessu ári, bæti í bili úr brýnustu þörfum Byggingarsjóðs og Ræktunarsjóðs, þá leysir það engan veginn fjármagnsþörfina til neinnar frambúðar. Veðdeildin er í sömu fjárþröng og áður og þar með ómögulegt að fá lán til þeirra hluta, sem hún á að veita lán til, svo sem til jarðakaupa o. fl.

Skal þá vikið að einstökum atriðum frumvarpsins. Aðalatriði 1. og 2. gr. eru þau, að ríkissjóður leggi Búnaðarbankanum til óafturkræft framlag að upphæð 60 millj. kr. og fái fé þetta að láni hjá seðladeild Landsbankans gegn veði í jarðeignum ríkisins utan kaupstaða og kauptúna.

Í sambandi við þetta má geta þess, að í 8. gr. laga um Ræktunarsjóð er seðladeild Landsbankans gert að skyldu að lána sjóðnum allt að 10 millj. kr., ef ríkisstjórnin óskar þess, og skyldi það lán greiðast með jöfnum afborgunum á 20 árum. Þetta ákvæði hefur aldrei verið framkvæmt, en því er á þetta bent, að hér er um að ræða sjötta hluta þeirrar upphæðar, sem 1. gr. frv. gerir ráð fyrir. Þetta ákvæði hefur því verið í lögum í rúm 6 ár án þess að vera framkvæmt.

Hvað snertir ákvæði 2. gr. um að veðsetja Landsbankanum umræddan hluta af jarðeignum ríkisins, er gert ráð fyrir að fara inn á nýja braut. Er það gert til þess að Landsbankinn hafi örugga tryggingu fyrir þessu láni, en aftur á móti eðlilegast, að Búnaðarbankinn innleysi öll þau lán við aðrar lánastofnanir, enda munu þau nema mjög litlum upphæðum. En framvegis yrði að veita lán til framkvæmda á a. m. k. nokkrum hluta þessara jarða, án þess að 1. veðréttur verði tiltækur sem trygging, og mundi þá ríkið verða að hlaupa undir bagga og ábyrgjast slík lán (sbr. 3. og 4. gr.).

Það, sem hér er farið fram á, er því aðeins það, að ríkið noti verðgildi þessa hluta eigna sinna, sem er í eðli sínu grunnundirstaða allmikils hluta landbúnaðarframleiðslunnar, til þess að tryggja landbúnaðinum nauðsynlegt fjármagn.

Með hinum nýju lögum um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum, er Alþingi samþykkti 1946, og lögum um Ræktunarsjóð frá 1947 var mörkuð stefna til meiri og öruggari framfara og tækni í þróun landbúnaðarins en nokkru sinni fyrr. Sú löggjöf, sem áður hafði verið til um þau efni, var þá mjög úrelt orðin, í fyrsta lagi vegna þess, að hún hafði verið samin á tímum kreppu og fjárhagsörðugleika, og í öðru lagi vegna hinnar geysimiklu röskunar, er styrjöldin hafði valdið á verðlagi öllu. Það var því orðið augljóst, að ef landbúnaðurinn átti að þróast eðlilega, varð að stórauka það fjármagn, sem honum var ætlað, einkum til fjárfestingar, bæði í byggingum, ræktun og véltækni. Þá var enn fremur ljóst, að leggja þyrfti sem allra mesta áherzlu á, að fjármagnið nýttist sem bezt til framleiðsluaukningar.

Síðan lög þau voru sett, hefur orðið stórkostleg breyting á verðlagi öllu. Mun kostnaður allur við framkvæmdir þessar hafa um það bil tvöfaldazt á þessum árum. Þetta veldur því, að hin beinu framlög ríkisins til þessara mála hafa raunverulega minnkað að sama skapi, þar sem þau eru nú hin sömu að krónutölu sem fyrr, er lögin voru sett. Þetta skapar því enn þá meiri lánsfjárþörf en ella, lánsfjárþörf,

sem ekki verður leyst, svo að viðunandi sé, nema með því ráði, sem fyrr er nefnt, að tryggja bankanum nægilegt stofnfé.

Óhætt má fullyrða, að eins og nú háttar með íslenzkt þjóðlíf, hafi sjaldan verið meiri þörf á alhliða eflingu íslenzkra atvinnuvega. Stór hluti af vinnuafli þjóðarinnar er nú kominn í starf fyrir hið erlenda herlið, sem í landinu dvelur. Má öllum vera ljós sú gífurlega hætta, sem í því er fólgin fyrir atvinnulíf þjóðarinnar og framtíð hennar alla, ef svo á að halda áfram í vaxandi mæli, sem nú virðist helzt útlit fyrir.

Efling þeirrar starfsemi, er hér um ræðir, er einn mikilsverður þáttur í því að bjarga þjóðinni frá þeim örlögum að eiga lífsafkomu sína meira og meira undir framkvæmdum erlends herliðs og byggingum hernaðarmannvirkja á landi sínu. Hvert það nýbýli, sem reist er og ræktað, bjargar einni fjölskyldu frá því að hrekjast á Keflavíkurflugvöll eða í önnur víghreiður Ameríkumanna hér til að lifa á vinnu við byggingu þeirra. Einskis má láta ófreistað til að stöðva þá hættulegu þróun, sem nú á sér stað í þessum efnum. Lögfesting og framkvæmd þessa frumvarps getur orðið liður í því starfi.

Ed. 50. Breytingartillögur [12. mál]

við frv. til áfengislaga.

Frá Gísla Jónssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Tilgangur laga þessara er sá að vinna gegn misnotkun áfengis í landinu og útrýma því böli, sem því er samfara.
2. Við 3. gr. 3. málsl. orðist svo: Þó skal óheimilt að flytja til landsins öl.
3. Við 4. gr.
   a. Síðasti málsl. 3. málsgr. falli niður.
   b. Orðin „og óinnsiglaðan skipsforða áfengis“ í 4. málsgr. falli niður.
   c. 5. málsgr. falli niður.
   d. Síðasta málsgr. orðist svo:
      Fyrirmæli þessarar greinar ná einnig til flugvéla, sem hér hafa viðkomu, þó ekki til þeirra, sem hafa skamma viðdvöl, enda sé þá farangur og farmur eigi fluttur úr flugvélinni. Fyrirmælin ná eigi heldur til herskipa eða erlendra skemmtiferðaskipa.
4. Við 8. gr. Síðasti málsl. orðist svo: Andvirðið rennur í áfengisvarnasjóð.
5. Við 9. gr. Aftan við greinina bætist: Óheimilt er að gefa veitingamönnum afslátt frá hinu ákveðna útsöluverði til almennings.
6. Við 10. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkisstjórninni er heimilt að setja á stofn útsölustaði áfengis, en fara skal fram atkvæðagreiðsla kosningarbærra manna í því bæjar- eða sýslufélagi, sem í hlut á, áður en slík útsala er sett þar á stofn, og þarf meiri hluta greiddra atkvæða til þess að útsala sé leyfð. Áfengisútsala skal lögð niður, ef það er samþykkt með meiri hluta greiddra atkvæða í viðkomandi bæjar- eða sýslufélagi.
   Atkvæðagreiðslur þær, sem um getur í þessari grein, skulu fara fram, er ríkisstjórn, meiri hluti í viðkomandi bæjarstjórnum og sýslunefndum eða ⅓ hluti kjósenda í viðkomandi bæjar- eða sýslufélögum krefst þess. Nú hefur verið fellt með atkvæðagreiðslu að stofna útsölu eða loka útsölu, eða samþykkt að leggja niður útsölu samkvæmt fyrirmælum þessarar greinar, og getur atkvæðagreiðsla þá ekki farið fram á ný, fyrr en að tveimur árum liðnum.
7. Við 12. gr.
   a. Í stað 1. málsgr. komi tvær málsgr., er orðist svo:
      Þegar leyft hefur verið að setja á stofn útsölu á þann hátt, sem fyrir er mælt í 10. gr. þessara laga, ákveður ríkisstjórnin tölu og staðsetningu útsölu-

og veitingastaða í viðkomandi landshlutum. Leyfi til endursölu og veitinga áfengis skal þó ávallt háð þeim skilyrðum, að það sé selt í veitingahúsi, sem að dómi ríkisstjórnarinnar er fyrsta flokks um allan útbúnað, umgengni þrifnað og reglusemi og selur auk þess mat og fjölbreytta óáfenga drykki.

Aldrei má reikna þjórfé (þjónustugjald) af sölu áfengra drykkja né launa starfsfólk með hundraðshluta af sölu þeirra, né láta af hendi eða taka á móti sérstöku gjaldi fyrir að bera fram eða selja áfengi.

b. 2. málsgr. orðist svo:

Áður en veitingaleyfi er veitt samkv. 1. málsgr. skal leita umsagnar áfengisvarnaráðs, bæjarstjórnar eða sýslunefndar og áfengisvarnanefndar á þeim stað, sem í hlut á.

c. 3. málsgr. falli niður.

d. Orðin „í kaupstað“ í 5. málsgr. falli niður — og í stað orðanna „í þeim kaupstað“ síðar í sömu málsgr. komi: á þeim stað.

e. Í stað orðanna „í ríkissjóð“ í lok 6. málsgr. komi: í áfengisvarnasjóð.

8. Við 15. gr. Fyrri málsl. 2. málsgr. falli niður.

9. Við 16. gr.

a. Orðin „né veiti“ í 1. málsgr. falli niður.

b. Á eftir 1. málsgr. komi ný málsgr., er orðist svo:

Áfengi má ekki veita neinum, sem er bersýnilega ölvaður eða svo mjög undir áhrifum víns, að hann brjóti almennar umgengnisreglur á veitingastað. Skal viðkomandi veitingamaður, eftirlitsmaður með áfengisveitingum eða veizlustjóri láta þegar fjarlægja hvern þann, sem þannig er ástatt um, og ber að stöðva allar veitingar á staðnum, unz það hefur verið gert. Þessi ákvæði gilda einnig um áfengisveitingar samkvæmt 20. gr. þessara laga.

10. Á eftir 20. gr. komi ný grein, er orðist svo:

Eftirlitsmaður með áfengisveitingum skal hafa aðgang að hverjum þeim stað, þar sem leyft hefur verið að veita áfengi, jafnt í félögum og veizlum sem á opinberum veitingastöðum, og ber honum að sjá um, að fyrirmælum þessara laga sé hlýtt, og kæra yfir, ef brotið er út af. Honum skal enn fremur heimill aðgangur að hvers konar mótum og samkomum, ef grunur leikur á, að þar sé haft vín um hönd, í því skyni að gæta þess, að ölvun eigi sér ekki stað, sem fer í bága við fyrirmæli og tilgang þessara laga. Heimilt er honum að afla sér þar hvers konar sönnunargagna, sem hann telur nauðsynleg til sönnunar brotum á lögum þessum.

11. Á eftir 25. gr. komi ný grein, er orðist svo:

Sé það á almannavitorði, að fyrirmæli 21.—25. gr. þessara laga hafi verið brotin á ákveðnum samkomum, eða ef sterkur grunur liggur á því, að svo hafi verið, ber að láta fram fara réttarrannsókn á meintum brotum, þótt engin kæra hafi fram komið, svo að upplýst verði á þann hátt, hvort um meint brot hafi verið að ræða eða ekki.

12. Við 26. gr. Greinin orðist svo:

Ríkisstjórnin skipar sérstakan lækni, sem hefur þekkingu á drykkjusýki og meðferð drykkjusjúkra manna, til þess að hafa með höndum yfirumsjón þessara mála. Skal hann rækja starfið sem aðalstarf og tekur laun samkvæmt IV. flokki launalaga. Hann skal einnig vera áfengisvarnaráðunautur ríkisstjórnarinnar án sérstakra launa. Starfar hann samkvæmt erindisbréfi, er ríkisstjórnin setur honum.

13. Á eftir 27. gr. komi ný grein, er orðist svo:

Dómsmálaráðherra skipar eftirlitsmenn með neyzlu og meðferð áfengis á öllum þeim stöðum í landinu, þar sem leyfðar eru útsölur og veitingar áfengis, svo marga sem þurfa þykir að dómi áfengisvarnaráðs. Skal þeim skylt að fylgjast með því að fyrirmælum laganna sé hlýtt í hvívetna, og bera fram kærur á hendur þeim, sem brotlegir hafa gerzt. Gerist eftirlitsmaður brotlegur um með-

ferð og sölu áfengis eða hylmir yfir með öðrum, er gerzt hafa brotlegir, eða vanrækir á einn eða annan hátt starf sitt, svo að lögbrot verði öðrum auðveldari, skal hann sæta ábyrgð samkvæmt lögum þessum.

Að öðru jöfnu skulu meðlimir áfengisvarnanefndar ganga fyrir sem eftirlitsmenn, enda skal ávallt leita álits áfengisvarnaráðs, áður en ráðherra skipar slíkan starfsmann.

Á þeim stöðum, sem útsölur eða veitingar áfengis eru ekki leyfðar, skal eftirlitsstarfið falið áfengisvarnanefndum þar, og ber þeim þá að hafa eftirlit með mótum og samkomum, sem haldnar eru á því svæði, sem þeim tilheyrir.

Eftirlitsmenn geta hvenær sem er krafizt aðstoðar lögreglumanna, ef þeim þykir ástæða til í sambandi við brot á lögum þessum.

Ráðherra setur reglugerð um störf eftirlitsmanna og laun þeirra.

14. Við 30. gr. Greinin orðist svo:

Í öllum skólum, er opinbers styrks njóta, skal fara fram fræðsla um áhrif áfengisnautnar. Sérstaka áherzlu skal leggja á að upplýsa, hvaða áhrif ofnautn áfengis hefur á líkama mannsins, vinnuþrek, siðferðisþroska hans og sálarlíf, á heimili manna, umgengnisvenjur og almenna siðfágun, á fjárhag einstaklinga og þjóðarinnar, á öryggi í vandasömu starfi og atvinnu manna almennt. Enn fremur skal veita fræðslu um það, hver sé öruggasta leiðin til að forðast ofnautn áfengis.

Áfengisvarnaráði skal skylt að sjá svo um, að skólarnir eigi þess jafnan kost að fá hentugar kennslubækur og kennslukvikmyndir, eftir því sem við á á hverju skólastigi, allt frá barnaskólum til háskóla. Ráðherra setur nánari fyrirmæli með reglugerð um kennslustundafjölda í hverjum skóla, prófstig o. fl., er að námsgreininni lýtur, að fengnum tillögum frá áfengisvarnaráði.

Skylt skal öllum sóknarprestum landsins að hafa eftirlit með því, að börn og unglingar hafi fengið þá fræðslu, sem ákveðin er í barnaskólum samkvæmt fyrirmælum þessarar greinar, og er það skilyrði fyrir fermingu barna, að þeim hafi verið kennd sú námsgrein.

15. Við 31. gr. Í stað 3. málsl. 1. málsgr. komi: Skulu í hann renna allar sektir samkvæmt ákvæðum þessara laga. Nægi þær ekki fyrir útgjöldum, skal sú upphæð, sem á vantar, greiðast af ágóða Áfengisverzlunar ríkisins.
16. Við 32. gr. Greinin falli niður.
17. Við 36. gr. Aftan við greinina bætist: Sektarákvæði samkvæmt 34. og 35. gr. gilda einnig um flugvélar og annan farkost, formenn þeirra og áhafnir, ef þeir gerast brotlegir við fyrirmæli þessara laga.
18. Við 37. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:

Brot gegn 1. málsl. 7. gr. og reglugerð samkvæmt síðasta málsl. 1. málsgr. sömu greinar ....

19. Við 42. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:

Brot gegn ákvæðum 2. málsgr. 12. gr. og ákvæðum 16. gr. ....

20. Við 43. gr. Upphaf 1. málsgr. orðist svo:

Brot gegn 1. málsgr. 19. gr. og 1. málsgr. 28. gr. varða ....

21. Við 46. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:

Brot gegn 22.—24. gr. og gegn 30. gr. varða ....

22. Við 48. gr. Í stað orðanna „í Menningarsjóð“ í 1. málsgr. komi: í áfengisvarnasjóð.
23. Við 51. gr. Greinin falli niður.

Sþ. 51. Tillaga til þingsályktunar [48. mál]

um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason, Helgi Jónasson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því, að ákvæði 1. kafla laga nr. 55 1949 um læknismeðferð ölvaðra manna, sem og ákvæði 8. gr. um gæzluvistarhæli fyrir drykkjusjúka menn, komi sem fyrst til framkvæmda.

Greinargerð.

Í lögum nr. 55 1949 er svo kveðið á, að á árunum 1950—1956 skuli 750 þús. kr. árlega renna í gæzluvistarsjóð, en hann skal hafa það hlutverk að standa undir kostnaði af framkvæmd laganna, eftir því sem heilbrigðisstjórnin ákveður, og þá fyrst og fremst því að reisa eða hjálpa til að reisa gæzluvistarhæli. Ekki hefur orðið úr öðrum framkvæmdum á grundvelli laganna en þeim, að ríkið hefur komið á fót hæli á Úlfarsá. Er það ætlað þeim, sem um nokkurt skeið þarfnast læknismeðferðar, og mun það taka 6—8 vistmenn. Hins vegar hafa engar ráðstafanir verið gerðar til þess að hætta þeirri ósvinnu að fangelsa drukkna menn, sem eru á almannafæri, í stað þess að veita þeim nauðsynlega aðhlynningu og læknismeðferð, og engu gæzluvistarhæli hefur verið komið upp fyrir þá ofdrykkjumenn, sem verst eru farnir í heilsufarslegu og félagslegu tilliti, en gert var ráð fyrir því við setningu laganna, að sveitarfélög ættu að hafa forgöngu um þessar framkvæmdir og hljóta til þeirra ríkisstyrk.

Fyrir skömmu stóð þó til að koma á fót slíku gæzluvistarhæli í nágrenni Reykjavíkur, þ. e. á Skeggjastöðum í Mosfellssveit. Sú jörð hefur marga kosti til slíkra nota og er svo vel hýst, að þar gætu dvalizt 20 vistmenn auk starfsfólks. Því miður varð ekki úr því sökum ágreinings um kaupverð. En við svo búið má ekki standa. Í Reykjavík og vafalaust einnig annars staðar eru svo margir drykkjusjúkir menn, sem eiga í raun og veru hvergi höfði sínu að halla, að óverjandi er að koma ekki á fót fyrir þá gæzluvistarhæli. Kjallari lögreglustöðvarinnar í Reykjavík er og enn næturstaður ólánssamra manna, sem vissulega þarfnast annars konar vistar vegna sjúkdóms síns.

Í janúar síðastliðnum var komið á fót í Reykjavík hjálparstöð fyrir drykkjumenn, Áfengisvarnastöð Reykjavíkur, og verður hún ein deild heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur. Starfa þar tveir læknar og tvær hjúkrunarkonur, og hefur sú starfsemi borið mikinn árangur. En aðstöðu á sjúkrahúsi vantar og sömuleiðis hæli fyrir drykkjusjúklingana.

Er tillaga þessi borin fram til þess að stuðla að því, að ekki verði dregið lengur að hefjast handa um nauðsynlegar ráðstafanir til hjálpar þeim olnbogabörnum þjóðfélagsins, sem nú eru einna mestrar hjálpar þurfi.

Nd. 52. Frumvarp til laga [49. mál]

um breyting á lögum nr. 50 1946, um almannatryggingar.

Flm.: Kristín Sigurðardóttir, Gylfi Þ. Gíslason, Helgi Jónasson, Kjartan J. Jóhannsson.

1. gr.

4. mgr. 63. gr. laganna orðist svo:

Ef bótaþegi dvelst í sjúkrahúsi, elliheimili eða annarri hliðstæðri stofnun, þar sem Tryggingastofnunin eða hið opinbera greiða fyrir hann að nokkru eða öllu leyti,

skal bótaþegi njóta hið minnsta 10% af bótum, sem ætlaðar hafa verið til framfærslu hans sjálfs. Heimilt er að hækka þennan bótahluta, ef sérstaklega stendur á.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar svo stendur á, að bótaþegi dvelst í sjúkrahúsi eða elliheimili, þar sem tryggingastofnunin eða aðrir opinberir aðilar greiða fyrir hann, hafa bætur til hans sjálfs verið með öllu felldar niður samkvæmt heimild í 63. gr. l. um almannatryggingar. Þessir bótaþegar hafa því ekki haft neitt af bótafénu til eigin umráða, og hefur það valdið þeim miklum örðugleikum. Erfitt er að vera algerlega peningalaus, jafnvel þótt um rúmfasta sjúklinga sé að ræða. Margt af þessu fólki er líka rólfært, en hefur ekki einu sinni möguleika til að eignast nauðsynlegustu flík eða skó á fót.

Til þess að ráða einhverja bót á þessu er frumvarp þetta flutt, en með því er lagt til, að aldrei megi taki meira en 90% af bótunum upp í sjúkrahúskostnaðinn, en bótaþegar hafi sjálfir 10% til eigin umráða.

Sþ. 53. Tillaga til þingsályktunar [50. mál]

um ráðstafanir til öryggis handritum, skjölum og forngripum.

Flm.: Gils Guðmundsson, Bergur Sigurbjörnsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja nú þegar undirbúning að sem öruggastri geymslu fyrir handritasafn og merkustu skjöl og forngripi þjóðarinnar, og sé þannig um búið, að söfnin verði jafnan tiltæk til notkunar. Heimilast ríkisstjórninni nauðsynlegt fé úr ríkissjóði til þessara ráðstafana.

Greinargerð.

Þáltill. sama efnis var flutt af Vilmundi Jónssyni á Alþingi 1941 (þskj. 26) og samþykkt í Sþ. 9. maí um vorið. En framkvæmdir urðu litlar. Eftir 12 ára frest getur eigi talizt vanþörf, að Alþingi láti ríkisstjórn vita, að vilji þess í málinu er óbreyttur og framkvæmdir enn brýnni en fyrr.

Með aukinni og breyttri hertækni hefur eld- og sprengihætta aukizt ört, svo að ekki þarf einu sinni styrjöld til þess, að hafnarhverfi Reykjavíkur geti tortímzt að meira eða minna leyti í einu vetfangi. Því verður ekki mótmælt með rökum, að hæfilega stór og hentug öryggisgeymsla fyrir óbætanleg þjóðarverðmæti verður að vera tiltæk hvenær sem er næstu áratugi, og ýmsa hluti mundi réttast að geyma þar að staðaldri.

Vel er, að Alþingi hefur látið í ljós þann vilja sinn, að Árnasafn skuli eigi skorta húsrúm, er það kemur hingað. Verður að telja, að þá sé einkum átt við húsnæði til notkunar á handritunum, en hún hlýtur að verða í Reykjavík, bundin við Landsbókasafn og háskóla. En að notkun fráskilinni ættu dýrgripir Árnasafns að dveljast í öryggisgeymslu á einhverjum þeim bletti Íslands, sem friðhelgastur mætti teljast, þó eigi meir en einnar eða tveggja stunda akleið frá Reykjavík.

Ed. 54. Breytingartillögur [32. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 116 29. des. 1951, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Gísla Jónssyni.

Framan við 1. gr. komi 2 nýir liðir:

a. Á eftir B. 89 í 1. gr. laganna komi nýr töluliður:
Arnarfjarðarvegur: Frá Rafnseyri inn fyrir Arnarfjörð, um Langanes, fyrir Geirþjófsfjörð og á Barðastrandarveg.

b. Töluliður B. 94 í 1. gr. laganna orðist svo:
Suðurfjarðavegur: Frá Bíldudal um Suðurfirði á Arnarfjarðarveg.

Nd. 55. Frumvarp til laga [51. mál]

um breyting á lögum nr. 22 19. marz 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 73. löggjafarþingi, 1953.)

1. gr.

2. mgr. 13. gr. laganna orðist svo:

Skilyrði bóta er, að innstæðufjárhæðin hafi verið talin fram til skatts. Þó skal þetta skilyrði ekki ná til innstæðufjár ófjárráða sparifjáreigenda, sem voru yngri en 16 ára í lok júnímánaðar 1946. Bætur skal miða við heildarinnstæðufjárhæð eins og hún var í árslok 1941 og í lok júnímánaðar 1946 og skal miða við lægri innstæðufjárhæðina. Bætur skal ekki greiða á heildarinnstæðufjárhæðir manna, sem lægri eru en kr. 200.00.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samhljóða bráðabirgðalögum, sem út voru gefin 20. apríl 1953, og lagt fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar. Um ástæður vísast til fylgiskjalsins.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breytingu á lögum nr. 22 19. marz 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

Forseti Íslands

gjörir kunnugt: Viðskiptamálaráðherra hefur tjáð mér, að ýmsir erfiðleikar hafi komið í ljós við framkvæmd 13. gr. laga nr. 22 19. marz 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., og telji hann því brýna nauðsyn á því að breyta fyrrgreindu lagaákvæði.

Vegna þess gef ég út bráðabirgðalög samkv. 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

2. mgr. 13. gr. laganna orðist svo:

Skilyrði bóta er, að innstæðufjárhæðin hafi verið talin fram til skatts. Þó skal þetta skilyrði ekki ná til innstæðufjár ófjárráða sparifjáreigenda, sem voru yngri en 16 ára í lok júnímánaðar 1946. Bætur skal miða við heildarinnstæðufjárhæð eins og hún var í árslok 1941 og í lok júnímánaðar 1946 og skal miða við lægri innstæðufjárhæðina. Bætur skal ekki greiða á heildarinnstæðufjárhæðir manna, sem lægri eru en kr. 200.00.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. apríl 1953.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Björn Ólafsson.

Ed. 56. Breytingartillögur [12. mál]

við frv. til áfengislaga.

Frá Páli Zóphóníassyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Tilgangur laga þessara er að vinna gegn áfengisneyzlu í landinu og því böli, sem af henni leiðir.
2. Við 3. gr. Orðin „sem hefur inni að halda meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli“ síðast í greininni falli burt.
3. Við 4. gr.
   a. Upphaf greinarinnar orðist svo: Nú kemur skip eða flugvél frá útlöndum.
   b. Á eftir orðunum „höfn, er skip“ í 2. málsgr. bætist: eða flugvél.
   c. Síðasti málsl. 3. málsgr. falli niður.
   d. Orðin „og óinnsiglaðan skipsforða áfengis“ í 4. málsgr. falli niður.
   e. 5. málsgr. falli niður.
   f. Á eftir orðunum „herskipa eða“ í síðustu málsgr. bætist: erlendra.
4. Við 8. gr. Í stað „Menningarsjóð“ komi: áfengisvarnasjóð.
5. Við 9. gr. Aftan við greinina bætist: Óheimilt er að gefa nokkurn afslátt af hinu ákveðna útsöluverði.
6. Við 11. gr. 2. töluliður falli niður.
7. Við 12. gr. Greinin falli niður.
8. Við 13. gr. Greinin orðist svo:
   Áfengisverzlun ríkisins og útsölur hennar mega aðeins afhenda áfengi gegn staðgreiðslu.
   Ákvæði þessarar greinar gilda þó ekki um sölu vínanda til lyfsala og lækna, sem rétt hafa til lyfsölu samkvæmt lögum þessum.
9. Við 14. gr.
   a. Orðin „eða banna vínveitingar á veitingastöðum, sem leyfi hafa til áfengisveitinga“ í síðari málsgr. falli burt.
   b. Tveir síðustu málsl. gr. falli burt.
10. Við 15. gr. Orðin „og veitingar“ í 1. málsgr. falli niður.
11. Við 18. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo: Með þeirri undantekningu, sem í 10. og 11. gr. segir.

12. Við 20. gr. Greinin orðist svo:
Bannað er að neyta áfengis í veitingastofum eða veitingatjöldum, þar sem almennar veitingar fara fram.
Lögreglustjóri má þó veita félögum manna leyfi til áfengisveitinga í félagsherbergjum eða almennum veitingastöðum. Slík leyfi má þó einungis veita í veizlum, samsætum eða öðrum þess háttar samkvæmum innanfélagsmanna og félagsgesta þeirra og þó því aðeins, að sýnt sé, að félagsskapurinn í heild eða einstakir þátttakendur í honum hafi ekki hagnað af.
Vínveitingaleyfi samkvæmt þessari grein má ekki veita skemmtifélögum né til vinneyzlu í samkvæmum, sem ætla má, að til sé stofnað í tekjuskyni fyrir félagið, veitingahúsið né einstaklinga.
13. Við 25. gr. Greinin orðist svo:
Leiki vafi á því, hvort sakborningur samkvæmt þessum kafla sé undir áhrifum áfengis, er dómara skylt, ef tök eru á, að láta lækni framkvæma blóðrannsókn, er skeri úr um málið.
14. Við 31. gr. Í stað „3%“ komi: 2%.
15. Við 32. gr. Greinin falli niður.
16. Við 33. gr. Greinin falli niður.
17. Við 39. gr. Greinin falli niður.
18. Við 41. gr. Greinin falli niður.
19. Við 48. gr. Í stað „Menningarsjóð“ komi: áfengisvarnasjóð.

Nd. 57. Nefndarálit [35. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 53 11. júní 1938, um mat á matjessíld og skozkverkaðri síld.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Hér er um að ræða staðfestingu á bráðabirgðalögum frá í sumar, og leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 13. okt. 1953.

Sig. Ágústsson, form., frsm. Gísli Guðmundsson, fundaskr. Pétur Ottesen.
Eggert Þorsteinsson. Eiríkur Þorsteinsson.

Nd. 58. Frumvarp til laga [52. mál]

um breyting á lögum nr. 41 29. apríl 1946, um stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands.

Flm.: Einar Olgeirsson, Karl Guðjónsson, Gunnar Jóhannsson.

1. gr.

6. gr. laganna orðist svo:
Lán seðlabankans til stofnlánadeildar samkv. 4. gr. skal vera fast framlag til áframhaldandi starfsemi deildarinnar. Þá fjárhæð, sem stofnlánadeildin hefur endurgreitt seðlabankanum, skal seðlabankinn að nýju greiða til deildarinnar.

Frá 1. janúar 1954 skal stofnlánadeildin starfa í einni deild. Lán út á fiskiskip, sem byggð eru innanlands, skulu að öðru jöfnu ganga fyrir.

Framkvæmdastjórn Landsbankans annast stjórn sjóðsins og tekur ákvarðanir um lánveitingar úr honum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1954.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi, og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

„Þegar stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbankann var stofnuð, var höfuðtilgangurinn sá að tryggja sjávarútveginum hagstæð stofnlán. Það ákvæði laganna, sem gerir ráð fyrir endurgreiðslu á árlegum afborgunum af lánum stofnlánadeildarinnar til seðlabankans, verður þess valdandi, að þau stofnlán, sem útveginum voru veitt með þessari löggjöf, hverfa nú til seðlabankans aftur og stofnfé sjávarútvegsins fer á þann hátt árlega minnkandi. Þörf sjávarútvegsins fyrir stofnlán fer þó ekki minnkandi, heldur fremur hið gagnstæða. Árlega þarf að endurnýja fiskiskipaflota landsmanna með byggingu nokkurra fiskibáta í stað þeirra, sem ganga úr sér og týnast. Einnig þarf árlega að byggja ný fiskiðjuver og önnur framleiðslutæki sjávarútvegsins.

Frv. þetta er flutt til þess að bæta úr brýnni þörf sjávarútvegsins fyrir stofnlán. Aðalbreytingar þær, sem frv. felur í sér, eru þessar:

1. Stofnlánadeildinni er breytt í varanlega lánastarfsemi í þágu sjávarútvegsins.
2. Deildin hættir að endurgreiða seðlabankanum það fé, sem hún innheimtir árlega.
3. Seðlabankinn greiðir deildinni aftur það fé, sem hún hefur greitt bankanum á undanförnum árum.
4. Frá 1. janúar 1953 byrjar stofnlánadeildin útlán að nýju og starfar þá í einni lánadeild.
5. Lán til skipa, sem byggð eru innanlands, skulu að jafnaði ganga fyrir um lánveitingar úr sjóðnum."

Lánsþörf sjávarútvegsins er brýnni nú en þá, og því er þetta frv. flutt á ný. Samþykkt frv. mundi leiða af sér lánsfjáraukningu, er næmi nú þegar um 25 millj. króna.

Nd. 59. Tillaga til þingsályktunar [53. mál]

um skipun nefndar samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til rannsóknar vegna bátagjaldeyris.

Flm.: Einar Olgeirsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skipa samkvæmt 39. gr. stjórnarskrárinnar nefnd innandeildarþingmanna til að rannsaka álagningu bátagjaldeyris og afleiðingar hennar, og skal nefndin hafa rétt til þess að heimta skýrslur, munnlegar og skriflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum.

Nefndin skal aðallega rannsaka eftirfarandi atriði og gefa deildinni síðan skýrslu um þau:

1. Hvaða aðilar bera ábyrgð á því, að fjárhagsráð gefur út reglugerð um bátagjaldeyri 8. marz 1951 eftir ósk ríkisstjórnarinnar, en án tilvitnunar í lög og án lagaheimildar?
2. Hve mikið fé hefur verið tekið af landsmönnum síðan í heimildarleysi með þessum hætti, og hve mikið hefur verzlunarálagningin hækkað vegna bátagjaldeyrisins?

3. Hvernig stendur á því, að bátagjaldeyrir hefur verið innheimtur við sölu freðfisks til Bandaríkjanna og fleiri landa, en ekki við sölu freðfisks til Sovétríkjanna?

Greinargerð.

Bátagjaldeyrir svonefndur var á lagður með reglugerð 8. marz 1951, er gefin var út af fjárhagsráði. Tilgreint var, að reglugerðin væri gefin út samkvæmt ósk ríkisstjórnarinnar, en ekki vitnað í nein lög útgáfu reglugerðarinnar til stuðnings, svo sem ella tíðkast. Mun fjárhagsráð hafa gert sér ljóst, að engin lög heimiluðu álagningu þessa skatts á almenning, en ríkisstjórn krafizt þess, að skatturinn yrði á lagður. Flutningsmaður þessarar þáltill. hefur áður á Alþingi reynt að knýja ráðherrana til þess að vitna í þær lagagreinar, sem þeir álitu að heimiluðu slíka álagningu skatts, en enginn ráðherra hefur treyst sér til þess að gera það, eftir að sýnt hefur verið fram á, að 11. og 13. gr. laganna um fjárhagsráð banna slíka meðferð gjaldeyris, en leyfa hana ekki. En þær greinar höfðu ráðherrarnir vitnað í.

Þar sem sýnt er, að um ólöglegt athæfi er að ræða, þegar bátagjaldeyririnn er á lagður og innheimtur, verður deildin að gera ráðstafanir til þess að rannsaka, hverjir bera ábyrgð á því, að þessi mikli skattur er tekinn af almenningi án allrar lagaheimildar. Það er Alþingi eitt, sem getur heimilað ríkisstjórn að leggja skatta og tolla á almenning. Slíkt er frumstæðasti réttur og vald þinga í þingræðislöndum. Ríkisstjórnir undanfarinna ára hafa lagt svo þunga skatta og tolla á með heimild þess meiri hluta, sem þær hafa haft á Alþingi, að ófært er, að þær leggi auk þess álögin á almenning þvert ofan í lög og rétt. Alþingi ber því skylda til að rannsaka og komast að raun um, hverjir eiga sök á þessu ólöglega framferði.

Þá er enn fremur nauðsynlegt, að gengið sé úr skugga um, hve mikið fé hefur verið tekið af almenningi með þessu ólöglega móti. Mun það nema hátt á annað hundrað milljónum króna, og mundu menn, sem eigi sætu í ráðherrastólum, sæta refsingu fyrir að taka með ólöglegum hætti fé af öðrum mönnum, þótt minna væri.

Þá er og rétt, að rannsóknarnefndin kryfji til mergjar, hvernig á því stendur, að við sölu freðfisks til Bandaríkjanna og fleiri landa þarf að bæta upp fiskverðið með framlagi almennings, er samsvarar 30% af fiskverðinu og tekið er með bátagjaldeyrinum. En við sölu á 20 þúsund smálestum freðfisks til Sovétríkjanna er enginn bátagjaldeyrir lagður á vöruna, sem þaðan er keypt. Hefði slíkt magn verið selt til Bandaríkjanna, hefði almenningur verið látinn borga með bátagjaldeyri sem meðgjöf a. m. k. 30% af andvirði fisksins eða um 36 milljónir kr. Það er nauðsynlegt, að almenningur fái að vita, hvernig háttað er sölu til hinna ýmsu landa á fiski, sem almenningur er látinn borga með svo að hundruðum milljóna króna skiptir sem meðgjöf, ekki sízt þegar það kemur í ljós, að hægt er að selja til annarra landa án slíkrar meðgjafar og því hægt að hlífa almenningi við þessum þungu álögum.

Þegar rannsókn þessi hefur fram farið og nefndin gefið deildinni skýrslu sína, yrði síðan að taka ákvarðanir um, hvað gera skyldi.

Nd. 60. Frumvarp til laga [54. mál]

um breyting á lögum nr. 116 1951, um breyting á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Flm.: Eiríkur Þorsteinsson.

1. gr.

1. gr. laganna breytist þannig:

a. Á eftir B. 89 kemur nýr liður, svo hljóðandi:

Vestfjarðavegur: Frá Hrafnseyri inn fyrir Borgarfjörð, um Mosdal og upp úr honum suður á Barðastrandarveg.

b. Á eftir B. 90 kemur nýr liður, svo hljóðandi:
Lokinhamravegur: Frá Haukadal í Dýrafirði eftir ströndinni til Lokinhamra í Arnarfirði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það hefur dregizt meir en hófi gegnir að ákveða samgöngulínuna til Vestfjarðanna, frá Þingeyrarvegi (sem liggur frá Þingeyri til Hrafnseyrar) á Barðastrandarveg. Þegar vegalög voru opnuð árið 1951, lágu fyrir Alþingi áskoranir frá mörgum áhrifamönnum í Vestur-Ísafjarðarsýslu og Ísafjarðarkaupstað um að taka inn á vegalög veg, sem tengdi Þingeyrarveg við Barðastrandarveginn. En einhvern veginn atvikaðist það svo á Alþingi, að vegurinn fékk ekki samþykki meiri hluta Alþingis þá. Var borið við, að ekki lægi fyrir nægilega fullkomin rannsókn á vegarstæðinu. Nú er þessari rannsókn lokið og vegarstæðið talið heppilegast frá Þingeyrarvegi, við Hrafnseyri, inn fyrir Borgarfjörð og Dynjandisvog, út í Mosdal, upp úr honum og þaðan yfir að veginum hjá Vatnsfirði á Barðaströnd. Þessi vegur er rúmir 50 km að lengd, og er þegar byrjað að leggja hann frá Hrafnseyri. Á svæði því, er vegur þessi tengir við aðalakvegi landsins, dveljast nú 7—8 þúsundir manna. Er það mikið óréttlæti, ef þessu fólki verður lengur meinað að fá þessa nauðsynlegu samgöngubót. Svo virðist sem ýmsir telji, að ráðin hafi verið bót á vegakerfi fyrir firðina fyrir vestan Ísafjarðardjúp með vegagerð yfir Þorskafjarðarheiði. Þá er eftir 4—5 klst. sigling með bifreiðar á skipum til Ísafjarðar. Aftur á móti er að komast á samfellt vegakerfi milli allra kauptúna vestan Ísafjarðardjúps allt til Arnarfjarðar.

Það ætti öllum Íslendingum að vera ljóst, hversu mikið áhugamál það hlýtur að vera fólki á eins afskekktum stöðum og hér er um að ræða að komast í akvegasamband við aðalakvegi landsins, enda virðist hér koma til greina fullkomin þjóðarnauðsyn.

Ed. 61. Breytingartillögur [32. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 116 29. des. 1951, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Andrési Eyjólfssyni.

Framan við 1. gr. koma nýir liðir:
1. gr. laganna breytist þannig:

a. B. 25 orðist svo:
Varmalandsvegur: Af Borgarfjarðarbraut austan Arnarholts að barnaskóla á Varmalandi.

b. B. 26 orðist svo:
Stafholtsvegur: Af Borgarfjarðarbraut austan Arnarholts um Stafholt að Flóðatanga.

c. Á eftir B. 29 koma 2 nýir liðir:
1. *Glitsstaðavegur:* Frá Vesturlandsvegi hjá Brók, með brú á Norðurá (á milli Glitsstaða og Svartagils) um Skarðshamra, um Krók, um væntanlega brú hjá Króki og á Norðurlandsveg.
2. *Borgarhreppsvegur:* Frá Vesturlandsvegi fyrir ofan Galtarholt um Valbjarnarvelli, Litla-Fjall, niður með Langá og á Stykkishólmsveg hjá Langárbrú.

d. Á eftir B. 30 kemur nýr liður:
Þverholtavegur: Af Álftaneshreppsvegi hjá Krossnesi um Þverholt, Álftárbakka og á Hraunhreppsveg austan brúar hjá Hrafnkelsstöðum.
e. Á eftir B. 32 kemur nýr liður:
Staðarhraunsvegur: Frá Raftás við Stykkishólmsveg um Staðarhraun og að Hítardal.

Sþ. 62. Fyrirspurnir. [55. mál]

I. Til ríkisstjórnarinnar um bifreiðakostnað ríkisins og opinberra stofnana.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

1. Hvað hefur ríkisstjórn og ráðuneytin margar bifreiðar í þjónustu sinni og hversu marga bifreiðarstjóra?
2. Hver varð kostnaður við bifreiðar þessar á árinu 1952?
3. Hversu margar eru þær bifreiðar aðrar, sem ríkissjóður greiðir kostnað við að nokkru eða öllu leyti, og hversu miklu nam sá kostnaður 1952?
4. Hversu margar eru þær bifreiðar, sem opinberar stofnanir eða opinber fyrirtæki greiða kostnað við að nokkru eða öllu leyti, og hversu miklu nam sá kostnaður 1952?
5. Eftir hvaða reglum fer það, hvort rekstur bifreiðar er að nokkru eða öllu leyti kostaður af ríkissjóði, opinberum stofnunum eða opinberum fyrirtækjum?

II. Til utanríkisráðherra um húsnæði leigt varnarliðsmönnum.

Frá Bergi Sigurbjörnssyni.

Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar, eða eru í undirbúningi af hálfu utanríkisráðuneytisins til að losa það íbúðarhúsnæði handa húsnæðislausum Reykvíkingum, sem herliðið eða erlendir menn á þess vegum hafa á leigu í Reykjavík?

Ef engar ráðstafanir hafa verið gerðar né eru í undirbúningi í þessu efni, hvernig stendur þá á því, að svo er ekki, þegar tekið er tillit til þess ástands, sem nú ríkir í húsnæðismálum bæjarbúa?

III. Til fjármálaráðherra um ólöglega innfluttar vörur.

Frá Bergi Sigurbjörnssyni.

1. Hinn 17. nóv. 1952 barst fjármálaráðuneytinu bréflega ákæra frá Félagi íslenzkra iðnrekenda (sbr. málgagn félagsins í ágúst s. l.) um það, að í verzlunum hér á landi væru vörur, sem þangað væru komnar eftir ólöglegum leiðum og ekki hefði verið greiddur af tollur.

   Lét fjármálaráðuneytið þá þegar fram fara rannsókn vegna þessarar ákæru? Ef svo var ekki, hverjar orsakir lágu þá til þess, að það var ekki gert?
2. Hinn 1. apríl 1953 ítrekaði F. Í. I. þessa ákæru með bréfi til fjármálaráðuneytisins.

   Var þá fyrirskipuð rannsókn vegna þessarar ákæru? Ef svo var ekki, hverjar orsakir voru því valdandi, að svo var ekki gert?

3. Hinn 7. sept. s. l. endurtekur F. Í. I. í þriðja sinn þá ákæru sína til fjármálaráðuneytisins, að hér séu á boðstólum tollsviknar vörur á frjálsum markaði.
   Hvað hefur sú athugun, sem fjármálaráðuneytið þá fól tollstjóra að framkvæma, leitt í ljós?
4. Hefur ríkisstjórnin í hyggju að fyrirskipa sakamálshöfðun gegn þeim aðilum, sem brotlegir kynnu að reynast, ef ákærur F. Í. I. væru á rökum reistar?
5. Hvernig er það tryggt almennt, að ekki séu hér á boðstólum tollsviknar vörur á frjálsum markaði?
6. Hvaða sérstakar ráðstafanir hafa verið og eru gerðar til þess að koma í veg fyrir það, að tollfrjálsar vörur hernámsliðsins á Keflavíkurflugvelli séu á boðstólum hér í verzlunum eða á annan hátt?

IV. Til ríkisstjórnarinnar um lánveitingar út á smábáta.

Frá Karli Kristjánssyni, Eiríki Þorsteinssyni og Gísla Guðmundssyni.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar 5. des. 1952, um lánveitingar út á smábáta og vátryggingar smábáta?

V. Til ríkisstjórnarinnar um notkun heimilda samkv. 22. gr. fjárlaga 1953 til atvinnubóta o. fl.

Frá Haraldi Guðmundssyni.

1. Hve miklu fé hefur ríkisstjórnin varið til að bæta úr atvinnuörðugleikum í landinu samkv. IV. lið 22. gr. fjárlaga, hverjum hefur verið veitt fé í þessu skyni, hve mikið hverjum, hvaða skilyrði hafa verið sett fyrir framlögum ríkissjóðs, og hvaða framlög hafa komið á móti?
2. Hve miklar ábyrgðir og fyrir hvaða aðila hefur ríkisstjórnin tekizt á hendur samkv. XVII. lið 22. gr. fjárlaga, hversu er háttað tryggingum fyrir lánunum, og hvaða loforð hafa verið veitt um ríkisábyrgð samkv. þessum lið?
3. Hefur ríkisstjórnin tekizt á hendur ábyrgð fyrir bæjarfélög þau, sem um getur í XVIII. lið 22. gr. fjárlaga, og, ef svo er, með hvaða skilyrðum og gegn hverjum tryggingum hefur ábyrgðin verið veitt?

VI. Til ríkisstjórnarinnar um lántöku fyrir Iðnaðarbanka Íslands h/f.

Frá Eggert Þorsteinssyni.

1. Hvaða ráðstafanir hefur ríkisstjórnin gert til þess að útvega allt að 15 millj. kr. lán eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til Iðnaðarbanka Íslands h/f, sem Alþingi heimilaði að taka með lögum nr. 29 16. febr. 1953?
2. Hvenær telur ríkisstjórnin möguleika á því, að lánið fáist?

VII. Til ríkisstjórnarinnar um bátagjaldeyri.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

1. Hve miklu nam bátagjaldeyrisálagið á árinu 1952?
2. Hver varð kostnaðurinn á sama tíma við framkvæmd reglnanna um bátagjaldeyri?

VIII. Til félagsmálaráðherra um smáíbúðalán.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

1. Hefur ríkisstjórnin notað að nokkru eða öllu leyti heimild l. nr. 97 1952, um öflun lánsfjár til smáíbúðabygginga?
2. Ef heimildin hefur ekki verið notuð að fullu, hvaða ráðstafanir hefur ríkisstjórnin þá gert til þess að afla þess fjár, er á vantar?

Nd. 63. Frumvarp til laga [56. mál]

um fjáröflun til byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum o. fl.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason, Hannibal Valdimarsson, Emil Jónsson, Eggert Þorsteinsson.

1. gr.

Fyrsti töluliður 1. gr. laga nr. 50 5. apríl 1948, um bráðabirgðabreyting nokkurra laga o. fl., falli niður.

2. gr.

Þriðji töluliður 3. gr. laga nr. 36 16. febr. 1952 orðist þannig:
Ríkissjóður leggur árlega í sjóðinn hálfan tekjuafgang Tóbakseinkasölu ríkisins.

3. gr.

Á árunum 1954—57 skal ríkisstjórnin gera ráðstafanir þær, sem í lögum þessum greinir, til þess að útvega lánsfé til íbúðarhúsabygginga.

4. gr.

Ríkisstjórnin skal setja reglur um lánveitingar þeirra stofnana og tryggingarfélaga, sem ávaxta fé í verðbréfum eða útlánum á annan hátt, annarra en banka og peningastofnana. Er ríkisstjórninni heimilt að kveða svo á í reglum þessum, að nefndum aðilum skuli skylt að ráðstafa ákveðnum hluta þess fjár, sem þeir verja til verðbréfakaupa á árunum 1954—57, til kaupa á skuldabréfum byggingarsjóðs verkamanna og byggingarsamvinnufélaga.

5. gr.

Ríkisstjórnin skal setja reglur um lánveitingar banka og annarra peningastofnana til íbúðabygginga. Er heimilt að kveða svo á í reglum þessum, að stofnanir þessar skuli á árunum 1954—57 verja ákveðnum hluta þess fjár, er þær lána, í lánveitingar til byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum, þ. á m. til kaupa á skuldabréfum byggingarsjóðs verkamanna og byggingarsamvinnufélaga og bankavaxtabréfa veðdeildar Landsbanka Íslands.

6. gr.

Á árunum 1954—57 skal ríkissjóður leggja lánadeild smáíbúða til 5 millj. kr. árlega sem stofnfé.

7. gr.

Ef ráðstafanir 2., 4., 5. og 6. gr. nægja ekki til þess, að byggingarsjóður verkamanna, byggingarsamvinnufélög og lánadeild smáíbúða geti fullnægt eftirspurn eftir lánsfé og sveitarfélög óska eftir lánsfé, sbr. 1. gr., skal ríkisstjórninni á árunum 1954—57 heimilt að taka að láni innanlands allt að 50 millj. kr. árlega til kaupa á skuldabréfum byggingarsjóðs verkamanna og byggingarsamvinnufélaga, bankavaxtabréfum veðdeildar Landsbanka Íslands og til þess að lána lánadeild smáíbúða og sveitarfélögum til íbúðarhúsabygginga, sbr. 1. gr.

8. gr.

Ef ekki reynist unnt að fá innanlands nægilega mikið lánsfé samkv. 7. gr., er ríkisstjórninni á árunum 1954—57 heimilt að taka að láni erlendis allt að 50 millj. kr. árlega í sama skyni og þar um ræðir.

9. gr.

Bankavaxtabréf þau, sem keypt eru samkv. 5., 7. eða 8. gr., skulu vera sérstakur flokkur. Fé því, sem veðdeildin fær á þann hátt, er henni heimilt að verja til lána gegn veði í fasteignum þannig, að allt að 350 kr. séu lánaðar gegn 1. veðrétti á hvern rúmmetra byggingar, en lán til þess að ljúka byggingu eða greiða eftirstöðvar byggingarkostnaðar þannig, að allt að 100 kr. séu lánaðar gegn 2. veðrétti og allt að 50 kr. gegn 3. veðrétti, enda hafi lán ekki verið veitt úr veðdeildinni gegn 1. veðrétti.

10. gr.

Innkaupastofnun ríkisins skal skylt að annast kaup á erlendu byggingarefni fyrir þau byggingarfélög verkamanna, byggingarsamvinnufélög og sveitarfélög, sem þess óska, fyrir þóknun, er eigi sé hærri en reiknað er ríkinu og ríkisfyrirtækjum.

11. gr.

Ríkisstjórnin skal sjá þeim, sem hafa hús í smíðum, fyrir tæknilegum leiðbeiningum, sem verða mættu til þess, að íbúðirnar yrðu sem hentugastar og ódýrastar. Skal sérstök áherzla lögð á, að byggingarframkvæmdum sé hagað þannig, að hægt sé að kaupa erlent efni í sem stærstum stíl og framleiða einstaka hluta, sem til húsagerðarinnar þarf, í fjöldaframleiðslu.

Ríkisstjórninni er heimilt að verja allt að 200 þús. kr. árlega til þess að styrkja tilraunir, sem gerðar eru á vegum atvinnudeildar háskólans eða annarra aðila á sviði byggingarmála. Enn fremur láti hún gefa út upplýsingarit um reynslu þá, sem fengizt hefur hérlendis og erlendis í byggingarmálum, varðandi t. d. efnisnotkun, vinnuaðferðir, steypumót, fjöldaframleiðslu á einstökum hlutum til bygginga o. s. frv.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þingmenn Alþýðuflokksins hafa á undanförnum þingum flutt ýmis frv. og tillögur, sem miðað hafa að því að bæta úr hinu alvarlega ástandi, sem verið hefur í húsnæðismálum þjóðarinnar. Þær hafa ekki náð fram að ganga, og hefur húsnæðisástandið undanfarið farið versnandi. Skortir mjög mikið á, að nægilega mikið hafi verið byggt til þess, að eðlilegri eftirspurn eftir nýju húsnæði hafi verið fullnægt, hvað þá að heilsuspillandi húsnæði hafi verið útrýmt með nýbyggingum.

1951—1952 fjölgaði íbúum í bæjum á Íslandi um 1624, en í Reykjavík einni um 1247. Gera má ráð fyrir, að byggja þurfi árlega um 400 íbúðir í kaupstöðum og kauptúnum vegna fólksfjölgunarinnar. Svo mikill fjöldi manna býr nú í húsnæði, sem ekki verður talið sómasamlegt, að á næstu 3—4 árum verður að byggja a. m. k. 400 íbúðir árlega til þess að útrýma þessu heilsuspillandi húsnæði. Á næstu árum verður því að byggja um 800 íbúðir árlega í kaupstöðum og kauptúnum, ef heilbrigðri eftirspurn á að verða fullnægt. 300 teningsmetra íbúðir munu nú kosta um 200 þús. kr. Ef gert er ráð fyrir slíkum íbúðum, yrði byggingarkostnaður 800 íbúða 160 millj. kr. Framleiðsla þjóðarinnar, metin á markaðsverði, mun í ár nema um 2500 millj. kr. En auk þess hefur þjóðin haft til umráða um 200 millj. kr. frá erlendum aðilum, sem lán og gjafir, svo að alls hefur þjóðin til umráða á þessu ári um 2700 millj. kr. Heildarfjárfesting þjóðarinnar mun í ár verða um 500 millj. kr., og fjárfesting í íbúðarhúsabyggingum yfirleitt um 114 millj. kr., þar af um 31 millj.

kr. í sveitum, en 83 millj. í kaupstöðum og kauptúnum. Með hliðsjón af þessum staðreyndum er ljóst, að það eru engar skýjaborgir að gera ráð fyrir byggingu 800 íbúða á ári í kaupstöðum og kauptúnum í 4 ár. Til þess að unnt yrði að ná því marki, þyrfti að tryggja þessum framkvæmdum tæpl. 80 millj. kr. umfram það, sem nú er varið til þeirra, en það eru 40% af því fé, sem Íslendingar hafa fengið frá erlendum aðilum umfram framleiðslu sína. 80 millj. kr. eru ekki mikið fé fyrir þjóð, sem hefur 2700 millj. kr. til ráðstöfunar, þegar um það er að ræða að bæta úr brýnustu þörfinni, sem nú er ófullnægt, húsnæðisþörfinni. Það, sem gera þarf, er að beina vinnuafli og fjármagni á skipulegan hátt að þessu stærsta verkefni, sem nú bíður óleyst í íslenzku þjóðfélagi, og að tryggja, að efni og vinna sé hagnýtt af fyllstu hagsýni, en á engu sviði efnahagslífsins mun nú eiga sér stað jafnmikil sóun vegna ófullkominna starfsaðferða og einmitt í byggingariðnaðinum. Af 160 millj. kr. byggingarkostnaði 800 íbúða munu um 40 millj. kr. vera erlend gjaldeyrisnotkun, en um 95 millj. kr. innlend vinnulaun. Með hliðsjón af tölum þeim, sem nefndar voru að framan um fjárfestinguna, og því, að gjaldeyristekjur þjóðarinnar voru í fyrra 963 millj. kr., er augljóst, að slík áætlun er auðveldlega framkvæmanleg, ef nauðsynlegar ráðstafanir eru gerðar til þess að tryggja íbúðarhúsabyggingunum þann forgang meðal framkvæmda þjóðarinnar, sem nú er sjálfsagður, og efni og vinna hagnýtt af fyllstu hagsýni.

Gera má auðvitað ráð fyrir því, að margir þeirra, sem byggja, séu svo vel efnum búnir, að þeir geti greitt verulegan hluta byggingarkostnaðarins sjálfir. En mestur hlutinn þarf þó á miklu lánsfé að halda, og margir þeirra þurfa meira að segja á að halda sérstakri aðstoð varðandi vaxtakjör, til þess að þeim verði kleift að eignast sæmilega íbúð, en gildandi lög gera einmitt ráð fyrir slíkri aðstoð, þótt færri hafi notið hennar undanfarið en skyldi sökum fjárskorts. Ef gert er ráð fyrir því, að þeir, sem byggja, leggi yfirleitt fram um fimmtung byggingarkostnaðar að meðaltali, þyrfti 128 millj. kr. lánsfé til byggingar 800 íbúða á ári. Það er um 5% af verðmæti þjóðarframleiðslunnar, og ætti að vera vel framkvæmanlegt að tryggja þessum framkvæmdum það fé.

Lög þau, sem sett voru 1946 fyrir forgöngu Finns heitins Jónssonar félagsmálaráðherra um opinbera aðstoð við íbúðarhúsabyggingar í kaupstöðum og kauptúnum, voru hinn ákjósanlegasti grundvöllur raunhæfra framkvæmda í byggingarmálum. Hins vegar hefur ekki verið byggt á þessum grunni sem skyldi, þar eð aðilum þeim, sem gert var ráð fyrir, að forgöngu hefðu um byggingarframkvæmdirnar, var ekki gert kleift að afla sér nægilegs fjármagns til þeirra og frestað var framkvæmd á kafla þeim, sem fjallaði um íbúðarbyggingar sveitarfélaga. Fyrsta sporið, sem stíga verður, er því að kveða á um, að ákvæði þessa kafla skuli koma aftur í framkvæmd. En jafnframt er nauðsynlegt að gera raunhæfar ráðstafanir til þess, að lög þessi, ásamt síðari viðauka um smáíbúðabyggingar, geti komið til fullra framkvæmda á þann hátt að tryggja nauðsynlegt fé þeim aðilum, sem gert er ráð fyrir, að byggingarnar annist. Er það markmið þessa frumvarps.

Á grundvelli gildandi laga um opinbera aðstoð við íbúðarhúsabyggingar í kaupstöðum og kauptúnum og þessa frv., ef að lögum yrði, ættu þeir, sem hug hafa á því að eignast íbúð, en geta ekki komið henni upp af eigin rammleik, að eiga kost á að velja milli þess að kaupa íbúð í verkamannabústöðum, byggingarsamvinnufélagi eða íbúð byggða af sveitarfélagi, eða að byggja sjálfir smáíbúð með aðstoð lánadeilda smáíbúða eða annars konar íbúð með aðstoð veðdeildar Landsbanka Íslands, en aðstoðar hennar ættu aðrir byggjendur auðvitað einnig að geta notið.

Stofnunum þessum skal tryggt fé til þess að geta fullnægt eftirspurn eftir lánsfé á þennan hátt:

1. Byggingarsjóður verkamanna fái framvegis hálfan tekjuafgang Tóbakseinkasölu ríkisins, eins og gert var ráð fyrir í fyrstu lögunum um verkamannabústaði. Á næsta ári yrði hér um að ræða 19.5 millj. kr. samkv. fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar.
2. Settar skulu reglur um, að ýmsar stofnanir og tryggingarfélög, sem lán veita

til framkvæmda, skuli láta skuldabréf byggingarsjóðs verkamanna og byggingarsamvinnufélaga sitja fyrir í verðbréfakaupum sínum upp að vissu marki.

3. Settar skulu enn fremur reglur um lánveitingar banka og annarra peningastofnana til þess að koma því til leiðar, að þessar stofnanir geri samræmt átak í þágu byggingarmálanna, og skulu þær m. a. kaupa skuldabréf byggingarsjóðsins, byggingarsamvinnufélaga og bankavaxtabréf upp að vissu marki.

4. Lánadeild smáíbúða fái 5 millj. kr. úr ríkissjóði árlega.

5. Veðdeild Landsbanka Íslands skal gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa og lána allt að 350 kr. gegn 1. veðrétti á rúmmetra, en veiti einnig lán til þess að ljúka byggingu eða greiða eftirstöðvar byggingarkostnaðar, þannig að allt að 100 kr. séu lánaðar gegn 2. veðrétti og allt að 50 kr. gegn 3. veðrétti, enda hafi veðdeildin ekkert lánað gegn 1. veðrétti.

6. Ef fyrrnefnd framlög úr ríkissjóði og lánveitingareglurnar tryggja þessum stofnunum ekki nægilegt fé til þess að fullnægja eftirspurn eða sveitarfélög óska eftir lánum úr ríkissjóði til byggingarframkvæmda sinna, skal ríkissjóður taka allt að 50 millj. kr. lán innanlands og ráðstafa því til þessara aðila. Reynist ekki unnt að fá allt lánsfé innanlands, skal leitað eftir láni erlendis, allt að 50 millj. kr.

Þá er og í frv. gert ráð fyrir því, að reynt verði að draga úr byggingarkostnaði með því, að Innkaupastofnun ríkisins annist innflutning á byggingarefni fyrir byggingarfélög og sveitarfélög fyrir sem lægsta þóknun. Enn fremur er til þess ætlazt, að ríkisstjórnin hafi forgöngu um lækkun byggingarkostnaðar á þann hátt, að sem fullkomnastri tækni sé beitt og kostir stórrekstrar hagnýttir í sem ríkustum mæli. En með slíkum ráðstöfunum má án efa byggja fleiri íbúðir en nú er gert með sama tilkostnaði.

Ed. 64. Breytingartillögur [32. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 116 29. des. 1951, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Páli Zóphóníassyni.

1. gr. orðist svo:

1. gr. laganna breytist þannig:

1. Í stað orðanna „að Suðurlandsvegi nálægt Hveragerði“ í A. 11 kemur: á Suðurlandsveg nálægt Hveragerði.
2. Í stað orðanna „Vatnsleysu til Geysis“ í A. 14 kemur: Vatnsleysu, hjá Geysi og til Gullfoss.
3. Í stað orðanna „sunnan Laxár“ í A. 26 kemur: hjá Sandlæk.
4. Í stað orðanna „að Hábæ í Þykkvabæ“ í A. 38 kemur: um Miðkot að Unhól í Þykkvabæ.
5. Í stað orðanna „að Múlakoti“ í A. 45 kemur: að Barkarstöðum.
6. Síðari málsl. A. 58 orðist svo: Með Þverálnum undan Bjarnarnesi yfir Hornafjarðarfljót ytra á Inn-Nesja- og Mýraveg í Holtum.
7. Á eftir B. 2 kemur nýr liður svo hljóðandi:
   Gufunesvegur: Af Keldnavegi að Gufunesi.
8. Í stað orðanna „Svínadal, vestan Skorradalsvatns .... hjá Hvítárvöllum“ í B. 8 kemur: Svínadal, Geldingadraga, niður Skorradal vestan Skorradalsvatns, um Hestháls, niður Andakíl á Vesturlandsveg hjá Hvítárvöllum.
9. Í stað orðanna „að Vatnshorni“ í A. 9 kemur: um Vatnshorn, að Haga, á Dragháls- og Skorradalsveg hjá Drageyri.
10. B. 15 (Hvalfjarðarvegur) fellur niður.
11. B. 18 orðist svo:
    Lundarvegur: Af Bæjarsveitarvegi hjá Fossatúni um Skálpastaði, Lund, Oddsstaði og yfir Grímsárbrú á Lundarreykjadalsveg hjá Brautartungu.

12. B. 19 orðist svo:
Bæjarsveitarvegur: Af Dragháls- og Skorradalsvegi nálægt Hesti, um Bæjarsveit með álmu að Hvítárbakka—Litla-Kroppi, yfir brú á Reykjadalsá hjá Kleppjárnsreykjum og á Borgarfjarðarbraut. Frá veginum liggur álma að flugvellinum á Kálfanesmelum og yfir brú á Reykjadalsá að Kletti.
13. Í stað orðanna „á Borgarfjarðarbraut nálægt Reykholti“ í B. 21 kemur: fram Hálsasveit og á Borgarfjarðarbraut fyrir utan Húsafell.
14. Í stað orðanna „með álmu yfir væntanlega brú á Hvítá hjá Bjarnastöðum og á Hálsasveitarveg hjá Stóra-Ási“ í B. 29 kemur: með álmu yfir brú á Hvítá, á Barnafossa, og á Borgarfjarðarbraut.
15. Í stað orðanna „Heydal að Bílduhóli á Skógarströnd“ í B. 33 kemur: Heydal á Skógarstrandarveg nálægt Bílduhóli.
16. B. 63 orðist svo:
Barðastrandarvegur: Af Vestfjarðavegi í Þorskafirði um Gufudalssveit, Múlasveit, Þingmannaheiði, Barðaströnd, Kleifaheiði til Geirseyrar við Patreksfjörð.
17. Í stað „Gufudalsvegi“ í B. 64 kemur: Barðastrandarvegi.
18. Í stað „Bjarnarfjarðarvegi“ í B. 67 kemur: Reykjarfjarðarvegi í Bjarnarfirði.
19. Í stað orðanna „að Árnesi“ í B. 68 kemur: um Árnes að Eyri við Ingólfsfjörð, með álmu frá Árnesi að Gjögri við Reykjarfjörð.
20. B. 69 fellur niður.
21. Í stað „Mýri“ í B. 72 kemur: Sandeyri.
22. B. 80 orðist svo:
Vestfjarðavegur: Frá Ísafirði um Breiðdalsheiði, inn fyrir Önundarfjörð um Gemlufallsheiði, inn fyrir Dýrafjörð, um Þingeyri, Brekkudal, Rafnseyrarheiði, inn fyrir Borgarfjörð og Dynjandavog um Mosdal og á Barðastrandarveg nálægt Hellu í Vatnsdal.
23. Í stað „Ísafjarðarvegi“ í B. 81 kemur: Vestfjarðavegi.
24. Í stað „Ísafjarðarvegi“ í B. 83 kemur: Vestfjarðavegi.
25. Í stað „Ísafjarðarvegi“ í B. 84 kemur: Vestfjarðavegi.
26. B. 86 orðist svo:
Ingjaldssandsvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Gemlufalli um Mýrar, Núp, Sandsheiði að Sæbóli á Ingjaldssandi.
27. B. 87 fellur niður.
28. B. 88 fellur niður.
29. B. 89 fellur niður.
30. Aftan við B. 91 bætist: með álmu að ferjustað við Arnarfjörð.
31. Í stað orðanna „að Reykjarfirði“ í B. 94 kemur: um Reykjarfjörð og á Vestfjarðaveg.
32. B. 96 fellur niður.
33. Í stað „Lambavatni“ í B. 97 kemur: Naustabrekku.
34. Í stað orðanna „að Norðurlandsvegi“ í C. 12 kemur: á Norðurlandsveg.
35. Í stað „Húnvetningabraut“ í C. 14 kemur: Norðurlandsvegi.
36. C. 16 orðist svo:
Svínadalsvegur: Af Reykjabraut við norðurenda Svínavatns, fram vestan Svínavatns um Auðkúlu á Svínvetningabraut, innan við innri enda Svínavatns.
37. Í stað orðanna „að sýslumörkum“ í C. 18 kemur: á Skagaveg á sýslumörkum.
38. Í stað orðanna „að sýslumörkum“ í C. 20 kemur: á Skagastrandarveg á sýslumörkum.
39. Í stað orðanna „að Ríp“ í C. 27 kemur: um Ríp að Eyhildarholti.
40. Í stað „Ólafsfjarðar“ í C. 31 kemur: Ólafsfjarðarkaupstaðar.
41. C. 34 orðist svo:
Dalvíkurvegur: Af Norðurlandsvegi á Moldhaugahálsi, um Arnarneshrepp, Árskógsströnd, yfir brú á Svarfaðardalsá hjá Ásgarði, um Dalvík, Upsaströnd og Ólafsfjarðarmúla til Ólafsfjarðarkaupstaðar.

42. Orðin „innst á Vaðlaheiði“ í C. 44 falla niður.
43. Á eftir orðunum „Af Fnjóskadalsvegi“ í C. 47 bætist: eystri.
44. Í stað „Vaðlaheiðarvegi“ í C. 48 kemur: Norðurlandsvegi.
45. Í stað orðanna „yfir væntanlega brú hjá Stóru-Völlum“ í C. 53 kemur: að Mýri, með þverálmu hjá Stóru-Völlum yfir væntanlega brú á Skjálfandafljóti á Bárðardalsveg eystri nálægt Sandvík.
46. Í stað orðanna „að vegamótum Kópaskers- og Hólsfjallavega“ í C. 55 kemur: og á Kópaskers- og Raufarhafnarveg.
47. Í stað orðanna „að vegamótum Tjörnesvegar hjá Lóni í Kelduhverfi“ í C. 57 kemur: og á Þingeyjarsýslubraut hjá Lóni í Kelduhverfi.
48. C. 59 orðist svo:
    Kópaskers- og Raufarhafnarvegur: Af Norðurlandsvegi skammt frá Grímsstöðum um Hólasand skammt frá Dettifossi, Axarfjörð, Kópasker, Raufarhöfn og á Axarfjarðarheiðarveg nálægt Svalbarði.
49. C. 61 fellur niður.
50. Orðin „yfir Möðrudalsheiði“ í D. 4 falla niður.
51. Í stað orðanna „hjá Bóndastöðum“ í D. 9 kemur: nálægt Ásgrímsstöðum.
52. Í stað orðanna „og á Fljótsdalsveg .... innan Valþjófsstað“ í D. 11 kemur: og Fljótsdal og Kleif með álmu yfir brú á Jökulsá á Skóga- og Fljótsdalsveg utan við Víðivelli ytri.
53. D. 14 orðist svo:
    Seyðisfjarðarvegur syðri: Frá Seyðisfirði um Þórarinsstaði að Skálanesi.
54. Í stað orðanna: „Heyskálum .... í Borgarfirði“ í D. 16 kemur: Heyskálum, yfir Vatnsskarð, um Njarðvík, Bakkagerði inn Borgarfjörð að Hvannstóði.
55. Í stað orðanna „yfir væntanlegar .... Valþjófsstað“ í D. 23 kemur: að Sturluflöt.

Nd. 65. Breytingartillögur [54. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 116 1951, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Jóni Sigurðssyni og Steingrími Steinþórssyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina komi:

1. Á eftir C. 24 koma 3 nýir liðir:
   a. *Efribyggðarvegur:* Af Skagafjarðarvegi hjá Álftagerði um Efribyggð að Syðri-Mælifellsá.
   b. *Vesturdalsvegur:* Af Skagafjarðarvegi hjá Tunguhálsi að Giljum í Vesturdal.
   c. *Austurdalsvegur:* Frá Jökulsárbrú hjá Goðdölum að Skatastöðum í Austurdal.
2. Aftan við C. 29 bætist: með álmu inn Unadal að Hrauni.
3. Á eftir C. 29 kemur nýr liður:
   Flókadalsvegur vestri: Af Siglufjarðarvegi vestan við Yzta-Mó að Illugastöðum í Flókadal.

Ed. 66. Breytingartillaga [32. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 116 1951, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Jóni Kjartanssyni.

Framan við 1. gr. komi:
Á eftir A. 57 í 1. gr. laganna komi nýr liður:
Mörtunguvegur: Af Suðurlandsvegi austan Geirlandsár, um Prestbakka að Mörtungu.

Ed. 67. Frumvarp til laga [57. mál]

um framkvæmd á heilsugæzlukafla laga um almannatryggingar, nr. 50/1946, og um afnám iðgjalda hinna tryggðu samkv. þeim lögum.

Flm.: Brynjólfur Bjarnason, Finnbogi R. Valdimarsson.

1. gr.

III. kafli laga um almannatryggingar, nr. 50/1946 (heilsugæzla), skal koma til framkvæmda frá 1. jan. 1954.

2. gr.

Þau ákvæði l. nr. 50/1946, um almannatryggingar, og laga um breytingar á þeim lögum, sem fjalla um persónuiðgjöld hinna tryggðu, skulu úr gildi falla 1. jan. 1954.

3. gr.

116. gr. laga nr. 50/1946 orðist svo:
Ríkissjóður ábyrgist greiðslu bóta og kostnaðar af heilsugæzlu samkvæmt lögum þessum og leggur fram til tryggingarsjóðs það, sem á vantar, að aðrar tekjur hans nægi til þess að inna af höndum árlegar greiðslur. Skal taka á hver fjárlög áætlunarupphæð í þessu skyni eftir áætlun tryggingaráðs.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt í fyrsta sinn 1951, en var þá ekki afgreitt. Það er tvíþætt að efni. Að öðrum þræði er það tryggingamál, þar sem mælt er svo fyrir, að einn meginþáttur almannatrygginganna — kaflinn um heilsugæzlu — skuli koma til framkvæmda. Að hinum þræðinum er það skattamál, að því leyti sem mælt er fyrir um, að persónuiðgjöld til almannatrygginganna skuli falla niður, en ríkissjóður skuli í staðinn leggja tryggingasjóði til það fé, sem á vantar til að bera uppi tryggingarnar.

Á þinginu 1951—52 var samþykkt þingsályktunartillaga um heildarendurskoðun laga um skatta og útsvör. Er þar m. a. mælt svo fyrir, að lögð skuli áherzla á að gera skattalöggjöfina svo einfalda og auðvelda í framkvæmd sem frekast er unnt. Flutningsmenn telja, að þetta frumvarp stuðli einmitt að því. Þar sem boðað hefur verið, að frumvarp um ný skattalög verði lagt fyrir þetta þing, telja þeir, að tímabært sé að flytja þetta frv. að nýju, þannig að það verði tekið til athugunar og afgreitt samtímis skattalögunum, þar sem hér er um mál að ræða, sem ekki verða skilin hvort frá öðru.

Þegar lögin um almannatryggingar voru sett árið 1946, var eitt höfuðnýmæli þeirra það, að komið skyldi upp skipulagðri heilsugæzlu og heilsuvernd. Fjallar III. kafli laganna um þetta efni. Var þá í upphafi ákveðið, að þessi kafli laganna skyldi koma til framkvæmda 1. jan. 1948. Við það var þó ekki staðið, heldur var fram-

kvæmd heilsugæzlunnar frestað hvað eftir annað, og samkvæmt þeim lagaákvæðum, sem nú gilda, á hún að koma til framkvæmda 1. jan. 1955.

Flutningsmenn telja, að þegar sé orðinn allt of langur dráttur á framkvæmd þeirra mikilvægu fyrirmæla, sem felast í heilsugæzlukafla almannatryggingalaganna, og leggja áherzlu á, að tafarlaust verði hafinn undirbúningur til þess, að þau geti komið til framkvæmda um næstu áramót.

Um fjárhagshlið frv. er það annars að segja, að með þeirri skatta- og tollaáþján, sem almenningur nú býr við, ásamt vaxandi dýrtíð, er mikil hætta á því, að fjöldi manna geti ekki staðið í skilum með þessi gjöld og tapi af þeim sökum réttindum. Einkum er þessi hætta mikil, þegar atvinnuleysi steðjar að. Fyrir þessum réttindamissi verða einmitt þeir, sem sízt mega við því, fátækasta fólkið.

Í þessu sambandi er rétt að taka það fram, að ríkissjóður sækir nú í vasa hverrar fimm manna fjölskyldu að meðaltali sem svarar 12 þús. kr. á ári í tollum og óbeinum sköttum og 15 þús. kr., ef ágóði af einkasölum er talinn með. Og undan þeirri innheimtu verður ekki komizt, því að hún er fólgin í fötum og fæði og öðrum daglegum nauðþurftum fjölskyldunnar. Við þessi lögþvinguðu iðgjöld heimilanna bætast svo meðal annars iðgjöld til almannatrygginganna og sjúkrasamlaganna, sem nema nú í Reykjavík 1362 krónum á ári fyrir kvæntan mann.

Af öllum þessum ástæðum leggja flutningsmenn til, að þessi persónuiðgjöld verði felld niður, en framlag ríkissjóðs hækki sem því svarar. Að sjálfsögðu hefði þetta í för með sér allmjög aukin útgjöld fyrir ríkissjóð. Nú hefur ríkisstjórnin talið sér fært að lofa því, að tekjuskatturinn skuli lækkaður. En afnám iðgjaldanna mundi einmitt vera sú skattalækkun, sem kæmi að mestum notum fyrir allan almenning, auk þess sem það miðar að því að gera alla skattheimtuna einfaldari og kostnaðarminni.

Nd. 68. Frumvarp til laga [58. mál]

um breyting á lögum nr. 40 23. maí 1949, um áburðarverksmiðju.

Flm.: Bergur Sigurbjörnsson, Gils Guðmundsson.

1. gr.

Upphaf 1. málsgr. 13. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt þrátt fyrir ákvæði 2. gr. að leita eftir þátttöku bænda og félags- og stéttarsamtaka bænda um hlutafjárframlög til stofnunar áburðarverksmiðjunnar.

2. gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Ríkissjóði er skylt að innleysa á nafnverði hlutabréf annarra hluthafa, sem hlutabréf hafa keypt í rekstrarfélaginu Áburðarverksmiðjan h/f, að viðbættum 6% ársvöxtum af upphæðinni frá því að hlutabréfin voru keypt, enda sé þeim aðilum, sem um ræðir í 13. gr. (sbr. 1. gr. hér að framan), gefinn kostur á að kaupa þau hlutabréf, sem ríkissjóður innleysir samkv. framangreindum ákvæðum.

Umboð þeirra tveggja stjórnarnefndarmanna, er núverandi hluthafar, aðrir en ríkissjóður, hafa kosið, falla þegar niður, og skulu búnaðarmálastjóri og formaður Stéttarsambands bænda taka sæti þeirra í verksmiðjustjórninni, unz sölu þeirra hlutabréfa, sem um ræðir í þessari grein, er lokið og hinir nýju hluthafar hafa kosið tvo stjórnarnefndarmenn samkv. 13. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar fyrst var borið fram frumvarp á Alþingi um að stofna og reka áburðarverksmiðju hér á landi, var svo ráð fyrir gert, að ríkissjóður skyldi einn leggja fé til þess fyrirtækis auk lána, sem heimilt skyldi að taka vegna stofnkostnaðar verksmiðjunnar. Skyldi verksmiðjan síðan sjálf standa straum af þeim lánum með rekstri sínum, enda var þá lagt til, að hún yrði sjálfseignarstofnun.

Á því stigi málsins, og raunar bæði fyrr og síðar, var því fram haldið, að það væri eitt af brýnustu hagsmunamálum bænda, að rekin yrði hér á landi áburðarverksmiðja.

Samkvæmt eðli málsins er það auðsætt, ekki síst eftir að sýnt er, að áburðarverksmiðjan verður að veruleika, að bændur eiga mestra hagsmuna að gæta í sambandi við það fyrirtæki, rekstur þess og stjórn, þar sem þeir eiga og þurfa að nota aðalframleiðsluvöru verksmiðjunnar, áburðinn, við atvinnu sína. Hagkvæmni eða óhagkvæmni í rekstri áburðarverksmiðjunnar hefur því áhrif á afkomu og lífsbjargarmöguleika bænda umfram aðrar stéttir þjóðfélagsins.

Í samræmi við þetta mátti þegar í upphafi telja eðlilegt, að bændum yrði tryggður réttur til að hafa áhrif á rekstur og stjórn áburðarverksmiðjunnar. Verður nauðsyn þess þó enn ljósari, þegar það er haft í huga, að gert er ráð fyrir því, að öll lán vegna stofnkostnaðar verksmiðjunnar verði greidd á 20 árum úr rekstri hennar og þá fyrst og fremst af bændum, sem kaupa áburðinn og borga þessi lán í áburðarverðinu.

Þegar lög nr. 40 frá 23. maí 1949, um áburðarverksmiðju, voru samþykkt, var þannig frá þeim gengið, að heimilt var að breyta verksmiðjunni í hlutafélag, þar sem ríkissjóður yrði stærsti hluthafinn. Var þá af ýmsum talið, að þetta væri gert til þess að gefa bændum kost á að eignast hlutdeild í þessu mikilvæga fyrirtæki, sem verið var að stofna í þágu landbúnaðarins, og tryggja rétt þeirra til áhrifa á rekstur þess og stjórn.

Þegar framangreind heimild í lögum nr. 40 23. maí 1949 kom til framkvæmda og áburðarverksmiðjunni var breytt í hlutafélag, urðu hins vegar þau mistök í sambandi við það mál, að aðrir aðilar en bændur fengu að kaupa og keyptu öll þau hlutabréf, sem seld voru öðrum en ríkissjóði.

Kom það þá fljótlega í ljós, svo sem vænta mátti, að bændur undu því illa að vera sniðgengnir í þessu máli og töldu óeðlilegt, að aðilum, sem ekki höfðu sýnilega annarra hagsmuna að gæta í sambandi við þetta mál en að öðlast hlutdeild í gróða af áburðarframleiðslu, ef um slíkt yrði að ræða, væri gefinn kostur á að eignast hlutdeild í áburðarverksmiðjunni og kjósa tvo menn í stjórn hennar, en bændum og sérsamtökum þeirra ekki. Hafa Búnaðarfélag Íslands, Stéttarsamband bænda og fleiri félagssamtök þeirra samþykkt ályktanir þess efnis, að Alþingi hlutist til um, að hlutur bænda verði réttur í þessu efni.

Þjóðvarnarflokkur Íslands hefur áður látið í ljós þá skoðun, að hann telji, að hér sé um sanngirniskröfu að ræða af hálfu bænda með tilliti til eðlis málsins.

Fyrir okkur flutningsmönnum þessa frumvarps vakir því það, að fá hlut bænda réttan og koma til móts við óskir þeirra í þessu máli, jafnframt því að þau mistök, sem orðið hafa í sambandi við hlutabréfasölu í áburðarverksmiðjunni, verði leiðrétt.

Þess vegna leggjum við til, að lögum nr. 40 23. maí 1949 verði breytt á þann veg, að það sé ótvírætt, að bændur og sérsamtök þeirra eigi rétt á að eiga og reka áburðarverksmiðjuna móti ríkissjóði og aðrir ekki.

Í samræmi við það leggjum við svo til, að þau hlutabréf, sem þegar hafa verið seld, verði endurkeypt af ríkissjóði, þeim að skaðlausu, sem keypt hafa, og endurseld bændum og sérsamtökum þeirra.

Kostnaður ríkissjóðs af þessum sjálfsögðu breytingum yrði svo lítill, að ekki væri ástæða til að horfa í hann og allra síst, ef það er haft í huga, að hér er um að ræða eitt af mikilvægustu fyrirtækjum í þágu bændastéttarinnar, sem á eftir að hafa mikil áhrif á hag hennar og afkomu um langa framtíð.

Ed. 69. Nefndarálit [14. mál]

um frv. til l. um breyt. á 1. mgr. 39. gr. laga nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis.

Frá allsherjarnefnd.

Hér er um að ræða staðfestingu á bráðabirgðalögum frá 27. maí 1953. Allsherjarnefnd leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 15. okt. 1953.

Hermann Jónasson, form. Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskr., frsm. Lárus Jóhannesson.
Guðm. Í. Guðmundsson. Páll Zóphóníasson.

Nd. 70. Tillaga til þingsályktunar [59. mál]

um endurskoðun á gjaldskrá héraðsrafmagnsveitna ríkisins.

Flm.: Jón Sigurðsson, Pétur Ottesen, Jörundur Brynjólfsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að endurskoða gjaldskrá héraðsrafmagnsveitna ríkisins, nr. 47 10. marz 1952, og þá sérstaklega í því skyni að gera á henni eftirfarandi breytingar:

1. að lækka fastagjald af gripahúsum,
2. að lækka fastagjald vegna vélanotkunar samkv. C. 5, t. d. þannig, að það miðist við notkunartíma vélanna og fastagjald greiðist ekki fyrir þá mánuði, sem vélarnar eru ekki notaðar.

Greinargerð.

Í gjaldskrá fyrir héraðsrafmagnsveitur ríkisins er svo fyrir mælt, að af gripahúsum og öðrum húsum, sem notuð eru við búskap, skuli greiða fastagjald eins og af félagsheimilum, skólum, sjúkrahúsum, gistihúsum og þess háttar. Hefur þetta gjald valdið því, að þorri bænda treystist ekki til að taka rafmagn í útihús, nema það minnsta, sem komizt verður af með.

Þá finnst bændum ósanngjarnt að verða að greiða auk gjalds fyrir raforkuna fastagjald, er nemur 1200 kr. á ári, af hverjum rafmagnsmótor, sem notaður er til heyblásturs eða annarra starfa um sumartímann. Skiptir þar engu, hvort mótorinn er notaður í 1 mánuð eða t. d. 6 mánuði á ári hverju. Hefur þetta orðið til þess, að sumir bændur hafa horfið frá að afla sér slíkra mótora, en leitað í þess stað annarra úrræða. Að fenginni þessari reynslu teljum við flutningsmenn þessarar tillögu tímabært að taka þessi umræddu ákvæði til endurskoðunar og leiðréttingar.

Ed. 71. Frumvarp til laga [60. mál]

um breyting á lögum nr. 93 27. nóv. 1951, um breyting á lögum nr. 97 12. des. 1945, um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

(Lagt fyrir Alþingi á 73. löggjafarþingi, 1953.)

1. gr.

Í stað „30 000“ í 1. gr. laganna komi: 35 000.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt eftir tilmælum stjórnar Happdrættis Háskóla Íslands og fylgdi því svofelld greinargerð af hennar hálfu:

Fjölgun sú á hlutum í Happdrætti Háskóla Íslands, úr 25000 í 30000, er gerð var fyrir 2 árum, hlaut svo góðar viðtökur, að viðbótin er nú uppseld, og á þessu ári er seld hærri hundraðstala hlutanna (95,5%) en nokkru sinni áður. Enn er nokkur eftirspurn eftir heilmiðum og hálfmiðum, sem ekki er nú hægt að fullnægja, og ekki verður nú bætt við nýjum umboðum, sem þó væri æskilegt.

Enda þótt tekjur happdrættisins hafi aukizt að mun við síðustu breytingu, eru þær enn mun minni en fyrir 18—19 árum í samanburði við byggingarkostnað, og er því full þörf á að færa sér í nyt þá tekjuvon, sem til er.

Ed. 72. Frumvarp til laga [61. mál]

um heimild handa ríkisstjórninni til að taka lán hjá Framkvæmdabanka Íslands vegna alþjóðaflugþjónustu.

(Lagt fyrir Alþingi á 73. löggjafarþingi, 1953.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka að láni hjá Framkvæmdabanka Íslands allt að kr. 4 100 000.00 til þess að reisa stuttbylgjustöðvarhús á Rjúpnahæð, sem verði notað í þágu alþjóðaflugþjónustu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ísland er þátttakandi í Alþjóðaflugmálastofnuninni (ICAO). Sem þátttökuríki hefur Ísland tekið að sér að sjá um þjónustu fyrir almennar flugferðir um norðanvert Atlantshaf. Áhöldum og tækjum, sem notuð hafa verið til þessarar þjónustu, er komið fyrir í bráðabirgðaskýli á Rjúpnahæð við Reykjavík. Brýna nauðsyn ber nú til að endurnýja þenna húsakost, til þess að þjónusta þessi verði rekin áfram á viðunandi hátt og verðmætum áhöldum og vélum forðað frá skemmdum.

Um þetta hefur verið rætt af þátttökuríkjum alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Á ráðstefnu þeirri, sem þátttökuríkin héldu í Brighton í Englandi í sumar, samþykktu þau að auka framlög sín til stofnunarinnar, til þess að hún gæti aukið framlög sín til Íslands sem svaraði auknum kostnaði við endurnýjun umræddrar framkvæmdar.

Framkvæmdirnar, sem á að greiða með láninu, eru byggingar á Rjúpnahæð að stærð 5377 m^3, lagning vegar að húsinu og flutningur og uppsetning véla og tækja í hinu nýja húsi.

Tekin var í fjárlagafrumvarpið fyrir árið 1954 heimild til umræddrar lántöku, en þar sem hraða þarf málinu, er heimildarinnar nú leitað með sérstöku frumvarpi.

Nd. 73. Breytingartillögur [54. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 116 1951, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Sigurði Bjarnasyni.

Á undan a-lið 1. gr. frv. bætast nýir liðir:

1. Aftan við B. 71 bætist: með álmum frá Melgraseyri að Laugalandi og frá Selárbrú að Skjaldfönn.
2. Fyrir orðin „að Mýri“ í B. 72 kemur: að Sætúnsbryggju í Grunnavík.
3. Á eftir B. 73 kemur nýr liður:
   Laugardalsvegur: Af Ögurvegi við botn Strandseljavíkur að Efstadal.
4. Á eftir B. 74 kemur nýr liður:
   Mjóafjarðarvegur: Frá Skálavík í Mjóafjarðarbotn á Ögurveg.
5. Fyrir orðin „fyrir Álftafjarðarbotn að Eyri í Seyðisfirði“ í B. 82 kemur: fyrir Álftafjörð, Seyðisfjörð, Hestfjörð og Skötufjörð að Hjöllum.

Nd. 74. Frumvarp til laga [62. mál]

um breyting á lögum nr. 30 1943, um breyting á lögum nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson.

1. gr.

Á eftir A. I. d. 31 í 1. gr. laganna kemur nýr liður, svo hljóðandi:
Ölfusá hjá Óseyrarnesi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt enn á ný. Svo hljóðandi greinargerð fylgdi því á seinasta þingi:

„Á síðastliðnu þingi var þetta frv. flutt. Við þm. Árnesinga höfum haft samráð um, að það sé flutt á ný. Svo hljóðandi greinargerð í höfuðatriðum fylgdi málinu:

Eins og kunnugt er, hefur fyrir nokkru verið hafin hafnargerð í Þorlákshöfn. Þó að mikið sé eftir að vinna af því verki, eins og ætlazt er til að höfnin verði, þegar hún er fullgerð, þá er því þó komið það mikið áleiðis, að nokkuð stór skip geta lagzt þar að bryggju. Það er ásetningur manna í héruðunum austanfjalls að flýta þessu mannvirki svo sem verða má. Ber margt til þess.

Um nokkurt skeið hefur orðið að flytja allar vörur til og frá Reykjavík á bílum, jafnt þungavörur sem annan flutning. Hefur þetta haft óhemju kostnað í för með sér. Nú hefur 1—2 síðustu árin verið flutt nokkuð af vörum til Þorlákshafnar, en meira mundi það þó hafa orðið, ef hafnargerðin hefði verið komin lengra áleiðis. Frá Þorlákshöfn hafa svo vörurnar verið fluttar á bílum austur um sveitir, og er það alllöng leið.

Um langt skeið var Þorlákshöfn ein af þekktustu verstöðvum landsins. Fiskimið, ein þau beztu, eru þar nærri. Þaðan gekk um langa tíð fjöldi skipa til fiskveiða. Sakir hafnleysisins og erfiðra lendingarskilyrða lagðist sjósókn þar niður að kalla um tíma. Nú er sjósókn hafin þaðan á ný og hefur gengið ágætlega. Skortir

þó mikið á, að hafnargerðin sé það langt komin, að hægt sé að hafa þann bátafjölda, sem fljótlega mundi koma, ef hafnarrýmið væri meira.

Frá Stokkseyri og Eyrarbakka eru gerðir út nokkrir bátar. Er frá þeim stöðum báðum skammt á góð fiskimið. En stopul reynist sjósóknin oft og einatt frá þessum stöðum. Fram af báðum kauptúnunum er mikill skerjaklasi og brimar fljótt, þegar stormasamt er og vindur stendur af hafi. Hefur það og nokkrum sinnum komið fyrir, að þó að róið hafi verið í kyrrum sjó, þá hefur brimað svo skyndilega, að landtaka hefur reynzt torveld og stundum ófær, og hefur þá verið leitað til Þorlákshafnar. Verður slík lending örugg, þegar gerð hafnarinnar er lengra komin áleiðis en nú er.

Þrásinnis kemur það fyrir að vetrarlagi, að ekki verður komizt á sjó frá Stokkseyri og Eyrarbakka, þó að dágott sé í sjóinn þegar út er komið. Verða því oft og einatt margir landlegudagarnir á þessum stöðum aðeins fyrir hafnleysið. Hafa að vísu lendingarbæturnar, sem gerðar hafa verið, bætt mikið úr því, sem áður var, en samt sem áður má búast við, að sjór verði ekki sóttur frá þessum kauptúnum að staðaldri í umhleypingasamri tíð. Má fara nærri um það, hvernig atorkusömum og kappsfullum sjómönnum er innanbrjósts, er þeir komast ekki á sjóinn sakir illrar lendingar, en gnægð fiskjar á miðunum, ef á sjó verður komizt. Það er því alveg víst, að jafnskjótt og höfnin í Þorlákshöfn getur tekið á móti mörgum bátum, þá munu Stokkseyringar og Eyrbekkingar sækja sjó frá Þorlákshöfn, þegar gæftir eru illar til að sækja sjóinn að heiman.

Þá er það líka fullvíst, að Vestmannaeyingar munu oft og tíðum í framtíðinni leita til Þorlákshafnar, þegar tvísýnt er um siglingu heim til Eyja. Það getur því fljótlega farið svo, að Þorlákshöfn verði ein af stærstu verstöðvum á landinu og landflutningar að og frá höfninni verði mjög miklir. Má gera ráð fyrir, að slíkir flutningar verði einmitt mjög miklir að Stokkseyri og Eyrarbakka. Frystihús eru bæði á Stokkseyri og Eyrarbakka, og má gera ráð fyrir, að hagnýting aflans verði í nánum tengslum við starfsemi þeirra. Nú hafa kauptúnin (Stokkseyri og Eyrarbakki) komið sér saman um að reisa fiskimjölsverksmiðju. Síðastliðinn vetur var fiskúrgangurinn fluttur á bílum frá kauptúnunum út í Þorlákshöfn. Er sú vegalengd um 40—50 km, og kostaði flutningurinn rúmar 100 kr. á tonn. Um brú hjá Óseyrarnesi mun vegalengdin vera rúmir 12 km út í Þorlákshöfn frá Eyrarbakka. Skiptir því mjög miklu máli, að leið til landflutninga verði sem allra skemmst að hægt er til þessara staða og héraðanna í heild.

Þessi leið liggur frá Þorlákshöfn austur sandana, yfir Ölfusá hjá Óseyrarnesi, um Eyrarbakka og svo áfram til héraðanna fyrir austan, eftir því hvert farið er. En þá þarf að brúa Ölfusá hjá Óseyrarnesi. Brúarstæði mun vera þarna gott á ánni, en talsvert mikið mannvirki verður brúin, en í slíkt er ekki horfandi, þar sem gagnsemi hennar mun verða afar mikil.

Þetta hafa menn líka komið auga á eystra, og hefur þetta verið rætt þar. Hafa t. d. Eyrbekkingar vakið máls á þessu og rætt það mál sín á milli. Hafa nokkrir þeirra átt tal við mig um þetta og óskað þess eindregið, að nú þegar yrði hafinn undirbúningur um fyrirgreiðslu fyrir málinu, svo að ekki yrði það því til tafar, þegar hægt væri að hefjast handa um framkvæmd þess.

Af þeim ástæðum, sem lauslega hefur verið drepið á hér að framan, er þetta frumvarp flutt. Vænti ég, að hver sá, er kynnir sér málið, sjái, hve afar mikla þýðingu það hefur fyrir framleiðsluna í öllum þessum verstöðvum, sem nefndar hafa verið. En líka getur vel svo farið, að kaupstaðirnir við Faxaflóa, t. d. Reykjavík og Hafnarfjörður, ef vetrarríki gerist mjög harðdrægt, eigi lífsviðurværi sitt mikið undir því, að greiðir og auðveldir flutningar verði úr héruðunum eystra til Þorlákshafnar og svo þaðan til Reykjavíkur. Má því segja, að þessi breyting á brúalögunum sé óhjákvæmileg.“

Nd. 75. Breytingartillögur [54. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 116 1951, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Ingólfi Jónssyni og Helga Jónassyni.

Á undan a-lið 1. gr. koma nýir liðir:

1. Fyrir orðin „að Sandhólaferju“ í A. 33 kemur: Sandhólaferju og Háfshverfi að Hábæ.
2. Á eftir A. 33 kemur nýr liður:
   Hamravegur: Af þjóðveginum vestan við Hárlaugsstaði að Syðri-Hömrum og Hamrahól.
3. Fyrir orðin „að Hábæ í Þykkvabæ“ í A. 38 kemur: um Hábæ að Bala í Þykkvabæ.
4. Á eftir A. 39 koma 2 nýir liðir:
   a. *Gunnarsholtsvegur:* Af þjóðveginum vestan við Varmadal um Gunnarsholt, Kot að Næfurholti.
   b. *Rangárvallavegur efri:* Af þjóðveginum við Eystri-Rangá um Stóra-Hof, Reyðarvatn, Geldingalæk, Heiði, Þingskála að Kaldbak.
5. Aftan við A. 43 bætist: með álmu að Oddhól.
6. Á eftir A. 44 koma 2 nýir liðir:
   a. *Móeiðarhvolsvegur:* Af veginum austan við Djúpadal niður með Eystri-Rangá að Móeiðarhvoli.
   b. *Krossvegur:* Af Landeyjavegi syðri móts við Hildisey að Krossi.
7. Fyrir orðin „að Múlakoti“ í A. 45 kemur: um Múlakot að Fljótsdal.
8. Á eftir A. 46 koma 2 nýir liðir:
   a. *Rauðafellsvegur:* Um Seljavelli, Selkot, Raufarfell að Rauðafelli.
   b. *Hólmabæjarvegur:* Af þjóðveginum hjá Miðey um Svanavatn, Borgareyrar, Dalsel, Bjarkarland og Steinmóðarbæ á þjóðveginn við Steinmóðarbæjarhólma.
9. Á eftir A. 48 kemur nýr liður:
   Skálavegur: Af þjóðveginum frá Hvammsnúpi um Núp, Skálabæi að Holtsárbrú.

Nd. 76. Breytingartillögur [54. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 116 1951, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Flm.: Sigurður Ágústsson.

Á undan a-lið 1. gr. koma nýir liðir:

a. B. 35 orðist svo:
   Kolviðarnesvegur: Af Stykkishólmsvegi við Gerðubergslæk í Eyjahreppi um Hrossholt og Kolviðarneslaug að Kolviðarnesi.
b. B. 38 orðist svo:
   Stakkhamarsvegur: Af Ólafsvíkurvegi sunnan Hofstaða um Borgarholt, Stakkhamar, Mel og Krossa á Ólafsvíkurveg við Gaul.
c. Á eftir B. 38 kemur nýr liður:
   Slítandastaðavegur: Af Ólafsvíkurvegi við Ölkeldu að Álftavatni, Efra-Hóli, Slítandastöðum, Haga og á Ólafsvíkurveg við Hoftún.
d. B. 39 orðist svo:
   Lýsuhólsvegur: Af Ólafsvíkurvegi hjá Hraunsmúla um Lýsudal að Lýsuhóli og á Ólafsvíkurveg vestan við Vatnsholtsá.

e. Á eftir B. 49 koma nýir liðir:
1. *Hofstaðavegur:* Af Stykkishólmsvegi við Hofstaðavog að Hofstöðum, Jónsnesi, Ögri og á Stykkishólmsveg við Nesvog.
2. *Þingvallavegur:* Af Stykkishólmsvegi við Tíðás um Borgaland að Þingvöllum.

Nd. 77. Breytingartillögur [54. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 116 1951, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Ásgeiri Bjarnasyni.

Við 1. gr. Á undan a-lið greinarinnar koma nýir liðir:
1. Á eftir B. 55 kemur nýr liður:
Sælingsdalsvegur: Af Laugavegi um Gerði að Sælingsdal.
2. Fyrir orðin „að Þverfelli" í B. 59 kemur: og Þverfell að Hvammsdal.

Nd. 78. Frumvarp til laga [63. mál]

um síldarleit.

Flm.: Einar Ingimundarson, Jónas Rafnar, Magnús Jónsson og Sigurður Ágústsson.

1. gr.

Halda skal uppi síldarleit fyrir Norður- og Austurlandi í mánuðunum júní, júlí, ágúst og september ár hvert, eftir því sem nánar verður ákveðið af síldarleitarnefnd og síldarleitarstjóra.

2. gr.

Atvinnumálaráðherra skipar þriggja manna nefnd, sem skal hafa yfirstjórn síldarleitarinnar með höndum. Skal einn nefndarmanna skipaður samkvæmt tilnefningu síldarverksmiðja ríkisins, annar samkvæmt tilnefningu síldarútvegsnefndar og hinn þriðji án tilnefningar. Nefndin kýs sér formann. Hún nefnist síldarleitarnefnd og skal vera ólaunuð.

3. gr.

Síldarleitarnefnd ræður síldarleitarstjóra og setur honum erindisbréf.

Síldarleitarstjóri ræður starfsmenn síldarleitarinnar og skal að öðru leyti hafa með höndum daglega stjórn síldarleitarinnar.

Hann skal dvelja á Siglufirði eða Raufarhöfn um síldarleitartímann. Má hann ekki hafa önnur störf með höndum á tímabilinu frá 1. júní til 1. október.

4. gr.

Í júnímánuði ár hvert skulu síldarverksmiðjur ríkisins, síldarútvegsnefnd og fiskimálasjóður leggja fram kr. 100000.00 hver aðili til að standa straum af kostnaði vegna síldarleitarinnar, en endanlegur kostnaður vegna hennar skal gerður upp af síldarleitarstjóra þegar að lokinni síldarvertíð, og skal honum eigi síðar en um hver áramót jafnað þannig niður á eftirtalda aðila:

Fiskimálasjóður greiði ⅓ hluta kostnaðar vegna síldarleitarinnar (með kostnaði teljast laun síldarleitarstjóra, sem síldarleitarnefnd ákveður), en ⅔ hlutum kostnaðarins sé jafnað niður á síldarútvegsnefnd og síldarverksmiðjur, sem reknar eru á

svæðinu frá Horni að Djúpavogi. Við þá skiptingu skal tunnu- og málafjöldi herpinótasíldar lagður saman, og sé ein tunna uppsaltaðrar síldar til útflutnings látin jafngilda einu máli síldar til bræðslu. Skal hver aðili greiða í réttu hlutfalli við þann tunnu- og málafjölda, sem hann hefur tekið á móti til verkunar og vinnslu viðkomandi síldarverkfð.

Síldarútvegsnefnd greiði allt gjaldið af saltsíldinni, en síldarverksmiðjurnar hver um sig í hlutfalli við þann málafjölda, sem þær hafa tekið á móti til vinnslu viðkomandi sumar.

Komi í ljós við endanlega skiptingu kostnaðarins, að einhver hinna þriggja aðila, fiskimálasjóður, síldarútvegsnefnd eða síldarverksmiðjurnar, hafi greitt meira en þeim bar samkvæmt endanlegri niðurjöfnun, skal þeim endurgreidd umframgreiðslan, enda greiði þeir til viðbótar upphaflegri greiðslu, ef endanleg niðurjöfnun samkvæmt framangreindum reglum sýnir, að þeim beri að gera það.

5. gr.

Þegar síldarleitargjöld eru fallin í gjalddaga samkvæmt 4. gr., má innheimta þau með sama hætti og opinber gjöld, og skal sýslumönnum og bæjarfógetum skylt að gera það, ef síldarleitarstjóri beiðist þess.

6. gr.

Atvinnumálaráðherra ákveður samkvæmt tillögum síldarleitarnefndar, hvort nota skuli dulmálslykla við fréttasendingar síldarleitarinnar.

7. gr.

Nú hefur atvinnumálaráðherra ákveðið, að fréttasendingar síldarleitarinnar skuli fara fram á dulmáli, og skal síldarleitarstjóri þá útbúa dulmálslykil og afhenda hann starfsmönnum síldarleitarinnar sem trúnaðarmál, svo og stjórn Landssíma Íslands og landhelgisgæzlunni.

Enn fremur skal afhenda skipstjórum á íslenzkum síldveiðiskipum slíkan dulmálslykil.

Skal þeim aðilum, sem fréttir fá á dulmáli frá síldarleitinni, skylt að fara með þær sem trúnaðarmál.

Varða brot gegn ákvæðum þessarar greinar sektum frá 500.00 til 10000.00 krónum. Sektarfé renni í ríkissjóð.

Ef sakir eru miklar eða ef brot er margítrekað, er heimilt að svipta hinn brotlega dulmálslyklinum og innsigla talstöð hans.

Kostnaður vegna dulmálslykla telst til síldarleitarkostnaðar.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Síldarleit með flugvélum hefur verið haldið uppi óslitið að sumarlagi fyrir Norður- og Norðausturlandi síðan árið 1938.

Reynsla sú, sem fengizt hefur af þessari síldarleit, hefur sýnt, að leitin hefur oft komið að ómetanlegu gagni fyrir síldveiðiflotann, enda er leitin talin ómissandi af flestum þeim, sem til þekkja.

Á flugvél er hægt að fljúga yfir síldveiðisvæðið á örfáum klukkustundum, þegar veður leyfir og helzt er síldar að vænta, finna, hvar síldin veður, og gefa síldveiðiflotanum mikilvægar upplýsingar og leiðbeiningar. Um leið eru flotanum sparaðar ýmislegar tafir og kostnaður og dregið úr olíueyðslu til stórra muna. Hægt er að benda á mörg dæmi þess, að síldarleitin með flugvélum hafi orðið að miklu gagni. T. d. er talið, að í eitt skipti í sumar hafi upplýsingar flugvélarinnar orðið til þess,

að flotinn veiddi á einni kvöldstund útflutningsverðmæti, sem nam um það bil 4 milljónum króna, en annars hefði farið forgörðum.

Síldveiðin er stopul og ótrygg og síldin, a. m. k. hin seinni ár, sjaldan lengi á sama stað. Þess vegna ríður á að verða sem fyrst var við hana og geta hagnýtt sér veiðina, meðan síldin veður og færi gefst, og er ekki önnur leið betri til þess að ná því marki en síldarleit með flugvélum.

Til þess að tryggja eftir föngum, að vitneskja sú, sem aflað er með síldarleitinni, komi fyrst og fremst íslenzkum veiðiskipum að gagni, hafa verið útbúnir dulmálslyklar fyrir skeytasendingar síldarleitarinnar til síldveiðiflotans. Hafa þessir dulmálslyklar verið notaðir nokkur sumur, en með misjöfnum árangri, vegna þess að sumir skipstjórar á síldveiðiskipum hafa skýrt frá ráðningu skeytanna á mæltu máli í talstöðvum skipanna, strax og þeir höfðu ráðið þau með aðstoð dulmálslykilsins. Hefur þessi misnotkun leitt til þess, að dulmálslyklarnir hafa verið minna notaðir en ástæða hefði verið til, því að það getur oft verið mjög þýðingarmikið, að erlend herpinótaskip, sem að veiðum eru hér við land, fái ekki í hendur vitneskju þá, sem aflað er með síldarleitinni. Ákvæði um skyldur skipstjóra og annarra í þessu efni svo og viðurlög eru sett til þess að koma í veg fyrir slíka misnotkun.

Aðilar að síldarleitinni með flugvélum hafa verið síldarverksmiðjurnar á Norður- og Austurlandi, síldarútvegsnefnd og fiskimálanefnd. Þátttaka hvers þessara aðila fyrir sig í leitarkostnaðinum hefur verið nokkuð á reiki. Stundum hafa orðið tafir á nauðsynlegum undirbúningi undir síldarleitina vegna þess, að erfitt hefur verið að ná samkomulagi um það, hvernig kostnaði skyldi skipta eða hversu haga skyldi leitinni, sem þó er viðurkennt að sé nauðsynleg vegna heildarhagsmuna síldarútvegsins.

Þykir flutningsmönnum því ekki mega dragast lengur, að sett séu lagaákvæði um, að síldarleit með flugvélum skuli haldið uppi ár hvert og á hvern hátt síldarleitinni skuli stjórnað og hverjir standa skuli straum af kostnaðinum við síldarleit með flugvélum.

Nd. 79. Breytingartillögur [46. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 1943, um breyt. á l. nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir.

Frá Jóni Sigurðssyni og Steingrími Steinþórssyni.

Við 1. gr. Framan við greinina komi nýir liðir, svo hljóðandi:

1. Á eftir A. I. b. 5. í 1. gr. laganna komi:
   Hörtná á Skaga.
   Hólakotsá á Reykjaströnd.
2. Á eftir A. I. b. 11. komi:
   Hjaltadalsá á Laufskálaholti.
   Hofsá hjá Hofi.
3. Liðurinn II. 4. í sömu lagagr. orðist þannig:
   Svartá hjá Reykjum í Skagafirði.
4. Á eftir II. 4. komi 2 nýir liðir:
   Sæmundará hjá Fjalli.
   Egilsá í Norðurárdal.

Nd. **80. Frumvarp til laga** [64. mál]

um sömu laun kvenna og karla.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Gylfi Þ. Gíslason, Emil Jónsson, Eggert Þorsteinsson.

1. gr.

Við öll störf, embætti og sýslanir hjá íslenzka ríkinu og sveitarfélögum skulu konum greidd sömu laun og körlum.

2. gr.

Við færslu milli launaflokka skulu sömu reglur gilda fyrir konur sem karla.

3. gr.

Skrifstofustörf öll og afgreiðslustörf í verzlunum skulu greidd sama kaupi, hvort sem þau eru unnin af konum eða körlum.

4. gr.

Öll störf í hraðfrystihúsum og við iðju og iðnað skulu enn fremur greidd sama kaupi, hvort sem unnin eru af konum eða körlum. — Skulu sérákvæði öll í samningum stéttarfélaga um lægri kaupgjaldsákvæði kvenna falla úr gildi við gildistöku laga þessara.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1954.

Greinargerð.

Krafan um jafnrétti kvenna og karla er ein af jafnaðar- og mannréttindakröfum, sem frelsishreyfingar þær, er gripu um sig í Norðurálfu á 19. öldinni, gáfu byr í seglin. En þá hófst sú sókn þeirra, sem kúgaðir voru og minni máttar, fyrir auknum réttindum og meira frelsi, og er þeirri sókn hvergi nærri lokið enn þá.

Mörgum áfanganum hefur verið náð á þeirri leið, og þar á meðal þeim, bæði hér á landi og í flestum öðrum menningarlöndum heimsins, að konur njóta sama réttar og karlar að því er snertir kjörgengi, kosningarrétt og rétt til embætta og sýslana, og vantar þó víða mikið á, að sá réttur sé viðurkenndur með fullum jöfnuði í framkvæmdinni. Þó er hitt lakara, að víða hefur verið tekið aftur með hægri hendinni það, sem sú vinstri gaf, þar sem enn helzt hinn mikli mismunur á launum karla og kvenna fyrir sömu vinnu. Þá tíðkast það mjög, að konur njóta ekki í raun og veru sama réttar og karlar til hinna betur launuðu starfa og flytjast ekki milli launaflokka á sama hátt og karlar, þó að svo eigi að heita í orði kveðnu.

Því til sönnunar nægir að benda á þessar staðreyndir:

Af föstum starfsmönnum Reykjavíkurbæjar voru árið 1950 140 konur, þar með taldar kennslukonur og hjúkrunarkonur. Af þeim voru 2 konur alls í 9 hæstu launaflokkunum. En 118 karlmenn af 468 voru þá í 9 hæstu flokkunum. Í 6 lægstu launaflokkunum eru hins vegar 111 karlmenn, eða 23.7% allra fastráðinna karla, og 62 konur, eða 44.4% allra fastráðinna kvenna.

Hjá fyrirtækjum Reykjavíkurbæjar: rafmagnsveitu, gasveitu, vatns- og hitaveitu og Reykjavíkurhöfn, voru sama ár 25 konur taldar fastir starfsmenn, af þeim var aðeins ein kona með hærri laun en 10. flokks.

Af föstum starfsmönnum ríkisins eru 246 konur, og af þeim er engin í fjórum hæstu launaflokkunum. Tvær eru í 5. launaflokki, aðrar tvær í 6. flokki og 5 í sjöunda flokki, — í 7 hæstu launaflokkunum eru þannig samtals einar 9 konur.

Úr öðrum starfsgreinum er sömu sögu að segja. Samkvæmt samningum „Iðju“,

félags verksmiðjufólks, er hæsta mánaðarkaup kvenna kr. 1200.00, en hæsta mánaðarkaup karla kr. 1830.00 (hvort tveggja grunnlaun). Konur ná þar ekki einu sinni fullkomlega ⅔ af kaupi karla.

Þó virðist hlutur kvennanna vera einna lakastur á verzlunar- og viðskiptasviðinu, einmitt þar sem segja mætti, að auðveldast og eðlilegast væri að koma við fullkomnum launajöfnuði með því að miða við ákveðin verk án tillits til þess, hver vinnur þau. Við athugun á samningi Verzlunarmannafélags Reykjavíkur við atvinnurekendur kemur þetta í ljós:

Í 1. (þ. e. hæsta) launaflokki, sem í eru skrifstofustjórar og fulltrúar 1. flokks, er eingöngu miðað við karla. Í 2. launaflokki, sem í eru aðalbókarar og fulltrúar 2. flokks, bréfritarar 1. flokks, sölustjórar og aðalgjaldkerar, er líka eingöngu miðað við karla. Það er ekki fyrr en komið er niður í B-lið 4. flokks (aðstoðarfólk á skrifstofum), sem gert er ráð fyrir bæði körlum og konum í sama flokki.

Um afgreiðslufólkið gegnir svipuðu máli og ekki betra að því er konurnar varðar. Deildarstjórar 1. flokks eru eingöngu karlar, og meira að segja afgreiðslumenn 1. flokks eru líka karlar. Það er m. ö. o. ekki gert ráð fyrir, að konur geti verið afgreiðslumenn 1. flokks samkvæmt skilningi Verzlunarmannafélags Reykjavíkur og atvinnurekenda í þeirri grein. Konur geta aftur á móti verið deildarstjórar 2. flokks. Við afgreiðslustörf, t. d. í matvörubúðum, skyldu menn halda, að karlar og konur hefðu sömu laun, þegar um sambærilega menntun væri að ræða. Svo er þó ekki. Afgreiðslumenn (karlar) skulu hafa í grunnkaup 1351.35 pr. mán., en afgreiðslustúlkur með sömu menntun skulu hafa 1053.00. Er þó ekki sennilegt, að þær rétti færri kíló af sykri eða sápu yfir búðarborðið daglega en karlmaðurinn við hlið þeirra. En svona er þetta nú samt. — Það eimir lengi eftir af hugsunarhættinum, sem lét karla og konur bera saman á börum allan daginn, án þess að konur fengju nema í bezta lagi ⅔ af karlmannskaupinu — og oft ekki nema helmingskaup.

Við venjulega erfiðisvinnu er kaup karlmanna hér í Reykjavík samkvæmt taxta Verkamannafélagsins Dagsbrúnar kr. 9.24 til kr. 12.00 á klst. eftir tegund vinnunnar (grunnkaup), en kaup kvenna samkvæmt samningi Verkakvennafélagsins Framsóknar kr. 6.60 til 6.90 á klst. eftir tegund vinnunnar, eða nokkru betur en ⅔ af karlmannskaupi, miðað við þann vinnuflokkinn, sem algengastur er.

Fleiri dæmi er ekki ástæða til að birta hér, þar sem þessar staðreyndir eru öllum, er um málið hugsa, augljósar og blasa hvarvetna við.

Verkalýðshreyfingin og kvenréttindahreyfingin um heim allan hafa á stefnuskrá sinni að bæta úr þessu misrétti. Gerði Samband frjálsra verkalýðsfélaga (I.C.F.T.U.), sem Alþýðusambandið hér er meðlimur í, meðal annars samþykkt um þessi mál á þingi sínu í Stokkhólmi síðastliðið sumar. Var þar lagt fyrir Alþýðusamköndin hvert í sínu landi að berjast fyrir því, að sama kaup yrði greitt konum og körlum fyrir sama vinnuverðmæti. Þá getur það ekki hafa farið fram hjá mönnum, að Alþjóðavinnumálastofnunin, sem Ísland er aðili að, hefur árum saman barizt fyrir sama kaupi kvenna fyrir sömu vinnu.

Á þingum Alþýðusambands Íslands hafa líka ár eftir ár verið bornar fram kröfur um sömu laun fyrir sömu vinnu, hvort sem hún væri unnin af konum eða körlum. Var það og ein af þeim kröfum, sem verkalýðsfélögin báru fram í vinnudeilunni s. l. vetur, að brúað yrði sem mest bilið milli kaupgjalds kvenna og karla. Ekki náði það þó fram að ganga, enda má búast við, að seinfær verði samningaleiðin fyrir félög starfsfólks til þess að ráða niðurlögum þessa gamla ranglætis. Ber þá löggjafarvaldinu skylda til að koma til liðs við réttan málstað, og í trausti þess, að svo verði, er frv. þetta fram borið.

Nd. 81. Frumvarp til laga [65. mál]

um samþykktir um friðun rjúpu.

Flm.: Jón Pálmason.

1. gr.

Sýslunefndum er heimilt að gera samþykkt um að alfriða rjúpu innan héraðs um lengra eða skemmra árabil. Geta fleiri sýslunefndir en ein gert sameiginlega samþykkt, ef landshættir eru slíkir, að þær telji það nauðsynlegt.

2. gr.

Þegar sýslunefnd eða sýslunefndir vilja nota sér ákvæði laga þessara, skal frumvarp til samþykktar fyrst rétt á sýslufundi, eða sýslufundum, ef fleiri sýslur en ein eru saman um samþykkt. Síðan skal hlutaðeigandi sýslumaður eða sýslumenn boða til fundar með 14 daga fyrirvara allar hreppsnefndir á fyrirhuguðu samþykktarsvæði og leggja frumvarpið fyrir þann fund. Sé það samþykkt óbreytt með ⅔ greiddra atkvæða, skal það sent til dómsmálaráðherra til staðfestingar. En sé því breytt á fundinum, ber að leggja breytingarnar fyrir sýslunefnd að nýju. Sé þá frumvarpið samþykkt óbreytt, sendir sýslunefnd það til staðfestingar. En ef sýslunefnd breytir því aftur, bíður það til næsta árs, og ber þá að leggja það á sama hátt fyrir fund hreppsnefndanna.

Samþykktarfundur hreppsnefndarmanna er í þessu máli því aðeins lögmætur, að á fundi sé meira en helmingur þeirra hreppsnefndarmanna, sem eru á svæðinu.

3. gr.

Í samþykkt skal ákveða um þessi atriði:

1. Yfir hvaða svæði friðunin nær.
2. Hve lengi friðun á að standa, og hvernig skal með fara um veiði og veiðiaðferðir, þegar friðunartímanum lýkur.
3. Hverjir skuli hafa eftirlit með því, að samþykktin sé haldin, og hvaða viðurlögum skuli beita, ef út af er brugðið.
4. Hvaða rétt einstakur landeigandi eða upprekstrarfélag, sem á afréttarland, hefur varðandi rjúpnaveiði.

4. gr.

Með brot gegn lögum þessum og samþykkt, sem á þeim er byggð, skal fara sem almenn lögreglumál. Í samþykkt má ákveða sektir gegn brotum allt að 10 þús. krónum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Um það hefur oft verið deilt, hve langt eigi að ganga í því að leyfa rjúpnadráp, og einnig, hver áhrif það hafi á stofninn. Hefur reynslan sýnt, að á Alþingi gengur illa að ná samkomulagi um viðunandi lagasetningu á því efni, því að margvísleg annarleg sjónarmið grípa inn í. Þeir atburðir gerast líka nokkuð oft, að rjúpnadráp er rekið sem þjófnaður, þannig að óviðkomandi menn vaða leyfislaust um lönd einstaklinga og héraða, og eru mörg dæmi um slíkt virðingarleysi fyrir eignarrétti landeigenda á fleiri sviðum.

Þeir, sem hagsmuna hafa að gæta á þessu sviði, eru fyrst og fremst þeir, sem rjúpnalöndin eiga. Má og ætla, að þeir hafi réttari skilning á málinu en aðrir, sem

meta það úr fjarlægð. Þess vegna þykir flutningsmanni þessa frumvarps rétt að færa valdið á þessu sviði yfir í hendur héraðsstjórnanna, og gæti farið vel á því, að svo væri gert á fleiri sviðum.

Einstakar greinar frumvarpsins munu skýrðar í framsögu.

Ed. 82. Nefndarálit [61. mál]

um frv. til l. um heimild handa ríkisstjórninni til að taka lán hjá Framkvæmdabanka Íslands vegna alþjóðaflugþjónustu.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 20. okt. 1953.

Bernh. Stefánsson, form., frsm. Lárus Jóhannesson, fundaskr. Gísli Jónsson. Karl Kristjánsson. Haraldur Guðmundsson.

Nd. 83. Frumvarp til laga [66. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja þjóðjörðina Hanahól í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Flm.: Sigurður Bjarnason.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja þjóðjörðina Hanahól í Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu ábúandanum, Hannibal Guðmundssyni, fyrir það verð, sem dómkvaddir menn meta.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ábúandi jarðarinnar Hanahóls í Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu, Hannibal Guðmundsson, hefur óskað þess að fá jörðina keypta. Er frv. þetta því flutt samkvæmt beiðni hans. Er það skoðun flm., að rétt sé og í samræmi við það, sem tíðkazt hefur undanfarin ár, að verða við þeirri ósk, þar sem dugandi bóndi á hlut að máli.

Sþ. 84. Fyrirspurn [67. mál]

til ríkisstjórnarinnar um rannsókn fiskskemmda.

Frá Gils Guðmundssyni.

1. Hefur ríkisstjórnin látið framkvæma rannsókn á skemmdum þeim á hraðfrystum fiski, sem vart varð við síðastliðið vor?
2. Hafi sú rannsókn verið gerð, hver varð niðurstaða hennar?
3. Hvaða ráðstafanir hyggst fiskmat ríkisins eða ríkisstjórnin gera til að koma í veg fyrir slíkar fiskskemmdir?

Nd. 85. Breytingartillögur [15. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl.

Frá Jónasi Rafnar, Helga Jónassyni og Pétri Ottesen.

1. Við 1. gr.
   a. Á undan 1. gr. komi ný grein, er verði 1. gr., svo hljóðandi:
   Á eftir 9. gr. laganna komi ný grein, er verði 10. gr., svo hljóðandi:
   Ríkissjóður greiðir bæjarfélögum allt að tveim fimmtu, en öðrum sveitarfélögum allt að tveim þriðju kostnaðar af að reisa almenn sjúkrahús, sjúkraskýli eða læknisbústaði, sem reistir verða samkvæmt ákvæðum laga þessara, enda fallist ráðherra á þörf þeirra framkvæmda og meti þær við hæfi.
   Ef í hlut á sjúkrahús, er ráðherra viðurkennir sem fjórðungssjúkrahús, eitt á Vestfjörðum, annað á Norðurlandi, þriðja á Austurlandi og hið fjórða á Suðurlandsundirlendinu, greiðir ríkissjóður allt að þrem fimmtu byggingarkostnaðar. Ef bæjar- eða sýslufélag það, sem fjórðungssjúkrahús er reist í, óskar þess, er ráðherra heimilt að gera það að skilyrði viðurkenningar sinnar, að öll þau sveitarfélög í grennd sjúkrahússins, er ætla má, að hafi þess samsvarandi not, takist á hendur eign og ábyrgð fyrirtækisins og gerist aðilar að rekstri þess samkvæmt ákvæðum laga þessara.
   Þegar byggingarstyrkur ríkissjóðs til sjúkrahúss er ákveðinn, skal miða styrkinn við eðlilegan kostnað af að reisa sjálfa bygginguna með öllu múr- og naglföstu, en án kostnaðar af lóð. Með múr- og naglföstu skal telja öll meiri háttar eldunartæki og matreiðsluvélar, sem notast eiga til frambúðar í eldhúsi, meiri háttar þvottavélar í þvottahúsi, svo og, þegar um er að ræða 20 rúma sjúkrahús og stærri, aðalröntgentæki, enda sé búnaður þess við hæfi sjúkrahússins.
   b. 1. gr. frv. verði 2. gr., og upphafsmálsliður hennar orðist svo:
   Á eftir 9. gr. laganna komi önnur ný grein, er verði 11. gr., svo hljóðandi:
2. Við 2. gr. Greinin verði 3. gr. og orðist svo:
   Lög þessi ganga í gildi þegar í stað, og falla jafnframt úr gildi lög nr. 33 12. febr. 1945, lög nr. 24 20. apríl 1949 og lög nr. 24 16. febr. 1953.
   Þegar lög þessi hafa öðlazt gildi, skal fella efnismálsgreinar 1. og 2. gr. þeirra inn í meginmál laga nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl., og gefa þau út að nýju með fyrirsögn: Sjúkrahúsalög.
   Rekstrarstyrkur til sjúkrahúsa samkvæmt lögum þessum greiðist í fyrsta skipti fyrir árið 1953, en samkvæmt ákvæðum fjárlaga 1954 og þannig áfram.

Sþ. 86. Tillaga til þingsályktunar [68. mál]

um breytingu á bátagjaldeyrislistanum.

Flm.: Eggert Þorsteinsson, Emil Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera þær breytingar á gildandi reglum um bátagjaldeyri, að allar efnivörur, vélar og áhöld til iðnaðar verði felld niður af bátagjaldeyrislistanum, en fullunnar iðnaðarvörur, sem hægt er að framleiða í landinu sjálfu, settar á listann í staðinn, — þó þannig að heildarupphæð bátagjaldeyrisálagsins aukist ekki.

Greinargerð.

Íslenzkur iðnaður á við margs konar erfiðleika að stríða sökum skilningsskorts stjórnarvaldanna á þörfum hans. Eitt ljósasta dæmi þess er sú staðreynd, að á bátagjaldeyrislistanum svo nefnda eru ýmsar efnivörur til iðnaðar svo og vélar og áhöld, en margs konar fullunnar iðnaðarvörur, sem hægt er að framleiða í landinu sjálfu, á frílista. Þessi ráðstöfun hefur að vonum vakið almenna óánægju meðal þeirra, sem bera hag iðnaðarins fyrir brjósti. Á fundi Félags íslenzkra iðnrekenda 10. þ. m. var einróma samþykkt ályktun þess efnis, að bátagjaldeyrislistanum verði breytt þannig, að efnivörur, vélar og áhöld til iðnaðar verði tekin af honum, en fullunnar iðnaðarvörur, sem framleiða má í landinu, teknar á hann í staðinn. Þingsályktunartillaga þessi er þannig byggð á þessum óskum iðnrekenda og er ætlað að stuðla að því, að ríkisstjórnin verði við þessum óskum, sem eru í senn sanngjarnar og réttmætar. Með samþykkt þessarar tillögu yrði stigið mikilvægt spor í þá átt að tryggja atvinnu hinum vaxandi fjölda landsmanna, sem afkomu sína byggir á þessum þriðja höfuðatvinnuvegi þjóðarinnar.

Nd. 87. Breytingartillaga [54. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 116 1951, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Magnúsi Jónssyni.

Á eftir b-lið 1. gr. kemur nýr liður: Á eftir C. 31 kemur nýr liður, svo hljóðandi:
Ólafsfjarðarvegur eystri: Frá Ólafsfjarðarkaupstað inn að brú á Fjarðará utan við Hól.

Ed. 88. Nefndarálit [9. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að ábyrgjast lán fyrir bæjarútgerð Siglufjarðar og h.f. Bjólf á Seyðisfirði.

Frá fjárhagsnefnd.

Frumvarp þetta hefur ríkisstjórnin lagt fram til þess að fá staðfestingu Alþingis á bráðabirgðalögum frá 30. marz s. l.

Fjárhagsnefnd hefur athugað frumvarpið og kynnt sér nauðsyn þá, er til þess bar að gefa út bráðabirgðalögin. Mælir nefndin með því, að frumvarpið verði samþykkt.

Einn nefndarmaður (HG) áskilur sér þó rétt til þess að flytja breytingartillögur við frumvarpið.

Alþingi, 22. okt. 1953.

Bernh. Stefánsson, form.	Lárus Jóhannesson, fundaskr.	Karl Kristjánsson, frsm.	Gísli Jónsson.

H. Guðmundsson.

Nd. 89. Breytingartillögur [54. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 116 1951, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Páli Þorsteinssyni.

Við 1. gr. Á undan a-lið greinarinnar komi nýr liður:
Á eftir A. 60 kemur nýr liður:
Hvalnesvegur í Lóni: Af Suðurlandsvegi hjá Svínhólum um Vík að Hvalnesi.

Ed. 90. Breytingartillögur [32. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 116 29. des. 1951, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Sigurði Ó. Ólafssyni.

Framan við 1. gr. komi nýir liðir:

a. A. 14 í 1. gr. laganna orðist svo:
Biskupstungnabraut: Af Suðurlandsvegi undir Ingólfsfjalli um Grímsnes og Biskupstungur, hjá Vatnsleysu, Geysi, um Brú og Kjóastaði að Gullfossi.

b. Á eftir A. 15 í sömu lagagr. komi nýr liður:
Reykjavegur: Af Tjarnarvegi um Syðri-Reyki, Efri-Reyki á Laugardalsveg.

c. Á eftir A. 18 í sömu lagagr. komi nýr liður:
Sólheimavegur: Af Biskupstungnabraut hjá Minni-Borg, um Sólheima, Kringlu og Bjarnastaði á Biskupstungnabraut.

d. Á eftir A. 24 í sömu lagagr. komi tveir nýir liðir:
1. *Flúðavegur:* Af Skeiða- og Hreppavegi hjá Flúðum, um væntanlega brú á Litlu-Laxá, vestan Högnastaða, Bryðjuholts, á Skeiða- og Hreppaveg vestan Kirkjuskarðs.
2. *Unnarholtsvegur:* Af Auðsholtsvegi vestan Unnarholts, vestan Langholtsfjalls á Hreppaveg hjá Hryggjarholti.

e. Á eftir A. 26 í sömu lagagr. komi nýr liður:
Skarðsvegur: Frá Gnúpverjavegi sunnan Geldingaholts, um Ásbrekku og Skarð á Skeiða- og Hreppaveg hjá Laxárholti.

Nd. 91. Breytingartillögur [54. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 116 1951, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Pétri Ottesen.

Á undan a-lið 1. gr. frv. bætast nýir liðir:

1. Á eftir B. 8 kemur nýr liður, svo hljóðandi:
Vatnshornsvegur: Af Dragháls- og Skorradalsvegi hjá Stóru-Drageyri um Haga að Vatnshorni.
2. Fyrir orðin „að Eyri“ í B. 11 kemur: hjá Eyri á þjóðveginn í Kornahlíð gegnt Geitabergi.

3. Á eftir B. 19 kemur nýr liður, svo hljóðandi:
   Þingnesvegur: Af Bæjarsveitarvegi ofanvert við Þórdísarholt um Árbakka að Þingnesi.
4. Fyrir orðin „að Skógum“ í B. 20 kemur: hjá Skógum um Brennistaði og Geirshlíð á Bæjarsveitarveg hjá Litla-Kroppi.
5. Fyrir orðin „á Borgarfjarðarbraut nálægt Reykholti“ í B. 21 kemur: um Rauðsgil á Hálsasveitarveg gegnt Giljum.
6. Á eftir B. 24 kemur nýr liður, svo hljóðandi:
   Hálsasveitarvegur: Af Borgarfjarðarbraut framan Reykholts, um Uppsali gegnt Augastöðum á Borgarfjarðarbraut við Deildargil framanvert við Hraunsás.

Ed. 92. Frumvarp til laga [69. mál]

um breyting á lögum nr. 30 1943, um breyting á lögum nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir.

Flm.: Jón Kjartansson.

1. gr.

Á eftir A. I. d. 20. í 1. gr. laganna kemur nýr liður, svo hljóðandi:
Múlakvísl hjá Kaplagörðum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Vestur-Skaftafellssýsla er eina sýslan á landinu, sem verður að treysta á landleiðina einvörðungu til allra aðdrátta. Þar er engin höfn, en eyðisandar fyrir allri ströndinni. Allar þungavörur verða því að fara að og frá sýslunni með bifreiðum. En leiðin er löng og erfið, og verða flutningar því mjög dýrir. Er því mjög áríðandi, að vegir séu viðunandi.

En vegir í sýslunni eru víða mjög slæmir og ófullkomnir, allvíða aðeins ruðningar, svo að fært sé bifreiðum sumarmánuðina, en vetrarvegir geta þeir ekki talizt.

Versti þröskuldurinn á leiðinni er vondur og erfiður fjallvegur austast í Mýrdal, svo kölluð Höfðabrekkuheiði. Heiði þessi er mjög snjóþung og verður oftast ófær bifreiðum í fyrstu snjóum. Hefur það þrásinnis komið fyrir, að fjallvegur þessi hefur lokazt bifreiðum vikum og mánuðum saman vetrarmánuðina. Hljóta allir að skilja, hversu bagalegt þetta er fyrir sveitirnar austan Mýrdalssands, en þar eru 5 hreppar sýslunnar.

Til þess að ráða bót á þessu hefur verið stefnt að því að flytja aðalsamgönguleiðina suður fyrir Höfðabrekkuheiði, á svo kallaða syðri leið. Tvær ár eru á þessari leið, Kerlingardalsá og Múlakvísl. Verið er að ljúka smíði brúar á Kerlingardalsá á þessari leið, en þá er Múlakvísl eftir. Sjálf brúin á kvíslina verður ekki dýr. Aðalverkið er varnargarðar beggja vegna brúarinnar, en þeir verða að vera langir, því að kvíslin breytir stöðugt farvegi sínum, hleður undir sig á einum stað og grefur sér farveg á öðrum, eins og jökulvötn gera jafnan, þegar þau fá að leika lausum hala. En með hinum stórvirku tækjum, sem nú eru, er tiltölulega auðvelt að byggja garðana og halda kvíslinni í skefjum.

Með frv. þessu er lagt til, að brú á Múlakvísl á syðri leiðinni verði tekin í **brúalög.**

Nd. **93. Frumvarp til laga** [70. mál]

um skattfríðindi sjómanna á fiskiskipum.

Flm.: Lúðvík Jósefsson.

1. gr.

Við ákvörðun á skattskyldum tekjum íslenzkra sjómanna á fiskiskipum skal telja ⅓ hluta þess kaups, sem þeir hafa aflað sem sjómenn á íslenzku fiskiskipi, sem skattfrjálsan kauphluta.

Atvinnurekendur skulu við uppgjöf á atvinnutekjum til skattayfirvalda tilgreina, hvort nokkur hluti tekna telst sem sjómannstekjur samkv. 1. málsgr.

2. gr.

Allir þeir, sem stundað hafa sjómannsstörf á íslenzku fiskiskipi í 6 mánuði eða lengur á skattárinu, eiga rétt til þess að draga frá brúttótekjum sínum 4000 kr. vegna vinnufatakaupa. Fjárhæð þessi skal dregin frá tekjunum, áður en umreikningur fer fram og skattskyldar tekjur fundnar.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1954.

Greinargerð.

Aðaltilgangur þessa frumvarps er að veita starfandi fiskimönnum nokkra tekjuskattsívilnun.

Í 1. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir, að sjómenn á íslenzkum fiskiskipum njóti þeirra fríðinda að mega draga ⅓ hluta af sjómannskaupi sínu frá brúttótekjum framtöldum til skatts. Ákvæði þetta mundi, ef að lögum yrði, létta talsvert skattgreiðslur hlutaðeigandi manna.

Í 2. gr. eru ákvæði um nokkra skattívilnun til sömu manna, þar sem heimilað er að draga 4000 króna upphæð frá tekjum til skatts vegna vinnufatakostnaðar sjómanna.

Meginástæðan til þess, að rétt þykir að veita fiskimönnum skattívilun fram yfir aðra, er, að reynslan sýnir, að verra er að fá menn til þeirra starfa en flestra annarra. Því verður ekki heldur neitað, að tekjur sjómanna, sem eðlilega dveljast langtímum fjarri heimilum sínum, reynast ódrýgri en tekjur þeirra, sem vinna heima hjá sér og geta notað allar frístundir til fyrirgreiðslu eða umönnunar við heimili sín. Sjómaðurinn verður oft að kaupa heimili sínu aðstoð í fjarveru sinni, en sá, sem vinnur heima, á auðvelt með að sinna slíku sjálfur án sérstakra útgjalda.

Síðustu árin hefur sífellt borið meira og meira á því, að erfitt væri að fá menn til starfa á fiskiskipum. Kaup fiskimanna hefur ekki þótt sérstaklega eftirsóknarvert og starfsskilyrði þeirra venjulega lakari en í landi. Skortur á góðum sjómönnum er þegar orðinn mikið áhyggjuefni þeirra, sem annast rekstur fiskiskipa. Skattfríðindi, sem veitt yrðu fiskimönnum, ættu að vera einn þáttur í því að örva menn á ný til starfa á fiskiskipum, en þau störf eru íslenzku þjóðinni þýðingarmeiri en flest önnur. Mér er það ljóst, að meiri og stærri ráðstafanir þarf að gera en felast í þessu frumvarpi, til þess að snúa við þeim ógæfusamlega straumi síðustu ára, sem sífellt dregur fleiri og fleiri menn frá framleiðslustörfum þjóðarinnar, og þá einkum fiskveiðunum, til óarðbærrar og sumpart óþjóðhollrar vinnu í landi.

Íslenzkir sjómenn hafa fram til þessa verið öðrum sjómönnum, sem starfa að fiskveiðum í norðurhöfum, duglegri og afkastameiri. Það hefur líka reynzt undirstaðan í þjóðarbúskap okkar. Það er því sannarlega alvörumál öllum landsmönnum,

ef kjarni okkar fiskimannastéttar leitar frá fiskveiðistörfum og hópast í land að tekjumeiri störfum þar.

Skattafríðindi þessa frumvarps eru aðeins smáviðurkenning til handa fiskimönnum okkar á hinu þýðingarmikla starfi þeirra og eiga að stuðla að því, að góðir sjómenn flýi ekki frá störfum sínum í landvinnu.

Sþ. 94. Tillaga til þingsályktunar [71. mál]

um rekstur strandferða og flóabáta.

Flm.: Gísli Jónsson, Sigurður Ágústsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leita nú þegar samninga við Eimskipafélag Íslands og Samband ísl. samvinnufélaga um, að þau taki að sér frá næstu áramótum, eða svo fljótt sem verða má, allar strandferðir og flóabátaferðir umhverfis landið. Skal miða samninga við það, að aðilar skuldbindi sig til að halda uppi ferðunum á sinn kostnað næstu 25 ár, að þær verði eigi óhagkvæmari almenningi en nú er og uppfylli jafnan þær kröfur, sem gera verður til slíkra ferða á hverjum tíma, enda taki þá félögin við öllum þeim skipastól, er Skipaútgerð ríkisins hefur nú yfir að ráða og ríkissjóður er eigandi að.

Greinargerð.

Á síðasta þingi var borið fram í efri deild frumvarp um að leita samninga við Eimskipafélag Íslands h/f um rekstur strandferða á sama grundvelli og þáltill. þessi kveður á um, sbr. þingskjal 515. Fékk samgmn. deildarinnar málið til athugunar og sendi það Eimskipafélaginu til umsagnar. En með því að komið var mjög nærri þingslitum, taldi stjórn félagsins sig ekki geta látið í té umsögn um málið, þannig að því yrðu gerð full skil, þar sem málið væri allyfirgripsmikið og þyrfti því ýtarlegrar athugunar, áður en umsögn yrði í té látin. Ber svar félagsins bersýnilega með sér, að það telji það engan veginn frágangssök að ræða málið á þeim grundvelli, sem ráð var gert fyrir í frv. Málið fékk því ekki frekari afgreiðslu á síðasta þingi. En þótt svo færi sem hér hefur verið frá skýrt, þá vakti málið feiknamikla athygli meðal þjóðarinnar. Það er þegar öllum ljóst, jafnvel einnig þeim, sem ekki vilja, að ríkissjóður hætti öllum afskiptum af rekstri strandferða, að það fyrirkomulag, sem þjóðin býr nú við í þessum málum, er allt annað en æskilegt og engan veginn viðhlítandi til frambúðar, þótt um hitt sé nokkur ágreiningur, á hvern hátt bætt verði úr því ástandi, sem hér ríkir.

Skipaútgerð ríkisins hefur nú yfir að ráða tveimur stórum, nýlegum, vel útbúnum og góðum skipum, sem beinlínis voru smíðuð í því skyni að fullnægja fólksflutningaþörfinni umhverfis landið vetur og sumar, og einnig að nokkru leyti vöruflutningaþörfinni á sömu staði. Skipaútgerðin hefur auk þess yfir að ráða tveimur smærri skipum, sem aðallega er ætlað það hlutverk að flytja vörur og fólk til þeirra staða á landinu, er eigi hentar hinum stærri skipum að sigla á. Þá var enn fremur hugsað að bæta síðar við tveimur skipum af smærri gerðinni og leggja þá niður að fullu eða að mestu leyti allar flóabátaferðir. Var þá gert ráð fyrir, að hvort tveggja væri öruggt, að þjóðinni yrði séð fyrir viðunandi samgöngum meðfram ströndum landsins og að kostnaðurinn við slíkar ferðir yrði ekki tilfinnanlegur baggi fyrir ríkissjóð, sbr. nefndarálit forstjóra Skipaútgerðarinnar, þegar verið var að undirbúa skipulag þessara mála til frambúðar. Var þá og gert ráð fyrir því, að kostnaður við flóabátaferðir félli að langmestu niður.

Reynsla undanfarinna ára hefur talað sínu máli og sýnt aðra og lakari niðurstöðu en gert var ráð fyrir, þegar lagt var í þann kostnað að smíða hin nýju skip. Annað hinna stærri strandferðaskipa og það skipið, sem betra er, hefur árlega verið tekið út úr strandferðunum, svo að mánuðum skiptir, til þess að sigla með fólk í skemmtiferðir landa á milli, er sumar hverjar hafa kostað þjóðina allmikinn erlendan gjaldeyri. Hafa þessar ferðir þó engan veginn staðið undir útgjöldum, svo að þjóðin hefur orðið að leggja á sig skatta beinlínis þeirra vegna. Á sama tíma hefur svo Skipaútgerðin orðið að leigja alls konar skipakost í strandferðirnar, sem á engan hátt hefur uppfyllt lágmarkskröfur, sem gera verður til slíkra flutningatækja, og þetta kostað þjóðina enn meira fé en þótt strandferðaskipin hefðu verið notuð til ferðanna, eins og ávallt var til ætlazt. Beinlínis vegna þessa fyrirkomulags hefur fólkið orðið að nota önnur flutninga- og samgöngutæki til þess að fullnægja aðkallandi þörf á hverjum tíma.

Flutningsgjöld hafa þegar verið ákveðin það há, að ýmsir aðrir aðilar hafa af því ágætan arð að sigla árum saman fyrir lægri flutningsgjöld á hinar ýmsu hafnir landsins, án þess að hafa til þess nokkurn styrk úr ríkissjóði.

Á fjárlögum fyrir árið 1952 voru áætlaðar um 5 millj. kr. til strandferðanna, en upphæð þessi hefur á því ári orðið rúmlega 10 millj. samkvæmt því, sem frá er skýrt í ríkisreikningnum, eða hefur meira en tvöfaldazt, miðað við áætlun. Höfðu þó á þessu ári engar umbætur verið gerðar á samgöngukerfinu, nema síður sé. Standa engar vonir til þess, að dregið verði úr þessum kostnaði, nema þá að samfara því verði þjónustan gerð enn lakari en nú er að óbreyttu fyrirkomulagi. Er þess ekki að vænta, að þjóðin uni þessu öllu lengur. Á sama tíma sem þannig hallast meira og meira á ógæfuhliðina hjá Skipaútgerðinni, auka aðrir aðilar, svo sem Eimskipafélagið og Samband ísl. samvinnufélaga skipakost sinn og fjölga um leið allverulega viðkomum á hina ýmsu staði á landinu, er skip Skipaútgerðarinnar sigla einnig á. Er því sýnilegt, að hér skapast samkeppni um flutninga á fólki og vörum á milli allra þessara aðila og að Skipaútgerðin er dæmd til þess að tapa í þeirri samkeppni því meira, því lengur sem hún stendur. Ekkert er því eðlilegra og sjálfsagðara en að leita eftir samkomulagi við báða þessa aðila, Eimskipafélagið og Samband ísl. samvinnufélaga, um að þeir taki að sér þessa þjónustu við fólkið, sem Skipaútgerðin hefur enn á hendi, og tryggja það jafnframt, að hún verði bæði betri og ódýrari fyrir alla aðila. Má í þessu sambandi benda á, að skip þessara aðila sigla oft hvert á eftir öðru eða samtímis á sömu hafnirnar, hvert með sinn slatta af vörum, öllum aðilum til óhagræðis.

Það sýnist í alla staði bæði sanngjarnt og eðlilegt, að skipta tilteknum siglingasvæðum á milli þessara aðila, jafnframt því sem þá væru látnir fylgja þeim þeir farkostir, sem þeim henta bezt og Skipaútgerðin hefur nú yfir að ráða og eru eign ríkissjóðs, gegn því, að samningsaðili taki að sér ákveðnar skuldbindingar um langt árabil. Ætti þetta að gera samningana auðveldari fyrir alla aðila.

Að síðustu skal á það bent, að um langan tíma stóðu um það deilur, hvort einstaklingar eða ríkið ættu að halda uppi sérleyfisferðum á milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur og á milli Akureyrar og Reykjavíkur. Var því lengi vel haldið fram af þeim, er vildu, að ríkið annaðist slíkar ferðir, að með ríkisrekstri fengi fólkið betri, ódýrari og öruggari þjónustu en ef einstaklingar önnuðust reksturinn. Því sama hefur og verið haldið fram um strandferðirnar. Reynslan hefur hins vegar sýnt það svo, að ekki verður á móti mælt, að síðan sérleyfisferðirinar komust aftur í hendur einstaklinga, hefur ríkissjóður ekki einasta sparað hundruð þúsunda árlegan rekstrarhalla á þeirri þjónustu, heldur hafa fólkinu verið látnar í té slíkar umbætur, að undrun sætir, og það án þess að þjónustan verði því dýrari. Mundi nú engum koma til hugar að láta ríkið taka á ný við þessari þjónustu. Það sama verður um árangurinn af skipulagsbreytingu á strandferðunum, ef farið er eftir því, sem hér er lagt til. Það ber því brýna nauðsyn til þess að vinna að því nú þegar að losa ríkissjóðinn að fullu og öllu við rekstur strandferðanna, ekki einasta til þess að létta af þjóðinni

þeirri 10 milljóna króna byrði, sem þetta kostar ríkið árlega nú orðið, heldur og til þess að tryggja þjóðinni betri og öruggari þjónustu í sambandi við flutninga á fólki og vörum um land allt.

Er þess að vænta, að Alþingi samþykki tillögu þessa og að ríkisstjórnin bregðist síðan skjótt við og komi á samningum á þann hátt, sem mælt er fyrir um í tillögunni.

Nd. 95. Frumvarp til laga [72. mál]

um breyting á lögum nr. 112/1941, um lax- og silungsveiði.

Flm.: Björn Ólafsson.

1. gr.

1. málsl. 1. tölul. 17. gr. laganna orðist svo:

Á veiðitíma þeim, er getur um í 16. gr., skal lax og göngusilungur vera friðaður fyrir allri veiði, annarri en stangarveiði, 84 stundir á viku hverri, frá fimmtudagskvöldi kl. 9 til mánudagsmorguns kl. 9.

2. gr.

31. gr. laganna orðist svo:

Milli fastra veiðivéla, hvort heldur er sömu megin ár eða sín frá hvoru landi, skal jafnan vera 100 m bil eftir endilangri á, þar sem skemmst er á milli þeirra. Þó má bilið aldrei vera skemmra en fimmföld lengd veiðivélar. Lengd veiðivélar skal telja frá föstum árbakka út að yzta enda vélar, hvort sem girðing er á allri þeirri leið eða ekki. Leiðari, er liggur frá fastri veiðivél, telst hluti hennar.

3. gr.

34. gr. laganna fellur niður.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Um 1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 112/1941, um lax- og silungsveiði, er lax friðaður fyrir allri veiði, annarri en stangarveiði, 60 stundir á hverri viku. Er þetta gert til að setja nokkurn hemil á laxveiði í net eða veiðivélar, svo að ekki sé of nærri gengið fiskstofninum, sérstaklega þar sem laxgöngurnar fara um á leið til hrygningarstöðvanna.

Í þessu efni stendur sérstaklega á um Hvítá í Borgarfirði. Í hana renna nokkrar af beztu veiðiám landsins, ekki alllangt frá ósi hennar. Allur lax, sem gengur í þessar veiðiár, verður því fyrst að ganga upp Hvítá. En eins og kunnugt er, er netjaveiði stunduð því nær eingöngu í Hvítá, og hafa veiðivélar verið lagðar undanfarin ár þvert og endilangt um ós og leirusvæði árinnar. Verður laxinn að komast fram hjá hinum mörgu veiðivélum, sem í Hvítá eru lagðar, til þess að komast upp í bergvatnsárnar og hrygna.

Enginn vafi er á því, að mikil ofveiði hefur átt sér stað í Hvítá undanfarin ár í veiðivélar og net. Með ofveiði er hér átt við, að jarðeigendur, sem veiðirétt eiga í Hvítá, hafa veitt í netin miklu stærri hluta en þeim eðlilega ber af þeim laxi, sem leggur leið sína um Hvítá upp í bergvatnsárnar. Enn fremur er það íhugunarvert,

að enginn lax, sem í netin veiðist, hefur haft aðstöðu til að hrygna. Vafalaust má því telja, að bændur, sem mikilla hagsmuna hafa að gæta vegna laxveiði í bergvatnsánum, hafa um langt skeið borið skarðan hlut frá borði, borið saman við veiðibændur við Hvítá.

Eftirfarandi tölur um laxveiði á vatnasvæði Hvítár staðfesta það álit, að um mikla ofveiði sé að ræða í Hvítá í net eða aðrar veiðivélar, þegar sú veiði er borin saman við stangarveiði í bergvatnsánum, þar sem laxinn hrygnir. Yfirlitið sýnir tölu veiddra laxa.

	1948	*1949*	*1950*	*1951*	*1952*
Netjaveiði	4935	2958	2753	4359	4051
Stangarveiði	2179	1506	1183	2043	2551
Samtals	7114	4464	3936	6402	6602

Upplýsingar þessar eru fengnar hjá veiðimálastjóra. Meðal annars fylgja þessar skýringar: „Ofangreindar tölur yfir laxveiði í net eru byggðar á veiðiskýrslum frá bæjum, sem veiða í sjó, á leirusvæði Hvítár, í Hvítá og í Norðurá. Nær allir bæir hafa gefið upp veiðina árlega. Tölurnar yfir stangarveiðina ná hins vegar aðeins til Þverárveiðanna, Svarthöfðaveiðanna, hluta Grímsárveiðanna og mesta hluta Norðurárveiðanna. Ókleift hefur reynzt til þessa að afla samhangandi veiðiskýrslna frá öllum stangarveiðisvæðum á vatnasvæði Hvítár. Ætla má, að samanlagt veiðist 350—650 laxar á ári á svæðunum, sem skýrslurnar ná ekki til, eða nálega 500 laxar á ári á meðaltali.“ — Af þessu má ætla, að nokkur vanhöld séu með skýrslugerð bæði fyrir netjaveiðina og stangarveiðina.

Séu tölurnar teknar eins og þær liggja fyrir, hefur netjaveiðin verið 61—70% af allri laxveiðinni árin 1948—1952. En sé tekin með áætlunartala veiðimálastjóra um vanhöld stangarveiðiskýrslna, án þess að reiknað sé með nokkrum vanhöldum netjaveiðiskýrslna, þá sýna tölurnar, að 57—65% af öllum laxi, veiddum í Borgarfirði síðustu fimm árin, hefur verið veitt í net.

Þegar þess er gætt, að allur laxinn, sem veiðist í Hvítá í net, er á leið til hryngingarstöðvanna í bergvatnsánum, er ljóst, að slík ofveiði sem farið hefur fram í Hvítá hlýtur, þegar til lengdar lætur, að hafa skaðleg áhrif og draga úr fiskgengdinni í árnar. Ef netjaveiði væri ekki leyfð í Hvítá, er líklegt, að Borgarfjarðarárnar yrðu einhverjar beztu stangarveiðiár í heimi.

Til þess að hindra ofveiði á laxi í net er í 17. gr. laganna, eins og áður er getið, svo fyrir mælt, að lax og göngusilungur skuli vera friðaður fyrir allri veiði, annarri en stangarveiði, 60 sundir á viku hverri, frá föstudagskvöldi kl. 9 til mánudagsmorguns kl. 9. Tölurnar hér að framan sýna greinilega, að þessi friðunartími er ekki nægilega langur til að sporna gegn ofveiði í net. Þess vegna er með frv. þessu lagt til, að friðunartíminn á hverri viku sé lengdur um einn sólarhring. Er þá laxinn friðaður gegn netjaveiði helming vikunnar. Er sýnilegt, að ekki má skemmra ganga í því efni, ef lax í bergvatnsánum á ekki að ganga til þurrðar á næsta áratug.

Rétt þykir, að fram komi einnig upplýsingar veiðimálastjóra um laxveiði í Ölfusá og vatnasvæði hennar, þótt þar gegni talsvert öðru máli en um Hvítá. Þar segir svo:

„Eins og yður er kunnugt, er fyrirkomulag veiðimálanna í Árnessýslu mjög með öðrum hætti en í Borgarfirði. Á laxgenga hluta vatnasvæðis Ölfusár-Hvítár er starfandi veiðifélag (Veiðifélag Árnesinga), sem hefur á sinni hendi alla laxveiði á félagssvæðinu. Félagið hefur látið stunda netjaveiði á einum eða fleiri stöðum í Ölfusá, en hefur leigt út Sogið, Brúará, Stóru- og Litlu-Laxá til stangarveiði, en auk þess hefur stangarveiði verið stunduð á nokkrum stöðum í Ölfusá og Hvítá.

Hér fer á eftir skýrsla yfir netja- og stangarveiði á félagssvæði Veiðifélags Árnesinga. Stangarveiðin í Soginu er gefin upp sér:

		1948	*1949*	*1950*	*1951*	*1952*
Stangarveiði:						
Sogið		322	99	102	105	133
Annars staðar		767	835	318	224	800
	Samtals	1089	934	420	329	933
Netjaveiði:	„		643	1674	981	717
	Samtals	1089	1577	2094	1310	1650

Engin netjaveiði var rekin af Veiðifélagi Árnesinga á árunum 1947 og 1948 og veiðiútbúnaður var takmarkaður á árunum 1949 til 1952 vegna samþykktar félagsins um að draga úr netjaveiðinni á vatnasvæðinu í fiskiræktarskyni.

Veiðifélag Árnesinga hefur, eins og áður segir, laxveiðina á vatnasvæði Ölfusár-Hvítár á sínum höndum, en veiði göngusilungs hafa bændur sjálfir, hver fyrir sínu landi. Bændur við Ölfusá og Hvítá veiða göngusilung í lagnet, og sumir bændanna við bergvatnsárnar stunda lagnetjaveiði eða stangarveiði eða leigja stangarveiðimönnum silungsveiðina fyrir landi sínu. Vitað er, að verulegt magn af laxi veiðist bæði í silunganetin og á stangir silungsveiðimanna, og kemur sú veiði ekki fram í tölum hér að framan."

Um 2. gr.

Samkvæmt dómi hæstaréttar, nr. 34 1949 (um lögmæti laxveiðilagnar á leirusvæði ár), hefur 31. gr. laganna verið túlkuð svo, að ekki skuli telja fjarlægð veiðivélar frá árbakka til lengdar hennar, heldur beri að miða einungis við lengd veiðivélarinnar sjálfrar. Er hér átt við, að heimilt sé að leggja net í árkvíslar án tillits til fjarlægðar þeirra frá föstum árbakka, ef netjalögnin sjálf að lengd til er innan hæfilegra marka. Með þessu móti er hægt að leggja í allar höfuðkvíslar hvar sem eru á leirusvæði árinnar og á þann hátt þvergirða að miklu leyti fyrir allt leirusvæðið.

Enginn vafi er á, að þessi túlkun laganna er ekki í samræmi við upphaflegan tilgang þeirra. Tilgangurinn var sá, að lengd veiðivélar skyldi mæld frá föstum árbakka, en ekki frá eyrum úti í miðri á. En þess ber þó að gæta, að 34. gr. laganna gefur nokkurt tilefni til misskilnings í þessu efni, og þess vegna er lagt til, að sú grein verði felld niður.

Það, sem við er átt með breytingu þessari, er, að ekki sé heimilt að mæla lengd netja eða veiðivéla frá eyri eða bakka, öðrum en hinum eðlilega fasta árbakka, hvar sem net eru lögð í ána, þar með talið leirur og ós.

Ed. 96. Nefndarálit [60. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 93 27. nóv. 1951, um breyt. á l. nr. 97 12. des. 1945, um breyt. á l. nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og leggur einróma til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi 26. okt. 1953.

Bernh. Stefánsson, form. Lárus Jóhannesson, fundaskr., frsm. Karl Kristjánsson.

Gísli Jónsson. H. Guðmundsson.

Nd. 97. Frumvarp til laga [73. mál]

um breyting á lögum nr. 93 19. júní 1933, um víxla.

Flm.: Magnús Jónsson, Jónas Rafnar.

1. gr.

Á eftir 49. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Nú eru almennir víxilvextir banka hærri en 6 af hundraði á ári, og skal þá heimilt að krefja um vexti af víxli í samræmi við það þrátt fyrir ákvæði 48. og 49. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar Landsbanki Íslands hækkaði víxilvexti upp í 7 af hundraði, var gerð breyting á lögum nr. 73 19. júní 1933, um bann við okri, dráttarvexti o. fl., sem nauðsynleg var af því tilefni. Hins vegar hefur láðst að gera þá sjálfsögðu breytingu á víxillögum, sem um ræðir í þessu frumvarpi. Í 48. og 49. gr. þeirra laga er beinlínis tekið fram, að vextir af vanskilavíxlum skuli vera 6 af hundraði á ári, og er því ekki hægt að fá dóm fyrir hærri upphæð. Niðurstaðan verður því sú, að menn þurfa ekki að greiða eins háa vexti af víxlum sínum, eftir að þeir eru komnir í vanskil. Þarf naumast að rökstyðja frekar, hversu fáleitt það er.

Þar sem ekki er gert ráð fyrir, að 7 af hundraði verði varanlegir víxilvextir, þykir ekki rétt að leggja til, að breytingar verði gerðar á 48. og 49. gr., heldur tekið inn í lögin almennt ákvæði, sem gildi þegar bankavextir af víxlum fara yfir 6 af hundraði.

Nd. 98. Frumvarp til laga [74. mál]

um breyting á lögum nr. 94 19. júní 1933, um tékka.

Flm.: Magnús Jónsson, Jónas Rafnar.

1. gr.

Á eftir 46. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Nú eru almennir útlánsvextir banka hærri en 6 af hundraði á ári, og skal þá heimilt að krefja um vexti af tékka í samræmi við það þrátt fyrir ákvæði 45. og 46. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í. 45. og 46. gr. tékkalaga segir, að krefja megi um 6 af hundraði í ársvexti af tékkafjárhæð, sem ekki fæst greidd við sýningu tékka. Mjög mikilvægt er að koma í veg fyrir það, að út séu gefnir tékkar, sem ekki er innistæða fyrir. Verður því að telja sjálfsagt, að tékkaskuldarar greiði almenna útlánsvexti af skuld sinni, en þeir eru nú 7 af hundraði á ári. Heppilegast mun vera að hafa í lögunum almennt ákvæði um þetta efni, svo að ekki þurfi að breyta lögunum á ný, ef útlánsvextir bankanna breytast aftur.

Nd. 99. Nefndarálit [61. mál]

um frv. til laga um heimild handa ríkisstjórninni til að taka lán hjá Framkvæmdabanka Íslands vegna alþjóðaflugþjónustu.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt. Einn nefndarmanna (JPálm) var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 26. okt. 1953.

Skúli Guðmundsson, form., frsm. Kristín Sigurðardóttir, fundaskr. Gylfi Þ. Gíslason.
Páll Þorsteinsson.

Sþ. 100. Tillaga til þingsályktunar [75. mál]

um rannsókn á brúarstæði á Hornafjarðarfljótum.

Flm.: Páll Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara á næsta ári rannsókn á brúarstæði á Hornafjarðarfljótum. Kostnaður, sem af rannsókninni leiðir, greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Hornafjarðarfljót kljúfa sundur byggðina í Austur-Skaftafellssýslu. Tvær leiðir eru farnar yfir þau. Önnur er upp við fjöllin við innstu bæi í héraðinu. Þar liggur leiðin yfir tvær jökulár, sem breyta oft um farvegi. Þess vegna hefur ekki þótt aðgengilegt að brúa Fljótin á þeim slóðum. Hin leiðin liggur um breiðan vatnsfláka í miðju héraði. Þar eru Hornafjarðarfljót 4—5 km á breidd, en straumlítil. Þótt þessi leið sé alloft farin á bifreiðum, þegar vötn eru lítil og ef dýpi er jafnt, en ekki djúpir álar til trafala, þá er hún að jafnaði torfær á bifreiðum og oft ófær svo að vikum skiptir. Á hinn bóginn er þetta stytzta leiðin milli gróðursælla sveita og mundi verða fjölfarnasta leiðin um héraðið, ef takast mætti að vinna bug á þeim mikla farartálma, sem Hornafjarðarfljót eru.

Líkur benda til þess, að kleift sé með viðráðanlegum kostnaði að gera fyrirhleðslur við Hornafjarðarfljót á þessum slóðum, veita þeim á þann hátt í mjóa ála og brúa milli fyrirhleðslna á einum stað eða fleiri.

Sennilegt er, að svo megi haga fyrirhleðslum, að stór landsvæði verði varin ágangi vatna. Mundi þá stækka að miklum mun á fáum árum gróðurlendi sveitanna báðum megin við Hornafjarðarfljót.

Þarna eru staðhættir í sambandi við brúargerð svo sérstæðir, að þörf er á, að nákvæm rannsókn fari fram á allri aðstöðu, áður en til framkvæmda kemur. Þess vegna er tillaga þessi flutt.

Nd. 101. Frumvarp til laga [76. mál]

um togaraútgerð ríkisins til atvinnujöfnunar.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Eiríkur Þorsteinsson.

1. gr.

Ríkið kaupir og gerir sjálft úr eigi færri en fjóra togara af þeirri stærð og gerð, sem að áliti reyndustu útgerðarmanna eru taldir heppilegastir til öflunar hráefnis á heimamiðum fyrir hraðfrystihús og önnur fiskiðjuver, sem illa eru hagnýtt vegna hráefnaskorts.

2. gr.

Höfuðmarkmið þessarar togaraútgerðar ríkisins er að jafna atvinnu í kaupstöðum og kauptúnum landsins á þann hátt, að togararnir leggi þar einkum afla á land, sem atvinnuleysi gerir vart við sig og mest er þörf aukinnar atvinnu hverju sinni. Við ákvörðun þess, hvar ríkistogari skuli leggja upp afla sinn, má útgerðarstjórnin einnig taka tillit til þess, að illa hagnýtt fiskiðjuver fái aukin hráefni til vinnslu.

3. gr.

Stjórn togaraútgerðar ríkisins er skipuð þremur mönnum, kosnum á Alþingi með sama hætti og stjórn síldarverksmiðja ríkisins. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra.

4. gr.

Togaraútgerð ríkisins hefur sjálfstæðan fjárhag og reikningshald, og ber ríkissjóður ábyrgð á rekstri fyrirtækisins og sér því fyrir rekstrarfé.

5. gr.

Reikningsár togaraútgerðar ríkisins skal vera almanaksárið. Reikningsskilum skal lokið fyrir 1. marz ár hvert. Skal þá þegar senda ríkisstjórninni rekstrar- og efnahagsreikninga skipanna, undirritaða af útgerðarstjórninni, reikingshaldara og framkvæmdastjóra, ásamt skýrslu um rekstur útgerðarinnar á árinu. Reikningarnir skulu árlega birtir í B-deild Stjórnartíðindanna og í ríkisreikningunum.

6. gr.

Sett verði reglugerð um tilhögun alla og rekstur togaraútgerðar ríkisins, og skal það sérstaklega tryggt með ákvæðum hennar, að megintilgangi laganna — jöfnun atvinnunnar — verði sem bezt náð.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp um togaraútgerð ríkisins til atvinnujöfnunar hefur verið flutt á nokkrum seinustu þingum, en hefur ekki náð samþykki Alþingis.

Sú breyting er á frumvarpinu, síðan það var seinast flutt, að nú er ekki gert ráð fyrir neinum sérstökum tengslum milli togaraútgerðar ríkisins og síldarverksmiðja ríkisins, þar sem ríkisverksmiðjunum hefur einmitt á þessu ári verið falin útgerð tveggja togara. Má þannig segja, að ríkið hafi þegar byrjað á togaraútgerð, en aðeins með hagnýtingu vinnuafls og framleiðslutækja á einum stað fyrir augum.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til, að ríkið kaupi og geri sjálft út fjóra togara af þeirri stærð og gerð, sem að áliti reyndustu útgerðarmanna verði taldir heppilegastir til öflunar hráefnis á heimamiðum fyrir hraðfrystihús og önnur illa hagnýtt fiskiðjuver.

Eins og segir í 2. gr. frumvarpsins, er þessum ríkistogurum ekki ætlað það hlutverk að bæta úr atvinnuástandi neins eins ákveðins staðar. Ef svo væri, hefði alveg eins mátt hugsa sér að bæta úr því með togurum í einkaeign eða í bæjarrekstri. — Þeim togurum, sem um ræðir í frumvarpinu, er sérstaklega ætlað það hlutverk að jafna atvinnu í landinu, koma í veg fyrir atvinnuleysi, hvar í landinu sem það gerir vart við sig, og leggja þar afla á land, sem vinnuafl og vinnustöðvar skortir verkefni. Sá hreyfanleiki, sem nauðsynlegur er til að ná þessu marki, verður aðeins tryggður með ríkisrekstri togaranna, og þess vegna er lagt til, að það rekstrarform verði viðhaft.

Það mun verða aðalmótbáran gegn frumvarpi þessu, að með ríkisrekstri fjögurra togara taki ríkið á sig verulega fjárhagslega áhættu, og er það að vísu rétt, en því má þá ekki heldur gleyma, að togaraútgerð gefur einnig vonir um mikla gróðamöguleika.

Á það ber sérstaklega að líta í þessu sambandi, að það er ein af frumskyldum þjóðfélagsins að reyna að koma í veg fyrir atvinnuleysi, og það verður aldrei gert nema með miklum fjárhagslegum fórnum. Spurningin er aðeins sú, hvaða úrræði séu skynsamlegust til að afstýra böli atvinnuleysisins. Fer þeim mönnum sífellt fækkandi, sem trúa því, að ófrjó atvinnubótavinna leysi vandamál atvinnuleysisins í kaupstöðum og kauptúnum til nokkurrar hlítar, — hitt sé rétta leiðin, að ríkið veiti aðstoð til öflunar atvinnutækja og hafi áhrif á, að atvinnutækin séu hagnýtt svo sem bezt má verða.

Nú er það staðreynd, að flest hinna þýðingarmestu atvinnutækja við sjávarsíðuna, svo sem hraðfrystihús, fiskþurrkunarhús og fiskimjölsverksmiðjur, standa víða langtímum saman lítt eða ekki notuð, samtímis því að fólkið gengur atvinnulaust. Verður slíkt að teljast óþolandi ástand.

Til þessa liggja ýmsar ástæður. Á nokkrum stöðum er hægt að bæta úr hráefnisþörf hinna ónotuðu atvinnutækja með auknum vélbátakosti. En á öðrum stöðum er orðið svo langsótt til fiskjar, m. a. vegna ágengni erlendra og innlendra togara á grunnmiðum, að vélbátar reynast þess ekki megnugir að annast hráefnaöflunina. Þar sem svona hagar til, er einkum þörf togara til nýtingar vinnuaflsins og til hráefnisöflunar fyrir hraðfrystihús, fiskimjölsverksmiðjur, þurrkhús og aðrar fiskvinnslustöðvar, ef vinnsluafköst þeirra eiga að notast til nokkurrar hlítar. En gernýting þeirra væri tvímælalaust þýðingarmesta aðgerðin til útrýmingar atvinnuleysinu, auk þess sem við það ynnist mikil aukning gjaldeyrisverðmæta og gerbreytt fjárhagsafkoma margra fiskiðnaðarfyrirtækja, sem komin eru í kröggur sökum verkefnaskorts.

Það eru viðurkennd og augljós sannindi, að ekkert er þjóðfélaginu eins dýrt og að láta fólk ganga atvinnulaust. Þannig kostar það þjóðfélagið eigi minna en 12 milljónir króna að láta þúsund manns ganga atvinnulausa í 4 mánuði. Oft mundi það þó sanni nær, að það væru um 2000 manns, sem byggju við atvinnuleysi um vetrarmánuðina, og kostar slíkt vinnutap, eins og menn sjá, eigi minna en 24—30 milljónir króna. — Hugsanlegt rekstrartap fjögurra togara gæti því aldrei orðið nema lítill brothluti slíkra upphæða, enda er það sannfæring flutningsmanna þessa frumvarps, að ríkisútgerð togara til atvinnujöfnunar sé skynsamlegasta leiðin til að afstýra atvinnuleysi, auka framleiðslutekjur þjóðarinnar og bæta rekstrarafkomu margra þýðingarmikilla atvinnufyrirtækja. Viljum við því vænta þess, að Alþingi beri nú gæfu til að gera frumvarpið að lögum.

Nd. 102. Nefndarálit [14. mál]

um frv. til l. um breyt. á 1. mgr. 39. gr. laga nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis.

Frá allsherjarnefnd.

Frv. er samhljóða bráðabirgðalögum frá 27. maí 1953. Nefndin leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 27. okt. 1953.

Björn Ólafsson, form., frsm. Ásgeir Bjarnason, fundaskr. Jörundur Brynjólfsson.
Einar Ingimundarson. Eggert Þorsteinsson.

Ed. 103. Breytingartillaga [32. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 116 29. des. 1951, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Guðmundi Í. Guðmundssyni og Ingólfi Flygenring.

Framan við 1. gr. komi:
Á eftir A. 3 í 1. gr. laganna komi nýr liður:
Þorkötlustaðavegur: Af Grindavíkurvegi í Járnagerðarstaðahverfi að Ísólfsskála.

Nd. 104. Frumvarp til laga [77. mál]

um atvinnuleysistryggingar.

Flm.: Gunnar Jóhannsson, Sigurður Guðnason, Einar Olgeirsson.

1. gr.

Félög karla og kvenna, sem vinna hvers konar daglaunavinnu, svo og annarra, sem vinna fyrir launum við sams konar vinnu, svo sem sjómenn, starfsfólk við iðju, iðnaðarmenn, verzlunar- og afgreiðslufólk, skrifstofufólk, starfsmenn við flutninga á mönnum og vörum, þjónustufólk í veitingahúsum og önnur sambærileg félög, sem stofnað hafa atvinnuleysissjóði innan félagsins, eiga rétt á staðfestingu atvinnumálaráðherra sjóðnum til handa og hlunnindum samkvæmt lögum þessum, ef hann fullnægir þeim skilyrðum, sem lög þessi ákveða. Stjórn atvinnuleysissjóðs skal skipuð 3 mönnum, sem kosnir skulu í viðkomandi félagi með sama hætti og stjórn félagsins.

2. gr.

Markmið atvinnuleysissjóðs er að tryggja sjóðsfélaga gegn atvinnuleysi, ef það stafar ekki af þeim sökum, sem um getur í 7. gr.

3. gr.

Skilyrði fyrir því, að atvinnuleysissjóður geti fengið staðfestingu ráðherra, eru:

1. Að sjóðsfélagar séu ekki færri en 15 og vinni að sömu eða svipaðri starfsgrein eða eigi við svipuð vinnuskilyrði að búa.
2. Að félagið sé heimilisfast í einhverjum kaupstaðanna eða kauptúnanna og sjóðsfélagar allir búsettir í kaupstaðnum, kauptúninu eða nágrenni.
3. Að samþykktir atvinnuleysissjóðsins og starfstilhögun sé í samræmi við það, sem hér fer á eftir.

4. gr.

Félög þau, sem stofnað hafa atvinnuleysissjóði, skulu setja þeim samþykktir. Samþykktirnar skulu staðfestar af ráðherra, að fengnum tillögum Tryggingastofnunar ríkisins. Á sama hátt skal fara um breytingar á samþykktum.

5. gr.

Engum má neita um að gerast sjóðsfélagi, ef hann fullnægir upptökuskilyrðum þeim, sem sett eru í lögum þessum, enda sé hann fullra 16 ára að aldri.

6. gr.

Í samþykktum skal ákveða árstillag sjóðsfélaga og hvernig þau skuli greiðast. Fé sjóðsins skal ávaxtað með tryggum hætti og þannig, að ávallt sé nægilega mikið af því handbært. Einnig skal í samþykkt ákveðið um styrkveitingar úr sjóðnum, og má veittur styrkur aldrei nema meiru en ⅘ af þeim launum, sem á sama tíma eru greidd í viðkomandi starfsgrein.

Í samþykktum skal einnig ákveða, hve langur biðtími skuli líða til þess er sjóðsfélagi á rétt til styrks, og má sá tími vera mismunandi langur eftir því, hver starfsgreinin er.

7. gr.

Staðfestur atvinnuleysisjóður má ekki veita atvinnuleysisstyrk:

1. Til manna, er þátt taka í verkfalli eða verkbann nær til.
2. Til þeirra manna, er njóta slysa-, sjúkra- eða örorkustyrks samkv. lögum um almannatryggingar eða eru á opinberu framfæri vegna langvarandi veikinda.
3. Til þeirra, sem misst hafa atvinnu af ástæðum, sem þeir eiga sjálfir sök á, svo sem vegna drykkjuskaparóreglu.
4. Til þeirra, sem sviptir eru frelsi sínu að opinberri tilhlutun.
5. Til þeirra, sem neita vinnu, er þeim býðst að tilhlutun vinnumiðlunarskrifstofu samkv. lögum um vinnumiðlun, eða á annan hátt, svo að sannað sé, þó því aðeins, að ekki hvíli verkfall eða verkbann á vinnunni og kaupgjald og vinnutími sé í samræmi við taxta eða kjarasamninga viðkomandi verkalýðsfélags, eða annað vandhæfi á vinnunni, sem stjórn verkalýðsfélags tekur gilt.
6. Til þeirra, sem hafa eða gætu sannanlega haft þær árstekjur, að nægi þeim til fulls framfæris fyrir sig og þá, sem þeir hafa á framfæri sínu.

8. gr.

Stofnfé atvinnuleysissjóða skal vera:

Þær þrjár milljónir króna, ásamt vöxtum af þeim, sem geymdar eru í þessu skyni hjá Tryggingastofnun ríkisins samkv. lögum nr. 42 14. apríl 1943, sbr. lög nr. 50 7. maí 1946.

Stofnfé þessu skal skipta hlutfallslega miðað við félagatölu milli þeirra atvinnuleysissjóða, sem stofnaðir hafa verið og viðurkenndir samkv. lögum þessum fyrir 1. janúar 1955.

9. gr.

Tekjur atvinnuleysissjóða skulu vera sem hér segir:

1. Þeir, sem hafa sjóðsfélaga í atvinnuleysissjóði í þjónustu sinni, skulu greiða í viðkomandi atvinnuleysissjóð sem svarar 4% af heildarupphæð þeirra vinnulauna, er sjóðsfélagar vinna fyrir hjá þeim. Aflahlutur og hvers konar greiðslur í öðru en peningum fyrir unnin verk teljast vinnulaun.
2. Ríkissjóður greiðir árlega til atvinnuleysissjóðanna 150 kr. á hvern félaga sjóðsins, að viðbættri fullri verðlagsuppbót samkvæmt kaupgjaldsvísitölu.
3. Bæjar- og sveitarsjóðir greiða árlega til atvinnuleysissjóðsins í viðkomandi bæjar- eða sveitarfélagi upphæð, sem nemur helmingi framlags ríkissjóðs samkv. 2. tölulið.
4. Iðgjöld, sem sjóðsfélagar kunna að greiða samkv. samþykktum sjóðanna.

Gjöld þau, sem atvinnurekendum ber að greiða samkvæmt 1. tölul., skulu innheimt ásamt tryggingargjöldum samkvæmt lögum um almannatryggingar, nr. 50 frá 7. maí 1946.

10. gr.

Stjórn staðfests atvinnuleysissjóðs skal árlega senda Tryggingastofnun ríkisins endurskoðaða reikninga sjóðsins, og skal Tryggingastofnunin hafa eftirlit með því, að sjóðurinn starfi lögum samkvæmt. Hefur hún rétt til að krefjast skýrslna um allt, sem sjóðinn varðar, og aðgangs að skjölum hans og skilríkjum.

11. gr.

Atvinnuleysissjóðir, sem stofnaðir verða samkvæmt lögum þessum, skulu tilkynna ráðherra stofnunina. Ráðherra skal innan eins mánaðar ákveða, hvort sjóðurinn hlýtur staðfestingu eða eigi. Hljóti sjóðurinn staðfestingu, nýtur hann frá byrjun næsta ársfjórðungs þeirra réttinda, sem lög þessi ákveða, þ. á m. framlaga ríkisins og bæjar- og sveitarfélaga samkv. 2. og 3. tölulið 9. gr., í hlutfalli við það, sem er eftir ársins.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Atvinnuleysissjóðir, sem stofnaðir verða og viðurkenningu hljóta á tímabilinu frá gildistöku laganna og til 1. des. 1954, eiga rétt á að fá greitt upp í stofnfé sitt samkv. 8. gr. fjárhæð, sem nemi 200 krónum á hvern sjóðsfélaga.

Greinargerð.

Frumvarp samhljóða þessu hefur verið flutt af þingmönnum Sósialistaflokksins á þremur undanförnum þingum. Frumvarpið hefur verið flutt að tilhlutun Verkamannafélagsins Dagsbrúnar.

Ekki hefur frumvarpið fengizt afgreitt frá nefnd fyrr en á síðasta þingi. En þá klofnaði heilbrigðis- og félagmálanefnd neðri deildar um málið. Minni hlutinn, þeir Jónas Árnason og Gylfi Þ. Gíslason, lagði til, að frumvarpið yrði samþykkt með lítils háttar breytingum á bráðabirgðaákvæðinu, en fulltrúar stjórnarflokkanna, sem mynduðu meiri hluta nefndarinnar, lögðu til, að frumv. yrði vísað til ríkisstjórnarinnar. Var það samþykkt, en ekki hefur heyrzt, að ríkisstjórnin hafi látið málið til sín taka á nokkurn hátt enn sem komið er.

Í desemberverkföllunum í fyrravetur var það ein af aðalkröfum verkalýðssamtakanna, að komið yrði á fót atvinnuleysistryggingum í líkingu við það, sem gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu. Þeirri kröfu var þá ekki fullnægt. En bak við þessa kröfu stendur nú íslenzk verkalýðshreyfing einhuga, og henni mun verða fylgt fast eftir af öllum þeim mætti, sem samtökin eiga til. Þegar svo er komið, verður varla hægt að spyrna við fótum öllu lengur gegn þessu réttlætismáli, fremur en t. d. 8 stunda vinnudeginum og 12 stunda hvíld á togurunum.

Enda þótt nokkuð hafi glæðzt um atvinnu nú um hríð, þá er málið jafnbrýnt og fyrr. Á Íslandi er nú stöðugt atvinnuleysi um lengri eða skemmri tíma ársins á ýmsum stöðum á landinu, hvernig sem árar í atvinnulífinu. Atvinna sú, sem menn hafa átt kost á nú um skeið, verður ekki til langframa, svo að horfurnar eru sízt betri en fyrr.

Enn er í fullu gildi það, sem sagt var í greinargerð frumvarpsins á síðasta þingi, en þar segir svo:

„Það er ekki sjáanleg nein sú stefnubreyting í fjárhags- og atvinnumálum þjóðarinnar, er valdið geti því, að hér skapist atvinnuöryggi, heldur þvert á móti má búast við, að atvinnuleysi fari vaxandi á næstu tímum.

Það er því augljóst, að enda þótt verkamenn kjósi atvinnuöryggi fram yfir atvinnuleysistryggingar, þá verður ekki hjá því komizt að gera núverandi ástandi og horfum í þessum málum fullan reikning og að þjóðfélagið verði að taka á sig viðeigandi skyldur, sé það ekki fært um að sjá öllum þegnum sínum fyrir atvinnu.

Frumvarp það, er hér liggur fyrir, gerir einmitt ráð fyrir því, að þjóðfélagið taki nú á sig þessa skyldu. Gerir frumvarpið ráð fyrir stofnun atvinnuleysissjóða innan félaga launþega. Stofnfé þeirra skal vera sú upphæð (3 millj. kr.), sem geymd er í þessu skyni hjá Tryggingastofnun ríkisins samkv. lögum nr. 42 14. apríl 1943.

Til þess að gefa nokkra hugmynd um, hvaða trygging er fólgin í frv. þessu, ef að lögum yrði, skal hér tekið dæmi af félagi, sem telur um 3000 félaga, eins og Verkamannafél. Dagsbrún, og miðað við, að greidd vinnulaun á ári svari til þess, að sé greitt dagkaup alla virka daga. Ef gert er ráð fyrir, að styrkurinn yrði ⅔ dagkaupsins að meðaltali, mundi hann endast handa yfir 450 mönnum í 6 mánuði, eða 900 mönnum í 3 mánuði árlega, — þótt ekki sé reiknað með stofnfénu og ekki gert ráð fyrir neinum iðgjöldum, sem félagsmenn greiddu sjálfir. — Ef hins vegar þarf ekki að ganga á sjóðinn um nokkurt árabil, væri hægt að verja miklu fé úr honum til atvinnuframkvæmda, enda þótt búið yrði þannig um allar lánveitingar úr sjóðnum, að tryggt væri, að hann gæti jafnan staðið við löglegar skuldbindingar sínar. Hér er um að ræða mjög mikilsverða tryggingu til að halda uppi atvinnu. Þetta var einmitt höfuðröksemdin í greinargerð fyrir frumvarpi því um atvinnuleysistryggingu, sem Brynjólfur Bjarnason flutti í efri deild 1942 og var í öllum aðalatriðum á sömu leið og þetta frumvarp. — Þar var þó t. d. gert ráð fyrir, að iðgjöld atvinnurekenda yrðu 6%, en aðeins 4% í þessu frumvarpi. — Ef það frumvarp hefði þá náð fram að ganga, mundu nú vera til miklir sjóðir, sem hægt væri að verja til stórvirkra atvinnuframkvæmda.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir, að verkalýðsfélögin ráði sem mest sjálf, hvernig tryggingunum er hagað, innan þeirra takmarka, sem lögin setja, svo sem um upphæð styrkja, biðtíma, aldurstakmörk, iðgjöld hinna tryggðu sjálfra o. s. frv. Verður það áreiðanlega affarasælast, þar sem aðstæður eru mismunandi í hinum ýmsu félögum og ýmsu atvinnugreinum.“

Nd. 105. Lög [61. mál]

um heimild handa ríkisstjórninni til að taka lán hjá Framkvæmdabanka Íslands vegna alþjóðaflugþjónustu.

(Afgreidd frá Nd. 27. okt.)

Samhljóða þskj. 72.

Ed. 106. Nefndarálit [35. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 53 11. júní 1938, um mat á matjessíld og skozkverkaðri síld.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Einn nefndarmanna, Guðm. Í. Guðmundsson, var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 28. okt. 1953.

Jóhann Þ. Jósefsson, form.	Vilhjálmur Hjálmarsson, fundskr., frsm.	Bernharð Stefánsson.
	Ingólfur Flygenring.	

Ed. 107. Frumvarp til laga [78. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að selja þjóðjarðirnar Eyvindará og Heiðarhús.

Flm.: Karl Kristjánsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt — að fengnum meðmælum sýslunefndar Suður-Þingeyjarsýslu — að selja Hálshreppi eftirtaldar þjóðjarðir, sem eru eyðijarðir þar í hreppi:

1. Eyvindará.
2. Heiðarhús.

Söluverð jarðanna fari eftir því, sem um semst, eða eftir mati tveggja dómkvaddra manna, ef samningar takast ekki.

Námaréttindi skulu undanskilin við söluna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt beiðni hreppsnefndarinnar í Hálshreppi.

Báðar eru jarðirnar, sem frumvarpið nær til, á svonefndri Flateyjardalsheiði, sem öll er afréttur nú orðið. Hafa þær verið í eyði lengi, Heiðarhús nálægt hálfri öld og Eyvindará miklu lengur. Hús eru þar engin uppistandandi né girðingar. Engar líkur eru til þess, að þær byggist á ný.

Við síðasta fasteignamat var hvor jörðin um sig metin á kr. 100.00.

Ósk hreppsnefndarinnar um kaup á jörðunum er fram komin af því, að nefndin telur eðlilegast, að þessar landsspildur, sem hreppsbúar þurfa að nota sem afrétt, séu eign sveitarinnar.

Nd. 108. Frumvarp til laga [79. mál]

um breyting á lögum nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

Flm.: Jón Pálmason.

1. gr.

Upphaflegur 22. liður (fyrir áorðnar breytingar 25. liður) 1. gr. laganna verði tveir liðir, svo hljóðandi:

25. *Blönduóshérað:* Áshreppur, Sveinsstaðahreppur, Torfalækjarhreppur, Blönduóshreppur, Svínavatnshreppur, Bólstaðarhlíðarhreppur, Engihlíðarhreppur og Vindhælishreppur. Læknissetur á Blönduósi.
    Íbúar Vindhælishrepps utan Hafursstaðaár eiga þó jöfnum höndum tilkall til læknisþjónustu af hendi héraðslæknis í Höfðahéraði.
26. *Höfðahérað:* Höfðahreppur og Skagahreppur. Læknissetur í Höfðakaupstað.

Liðatala greinarinnar breytist samkvæmt þessu.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1954.

Greinargerð.

Frumvarp samhljóða þessu var flutt á næst síðasta þingi af heilbrigðis- og félagsmálanefnd neðri deildar og í samráði við heilbrigðismálastjórnina. Fylgdi frumvarpinu þá ýtarleg greinargerð frá landlækni. Var frv. samþykkt í Nd., en vísað frá í Ed. vegna breytinga, sem við það hafði verið hnýtt. Á síðasta Alþingi var málið aftur til meðferðar, fór í gegnum Nd., en féll í Ed. af sömu ástæðum, en með jöfnum atkvæðum.

Nokkru eftir þingslit útveguðu Höfðahreppsbúar þangað lækni, sem starfað hefur á þeim stað síðan. En þar sem nauðsyn ber til, að sú skipun sé gerð lögformleg, til þess að hlutaðeigandi læknir njóti fullra réttinda, þá leyfi ég mér fyrir héraðsins hönd að flytja þetta mál í þriðja sinn. Þykist ég hafa ástæðu til að ætla, að nú verði eigi í þriðja sinn farið að hnýta við það óviðkomandi málum, sem heilbrigðismálastjórnin vill eigi fallast á, og eyðileggja á þann hátt framgang þessa einfalda máls.

Sþ. 109. Tillaga til þingsályktunar [80. mál]

um varnir gegn landspjöllum af völdum Dyrhólaóss í Mýrdal.

Flm.: Jón Kjartansson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka, hvað tiltækilegast sé að gera til að hindra frekari landspjöll af völdum Dyrhólaóss í Mýrdal.

Greinargerð.

Dyrhólaós hefur útfall austan við Dyrhólaey. Öðru hverju kemur það fyrir, að sandi kastar í útfallið, svo að það teppist alveg. Vex þá ósinn mjög, því að ár renna í hann, og í stórbrimi flæðir mikill sjór inn yfir fjöruna beggja vegna Dyrhólaeyjar og inn í ósinn. Getur ósinn þá orðið það mikill, að hann flæði yfir allar leirur og langt upp á engjalönd. Fer þá oft svo, að ósinn ber sand og möl á engjar og brýtur landið og veldur stórfelldri eyðileggingu.

Það mun vera 25—30 býli, sem eiga engjalönd að ósnum, og öll hafa þau orðið fyrir meiri eða minni eyðileggingu af hans völdum. Kunnugur maður, sem um langt skeið var einn helzti frömuður búnaðarmála í Mýrdal, segir í bréfi til mín um þessi landspjöll: „Ég fylgdist nokkuð með þessum landbrotum þau 38 ár, sem ég veitti Búnaðarfélagi Hvammshrepps forstöðu, því að félagið reyndi að fá einhverju um þokað. En þótt ég hafi ekki neinar skýrslur til sönnunar eyðileggingunni, fullyrði ég, að hér er um að ræða tugi hektara af ágætustu engjalöndum með hundruðum hestburða af heyi, og miða ég þá við 70—80 síðustu árin.“

Á síðasta aðalfundi Búnaðarfélags Hvammshrepps var gerð svo hljóðandi ályktun: „Aðalfundur Búnaðarfélags Hvammshrepps, haldinn í Reynisskóla 17. maí 1953, skorar á þingmann kjördæmisins að vinna að því eftir megni, að komið verði í veg fyrir landbrot þau, sem Dyrhólaós veldur á engjum milli Reynisfjalls og Steigarháls, með því að fá af hendi hins opinbera allhliða rannsókn og tillögur, er gætu orðið til bóta.“

Með þáltill. þessari er stefnt að því, að þessi rannsókn fari fram.

Nd. 110. Frumvarp til laga [81. mál]

um aðstoð til holræsagerðar.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Magnús Jónsson, Jónas Rafnar, Ingólfur Jónsson.

1. gr.

Ríkissjóður veitir sveitarfélögum aðstoð til þess að leggja holræsi, sem gerð eru samkvæmt fyrirmælum þessara laga.

2. gr.

Nú vill sveitarstjórn leggja holræsi fyrir skólp og afrennsli í sveitarfélaginu eða hluta úr því og fá til þess fjárhagslega aðstoð úr ríkissjóði, og skal hún þá að loknum undirbúningi, eins og fyrir er mælt í 91. gr. l. nr. 15 20. júní 1923, leita samþykkis ráðherra til framkvæmdanna. Jafnframt skal senda ráðherra frumdrætti að hinum fyrirhuguðu mannvirkjum. Leyfi ráðherra má binda þeim skilyrðum um framkvæmd verksins, sem nauðsynleg þykja til þess að tryggja almenningshagsmuni.

3. gr.

Þegar ráðherra hefur veitt samþykki til að leggja holræsi, getur sveitarstjórn hafið framkvæmdir, sem skulu gerðar undir yfirumsjón manns, sem ráðherra samþykkir.

4. gr.

Styrkur ríkissjóðs nær til greiðslu á allt að helmingi stofnkostnaðar.

Ráðherra ákveður styrk til einstakra sveitarfélaga samkvæmt lögum þessum, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum.

5. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, nauðsynleg lán, er sveitarstjórn kann að taka til framkvæmda þeirra, er um ræðir í lögum þessum. Má ábyrgðin og styrkurinn til hvers sveitarfélags þó aldrei nema meiru samtals en 85% af holræsakostnaði hverju sinni.

6. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta ákvæði laganna ná til holræsafélaga fyrir hluta úr sveitarfélögum, ef þau eru stofnuð af a. m. k. helmingi eigenda fasteigna í því hverfi, er holræsin eru lögð um, án þess að sveitarfélag sé eigandi holræsanna, enda mæli hlutaðeigandi sveitarstjórn með því og veiti ábyrgð sveitarfélagsins fyrir láni ríkissjóðs til holræsafélagsins.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samhljóða frv. var flutt á síðasta þingi, og fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

„Mörg sveitarfélög og þorp hafa ekki enn treyst sér til að gera fullnægjandi skólpveitur vegna kostnaðar. Eru þetta einkum minni þorp, sem eiga við erfiðleika að stríða í þessu efni. Af heilbrigðisástæðum er nauðsynlegt, að skólpveitur verði fullkomnar. Ber því að stuðla að því, að svo geti orðið sem fyrst. Frumvarp þetta, ef að lögum verður, mun gera þorpum og sveitarfélögum fært að gera fullnægjandi skólpveitur.

Aðstoð af ríkisins hálfu við skólpveitur er ekki síður nauðsynleg en við vatnsveitur, en eins og kunnugt er hafa verið sett lög um aðstoð til vatnsveitna.“

Ed. 111. Frumvarp til laga [82. mál]

um breyting á lögum nr. 44 9. maí 1947, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra.

Flm.: Bernharð Stefánsson.

1. gr.

Á milli 1. og 2. málsgr. 7. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Meðan upprekstrarfélög eða einstakar jarðir eru að einhverju leyti svipt aðgangi að beitilöndum sínum, skulu þeim heimil afnot annarra þeirra afréttarlanda, sem þau hafa til þessa haft afnot af, enda þótt lönd þessi liggi innan annars upprekstrar- eða sýslufélags, nema þau afnot komi í bága við nauðsynlegar sauðfjársjúkdómavarnir að dómi sauðfjársjúkdómanefndar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt í samráði við 2. þm. Eyf., Magnús Jónsson, og að beiðni hreppsnefndarinnar í Hrafnagilshreppi í Eyjafjarðarsýslu.

Svo stendur á, að bændur í Hrafnagilshreppi hafa um marga áratugi og sennilega aldir rekið sauðfé sitt í Vestur-Bleiksmýrardal í Suður-Þingeyjarsýslu, og hefur dalurinn verið aðalafréttarland þeirra, enda átti Hrafnagilskirkja það land, en nú Akureyrarkirkja, eftir að kirkjustaðurinn varð á Akureyri. Breytir það að sjálfsögðu engu um eignarréttinn, þó að umráð yfir afréttinum hafi verið tekin af sóknarprestinum á Akureyri og fengin hreppstjóra Hálshrepps. Það ákvæði er hins vegar í fjárskilareglugerð Suður-Þingeyjarsýslu, að hreppsnefndum þar er heimilað að banna, að fé utansveitarmanna sé rekið á afrétti hlutaðeigandi hreppa í sýslunni. Hugðist hreppsnefnd Hálshrepps beita þessu ákvæði gagnvart fé úr Hrafnagilshreppi, en þar í hreppi stendur svo á, að varnargirðingar í Eyjafirði, sem sauðfjársjúkdómanefnd telur enn nauðsynlegt að halda við, útiloka með öllu bændur í Hrafnagilshreppi að koma fé sínu til nokkurs afréttar í Eyjafirði eða vestar, heldur mundu þeir verða að sleppa því í heimahögum, sem eru litlir og ekki nothæfir nema fyrir örfáar kindur. Liggur því ekki annað fyrir en að hætta við alla sauðfjárrækt í Hrafnagilshreppi, ef ekki fæst leiðrétting í þessu efni með einhverju móti.

Út af þessum vandkvæðum sneri hreppsnefndin í Hrafnagilshreppi sér til sauðfjársjúkdómanefndar, og samkvæmt tillögu hennar kvað landbúnaðarráðuneytið upp þann úrskurð samkvæmt heimild í 43. gr. l. nr. 44 9. maí 1947, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, sbr. 7. gr. sömu l., að hreppsnefnd Hrafnagilshrepps skyldi heimilt að láta reka á afrétt í landi Akureyrarkirkju á Bleiksmýrardal sumarið 1953 allt að 1200 sauðfjár, þar í talin lömb. Nú hefur sauðfjársjúkdómanefnd látið það álit í ljós í bréfi 23. sept. s. l., að ekki muni verða hjá því komizt að viðhalda varnargirðingunum í Eyjafirði og hafa vörzlu með þeim að sumrinu næstu ár. Sömu ástæður eru því fyrir hendi eins og voru á s. l. vori, þegar landbúnaðarráðuneytið gaf út áðurgreindan úrskurð, og hin sama nauðsyn fyrir bændur í Hrafnagilshreppi að geta komið fé sínu á Bleiksmýrardal eins og þá var. Hins vegar mun ráðuneytið telja heimildirnar í 7. og 43. gr. í sauðfjársjúkdómalögunum frá 1947 tæplega nógu ótvíræðar til þess, að það vilji endurnýja úrskurð sinn frá 20. maí s. l. fyrir næsta eða næstu ár. Í frv. þessu er því lagt til, að bændur, sem sviptir eru aðgangi að beiti- eða afréttarlöndum sínum vegna varnanna, skuli hafa ótvíræðan rétt til afnota annarra þeirra afréttarlanda, er þeir

hafa haft afnot af til þessa, ef það kemur ekki í bága við nauðsynlegar sauðfjársjúkdómavarnir.

Að sjálfsögðu getur víðar staðið svipað á, þó að frumv. sé fram borið vegna ástæðna í einum hreppi sérstaklega.

Nd. 112. Breytingartillögur [54. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 116 1951, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Ólafi Thors og Emil Jónssyni.

Á undan a-lið 1. gr. frv. bætast nýir liðir:

1. Á eftir B. 2 kemur nýr liður, svo hljóðandi:
   Úlfarsárvegur: Af Vesturlandsvegi hjá Korpúlfsstaðaá, um Úlfarsá og Úlfarsfell á Reykjaveg norðan við Hafravatn.
2. Á eftir orðunum „um Reykjahverfi“ í B. 3 bætist: með álmu að Reykjalundi.

Nd. 113. Frumvarp til laga [83. mál]

um kaup á olíuflutningaskipum.

Flm.: Gils Guðmundsson, Bergur Sigurbjörnsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að kaupa eða láta smíða á kostnað ríkissjóðs tvö olíuflutningaskip, 12000—16000 lestir hvort.

2. gr.

Til framkvæmda samkvæmt 1. gr. er ríkisstjórninni heimilt að taka erlendis allt að 80 millj. króna lán.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Um nokkurt skeið hefur verið vaxandi áhugi á því, að Íslendingar eignuðust olíuflutningaskip, eitt eða fleiri. Þeir, sem hafa kynnt sér málið, eru þeirrar skoðunar, að kaup olíuflutningaskipa muni verða hagkvæm fyrir þjóðina og spara henni allverulega erlendan gjaldeyri. Er hér einnig um mikilsverða öryggisráðstöfun að ræða, þar eð þeir tímar geta auðveldlega komið, að háskalegt sé að vera algerlega upp á aðrar þjóðir komnir um svo mikilvægt atriði sem aðflutninga til landsins á olíum.

Olíunotkun Íslendinga er nú orðin yfir 200 þús. smálestir árlega og fer sífellt vaxandi. Benda allar líkur til þess, að sú þróun haldi áfram. Landsbúum fjölgar ört, skipastóll landsmanna á væntanlega fyrir sér að vaxa, vélanotkun öll, bæði við sjó og í sveit, er stöðugt að aukast. Enn má benda á það, að upphitun íbúðarhúsa með olíu hefur rutt sér mjög til rúms á síðustu árum. Má því telja fullvíst, að aðflutningar á olíum til landsins muni enn aukast verulega í náinni framtíð.

Íslendingar hafa á undanförnum árum greitt milli 30 og 40 millj. kr. í farmgjöld til erlendra aðila. Flutningsgjöld olíuflutningaskipa hafa nú að vísu lækkað allverulega, en nema þó háum upphæðum.

Í frumvarpi þessu er lagt til, að Alþingi heimili ríkisstjórninni að kaupa eða láta smíða tvö olíuflutningaskip, 12—16 þús. lestir, en athuganir þykja benda til þess, að sú stærð skipa henti okkur bezt.

Byggingarkostnaður tveggja slíkra skipa mun nema samtals 70—80 millj. kr. Yrði hins vegar horfið að því ráði, sem vel kemur til greina og ef til vill mun reynast hagfelldast, að kaupa nýleg skip, má vænta þess, að þau yrðu allmiklu ódýrari. Vegna lækkaðra flutningsgjalda er nú miklu auðveldara en verið hefur undanfarin ár að fá slík skip keypt. Virðist augljóst að nota beri tækifærið og fá hið fyrsta úr því skorið, hvort ekki er hægt að ná góðum samningum um kaup á nýlegum og hentugum skipum.

Rekstur olíuflutningaskipa er talinn svo öruggur og arðvænlegur, að öflun lánsfjár í því skyni að kaupa eða smíða slík skip mundi að öllum líkindum auðveldari en lánsfjáröflun til margra annarra framkvæmda. Hefur kunnur útgerðarmaður, sem mikið hefur kynnt sér þetta mál, látið þess getið á opinberum vettvangi, að hann mundi geta útvegað lánsfé erlendis til slíkra skipakaupa.

Tvö olíuflutningaskip af þeirri stærð, sem hér um ræðir, mundu hafa næg verkefni, þar eð þau gerðu ekki betur en anna þörfum okkar Íslendinga. Má því telja fullvíst, að rekstur þeirra yrði fjárhagslega tryggur. Skipin mundu örugglega spara meiri gjaldeyri en nota þyrfti til greiðslu vaxta og afborgana af stofnláninu.

Við Íslendingar höfum á að skipa mörgum dugandi sjómönnum, þar á meðal faglærðum mönnum, sem siglt hafa á olíuflutningaskipum, svo að engin vandkvæði ættu að vera á því að manna tvö olíuflutningaskip með íslenzkum áhöfnum. Mundu þar fá örugga atvinnu um 90 sjómenn, sem gera má ráð fyrir að framfleyttu um 400 manns.

Flutningsmenn þessa frumvarps telja það að vísu meginatriði í sambandi við málið, að tvö góð olíuflutningaskip komist í íslenzka eigu. Hitt skiptir einnig verulegu máli, hver tilhögun verður viðhöfð um eignaryfirráð og rekstrarfyrirkomulag skipanna. Telja flm. eðlilegast, að ríkið kaupi skipin og reki þau.

Nd. 114. Lög [14. mál]

um breyting á 1. mgr. 39. gr. laga nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis.

(Afgreidd frá Nd. 30. okt.)

Samhljóða þskj. 14.

Nd. 115. Nefndarálit [6. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 16/1953, um breyt. á l. nr. 105/1951, um breyt. á l. nr. 117/1950, um breyt. á l. nr. 22/1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., og á l. nr. 9/1951, svo og l. nr. 70/1952.

Frá fjárhagsnefnd.

Með frv. þessu eru framlengd gildandi lagaákvæði um greiðslu verðlagsuppbótar á laun opinberra starfsmanna. Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt. Einn nefndarmanna (JPálm) áskilur sér rétt til þess að flytja breytingartillögu.

Alþingi, 30. okt. 1953.

Skúli Guðmundsson, form. Jón Pálmason, fundaskr. Gylfi Þ. Gíslason, frsm.

Kristín Sigurðardóttir. Páll Þorsteinsson.

Nd. 116. Breytingartillaga [6. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 16/1953, um breyt. á l. nr. 105/1951, um breyt. á l. nr. 117/1950, um breyt. á l. nr. 22/1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., og á l. nr. 9/1951, svo og l. nr. 70/1952.

Frá Jóni Pálmasyni.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:
Á eftir orðunum „og 1. des. 1953“ í 3. mgr. 1. gr. laganna komi: og gildir sú vísitala við launagreiðslur til 1. des. 1954.

Nd. 117. Nefndarálit [5. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 22. júní 1921, um stimpilgjald.

Frá fjárhagsnefnd.

Frv. þetta er flutt til staðfestingar á bráðabirgðalögum, er út voru gefin 5. ágúst þ. á., og mælir nefndin með því, að það verði samþykkt.

Alþingi, 30. okt. 1953.

Skúli Guðmundsson, form. Jón Pálmason, fundaskr., frsm. Kristín Sigurðardóttir.
Páll Þorsteinsson. Gylfi Þ. Gíslason.

Nd. 118. Nefndarálit [4. mál]

um frv. til laga um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Frumvarp þetta er samhljóða lögum, er nú gilda, og framlengir ákvæði þeirra um eitt ár. Undirritaður meiri hluti nefndarinnar mælir með því, að það verði samþykkt eins og það liggur fyrir, en einn nefndarmanna (GÞG) er andvígur frv. og mun skila séráliti.

Alþingi, 30. okt. 1953.

Skúli Guðmundsson, form., frsm. Jón Pálmason, fundaskr. Kristín Sigurðardóttir.
Páll Þorsteinsson.

Nd. 119. Nefndarálit [9. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að ábyrgjast lán fyrir Bæjarútgerð Siglufjarðar og h.f. Bjólf á Seyðisfirði.

Frá fjárhagsnefnd.

Frumvarpið er flutt til staðfestingar á bráðabirgðalögum og hefur verið samþykkt í hv. Ed. Nefndin mælir með frv. Einn nefndarmanna (GÞG) áskilur sér rétt til að flytja brtt. eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Alþingi, 30. okt. 1953.

Skúli Guðmundsson, form. Jón Pálmason, fundaskr. Páll Þorsteinsson, frsm.
Kristín Sigurðardóttir. Gylfi Þ. Gíslason.

Ed. 120. Frumvarp til laga [84. mál]

um Kirkjubyggingasjóð.

Flm.: Sigurður Ó. Ólafsson, Andrés Eyjólfsson.

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Kirkjubyggingarsjóður. Hlutverk sjóðsins er að veita þjóðkirkjusöfnuðunum vaxtalaus lán til kirkjubygginga í sóknum landsins og til varanlegra endurbóta á eldri kirkjum.

2. gr.

Ríkissjóður skal greiða í Kirkjubyggingasjóð kr. 1000000.00 á ári í næstu 5 ár og síðan árlega kr. 500000.00 í næstu 15 ár.

Biskup landsins hefur á hendi stjórn og reikningshald Kirkjubyggingasjóðs, og skulu reikningar sjóðsins árlega birtir í Stjórnartíðindum.

3. gr.

Ekki má veita lán úr sjóðnum samkv. 1. gr., nema teikning að kirkjubyggingu eða endurbót eldri kirkju hafi verið samþykkt af þriggja manna nefnd, er í skulu eiga sæti biskup landsins, húsameistari ríkisins og þriðji maður, sem kirkjumálaráðherra skipar. Lánin skulu veitt gegn 1. veðrétti í kirkjuhúsinu. Lánsupphæðin miðast við stærð kirkju og má nema allt að kr. 200.00 á hvern teningsmetra, þó aldrei meiru en kr. 1000.00 á hvern fermetra gólffletar. Byggingarlánin endurgreiðast með jöfnum árlegum afborgunum á 50 árum.

Til endurbóta eldri kirkna má eigi veita hærri lán en sem svarar ¼ kostnaðar, samkvæmt reikningum, sem biskup úrskurðar. Lánin endurgreiðast á 20 árum með jöfnum afborgunum.

Bráðabirgðaákvæði.

Endurgreiða skal úr Kirkjubyggingasjóði vexti af lánum þeim til kirkjubygginga og endurbóta eldri kirkna, er tekin hafa verið eftir árslok 1945, enda sanni kirkjureikningar, að lánin nemi ekki stærri hluta af byggingar- og viðgerðarkostnaði en sagt er í 3. gr.

Greinargerð.

Frumvarp um sama efni var flutt á síðasta Alþingi, en náði þá ekki fram að ganga. Í greinargerð, sem fylgdi frv. þá, segir svo m. a.:

„Í frv. því, sem hér er flutt, er farið fram á ákveðna, en mjög hóflega upphæð frá ríkinu árlega næstu 20 árin til styrktar kirkjubyggingum í landinu, enda ekki gert ráð fyrir, að þetta framlag nemi meiru en ⅕—⅖ af byggingarkostnaði kirkjuhúsanna. Hér er ekki heldur um beinan styrk að ræða, heldur vaxtalaus lán, sem söfnuðirnir endurgreiða að fullu í hinn sameiginlega kirkjubyggingasjóð, og kemur þannig hið sama fé til nota nýbyggingum kirkna, eftir því sem söfnuðirnir, þar sem kirkjur hafa verið reistar, endurgreiða Kirkjubyggingasjóði lánin.

Að 20 árum liðnum má gera ráð fyrir, eins og síðar mun sýnt, að meginátakinu í kirkjubyggingarmálunum verði lokið. Þá munu söfnuðir landsins endurgreiða Kirkjubyggingasjóði árlega um 200 þús. kr. af byggingarlánunum, og yrði það jafnframt handbært fé til lána til þeirra kirkna, sem þá kynni enn að vera þörf á að reisa.

Auk þess höfuðmarkmiðs þessa frv. að styðja að nýbyggingum kirkna hefur það einnig inni að halda ákvæði um stuðning við kirkjur, sem viðgerða eða varanlegra endurbóta þarfnast. Er gert ráð fyrir að lána í því skyni vaxtalaust til 20 ára ¼ af kostnaði við endurbætur eldri kirkna, ef nefnd sú, sem samþykkir kirkjuteikningar, telur endurbótina réttmæta og heppilega. Er þetta ákvæði sett til þess, að söfnuðir láti fremur fara fram endurbót á eldri kirkju, þar sem það telst hagfellt, heldur en að krefjast endurbyggingar kirkjunnar að öllu leyti. En á slíku væri jafnan nokkur hætta, ef til endurbygginga fengjust hagkvæm lán, en engin til endurbóta eldri kirkjuhúsa.

Þá er í frv. þessu ætlazt til, að hlaupið sé undir bagga með þeim söfnuðum, sem síðan dýrtíð tók að vaxa fyrir alvöru hafa tekið lán til byggingar kirkna eða varnalegra endurbóta á eldri kirkjuhúsum. Þykir sanngjarnt, að Kirkjubyggingasjóður greiði fyrir slíka söfnuði vexti af lánum þessum.

Samkv. gildandi lögum um skipun prestakalla eru nú í landinu 286 kirkjusóknir. Þar af eru 10 sóknir án sóknarkirkju: 5 í Reykjavík, Hnífsdalssókn, Hólmavíkursókn, Drangsnessókn, Hofsóssókn og Úthlíðarsókn. Af hinum 276 sóknarkirkjum eru 72 steinkirkjur, en hinar úr timbri eða torfi.

Samkvæmt skrám frá próföstum um kirkjur eru 169 byggðar fyrir síðustu aldamót, en 107, er byggðar hafa verið á síðustu 52 árum, eða ríflega 2 kirkjur á ári til jafnaðar. En margar hinna eldri kirkna hafa hlotið miklar aðgerðir, svo að þær mega nú kallast stæðileg hús, sem eigi virðast þurfa endurbyggingar í náinni framtíð.

Um byggingarþörfina á næstu 20 árum er erfitt að segja. En samkvæmt lauslegum athugunum, sem fram hafa farið á því máli, virðist aðkallandi þörf á að byggja á næstu 20 árum kirkjur, sem hér segir:

A. 130 kirkjur í sóknum með innan við 300 íbúa.
B. 25 kirkjur í sóknum utan Reykjavíkur, sem hafa yfir 300 íbúa.
C. 5 kirkjur í sóknum í Reykjavík.

Fólkstala samtals í þessum sóknum, miðað við 31. des. 1950, var sem hér segir:

A. Sóknir með undir 300 íbúum 15590.
B. Sóknir með yfir 300 íbúum 16043 (utan Reykjavíkur).
C. Sóknir með yfir 300 íbúum ca. 30000 (í Reykjavík).

Ef gert er ráð fyrir, að í A (sóknum með undir 300 íbúum) þyrftu kirkjurnar að rúma í sæti helming sóknarmanna, í B (sóknum yfir 300) þriðjung til fjórðung og í C (Reykjavík) yrði gert ráð fyrir, að hver hinna 5 nýju kirkna rúmaði 400 manns í sæti, þá þarf samanlagður sætafjöldi í hinum nýju kirkjum að vera:

A. 7795 sæti.
B. 5000 —
C. 2000 —

Við athugun á teikningum á kirkjum, sem byggðar hafa verið hér á landi, kemur í ljós, að í hinum minnstu kirkjum kemur á hvern fermetra gólfflatar 1.3 sæti, en þetta breytist eftir því sem kirkjurnar stækka, þannig að í hinum stærstu kirkjunum nægir ekki fermetri í gólffleti fyrir eitt sæti.

Með hliðsjón af þessu má ætla, að gólfflötur kirknanna verði:

A. Um 6500 fermetrar.
B. Um 5000 —
C. Um 2200 —

Enn fremur hefur það komið í ljós við athugun kirkjuteikninganna, að rúmmetratala verður að sjálfsögðu hærri, miðað við gólfflöt, því stærri sem kirkjan er. Mun ekki vera fjarri lagi, að gólfflötinn þurfi að margfalda með 3—6 til þess að fá rúmmetratal kirkjunnar.

Samkvæmt því mundi ekki fjarri lagi, að rúmmetratal þeirra 160 kirkna, er byggja þyrfti á næstu 20 árum, yrði sem hér segir:

A. 130 kirkjur samtals 6500 ferm. að gólffleti: Rúmmál 22000 m³.
B. 25 kirkjur samtals 5000 ferm. að gólffleti: Rúmmál 22000 m³.
C. 5 kirkjur samtals 2200 ferm. að gólffleti: Rúmmál 13200 m³.

Sé gert ráð fyrir, að byggingarkostnaður sé um kr. 500.00—550.00 á teningsmetra, verður heildarkostnaður sem hér segir:

A.	130 kirkjur (22000 rúmm.)	11	millj. kr.
B.	25 kirkjur (22000 rúmm.)	12.10	— —
C.	5 kirkjur (13200 rúmm.)	7.26	— —
	Alls	30.36	millj. kr.

Miðað við þessar áætlanir mundi framlag ríkisins á vaxtalausum lánum til kirkjubygginganna verða:

A.	130 kirkjur, 22 þús. rúmm., 200 kr. á rúmmetra	4.4	millj. kr.
B.	25 kirkjur, 22 þús. rúmm., 200 kr. á rúmmetra	4.4	— —
C.	5 kirkjur, 2200 ferm. að gólffleti, 1000 kr. á ferm.	2.2	— —
		11.0	millj. kr.

Er það sem næst ⅓ hluti byggingarkostnaðar að meðaltali.

Af kirkjum í A eru:
50 í sóknum með innanvið 100 íbúa.
65 í sóknum með 100—200 íbúa.
15 í sóknum með 200—300 íbúa.

Til þess að gefa hugmynd um kostnað við byggingu hinna smærri kirkna og hve mikill hluti þess kostnaðar yrði lán samkv. ákvæðum frv., skulu nefnd nokkur dæmi:

I. Sóknarmenn 100. Kirkja, sem tæki ríflega helming sóknarmanna í sæti, verður um 50 fermetrar að gólffleti og um 150 rúmmetrar að stærð.

Byggingarkostnaður um 500 kr. á rúmmetra verður kr. 75000.00.
Þar af verður lán úr sjóðnum 200 kr. á rúmmetra — 30000.00.

Þetta er að vísu ekki mikil hjálp og bersýnilega örðugleikum bundið fyrir 100 manna söfnuð að leggja fram sjálfur um 45 þús. kr. til byggingarinnar. Í þessu sambandi er þó vert að geta þess, að sumar þessara kirkna eiga ofur litla sjóði, að framlög til byggingarinnar gætu að töluverðu leyti orðið í vinnu við kirkjusmíðina, sem mundi koma betur við en beinar peningagreiðslur, og að eitthvert lán ætti að fást til byggingarinnar úr Hinum almenna kirkjusjóði, þótt vart megi þar gera ráð fyrir hærri upphæð en 10—15 þús. kr.

II. Sóknarmenn um 150. Kirkja, er tæki 75 í sæti, yrði um 65 ferm. að gólffleti og um 227 rúmmetrar.

Byggingarkostnaður ..... kr. 113500.00.
Þar af lán úr sjóðnum ..... — 45400.00.

Framlag safnaðar kr. 68000.00, eða um 450 kr. á mann. Er það sama upphæð og í 100 manna sókninni.

III. Sóknarmenn 600. Kirkja, er tæki 200 manns í sæti, verður um 200 metrar að gólffleti og um 1000 rúmmetrar.

Byggingarkostnaður 550 kr. á rúmm. ..... kr. 550000.00.
Lán úr sjóðnum ..... — 200000.00.

Þurfa þá safnaðarmenn að leggja fram 350 þús. kr., eða um 600 kr. á mann.

IV. Kirkja í Reykjavík. Sóknarmenn 5 þúsund. Kirkja tekur 400 menn í sæti, gólfflötur 440 fermetrar. Rúmm. 6×440=2640.

Byggingarkostnaður 2640×550 ..... 1452000 kr.
Lán úr sjóðnum 1000 kr. á ferm. gólfflatar ..... 440000 —

Mismunur 1012000 kr.

er safnaðarmenn standa straum af að öllu leyti, eða 202 kr. á mann.

Af dæmum þessum virðist sýnt, að enda þótt hér sé ekki farið fram á nema lítinn hluta af byggingarkostnaði kirknanna, þá verði þetta eigi að síður nokkurn veginn nægileg hjálp til þess að söfnuðir landsins muni á næstu árum sjá sér fært að hefja kirkjubyggingar í allstórum stíl, en á því er bæði trúarleg og menningarleg nauðsyn og svo augljós, að eigi þarf um að ræða.

Loks er að minna á, að öllu fé skila kirkjurnar aftur í sjóðinn, að frádregnu því litla, sem fer í greiðslu vaxta af eldri kirkjubyggingarlánum og áður er að vikið. Verður þannig hið sama fé stöðugt lyftistöng nýrra kirkjubygginga í landinu.

Um einstakar greinar frumvarpsins þykir rétt að taka þetta fram:

Um 1. gr.

Lánin verða aðeins veitt þjóðkirkjusöfnuðum. Þar sem annar en söfnuður er eigandi kirkju, verður því söfnuður að taka við kirkjunni, ef lán eiga að fást til endurbyggingar hennar. Ætti þetta ákvæði að greiða og flýta fyrir því, að allar kirkjur á landinu komist í eigu safnaðanna sjálfra, enda er það tvímælalaust heppilegast.

Um 2. gr.

Eðlilegast þykir, að biskup hafi á hendi stjórn og reikningshald Kirkjubyggingasjóðs.

Um 3. gr.

Rétt þykir að miða lánin við stærð kirkju, en eigi við vissan hluta byggingarkostnaðar. Er þá bæði, að ríkið veit þegar í upphafi, hve miklu lánið nemur, og söfnuðirnir hafa enn ríkari ástæðu til þess að sýna fulla ráðdeild og hagsýni við bygginguna. Hins vegar er ætlazt til, að nefnd sú, er um getur í þessari grein, sjái um, að hinar nýju kirkjur verði smekklegar og hentugar að stíl og gerð, og að hún annist jafnframt um, að kirkjubygging verði vandlega og traustlega af hendi leyst. Sama gildir um endurbætur eldri kirkna. Er og auðvelt að binda lánin þeim skilyrðum, að byggingin sé vönduð og traust að dómi trúnaðarmanna sjóðsins.

Bráðabirgðaákvæði.

Mikill meiri hluti af lánum, sem veitt hafa verið til kirkjubygginga síðan 1945, er í Hinum almenna kirkjusjóði. Samtals munu lánin þar nema um 700 þús. kr. Alls ættu þessi lán engan veginn að vera yfir 900 þús. kr.

Vaxtagreiðsla sjóðsins vegna þeirra verður þá um 45 þús. kr. á ári, er mundi lækka um 2—3 þús. kr. á ári og vera horfin úr sögunni eftir 15—20 ár.“

Nd. 121. Frumvarp til laga [85. mál]

um breyting á lögum nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason, Hannibal Valdimarsson, Emil Jónsson, Eggert Þorsteinsson.

1. gr.

Á eftir 105. gr. laganna kemur nýr kafli með 7 nýjum greinum, svo hljóðandi (og breytist kafla- og greinatala samkvæmt því):

Kosningabandalög.

a. (106. gr.) Tveir eða fleiri stjórnmálaflokkar geta gert með sér kosningabandalag samkvæmt reglum þeim, sem hér fara á eftir. Heimilt er að láta kosningabandalag ná til allra kjördæma landsins eða aðeins tiltekinna kjördæma. Heimild þessi nær þó aðeins til flokka, sem hafa landslista í kjöri og átt hafa fulltrúa á Alþingi síðasta kjörtímabil.

b. (107. gr.) Hafi tveir eða fleiri stjórnmálaflokkar komið sér saman um kosningabandalag, skulu þeir tilkynna það skriflega yfirkjörstjórn í þeim kjördæmum, er kosningabandalagið tekur til, eigi síðar en fjórum vikum og þremur dögum fyrir kjördag. Á sama hátt skal tilkynna landskjörstjórn kosningabandalag eigi síðar en fjórum vikum og tveim dögum fyrir kjördag. Í tilkynningu til landskjörstjórnar skal tekið fram, hvort kosningabandalagið tekur til landsins alls eða til ákveðinna kjördæma og þá hverra.

c. (108. gr.) Í kjördæmi, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, skal leggja saman atkvæðatölur frambjóðenda þeirra flokka, sem gert hafa með sér kosningabandalag í kjördæminu, ef enginn þeirra nær kosningu án þess. Sé þessi atkvæðatala hærri en atkvæðatala nokkurs annars frambjóðanda í kjördæminu, reiknast öll atkvæðin þeim frambjóðanda bandalagsflokkanna, er hæsta atkvæðatölu hlaut, og nær hann þá kosningu.

d. (109. gr.) Í tvímenningskjördæmum skal á sama hátt leggja saman atkvæðatölur framboðslista þeirra stjórnmálaflokka, sem gert hafa með sér kosningabandalag í kjördæminu, ef þeir fá ekki tvo frambjóðendur kjörna í kjördæminu án þess. Skulu öll atkvæðin talin þeim framboðslista bandalagsflokkanna, sem flest fékk atkvæði. Skal sú atkvæðatala skera úr um það, hve margir frambjóðendur hafa náð kosningu af listanum. Sama gildir um varamenn. Atkvæði skulu talin hvorum eða hverjum bandalagsflokki um sig, ef samtala atkvæðanna nægir ekki til þess, að stærri eða stærsti bandalagsflokkurinn fái kjörinn frambjóðanda, sem ella hefði ekki náð kosningu.

e. (110. gr.) Reglur 109. gr. skulu og gilda um kosningu í Reykjavík. Ef frambjóðandi nær kosningu af framboðslistum beggja eða allra bandalagsflokkanna án bandalags, skal samanlögð atkvæðatala lista bandalagsflokkanna ráða því, hve margir frambjóðendur þeirra ná kosningu alls. Fái bandalagsflokkarnir fleiri menn kjörna vegna bandalagsins en þeir hefðu fengið án bandalags, skal til viðbótar sá frambjóðandi teljast kjörinn, sem næstur stóð kosningu. Sama gildir um varamenn.

f. (111. gr.) Ákvæði þessa kafla koma þó því aðeins til framkvæmda, að stjórnmálaflokkur, sem fengi kjörinn þingmann vegna þeirra, hafi fengið kjörinn þingmann án kosningabandalags.

g. (112. gr.) Í kjördæmum, þar sem stjórnmálaflokkar hafa með sér kosningabandalag, skulu kjörseðlar vera þannig úr garði gerðir, að kjósandi geti látið í ljós, ef hann vill ekki láta telja atkvæði sitt frambjóðanda eða lista bandalagsflokks. Skulu slík atkvæði þá ekki talin með í þeirri heildaratkvæðatölu bandalagsflokkanna, sem sker úr um það, hvaða frambjóðandi hafi náð kosningu eða hversu margir frambjóðendur af framboðslista eða listum.

2. gr.

Á eftir 128. gr. laganna kemur ný grein, svo hljóðandi (og breytist greinatala samkvæmt því):

Ef stjórnmálaflokkar hafa haft með sér kosningabandalag og fengið vegna þess kjörna fleiri þingmenn en ella, skulu við úthlutun uppbótarþingsæta þeim flokki, sem viðbótarþingsæti fær, talin öll atkvæði bandalagsflokkanna í þeim kjördæmum, þar sem viðbótarþingmennirnir voru kjörnir. Ef frambjóðendur af framboðslistum beggja eða allra bandalagsflokkanna í Reykjavík hefðu náð kosningu án bandalags, en bandalagsflokkarnir fá samt fleiri frambjóðendur en ella kjörna vegna bandalagsins, skal þeim flokki, sem viðbótarþingsæti fær, þó aðeins talið svo mikið af atkvæðum hins eða hinna, að nægilegt hafi reynzt til þess að fá kjörna þá tölu þingmanna, sem hann hefur fengið.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er einn af hyrningarsteinum heilbrigðs stjórnarfars, að festu gæti í stjórnarframkvæmdum. Tíð stjórnarskipti og reikul stjórnarstefna eru ekki giftusamlegir stjórnarhættir. Sumir hafa viljað ráða bót á þessu með því að skilja að löggjafarvald og framkvæmdarvald og hafa handhafa hvors um sig þjóðkjörna. Þar eð handhafar framkvæmdarvalds yrðu þá kosnir óhlutbundnum kosningum, yrði það ávallt í höndum eins flokks eða bandalags flokka, sem haft hefðu samvinnu í kosningum. Slíkt afnám þingræðis á þó ekki miklu fylgi að fagna hérlendis. Virðist það vera vilji manna, að ríkisstjórn skuli hafa traust Alþingis og haldi Alþingi þannig rétti og skyldu til stjórnarmyndunar. En þá ber jafnframt að stuðla að því, að samhentur meiri hluti myndist á Alþingi með heilbrigðum hætti.

Bent hefur verið á, að eðlilegast væri að haga kjördæmaskipun þann veg, að sennileg niðurstaða kosninga yrði meiri hluti eins flokks, en líklegasta leiðin til þess væri að skipta landinu öllu í einmenningskjördæmi. Í landi, þar sem starfandi eru 6 stjórnmálaflokkar og ekki verulegur stærðarmunur á þrem þeirra, getur slíkt þó ekki talizt samrýmast lýðræðisreglum. Virðist því, að óbreyttri flokkaskipan, óhjákvæmilegt að viðhafa hlutfallskosningar að meira eða minna leyti og uppbótarkerfi til þess að leiðrétta ranglæti óhlutbundnu kosninganna, en þetta veldur hins vegar því, að hætt er við, að margir flokkar eigi sæti á löggjafarsamkomunni og að torvelt sé að mynda þar samhentan meiri hluta.

Einn höfuðgalli þeirrar skipunar, er margir flokkar, sem hafa ekki skilyrði til þess að ná meiri hluta hver um sig, keppa um fylgi kjósenda, er sá, að það kemur venjulega ekki fram í kosningabaráttu, með hvaða flokki eða flokkum hver flokkur hyggst vinna að kosningum loknum, þótt augljóst sé, að einhverjir hljóta að vinna saman, ef um meirihlutastjórn á að vera að ræða. Kjósandi, sem kýs ákveðinn flokk, veit því í raun og veru ekki, að hvers konar ríkisstjórn hann er að stuðla.

Spurningin er, hvernig hægt sé að stuðla að því, að samhentur meiri hluti myndist í löggjafarsamkomunni þrátt fyrir hlutfallskosningar og uppbótarkerfi, jafnframt því, sem gildi kosningarréttarins yrði aukið með því, að kjósendur gætu gert sér ljóst við kjörborðið, hvers konar ríkisstjórn þeir væru sennilega að kjósa. Þess má geta, að þótt kjördæmaskipun yrði breytt þannig, að núverandi uppbótarkerfi yrði afnumið, en hlutfallskosningum komið á í staðinn í ríkari mæli en nú á sér stað, t. d. þannig, að öllu landinu yrði skipt í 4—6 manna kjördæmi með hlutfallskosningum, bætti það úr hvorugum þessara galla. Eftir sem áður yrðu 4—5 flokkar á Alþingi, og fyrir kosningar yrði sjaldan vitað, hvaða flokkar tækju upp samvinnu eftir kosningarnar.

Vænlegasta leiðin til þess að stuðla að myndun samhents meiri hluta á löggjafarsamkomunni, miðað við hlutfallskosningar að meira eða minna leyti og uppbótar-

kerfi, er að heimila stjórnmálaflokkum kosningabandalög með þeim hætti, að þeir skuli í sameiningu fá sem næst þá tölu þingfulltrúa, sem sameiginleg atkvæðatala veitti þeim rétt til, ef þeir væru einn flokkur. Gæti þá farið svo, að stjórnmálaflokkarnir skipuðu sér í tvær meginfylkingar, sem kjósendur geti valið á milli og hvor um sig hefði skilyrði til þess að öðlast hreinan meiri hluta. Jafnframt vissu þá kjósendur fyrir kosningar, hvers konar ríkisstjórn kemur til greina að mynda eftir kosningar, og gætu væntanlega gert sér ljóst, hvaða ríkisstjórn þeir væru að kjósa með því að greiða ákveðnum flokki atkvæði. Með þessu móti væri stigið spor í áttina til hins svo nefnda „tveggja flokka kerfis", án þess þó að riðla með stjórnskipulegum aðgerðum þeirri flokkaskipun, sem myndazt hefur í landinu samkvæmt lýðræðisreglum. En reynsla hefur sýnt, að lýðræði stendur föstum fótum, þar sem tveggja flokka kerfi á langa sögu að baki.

Ef afstaða núverandi stjórnmálaflokka hvers til annars reynist þannig, að ekki komist á kosningabandalag milli neinna, sem tök hefðu á að öðlast meiri hluta í kosningum, er engu spillt með því að setja ákvæði, er heimili slíkt. Aðstæður yrðu þá áfram eins og þær eru nú. En ef tveir eða fleiri flokkar gætu komið sér saman um stefnuskrá, sem þeir vildu gefa þjóðinni kost á að fá framkvæmda, er óeðlilegt, að þeir verði að mynda einn nýjan stjórnmálaflokk til þess að berjast fyrir henni og hafa möguleika á því að öðlast meiri hluta. Ef þjóðin reynist vilja fá þessa stefnuskrá framkvæmda og atkvæðin hefðu nægt til þess að veita einum flokki meiri hluta, eiga þau á sama hátt að nægja til þess að veita slíku bandalagi, sem hefur eina og sömu stefnuskrá, meiri hluta. En það yrði, ef atkvæði bandalagsflokkanna yrðu ætíð lögð saman, þar sem það er nægilegt til þess að tryggja frambjóðanda bandalagsins og þar með stefnuskrá þess sigur. Ef frambjóðendur tveggja flokka lýsa yfir því, að þeir vilji vinna að framkvæmd ákveðinnar stefnu á næsta kjörtímabili, þeir fá hvor um sig færri atkvæði en andstæðingur þessarar stefnu, en hins vegar fleiri atkvæði samanlagt, þá er í fyllsta máta eðlilegt, að það sé heimilað í kosningalögum, að atkvæði þess bandalagsframbjóðandans, sem færri atkvæði fékk, teljist hinum, svo að hann nái kosningu, þar eð stefnuskrá sú, sem báðir lýstu fylgi við, hafði fylgi meiri hluta kjósenda. Ef andstæðingur bandalagsframbjóðendanna hefði hins vegar hvort eð er haft meiri hluta, er annað ástæðulaust en að telja hvorum bandalagsflokknum sín atkvæði. Kjósandi minni bandalagsflokksins vill auðvitað fyrst og fremst efla sinn flokk, en hann vill þó fremur stuðla að kosningu þess frambjóðanda, sem aðhyllist sömu stefnuskrá og hann sjálfur, en sætta sig við, að andstæðingur hennar nái kosningu, og þess vegna ætti hann að eiga kost á að láta reikna honum atkvæði sitt, ef það reyndist honum nægilegt til þess að ná kosningu.

Þetta er kjarni þeirra ákvæða, sem lagt er til í frv. þessu, að tekin verði í kosningalögin. Skal þeim nú lýst í fáum orðum og miðað við bandalag tveggja flokka, til þess að málið verði einfaldara, en bandalagsflokkarnir gætu auðvitað verið fleiri.

1) Flokkar geta gert með sér kosningabandalag, og skulu þeir þá í hverju kjördæmi um sig fá jafnmarga þingmenn kjörna og heildaratkvæðatala þeirra í kjördæminu veitir þeim rétt til.

2) Í einmenningskjördæmum verður þetta á þann hátt, að atkvæði bandalagsflokkanna eru lögð saman, ef frambjóðandi hvorugs þeirra nær kosningu. Nægi það til þess, að sá frambjóðandi þeirra, sem hærri atkvæðatölu hlaut, sé kosinn, reiknast öll atkvæðin honum, og nær hann þá kosningu. Ef samlagning atkvæðanna nægir hins vegar ekki, reiknast atkvæðin þeim frambjóðanda, sem þau eru greidd.

3) Ef annar bandalagsflokka fengi tvo menn kjörna í tvímenningskjördæmi eða hvor bandalagsflokkurinn sinn manninn kjörinn, reiknuðust atkvæðin hvorum flokknum um sig. Ef annar þeirra fær hins vegar einn mann kjörinn, en atkvæði beggja bandalagsflokkanna mundu nægja til þess, að hann fengi báða kjörna, skulu þau reiknuð þeim framboðslista, sem fleiri atkvæði fékk. Sama gildir, ef hvorugur bandalagsflokkanna fengi mann kjörinn, en bandalagsflokkarnir báðir eiga rétt á

einum manni. Atkvæðin skulu þá talin þeim framboðslista bandalagsflokkanna, sem fleiri atkvæði hlaut.

4) Í Reykjavík skulu bandalagsflokkarnir fá jafnmarga þingfulltrúa og samanlögð atkvæðatala þeirra veitir þeim rétt til. Ef báðir bandalagsflokkarnir fengju menn kjörna án bandalags og ættu ekki rétt á fleirum samkvæmt heildaratkvæðatölu sinni, væru atkvæðin reiknuð hvorum flokknum um sig. Ef þeir ættu rétt á viðbótarþingfulltrúa, teldist sá kjörinn, sem næst stóð kosningu, og lista hans væru þá reiknuð þau atkvæði bandalagsflokksins, sem nauðsynleg hefðu verið til þess að tryggja kosningu hans. Ef aðeins annar bandalagsflokka fengi mann eða menn kjörna án bandalags og þeir ættu ekki rétt á fleirum, væru atkvæðin og reiknuð hvorum flokknum um sig. En ættu þeir rétt á fleiri mönnum kjörnum, teldust öll atkvæðin þeim, sem fékk mann kjörinn (eða menn kjörna), þannig að hann fengi einum fleiri kosinn.

5) Til þess að sporna gegn því, að hægt yrði að nota reglur þessar til þess að tryggja smáflokkum eða flokksbrotum þingsæti og hagnýta þær þannig gegn því, sem vera á aðaltilgangur þeirra, þ. e. að stuðla að myndun samhents meiri hluta, er kveðið svo á, að flokkur, sem hefði ekki náð þingsæti án kosningabandalags, geti ekki hlotið þingsæti vegna þess. Felst í þessu sama hugsunin og í núgildandi reglum um úthlutun uppbótarþingsæta. Af svipuðum ástæðum eru í kjördæmum með hlutfallskosningum, þar sem aðeins annar listinn fær mann kjörinn, atkvæðin ávallt reiknuð stærri flokknum og hann látinn hljóta viðbótarþingmanninn, ef svo bæri undir, en ekki sá frambjóðandi, sem næst stæði kosningu. Í Reykjavík er sú regla hins vegar látin gilda, ef báðir listarnir fá mann kjörinn.

6) Við úthlutun uppbótarþingsæta milli flokka verður að sjálfsögðu að taka tillit til þess, ef flokki hafa verið reiknuð atkvæði bandalagsflokks og hinn fyrr nefndi hefur fengið kjörinn þingmann vegna þess. Við úthlutun uppbótarþingsæta skulu flokki þess vegna ekki reiknuð þau atkvæði, sem honum hafa verið greidd, heldur að viðbættum þeim, sem honum hafa verið reiknuð frá bandalagsflokknum, eða að frádregnum þeim, sem bandalagsflokki hafa verið reiknuð.

7) Nauðsynlegt er og að tryggja kjósanda rétt til þess að neita því, að atkvæði hans sé reiknað öðrum frambjóðanda eða framboðslista en hann kýs. Er því gert ráð fyrir því, að kjörseðlar séu þannig úr garði gerðir, að kjósandi geti bannað slíkt. Með því er útilokað, að reglur þessar verði hagnýttar af stjórnmálaflokkum til brasks með atkvæði gegn vilja kjósendanna. Ef þeir kæra sig ekki um, að frambjóðandi bandalagsflokks nái kosningu fremur en hver annar andstæðingur, geta þeir látið það í ljós með því að neita að fallast á kosningabandalagið. Reiknast þá atkvæði þeirra ávallt þeim frambjóðanda eða flokki, sem kosinn er.

Lagaákvæði um kosningabandalög eru engan veginn óþekkt í öðrum löndum. Í Svíþjóð hafa t. d. kosningabandalög lengi verið heimiluð og eru enn. Hafa reglurnar þótt gefast vel þar í landi.

Nd. 122. Frumvarp til laga [86. mál]

um breyting á lögum nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason, Hannibal Valdimarsson, Emil Jónsson, Eggert Þorsteinsson.

1. gr.

Á eftir VI. kafla kemur nýr kafli, svo hljóðandi (og breytist kafla- og greinatala samkvæmt því):

Kosningabandalög.

(19. gr.) Kosningabandalög eru heimil samkvæmt reglum þeim, sem um þau gilda í lögum um kosningar til Alþingis, eftir því sem við á.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt í sambandi við frv. til laga á þskj. 121, um breyting á lögum nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis. Er þar gert ráð fyrir því, að heimiluð verði kosningabandalög með nánar tilteknum hætti við kosningar til Alþingis. Yrði slík heimild lögtekin, væri eðlilegt, að hún næði einnig til sveitarstjórnarkosninga. Í gildandi lögum um sveitarstjórnarkosningar er mjög vísað til ákvæða í lögunum um kosningar til Alþingis, eftir því sem við á. Virðist eðlilegast að hafa þann hátt einnig á, að því er ákvæði um kosningabandalög snertir.

Sþ. 123. Nefndarálit [19. mál]

um till. til þál. um aðild Íslands að allsherjarsamningi um höfundarétt.

Frá allsherjarnefnd.

Með samningi þeim um höfundarétt, sem gerður var í Geneve 6. sept. 1952 og hér er lagt til að Ísland gerist aðili að, hafa fleiri ríki en eru í Bernarsambandinu gert gagnkvæman samning um verndun höfunaréttar, þó ekki eins víðtækan og milli aðildarríkja Bernarsambandsins. Þannig er t. d. í allsherjarsamningnum miðað við það, að verndartímabilið sé eigi styttra en ævi höfundar og aðeins 25 ár eftir lát hans. Mörg ríki, þar á meðal voldug stórveldi, svo sem Bandaríki Norður-Ameríku og Ráðstjórnarríkin, hafa aldrei gerzt aðilar að sáttmálanum. En af þeim hafa nú eftirtalin ríki gerzt aðilar að áðurgreindum allsherjarsamningi: Andorra, Argentína, Austurríki, Chile, Cuba, El Salvador, Guatemala, Haiti, Honduras, Líbería, Mexico, Nicaragua, Uruguay, Bandaríkin og San Marino.

Nefndinni virðist eðlileg afleiðing af því, að Ísland er aðili að Bernarsambandinu, að það gerist einnig aðili að allsherjarsamningi þeim, er hér um ræðir. Leggur hún því til, að tillagan verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 31. okt. 1953.

Bernh. Stefánsson, form., frsm.	Jón Sigurðsson, fundaskr.	Eiríkur Þorsteinsson.
Karl Guðjónsson.	Sig. Ágústsson.	Emil Jónsson.
	Jóh. Þ. Jósefsson.	

Ed. 124. Lög [35. mál]

um breyting á lögum nr. 53 11. júní 1938, um mat á matjessíld og skozkverkaðri síld.

(Afgreidd frá Ed. 2. nóv.)

Samhljóða þskj. 35.

Ed. 125. Frumvarp til laga [87. mál]

um löggilta endurskoðendur.

(Lagt fyrir Alþingi á 73. löggjafarþingi, 1953.)

1. gr.

Ráðherra veitir löggildingu til endurskoðunar manni, sem:

1. er svo andlega og líkamlega hraustur, að hann geti gegnt þeim starfa;
2. er 25 ára gamall;
3. er íslenzkur ríkisborgari;
4. er búsettur hér á landi;
5. er lögráða og hefur forræði fjár síns;
6. hefur óflekkað mannorð;
7. hefur lokið prófraun, sem mælt er í 2. gr.

2. gr.

Sá, sem öðlast vill löggildingu til endurskoðunar samkvæmt 1. gr., skal ganga undir próf fyrir prófnefnd, er ráðherra skipar. Skal prófraunin við það miðuð, að í ljós sé leitt, að prófmaður hafi öðlazt þá þekkingu og reynslu, að hann sé starfanum vaxinn.

Engum er heimilt að ganga undir próf samkvæmt 1. mgr., nema hann hafi unnið þrjú ár samtals að endurskoðunarstörfum undir stjórn löggilts endurskoðanda. Nú hefur prófmaður unnið þrjú ár að endurskoðun án handleiðslu löggilts endurskoðanda eða störf, sem jafna má til endurskoðunar, og getur ráðherra þá að fengnum tillögum prófnefndar veitt undanþágu frá ákvæði 1. málsliðs þessarar málsgreinar.

Ráðherra er heimilt að fengnum tillögum prófnefndar að veita undanþágu að nokkru leyti eða öllu frá prófraun samkvæmt 1. mgr. manni, sem lokið hefur prófi eða hlotið hefur löggildingu endurskoðanda erlendis.

Nú hefur prófmaður lokið prófi í Háskóla Íslands í fræðigrein, og er hann þá undanþeginn prófi, að því er hana varðar. Ráðherra getur að fenginni umsögn prófnefndar veitt undanþágu frá prófi í fræðigrein, sem prófmaður hefur lokið háskólaprófi í erlendis.

Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um prófgreinir, framkvæmd prófs, skipan prófnefndar og störf prófnefndarmanna.

3. gr.

Ráðherra er heimilt að efna á hæfilegum fresti til námskeiða fyrir þá, sem þreyta vilja prófraun endurskoðenda samkvæmt lögum þessum og fullnægja til þess skilyrðum laganna. Ákvæði um tilhögun námskeiða, námsgreinir, kennslu og kennslugjöld skulu sett með reglugerð. Í reglugerð má og ákveða, að kennarar þeir, sem kennslu annast á námskeiði, prófi nemendur, hver í sinni grein, og jafngildir það próf þá prófraun fyrir prófnefnd, að því er þá námsgrein varðar.

4. gr.

Endurskoðandi skal fá skírteini, er ráðherra gefur út, um löggildingu sína.

Fyrir löggildingu skal endurskoðandi greiða 500 krónur í ríkissjóð.

5. gr.

Þeim einum, sem ráðherra hefur löggilt til endurskoðunar, er heimilt að nefnast „löggiltur endurskoðandi“. Bönnuð er notkun starfsheitis, sem til þess er fallin að valda því, að maður sé talinn vera löggiltur endurskoðandi, ef hann er það ekki.

6. gr.

Löggiltir endurskoðendur hafa réttindi og skyldur opinberra sýslunarmanna, þ. á m. þagnarskyldu um það, sem þeir fá vitneskju um í starfa sínum og leynt á að fara. Ráðherra getur sett nánari reglur um réttindi og skyldur löggiltra endurskoðenda og starfsmanna þeirra.

7. gr.

Endurskoðandi, sem fær löggildingu samkvæmt lögum þessum, skal vinna svofellt heit: Því heiti ég og legg við drengskap minn og heiður, að endurskoðunarstarf mitt skal ég rækja með kostgæfni og samvizkusemi í hvívetna og halda lög og reglur, sem að starfi mínu og framkvæmd þess lúta.

8. gr.

Löggiltum endurskoðendum er skylt að tilkynna ráðherra, á hvaða stöðum þeir reka skrifstofur.

9. gr.

Nú ákveður dómari, að endurskoðun bókhalds eða reikninga skuli fram fara, og skal þá til þess starfs kveða löggiltan endurskoðanda, ef hans er þar kostur.

10. gr.

Ráðherra ákveður að fengnum tillögum stjórnar félags löggiltra endurskoðenda, hvort endurskoðunarstarf er samrýmanlegt öðru starfi eða starfrækslu fyrirtækis. Nú gegnir löggiltur endurskoðandi öðru starfi eða rekur atvinnufyrirtæki andstætt fyrirmælum ráðherra, og hefur endurskoðandinn þá fyrirgert löggildingu sinni.

11. gr.

Nú missir löggiltur endurskoðandi lögmælt skilyrði til löggildingar eða til endurskoðunarstarfa samkvæmt löggildingu, sbr. 10. gr., og fellur þá úr gildi löggilding hans, enda ber honum þá að skila aftur löggildingarskírteini sínu. En veita má ráðherra honum að fengnum tillögum prófnefndar löggildingu af nýju, ef hann síðar fullnægir til þess lagaskilyrðum að dómi ráðherra.

12. gr.

Nú sætir löggiltur endurskoðandi ákæru í opinberu máli um brot á refsilögum, og ber þá ákvörðun um sviptingu löggildingar hans af því efni eftir kröfu ákæruvalds undir dómara þess máls.

Ákvörðun um sviptingu löggildingar vegna atvika, sem eigi leiða til ákæru, ber undir ráðherra. Nú vill endurskoðandi ekki una úrlausn ráðherra, og skal sakarefnið þá borið undir dómstóla, og fer um meðferð þess máls að hætti opinberra mála. Ákvörðun ráðherra í málinu skal halda gildi, unz dómur gengur.

13. gr.

Allur kostnaður af framkvæmd laga þessara, þ. á m. þóknun prófnefndarmanna, er ráðherra ákveður, greiðist úr ríkissjóði.

14. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða allt að 10000 króna sektum til ríkissjóðs, nema þyngri hegning liggi við að öðrum lögum.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 2. mgr. 2. gr. skal þó eigi beitt, fyrr en ár er liðið frá gildistöku laganna.

Lög um löggilta endurskoðendur nr. 9 frá 15. júní 1926 eru úr gildi numin.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta felur í sér nokkru ýtarlegri ákvæði um löggildingu endurskoðenda og um réttindi og skyldur löggiltra endurskoðenda en nú eru í lögum, en um þetta efni gilda lög nr. 9 frá 15. júní 1926. Síðan þau lög voru sett, hefur verkefni endurskoðenda að sjálfsögðu aukizt mjög, enda fer þeim mönnum sífjölgandi, sem við endurskoðun fást. Miðar frumvarpið að því að tryggja það, að einungis hæfir menn fái löggildingu til endurskoðunar og að þeir, sem löggildingu öðlast, njóti réttinda og hafi skyldur, eftir því sem réttmætt og eðlilegt má teljast. Að sjálfsögðu er við það miðað, að endurskoðendur, sem löggiltir hafa verið samkvæmt lögum nr. 9/1926, haldi þeim réttindum sínum. Eigi er ástæða til að hafa fleiri orð um frumvarp þetta í heild, en um einstakar greinar þykir rétt að taka þetta fram:

Um 1. gr.

Hér eru talin þau almenn skilyrði, sem endurskoðandi verður að fullnægja til þess að fá löggildingu. Aldursskilyrðið er við það miðað, að umsækjandi um löggildingu hafi öðlazt þá lífsreynslu og fengið þá æfingu í starfi, sem nauðsynlega verður að telja löggiltum endurskoðanda. Þá er til þess ætlazt, að umsækjandi lúki prófi, áður en löggilding er veitt, en í frumvarpinu er gert ráð fyrir nokkrum undantekningum, að því er það ákvæði varðar. Þau skilyrði önnur, sem í greininni eru talin, virðast sjálfsögð.

Um 2. gr.

Þessi grein fjallar um próf endurskoðenda, skilyrði þess að mega ganga undir prófið og undanþágur frá prófraun. Er ætlazt til, að nánari ákvæði um þetta efni verði sett í reglugerð, þ. á m. um skipan prófnefndar og prófgreinir. Gert er ráð fyrir þeirri almennu reglu, að manni leyfist að þreyta prófraun endurskoðenda því aðeins, að hann hafi unnið samtals 3 ár að endurskoðun undir stjórn löggilts endurskoðanda. Þykir mega ætla, að hæfur maður hafi þá öðlazt staðgóða þekkingu og leikni í því starfi. Hins vegar er lagt til, að ráðherra megi að fengnum tillögum prófnefndar veita undanþágu frá þessu ákvæði manni, er unnið hefur jafnlangan tíma að endurskoðun án handleiðslu löggilts endurskoðanda eða störf, sem jafna má til endurskoðunar. Þá er gert ráð fyrir heimild ráðherra til að veita undanþágu frá prófraun að nokkru eða öllu leyti manni, sem lokið hefur prófi eða hlotið hefur löggildingu endurskoðanda erlendis. Færi það að sjálfsögðu mjög eftir atvikum, hvort og að hve miklu leyti slík undanþága yrði veitt. Ef endurskoðandi hefur lokið prófi í fræðigrein í Háskóla Íslands, virðist einsætt, að eigi þurfi að prófa hann af nýju í þeirri grein, og réttmætt getur verið að veita manni undanþágu frá prófi í námsgrein, sem hann hefur lokið háskólaprófi í erlendis.

Um 3. gr.

Hér er lagt til, að ráðherra verði heimilað að efna til námskeiða fyrir þá, er þreyta vilja prófraun endurskoðenda og fullnægja til þess lögmæltum skilyrðum. Þetta ætti að tryggja endurskoðendaefnum góða fræðslu og geta orðið þeim hagkvæmt að öðru leyti. Að því er þessi námskeið varðar, virðist ákjósanlegust sú skipan, að laga- og hagfræðideild Háskólans væri falið að annast þau svo og próf nemenda í þeim greinum, sem þar yrðu kenndar.

Um 4. og 5. gr.

Rétt þykir, að endurskoðandi fái skírteini um löggildingu sína, og hæfilegt, að hann greiði 500 krónur í ríkissjóð fyrir löggildinguna. Þá er ætlazt til þess, að þeim endurskoðendum einum, sem löggildingu hafa hlotið, sé heimilt að nefnast „löggiltir endurskoðendur“. Þá er og bönnuð notkun starfsheitis, sem ætla má, að valdi því, að maður sé ranglega af almenningi talinn vera löggiltur endurskoðandi. En

mest hætta virðist á slíku, ef orðin „endurskoðandi“ og „löggiltur“ væru í nánu sambandi notuð í auglýsingum, á bréfum o. s. frv.

Um 6.—8. gr.

Lagt er til, að kveðið sé á um það, að löggiltir endurskoðendur hafi réttindi og skyldur opinberra sýslunarmanna, þ. á m. þagnarskyldu um það, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara. Brot löggiltra endurskoðenda í starfi varðar þá refsingu samkvæmt XIV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Rétt þykir, að endurskoðandi vinni heit, er hann fær löggildingu, svo sem verið hefur. Þá er gert ráð fyrir, að löggiltir endurskoðendur tilkynni ráðherra, hvar þeir hafi skrifstofur, en heimilt er þeim að stunda atvinnu, hvar á landi sem er.

Um 9. gr.

Að sjálfsögðu ber eftir föngum að vanda til endurskoðunar, sem framkvæmd er til afnota í dómsmálum. Er rétt, að dómarar kveðji til þeirra starfa löggilta endurskoðendur, ef þeirra er kostur. Ákvæði greinarinnar tekur til rannsóknar á bókum og reikningum þrotabúa, er dómari lætur framkvæma, sbr. lög nr. 25/1929.

Um 10. gr.

Ýmis störf eru svo vaxin, að þau fá ekki samrýmst starfa löggilts endurskoðanda. Ekki þykir fært að banna löggiltum endurskoðendum öll önnur störf eða starfsflokka, t. d. önnur opinber störf, heldur er lagt á vald ráðherra að meta þetta hverju sinni, en rétt þykir, að ráðherra fái, áður en hann leiðir mál til lykta, um það tillögur stjórnar stéttarfélags löggiltra endurskoðenda.

Um 11. og 12. gr.

Þessar greinar geyma reglur um missi löggildingar og endurveitingu hennar. Eigi virðist þörf skýringa á ákvæðum þessum.

Um 13.—15. gr.

Ætlazt er til, að ákvæði 2. mgr. 2. gr. komi ekki til framkvæmda, fyrr en ár er liðið frá gildistöku laganna, og að menn geti á því tímabili þreytt prófraun, þó að þeir fullnægi ekki skilyrði þess ákvæðis. Að öðru leyti þykja ekki efni til athugasemda, að því er þessar greinar varðar.

Nd. 126. Nefndarálit [4. mál]

um frv. til l. um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Með frv. þessu er lagt til, að söluskatturinn, sem lagður var á með lögum nr. 100 1948, sé framlengdur um eitt ár enn. Söluskatturinn var upphaflega lagður á í sambandi við viðleitni þáverandi ríkisstjórnar til að koma í veg fyrir gengisfall krónunnar, og þurfti því að afla fjár til greiðslu útflutningsuppbóta. Tveim árum síðar var gengi krónunnar lækkað, og þrem árum síðar var bátagjaldeyriskerfið tekið upp, en með því var bátaútveginum veittur um 60 millj. kr. styrkur árlega, greiddur af almenningi í hækkuðu vöruverði. Upprunaleg ástæða söluskattsins er því löngu fallin burt. Tekjurnar af honum ganga nú til almennra þarfa ríkisins.

Alþýðuflokkurinn telur, að tekna til almennra þarfa ríkisins eigi ekki að afla með slíkum skatti sem söluskattinum. Skattalögin í heild eru nú í endurskoðun.

Við þá endurskoðun ætti að leitast við að afnema þann söluskatt, sem nú er innheimtur.

Aðaltillaga mín er því sú, að þetta frv. verði felld. En þar eð ég ræð það af afstöðu meiri hluta fjárhagsnefndar, að samþykkja eigi frv., mun ég flytja tillögu um, að fjórðungur söluskattsins renni í sveitarsjóði. Sveitarfélögin eiga í fjárhagserfiðleikum og skortir tekjustofna. Virðist eðlilegt, að þau fái í sinn hlut nokkurn hluta söluskattsins, sé hann innheimtur á annað borð.

Alþingi, 2. nóv. 1953.

Gylfi Þ. Gíslason.

Nd. 127. Breytingartillögur [4. mál]

við frv. til l. um framlenging á gildi III. kafla l. nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar (GÞG).

Á eftir 3. gr. komi 4 nýjar greinar, svo hljóðandi:

a. (4. gr.) Söluskattur samkvæmt lögum þessum skal að þrem fjórðu hlutum renna í ríkissjóð og að einum fjórða hluta til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

b. (5. gr.) Tekjum Jöfnunarsjóðs af söluskatti skal skipt milli bæjar- og hreppsfélaga eftir fólksfjölda, eins og hann var samkvæmt manntali næstliðins árs. Ekkert bæjar- eða hreppsfélag skal þó fá meiri greiðslu en nemi 50% af álögðum útsvörum næsta ár á undan í því bæjar- eða hreppsfélagi.

c. (6. gr.) Nú falla ábyrgðarskuldbindingar á ríkissjóð vegna sveitarfélags, og er félagsmálaráðherra þá heimilt að ákveða, að hluti sveitarfélagsins af söluskattinum gangi til greiðslu á slíkum kröfum.

d. (7. gr.) Ríkissjóður greiðir Jöfnunarsjóði þann hluta af söluskatti, sem honum ber, eigi síðar en einum mánuði eftir að innheimtumenn skattsins hafa gert fjármálaráðuneytinu ársfjórðungsskil.

Félagsmálaráðuneytið framkvæmir skiptingu fjárins milli sveitarfélaganna tvisvar á ári, 1. apríl og 1. október, og sér um, að greiðslur þær, sem í 5. gr. getur, séu inntar af hendi.

Nd. 128. Lög [9. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán fyrir Bæjarútgerð Siglufjarðar og h.f. Bjólf á Seyðisfirði.

(Afgreidd frá Nd. 3. nóv.)

Samhljóða þskj. 9.

Nd. 129. Breytingartillaga [6. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 16 1953, um breyt. á l. nr. 105 1951, um breyt. á l. nr. 117 1950, um breyt. á l. nr. 22 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., og á l. nr. 9 1951, svo og l. nr. 70 1952.

Frá Einari Olgeirssyni.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:
Á eftir orðunum „og 1. des. 1953“ í 3. mgr. 1. gr. laganna komi: og eftir það 1. dag hvers mánaðar allt árið 1954.

Nd. 130. Breytingartillögur [4. mál]

við frv. til l. um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá Einari Olgeirssyni.

Við 3. gr. Á eftir greininni komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:
1. (4. gr.) Við A-lið 23. gr. laga nr. 100/1948 bætist: svo og allar íslenzkar iðnaðarvörur.
2. (5. gr.) Í 24. gr. laganna 4. mgr. falli niður síðasti málsliður málsgreinarinnar.

Sþ. 131. Fyrirspurn [88. mál]

til menntamálaráðherra um framkvæmd laga um mannanöfn.

Frá Gils Guðmundssyni.

Telur menntamálaráðherra ekki kleift að láta framfylgja betur en gert hefur verið ákvæðum laga nr. 54 27. júní 1925, um mannanöfn?

Ed. 132. Frumvarp til laga [89. mál]

um olíueinkasölu.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Gylfi Þ. Gíslason, Emil Jónsson, Eggert G. Þorsteinsson.

1. gr.

Frá 1. júlí 1954 má enginn nema ríkisstjórnin flytja inn frá útlöndum nokkra tegund af steinolíu (petroleum) eða olíum eða feiti, sem unnar eru úr henni, svo sem benzíni, ljósaolíu, hráolíu (gas- og dieselolíu), brennsluolíu, smurningsolíum og smurningsfeiti, — né aðrar tegundir af olíum og feiti, sem unnar eru úr steinolíu.

2. gr.

Olíuvörur, sem ríkisstjórnin flytur inn samkvæmt 1. gr., selur hún olíusamlögum, kaupfélögum og öðrum verzlunarfélögum, kaupmönnum, félögum bifreiðaeigenda, fyrirtækjum, sem eru eign ríkis og bæjarfélaga, og iðnaðarfyrirtækjum, en eigi öðrum.

3. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að leigja, kaupa eða láta byggja olíuflutningaskip til þess að annast olíuflutningana til landsins og sjá um dreifinguna innanlands með sem ódýrustum hætti.

4. gr.

Fé það, sem þarf til verzlunarrekstrar þess, er um ræðir í 1. og 2. gr., leggur ríkissjóður fram, og er ríkisstjórninni heimilt að taka það að láni. Sama gildir um fé það, sem þarf til þess að reisa olíugeyma eða önnur mannvirki og byggingar, sem nauðsynlegar eru fyrir slíkan verzlunarrekstur.

Heimilt skal ríkisstjórninni að taka eignarnámi eða leigunámi hverja þá fasteign eða tæki, sem nú eru notuð hér á landi til verzlunarrekstrar með benzín, ljósaolíu, hráolíu og brennsluolíu.

5. gr.

Nafn verzlunarinnar skal vera: Olíueinkasala ríkisins.

6. gr.

Ríkisstjórnin annast rekstur olíueinkasölunnar, semur reglugerð um framkvæmd laga þessara, skipar forstöðumann einkasölunnar og tvo endurskoðendur og setur þeim erindisbréf.

7. gr.

Ríkisstjórnin ákveður í reglugerð, hvernig fara skuli með olíubirgðir þær, sem fyrir hendi kunna að vera í landinu 1. júlí 1954, og hvort gjald skuli greitt af þeim í ríkissjóð. Eftir 1. apríl 1954 skal stjórninni vera heimilt að banna allan innflutning á olíum, nema leyfi hennar komi til.

8. gr.

Olíueinkasalan skal leggja frá 10—40 af hundraði á olíuvörur, eftir því sem henta þykir um hverja tegund. Álagningu þessa skal miða við verð vörunnar kominnar í geymi eða í hús hér á landi að meðtöldum geymslukostnaði og tolli.

9. gr.

Olíueinkasalan skal greiða hinn lögákveðna toll, þar sem vörurnar eru fyrst fluttar í land, á þann hátt og á þeim tíma, sem lög mæla fyrir. En heimilt skal þó ríkisstjórninni að ákveða í reglugerð, að reikningar tollstjóra á hverjum stað skuli greiðast beint í ríkissjóð.

10. gr.

Ágóði sá, sem verður af rekstri olíueinkasölunnar, eftir að hæfilegur hluti hans, fyrirtækinu til öryggis, hefur verið lagður í veltufjár- og varasjóði, fyrningar- og byggingarsjóði, skal geymast til næsta árs og notast það ár til lækkunar á verðlagi þeirra vara, er olíueinkasalan verzlar með, að svo miklu leyti sem eigi reynist unnt að verja ágóðanum til verðuppbótar á því sama ári, sem ágóðinn varð til. Ríkisstjórnin setur nánari reglur um reikningsskil og ákveður árlega um framlög í sjóði.

11. gr.

Ríkisstjórnin ákveður hámarksverð olíuvaranna í smásölu.

12. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, allt frá 100 til 100000 kr., ef eigi liggur við þyngri refsing eftir öðrum lögum. Auk þess skulu allar olíuvörur, sem fluttar

eru inn í heimildarleysi, gerðar upptækar og afhendast einkasölunni til ráðstöfunar. Andvirðið telst meðal tekna hennar og rennur í ríkissjóð.

13. gr.

Með brot út af málum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

Greinargerð.

Fyrir síðustu alþingiskosningar urðu heiftúðugar deilur milli stjórnarflokkanna út af olíufarmgjöldum, og varð af þeim deilum ljóst, að félög þau, sem annast olíuverzlunina, geta dregið til sín milljónafúlgur umfram það, sem hóflegt getur talizt, án þess að nokkur vissa sé þó fyrir því, að það komist upp.

Í þessu er ekkert öryggi. Einasta færa leiðin til að tryggja olíur með réttu verði er sú, að ríkið komi á fót einkasölu með olíur, enda er lagt til í þessu frumvarpi, að svo verði gert.

Á árunum 1943 og 1944 átti ríkisstjórnin með sérstökum ráðstöfunum allverulegan þátt í því að útvega hagkvæmara verð á olíur en verið hefði, ef olíufélögin hefðu ein mátt ráða. Í lok ársins 1944 var þessum afskiptum ríkisstjórnarinnar hætt með þeim afleiðingum, að verðið hækkaði mikið. Þessi ríkisafskipti af olíuverzluninni höfðu því reynzt heppileg.

Á þessu ári hefur ríkisstjórnin gert heildarinnkaup hjá Rússum á þeim olíum, sem við þurfum á næsta ári. Sjá allir, hversu hjákátlegt það er undir slíkum kringumstæðum, að ríkisstjórnin skuli þurfa að framselja samninga sína til olíufélaganna og valda með því verðhækkun, sem engin þörf er á.

Þessi heildarolíukaup ríkisins gera því einkasölu ríkisins á olíum að sjálfsögðum hlut, og eru þau ein aðalástæðan fyrir því, að frumvarp þetta er flutt nú.

Þá mælir það líka með ríkiseinkasölu á olíum, að flutningar olíunnar verða miklu ódýrari, ef hún er flutt í sem allra stærstum tankskipum, jafnvel 16000 tonna eða þar yfir.

Einnig ber á það að líta, að dreifing olíunnar verður miklum mun ódýrari með einkasölufyrirkomulaginu. Mundi allt sölukerfið í landinu í heild þá verða miklu einfaldara og ódýrara, eins og bezt sést á því, að á mörgum sölustöðum úti um land eru vegna samkeppnisfyrirkomulagsins hafðar tvær til þrjár benzíndælur, og sama furðusjónin blasir líka við víða um land að því er olíugeymana snertir.

Enn er á það lítandi, að einkasala ríkisins mundi algerlega draga olíuverzlunina úr höndum þeirra erlendu olíufélaga, sem enn þá hafa verulegan hluta hennar í sínum höndum. Er varla hægt að segja, að það samrýmist sjálfstæði Íslands, að erlend verzlunarfélög skuli annast jafnþýðingarmiklar greinar íslenzkrar verzlunar sem olíuverzlunin er. Það er því fyllilega kominn tími til, að bundinn verði endir á það ástand. Þennan þátt verzlunarinnar getum við vel annazt sjálfir og eigum auðvitað að gera það, en engar líkur eru til, að svo verði, nema lagasetning komi til um olíueinkasölu ríkisins.

Olíunotkun þjóðarinnar hefur margfaldazt á undanförnum árum.

Árið	1940	var	olíueyðslan	rúm	23000 tonn.
—	1944	—	—	tæp	36000 —
—	1945	—	—	rétt	40000 —
—	1946	—	—		52000 —

Og nú (1953) er olíueyðslan komin yfir 200000 tonn og fer enn óðfluga vaxandi.

Atvinnulíf þjóðarinnar skiptir það miklu máli, að olíuverði sé haldið eins lágu og mögulegt er. Hér ríður því á að komast hjá óþörfum milliliðum, útiloka óhóflega álagningu, tryggja það, að olían sé flutt til landsins í stórum tankskipum og að dreifingarkerfið innanlands sé eins einfalt og ódýrt og verða má. — En þetta allt verður bezt tryggt með ríkiseinkasölu á olíu.

Nánar verður gerð grein fyrir þessu þýðingarmikla máli í framsögu.

Nd. 133. Frumvarp til laga [90. mál]

um breyting á lögum nr. 55 25. maí 1949, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra.

Flm.: Gunnar Thoroddsen, Kristín Sigurðardóttir.

1. gr.

3. mgr. 8. gr. laganna orðast svo:

Fyrir fé gæzluvistarsjóðs skal reisa og reka gæzluvistarhæli fyrir drykkjusjúka menn, er fyrst og fremst sé miðað við þarfir þeirra sjúklinga, sem ætla má að þarfnist vistar og umönnunar í slíku hæli um langan tíma.

2. gr.

Í stað orðanna „reisa eða hjálpa til að reisa gæzluvistarhæli“ í 15. gr. laganna kemur: reisa og reka gæzluvistarhæli.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Um það er tæpast ágreiningur, að nauðsynlegt sé að koma á fót stofnunum til hjálpar drykkjusjúkum mönnum. Meðal þeirra stofnana er hæli fyrir þá, sem ætla má að þarfnist vistar og umönnunar um langt skeið. Núgildandi lög um þessi mál, nr. 55 frá 1949, mæla svo fyrir, að vilji sveitarfélög reisa og reka á sinn kostnað slík hæli, fari um ríkissjóðsstyrk til þeirra eftir lögum um sjúkrahús, þ. e. ríkissjóður greiði ⅖ hluta stofnkostnaðar.

Sveitarsjóðir hafa þegar ærin útgjöld af drykkjusjúkum mönnum, bein og óbein, þótt kostnaður við stofnun og starfsemi slíkra hæla sé ekki einnig á þá lagður. Ríkissjóður hefur árlega tugmilljóna tekjur af áfengissölu, og er sá hagnaður áætlaður í frv. til fjárlaga fyrir næsta ár 52 millj. kr. Virðist eðlilegt, að ríkið standi undir kostnaði við áfengishæli. Alþingi hefur og sýnt vilja sinn í þá átt. Í fyrrgreindum lögum frá 1949 er ákveðið að stofna gæzluvistarsjóð, og renni til hans 750 þús. kr. á ári hverju á árunum 1950—1956. Í þennan sjóð eru því komnar 3 millj. kr., og er sú fjárhæð að mestu ónotuð.

Það er efni þessa frv., að gæzluvistarsjóður reisi og reki hæli fyrir þá áfengissjúklinga, sem þarfnast langrar dvalar.

Nd. 134. Frumvarp til laga [91. mál]

um kristfjárjarðir og jarðir í fátækraeign.

(Lagt fyrir Alþingi á 73. löggjafarþingi, 1953.)

1. gr.

Kristfjárjarðir og jarðir í fátækraeign, sem seldar hafa verið fyrir 31. des. 1952, teljast ekki lengur kristfjárjarðir eða jarðir í fátækraeign.

2. gr.

Umsjón og umráð með kristfjárjörðum og jörðum í fátækraeign hafa sveitarstjórnir hver í sínu sveitarfélagi. Skulu þær byggja jarðir þessar samkvæmt ábúðarlögum. Byggingarbréf fyrir þessum jörðum skal senda félagsmálaráðuneytinu til staðfestingar.

Eftirgjald eftir kristfjárjarðir og jarðir í fátækraeign skal renna í viðkomandi sveitarsjóð.

3. gr.

Sveitarstjórn er óheimilt að selja kristfjárjarðir eða jarðir í fátækraeign. Heimilt skal ráðherra að leyfa sveitarstjórn sölu slíkra jarða, þegar alveg sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Heimilt skal sveitarstjórn að veðsetja þessar jarðir fyrir lánum til hýsingar, ræktunarframkvæmda og annarra mannvirkja, enda samþykki ráðherra veðsetninguna. Ef um sölu er að ræða, skal ávaxta kaupverðið í banka, sparisjóði eða í ríkistryggðum skuldabréfum. Félagsmálaráðuneytið skal annast ávöxtun kaupverðsins. Árlegir vextir af kaupverðinu renna í viðkomandi sveitarsjóð.

4. gr.

Heimilt skal sveitarstjórn að ákveða, að sérstakur styrkþegi eða styrkþegar sveitarinnar skuli njóta eftirgjalds eða vaxta, samkvæmt 2. og 3. gr., og skal sá styrkur þá ekki vera endurkræfur.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Árið 1950 var á Alþingi samþykkt svo hljóðandi þingsályktun:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara athugun á eignar- og umráðarétti yfir kristfjárjörðum og öðrum eignum, er líkt stendur á um, og gefa Alþingi skýrslu um niðurstöðu þeirrar athugunar svo fljótt sem verða má.“

Félagsmálaráðuneytinu var send ályktun þessi og því falið að hlutast til um framkvæmd athugunarinnar. Skýrsla um niðurstöðu þeirrar athugunar var send síðasta Alþingi sem greinargerð félagsmálaráðuneytisins um kristfjárjarðir og aðrar sambærilegar eignir. Í beinu framhaldi af þessum aðgerðum er frumarp þetta flutt.

Um alllangt skeið hafa verið nokkur brögð að því, að kristfjárjarðir og jarðir í fátækraeign hafa verið seldar. Í flestum tilvikum eru sölur þessar áreiðanlega vefengjanlegar. Þar eð riftun á þessum sölum, sem sumar hverjar hafa farið fram fyrir mörgum áratugum, mundi valda mikilli röskun og málavafstri, er svo ráð fyrir gert í 1. gr. frumvarpsins, að sölur þessar verði látnar standa, óriftar. Eignir þessar, sem seldar hafa verið fyrir síðustu áramót, eru því ekki lengur kristfjárjarðir eða jarðir í fátækraeign, skv. 1. gr.

Gjafabréf fyrir jörðum þessum eru nú flest glötuð, en yfirleitt má telja það sameiginlegt öllum þessum eignum, að jarðirnar voru afhentar fyrir fullt og allt með þeirri ævarandi kvöð, að ábúandi skyldi framfæra einhvern ómaga eða gjalda eftirgjaldið fyrir jörðina til framfærslu fátækra. Nú á tímum mun það vart lengur þekkjast, að ómögum eða öðrum styrkþegum sé ráðstafað til framfærslu á einstökum heimilum. Framfærslan hvílir nú að mestu leyti á sveitarfélögunum, sem venjulegast greiða viðkomandi þurfamönnum styrk eftir þörfum eða koma þeim fyrir til dvalar á hælum, eftir því sem við á og hægt er. Nú er það því oftast ókleift með öllu að fullnægja kvöð gefandans bókstaflega. Hinum upphaflega tilgangi hans, að styðja þá, sem vegna fátæktar eða umkomuleysis þurfa sérstakrar hjálpar, verður því naumast náð á þann hátt, sem til var ætlazt. Hlutverkið, að framfæra þurfandi menn, er nú, eins og áður segir, lagt á sveitarfélögin. Eðlilegast virðist því, að arður jarða þeirra, sem hér um ræðir, verði látinn renna í sveitarsjóð þess sveitarfélags, sem annast framfærslu þess ómaga eða styrkþega, sem jörðinni var ætlað að sjá fyrir. Eðlilegast er þá einnig, að viðkomandi sveitarfélag annist umsjón og umráð jarðarinnar, en rétt þykir að ákveða, að byggingarbréf hljóti staðfestingu ráðuneytisins. Ákvæði 2. gr. frumvarpsins eru í samræmi við þenna skilning.

Með því að ekki þykir hjá því komizt, sbr. 1. gr. frumvarpsins, að viðurkenna þær sölur, sem fram hafa farið á kristfjárjörðum og jöðum í fátækraeign, virðist

ekki ástæða til að hindra með öllu sölu þeirra eigna, sem enn eru taldar kristfjárjarðir eða jarðir í fátækraeign. Þess vegna er lagt til í 3. gr. frumvarpsins, að ráðherra sé heimilt að leyfa sveitarstjórn að selja, enda séu alveg sérstakar ástæður fyrir hendi. Næst tilgangi gefandans virðist það, að andvirðið verði ævarandi óskert en ávaxtað og árlegum vöxtum varið til framfærslu, svo sem ráð er fyrir gert í 3. gr.

Viðunandi hýsing jarðar nú á tímum mun vart framkvæmanleg nema með lántöku og veðsetningu jarðarinnar. Er því gert ráð fyrir heimild til handa sveitarstjórn að veðsetja þessar jarðir, ef ráðherra samþykkir. Ef ekki væri heimild til þessa, mætti búast við því, að húsakostur jarðanna væri svo lélegur, að enginn ábúandi vildi við það una. Án veðsetningar mætti því gera ráð fyrir, að jarðirnar færu bráðlega í eyði.

Hinar einstöku greinar frumvarpsins þurfa eigi frekari skýringar. Í sambandi við 4. gr. má aðeins geta þess, að vel gæti farið á því að ráðstafa tekjum sveitarsjóðs vegna eignanna eða andvirði þeirra til sérstakra styrkþega, sem af einhverjum ástæðum þættu öðrum fremur verðugir slíks styrks, enda væri styrkurinn þá eigi endurkræfur.

Að öðru leyti vísast til greinargerðar félagsmálaráðuneytisins um kristfjárjarðir og aðrar sambærilegar jarðir, sem út var gefin árið 1952.

Frumvarp þetta, ásamt athugasemdum, er samið af félagmálaráðuneytinu, en prófessor Ólafur Lárusson hefur athugað frumvarpið og telur ekkert athugavert við, að það verði lögtekið.

Nd. 135. Breytingartillögur [4. mál]

við frv. til l. um framlenging á gildi III. kafla l. nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá Bergi Sigurbjörnssyni og Gils Guðmundssyni.

a. Við 1. gr. Í stað orðanna „2. og 3. gr.“ komi: 2. gr.
b. Við 2. gr. Greinin falli niður.
c. Við 3. gr. Greinin verði 2. gr. og orðist svo:
   2. og 3. málsl. 1. málsgr. 21. gr. laga nr. 100/1948 falli niður.
   Einnig falli niður 22. gr., 24. gr., 26. gr., 27. gr. og 29. gr. sömu laga. Greinatala laganna breytist í samræmi við þetta.

Ed. 136. Breytingartillögur [78. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að selja þjóðjarðirnar Eyvindará og Heiðarhús.

Frá Bernharð Stefánssyni og Páli Zóphóníassyni.

1. Á eftir 2. málsgr. 1. gr. komi:
   Enn fremur að selja jörðina Grísará í Hrafnagilshreppi í Eyjafjarðarsýslu ábúandanum Hreiðari Eiríkssyni, enda verði jörðin gerð að ættaróðali.
2. Fyrirsögn frv. verði: Frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jarðir í opinberri eigu.

Ed. 137. Breytingartillaga [78. mál]

við brtt. á þskj. 136 [Sala Eyvindarár og Heiðarhúsa].

Frá Bernharð Stefánssyni.

Við tölul. 1. Efnismálsgr. orðist svo:
Enn fremur að selja eftirtaldar jarðir:
1. Grísará í Hrafnagilshreppi í Eyjafjarðarsýslu ábúandanum Hreiðari Eiríkssyni,
2. Ytri-Bægisá I í Glæsibæjarhreppi ábúandanum, frú Jóhönnu Gunnarsdóttur,

enda mæli sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu með sölunni og með því skilyrði, að jarðirnar verði gerðar að ættaróðulum.

Sþ. 138. Þingsályktun [19. mál]

um aðild Íslands að allsherjarsamningi um höfundarétt.

(Afgreidd frá Sþ. 4. nóv.)

Samhljóða þskj. 19.

Nd. 139. Nefndarálit [38. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd Norðurlandasamning um gagnkvæmi varðandi greiðslur vegna skertrar starfshæfni.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.
Einn nefndarmanna (JR) var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 4. nóv. 1953.

Helgi Jónasson, form.	Kjartan J. Jóhannsson, fundaskr.	Páll Þorsteinsson, frsm.

Gylfi Þ. Gíslason.

Nd. 140. Nefndarálit [49. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 1946, um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin ræddi frv. þetta á fundi sínum í morgun og varð sammála um að mæla með því, að efni þess verði gert að lögum, en í því felst, að bótaþegi, sem dvelst í sjúkrahúsi, á elliheimili eða í annarri hliðstæðri stofnun, þar sem tryggingastofnunin eða hið opinbera greiða fyrir hann að nokkru eða öllu leyti, skuli njóta 10% af þeim bótum, sem ætlaðar eru til framfærslu hans. Nefndin taldi þó réttara, að frv. væri stílað sem breyting á gildandi viðaukalögum við almannatryggingalögin

og að orðalag 1. gr. sé breytt í samræmi við það. Þess vegna flytur hún breytingartillögu um það efni á þskj. 141.

Einn nefndarmanna (JR) var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt

Alþingi, 4. nóv. 1953.

Helgi Jónasson, form.	Kjartan J. Jóhannsson, fundaskr.	Gylfi Þ. Gíslason, frsm.
	Páll Þorsteinsson.	

Nd. 141. Breytingartillögur [49. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 1946, um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. 1. gr. orðist svo:
   Á eftir 20. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:
   Aftan við 4. málsgr. 63. gr. almannatryggingalaganna bætist: Þó skal aldrei lækka bætur meira en svo, að hann fái greidd 10% þeirra bótaupphæða, sem ætlaðar hafa verið honum sjálfum til framfæris.
2. Fyrirsögn frv. orðist svo:
   Frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 1953, um breyt. á l. nr. 50 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

Nd. 142. Nefndarálit [60. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 93 27. nóv. 1951, um breyt. á l. nr. 97 12. des. 1945, um breyt. á l. nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin mælir með frv.

Alþingi, 5. nóv. 1953.

Gunnar Thoroddsen, form., frsm.	Páll Þorsteinsson, fundaskr.	Halldór Ásgrímsson.
Hannibal Valdimarsson.	Kjartan J. Jóhannsson.	

Nd. 143. Breytingartillaga [4. mál]

við frv. til l. um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

Á eftir 3. gr. frv. komi ný grein, svo hljóðandi:

Við A-lið 23. gr. laganna bætist: Einnig eru undanþegin söluskatti vélar og tæki til fiskiskipa, þar með talin öryggistæki og allur búnaður fiskiskipa. Einnig eru undanþegin söluskatti vélar og tæki til allra fiskiðjufyrirtækja.

Ed. 144. Breytingartillögur [78. mál]

við brtt. á þskj. 137 [Sala Eyvindarár og Heiðarhúsa].

Frá Jóni Kjartanssyni.

1. Aftan við tölul. 2 komi nýr liður, svo hljóðandi:
   3. Holt í Dyrhólahreppi í Vestur-Skaftafellssýslu ábúandanum, ekkjunni Jóhönnu Sæmundsdóttur.
2. Fyrir „sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu“ komi: hlutaðeigandi sýslunefndir.

Nd. 145. Frumvarp til laga [92. mál]

um breyting á lögum nr. 23 1. febr. 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum.

Frá iðnaðarnefnd.

1. gr.

1. málsgr. 32. gr. laganna orðist svo:

Fastir starfsmenn öryggiseftirlitsins eru öryggismálastjóri, öryggiseftirlitsmenn, skoðunarmenn og annað starfsfólk skrifstofu eftirlitsins, og taka þeir laun samkvæmt launalögum, en ráðherra ákveður umdæmisskoðunarmönnum (sbr. 34. gr.) þóknun fyrir störf þeirra.

2. gr.

Fyrri málsgr. 33. gr. laganna orðist svo:

Öryggismálastjóri og öryggiseftirlitsmenn skulu vera véla- eða efnaverkfræðingar, en skoðunarmenn skulu fullnægja þeim kröfum, er öryggismálastjóri gerir um þekkingu.

3. gr.

Síðasta málsgr. 35. gr. laganna orðist svo:

Starfsmenn eftirlitsins skulu skyldir að kenna við skóla landsins án aukagreiðslu varnir gegn slysum og um óhollustu við vinnu, samkvæmt reglugerð, sem ráðherra gefur út, að fengnum tillögum öryggismálastjóra og skipaskoðunarstjóra.

4. gr.

Fyrri málsgr. 45. gr. laganna orðist svo:

Til að standast kostnað af framkvæmd laga þessara skulu eigendur þeirra fyrirtækja, véla og vinnustaða, er lög þessi ná til, greiða árlega í ríkissjóð eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá, er ráðherra setur í samráði við öryggismálastjóra. Þegar að lokinni skoðun samkvæmt 35. gr. ár hvert má innheimta eftirlitsgjaldið. Lögreglustjórar innheimta eftirlitsgjöld, en í Reykjavík tollstjóri. Eftirlitsgjald má taka lögtaki.

Greinargerð.

Iðnaðarmálaráðherra hefur óskað þess, að iðnaðarnefnd flytti frv. þetta. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja brtt. og fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Frv. fylgdi svolátandi greinargerð:

Um 1. gr.

Þegar ráða skyldi fasta starfsmenn til eftirlitsins, þótti nokkur vafi leika á því, hvort öryggiseftirlitsmaður skyldi vera aðeins einn eða þeir skyldu vera fleiri.

Í 32. gr. gildandi laga um öryggisráðstafanir á vinnustöðum er aðeins nefndur öryggiseftirlitsmaður og aftur í 33. gr. Í 34. gr. er talað um öryggiseftirlitsmenn og aftur í 4. málsgr. 42. gr.

Það er augljóst mál, að fjöldi öryggiseftirlitsmanna hlýtur hverju sinni að fara eftir þörfum eftirlitsins og nú þegar nauðsynlegt, að þeir séu að minnsta kosti tveir, enda hefur ráðuneytið fallizt á það.

Um 2. gr.

Það, að í stað orðsins „öryggiseftirlitsmaður“ í 32. og 33. gr. komi „öryggiseftirlitsmenn“, er skýrt með því, sem sagt er hér að framan. Hefði í greininni átt að standa „véla- eða efnafræðingar“, er síðari málsgreinin út í bláinn, með því að báðir starfsmenn verksmiðju- og vélaeftirlitsins voru vélfræðingar, þegar frumvarpið var upphaflega lagt fram á Alþingi.

Í lögum nr. 24 10. júní 1937, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða iðnfræðinga, er verulegur munur gerður á vélfræðingi og vélaverkfræðingi. Í samræmi við það er sýnilega ætlazt til, að í greininni skuli standa „véla- eða efnaverkfræðingar“, enda þá í samræmi við síðari málsgrein greinarinnar.

Um 3. gr.

Með því að verksmiðju- og vélaeftirlitið er lagt niður með gildistöku laganna, sbr. 48. gr., er þessi breyting eðlileg.

Um 4. gr.

Grein þessi er allmikið breytt frá því, sem hún var í frumvarpinu frá nefnd þeirri, sem það samdi, og mun ætlun löggjafans hafa verið sú, að starfsmenn eftirlitsins innheimtu gjöldin. Fjármálaráðuneytið hefur ekki viljað fallast á það innheimtufyrirkomulag, en hins vegar eru gjöldin ekki kræf fyrr en eftirlitið hefur gefið út skoðunarvottorð, en það skal ekki gefið út fyrr en bætt hefur verið úr þeim ágöllum, sem kunna að hafa á verið. Jafnframt er svo ákveðið, að vottorðið skuli gilda í 12 mánuði.

Samkvæmt 35. gr. laganna er gert ráð fyrir, að fyrirtæki séu skoðuð oftar en einu sinni á ári, en samkvæmt ákvæðum 45. gr. skal skoðunarvottorðið gilda í 12 mánuði. Þetta virðist ekki geta samrýmzt. Hvers vegna á að skoða fyrirtæki ef til vill oftar en einu sinni, á meðan 12 mánaða skoðunarvottorð þess er í gildi? Og hví á að gefa 12 mánaða skoðunarvottorð fyrirtæki, sem öryggismálastjóri álítur, að skoða þurfi oft á ári vegna eðlis vinnunnar?

Margar vinnustöðvar, sem eftirlitið á að hafa eftirlit með, eru þess eðlis, að þær eru breytilegar frá degi til dags. Má þar t. d. nefna sand-, malar- og grjótnám, verkpalla við byggingar, vinnu í geymum og kerjum og alls konar farandvélar. Er það augljóst, að slíkum vinnustöðvum er ekki hægt að gefa 12 mánaða skoðunarvottorð.

Sé ákvæði sett inn í lögin til þess, að eftirlitið hafi aðhald um tíðni skoðana, virðast ákvæði 35. gr. nægja. Sé ákvæðið hins vegar sett í lögin til þess, að ekki sé hægt að krefja fyrirtæki um eftirlitsgjaldið, nema það hafi verið skoðað, er því náð með því orðalagi, sem lagt er til að greinin fái.

Allflest fyrirtæki fá einhverja athugasemd frá eftirlitinu árlega og geta því ekki fengið vottorð um, að allt sé í lagi þegar við fyrstu skoðun. Er þá eftirlitinu fyrirhafnar- og kostnaðarminnst að framkvæma eftirskoðun, þegar ferð fellur næst um sömu slóðir. Ekki er það nærri alltaf, að bætt hafi verið úr öllu, þegar skoðað er öðru sinni, og verður þá að gera eitt af þrennu, að stöðva starfræksluna, þar til lagfæringar hafa farið fram, kæra og beita sektum eða gefa nýjan frest með áminningu. Ekki er víst, að það, sem ábótavant er, sé svo alvarlegs eðlis, að heimilt sé að stöðva reksturinn, og er þá ekki um annað að gera en að kæra og beita sektum eða gefa

áminningu og nýjan frest. Hvort tveggja frestar því, að hægt sé að gefa starfseminni skoðunarvottorð, og af því leiðir eina aukaskoðun og oft einnig ferðakostnað. Eðlilegast virðist, að eftirlitsgjald sé kræft, þegar er fyrirtæki hefur fengið fyrstu skoðun hvert ár, en ekki að gjalddagi sé bundinn við fullnaðarskoðunarvottorð, sem gefið sé út, þegar bætt hefur verið úr öllu því, sem athugavert kann að hafa verið.

Varðandi innheimtu gjaldanna er eðlilegast, að hún sé falin lögreglustjórum eins og innheimta annarra opinberra gjalda, eins og verið hefur til þessa og eins og fjármálaráðuneytið hefur ákveðið að hún yrði.

Ed. 146. Nefndarálit [5. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 22. júní 1921, um stimpilgjald.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og leggur einróma til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 5. nóv. 1953.

Bernh. Stefánsson, form. Lárus Jóhannesson, fundaskr., frsm. Karl Kristjánsson.

Gísli Jónsson. H. Guðmundsson.

Ed. 147. Nefndarálit [17. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 66/1944, um breyt. á og viðauka við l. nr. 36/1909, um laun háskólakennara, og um breyt. á l. nr. 21/1936, um Háskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Þetta stjórnarfrv. er þess efnis, að í laga- og hagfræðideild háskólans skuli vera 4 prófessorar í lögfræði í stað 3, eins og verið hefur frá stofnun háskólans 1911. Alexander Jóhannesson háskólarektor hefur komið á fund n. og skýrt málið. Nefndin fellst á rök þau, sem flutt eru fyrir máli þessu, og mælir með samþykkt frumvarpsins.

HG gerði svofelldan fyrirvara: HG tekur fram, að hann telji nauðsynlegt að athuga jafnframt fjölgun kennara við læknadeild, og hefur óbundnar hendur um frv., meðan sú athugun hefur eigi farið fram.

Alþingi, 5. nóv. 1953.

Ingólfur Flygenring, form., frsm. Andrés Eyjólfsson, fundaskr. H. Guðmundsson, með fyrirvara.

Sigurður Ó. Ólafsson. Bernh. Stefánsson.

Ed. 148. Frumvarp til laga [93. mál]

um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 73. löggjafarþingi, 1953.)

I. KAFLI
Til hverra lög þessi taka.

1. gr.

Lög þessi taka til hvers þess, sem er skipaður, settur eða ráðinn í þjónustu ríkisins með föstum launum, meðan hann gegnir starfanum, enda verði starf hans talið aðalstarf. Ákvæði í lögum, sem öðruvísi mæla um einstaka flokka opinberra starfsmanna, skulu haldast. Rétt er og að setja í ráðningarsamninga forstjóra atvinnufyrirtækja, er ríkið rekur, ákvæði um uppsögn og annað, er kann að vera nauðsynlegt eða heppilegt starfans vegna.

Nú verður ágreiningur um það, hvort opinber starfsmaður skal sæta ákvæðum laga þessara, og sker þá fjármálaráðherra úr. Ef starfsmaður vill eigi hlíta úrskurði ráðherra, getur hann borið málið undir dómstóla, og skal þá höfða mál á hendur fjármálaráðherra.

II. KAFLI
Um veitingu opinberra starfa.

2. gr.

Það fer eftir ákvæðum laga um hverja starfsgrein, hver veita skuli, setja í eða ráða í opinberar stöður, Nú er eigi um það mælt í lögum, og skal þá svo meta sem sá ráðherra, er starfinn lýtur, geri þá ráðstöfun, en geti þó veitt forstjóra viðkomandi starfsgreinar heimild til að gera það, ef ráðstafa skal hinum vandaminni og ábyrgðarminni stöðum í grein hans.

3. gr.

Almenn skilyrði til þess að fá skipun, setningu eða ráðningu í opinbera stöðu eru þessi:

1. 21 árs aldur. Þó má víkja frá þessu aldurslágmarki um vélritunar-, afgreiðslu- og sendilsstörf eða önnur svipuð störf.

Einstök ákvæði í lögum, þar sem annað aldurstakmark er sett, skulu haldast.

2. Lögræði. Þó gildir lögræðiskrafan ekki, þegar undanþága er gerð samkvæmt 1. tölulið.

3. Nauðsynleg heilbrigði, andleg og líkamleg, til þess að gegna þeim starfa, sem hverju sinni er um að tefla.

4. Íslenzkur ríkisborgararéttur. Víkja má þó frá þessu ákvæði, ef telja má sérstaklega eftirsóknarvert að fá erlendan ríkisborgara til að gegna starfa til bráðabirgða, enda sé þá, þegar unnt er, gerð gangskör að því að afla aðila íslenzks ríkisfangs lögum samkvæmt, og fær hann eigi skipun til starfans, fyrr en því skilyrði er fullnægt.

5. Óflekkað mannorð, enda sé þess gætt, að umsækjandi sé ekki að öðru leyti haldinn þeim annmörkum, er gera mundu hann óverðugan til að gegna slíkri stöðu.

6. Almenn menntun og þar að auki sú sérmenntun, sem lögum samkvæmt er krafizt eða eðli málsins samkvæmt verður að heimta til óaðfinnanlegrar rækslu starfans.

7. Fjárforræði, ef stöðu fylgja fjárreiður, svo sem gjaldkera- eða innheimtustörf eða ef annars er svo mælt í lögum eða sérstök ástæða þykir til að gera þá kröfu.

Konur og karlar hafa jafnan rétt til opinberra starfa og til sömu launa fyrir sömu störf.

4. gr.

Nú er maður skipaður í opinbera stöðu, og skal þá líta svo á, að hann skuli gegna henni, þar til eitthvað þessara atvika kann að koma til:

1. Hann brýtur svo af sér í því starfi, að honum beri að víkja úr því.
2. Hann fullnægir ekki skilyrðum 3. gr. laga þessara.
3. Hann fær lausn samkvæmt beiðni sinni.
4. Hann hefur náð hámarksaldri, sbr. 13. gr.
5. Hann flyzt í aðra opinbera stöðu.
6. Staðan er lögð niður, sbr. 14. gr.

5. gr.

Lausa opinbera stöðu skal auglýsa í Lögbirtingablaði, venjulega með 4 vikna fyrirvara. Heimilt er að taka umsóknir, sem berast, eftir að liðinn er umsóknarfrestur, til greina, enda hafi staðan ekki þegar verið veitt eða í hana sett eða maður í hana ráðinn, eftir að frestur var liðinn.

Veita skal umsækjendum og viðurkenndum félögum opinberra starfsmanna kost á að fá vitneskju um það, hverjir sótt hafa.

Nú hefur opinber staða verið auglýst, en eigi þykir rétt að skipa nokkurn umsækjanda þegar í hana, og má þá setja þann umsækjanda, er næst þykir standa til þess að fá skipun. Veita má slíkum manni stöðu án auglýsingar að nýju, eftir að hann hefur gegnt henni óaðfinnanlega eitt ár eða lengur, enda á hann þá rétt á að fá úr því skorið, hvort hann eigi að fá veitingu.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til starfa í þágu utanríkisþjónustunnar.

6. gr.

Hverjum þeim, sem skipun fær til opinberra starfa, skal láta í té ókeypis veitingarbréf. Samsvarandi gildir um setningu og ráðningu til slíks starfa.

Hvert það stjórnarvald, er opinberri stöðu ráðstafar, getur sett starfsmanni erindisbréf, enda skal að jafnaði setja starfsmanni slík fyrirmæli, ef hann óskar þess, hvort sem það varðar starf hans almennt eða einstaka grein þess eða greinar.

III. KAFLI

Um lausn úr opinberri stöðu.

7. gr.

Það stjórnarvald, er veitir stöðu, veitir og lausn frá henni um stundarsakir. Forstjóri starfsgreinar getur þó veitt starfsmanni í þeirri grein lausn um stundarsakir, þótt hann hafi ekki veitt þá stöðu, ef bið þykir hættuleg, en tilkynna skal þá þeim, er stöðu veitir, tafarlaust þá ráðstöfun með skýringu á málavöxtum, enda tekur hann fullnaðarákvörðun um lausnarveitinguna.

Lausn um stundarsakir má veita opinberum starfsmanni, ef hann hefur sýnt í starfi sínu óstundvísi eða aðra vanrækslu að marki, óhlýðni við löglegt boð eða bann yfirmanns síns, vankunnáttu eða óvandvirkni í starfi sínu, hefur verið ölvaður að starfi eða framkoma hans eða athafnir í því eða utan þess þykir að öðru leyti ósæmileg, óhæfileg eða ósamrýmanleg því starfi. Skal veita starfsmanni áminningu og honum veittur kostur á að bæta ráð sitt, áður en honum er veitt lausn um stundarsakir samkvæmt þessari málsgrein.

Nú hefur opinber starfsmaður fjárreiður eða bókhald með höndum, og má þá veita honum lausn um stundarsakir án áminningar, ef ætla má eða víst þykir, að óreiða sé á bókhaldi eða fjárreiðum, bú hans tekið til gjaldþrotaskipta eða hann leitar

nauðasamninga. Sama er, ef opinber starfsmaður er grunaður eða sannur orðinn að háttsemi, er varða kunni sviptingu réttinda samkvæmt 68. gr. almennra hegningarlaga eða heilsu hans er svo farið, að eigi þyki gerlegt að láta hann gegna starfa lengur.

Lausn um stundarsakir skal jafnan vera skrifleg með tilgreindum ástæðum.

8. gr.

Nú hefur opinberum starfsmanni verið veitt lausn um stundarsakir, og skal þá þegar hefja aðgerðir til að ganga úr skugga um það, hvort sakir séu svo vaxnar, að veita skuli honum lausn að fullu, eða hvort fært sé að láta hann taka aftur við stöðu sinni. Má láta fram fara rannsókn fyrir dómi að hætti opinberra mála í því skyni, eða rannsókn kunnáttumanna, ef því er að skipta. Að lokinni athugun á sakarefnum skulu úrslit málsins síðan ráðin svo fljótt sem unnt er.

9. gr.

Meðan lausn um stundarsakir stendur, nýtur starfsmaður hálfra fastra launa þeirra, sem stöðu hans fylgja. Embættishúsnæði og jarðnæði, ef því er að skipta, heldur hann, enda komi þau fríðindi til reiknings í þeim launum, er hann fær, samkvæmt mati.

Nú fellur niður lausn um stundarsakir, og skal starfsmaður þá fá endurgreiddan þann helming hinna föstu launa, er hann hefur verið sviptur.

Nú tekur sá, sem lausn hefur fengið um stundarsakir, aftur við starfa sínum, og skal þá líta svo á um starfsaldur sem hann hefði gegnt starfanum óslitið.

10. gr.

Hver sá, er skipar starfsmann í opinbera stöðu, veitir og lausn úr henni, nema öðruvísi sé sérstaklega mælt í lögum. Lausn skal veita skriflega og jafnan greindar orsakir, svo sem vegna umsóknar, heilsubrests, tiltekinna ávirðinga o. s. frv.

Í lausnarbréfi skal jafnan kveðið á um það, frá hvaða degi starfsmaður skuli lausn taka og með hvaða kjörum, svo sem um eftirlaun, ef því er að skipta, hvenær hann skuli sleppa íbúð, jarðnæði o. s. frv., eftir því sem við á.

11. gr.

Jafnan skal starfsmanni, sem víkja skal úr stöðu, veittur kostur á að tala máli sínu, áður en ákvörðun er tekin, ef þess er kostur.

Rétt er þeim, er vikið er úr stöðu, að bera málið undir úrlausn dómstóla, enda fari rannsókn slíks máls að hætti opinberra mála. Stefna skal fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs.

Nú er lausn metin óréttmæt, og getur þá dómur ákveðið aðila bætur úr ríkissjóði, ef þeirra er krafizt. Skal til hliðsjónar hafa ástæður starfsmanns, aldur og atvinnumöguleika annars.

12. gr.

Opinberum starfsmanni skal víkja úr stöðu að fullu, ef hann hefur verið sviptur með fullnaðardómi rétti til að gegna stöðu þeirri. Nú hefur starfsmaður verið sviptur þeim rétti með dómi í héraði, og skal þá í þeim dómi kveða á um það, hvort það ákvæði hans skuli þegar koma til framkvæmdar eða fresta því, þar til ráðið verður, hvort honum skuli skjóta til æðra dóms, eða þar til úrlausn æðra dóms er fengin.

13. gr.

Opinberum starfsmanni skal veita lausn, þegar hann er fullra 70 ára að aldri.

Heimilt er þó opinberum starfsmanni að láta af störfum með eftirlaunarétti, hvenær sem er, eftir að hann er orðinn 65 ára, eða fyrr, ef hann hefur unnið sér þann rétt samkvæmt öðrum lögum.

Ákvæði 1. mgr. þessarar greinar ná ekki til ráðherra og opinberra fulltrúa í þjónustu ríkisins, sem kosnir eru almennri kosningu.

Ef embættismaður, sem hlotið, hefur embætti sitt með almennri kosningu, fer frá samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, skal honum heimilt að sækja um embættið af nýju. Hljóti hann kosningu, skal hann fá veitingu fyrir embættinu um 5 ár.

Halda skulu gildi sínu sérákvæði þau um dómara, er um ræðir í lögum nr. 32 1. apríl 1948.

14. gr.

Nú er opinber staða lögð niður, og skal þá starfsmaður jafnan fá föst laun, er starfanum fylgdu, greidd í 6 mánuði, ef hann hefur verið í þjónustu ríkisins skemur en 15 ár, en í 12 mánuði, eigi hann að baki lengri þjónustu-aldur.

Ef sama staða er aftur stofnuð innan 5 ára, á starfsmaður að öðru jöfnu rétt til hennar.

Starfsaldur hans áður og eftir skal þá saman lagður og veitir þá sömu réttindi sem óslitin þjónusta.

Nú tekur maður, er launagreiðslna nýtur samkvæmt 1. mgr., við starfi í þjónustu ríkisins, áður en liðinn er 6 eða 12 mánaða tíminn, og skulu þá launagreiðslur samkvæmt þessari grein falla niður, ef laun þau, er nýja starfinu fylgja, eru jöfn eða hærri en þau, er hann naut í fyrri stöðunni. Ef launin í nýju stöðunni eru lægri, skal greiða starfsmanni launamismuninn til loka 6 eða 12 mánaða tímabilsins.

15. gr.

Nú vill opinber starfsmaður beiðast lausnar, og skal hann þá gera það skriflega og með þriggja mánaða fyrirvara, nema ófyrirsjáanleg atvik hafi gert starfsmann ófæran til að gegna stöðu sinni eða viðkomandi stjórnvöld samþykki skemmri frest. Skylt er að veita lausn, ef hennar er löglega beiðzt. Þó er óskylt að veita starfsmönnum lausn frá þeim tíma, sem beiðzt er, ef svo margir leita lausnar samtímis eða um líkt leyti í sömu starfsgrein, að til auðnar um starfrækslu þar mundi horfa, ef beiðni hvers um sig væri veitt. Getur stjórnvald þá áskilið lengri uppsagnarfrest, allt að sex mánuðum.

Ákvæði í ráðningarsamningi eða sérákvæði í lögum, er öðruvísi mæla, skulu standa.

IV. KAFLI

Um orlof og veikindaleyfi opinberra starfsmanna.

16. gr.

Opinberir starfsmenn skulu árlega fá orlof í 15 virka daga og einskis í missa af föstum launum. Ef sérstaklega stendur á, má orlof þó vera allt að 18 virkum dögum. Opinberum starfsmönnum, er verið hafa í þjónustu ríkisins lengur en 15 ár, má veita orlof allt að 24 virkum dögum. Nánari reglur um orlof skal setja með reglugerð, og skal enn fremur í þeirri reglugerð ákveðið, eftir hvaða reglum þeir taki orlof, er verið hafa í þjónustu ríkisins skemur en eitt ár.

Forstjóri hverrar starfsgreinar eða skrifstofu ákveður í samráði við starfsmenn í hverri röð þeir fái orlof.

Nú tekur starfsmaður ekki orlof tiltekið ár, og er honum þá rétt, með samþykki yfirmanns, að leggja saman orlof þess árs og hins næsta til orlofstöku síðara árið.

Nú tekur starfsmaður ekki orlof samkvæmt beiðni yfirmanns síns, og ber honum þá aukagreiðsla fyrir starf sitt þann tíma. Annars er starfsmönnum óheimilt að taka vinnu í stað orlofs í starfsgrein sinni fyrir endurgjald.

Skylt er opinberum starfsmanni að taka orlof, ef yfirmaður hans skipar svo.

Haldast skulu sérreglur í lögum og ráðningarsamningum um orlof starfsmanna í tilteknum greinum eða tilteknum störfum. Þó sé það aldrei skemmra en lágmark það, sem ákveðið er í 1. mgr. þessarar greinar.

17. gr.

Ákveða skal með reglugerð, hvernig fari um launagreiðslur til opinberra starfsmanna í veikindaforföllum.

Vegna barnsburðar skal kona eiga rétt á að vera fjarverandi með fullum launum í samtals 90 daga fyrir og eftir barnsburð. Séu lengri frátafir nauðsynlegar að dómi lækna, skal meta þær eftir ákvæðum um veikindadaga.

V. KAFLI

Um launagreiðslur og hlunnindi.

18. gr.

Opinberir starfsmenn taka laun samkvæmt lögum eða ráðningarsamningum.

Opinberum starfsmönnum er skylt að hlíta breytingum á launakjörum sínum samkvæmt lögum eða reglugerðum, staðfestum af hlutaðeigandi ráðherra, þar sem heimild er til slíks að lögum, enda standa ráðningarsamningar því eigi í gegn.

19. gr.

Þegar laun fara stighækkandi eftir starfsaldri, skal svo fara sem hér segir:

Nú fær opinber starfsmaður launahærri stöðu en hann hafði áður, og tekur hann þá lægstu laun í hinni nýju stöðu, ef þau eru hærri en hæstu laun í hinni gömlu. En ef byrjunarlaun í nýju stöðunni eru jöfn eða lægri en þau, er hann hafði þá í hinni gömlu, tekur hann næstu laun fyrir ofan þau, er hann hafði þar. Starfsaldur til launahækkunar í nýju stöðunni telst frá því, er hann fékk skipun eða setningu í hana.

Nú tekur starfsmaður við sams konar stöðu og hann hafði áður, og telst starfsaldur hans þá frá skipun eða setningu í hina eldri stöðuna.

Nú tekur maður verr launaða stöðu í sömu starfsgrein en hann hafði áður, og fær hann þá laun í nýju stöðunni, sem næst eru þeim launum eða hærri en þau laun, er hann hafði í fyrri stöðunni. Ef hann tekur stöðu í annarri starfsgrein, þá fær hann hæstu laun þar, ef þau eru lægri eða jafn há þeim, er hann hafði. En ef þau eru hærri, þá tekur hann þau, er hann hafði í eldri stöðunni.

Nú tekur starfsmaður við stöðu aftur, sem hann hafði farið úr, og er þá rétt að telja saman allan starfstímann.

20. gr.

Föst laun greiðast fyrir fram mánaðarlega fyrsta starfsdag hvers mánaðar. Greidd laun eru óafturkræf, þótt starfsmaður andist eða verði leystur frá starfa, áður en mánuður er liðinn.

Nú tekur maður við opinberum starfa eftir fyrsta dag mánaðar, og fær hann þá laun í réttu hlutfalli við tölu þeirra daga, sem eftir eru af þeim mánuði.

21. gr.

Nú er opinber starfsmaður leystur frá starfa vegna vanheilsu eða slysa, sem honum verður ekki með skynsamlegu mati gefin sök á, og ber þá að greiða honum þau föstu laun, er stöðu hans fylgja, í þrjá mánuði.

Nú tekur maður, sem látið hefur af opinberu starfi vegna vanheilsu, aftur við opinberu starfi í starfsgrein sinni, og skal þá starfsaldur hans áður og eftir lagðar saman og veitir þá sama rétt og óslitin þjónusta.

Um greiðslu til ekkju látins starfsmanns fer eftir ákvæðum 1. mgr.

22. gr.

Þegar einhver hluti launa er greiddur í fríðu, svo sem jarðarafnotum, húsnæði, ljósi, hita, fæði og öðru, skulu þessi hlunnindi metin árlega af yfirskattanefnd í því umdæmi, sem starfsmaður er búsettur í, og matsverðið dregið frá heildarlaununum.

Ákvörðun yfirskattanefndar má skjóta til ríkisskattanefndar, sem fellir fullnaðarúrskurð í málinu. Húsnæði ráðherra og risnufé, sem ákveðið er í fjárlögum, telst ekki til embættislauna.

23. gr.

Óheimilt er opinberum starfsmanni að gefa út ávísanir á laun, sem ekki eru í gjalddaga komin, nema fjármálaráðuneytið veiti til þess samþykki sitt hverju sinni. Sú heimild má þó ekki fara fram úr fjórðungi árslauna. Enginn vinnur rétt samkvæmt slíkri ávísun, nema samþykki sé fengið.

24. gr.

Nú þykir hlýða, að dómi ráðherra, að opinber starfsmaður beri einkennisbúning eða einkennismerki önnur í starfi sínu, og ber ríkissjóði að leggja hann eða þau merki til starfsmanni að kostnaðarlausu eftir þeim reglum, er ráðherra setur.

25. gr.

Konur, er veita heimili forstöðu, eiga rétt til þess að vinna tvo þriðju hluta ákveðins vinnutíma gegn samsvarandi frádrætti í launum, enda megi slíkt verða að skaðlausu.

Samsvarandi ívilnun má og öðrum veita, er sérstaklega er farið, svo sem vegna heilsuveilu.

26. gr.

Nú gegnir opinber starfsmaður samkvæmt ákvörðun stjórnvalds jafnhliða sínum starfa öðrum opinberum starfa, og fær hann þá hálf þau föstu byrjunarlaun, er þeim starfa fylgja, og aukatekjur allar. Ef slíkum starfa er skipt milli tveggja eða fleiri starfsmanna, kveður ráðherra á um þóknun hvers þeirra með hliðsjón af vinnu og aðstöðu að öðru leyti.

27. gr.

Nú er starfsmönnum ákveðinn daglegur vinnutími á starfsstofu eða í starfsgrein, og er þá rétt að greiða aukaþóknun starfsmanni, er eftir þann tíma vinnur að boði yfirmanns síns verk, er má bíða, og skal sú þóknun fara eftir reglugerð, er ráðherra setur.

VI. KAFLI

Skyldur starfsmanna.

28. gr.

Opinberum starfsmanni er skylt að rækja starf sitt með alúð og samvizkusemi í hvívetna. Hann skal gæta þess að sýna kurteisi, lipurð og réttsýni í starfi sínu. Hann skal forðast að hafast nokkuð það að í starfi sínu eða utan þess, sem er honum til vanvirðu eða álitshnekkis eða varpað getur rýrð á það starf eða starfsgrein, er hann vinnur við.

29. gr.

Skylt er opinberum starfsmanni að hlýða löglegum fyrirskipunum yfirmanna um starf sitt.

30. gr.

Starfsmenn skulu koma stundvíslega til starfa, hvort heldur er að morgni eða eftir hlé. Skrifstofustjórar og aðrir yfirmenn skulu fylgjast með stundvísi starfsmanna. Hafa skal stimpilklukkur í skrifstofum og vinnustofum, þar sem því verður við komið, og halda skrá um hvernig starfsmenn koma til vinnu.

Starfsmanni er skylt að vinna án endurgjalds yfirvinnu allt að tvöföldum þeim tíma, er hann hefur verið frá starfi án gildra forfalla, eða hlíta því, að dregið sé af launum sem því nemur.

Nú sýnir starfsmaður verulega óstundvísi og vanrækslu í starfi sínu og lætur ekki skipast við áminningu yfirboðara, og varðar það brottvikningu um stundarsakir eða fyrir fullt og allt, ef miklar sakir eru.

31. gr.

Vinnutími opinberra starfsmanna skal ákveðinn með reglugerð.

32. gr.

Skylt er starfsmönnum að vinna yfirvinnu, sem yfirboðarar telja nauðsynlega. Þó er engum starfsmanni skylt að vinna meiri yfirvinnu í viku hverri en nemur þriðjungi af lögmæltum vikulegum vinnutíma.

33. gr.

Hverjum starfsmanni er skylt að gæta þagmælsku um atriði, er hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkv. lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli málsins. Þagnarskyldan helzt, þótt látið sé af starfi.

34. gr.

Skylt er starfsmanni að hlíta breytingum lögum samkvæmt á störfum hans og verkahring frá því, er hann tók við starfi. Sama er um breytingar, er yfirmaður ákveður, en þeirri ákvörðun má skjóta til ráðherra.

VII. KAFLI

Um aukastörf opinberra starfsmanna.

35. gr.

Opinber starfsmaður má vinna þau aukastörf í þarfir ríkis, sem honum eru falin af þar til bæru stjórnarvaldi, fyrir sanngjarnt endurgjald, enda ræki hann óaðfinnanlega þau störf, er stöðu hans fylgja.

Áður en opinber starfsmaður stofnar til atvinnurekstrar, hyggst að taka við starfi í þjónustu annars aðila en ríkisins gegn varanlegu kaupi eða ganga í stjórn atvinnufyrirtækis, ber honum að skýra því stjórnvaldi, er veitti stöðuna, frá því. Innan tveggja vikna skal starfsmanni skýrt frá því, ef áðurnefnd starfsemi telst ósamrýmanleg stöðu hans, og honum bannað að hafa hana með höndum. Bera má slíkt bann undir ráðherra.

Rétt er að banna starfsmanni slíka starfsemi sem í 2. málsgrein segir, ef það er síðar leitt í ljós, að hún megi ekki saman fara starfi hans í þjónustu ríkisins.

VIII. KAFLI

Um félagsskap opinberra starfsmanna.

36. gr.

Við samning reglugerða samkvæmt lögum þessum svo og við endurskoðun þeirra skal jafnan gefa Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja kost á að fylgjast með og fjalla fyrir hönd félaga sinna um ágreiningsatriði þau, sem upp kunna að koma.

IX. KAFLI
Um gildistöku, afnám laga o. fl.

37. gr.

Með gildistöku laga þessara falla úr gildi eftirfarandi fyrirmæli:

1. Tilskipun 3. febr. 1836, IV.
2. Konungsbréf 8. apríl 1844 um íslenzkukunnáttu þeirra, er sækja um embætti á Íslandi.
3. Opið bréf 31. maí 1855 um ávísanir embættislauna og þess konar, sem og um borgun slíkra launa fyrirfram.
4. Konungsúrskurður 27. maí 1857 um íslenzkukunnáttu embætismannaefna.
5. Konungsúrskurður 8. febr. 1863 um próf í íslenzku.
6. Lög nr. 37 11. júlí 1911, um rétt kvenna til embættisnáms, námsstyrks og embætta, 3. gr.
7. Lög nr. 71 28. nóv. 1919, um laun embættismanna, 1.—7. gr.
8. Lög nr. 27 9. jan. 1935, um aldurshámark opinberra embættis- og starfsmanna, og lög nr. 5 31. jan. 1947, um breyting á þeim lögum, að því er snertir þá opinbera starfsmenn, er lög þessi taka til.
9. Lög nr. 60 12. marz 1945, um laun starfsmanna ríkisins, 34. gr., 40. gr. (Bráðabirgðaákvæði).
10. Önnur fyrirmæli, er fara kunna í bág við ákvæði laga þessara.

38. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1954.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er að meginstofni til samhljóða frumvarpi, er samið var fyrir nokkrum árum á vegum dómsmálaráðuneytisins. Að tilhlutan núverandi fjármálaráðherra og dómsmálaráðherra fóru þeir Sigtryggur Klemenzson, skrifstofustjóri, og Baldur Möller, stjórnarráðsfulltrúi, yfir frumvarpið, ræddu efni þess ýtarlega við fulltrúa frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og gerðu á því nokkrar breytingar í samráði við fyrrnefnda ráðherra.

Byggt er á greinargerð þeirri er fylgdi frumvarpinu í öndverðu, nema þar sem úr varð að fella eða auka við vegna breytinga, sem gerðar voru við athugun málsins nú.

Íslenzk löggjöf um opinbera starfsmenn, réttindi þeirra og skyldur, er harla ófullkomin. Engin heildarlöggjöf er til um það efni, aðeins dreifð lagafyrirmæli um einstök atriði. Helztu ákvæði eru I. kafli launalaga frá 1919, er fjallar aðallega um tilhögun á launagreiðslum, konungsbréf og úrskurðir frá miðbiki 19. aldar um íslenzkukunnáttu embættismanna, lög frá 1935 og 1947 um aldurshámark, lög frá 1915 um verkfall opinberra starfsmanna, lög frá 1943 um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og XIV. kafli hegningarlaganna um brot í opinberu starfi.

Mörg þessara ákvæða eru úrelt og lög vantar um fjölda atriða í réttarsambandi ríkisins og starfsmanna þess. Úr sumum þessara atriða hafa dómstólar leyst samkvæmt meginreglum laga og eðli máls. En um mörg ríkir óvissa. Er hún þeim mun bagalegri sem tala opinberra starfa hefur vaxið mjög hina síðustu áratugi.

Tilgangur þessa frv. er að lögfesta reglur um ýmis þau atriði, sem nú eru ólögmælt, varðandi réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Hafa þau meginsjónarmið ríkt við samning frv. að tryggja annars vegar réttindi hinna opinberu starfsmanna og ganga til móts við sanngjarnar óskir þeirra, og gera hins vegar þær kröfur til starfs þeirra, sem þarfir ríkisins og fjárhagur útheimta.

Við undirbúning málsins hefur verið höfð hliðsjón af þessu:
1. Íslenzkum lagaákvæðum, reglum og dómvenju.
2. Fyrri frumvörpum um sama efni, sbr. frumvörp, er flutt voru á Alþingi 1933 og 1935, en fengu ekki afgreiðslu.
3. Erlendri löggjöf.
4. Ályktunum og tillögum Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.

Um I. kafla (1. gr.).

Hér segir, til hverra lög þessi skuli taka. Er svo fyrir mælt, að þau taki til starfsmanna *ríkisins*. Þau ná því *ekki til starfsmanna sveitarfélaga*, hvorki sýslna, kaupstaða né hreppa. Þótt æskilegt kunni að þykja, að svipaðar reglur gildi um starfsmenn sveitarfélaga, einkum hinna stærri bæja, er hæpið að lögbinda slíkt, fyrr en nokkur reynsla er fengin um framkvæmd laganna. Hins vegar má telja líklegt, að ýmsar sveitarstjórnir setji, áður en langt um líður, reglur um réttindi og skyldur starfsmanna sinna í samræmi við ákvæði þessa frumvarps.

Skýrgreining á því, hverjir skuli taldir opinberir starfsmenn, embættismenn, sýslunarmenn, hefur verið nokkuð á reiki. Í upphafi 1. gr. er orðuð sú skýring, er nú virðist næst réttu lagi. Í henni felst m. a., að þeir sem gegna aukastörfum í þágu ríkisins, falla utan við ákvæði laganna, að því er aukastarfið varðar. Má þar til nefna ýmis nefnda- og ráðunautastörf. Egi ná lögin heldur til þeirra, er starfa samkv. samningum stéttarfélaga fyrir tímakaup, dagkaup eða vikukaup, t. d. vegavinnumenn, iðnaðarmenn.

Ágreiningur getur orðið um það, hvort tiltekinn starfsmaður, eða starfsmenn við tiltekna starfsgrein skuli falla undir lögin. Sker fjármálaráðherra þá úr, en heimilt er að bera málið undir dómstóla, sjá 2. málsgr. 1. gr.

Um II. kafla.

Um 2. gr.

Hér ræðir um veitingarvald opinberra starfa.

Í stjórnarskrá og einstökum lögum er oft ákveðið, hver veita skuli stöðu, t. d. forseti Íslands, ríkisstjórn, einstakir ráðherrar eða forstjórar stofnana. Í 2. gr. er ákveðið, að þar sem engin fyrirmæli slík eru til um starf, skuli sá ráðherra veita það, er starfið lýtur. Þó hefur hann heimild til að fela forstjóra að veita störf, er minni ábyrgð fylgir og vandi; er þá m. a. átt við sum afgreiðslustörf, skrifarastörf o. fl.

Veitingarvaldið skal stundum leita álits ákveðinna aðilja á umsækjendum, áður en stöðu er ráðstafað. Er þá tvennt til: Veitingarvaldið er bundið við tillögur aðiljans, eða því er aðeins skylt að leita umsagnarinnar, en þarf ekki að fara eftir henni. Dæmi hins fyrra eru tilskipun um bæjarstjórn í Reykjavík 20. apríl 1872, 17. gr.: Bæjarstjórn setur lögregluþjóna *eftir uppástungu* lögreglustjóra, l. nr. 13 frá 1943, 1. gr.: Menntamálaráðherra veitir embætti háskólabókavarðar *samkvæmt tillögum* háskólaráðs. Dæmi hins síðara, að starf skuli veita að fengnum tillögum o. s. frv., eru afarmörg, t. d. í skólalöggjöfinni: skólanefndir gera tillögur um kennaraval, en ráðherra er eigi skylt að fylgja þeim tillögum.

Sérstök athygli skal leidd að gildandi reglum um veitingu kennaraembætta við Háskóla Íslands, sjá 9. gr. reglugerðar nr. 47 30. júní 1942: Skylt er að skipa dómnefnd til þess að dæma um hæfi umsækjenda. Nefndin skal láta uppi rökstutt álit, og má engum manni veita fast kennaraembætti við háskólann, nema meiri hluti nefndarinnar hafi látið í ljósi það álit, að hann sé hæfur til þess.

Slík fyrirmæli einstakra laga og reglugerða um skyldu veitingarvalds til þess að leita álits kunnugra og sérfróðra aðilja eða stofnana eru æskileg og líkleg til þess yfirleitt að tryggja val hinna hæfustu. Er því ætlazt til að slík ákvæði haldist.

En almenn lagafyrirmæli um að skylt sé að leita álits, og þá hverra, er erfitt að setja, vegna þess hve aðstæður eru ólíkar um hin margháttuðu störf í þjónustu ríkisins. Ef ákveða ætti eina stofnun, einn aðila, sem jafnan skyldi leita umsagnar til, er hætt við, að þann aðila skorti oft næga þekkingu á hinum nauðsynlegu kröfum til starfsins, eða að setja yrði á fót fjölmenna stofnun til þess að sérþekking væri alltaf tryggð.

Um 3. gr.

Greinin ákveður hin almennu skilyrði til þess að fá opinbera stöðu. Eru þau að miklu leyti í samræmi við ríkjandi skoðanir og venjur. Þó eru nýmæli nokkur, sem nánara skal vikið að.

Um 1. lið.

Þegar maður er orðinn 21 árs að aldri, nýtur hann nú að íslenzkum lögum almennra réttinda: lögræðis (fjárræðis og sjálfræðis), réttar til að stofna hjúskap án samþykkis forráðamanna, kosningaréttar og kjörgengis til Alþingis og sveitarstjórna. Þykir og sjálfsagt að miða hið almenna aldursmark fyrir opinberu starfi við 21 ár. En frá því verður að víkja í báðar áttir. Sérstök lög krefjast hærri aldurs til ábyrgðarmikilla starfa, t. d. að hæstaréttardómarar séu 30 ára, l. 112/1935, 6. gr., héraðsdómarar séu 25 ára, l. 85/1936, 32. gr., prestar 25 ára, konungsbréf 16. febr. 1621 (heimild er þó veitt til undanþágu). Sérákvæði í lögum um aldursmark skulu haldast skv. 1. lið. — Á hinn bóginn er ekki ástæða til þess að krefjast jafnan 21 árs aldurs um vélritunar-, afgreiðslu-, sendilsstörf og önnur svipuð, og er því heimiluð undanþága.

Um 3. lið.

Meta verður hverju sinni, hver heilbrigði, andleg og líkamleg, er nauðsynleg til þess að gegna starfi. Oft væri rétt að krefjast læknisskoðunar. Berklavarnalögin, nr. 66 frá 1939, leggja bann við því, að ráða nokkurn þann, er hefur smitandi berklaveiki, starfsmann við skóla, barnahæli og slíkar stofnanir, sjá 9. og 10. gr. þeirra laga. Lögin um fræðslu barna, nr. 34 frá 1946, krefjast þess, að kennaraefni sé eigi haldið næmum sjúkdómi, sjá 16. gr.

Um 4. lið.

Íslenzkur ríkisborgararéttur er hér settur sem skilyrði fyrir opinberu starfi. Í stjórnarskránni, 20. gr. 2. málsgr., segir: „Engan má skipa embættismann, nema hann hafi íslenzkan ríkisborgararétt.“ 4. liður 3. gr. hefur sjálfstæða þýðingu um skipun þeirra opinberu starfsmanna, sem eigi kunna að teljast til embættismanna í merkingu stjórnarskrárinnar, svo og um setningu og ráðningu allra opinberra starfsmanna.

Ef sérkunnáttu þarf til starfs, og eigi er völ íslenzkra ríkisborgara, getur verið ástæða til undanþágu frá þessu ákvæði. Miðar heimildin í 2. málslið 4. liðar að því, en að sjálfsögðu er ekki heimilt að skipa slíkan mann í embætti, fyrr en ríkisfangs er aflað, sbr. 20. gr. stjórnarskrár.

Um 5. lið.

Óflekkað mannorð hefur verið talið skilyrði fyrir opinberu starfi, þótt eigi sé til almennt lagaákvæði í þá átt. Mörg einstök lög áskilja hins vegar óflekkað mannorð um sérstök störf.

Hugtakið „óflekkað mannorð“ er skilgreint svo í 2. gr. laga nr. 80 frá 1942 um kosningar til Alþingis: „Enginn telst hafa óflekkað mannorð, sem er sekur eftir dómi um verk, sem er svívirðilegt að almenningsáliti, nema hann hafi fengið uppreist æru sinnar.“ Þótt maður teljist hafa óflekkað mannorð að lögum, má vera, að þeir siðferðisannmarkar séu á ráði hans, að honum sé ekki fulltreystandi til að gegna ábyrgðarmiklu starfi, t. d. dómarastöðu. Síðari hluti 5. liðar er við það miðaður.

Um 6. lið.

Hér er krafizt almennrar menntunar, þ. e. náms og prófs samkv. lögum um fræðsluskyldu. En fjöldi starfa krefst sérmenntunar og prófa umfram almenna menntun. Svo er gert í lögum um dómara, héraðslækna, kennara o. m. fl. En þótt einstök lög mæli ekki fyrir um sérþekkingu, er hennar mjög oft þörf í opinberu starfi, t. d. að endurskoðendur og bókarar í þjónustu ríkisins hafi þekkingu á bókhaldi. Er veitingavaldinu þá heimilt og skylt samkv. 6. lið að gera sérþekkingu að skilyrði fyrir veitingu.

Um 7. lið.

Fjárræði er áskilið í 2. lið 3. gr. Ef bú manns er undir gjaldþrotaskiptum, heldur hann að jafnaði fjárræði, en telst ekki hafa fjárforræði (forræði á búi sínu). Eigi þykir ástæða til þess að svipta mann, sem svo er ásatt um, rétti til þess að fá eða halda opinberu starfi, nema stöðunni fylgi fjárreiður, eða aðrar sérstakar ástæður þykja til.

Jafnrétti kvenna og karla.

Í lok 3. gr. eru settar tvær meginreglur um jafnrétti kvenna og karla um opinber störf:

1. Konur og karlar skulu hafa jafnan rétt til opinberra starfa. Með lögum nr. 37 frá 1911 var svo ákveðið: „Til allra embætta hafa konur sama rétt og karlar, enda hafa þær í öllum greinum, er að embættisrekstri lúta, sömu skyldur og karlar.“ Með ákvæði þessa frv. er jafnréttisreglan látin ná til allra opinberra starfa. Ef ákvæði kynnu að finnast í einstökum lögum, reglugerðum eða öðrum fyrirmælum í þá átt,að karlar einir eða konur einar hafi rétt til einhvers opinbers starfs eða forgangsrétt, mundu slík ákvæði falla úr gildi með lögfestingu þessa frv. Slík ákvæði munu þó tæpast til í íslenzkri löggjöf, nema ef skilja ber 3. gr. laga nr. 76 20. des. 1944, um Hjúkrunarkvennaskóla Íslands, þannig, að skipa megi konur einar til þess að veita skólanum forstöðu („sérmenntuð skólastýra“).
2. Konur og karlar skulu hafa rétt til sömu launa fyrir sams konar störf.

   Meginsjónarmið við ákvörðun launa á að vera hæfileikar og þekking, en ekki kyn. Hér er því slegið föstu jafnrétti kvenna og karla um launakjör. Sbr. einnig 36. gr. launalaga nr. 60 frá 1945.

Um 4. gr.

Hér eru greindar ástæður til þess, að opinber starfsmaður láti af starfi. Byggist frv. á þeirri meginreglu, að opinber starfsmaður skuli eigi víkja úr stöðu, nema hann hafi brotið af sér, eða önnur þau atvik liggi til, er í 2.—6. lið þessarar greinar segir.

Hér á landi sem víða annars staðar hafa verið uppi skiptar skoðanir um heimild stjórnvalds til þess að víkja starfsmanni frá. Sumir telja réttarsamband ríkis og starfsmanns eiga að vera svipað réttarsambandi vinnukaupanda og vinnuseljanda að einkamálarétti; ríkið hafi heimild til þess að segja upp opinberum starfsmanni með hæfilegum fyrirvara, t. d. 3—6 mánaða, eins og einkafyrirtæki ætti í hlut, þótt engar sakir eða ávirðingar væru fyrir hendi. Aðrir telja, að frávikning sé ólögmæt, nema hinn opinberi starfsmaður hafi brotið svo af sér, að ástæða sé til frávikningar.

Gildandi lög íslenzk skera hér eigi úr. En dómar íslenzkra dómstóla hafa gengið í þá átt, að ólögmætt sé að víkja opinberum starfsmanni frá án saka. Hæstiréttur hefur dæmt opinberum starfsmönnum fébætur, þegar hann hefur talið, að þeir hafi verið sviptir stöðu, án þess að þeir hafi brotið af sér. Í 4. gr. er þeim skilningi fylgt.

Frávikning án saka gæti verið svo ástæðulaus og ósanngjörn, að rétt þætti, að starfsmaður fengi ekki aðeins fébætur, heldur ætti kost á að taka við starfi að

nýju. Engir íslenzkir dómar munu til, er ganga í þessa átt. Þykir rétt að lögbjóða ekki með þessu frv. reglur um slíka innsetningu, heldur láta dómstólunum frjálst að skera úr eftir málavöxtum.

Um 5. gr.

Það nýmæli felst í þessari grein, að opinberar stöður skuli auglýstar til umsóknar. Er það réttlætismál og jafnréttis, að öllum þeim, er hugur leikur á tilteknu opinberu starfi, sé veittur þess kostur að sækja um það. Ríkinu ætti þá einnig að vera meiri trygging fyrir því, að hæfir menn veljist í þjónustu þess.

Um starfsmenn utanríkisþjónustu gilda sérstakar reglur hjá flestum þjóðum. Flutningur sendiherra og starfsmanna sendiráða milli staða, tilfærslur milli utanríkisráðuneytis og sendiráða og val starfsmanna í þjónustu utanríkismála, eru háð sérstökum sjónarmiðum og venjum. Er því eigi unnt að láta skilorðslausa kröfu um auglýsing starfa ná til utanríkisþjónustunnar.

Einnig er ákveðið í þessari gr., að umsækjendur og félög opinberra starfsmanna eigi rétt á að fá vitneskju um aðra umsækjendur.

Um 6. gr.

Í opinberri starfrækslu veldur það oft erfiðleikum og töfum, að verksvið hvers starfsmanns er eigi nógu greinilega markað. Getur það skapað óvissu um störf og afgreiðslu mála, ríkinu og starfsmanni til vandræða. Í þessari grein er því gert ráð fyrir, að starfsmönnum séu sett erindisbréf, þar sem greind séu glöggt verkefni, vald og skyldur.

Um III. kafla.

Í þessum kafla eru reglur um lausn um stundarsakir (7.—9. gr.), um lausn að fullu (10.—12. gr.), um lausn vegna aldurs (13. gr.), um afnám stöðu (14. gr.) og um lausnarbeiðni (15. gr.).

Um 7.—11. gr.

Hin sérstaka réttarstaða opinberra starfsmanna, sem áður er að vikið og felst í því m. a., að sakir þarf til frávikningar, leiðir til þess, að stjórnarvald verður að fara varlega í því að leysa mann frá starfi án vilja hans. Með tilliti til þessa eru sett ákvæði 7.—9. gr. um lausn um stundarsakir. Meginsjónarmiðið er það, að þyki stjórnvaldi einhverju svo áfátt um starfsmann, að rök liggi til frávikningar, skuli að jafnaði farin sú leið að veita lausn um stundarsakir og láta síðan fram fara rannsókn samkv. 8. gr. á því, hvort sakir séu svo vaxnar, að veita skuli fullnaðarlausn. Ástæður til lausnar um stundarsakir eru greindar í 2. málsgr. 7. gr. Ætlazt er til, að starfsmanni sé áður veitt áminning og honum gerður kostur á að bæta ráð sitt. Þó getur verið rík ástæða til lausnar án áminningar, ef svo er ástatt sem segir í 3. málsgr. 7. gr. Meðan á bráðabirgðalausn stendur, heldur starfsmaður hálfum launum, í samræmi við það, sem tíðkazt hefur. Leiði rannsókn til þess, að hann skuli halda stöðu sinni, fær hann greiddan þann launahelming, sem haldið var eftir.

Ákvæðin um lausn um stundarsakir eru sett til þess að draga úr áhættu ríkisins á bótagreiðslum vegna frávikningar að fullu og til þess að vernda opinbera starfsmenn fyrir gerræðisfullum brottrekstri. Þrátt fyrir þennan almenna tilgang er ekki unnt að svipta yfirboðara heimild til þess að víkja starfsmanni frá að fullu án þess að undan sé gengin frávikning um stundarsakir. Sakir kunna að vera svo glöggar og þörf brottvikningar svo brýn, að stjórnvaldi sýnist bráðabirgðalausn óþörf.

Það eru nýmæli í 7. og 10. gr., að lausn skuli jafnan vera skrifleg og ástæður tilgreindar. Sjálfsagt er, að stjórnvaldið rökstyðji ákvörðun sína, og starfsmaðurinn á réttmæta kröfu til þess að vita, á hvern hátt hann hefur af sér brotið. Einnig er það nýmæli í 1. málsgr. 11. gr., að starfsmanni skuli veittur kostur á að tala máli sínu, áður en ákvörðun er tekin um frávikningu, ef þess er kostur.

Um 13. gr.

Um aldurshámark opinberra starfsmanna voru lög sett fyrst á þingi 1934, staðfest 9. jan. 1935 sem lög nr. 27/1935. Með þeim var ákveðið, að „opinber embættis- eða starfsmaður í þjónustu ríkis, bæjar- eða sveitarfélaga, eða stofnana sem þau ráða yfir eða eiga", skuli leystur frá starfi, „þegar hann er orðinn fullra 65 ára". Þó var heimilt að leyfa þeim, sem þættu til þess nógu ernir til líkams og sálar, að halda áfram störfum til 70 ára aldurs. Með lögum nr. 5 31. jan. 1947 var þessum ákvæðum breytt þannig, að starfsmennirnir skuli láta af störfum 70 ára í stað 65 ára, en þeim veitt heimild til lausnar með fullum eftirlaunarétti, þegar þeir eru 65 ára. Síðar var með lögum nr. 32 1. apríl 1948 ákveðið, til samræmis við ákvæði stjórnarskrárinnar um hæstaréttardómara, að veitingarvaldið gæti veitt þeim dómara lausn frá embætti, sem orðinn er 65 ára.

Um það eru skiptar skoðanir, hvort lögbjóða skuli aldurshámark opinberra starfsmanna, og þá við hvaða aldur skuli miðað. Er þetta mál leyst á marga lund með ýmsum þjóðum. Eru þau rök einkum færð fyrir aldurshámarki, *að* 60—70 ára gamlir menn séu yfirleitt ekki orðnir fullgildir starfsmenn, *að* sjaldnast viðurkenni þeir það sjálfir, og *að* veita þurfi ungum mönnum færi á að komast til starfa. Gegn þessu standa þau rök m. a., *að* afsögn starfsmanns eigi að miðast við starfshæfi hans en ekki aldur, *að* menn eldist mjög misjafnlega, *að* þjóðfélaginu sé tjón að því að svipta menn störfum, sem hafa starfsorku og reynslu og setja þá á eftirlaun, og *að* þessi sjónarmið séu viðurkennd með því, að víðast hvar eru ráðherrar og þingmenn undanþegnir.

Ákvæði gildandi laga eru tekin upp í 13. gr. að því er snertir ríkisstarfsmenn. Halda lög nr. 27/1935 gildi um starfsmenn bæjar- og sveitarfélaga.

Um 14. gr.

Þessi grein hefur tvenns konar tilgang. Annars vegar á að tryggja þeim starfsmanni, er staða hans er lögð niður t. d. af sparnaðarástæðum, laun, sem svara ríflegum uppsagnarfresti. Hins vegar tryggja að maður eigi að öðru jöfnu rétt til sömu stöðu, ef hún yrði stofnuð aftur innan tiltölulega skamms tíma.

Eigi þykir ástæða til að greiða biðlaun eftir að maður á biðlaunatímanum kynni að taka við öðru starfi í þjónustu ríkisins, nema laun þau, er nýja starfinu fylgja, séu lægri en þau, er hann áður hafði. Þykir þá sanngjarnt að greiða launamismuninn, unz biðlaunatímanum lýkur.

Um 15. gr.

Hér er starfsmanni veittur réttur til þess að fá lausn frá starfi með 3 mánaða fyrirvara, en stjórnvaldi heimilað að lengja þann frest upp í 6 mánuði, ef svo margir leita lausnar samtímis, að erfitt verður að skipa stöðurnar þegar að nýju.

Um IV. kafla

Um 16. gr.

Um orlof almennt gilda lög nr. 16 26. febr. 1943. Með samningum milli verkalýðsfélaga og atvinnurekenda í des. 1952 var orlofið aukið um ¼. Í samræmi við það ákvað ríkisstjórnin hliðstæða lengingu á styztu sumarleyfum opinberra starfsmanna þannig að 12 virkir dagar urðu 15.

Lengd orlofs er í frv. ákveðin 15 virkir dagar, en ef sérstaklega stendur á má þó ákveða allt að 18 virkum dögum. Sanngjarnt þykir þó að þeir, sem lengi hafa verið í þjónustu ríkisins eigi kost lengra orlofs og er því heimilað að veita opinberum starfsmanni allt að 24 virkra daga orlof, ef hann á að baki sér meiri en 15 ára þjónustualdur. Er og eðlilegt að hliðsjón væri höfð af starfsaldri og t. d. einnig aldri starfsmanns, þegar sett er reglugerð sú, er greinin gerir ráð fyrir.

Algengast er, að orlof séu veitt að sumarlagi (sumarleyfi), en taka mætti til athugunar að dreifa orlofstímanum meira en gert hefur verið, þannig að einhverjir starfsmenn fengju orlof að hausti, vetri eða vori, sbr. 9. gr. orlofslaga frá 1943.

Um 17. gr.

Engin ákvæði eru nú í lögum um veikindaleyfi opinberra starfsmanna og mun hafa verið nokkuð á reiki, hverjum reglum hefur verið fylgt um þetta efni í framkvæmd. Hentugast þykir að nánari ákvæði um veikindaleyfi verði sett í reglugerð.

Í 2. mgr. eru settar reglur um leyfi vegna barnsburðar fyrir konur, sem eru í opinberu starfi. Munu þær reglur eiga nokkra stoð í því sem tíðkað hefur verið.

Um V. KAFLA

Ákvæði 18.—20. gr. eru að mestu í samræmi við núgildandi reglur um tilhögun launagreiðslna, ákvörðun launa eftir starfsaldri og þegar flutzt er milli starfa o. fl.

Um 21. gr.

Í 1. mgr. er ákveðið að greiða skuli opinberum starfsmanni laun í 3 mánuði, ef hann er leystur frá starfi sökum vanheilsu eða slysa. Kemur sú greiðsla að sjálfsögðu til viðbótar þeim greiðslum, er hann kann að hafa fengið í veikindum sínum, samkv. 17. gr.

Í 3. mgr. er ákveðið, að ekkju starfsmanns skuli greiða laun í 3 mánuði frá láti hans. Í gildandi lögum eru engin ákvæði um þetta efni og er framkvæmdin nokkuð á reiki.

Um 22. gr.

Að mestu samhljóða 34. gr. laga nr. 60/1945.

Um 25. gr.

Greinin er nýmæli, sem miðar að því að gera konum, sem eru opinberir starfsmenn, kleift að halda starfi sínu, þótt þær giftist og stofni heimili. Eiga þær þá rétt til þess að vinna tvo þriðju hluta ákveðins vinnutíma gegn launafrádrætti að tiltölu. En það er skilyrði, að slíkt samrýmist starfinu.

Um VI. kafla.

Í þessum kafla segir um skyldur opinberra starfsmanna.

Í 28. gr. er hin almenna regla um skyldu starfsmanns til þess að rækja starf sitt af alúð og samvizkusemi og sýna kurteisi, lipurð og réttsýni.

30. gr. leggur áherzlu á stundvísi starfsmanna og gerir ráð fyrir stimpilklukkum, þar sem því verður við komið, til aðhalds og eftirlits. Tvenns konar viðurlög eru hér lögð við óstundvísi: Skylda til að vinna án endurgjalds tvöfaldan þann tíma, er á vantar, eða launafrádráttur, sem því svarar.

32. gr. leggur þá skyldu á starfsmenn að vinna yfirvinnu, sem yfirboðarar telja nauðsynlega. Þótt forðast beri eftir föngum greiðslur fyrir yfirvinnu við opinber störf, getur hún verið óhjákvæmileg til þess að ljúka aðkallandi verki. Í 2. málslið greinarinnar eru þó ákveðin takmörk þessarar yfirvinnuskyldu, til þess að útiloka, að einstökum starfsmönnum verði íþyngt um of.

Um VII. kafla.

Mjög er erfitt að ákveða með skýrum lagafyrirmælum, hvenær opinber starfsmaður megi taka að sér önnur störf auk aðalstarfs síns. Skilyrðislaust bann við aukastörfum opinberra starfsmanna er ekki réttlátt gagnvart þeim, því að ýmsir starfsmenn hafa hæfileika og starfsþrek til þess að sinna öðrum verkefnum, þótt þeir gegni aðalstarfi sínu óaðfinnanlega. Hagsmunir ríkisins leiða ekki heldur til slíks banns. Ríkinu er oft hagkvæmt og nauðsynlegt að leita til hæfileikamanna í þjónustu þess til þess að undirbúa og vinna störf, sem liggja utan verkahrings þeirra, en sem þeir kunna að hafa meiri þekkingu á en aðrir. Hins vegar er réttmætt, og getur verið nauðsynlegt, að banna opinberum starfsmanni að hafa með

höndum aukastörf, t. d. atvinnurekstur eða ráðunautarstörf, sem teljast ósamrýmanleg stöðu hans.

Reglur 35. gr. frv. eru samdar með hliðsjón af ákvæðum danskra laga.

Um VIII. kafla.

Í 36. gr. er ákvæði samhljóða 35. gr. laga nr. 60/1945, og fjallar um rétt samtaka opinberra starfsmanna til þess að gæta hagsmuna félaga sinna í sambandi við ágreiningsatriði er upp kunna að koma við setningu reglug. og endurskoðun laganna.

Ed. 149. Frumvarp til laga [94. mál]

um breyting á lögum nr. 83 26. nóv. 1948, um skattfrelsi vinninga o. fl. varðandi happdrættislán ríkissjóðs.

(Lagt fyrir Alþingi á 73. löggjafarþingi, 1953.)

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Krafa um áfallinn vinning fyrnist á 15 árum frá gjalddaga. Sé vinningsins ekki vitjað innan þess tíma, verður hann eign ríkissjóðs.

2. gr.

Ákvæði 1. gr. taka einnig til vinninga þeirra, sem þegar hafa verið útdregnir.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Reynslan hefur leitt í ljós, að það kemur fyrir, að eigendur skuldabréfa Happdrættisláns ríkissjóðs vitja ekki vinninga fyrr en eftir að 3 ára fyrningarfresturinn er liðinn og missa þannig af vinningnum.

Tilgangurinn með fyrningarákvæði laganna mun ekki hafa verið, að ríkissjóður hefði af því tekjur, heldur aðeins sá að gera endanleg reikningsskil möguleg. Þar sem hins vegar umrætt ákvæði getur valdið eigendum happdrættisskuldabréfanna tjóni, þykir rétt að lengja fyrningarfrestinn úr 3 árum í 15 ár.

Nd. 150. Frumvarp til laga [49. mál]

um breyting á lögum nr. 38 1953, um breyting á lögum nr. 50 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Á eftir 20. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Aftan við 4. málsgr. 63. gr. almannatryggingalaganna bætist: Þó skal aldrei lækka bætur meira en svo, að hann fái greidd 10% þeirra bótaupphæða, sem ætlaðar hafa verið honum sjálfum til framfæris.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 151. Lög [60. mál]

um breyting á lögum nr. 93 27. nóv. 1951, um breyting á lögum nr. 97 12. des. 1945, um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

(Afgreidd frá Nd. 9. nóv.)

Samhljóða þskj. 71.

Ed. 152. Nefndarálit [6. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 16/1953, um breyt. á l. nr. 105/1951, um breyt. á l. nr. 117/1950, um breyt. á l. nr. 22/1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., og á l. nr. 9/1951, svo og l. nr. 70/1952.

Frá fjárhagsnefnd.

Í frv. þessu er lagt til, að gildandi lagaákvæði um verðlagsuppbót á laun opinberra starfsmanna verði framlengd til ársloka 1954. Nefndin mælir einróma með því, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 9. nóv. 1953.

Bernharð Stefánsson, form. Lárus Jóhannesson, fundaskr. H. Guðmundsson, frsm.
Gísli Jónsson. Karl Kristjánsson.

Ed. 153. Nefndarálit [94. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 83 26. nóv. 1948, um skattfrelsi vinninga o. fl. varðandi happdrættislán ríkissjóðs.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur einróma til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 9. nóv. 1953.

Bernharð Stefánsson, form. Lárus Jóhannesson, fundaskr. H. Guðmundsson, frsm.
Gísli Jónsson. Karl Kristjánsson.

Ed. 154. Nefndarálit [78. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að selja þjóðjarðirnar Eyvindará og Heiðarhús.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt. Afstaða til breytingartillagna verður tekin eftir 2. umræðu.

Alþingi, 9. nóv. 1953.

Páll Zóphóníasson, form., frsm. Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskr. Jón Kjartansson.
Andrés Eyjólfsson. Guðm. Í. Guðmundsson.

Ed. 155. Nefndarálit [82. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 9. maí 1947, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess með þessari

BREYTINGU:

Aftan við 1. gr. bætist nýr málsl., er orðist svo:
Afnot þessi skulu þó aðeins ná til svipaðrar fjártölu og upprekstrarfélög þessi eða ábúendur einstakra jarða ráku áður í landið.

Alþingi, 9. nóv. 1953.

Páll Zóphóníasson, form., frsm. Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskr. Jón Kjartansson.
Andrés Eyjólfsson. Guðm. Í. Guðmundsson.

Nd. 156. Breytingartillögur [4. mál]

við frv. til l. um framlenging á gildi III. kafla l. nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá Gunnari Jóhannssyni og Sigurði Guðnasyni.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „2. og 3. gr.“ komi: 2.—4. gr.
2. Við 3. gr. Á eftir greininni komi ný grein, svo hljóðandi:
   Við A-lið 23. gr. laga nr. 100/1948 bætist: Landbúnaðarvélar.

Ed. 157. Breytingartillögur

við frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að selja þjóðjarðirnar Eyvindará og Heiðarhús.

Frá Gísla Jónssyni.

1. Á eftir 2. tölulið komi ný málsgr., er orðist svo:
   Enn fremur heimilast ríkisstjórninni að selja jörðina Moshlíð á Barðaströnd ábúandanum Reyni Hjartarsyni.
2. Fyrirsögn frv. verði: Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jarðir í opinberri eigu.

Nd. 158. Frumvarp til laga [95. mál]

um breyting á lögum nr. 62 1939 um tollskrá o. fl.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason, Hannibal Valdimarsson.

1. gr.

Á tollskránni í 1. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1. Á eftir nr. 1 í 45. kafla kemur nýr liður, svo hljóðandi:
   2 — — nótnabækur og nótnablöð fyrir hljóðfæri, ót. a. ..... tollfrjálst.
2. Nr. 1—7 í 79. kafla orðist svo:
   1 Flygel og pianó ..... tollfrjáls.
   2 Hlutar til flygela og pianóa ..... tollfrjálsir.
   3 Orgel og harmónium ..... tollfrjáls.
   4 Hlutar til orgela og harmónía ..... tollfrjálsir.
   5 Strengjahljóðfæri og hlutar til þeirra, ót. a. ..... tollfrjáls.

   Blásturshljóðfæri:
   6 — munnhörpur ..... tollfrjálsar.
   7 — önnur og hlutar til þeirra ..... tollfrjáls.
3. Nr. 9 í sama kafla orðist svo:
   9 — grammófónar og hlutar til þeirra ..... tollfrjálsir.
4. Fyrir nr. 11 og 12 í sama kafla komi eitt nr., svo hljóðandi:
   11 — grammófónplötur ..... tollfrjálsar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í gildandi lögum um tollskrá er svo kveðið á, að erlendar bækur séu tollfrjálsar, og á hið sama við um erlendar nótnabækur og blöð. Þó er gert ráð fyrir því, að greiddur sé tollur af bókum, sem íslenzkir útgefendur láta prenta erlendis, og er hér um að ræða nokkra tollvernd fyrir íslenzka bókagerð. Gilda tollákvæðin einnig um íslenzkar nótur, sem prentaðar eru erlendis. Sá er þó munur á að því er nóturnar snertir, að nótnabækur og nótnablöð er yfirleitt ekki hægt að prenta hér, svo að íslenzk tónverk verður að prenta erlendis. Er því mjög óeðlilegt, að greiða þurfi toll af þeim, er þau eru flutt til landsins. Í frv. þessu er þess vegna lagt til, að íslenzkar nótnabækur og nótnablöð verði tollfrjáls.

Höfuðtilgangur þess að hafa erlendar bækur tollfrjálsar, mun vera sá að torvelda ekki erlendum menningarstraum leið til landsins. Önnur menningartæki, í raun og veru algerlega hliðstæð bókum, eru þó tolluð, svo sem hljómplötur. Erlend bók um Beethoven er tollfrjáls, en af hljómplötu með tónverki eftir hann skal greiða háan toll. Þetta ósamræmi ber að leiðrétta. Hljómplötur eru í raun og veru algerlega hliðstæðar bókum og ættu að vera tollfrjálsar eins og þær. Þess vegna er það lagt til í frv.

Ýmis rök hníga og að því, að helztu hljóðfæri séu tollfrjáls. Það er grundvallarskilyrði fyrir eflingu tónmenntar í landinu, að hljóðfæri séu sem ódýrust og að almenningi sé gert sem auðveldast að eignast þau. Tæki, sem notuð eru við kennslu eða til eflingar menningarlífi þjóðarinnar, á ekki að tolla. Þess vegna er hér lagt til, að tollur sé felldur niður á helztu hljóðfærum.

Sþ. 159. Tillaga til þingsályktunar [96. mál]

um ríkisútgáfu námsbóka.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason, Hannibal Valdimarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að nota heimild í lögum um ríkisútgáfu námsbóka til að gefa út námsbækur fyrir skóla gagnfræðastigsins alls.

Greinargerð.

Þegar gildandi lög um ríkisútgáfu námsbóka voru sett, voru þau við það miðuð, að ríkisútgáfan sæi öllum nemendum á skólaskyldualdri fyrir námsbókum. Hefur starfsemi ríkisútgáfunnar gefið hina beztu raun að því leyti, að kostnaður heimila við kaup á skólabókum hefur verið furðulega lítill, auk þess sem bækurnar hafa verið hentugri en áður var.

Síðan lögin voru sett, hefur skólakerfið allt verið endurskoðað og skólaskylda verið lengd um eitt ár. Virðist sjálfsagt, að starfssvið ríkisútgáfunnar verði aukið og það látið taka til alls skyldunámsins eða til námsefnis til unglingaprófs. En sökum góðrar reynslu af ríkisútgáfunni er mjög æskilegt, að hún taki einnig að sér útgáfu allra námsbóka, sem nota þarf á gagnfræðastiginu. Er því lagt til í tillögu þessari, að Alþingi skori á ríkisstjórnina að nota sér heimild þá, sem hún hefur í gildand lögum til þess að gefa út námsbækur fyrir skóla gagnfræðastigsins. Af því mundi leiða, að nokkuð þyrfti að hækka námsbókagjaldið frá því, sem nú er, en það er 15 kr. á fjölskyldu. Samkvæmt fyrri reynslu mundu þó þeir, sem unglinga eiga í skólum, spara á þessari ráðstöfun, þar eð námsbókagjaldið ekki þyrfti að hækka sem nemur þeim kostnaði, sem þeir nú hafa af öflun námsbóka.

Sþ. 160. Breytingartillaga [68. mál]

við till. til þál. um breytingu á bátagjaldeyrislistanum.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

Aftan við tillgr. bætist:

Enn fremur verði felld niður af bátagjaldeyrislistanum öll tæki og áhöld, sem notuð eru við kennslu í skólum, sem og hljóðfæri, grammófónar og hljómplötur.

Sþ. 161. Fyrirspurnir. [97. mál]

I. Til ríkisstjórnarinnar um verðtryggingu sparifjár.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

Hefur farið fram athugun á því, hvort og með hverju móti takast mætti að tryggja verðgildi sparifjár, svo sem gert var ráð fyrir í þingsályktun, samþykktri 5. febr. 1953? Ef svo er, hvað hefur hún þá leitt í ljós í aðalatriðum?

II. Til viðskiptamálaráðherra um álagningu á innfluttar vörur o. fl.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

1. Er enn safnað skýrslum um álagningu á innfluttar vörur, sem eru ekki háðar verðlagsákvæðum, svo sem byrjað var á, þegar verðlagsákvæði voru afnumin?

2. Ef svo er ekki, hvers vegna var því þá hætt?
3. Ef svo er, hvers vegna eru þær þá ekki birtar?
4. Hver var kostnaðurinn við framkvæmd verðlagseftirlits (verðgæzlu):
   a) 1949,
   b) 1952?

III. Til viðskiptamálaráðherra um olíumál.

Frá Hannibal Valdimarssyni.

1. Hvaða innkaupsverð pr. tonn var á olíum þeim, sem ríkisstjórnin festi kaup á í Rússlandi?
2. Var olíufélögunum framseldur samningur ríkisstjórnarinnar, og ef svo er, þá með hvaða kjörum?
3. Er olíusamlögum útvegsmanna og sjómanna heimilt að ganga inn í samningana millilíðalaust og án millilíðakostnaðar?
4. Hvaða farmgjaldakjör hafa náðst við þessi miklu heildarinnkaup á olíum?
5. Kemur engin verðlækkun á olíum útvegsmönnum og öðrum notendum olíunnar til góða vegna hagkvæmra stórinnkaupa og hagstæðra farmgjalda?

IV. Til viðskiptamálaráðherra um eftirlit með samningunum um lausn vinnudeilunnar í desember 1952.

Frá Bergi Sigurbjörnssyni.

1. Á hvern hátt er það tryggt af hálfu ríkisstjórnarinnar, að sú lækkun álagningar á neyzluvörur komi til framkvæmda, sem lofað var og samið var um í sambandi við lausn vinnudeilunnar í desember 1952?
2. Er ríkisstjórninni kunnugt um, hvort þessi ákvæði kjarasamninganna frá desember 1952 hafi verið haldin af hlutaðeigandi aðilum svo sem til var ætlazt?
3. Gilda sömu reglur um verðútreikninga á umræddum vörum eins og þeim vörum, sem enn þá eru undir verðlagsákvæðum?
4. Hvaða viðurlög liggja við því, ef innflytjendur brjóta umrætt samkomulag eða bregða út af eigin tilboði um hámarksálagningu á þær vörutegundir, sem lagðar voru til grundvallar við lausn vinnudeilunnar í desember 1952?

Nd. 162. Frumvarp til laga [98. mál]

um breyting á lögum nr. 50/1946, um almannatryggingar, og um breyting á lögum nr. 38/1953, um breyting á þeim lögum og viðauka við þau.

Flm.: Karl Guðjónsson, Sigurður Guðnason, Gunnar Jóhannsson.

1. gr.

Aftan við 13. gr. laga nr. 50/1946 bætist ný málsgrein svo hljóðandi:

Fé það, sem veitt er sem ólögboðin eftirlaun eða heiðurslaun samkv. fjárlögum, skal ekki koma til frádráttar lífeyri almannatrygginganna nema á sama hátt og aðrar tekjur lífeyrisþega samkv. 1. tölulið bráðabirgðaákvæða laganna.

2. gr.

32. gr. laga nr. 50/1946 orðist svo:

Fjölskyldubætur skulu greiddar foreldrum barnanna, ef þeir eru á lífi og sjá um uppeldi þeirra. Þó getur Tryggingastofnunin greitt þær öðrum aðila, ef hún telur, að þær komi börnunum að betri notum með þeim hætti, sbr. 33. gr.

Fjölskyldubætur skulu greiddar án tillits til þess, hvort barnalífeyrir er greiddur með hlutaðeigandi börnum eða ekki.

3. gr.

Upphaf og 1. töluliður 5. gr. laga nr. 38/1953 orðist svo:

Grunnupphæðir bótanna samkv. II. kafla laganna, 1—4, skulu vera sem hér segir:

1. Árlegur elli- og örorkulífeyrir skv. 15. og 18. gr. laganna:
   a. Fyrir hjón, þegar bæði fá lífeyri:
      Á 1. verðlagssvæði ..... kr. 8160.00
      Á 2. —— ..... — 6120.00
   b. Fyrir einstaklinga og hjón, þegar annað fær lífeyri:
      Á 1. verðlagssvæði ..... — 5100.00
      Á 2. —— ..... — 3825.00

4. gr.

2. málsgr. 40. gr. lagana nr. 50/1946 falli niður.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1954.

Greinargerð.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, tekur til fjögurra atriða almannatrygginganna og mundi auka réttindi bótaþeganna, ef að lögum yrði, og skulu greinar þess skýrðar hér:

Í 1. gr. er lagt til, að heiðurslaun og ólögboðin eftirlaun, sem ákveðin eru í fjárlögum, komi ekki til frádráttar ellilífeyri almannatrygginganna beint, eins og verið hefur, heldur aðeins á sama hátt og almennar tekjur lífeyrisþeganna.

Alþingi hefur löngum tekið upp á 18. gr. fjárlaga heiðurslaun eða eftirlaun til gamalla og æruverðugra starfsmanna, án þess að til þess lægi bein skylda. Jafnaðarlega eru fjárhæðir þær, sem þannig eru ákveðnar hverjum einstökum, lægri en ellilífeyrir hlutaðeigandi manna, sem rétt eiga á ellilífeyri.

Fjárveiting Alþingis til þessa fólks á fjárlögum er því alls ekki raunveruleg. Það, sem skeður, þegar ellilífeyrisþegi kemst inn á 18. gr. fjárlaga, er aðeins það, að almannatryggingarnar stöðva einn góðan veðurdag greiðslu ellilífeyris til hans og benda honum á, að í stað ellilífeyris eigi hann nú að innheimta hjá ríkissjóði heiðurs- eða eftirlaun sín.

Þetta kostar hinn aldraða heiðurslaunaþega töluverða fyrirhöfn og umstang einmitt af því tagi, sem mörgu gömlu fólki hentar illa, og á þetta einkum við um þá, sem búsettir eru utan Reykjavíkur. Þurfa þeir að útvega sér trúnaðarmann í höfuðstaðnum, gefa honum umboð til að veita fjárveitingunni úr ríkissjóði viðtöku og fá féð sent. Fjárhagslegur ávinningur er enginn af þessu, heldur aðeins kostnaður og óþægindi.

Nú eru í lögum ávæði um það, að ellilífeyrir skerðist, ef aðrar tekjur lífeyrisþegans nema hærri upphæð en lífeyririnn, og fellur með öllu niður, nemi tekjurnar þreföldum lífeyri (sbr. lög nr. 50/1946, ákvæði til bráðabirgða, 1. lið). Flm. þessa frumvarps telja, að eðlilegt sé, að heiðurslaun og ólögboðin eftirlaun lúti þessu almenna ákvæði, en óeðlilegt, að aldnir heiðurslaunþegar hreppi einungis óþægindi af heiðrinum.

Í 2. gr. er lagt til, að fjölskyldubætur nái einnig til þeirra barna, sem barnalífeyrir er greiddur með.

Hér er um að ræða tillögu til leiðréttingar á því atriði almannatrygginganna, sem brýnust þörf er að bæta um.

Fjölskyldubætur eru nú greiddar án nokkurs tillits til efnahags bótaþeganna. Réttur til fjölskyldubóta fellur einungis niður, ef um barnalífeyrisgreiðslur er að

ræða. Þetta þýðir það, að öryrkjar fá engar fjölskyldubætur vegna barna sinna og ekki heldur ellilífeyrisþegar né heldur þeir, sem tekið hafa börn í fóstur og fá með þeim barnalífeyri.

Það fer vægast sagt harla illa á því að undanskilja einmitt þessa aðila fjölskyldubótum, á sama tíma sem hinir bezt stæðu foreldrar njóta fullra fjölskyldubóta.

Í 3. gr. er lagt til, að elli- og örorkulífeyrisgreiðslur verði hækkaðar um 25 af hundraði.

Það er kunnara en svo, að ástæða sé til að rekja það hér, hvað kaupmáttur launa hefur farið ört minnkandi að undanförnu, og er það að sama skapi tilfinnanlegra fyrir elli- og örorkulífeyrisþega en aðra launþega, sem þeirra kostur er óríflegri.

Nú hafa flestar starfstéttir þjóðfélagsins með samtakamætti sínum náð að hamla að einhverju leyti upp á móti hinni sívaxandi dýrtíð, en þeir, sem einungis hafa lífeyri sér til framfærslu og fá ekki varið kjör sín á þann hátt, hafa um alllangt skeið búið við kosti, sem sífellt hafa þrengzt.

Sú hækkun, sem hér er lögð til, mundi þýða það, miðað við núgildandi vísitölu (157), að á 1. verðlagssvæði hækkaði mánaðarlegur elli- og örorkulífeyrir úr 533 kr. í 667 kr. fyrir einstakling, en lífeyrir hjóna mundi hækka úr 854 kr. í 1067 kr., og verður vart sagt, að slík lífeyrishækkun geti talizt ofrausn.

Hækkunin á lífeyrinum mundi að sjálfsögðu hækka skerðingartakmörkin. Ef miðað er við árið 1952, byrjar skerðing hjónalífeyris á 1. verðlagssvæði við 9710 kr. tekjur, en ef breyting sú, sem hér er lögð til, hefði þá verið í lögum, hefðu tekjur allt að 12138 kr. veitt heimild til fullrar lífeyrisgreiðslu. Miðað við einstakling færist skerðingarmarkið á sama hátt úr 6069 kr. í 7586 kr. Þannig kæmi fram eðlileg og sanngjörn breyting á skerðingarupphæðum þeim, sem nú eru í gildi, við hækkun lífeyrisins.

Í 4. gr. er lagt til, að niður falli 2. málsgr. 40. gr. laga nr. 50/1946. Sú málsgrein er í kaflanum um sjúkrabætur og er þannig:

„Giftar konur fá því aðeins greiddar sjúkrabætur, að þær færi sönnur á, að maður þeirra geti ekki séð þeim farborða."

Þetta ákvæði útilokar í rauninni giftar konur frá þessum mikilvæga þætti tryggingánna. Engum öðrum þjóðfélagsþegni er gert það að skilyrði fyrir sjúkrabótum, að hann sanni óhæfni ættingja sinna eða sifjaliðs til að framfæra sig í veikindum. Flm. þessa frumvarps sjá enga ástæðu til að setja giftar konur, þ. e. fyrst og fremst íslenzkar húsmæður, þannig skör lægra að því er til þessara réttinda kemur en annað fólk og telja því meira en tímabært, að þetta ákvæði verði afnumið, enda er það í samræmi við kröfur Kvenfélagsambands Íslands.

Nd. 163. Frumvarp til laga [99. mál]

um breyting á lögum nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar.

(Lagt fyrir Alþingi á 73. löggjafarþingi, 1953.)

1. gr.

1. mgr. 25. gr. laga nr. 81 23. júní 1936 hljóði svo: Þeir sem staddir eru eða gera ráð fyrir að verða staddir utan þess kaupstaðar eða hrepps, þar sem þeir standa á kjörskrá, þá er bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosning fer fram, og af þeim ástæðum geta ekki sótt kjörfund, hafa heimild til að greiða atkvæði utan kjörfundar hjá kjörstjórum þeim, sem ákveðnir eru í lögum um kosningar til Alþingis, þegar er yfirkjörstjórnin hefur auglýst framboð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Er sett voru lög þau um sveitarstjórnarkosningar (l. 81 23. júní 1936), sem nú eru í gildi, lítið breytt, var þess getið í greinargerð, er fylgdi lagafrumvarpinu er það var fyrst borið fram (þskj. 13 1935), að frumvarpið sé, svo sem fyrir er mælt í þingsályktun frá 1933, samræmt ákvæðum laga um kosningar til Alþingis. Voru þannig „allar reglur um tilhögun kosninganna og kosningaaðferðir“ sniðnar eftir ákvæðum um alþingiskosningar, þ. á m. settar reglur um atkvæðagreiðslu utan kjörfundar (25. gr. l. 81/1936). Var á það bent, að öll ákvæði beggja laganna væru „samræmd í því skyni, að gera þeim, sem kosningum stjórna svo og kjósendum auðveldara fyrir um að átta sig á kosningareglum og kosningaaðferðum“. Sú breyting hefur síðar orðið á reglum um atkvæðagreiðslu utan kjörfundar við alþingiskosningar, að heimilt er nú að greiða atkvæði hjá ákveðnum starfsmönnum ríkisins utanlands. Hefur sú breyting ekki orðið um atkvæðagreiðslu utan kjörfundar við sveitarstjórnarkosningar. Allar sömu ástæður eru fyrir hendi til þess að sömu reglur gildi í þessu efni við sveitarstjórnarkosningar sem um alþingiskosningar.

Er í þessu frumvarpi mælt fyrir um, að lögum um sveitarstjórnarkosningar verði breytt þannig, að um atkvæðagreiðslu utan kjörfundar skuli fara eftir reglum laga um alþingiskosningar, enda er sú aðferð, um beina vísun til reglna þeirra laga, mjög víða viðhöfð í lögunum um sveitarstjórnarkosningar.

Sú breyting verður við þetta á núgildandi reglum, að heimilt verður kjósendum að greiða atkvæði í skrifstofu sendiráðs eða útsends aðalræðismanns, útsends ræðismanns eða vararæðismanns Íslands eða kjörræðismanns, er uppfyllir skilyrði 13. gr. alþingiskosningalaganna, svo og skráðum skipverjum að greiða atkvæði hjá skipstjóra.

Sþ. 164. Breytingartillaga [20. mál]

við till. til þál. um endurskoðun varnarsamningsins milli Íslands og Bandaríkjanna.

Frá Karli Guðjónssyni.

Síðari málsl. 4. tölul. falli niður, en við bætist nýr töluliður, svo hljóðandi:

5. Meðan herlið Bandaríkjanna er enn í landinu, skal það eingöngu dveljast á þeim stöðum, sem það hefur fengið til umráða, og lúti það og starfsemi þess öll íslenzkum lögum.

Sþ. 165. Tillaga til þingsályktunar [100. mál]

um milliþinganefnd í heilbrigðismálum

Flm.: Hermann Jónasson.

Alþingi ályktar að kjósa fimm manna milliþinganefnd í heilbrigðismálum. Nefndin velur sér formann. Verkefni nefndarinnar eru:

1) Að gera tillögur um fjölda, stærð og staðsetningu sjúkrahúsa og hjúkrunarheimila í landinu.

2) Að gera tillögur um almennar ráðstafanir til eflingar heilsuvernd og heilbrigði með þjóðinni.

Læknum, hjúkrunarkonum, kennurum og öðrum, er að heilbrigðismálum vinna í þjónustu ríkisins, er skylt að veita nefndinni upplýsingar, er henni mega að gagni koma í starfi hennar.

Greinargerð.

Þessari þingsályktunartillögu þarf ekki að fylgja löng greinargerð. Ég geri ráð fyrir, að flestir þeir, sem hugleiða efni hennar, geri sér ljóst, að þeirrar athugunar, sem tillagan stefnir að, sé hin fyllsta þörf.

Sjúkrahús eru nú og hafa á síðustu árum verið reist víðs vegar um landið og fyrir fé, er nemur tugum milljóna. Ríki og bæjar- og sveitarfélög hafa lagt mjög hart að sér með fjárframlög til þessara bygginga. Hjá því verður auðvitað ekki komizt. En auðsætt er, að miklu skiptir, að þeim stórfelldu fjármunum, sem til þessara bygginga er varið, sé ekki að verulegu leyti á glæ kastað. Það er komið alveg nóg af því í þjóðfélagi okkar — og mætti nefna þess mörg dæmi, — að byggt er svo skipulags- og fyrirhyggjulítið, að við vöknum skyndilega upp við þann vonda draum, að opinberar eða hálfopinberar byggingar eru um of eða settar niður á alröngum stöðum. Hafa þessi mistök kostað stórfé, sem er á glæ kastað.

Þessi tillaga, ef samþykkt verður, á að geta komið í veg fyrir slík mistök og óþörf fjárútlát, auk þess sem hún á að geta tryggt, að sjúklingar, hvar sem er á landinu, hafi sem besta og jafnasta aðstöðu til að komast í sjúkrahús og dveljast þar.

En um leið og við gefum þessu atriði gaum, hlýtur það að leiða hugann að því, hvílík ógrynni fjár allir sjúkdómarnir kosta þjóðina í töpuðu vinnuafli og vinnuþreki, auk sjúkrahúsvistarinnar, læknishjálpar og lyfjakaupa — að ógleymdum öllum þjáningunum. — Gerum við ekki allt of lítið og jafnvel flestum menningarþjóðum minna að því að fræða þjóðina um heilsuvernd og heilbrigði? Ég tel vafalítið, að svo sé. Við heyrum sjaldan lækna tala um þessi mál í útvarp, og fræðsla um þessi efni virðist lítt tiltæk fyrir þjóðina.

Ég er ekki í neinum vafa um, að þessi skortur á almennri fræðslu er mikil yfirsjón og að á þessu þarf að verða gagngerð breyting. Hins vegar er það ekki vandalaust né einfalt mál, hvernig þessari fræðslu verði bezt fyrir komið, þannig að hún komi að sem almennustu gagni fyrir þjóðina, það er athugunar- og rannsóknarefni fyrirhugaðrar nefndar, sem að þeirri rannsókn lokinni á að gera ákveðnar tillögur um það atriði.

Nd. 166. Frumvarp til laga [101. mál]

um þingfararkaup alþingismanna.

Flm.: Jón Pálmason, Eiríkur Þorsteinsson, Jónas Rafnar.

1. gr.

Alþingismenn hafa dagkaup þann tíma, sem þing stendur, og er það 130 krónur á dag, auk fullrar verðlagsuppbótar, meðan hún er greidd. Sama kaup skal þeim greitt fyrir þann tíma, sem fer til ferðalaga heiman að til þings og heim af þingi.

Sameinað Alþingi kýs hlutfallskosningu í byrjun hvers þings 5 manna nefnd, þingfararkaupsnefnd, er úrskurðar þingfararkaupsreikninga alþingismanna, en forsetar ávísa fjárhæðunum úr ríkissjóði.

2. gr.

Ríkisstjórnin sér hverjum alþingismanni, sem verður vegna fjarlægðar frá heimili sínu að hafa dvalarstað í Reykjavík um þingtímann, fyrir leigulausum bústað, meðan á þingi stendur. Þeir þingmenn, sem kjósa að sjá sér sjálfir fyrir húsnæði, skulu fá leigu fyrir það endurgreidda eftir mati þingfararkaupsnefndar.

3. gr.

Ferðakostnað og dvalarkostnað (fæðispeninga), á meðan þing stendur, fá alþingismenn, sem eigi búa á heimili sínu, endurgoldinn eftir reikningi, er þingfararkaupsnefnd úrskurðar.

4. gr.

Þeir fyrrverandi alþingismenn, sem hafa átt sæti á Alþingi að minnsta kosti 3 kjörtímabil samfleytt eða í 15 ár hið minnsta samanlagt, skulu eiga rétt til eftirlauna úr ríkissjóði, og skulu þau vera jafnhá hámarkslífeyri skrifstofustjóra í stjórnarráðinu. Þeir, sem eiga rétt til lífeyris vegna annarra starfa, skulu þó ekki fá eftirlaun fyrr en þeir láta af því starfi. Slíkur lífeyrir skal koma til frádráttar eftirlaunum. Ef lífeyririnn er jafnhár eða hærri eftirlaununum, falla þau niður.

Ekkjur alþingismanna, sem eftirlauna njóta, hafa tilsvarandi rétt.

5. gr.

Nú getur alþingismaður ekki gegnt þingstörfum vegna veikinda, og skal hann eigi að síður njóta þingfararkaups, á meðan hann er forfallaður af þessum sökum, þó eigi lengur en til loka kjörtímabilsins.

6. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 36 28. nóv. 1919, um þingfararkaup alþingismanna, og lög nr. 9 13. febr. 1943, um breyting á þeim lögum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal reikna kaup alþingismanna samkvæmt þeim á reglulegu Alþingi árið 1953.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samið af þingfararkaupsnefnd, og er nefndin öll sammála um það, þó að tveir nefndarmenn geti eigi verið flutningsmenn, af því að þeir eiga sæti í efri deild. Er frumvarpið flutt vegna þess, að sú afgreiðsla, sem þessi mál hafa fengið á undanförnum árum, hefur verið nokkuð á reiki, og einnig vegna hins, að á síðustu árum hefur stefnt meir og meir í þá átt að útiloka fátæka menn og ólaunaða frá því að keppa um þingsæti og sitja á þingi.

Nánar í framsögu.

Ed. 167. Lög [6. mál]

um breyting á lögum nr. 16/1953, um breyting á lögum nr. 105/1951, um breyting á lögum nr. 117/1950, um breyting á lögum nr. 22/1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl., og á lögum nr. 9/1951, svo og lögum nr. 70/1952.

(Afgreidd frá Ed. 12. nóv.)

Samhljóða þskj. 6.

Ed. 168. Frumvarp til laga [82. mál]

um breyting á lögum nr. 44 9. maí 1947, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Á milli 1. og 2. málsgr. 7. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Meðan upprekstrarfélög eða einstakar jarðir eru að einhverju leyti svipt aðgangi að beitilöndum sínum, skulu þeim heimil afnot annarra þeirra afréttarlanda, sem þau hafa til þessa haft afnot af, enda þótt lönd þessi liggi innan annars upprekstrar- eða sýslufélags, nema þau afnot komi í bága við nauðsynlegar sauðfjársjúkdómavarnir að dómi sauðfjársjúkdómanefndar. Afnot þessi skulu þó aðeins ná til svipaðrar fjártölu og upprekstrarfélög þessi eða ábúendur einstakra jarða ráku áður í landið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 169. Breytingartillaga [82. mál]

við frv. til l. um breyt á l. nr. 44 9. maí 1947, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra.

Frá Karli Kristjánssyni.

Aftan við 1. gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Skylt er slíkum notendum afréttarlands að setja upp, ef krafizt er, girðingar og viðhalda þeim til þess að koma í veg fyrir ágang afréttarfjár síns í heimalöndum þeirra, sem afrétturinn er tekinn hjá, enda sé þeim aðilum, er girðinganna krefjast, skylt að kaupa þær samkvæmt verðmati dómkvaddra manna, þegar úr gildi fellur beitarnotaheimild þessara laga.

Ed. 170. Frumvarp til laga [78. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jarðir í opinberri eigu.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt — að fengnum meðmælum sýslunefndar Suður-Þingeyjarsýslu — að selja Hálshreppi eftirtaldar þjóðjarðir, sem eru eyðijarðir þar í hreppi:

1. Eyvindará.
2. Heiðarhús.

Söluverð jarðanna fari eftir því, sem um semst, eða eftir mati tveggja dómkvaddra manna, ef samningar takast ekki.

Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að selja jörðina Grísará í Hrafnagilshreppi í Eyjafjarðarsýslu ábúandanum Hreiðari Eiríkssyni, enda verði jörðin gerð að ættaróðali.

Námaréttindi skulu undanskilin við söluna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 171. Breytingartillaga [78. mál]

við frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jarðir í opinberri eigu.

Frá Gísla Jónssyni.

Við 1. gr. Á eftir 2. tölulið komi ný málsgr., er orðist svo:

Enn fremur heimilast ríkisstjórninni að selja jörðina Miðhús í Gufudalshreppi í Austur-Barðastrandarsýslu Samúel Zakaríassyni í Djúpadal, er nú nytjar jörðina.

Nd. 172. Breytingartillögur [54. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 116/1951, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Halldóri Ásgrímssyni.

Við 1. gr. Á eftir b-lið komi nýir liðir:

1. Á eftir D. 5 koma tveir nýir liðir:
   a. *Strandhafnarvegur:* Af Strandavegi við Borgarlæk norðan Hvammsgerðis um Ljósaland til Strandhafnar.
   b. *Selárdalsvegur:* Af Strandavegi norðan Selárbrúar inn Selárdal að Fagurhóli.
2. Á eftir D. 7 kemur nýr liður:
   Jökuldalsvegur eystri: Frá Hákonarstöðum um Hákonarstaðabrú út Jökuldal austan Jökulsár á Austurlandsveg nálægt Þrívörðu við heiðarenda.
3. Á eftir D. 16 kemur nýr liður:
   Húsavíkurvegur: Af Úthéraðs- og Borgarfjarðarvegi við Bakkagerði um Hvannstóð til Húsavíkur.

Nd. 173. Frumvarp til laga [102. mál]

um lán handa fiskveiðasjóði Íslands til fiskiskipasmíða innanlands.

Flm.: Gunnar Jóhannsson, Lúðvík Jósepsson, Karl Guðjónsson.

1. gr.

Ríkissjóður skal lána fiskveiðasjóði Íslands 20 milljón krónur á árinu 1954, og skal fiskveiðasjóður lána fé þetta út til smíði fiskiskipa innanlands.

Ríkissjóður skal veita lán þetta til 20 ára, og skulu vextir eigi vera hærri en 4%.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka allt að 20 milljón króna lán innanlands eða erlendis til að fullnægja ákvæðum 1. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Íslendingar þurfa árlega að taka ný fiskiskip í notkun, bæði til viðhalds flota sínum og til aukningar.. Nú um skeið er þorri slíkra skipa fluttur inn erlendis frá.

Barátta skipasmiða og annarra, sem áhuga hafa á skipasmíði innanlands, er þegar kunn. En þetta mikla nauðsynjamál hefur mætt skilningsleysi og að því er virðist andstöðu stjórnarvaldanna. Er sú afstaða þó lítt skiljanleg, þegar haft er í huga, hve snar þáttur sjávarútvegurinn er í afkomu og útflutningsverzlun þjóðarinnar og hver þjóðarnauðsyn er að efla og stækka fiskiskipastól landsmanna og nýta til þess vinnuafl þjóðarinnar, kunnáttu hennar og tækni.

Íslenzkir skipasmiðir hafa sýnt það áþreifanlega, að þeir standa ekki að baki erlendum bátasmiðum í starfsgrein sinni, enda eru þeir fiskibátar, sem smíðaðir hafa verið hérlendis, fyllilega sambærilegir við erlenda fiskibáta af svipaðri gerð hvað sjóhæfni og styrkleika snertir.

Nokkur undanfarin ár hefur nýsmíði fiskibáta í innlendum skipasmíðastöðvum stöðvazt, vegna þess að þeim hafa ekki lagzt til nein verkefni, enda ekkert verið til þess gert að greiða fyrir þessum iðnaði, heldur þvert á móti hefur löggjafinn hindrað, að innlendu skipasmíðastöðvarnar gætu keppt í verði við erlendar stöðvar, og hefur m. a. söluskatturinn átt sinn þátt í þessari þróun.

Hinar innlendu skipasmíðastöðvar hafa aðallega verið starfræktar sem viðgerðarstöðvar fyrir bátaflotann. Vöntun á nýjum verkefnum hefur leitt til þess, að margar skipasmíðastöðvar hafa misst úr þjónustu sinni hina færustu skipasmiði, og af sömu orsökum hafa stöðvarnar ef til vill ekki tekið eðlilegum framförum á hinu tæknilega sviði.

Á síðastliðnu ári sendi iðnþing Íslendinga Alþingi tillögur ásamt ýtarlegri greinargerð, þar sem m. a. var bent á, að án nýsmíði fiskibáta væri enginn grundvöllur til fyrir innlendar skipasmíðastöðvar, þar eð viðgerð fiskibátaflotans væri bundin við tímibilið milli vertíða, hinn tímann vantaði verkefni.

Samkvæmt skýrslu Fiskifélags Íslands 1950 um skipasmíði, skipabrautir o. fl. eru skipasmíðastöðvarnar taldar vera 24. Tala starfsmanna við nýsmíði og viðgerðir 1950 er talin 365 menn, þ. e. meistarar, sveinar, iðnnemar og verkamenn (vélsmiðir eða vélvirkjar eru ekki meðtaldir í þeirri skýrslu). Hafði starfsmönnum skipasmíðastöðvanna fækkað um 96, miðað við árið 1948.

Á nýsköpunarárunum stóð bátasmíði með blóma. 1946 voru smíðaðir 16 bátar, alls um 800 rúmlestir, og 448 menn unnu við skipasmíði. 1947 voru smíðaðir 17 bátar, alls um 900 rúmlestir, en 420 menn unnu við bátasmíðina.

Rýrnun skipastólsins hefur verið mikil á undanförnum árum, og bera skýrslur Fiskifélagsins það glögglega með sér, en af þeim má sjá, að innlendu skipasmíðarnar hafa nálega alveg lagzt niður, nema að því er tekur til minnstu báta. Síðustu 4 árin, sem skýrslan nær yfir, er mikill samdráttur í bátaflotanum.

Ár	Fyrning (rúmlestir)	Smíðað (rúmlestir)	Rýrnun (rúmlestir)
1948	1029	149	880
1949	596	288	308
1950	1062	117 ½	944 ½
1951	552	262	290
Samtals 1948—51	3239	816 ½	2422 ½

Hér er eingöngu miðað við þá stærð skipa, sem hægt er að smíða í þeim skipasmiðastöðvum, sem til eru í landinu.

Það liggur í augum uppi, að til vandræða dregur, ef þessu heldur svo áfram sem verið hefur.

Þörfin fyrir auknar skipasmíðar er þegar orðin mikil, og má marka það meðal annars af því, að eftirspurn eftir fiskibátum fer nú vaxandi. Eru þeir nú fluttir inn tugum saman erlendis frá, og er eftirspurninni þó á engan hátt fullnægt. Þá er og hafin smíði á nokkrum fiskibátum innanlands, aðallega í skipasmíðastöðvunum við Faxaflóa, en lánsfjárskortur hindrar það, að verulegur skriður komist á skipasmíðarnar, því að fjölmargir aðilar víðs vegar um landið hafa mikinn áhuga á því að ná sér í fiskibáta, en skortir fjármagn til framkvæmdanna.

Það, sem vantar til að tryggja vöxt og viðgang þessa þýðingarmikla atvinnuvegar, er aukin lánastarfsemi í hennar þágu, og er frumvarpi þessu ætlað að greiða fyrir því, að svo geti orðið.

Það má nokkurn veginn öruggt teljast, að fái fiskveiðasjóður 20 millj. kr. að láni, mundi það fé nægja til að hrinda af stað smíði 25—30 vandaðra og stórra fiskibáta í innlendum skipasmíðastöðvum. Auk þess ætti stofnlánadeild sjávarútvegsins að hafa yfir að ráða allmiklu fé, sem hægt væri að lána út til eflingar útgerðinni, ef frumvarp þingmanna Sósíalistaflokksins um breytingar á stofnlánadeildalögunum nær fram að ganga.

Loks má benda á það, að ef skipasmíðastöðvarnar fá næg verkefni við nýsmíði fiskiskipa, tryggja þær hundruðum Íslendinga örugga atvinnu og þjóðinni sparast milljónir í erlendum gjaldeyri.

Ed. 174. Breytingartillaga [82. mál]

við brtt. á þskj. 169 [Sauðfjársjúkdómar].

Frá Bernharð Stefánssyni.

Meginmál tillögunnar orðist svo:

Um skyldu til að setja upp girðingar fyrir slík afréttarlönd og um kostnað við uppsetningu þeirra og viðhald fer eftir ákvæðum girðingarlaga, nr. 24 1. febr. 1952, þó þannig, að ef aðilar eru sinn úr hvoru sýslufélagi og komi til matsgerðar samkvæmt 6. gr. þeirra laga, skulu gerðarmenn frá upphafi skipaðir samkvæmt 2. málslið 2. málsgr. þeirrar greinar.

Nd. 175. Frumvarp til laga [103. mál]

um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 73. löggjafarþingi, 1953.)

1. gr.

Frjáls skal vera innflutningur til landsins á þeim vörum, sem ríkisstjórnin ákveður hverju sinni með reglugerð. Enn fremur ákveður ríkisstjórnin með reglugerð hvaða gjaldeyrisgreiðslur skuli frjálsar. Aðrar vörur og gjaldeyrisgreiðslur skulu háðar innflutnings- og/eða gjaldeyrisleyfum.

Ríkisstjórnin hefur heimild til að setja skilyrði um innflutning og gjaldeyrissölu, sem nauðsynleg kunna að vera vegna viðskiptasamninga eða af öðrum ástæðum, svo sem til stuðnings atvinnuvegunum eða einstökum greinum þeirra.

2. gr.

Óheimilt er að tollafgreiða vörur, sem samkvæmt 1. gr. eru háðar leyfisveitingum, nema gegn innflutningsleyfi.

Bankar mega ekki láta gjaldeyri af hendi fyrir vörum, sem háðar eru leyfisveitingum eftir reglugerð settri samkvæmt 1. gr. þessara laga, nema leyfi sé fyrir hendi.

3. gr.

Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h.f. hafa einkarétt til að verzla með erlendan gjaldeyri. Þó er póststjórninni heimil slík verzlun innan þeirra takmarka, sem ríkisstjórnin setur.

Þeim gjaldeyri, sem bankarnir kaupa, skal skipta milli Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands h.f., þannig að hinn síðarnefndi fái á kaupgengi einn þriðja gjaldeyris, ef hann óskar, hlutfallslega af hverri mynt, er keypt er á mánuði hverjum. Hlutfalli því, er hvor banki fær, getur ríkisstjórnin breytt, ef báðir bankarnir samþykkja.

Ef nauðsyn ber til, geta bankarnir með samþykki ríkisstjórnarinnar beint kaupum vara, sem frjáls innflutningur er á, til tiltekinna landa

4. gr.

Útflytjendum og öðrum hérlendum aðilum er skylt að selja Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands h.f. þann erlenda gjaldeyri, er þeir eiga eða eignast fyrir vöru eða þjónustu. Þó getur innflutningsskrifstofan veitt undanþágu frá þessari reglu, þegar sérstaklega stendur á.

Gjaldeyriseftirlitið, er Landsbanki Íslands fer með, skal fylgjast með því, að erlendum gjaldeyri sé skilað til bankanna og að erlendur gjaldeyrir, sem bankarnir selja, sé notaður eins og til var ætlazt. Einnig ber gjaldeyriseftirlitinu að fylgjast með þeim gjaldeyrisviðskiptum, sem heimiluð eru án milligöngu fyrrnefndra banka, og er hlutaðeigandi aðilum skylt að gera því fullnægjandi grein fyrir öllum slíkum viðskiptum.

5. gr.

Innflutningsskrifstofa, sem stofna skal samkvæmt lögum þessum, hefur með höndum leyfisveitingar samkv. 1. og 8. gr.

Tveir menn, skipaðir af ríkisstjórninni, veita innflutningsskrifstofunni forstöðu. Þeir ráða starfsfólk skrifstofunnar, en tala starfsmanna og kostnaðaráætlun skal háð samþykki ríkisstjórnarinnar.

Ríkisstjórnin setur skrifstofunni nánari starfsreglur.

6. gr.

Forstöðumenn innflutningsskrifstofunnar taka sameiginlega ákvarðanir samkvæmt lögum þessum, og hefur hvor þeirra rétt til að vísa ágreiningi um meiri háttar mál til ríkisstjórnarinnar.

7. gr.

Forstöðumenn innflutningsskrifstofunnar fara, að fengnum tillögum verðgæzlustjóra, með verðlagsákvarðanir, samkvæmt lögum nr. 35 27. maí 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm. Verðgæzlustjóri skal annast birtingu verðlagsákvarðana og aðra afgreiðslu verðlagsmála.

8. gr.

Frjálst skal vera að byggja íbúðarhús, þar sem hver íbúð, ásamt tilheyrandi geymslu, þvottahúsi og þess háttar, er allt að 520 rúmmetrum, svo og peningshús, heyhlöður, verbúðir og veiðarfærageymslur. Enn fremur eru undanþegnar fjárfestingarleyfum framkvæmdir, er kosta samtals allt að 40 000 krónum.

Aðrar framkvæmdir skulu háðar fjárfestingarleyfum, er innflutningsskrifstofan veitir.

Óheimilt er byggingarnefndum í kaupstöðum og kauptúnum að leyfa að hefja framkvæmdir, sem fjárfestingarleyfi þarf til, nema slíkt leyfi liggi fyrir. Enn fremur skulu byggingarnefndir, hver í sínu umdæmi, hafa eftirlit með því, að framkvæmdir, sem heimilar eru án fjárfestingarleyfa, séu í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

Þar sem byggingarnefndir starfa ekki, skulu oddvitar gæta þess, að ekki séu hafnar framkvæmdir, er háðar eru fjárfestingarleyfum, án leyfis innflutningsskrifstofunnar, svo og að framkvæmdir, sem hefja má án leyfis, séu í samræmi við lög þessi.

Byggingarnefndir og oddvitar skulu mánaðarlega senda innflutningsskrifstofunni tilkynningu um hverja þá fjárfestingarframkvæmd, sem hafin er í umdæmi þeirra, og þessir aðilar áætla að kosti samtals yfir 40 000 krónur.

9. gr.

Framkvæmdabanki Íslands skal fylgjast með fjárfestingu í landinu, og skal bankinn vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um fjárfestingarmál. Skal Framkvæmdabankinn semja áætlun um þjóðartekjurnar, myndun þeirra, skiptingu og notkun. Hlutaðeigandi aðilum skal skylt að veita Framkvæmdabanka Íslands allar upplýsingar, sem hann þarfnast vegna þessa hlutverks.

10. gr.

Starfsmönnum innflutningsskrifstofunnar og öðrum, er annast framkvæmd laga þessara, er bannað að viðlagðri ábyrgð samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá þeim atriðum, er þeir verða áskynja í starfi sínu og leynt eiga að fara.

11. gr.

Hver sá, sem vanrækir að láta í té nauðsynlegar skýrslur í sambandi við framkvæmd þessara laga, skal sæta 20 til 200 króna dagsektum. Sá, sem gefur aðilum, er annast framkvæmd þessara laga, rangar skýrslur, skal sæta refsingu samkvæmt ákvæðum 15. kafla almennra hegningarlaga. Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim, varða sektum allt að 200 þúsund krónum. Ef miklar sakir eru eða brot ítrekað, má svipta sökunaut atvinnurétti um stundarsakir eða fyrir fullt og allt. Upptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal og heimil vera.

Mál út af brotum á lögum þessum fara að hætti opinberra mála.

12. gr.

Innflutningsskrifstofan innheimtir, þegar leyfi er afhent, 1% leyfisgjald af fjárhæð þeirri, sem innflutnings- og/eða gjaldeyrisleyfi hljóðar um. Skal gjaldi þessu varið til að standast kostnað af innflutningsskrifstofunni og framkvæmd þessara laga. Ef þær tekjur hrökkva ekki til, greiðir ríkissjóður það, er á vantar. Ef tekjuafgangur verður, rennur hann í ríkissjóð.

13. gr.

Þar sem í lögum þessum er talað um ríkisstjórnina, er átt við ríkisstjórnina í heild.

14. gr.

Ríkisstjórnin setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi jafnskjótt og út er gefin reglugerð samkvæmt 1. gr. laganna og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 70 5. júní 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit, svo og önnur lög og lagaákvæði, er kunna að koma í bága við lög þessi.

Ákvæði til bráðabirgða:

Meðan ríkisstjórnin telur nauðsynlegt að lækka verð tiltekinna nauðsynjavara með greiðslum úr ríkissjóði, er heimilt að takmarka sölu umræddra vara með skömmtun.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í samningi þeim, sem gerður var um myndun núverandi ríkisstjórnar, var ákveðið, að fjárhagsráð yrði afnumið, enda yrðu gerðar nauðsynlegar ráðstafanir af því tilefni.

Frumvarp þetta er byggt á samkomulagi, sem náðst hefur í ríkisstjórninni um framkvæmd þeirra mála, sem verið hafa í höndum fjárhagsráðs og deilda þess.

Með frumvarpi þessu er létt af ýmsum þeim höftum, sem hafa bundið atvinnu- og viðskiptalíf landsins um langt árabil. Er hér um að ræða framhald þeirrar frjálslyndu stefnu í efnahagsmálum, sem fyrrverandi ríkisstjórn hefur markað undanfarin ár, en ávextir hennar eru afnám allrar raunverulegrar skömmtunar neyzluvara, útrýming svartamarkaðsins, nægilegt vöruframboð, eðlilegar vörubirgðir, aukið verzlunarfrelsi og meira athafnafrelsi.

Frumvarpi þessu er sniðinn stakkur með hliðsjón af þeim miklu breytingum, sem orðið hafa í efnahagsmálum landsins. Er stefnt að því að gera það innflutnings- og fjárfestingareftirlit, sem enn er talið nauðsynlegt, mun hagkvæmara og viðaminna en verið hefur. Jafnframt er rýmkað um fjárfestingareftirlitið svo að frjálst verður að byggja íbúðir af venjulegri stærð og ýmsar aðrar nauðsynlegar byggingar í sveit og við sjó.

Um einstakar greinar frumvarpsins þykir að öðru leyti ástæða til að taka fram það, sem hér fer á eftir:

Um 1. gr.

Ríkisstjórninni er ætlað að ákveða með reglugerð, hvaða vörur megi flytja inn og hvaða gjaldeyrisgreiðslur megi inna af hendi án innflutnings- og gjaldeyrisleyfa.

Um 2., 3. og 4. gr.

Þessar greinar þarfnast ekki skýringa, enda í aðalatriðum samhljóða gildandi lögum og reglum.

Um 5. gr.

Innflutningsskrifstofunni er ætlað að fara með veitingu innflutnings- og gjaldeyrisleyfa og fjárfestingarleyfa og enn fremur verðlagsákvarðanir, sbr. 7. gr. Tveir menn stjórna störfum skrifstofunnar og taka þeir við því sem eftir stendur af störfum, er áður gegndu fimm menn í fjárhagsráði. Starfsemi innflutningsskrifstofunnar verður undir yfirstjórn ríkisstjórnar í heild.

Um 6. gr.

Báðir forstöðumenn innflutningsskrifstofunnar þurfa að fjalla um ákvarðanir hennar. Getur hvor þeirra áfrýjað öllum meiri háttar málum til ríkisstjórnarinnar, eins og verið hefur í tíð fjárhagsráðs, en í þessu frumvarpi er einnig gert ráð fyrir að áfrýja megi verðlagsmálum, en svo hefur ekki verið til þessa.

Um 7. gr.

Verðlagsákvarðanir verða samkvæmt þessari grein í höndum forstöðumanna innflutningsskrifstofunnar, en verðgæzlustjóri annast afgreiðslu verðlagsmála og undirbúning verðlagsákvarðana, sem áður hafa verið hjá verðlagsdeild fjárhagsráðs. Sparast við þetta kostnaður auk þess sem það er einfaldara og eðlilegri að hafa mál þessi á einum stað.

Um 8. gr.

Í þessari grein er ákveðið, hvaða framkvæmdir skuli frjálsar, og er dregið mjög úr hömlum, sem verið hafa á fjárfestingu.

Skömmtun á byggingarefni mun verða felld niður, en byggingarnefndum og oddvitum er falið að hafa eftirlit með því, að settum reglum sé fylgt, bæði um framkvæmdir, sem eru háðar og undanþegnar fjárfestingarleyfum.

Um 9. gr.

Hér er endurtekið það ákvæði í lögum nr. 17 10. febr. 1953, um Framkvæmdabanka Íslands, að bankinn skuli vera ríkisstjórninni til ráðuneytis í fjárfestingarmálum. Jafnframt er bankanum falið að semja sundurliðaða áætlun um þjóðartekjur, en þörf slíkra upplýsinga hefur farið vaxandi með fjölþættari þróun atvinnulífsins og aukinni þátttöku ríkisins í efnahagsmálum. Slíkar upplýsingar eru taldar óhjákvæmilegar í flestum löndum.

Um 10., 11., 12., 13., 14. og 15. gr.

Þessar greinar eru að mestu samhljóða núgildandi lögum og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Almenn heimild til vöruskömmtunar er með þessu frumvarpi felld niður og má framvegis aðeins skammta vörur, ef verð þeirra er niðurgreitt úr ríkissjóði. Þetta ákvæði nær því sem stendur aðeins til smjörs og smjörlíkis.

Ed. 176. Breytingartillaga [78. mál]

við frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jarðir í opinberri eigu.

Frá landbúnaðarnefnd.

3. málsgr. 1. gr. orðist svo:

Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að selja jörðina Grísará í Hrafnagilshreppi í Eyjafjarðarsýslu Hreiðari Eiríkssyni og Moshlíð í Barðastrandarhreppi í Barðastrandarsýslu ábúandanum Reyni Hjartarsyni, enda verði jarðirnar gerðar að ættaróðulum.

Ed. 177. Breytingartillögur [32. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 116 29. des. 1951, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Vilhjálmi Hjálmarssyni.

Aftan við 1. gr. komi nýir liðir:

a. Á eftir orðunum „um Eiða“ í D. 16 í 1. gr. laganna komi: með álmu að Gilsárbrú.
b. Á eftir D. 20 í sömu lagagr. komi nýr liður:
   Hólavegur: Af Norðfjarðarvegi hjá Skúlateigi að Fannardal.
c. Á eftir D. 24 í sömu lagagr. komi nýr liður:
   Geitdalsvegur: Af Skriðdalsvegi hjá Geitdalsárbrú um Flögu og Þorvaldsstaði að Geitdal.
d. Á eftir orðunum „hjá Þverhamri“ í D. 33 í sömu lagagr. komi: með álmu frá væntanlegri brú á Daladalsá að Dölum.

Sþ. **178. Frumvarp til fjáraukalaga** [104. mál]

fyrir árið 1951.

(Lagt fyrir Alþingi á 73. löggjafarþingi, 1953.)

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum fyrir árið 1951, eru veittar kr. 114 074 990.29 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2. gr.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 3. gr. A. er veitt:

1.	Póstmál	kr.	1 161 944.07
2.	Síminn	—	5 089 067.97
	en tekjur fóru kr. 3 781 493.60 fram úr fjárlagaáætlun.		
3.	Áfengisverzlun ríkisins	—	6 136 154.06
	af kr. 8 130 282.73 nettótekjum umfram fjárlagaáætlun.		
4.	Tóbakseinkasala ríkisins	—	3 690 962.10
	af kr. 9 858 242.35 nettótekjum umfram fjárlagaáætlun.		
5.	Ríkisútvarpið	—	1 212 358.54
	en tekjur fóru kr. 480 881.83 fram úr fjárlagaáætlun.		
	Viðtækjaverzlunin	—	122 140.75
	af kr. 641 382.55 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
6.	Ríkisprentsmiðjan Gutenberg	—	534 409.66
	af kr. 779 980.83 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
7.	Áburðarsala ríkisins	—	73 840.31
	af kr. 128 703.29 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
8.	Grænmetisverzlun ríkisins	—	268 946.52
	af kr. 343 554.57 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
9.	Landssmiðjan	—	586 217.23
	af kr. 784 417.99 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
10.	Tunnuverksmiðjur ríkisins	—	88 614.39
	en tekjur fóru kr. 88 614.39 fram úr fjárlagaáætlun.		
11.	Innkaupastofnun ríkisins	—	43 078.01
	af kr. 191 365.11 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
13.	Vífilsstaðabú	—	547 498.69
	af kr. 551 515.64 brúttótekjum.		
14.	Kleppsbú	—	357 227.29
	af kr. 363 549.80 brúttótekjum.		
15.	Kópavogsbú	—	75 157.12
	af kr. 80 951.61 brúttótekjum.		
16.	Skólabúið á Reykjum í Ölfusi	—	280 077.51
	af kr. 309 976.40 brúttótekjum.		
17.	Skólabúið á Hólum	—	329 679.46
	af kr. 351 931.57 brúttótekjum.		
18.	Skólabúið á Hvanneyri	—	698 237.12
	af kr. 702 053.18 brúttótekjum.		
		Kr.	21 295 610.80

Til viðbótar við gjöldin í 8. gr.	eru veittar	kr.	194 688.37
— — — — - 10. —	— —	—	2 366 428.70
— — — — - 11. — A.	— —	—	3 722 428.61
— — — — - 11. — B.	— —	—	654 066.48
— — — — - 11. — C.	— —	—	1 718 427.70

Til viðbótar við gjöldin í 11. gr. D. eru veittar	kr.	170 747.78
— — — — - 12. — — —	—	2 436 582.40
— — — — - 13. — A. — —	—	7 478 265.47
— — — — - 13. — B. — —	—	2 962 966.86
— — — — - 13. — C. — —	—	2 180 571.24
— — — — - 14. — A. — —	—	243 968.45
— — — — - 14. — B. — —	—	6 288 434.59
— — — — - 15. — A. — —	—	769 973.36
— — — — - 15. — B. — —	—	471 187.80
— — — — - 16. — A. — —	—	6 940 423.84
— — — — - 16. — B. — —	—	938 122.51
— — — — - 16. — D. — —	—	1 200 575.55
— — — — - 17. — — —	—	6 246 556.47
— — — — - 18. — — —	—	1 859 138.79
— — — — - 19. — 3. — —	—	538.64
— — — — - 19. — 4. — —	—	4 147 963.16
	Kr.	74 287 667.57
Frá dragast launahækkanir, sbr. 19. gr. 2. fjárlaga 1951	—	5 000 000.00
	Kr.	69 287 667.57
Til eignaaukningar samkvæmt 20. gr. Út eru veittar	—	44 787 322.72
Inn fóru kr. 149 887 412.65 fram úr fjárlagaáætlun.		
Samtals kr.		114 074 990.29

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna hafa afhent ráðuneytinu tillögur sínar til fjárveitinga í fjáraukalögum fyrir árið 1951. Þeir leggja til, að aukafjárveitingar séu veittar fyrir öllum umframgreiðslum, sem ríkisreikningurinn 1951 sýnir, að undanskilinni 9. gr.

Frumvarp þetta er samið eftir ríkisreikningi fyrir árið 1951.

Nd. 179. Frumvarp til laga [105. mál]

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1951.

(Lagt fyrir Alþingi á 73. löggjafarþingi, 1953.)

Ríkisreikningurinn fyrir árið 1951 samþykkist með eftirgreindum niðurstöðutölum:

Innborganir:	Áætlun:	Reikningur:
1. Tekjur samkvæmt 2. gr. fjárlaga ..	kr. 221 300 000.00	kr. 317 798 836.84
2. — — 3. — A. — ..	— 74 052 809.00	— 88 911 405.45
3. — — 3. — B. — ..	— 10 000.00	— 11 175.03
4. — — 4. — — ..	— 1 124 255.00	— 2 673 512.24
5. — — 5. — — ..	— 1 500 000.00	— 4 146 752.08
6. Eignahreyfingar samkv. 20. gr. fjárlaga	— 5 960 000.00	— 155 847 412.65
	Kr. 303 947 064.00	Kr. 569 389 094.29

	Útborganir:			Áætlun:		Reikningur:
1.	Gjöld samkvæmt	7. gr.	fjárlaga .. kr.	6 063 486.00	kr.	3 236 403.48
2.	— —	8. —	— .. —	435 056.00	—	629 744.37
3.	— —	9. —	— .. —	2 515 576.00	—	3 606 429.73
4.	— —	10. — I.	— .. —	4 214 625.00	—	5 929 097.85
5.	— —	10. — II.	— .. —	609 936.00	—	697 467.32
6.	— —	10. — III.	— .. —	4 254 700.00	—	4 819 124.53
7.	— —	11. — A.	— .. —	16 253 675.00	—	19 976 103.61
8.	— —	11. — B.	— .. —	1 119 044.00	—	1 773 110.48
9.	— —	11. — C.	— .. —	6 875 610.00	—	8 594 037.70
10.	— —	11. — D.	— .. —	1 550 000.00	—	1 720 747.78
11.	— —	12. —	— .. —	18 886 751.00	—	21 323 333.40
12.	— —	13. — A.	— .. —	27 281 666.00	—	34 759 931.47
13.	— —	13. — B.	— .. —	2 787 000.00	—	5 749 966.86
14.	— —	13. — C.	— .. —	8 205 992.00	—	10 386 563.24
15.	— —	13. — D.	— .. —	2 228 147.00	—	1 146 531.79
16.	— —	14. — A.	— .. —	4 417 241.00	—	4 661 209.45
17.	— —	14. — B.	— .. —	39 857 880.00	—	46 146 314.59
18.	— —	15. — A.	— .. —	3 187 213.00	—	3 957 186.36
19.	— —	15. — B.	— .. —	4 626 291.00	—	5 097 478.80
20.	— —	16. — A.	— .. —	27 807 075.00	—	34 747 498.84
21.	— —	16. — B.	— .. —	3 954 539.00	—	4 892 661.51
22.	— —	16. — C.	— .. —	741 220.00	—	739 720.00
23.	— —	16. — D.	— .. —	4 322 689.00	—	5 523 264.55
24.	— —	17. —	— .. —	30 293 632.00	—	36 540 188.47
25.	— —	18. —	— .. —	7 881 030.00	—	9 740 168.79
26.	— —	19. — 1.	— .. —	25 000 000.00	—	23 232 915.44
27.	— —	19. — 2.	— .. —	5 000 000.00	—	„
28.	— —	19. — 3.	— .. —	225 000.00	—	225 538.64
29.	— —	19. — 4.	— .. —	500 000.00	—	4 647 963.16
30.	Eignahreyfingar samkv.	20. gr.	fjárlaga —	41 543 527.00	—	239 502 990.01
	Greiðslujöfnuður		—	1 308 463.00	—	25 385 402.07
				Kr. 303 947 064.00		Kr. 569 389 094.29

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er samið eftir ríkisreikningi fyrir árið 1951, sem lagður verður fyrir þingið samtímis frumvarpinu.

Á það skal bent, að greiðslur samkvæmt 19. gr. 2 fjárlaganna eru færðar á viðkomandi gjaldaliði ríkisreikningsins.

Nd. 180. Breytingartillögur [4. mál]

við frv. til l. um framlenging á gildi III. kafla l. nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

1. Við 2. gr. Aftan við greinina bætist:
   Sala eða afhending heildsala á vörum er því aðeins undanþegin söluskatti, að vörurnar séu seldar eða afhentar aðilum, sem eru söluskattskyldir af sölu eða afhendingu sams konar vara.

2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

22. gr. laganna orðist þannig:

Af sölu og annarri veltu atvinnufyrirtækja og annarra skattskyldra aðila skal greiða söluskatt sem hér segir:

a. 2% af sölu eða afhendingu smásala eða smásölufyrirtækja, enda hafi aðilar þessir eða aðilar í félagi eða í sambandi við þá ekki framleitt eða unnið að vörum þeim, sem þeir selja eða láta af hendi.

b. 3% af annarri sölu eða veltu, þar með talin umboðssala, sala eða afhending, vinna og þjónusta látin í té af iðnaðarmönnum og iðnaðarfyrirtækjum, matsölu-, veitinga- og gistihúsum, sýningar í kvikmyndahúsum, leikhúsum, flutningastarfsemi, lausafjárleiga og þess háttar.

Af sölu bóksala á bókum í umboðssölu skal þó aðeins greiða skattinn af umboðsþóknun hans.

Nú kaupir innlendur iðnaðarmaður eða framleiðandi eða fær afhenta vöru til framleiðslu sinnar frá öðrum innlendum iðnaðarmanni eða framleiðanda, sem búið hefur vöruna til eða unnið að henni, og í viðskiptum þeirra er söluskatti bætt við verð eða verðmæti vörunnar, og skal þá endurgreiða söluskattinn vegna þessara viðskipta eftir nánari reglum, settum af fjármálaráðherra. Sama gildir um aðvinnslu á vörum, sem innlendur iðnaðarmaður eða framleiðandi fær annan innlendan iðnaðarmann eða framleiðanda til að gera á framleiðsluvöru sinni.

Söluskattur vegna viðskipta miðast við heildarandvirði vöru án frádráttar nokkurs annars kostnaðar en söluskatts þess, er verið er að leggja á, greiða og halda eftir, og án tillits til þess, í hverju greiðsla er fólgin, og þótt um sé að ræða skipti gegn vöru eða þjónustu. Sé um að ræða skipti á vörum og þjónustu, afhendingu vara án endurgjalds, úttekt eiganda úr eigin fyrirtæki eða ef greitt er í vörum eða í þjónustu, skal miða við almennt gangverð í sams konar viðskiptum. Komi upp ágreiningur um það, hvað sé almennt gangverð í viðskiptum af þessu tagi eða hvort um sams konar viðskipti sé að ræða, sker ríkisskattanefnd úr þeim ágreiningi til fullnaðar.

Nd. 181. Frumvarp til laga [78. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jarðir í opinberri eigu.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt — að fengnum meðmælum sýslunefndar Suður-Þingeyjarsýslu — að selja Hálshreppi eftirtaldar þjóðjarðir, sem eru eyðijarðir þar í hreppi:

1. Eyvindará.
2. Heiðarhús.

Söluverð jarðanna fari eftir því, sem um semst, eða eftir mati tveggja dómkvaddra manna, ef samningar takast ekki.

Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að selja jörðina Grísará í Hrafnagilshreppi í Eyjafjarðarsýslu Hreiðari Eiríkssyni og Moshlíð í Barðastrandarhreppi í Barðastrandarsýslu ábúandanum Reyni Hjartarsyni, enda verði jarðirnar gerðar að ættaróðulum.

Námaréttindi skulu undanskilin við söluna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 182. Nefndarálit [15. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Frumvarp þetta er stjórnarfrumvarp. Nefndin hefur athugað það á þremur fundum og leggur til, að það verði samþykkt með breytingartillögu á þskj. 36, en nefndarmenn hafa óbundnar hendur um að flytja eða fylgja breytingartillögum, er fram kunna að koma.

Alþingi, 20. nóv. 1953.

Björn Björnsson, form. Kjartan J. Jóhannsson, fundaskr. Jónas G. Rafnar, frsm.

Páll Þorsteinsson. Gylfi Þ. Gíslason.

Nd. 183. Nefndarálit [91. mál]

um frv. til l. um kristfjárjarðir og jarðir í fátækraeign.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. allrækilega ásamt greinargerð félagsmálaráðuneytisins um kristfjárjarðir og jarðir í fátækraeign, sem út var gefin 1952. Samkvæmt þeirri greinargerð hafa þessar jarðir stöðugt verið að týna tölunni alveg fram á síðustu ár, og er ástæða til að óttast, að þetta haldi áfram, ef ekkert er að gert, og lítið sjáist þá eftir. Þess er því full þörf, að fastri skipan sé komið á umsjón og meðferð þessara jarða, enda er það höfuðtilgangur frumvarpsins.

Nefndin telur, að eins og nú er komið þessum málum, sé önnur leið tæplega fær en að láta við svo búið standa og samþykkja þær jarðasölur, er fram hafa farið fyrir 31. des. 1952, eins og 1. gr. frv. mælir fyrir um, en er mótfallin ýmsum ákvæðum 2. og 3. gr. frumvarpsins. Telur nefndin, að ekki komi til mála, að aðrir hafi á hendi umsjón þessara jarðeigna og ráðstöfun tekna af þeim en þeir, sem það er falið samkvæmt gjafabréfi eða skipulagsskrá, en þar sem hvorugt er fyrir hendi, sé það stjórn þess hrepps eða sýslu, er gjafarinnar nýtur, sem hafi hvort tveggja á hendi. Þá telur nefndin, að í frv. sé of lauslega gengið frá ákvæðunum um sölu þessara jarða og þar af leiðandi lítil trygging fyrir, að þær verði ekki seldar að lítið yfirlögðu ráði. Loks telur nefndin öruggara til þess að koma í veg fyrir ágreining síðar að telja upp þær jarðir, sem lögum þessum er ætlað að ná til. Er þar farið eftir skýrslu félagsmálaráðuneytisins frá 1952, með þeirri breytingu, að jörðin Reynir hefur verið felld niður, en hún er nýlega seld samkv. heimild í lögum frá síðasta Alþingi.

Samkvæmt framanrituðu leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum, sem eru á þskj. 184.

Alþingi, 22. nóv. 1953.

Ásgeir Bjarnason, form. Jón Sigurðsson, fundaskr., frsm. Jón Pálmason.

Gísli Guðmundsson. Hannibal Valdimarsson.

Nd. 184. Breytingartillögur [91. mál]

við frv. til l. um kristfjárjarðir og jarðir í fátækraeign.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 2. gr. Greinin orðist þannig:
   Umsjón og umráð með kristfjárjörðum og jörðum í fátækraeign svo og tekjur af þeim og úthlutun teknanna hafa þeir aðilar, er gjafabréf eða skipulagsskrá mælir fyrir um. Nú er gjafabréf glatað, og ber þá hreppsnefnd þess hrepps, er gjafarinnar nýtur, að hafa þetta á hendi. Njóti tveir hreppar eða fleiri gjafarinnar, skulu hreppsnefndir þeirra koma sér saman um mann til að annast þessi störf. Náist ekki samkomulag um umsjónarmann, tilnefnir félagsmálaráðuneytið hann. Á sama hátt kveður sýslunefnd til einn eða fleiri menn til að hafa umsjón og umráð með þeim jörðum, er gefnar hafa verið sýslunni eða hreppum sýslunnar sameiginlega.
   Jarðir þessar skulu byggðar samkvæmt ábúðarlögum, en með hliðsjón af gömlu lagi, svo að tekjur af jörðunum rýrni ekki. Byggingarbréf fyrir þessum jörðum skal senda félagsmálaráðuneytinu til staðfestingar.
   Heimilt er umráðamönnum þessara jarða að veðsetja þær eða leyfa ábúendum veðsetningu þeirra fyrir lánum til hýsingar, ræktunarframkvæmda og annarra nauðsynlegra mannvirkja á jörðinni, að fengnu samþykki félagsmálaráðherra.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Kristfjárjarðir og jarðir í fátækraeign er óheimilt að selja, nema alveg sérstakar ástæður séu fyrir hendi. Nú er svo komið, að einhver þessara jarða gefur svo litlar tekjur, að augljóst er, að höfuðtilgangur gefandans með ráðstöfun tekna af jörðinni er að litlu eða engu orðinn, og ber þá forráðamanni eða forráðamönnum að senda félagsmálaráðuneytinu tillögu um, að jörðin verði seld hæstbjóðanda, ásamt rökstuddri greinargerð. Félagsmálaráðuneytið leitar umsagnar eftirlitsmanna opinberra sjóða um tillöguna. Verði báðir þessir aðilar sammála um að mæla með sölunni, skal ráðuneytið leggja frv. þar að lútandi fyrir næsta reglulegt Alþingi. Til þess að salan sé gild, þarf félagsmálaráðherra að samþykkja söluverðið.
   Nú er jörð seld, og skal þá ávaxta kaupverðið í banka, sparisjóði eða ríkistryggðum skuldabréfum. Félagsmálaráðuneytið skal annast ávöxtun kaupverðsins.
   Árlegir vextir af kaupverðinu renna til þess, er njóta skal samkvæmt ákvæðum skipulagsskrár eða samkvæmt öðrum fyrirmælum, gamalli hefð eða venju.
3. Á eftir 4. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Kristfjárjarðir og jarðir í fátækraeign eru samkvæmt þessum lögum eftirtaldar jarðir:

   Hurðarbak, Strandarhreppi, Borgarfjarðarsýslu.
   Syðri-Hraundalur ½, Álftaneshreppi, Mýrasýslu.
   Innri-Drápuhlíð, Helgafellssveit, Snæfellsnessýslu.
   Efri-Hlíð, Helgafellssveit, Snæfellsnessýslu.
   Litla-Þúfa, Miklaholtshreppi, Snæfellsnessýslu.
   Efri-Vaðall, Barðastrandarhreppi, Barðastrandarsýslu.
   Hestfjörður, Súðavíkurhreppi, Norður-Ísafjarðarsýslu.
   Meðalheimur, Torfalækjarhreppi, Húnavatnssýslu.
   Hamar, Svínavatnshreppi, Húnavatnssýslu.
   Sæunnarstaðir (½), Vindhælishreppi, Húnavatnssýslu.
   Ytra-Vallholt, Seyluhreppi, Skagafjarðarsýslu.
   Utanverðunes, Ríðurhreppi, Skagafjarðarsýslu.

Kotmýrar, Ljósavatnshreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.
Ketilsstaðir, Hlíðarhreppi, Norður-Múlasýslu.
Bakkagerði I og II, Hlíðarhreppi, Norður-Múlasýslu.
Eyjasel, Hlíðarhreppi, Norður-Múlasýslu.
Hróaldsstaðir, Vopnafjarðarhreppi, Norður-Múlasýslu.
Arnheiðarstaðir, Fljótsdalshreppi, Norður-Múlasýslu.
Droplaugarstaðir, Fljótsdalshreppi, Norður-Múlasýslu.
Geitagerði, Fljótsdalshreppi, Norður-Múlasýslu.
Merki, Jökuldalshreppi, Norður-Múlasýslu.
Kóreksstaðir II, Hjaltastaðahreppi, Norður-Múlasýslu.
Kóreksstaðagerði, Hjaltastaðahreppi, Norður-Múlasýslu.
Sómastaðir, Reyðarfjarðarhreppi, Suður-Múlasýslu.
Sómastaðagerði, Reyðarfjarðarhreppi, Suður-Múlasýslu.
Búlandsnes, Búlandshreppi, Suður-Múlasýslu.
Borgargarður, Búlandshreppi, Suður-Múlasýslu.
Framnes, Búlandshreppi, Suður-Múlasýslu.
Ræktunarland, Búlandshreppi, Suður-Múlasýslu.
Merki, Búlandshreppi, Suður-Múlasýslu.
Kolsholt, Villingaholtshreppi, Árnessýslu.
Jaðarkot, Villingaholtshreppi, Árnessýslu.

Nd. 185. Frumvarp til laga [106. mál]

um smíði togara innanlands og aukningu togaraflotans.

Flm.: Karl Guðjónsson, Lúðvík Jósefsson, Gunnar Jóhannsson, Einar Olgeirsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin skal leita eftir samningum við íslenzkar skipasmíðastöðvar um byggingu tveggja togara af fullkomnustu gerð. Jafnframt skal ríkisstjórnin kaupa erlendis frá 8 fullkomna togara. Undirbúning þessara framkvæmda skal miða við það, að smíði þessara 10 skipa ljúki á árunum 1955 og 1956.

2. gr.

Til framkvæmda samkvæmt 1. gr. er ríkisstjórninni heimilt að taka lán allt að sextíu milljónum króna.

3. gr.

Skip þau, er um ræðir í 1. gr., er heimilt að selja einstaklingum, félögum, bæjarfélögum eða sveitarfélögum eða hafa þau og reka í eigu ríkisins til atvinnujöfnunar.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Togaraútgerðin er afkastamesta og að ýmsu leyti bezta útgerð Íslendinga þjóðhagslega séð. Má í því sambandi benda á, að útvegur þessi hefur á síðustu árum notið minni fyrirgreiðslu af hálfu ríkisins en öll önnur útgerð. Bátagjaldeyrir hefur aldrei verið lagður á afurðir þessa útvegs honum til styrktar.

Þá liggur það í augum uppi, að Íslendingar eru sífellt að sækja á fjarlægari fiskimið, og bendir allt til, að nauðsyn þess að auka veiðarnar á fjarlægu miðunum,

t. d. við Grænland, muni fara vaxandi, er tímar líða fram. Engin íslenzk fiskiskip eru vel til slíkra veiða fallin nema togararnir, og eru þó flestir þeir togarar, sem nú eru í eigu Íslendinga, að nokkru vanbúnir til mjög langsóttra veiða. Það er því augljóst, að hinir ágætu nýsköpunartogarar, en þeir elztu þeirra eru nú að verða 7 ára gamlir, ganga úr sér og úreldast, og endurnýjun flotans fer að kalla að smám saman á næstu árum, og þar að auki er núverandi togarafloti of lítill.

Á árunum fyrir síðustu heimsstyrjöld voru jafnan upp undir 40 togarar gerðir út hérlendis, — 36—37 togarar á árunum 1934—1939, og hafði togaraflotinn þá hrörnað um skeið. Þeir 33 togarar, sem fest voru kaup á á nýsköpunarárunum, áttu fyrst og fremst að bæta upp langvarandi skort á endurnýjun skipastólsins, en hinu var ekki reiknað með, að gömlu togararnir hyrfu jafnskjótt úr sögunni og raun hefur á orðið. Á skipaskrá 1952 voru raunar enn 9 gamlir togarar. Enginn þeirra var það ár í fullum rekstri og sumir með öllu ónotaðir. Ólíklegt er, að þeir verði þannig gerðir út í framtíðinni, að afla þeirra gæti að nokkru ráði í heildarframleiðslunni.

Auk togaranna frá tíð nýsköpunarstjórnarinnar hefur ríkissjóður látið smíða 10 togara, svo að nú eru til í eigu landsmanna 43 nýlegir togarar, og eru það einu botnvörpuskipin, sem nokkurn veginn stöðugt eru starfandi. En þegar þess er gætt, að möguleikarnir til að hagnýta þau verðmæti, sem togararnir færa á land, eru nú margfaldir við það, sem áður var, þegar eingöngu varð að flytja fiskinn út ísvarinn eða salta hann, sést, að það er margfalt hagfelldara nú en áður að leggja kapp á aukna togaraútgerð. Er það fyrst og fremst vegna tilkomu hraðfrystihúsanna, en einnig á skreiðarverkunin sinn þátt í því.

Nú eru á því fullir möguleikar að tvöfalda togaraaflann í verðmæti með vinnuafli landsmanna, sem ella skortir oft verkefni og týnist í atvinnuleysi

Flm. þessa frumvarps telja augljóst, að togaraútgerðin hljóti á komandi árum að verða í vaxandi mæli ein styrkasta stoðin undir stjálfstæðu atvinnulífi íslenzku þjóðarinnar og beri því hið bráðasta að gera ráðstafanir til þess, að ekki komi til stöðnunar í þróun hennar. Því er hér lagt til, að undinn verði bugur að því að auka togaraflotann um 10 skip, sem í öllu svari kröfum tímans og fullbúin séu til langsóttra veiða.

Það hefur ekki þótt rétt að binda það í lögum, hvort umrædd skip yrðu knúin eimvélum eða dieselvélum. Reynslan sýnir, að þeir diesel-togarar, sem hér eru reknir nú, eru mun sparari á eldsneyti en gufuskipin, en hitt er margra grunur, að mismunur á viðhaldskostnaði muni jafna þann mun, þegar til lengdar dregur. Um þetta efni, eins og raunar mörg fleiri tæknileg vandamál, væri sjálfsagt að leita umsagnar hinna fróðustu manna, áður en gerð skipanna yrði afráðin.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að tvö af þeim skipum, sem hér um ræðir, verði smíðuð innanlands.

Smíði stálskipa hérlendis er þegar hafin, og innlendar skipasmíðastöðvar hafa þegar allmikla reynslu í skipaviðgerðum. Flutningsmenn vita, að það er engum torleystum vandkvæðum bundið að komast að samningum við skipasmíðastöðvarnar hér um smíði togara, enda telja þeir það hina brýnustu nauðsyn, að slíkum smíðum verði hrundið af stað hérlendis hið allra fyrsta, svo að endurnýjun skipastólsins og aukning í framtíðinni geti orðið verk íslenzkra handa og hugvits í sívaxandi mæli.

Í nánustu framtíð er líklegt, að togarafloti landsmanna verði eitthvað yfir 50 skip. Óvarlegt er að reikna meðalendingu skipanna mikið yfir 25 ár. Endurnýjunarþörfin verður því 2 skip á ári, og ætti það að verða fast verkefni innlendra skipasmiða.

Af tveim ástæðum er hér þó ekki lagt til, að fleiri en 2 skip af þeim, sem um ræðir í þessu frumvarpi, verði smíðuð hérlendis. Hin fyrri er sú, að ólíklegt má teljast, að íslenzkir aðilar séu við því búnir að afkasta meiri smíði innan þess tíma, sem aukning flotans verður að teljast nauðsynleg. Síðari ástæðan er sú, að bygging þessara skipa yrði nokkur tilraunasmíði, sem öllum — sjómönnum og útgerðar-

mönnum jafnt sem skipasmiðum og þjóðinni allri — er hin mesta nauðsyn að fá á nokkra raunprófun, áður en mótuð er gerð og búnaður margra skipa.

Ríkisstjórninni eru í frumvarpi þessu ekki settar neinar skorður um ráðstöfun skipanna. Hún getur selt þau hverjum sem er eða gert þau út sjálf, eftir því sem henni kann að þykja hentast. Hitt er vert að benda á, að enn eru til mörg bæjar- og sveitarfélög, álitlegir útgerðarstaðir, sem sækjast mjög eftir að eignast togara. Þá má og benda á það, að fyrir þessu þingi liggur frumvarp þess efnis, að ríkið eigi og reki 4 togara til atvinnujöfnunar, og er vitað, að það frumvarp á formælendur í flestum, ef ekki öllum þingflokkum. Ef það frumvarp yrði að lögum, gerði það að vissu marki nauðsyn á, að ráðizt yrði í framkvæmdir þær, sem þetta frumvarp gerir ráð fyrir.

Frumvarpið gerir ráð fyrir allt að sextíu milljón króna lántöku til þessara framkvæmda. Það er augljóst, að sú upphæð er lægri en andvirði hinna 10 skipa, en þar er allt í senn, að ekki er ólíklegt, að ríkissjóður geti eitthvað til þessa lagt án lántöku, væntanlegir kaupendur eru líklegir til að inna af hendi einhverjar greiðslur, áður en smíðum lýkur, og einnig má telja, að lánsheimildin fáist hækkuð, ef nauðsyn krefur.

Flutningsmenn leggja áherzlu á það, að með frumvarpi þessu, ef að lögum yrði, er stefnt að því tvennu að bæta afkomu þjóðarinnar með eflingu þeirrar höfuðatvinnugreinar, sjávarútvegsins, sem telja má hyrningarstein undir allar meiri háttar framfarir á Íslandi, eins og nú er háttað málum, og blása lífi í hinn unga iðnað, sem áreiðanlega á eftir að vinna hér stórvirki, þegar tímar líða, ef hann fær að glíma við verkefni, sem honum eru samboðin. Togarasmíðar hér á landi eru iðnaðinum einmitt mjög ákjósanlegt verkefni, ekki einasta fyrir skipaverkfræðinga og skipasmiði, heldur einnig fyrir rafvirkja, vélvirkja, pípulagningamenn og húsgagnasmiði, svo að nokkrar iðngreinar séu nefndar.

Nd. 186. Breytingartillaga [103. mál]

við frv. til l. um skipun innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl.

Frá Lúðvík Jósefssyni og Karli Guðjónssyni.

Við 8. gr. Aftan við 1. málsgr. bætist:

Þá er einnig frjálst að byggja án sérstakra fjárfestingarleyfa fiskgeymslu- og fiskverkunarhús og enn fremur aðrar nauðsynlegar byggingar í þágu sjávarútvegsins.

Nd. 187. Frumvarp til laga [107. mál]

um breyting á lögum nr. 87 frá 5. júní 1947, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. gr.

Ákvæði laganna til bráðabirgða orðist svo:

Nú telur kona, sem óskilgetið barn elur eftir 1. janúar 1948, að faðir barnsins sé erlendur maður, sem verið hefur hér á landi í þjónustu eða á vegum erlendra hernaðaraðila, og getur hún þá snúið sér til dómara á varnarþingi sínu og krafizt rannsóknar um faðernið með sama hætti og þá er varnaraðili er farinn af landi burt.

Dómari getur með rökstuddum úrskurði heimilað barnsmóður að staðfesta framburð sinn með eiði eða drengskaparheiti, ef hún hefur líkur með sér.

Þegar slíkur eiður hefur verið unninn, er valdsmanni skylt að úrskurða móður barnsins meðlag og kostnað á hendur Tryggingastofnun ríkisins, eins og segir í 12. gr.

Ríkissjóður endurgreiðir þessar upphæðir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta flytur nefndin samkv. beiðni félagsmálaráðherra, en einstakir nefndarmenn hafa óbundnar hendur um að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Svo hljóðandi athugasemdir fylgdu frv. frá félagsmálaráðherra:

„Ákvæði laga nr. 87 frá 1947 til bráðabirgða er takmarkað við börn, sem fædd eru fyrir 31. desember 1947, enda hafi barnsmóðir snúið sér til dómara fyrir árslok 1949. Ákvæðið er því ekki lengur virkt.

Ástæðan fyrir þessum ákvæðum er enn til staðar og hefur alltaf verið til staðar síðan bráðabirgðaákvæðið gekk úr gildi, þar eð enn dvelja og hafa dvalið í landinu menn í þjónustu eða á vegum erlendra hernaðaraðila, sem getið hafa börn við íslenzkum konum.

Nauðsyn ber því til þess, að orðalagi bráðabirgðaákvæðisins sé breytt svo sem til er lagt með frumvarpi þessu.

Meðan engin vitneskja liggur fyrir um það, hversu lengi menn í þjónustu eða á vegum erlendra hernaðaraðila munu dvelja í landinu, er ekki í frumvarpi þessu gert ráð fyrir neinum lokafresti vegna málaleitunar barnsmæðra, en samkv. núverandi bráðabirgðaákvæði var frestur liðinn í árslok 1949. Þykir eðlilegt að gera ráð fyrir endurskoðun ákvæðis þessa, þegar menn í þjónustu eða á vegum erlendra hernaðaraðila hverfa úr landi.

Frumvarp þetta er samið af félagsmálaráðuneytinu."

Nd. 188. Breytingartillaga [15. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Fyrir orðin „1. gr. laga nr. 33 12. febrúar 1945" í 2. málsgr. 2. gr. frv. kemur: 1. og 2. efnismálsgr. 1. gr. laga nr. 33 12. febr. 1945.

Ed. 189. Frumvarp til laga [4. mál]

um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Ákvæðin um tekjuöflun, sem sett eru í III. kafla laga nr. 100/1948 og 2.—5. gr. laga nr. 112/1950, skulu gilda til 31. des. 1954 með þeim breytingum, sem greinir í 2. og 3. gr. hér á eftir.

2. gr.

Í stað 2. og 3. málsl. 1. málsgr. 21. gr. laga nr. 100/1948 komi: Heildsala er undanþegin söluskatti samkv. 22. gr., en til heildsölu telst ekki sala fyrirtækja á eigin framleiðslu. Einnig er undanþegin söluskatti samkv. 22. gr. umboðsþóknun fyrir að útvega vörur frá útlöndum. Sala eða afhending heildsala á vörum er því aðeins undanþegin söluskatti, að vörurnar séu seldar eða afhentar aðilum, sem eru söluskattskyldir af sölu eða afhendingu sams konar vara.

3. gr.

22. gr. laganna orðist þannig:

Af sölu og annarri veltu atvinnufyrirtækja og annarra skattskyldra aðila skal greiða söluskatt sem hér segir:

a. 2% af sölu eða afhendingu smásala eða smásölufyrirtækja, enda hafi aðilar þessir eða aðilar í félagi eða í sambandi við þá ekki framleitt eða unnið að vörum þeim, sem þeir selja eða láta af hendi.
b. 3% af annarri sölu eða veltu, þar með talin umboðssala, sala eða afhending, vinna og þjónusta látin í té af iðnaðarmönnum og iðnaðarfyrirtækjum, matsölu-, veitinga- og gistihúsum, sýningar í kvikmyndahúsum, leikhúsum, flutningastarfsemi, lausafjárleiga og þess háttar.

Af sölu bóksala á bókum í umboðssölu skal þó aðeins greiða skattinn af umboðsþóknun hans.

Nú kaupir innlendur iðnaðarmaður eða framleiðandi eða fær afhenta vöru til framleiðslu sinnar frá öðrum innlendum iðnaðarmanni eða framleiðanda, sem búið hefur vöruna til eða unnið að henni, og í viðskiptum þeirra er söluskatti bætt við verð eða verðmæti vörunnar, og skal þá endurgreiða söluskattinn vegna þessara viðskipta eftir nánari reglum, settum af fjármálaráðherra. Sama gildir um aðvinnslu á vörum, sem innlendur iðnaðarmaður eða framleiðandi fær annan innlendan iðnaðarmann eða framleiðanda til að gera á framleiðsluvöru sinni.

Söluskattur vegna viðskipta miðast við heildarandvirði vöru án frádráttar nokkurs annars kostnaðar en söluskatts þess, er verið er að leggja á, greiða og halda eftir, og án tillits til þess, í hverju greiðsla er fólgin, og þótt um sé að ræða skipti gegn vöru eða þjónustu. Sé um að ræða skipti á vörum og þjónustu, afhendingu vara án endurgjalds, úttekt eiganda úr eigin fyrirtæki eða ef greitt er í vörum eða í þjónustu, skal miða við almennt gangverð í sams konar viðskiptum. Komi upp ágreiningur um það, hvað sé almennt gangverð í viðskiptum af þessu tagi eða hvort um sams konar viðskipti sé að ræða, sker ríkisskattanefnd úr þeim ágreiningi til fullnaðar.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1954.

Sþ. 190. Tillaga til þingsályktunar [108. mál]

um athugun á hentugu vegarstæði milli Siglufjarðar og Skagafjarðar.

Flm.: Einar Ingimundarson, Jón Sigurðsson, Steingrímur Steinþórsson, Gunnar Jóhannsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta athuga, með hvaða hætti Siglufirði verði helzt komið í varanlegt vegarsamband við Skagafjörð (Fljót). Skal athugun þessari lokið fyrir 1. okt. 1954.

Greinargerð.

Vegur sá, sem nú tengir saman Siglufjarðarkaupstað og yzta hluta Skagafjarðarbyggða að austanverðu (Fljót) og liggur um Siglufjarðarskarð, hefur valdið Siglfirðingum og raunar Skagfirðingum einnig hinum mestu vonbrigðum. Hefur raunin orðið sú, síðan vegur þessi varð akfær árið 1947, að hann hefur aðeins orðið að notum í 2—3 mánuði um hásumarið, 3—4 mánuði er bezt lætur, er snjóalög eru lítil og vorhlýindi, eins og t. d. var á síðastliðnu vori. Á hverju vori er varið til þess tugum þúsunda að ryðja snjó af veginum í Siglufjarðarskarði, og dæmi eru til þess, að byrja þarf aftur að ryðja snjó af honum í ágústmánuði til þess að halda honum opnum til umferðar eitthvað fram eftir hausti.

Má af þessu marka, að af vegasambandinu um Siglufjarðarskarð er Siglfirðingum og Skagfirðingum allt of lítil samgöngubót, eins og því sambandi er nú háttað. Hins vegar er þess að gæta, að úr Skagafirði, einkum austur- og ytri sveitum fjarðarins, fá Siglfirðingar langmest af landbúnaðarafurðum, sem þeir neyta. Má geta þess, að á þessu ári munu þeir kaupa þaðan mjólk, kjöt og aðrar landbúnaðarafurðir fyrir a. m. k. 4 milljónir króna.

Megnið af þessum afurðum hefur þurft að flytja með skipum fram að þessu vegna hins ófullkomna vegasambands, og er augljóst, að slíkir flutningar eru miklu óhentugri og fyrirhafnarmeiri en landflutningar og koma sér auk þess mjög illa vegna hættu á skemmdum sumra vörutegunda við slíka flutninga, t. d. mjólkur og sláturs um sláturtímann á haustin.

Að minnsta kosti 8—9 mánuði ársins slitna Austur-Skagfirðingar úr öllum beinum tengslum við Siglufjörð og koma ekki afurðum sínum á markað, t. d. mjólk, né geta notað leiðina um Siglufjarðarskarð til aðdrátta, en á Siglufirði afla þeir sér að jafnaði ýmissa nauðsynja, t. d. kola og annars eldsneytis.

Af framansögðu ætti að vera ljóst, að bættar samgöngur á landi milli Siglufjarðar og Skagafjarðar eru hið mesta nauðsynjamál, engu síður fyrir landbúnaðarhéruð Skagafjarðar en Siglufjörð.

Leiðin um Siglufjarðarskarð er snjóþung mjög, enda liggur vegurinn þar í um 600 metra hæð, sprengdur og grafinn inn í brattar hlíðar og ófærur. Er vegurinn mjög brattur og seinfarinn og veldur miklu sliti á bifreiðum.

Til er önnur leið, snjólétt, en ógreiðfær milli Siglufjarðar og Fljóta, út með Siglufirði að vestan, um svo nefnda „Stráka“, Úlfsdali og síðan inn með Skagafirði yzt og austast um svo nefnda Almenninga fyrir utan Hraun í Fljótum. Er það þessi leið fyrst og fremst, sem flutningsmenn þessarar tillögu leggja til að athuguð verði sérstaklega sem hugsanlegt vegarstæði milli Siglufjarðar og Skagafjarðarbyggða.

Má í þessu sambandi benda á, að Ólafsfirðingar hafa nýlega hafizt handa um lagningu vegar fyrir Ólafsfjarðarmúla, þar sem aðstæður til vegargerðar munu að mörgu leyti vera svipaðar og við lagningu vegar út með Siglufirði um „Stráka“. Er síðarnefnda leiðin þó styttri en leiðin fyrir Ólafsfjarðarmúla og vafasamt, hvort hún muni vera nokkuð ógreiðfærari.

Ed. 191. Frumvarp til laga [109. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1954.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 skal árið 1954 heimilt að innheimta af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með

20% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álaginu, svo og sýningar á íslenzkum kvikmyndum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni menntamálaráðherra.

Lög sama efnis hafa gilt um langt árabil, og mæla sömu rök og fyrr með því, að þau verði látin gilda áfram, því að fjárþörf þeirra, er skattsins eiga að njóta, er eigi minni en áður.

Nd. 192. Nefndarálit [63. mál]

um frv. til l. um síldarleit.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á tveimur fundum sínum og auk þess leitað umsagnar þeirra aðila, sem bera eiga aðalkostnaðinn við rekstur síldarleitarinnar. Stjórn síldarverksmiðja ríkisins mælir með samþykkt frv. og sömuleiðis síldarútvegsnefnd með nokkrum breytingum. Þá hefur formaður stjórnar fiskimálasjóðs upplýst, að frv. hafi verið rætt á fundi stjórnarinnar og hún lýst sig samþykka því í aðalatriðum.

Leggur nefndin einróma til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Halda skal uppi síldarleit fyrir Norður- og Austurlandi vor- og sumarmánuðina, eftir því sem nánar verður ákveðið af síldarleitarnefnd og síldarleitarstjóra.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Atvinnumálaráðherra skipar þriggja manna nefnd, sem skal hafa yfirstjórn síldarleitarinnar með höndum. Skal einn nefndarmanna skipaður samkvæmt tilnefningu stjórnar síldarverksmiðja ríkisins, annar samkvæmt tilnefningu síldarútvegsnefndar og hinn þriðji samkvæmt tilnefningu stjórnar fiskimálasjóðs. Ráðherra skipar formann. Nefndin ber nafnið síldarleitarnefnd og skal vera ólaunuð.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Síldarleitarnefnd ræður síldarleitarstjóra og setur honum erindisbréf.
   Síldarleitarstjóri ræður starfsmenn síldarleitarinnar og flugvélar og skal að öðru leyti hafa með höndum daglega stjórn síldarleitarinnar í samráði við síldarleitarnefnd. Hann skal dveljast á Siglufirði eða Raufarhöfn um síldarleitartímann. Má hann ekki hafa önnur störf með höndum á tímabilinu, sem síldarleitin stendur yfir.
4. Við 4. gr. Aftan við orðin „frá Horni að Djúpavogi“ bætist: sbr. 1. gr.
5. Fyrirsögn frv. orðist svo:
   Frv. til laga um síldarleit úr lofti.

Alþingi, 20. nóv. 1953.

Sigurður Ágústsson, form., frsm. Gísli Guðmundsson, fundaskr. Emil Jónsson.

Eiríkur Þorsteinsson. Pétur Ottesen.

Ed. 193. Nefndarálit [84. mál]

um frv. til l. um Kirkjubyggingasjóð.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. þetta á tveim fundum og mælir með því. Þó áskilur einn nefndarmaður (BSt) sér óbundið atkvæði um frv., og annar nefndarm. (IngF) áskilur sér rétt til að koma fram með breytingartillögu. Skrifa þeir því báðir undir nefndarálitið með fyrirvara. Einn nefndarmanna (HG) var ekki staddur á fundum nefndarinnar, þegar frv. var rætt, og á því engan þátt í afgreiðslu þess.

Alþingi, 25. nóv. 1953.

Ingólfur Flygenring, form., með fyrirvara.	Andrés Eyjólfsson, fundaskr.	Sigurður Ó. Ólafsson, frsm.
	Bernh. Stefánsson, með fyrirvara.	

Ed. 194. Breytingartillaga [84. mál]

við frv. til l. um Kirkjubyggingasjóð.

Frá Ingólfi Flygenring.

Við 2. gr. Fyrri málsgr. orðist svo:
Ríkissjóður skal greiða í Kirkjubyggingasjóð kr. 500 000.00 á ári næstu 20 ár.

Nd. 195. Frumvarp til laga [15. mál]

um breyting á lögum nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Á eftir 10. gr. laganna komi ný grein, er verður 11. gr., svo hljóðandi:

Úr ríkissjóði greiðist árlegur rekstrarstyrkur til viðurkenndra almennra sjúkrahúsa sýslu-, bæjar- og sveitarfélaga, og miðast hæð styrksins annars vegar við stærð og búnað sjúkrahúss, en hins vegar við legudagafjölda sjúklinga á sjúkrahúsinu á ári hverju sem hér segir:

1. Sjúkrahús með 20 sjúkrarúmum eða færri: 5 krónur á legudag.
2. Sjúkrahús með yfir 20 sjúkrarúmum, enda veiti því forstöðu sérstakur fastlaunaður sjúkrahúslæknir: 10 krónur á legudag.
3. Sjúkrahús með yfir 100 rúmum, er starfar a. m. k. í tveimur aðaldeildum, lyflækninga- og handlækningadeild, með tilheyrandi sérfróðu læknaliði, enda annar búnaður þess við hæfi: 20 krónur á legudag.

Ráðherra er heimilt að gera það að skilyrði fyrir styrkveitingu samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, að hlutaðeigandi sjúkrahús tryggi rekstrarafkomu sína með því að taka hæfilegt aukagjald umfram almennt daggjald af sjúklingum frá nágrannasveitarfélögum, er sjúkrahússins hafa not, en hafa sjálf ekki með höndum sérstakan sjúkrahúsrekstur, ella sé sjúkrahúsinu tryggður með samningi hæfilegur árlegur rekstrarstyrkur af hendi slíkra sveitarfélaga.

2. gr.

Lög þessi ganga í gildi þegar í stað, og greiðist rekstrarstyrkur til sjúkrahúsa sýslu-, bæjar- og sveitarfélaga samkvæmt þeim í fyrsta skipti fyrir árið 1953, en samkvæmt ákvæðum fjárlaga 1954, og þannig áfram.

Þegar lög þessi hafa öðlazt gildi, skal fella 1. gr. þeirra, ásamt 1. og 2. efnismálsgr. 1. gr. laga nr. 33 12. febr. 1945 með áorðinni breytingu samkvæmt lögum nr. 24 20. apríl 1949, inn í meginmál laga nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl., og gefa þau út að nýju með fyrirsögn: Sjúkrahúsalög.

Nd. 196. Breytingartillaga [91. mál]

við frv. til l. um kristfjárjarðir og jarðir í fátækraeign.

Frá Einari Olgeirssyni.

Við 1. gr. Greinin falli niður.

Nd. 197. Frumvarp til laga [91. mál]

um kristfjárjarðir og jarðir í fátækraeign.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Kristfjárjarðir og jarðir í fátækraeign, sem seldar hafa verið fyrir 31. des. 1952, teljast ekki lengur kristfjárjarðir eða jarðir í fátækraeign.

2. gr.

Umsjón og umráð með kristfjárjörðum og jörðum í fátækraeign svo og tekjur af þeim og úthlutun teknanna hafa þeir aðilar, er gjafabréf eða skipulagsskrá mælir fyrir um. Nú er gjafabréf glatað, og ber þá hreppsnefnd þess hrepps, er gjafarinnar nýtur, að hafa þetta á hendi. Njóti tveir hreppar eða fleiri gjafarinnar, skulu hreppsnefndir þeirra koma sér saman um mann til að annast þessi störf. Náist ekki samkomulag um umsjónarmann, tilnefnir félagsmálaráðuneytið hann. Á sama hátt kveður sýslunefnd til einn eða fleiri menn til að hafa umsjón og umráð með þeim jörðum, er gefnar hafa verið sýslunni eða hreppum sýslunnar sameiginlega.

Jarðir þessar skulu byggðar samkvæmt ábúðarlögum, en með hliðsjón af gömlu lagi, svo að tekjur af jörðunum rýrni ekki. Byggingarbréf fyrir þessum jörðum skal senda félagsmálaráðuneytinu til staðfestingar.

Heimilt er umráðamönnum þessara jarða að veðsetja þær eða leyfa ábúendum veðsetningu þeirra fyrir lánum til hýsingar, ræktunarframkvæmda og annarra nauðsynlegra mannvirkja á jörðinni, að fengnu samþykki félagsmálaráðherra.

3. gr.

Kristfjárjarðir og jarðir í fátækraeign er óheimilt að selja, nema alveg sérstakar ástæður séu fyrir hendi. Nú er svo komið, að einhver þessara jarða gefur svo litlar tekjur, að augljóst er, að höfuðtilgangur gefandans með ráðstöfun tekna af jörðinni er að litlu eða engu orðinn, og ber þá forráðamanni eða forráðamönnum að senda félagsmálaráðuneytinu tillögu um, að jörðin verði seld hæstbjóðanda, ásamt

rökstuddri greinargerð. Félagsmálaráðuneytið leitar umsagnar eftirlitsmanna opinberra sjóða um tillöguna. Verði báðir þessir aðilar sammála um að mæla með söluunni, skal ráðuneytið leggja frv. þar að lútandi fyrir næsta reglulegt Alþingi. Til þess að salan sé gild, þarf félagsmálaráðherra að samþykkja söluverðið.

Nú er jörð seld, og skal þá ávaxta kaupverðið í banka, sparisjóði eða ríkistryggðum skuldabréfum. Félagsmálaráðuneytið skal annast ávöxtun kaupverðsins.

Árlegir vextir af kaupverðinu renna til þess, er njóta skal samkvæmt ákvæðum skipulagsskrár eða samkvæmt öðrum fyrirmælum, gamalli hefð eða venju.

4. gr.

Heimilt skal sveitarstjórn að ákveða, að sérstakur styrkþegi eða styrkþegar sveitarinnar skuli njóta eftirgjalds eða vaxta, samkvæmt 2. og 3. gr., og skal sá styrkur þá ekki vera endurkræfur.

5. gr.

Kristfjárjarðir og jarðir í fátækraeign eru samkvæmt þessum lögum eftirtaldar jarðir:

Hurðarbak, Strandarhreppi, Borgarfjarðarsýslu.
Syðri-Hraundalur ½, Álftaneshreppi, Mýrasýslu.
Innri-Drápuhlíð, Helgafellssveit, Snæfellsnessýslu.
Efri-Hlíð, Helgafellssveit, Snæfellsnessýslu.
Litla-Þúfa, Miklaholtshreppi, Snæfellsnessýslu.
Efri-Vaðall, Barðastrandarhreppi, Barðastrandarsýslu.
Hestfjörður, Súðavíkurhreppi, Norður-Ísafjarðarsýslu.
Meðalheimur, Torfalækjarhreppi, Húnavatnssýslu.
Hamar, Svínavatnshreppi, Húnavatnssýslu.
Sæunnarstaðir (½), Vindhælishreppi, Húnavatnssýslu.
Ytra-Vallholt, Seyluhreppi, Skagafjarðarsýslu.
Utanverðunes, Rípurhreppi, Skagafjarðarsýslu.
Kotmýrar, Ljósavatnshreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.
Ketilsstaðir, Hlíðarhreppi, Norður-Múlasýslu.
Bakkagerði I og II, Hlíðarhreppi, Norður-Múlasýslu.
Eyjasel, Hlíðarhreppi, Norður-Múlasýslu.
Hróaldsstaðir, Vopnafjarðarhreppi, Norður-Múlasýslu.
Arnheiðarstaðir, Fljótsdalshreppi, Norður-Múlasýslu.
Droplaugarstaðir, Fljótsdalshreppi, Norður-Múlasýslu.
Geitagerði, Fljótsdalshreppi, Norður-Múlasýslu.
Merki, Jökuldalshreppi, Norður-Múlasýslu.
Kóreksstaðir II, Hjaltastaðahreppi, Norður-Múlasýslu.
Kóreksstaðagerði, Hjaltastaðahreppi, Norður-Múlasýslu.
Sómastaðir, Reyðarfjarðarhreppi, Suður-Múlasýslu.
Sómastaðagerði, Reyðarfjarðarhreppi, Suður-Múlasýslu.
Búlandsnes, Búlandshreppi, Suður-Múlasýslu.
Borgargarður, Búlandshreppi, Suður-Múlasýslu.
Framnes, Búlandshreppi, Suður-Múlasýslu.
Ræktunarland, Búlandshreppi, Suður-Múlasýslu.
Merki, Búlandshreppi, Suður-Múlasýslu.
Kolsholt, Villingaholtshreppi, Árnessýslu.
Jaðarkot, Villingaholtshreppi, Árnessýslu.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 198. Nefndarálit [8. mál]

um frv. til l. um bráðabirgðabreyt. á l. nr. 62/1939, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með því með lítils háttar breytingum. Þó er einn nefndarmanna (HG) andvígur 1. gr. og áskilur sér rétt til að bera fram sérstakar breytingartillögur. Annar nefndarmanna (LJóh) var fjarstaddur og tók því ekki þátt í afgreiðslu málsins.

2. tölul. 3. gr. virðist vera óþarfur, þar sem ákvæði um sama efni eru í tölul. 1, stafl. e. Leggur því nefndin til, að töluliðurinn falli niður, og ber því fram eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUR:

Við 3. gr.

1. Upphaf greinarinnar orðist svo:
   Á árinu 1954 skal heimilt að fella niður aðflutningsgjöld af:
   a. Belgávöxtum o. s. frv.
2. 2. tölul. greinarinnar skal falla niður.

Alþingi, 26. nóv. 1953.

Bernh. Stefánsson, form., frsm. Gísli Jónsson. Karl Kristjánsson.

H. Guðmundsson, með fyrirvara.

Nd. 199. Breytingartillögur [2. mál]

við frv. til l. um firmu, skráningu þeirra og um prókúruumboð.

Frá minni hl. allsherjarnefndar (JörB og ÁB).

1. 1. gr. fellur niður, og breytist greinatalan samkvæmt því.
2. 2. gr. orðist svo:
   Lögreglustjórar og í Reykjavík borgarfógeti skulu, hver í sínu lögsagnarumdæmi, annast skráningu atvinnurekstrar, sem skylt er eða heimilt að skrá hér á landi. Skráningarstjóri merkir í lögum þessum hlutaðeigandi lögreglustjóra eða borgarfógetann í Reykjavík.
3. 1. mgr. 3. gr. orðist svo:
   Halda skal hlutafélagaskrár samkvæmt lögum um hlutafélög og samvinnufélagaskrár samkvæmt lögum um samvinnufélög. Firmaskrár skal halda um firmu annarra félaga og einstakra manna, sem skráð eru samkvæmt lögum þessum.

Ed. 200. Nefndarálit [38 mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd Norðurlandasamning um gagnkvæmi varðandi greiðslur vegna skertrar starfshæfni.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Frv. þetta er borið fram af ríkisstjórninni. Með því er leitað staðfestingar á samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um gagnkvæmar greiðslur örorkubóta o. fl., sem undirritaður var á fundi félagsmálaráðherra Norðurlanda hér í Reykjavík í júlímánuði síðast liðnum. Samkvæmt samningi þessum fá ríkisborgarar hinna samningslandanna, sem búsettir eru hér á landi, sama rétt til örorkubóta samkvæmt lögum um almannatryggingar og íslenzkir ríkisborgarar, ef þeir hafa dvalizt hér á landi samfleytt fimm næstu árin áður en bótakrafa er borin fram, eða dvalizt hérlendis a. m. k. síðasta árið áður en bóta er leitað og hafa verið a. m. k. 12 mánuði af dvalartímanum færir um, andlega og líkamlega, að inna af höndum venjuleg störf. Enn fremur tekur samningurinn til þeirra hlunninda, sem veitt eru samkv. lögum um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla, svo sem styrkveitinga til kaupa á gervilimum o. þ. h.

Íslenzkir ríkisborgarar, sem búsettir eru í einhverju hinna samningslandanna og uppfylla skilyrði samningsins, eiga samkvæmt honum sama rétt til örorkulífeyris og annarra örorkubóta í dvalarlandinu og ríkisborgarar þess lands. Enn fremur eiga þeir rétt til hverrar annarrar aðstoðar vegna skertrar starfshæfni, sem samkv. lögum þess lands er veitt þarlendum ríkisborgurum. Aðstoð þessi er nokkuð mismunandi í hinum einstöku samningslöndum og með ýmsum hætti, en yfirleitt mun hún fjölþættari og veigameiri í hinum samningslöndunum en á Íslandi.

Samtímis því, að samningur þessi var undirritaður, voru og undirritaðir tveir aðrir Norðurlandasamningar, annar um gagnkvæma veitingu mæðrahjálpar, en hinn um flutninga milli sjúkrasamlaga og um sjúkrahjálp vegna dvalar um stundarsakir.

Nefndin hefur fengið upplýsingar um efni þessara samninga hjá forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins, og eru þær á þessa leið:

Samkvæmt fyrri samningnum eiga danskar, finnskar, norskar og sænskar konur, sem aðsetur hafa hér á landi og ala hér börn, sama rétt til óendurkræfs fæðingarstyrks frá Tryggingastofnun ríkisins og íslenzkar konur hafa samkv. lögum um almannatryggingar. Enn fremur eiga konur þessar, ef þær gerast félagar í íslenzku sjúkrasamlagi, rétt til styrks frá samlaginu vegna fæðingar í heimahúsum eða dvalar á fæðingarstofnun á sama hátt og íslenzkar konur. Réttur þessi er gagnkvæmur, og eiga því íslenzkar konur, sem dveljast í einhverju hinna samningsríkjanna og ala þar börn, sama rétt til hvers konar fæðingarstyrkja í dvalarlandinu og þarlendar konur eiga.

Hinn samningurinn tekur aðeins til fjögurra Norðurlandanna: Íslands, Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar. Samkvæmt honum eiga félagar íslenzkra sjúkrasamlaga, sem flytjast búferlum til einhverra hinna samningslandanna, rétt til þess að gerast félagar í sjúkrasamlagi á þeim stað, sem þeir flytjast til, án nokkurs biðtíma eða sérstakrar læknisskoðunar og njóta þá þegar sömu réttinda hjá samlaginu og aðrir meðlimir þess, enda hafi þeir meðferðis flutningsvottorð frá samlaginu, sem þeir flytjast frá. Enn fremur eru í samningi þessum ákvæði um sjúkrahjálp til þeirra sem ekki flytjast búferlum, en dveljast um stundarsakir í einhverju hinna samningsríkjanna, veikjast þar og þarfnast læknishjálpar eða sjúkrahúsvistar. Félagar sjúkrasamlaga hinna samningslandanna eiga á sama hátt rétt til þess að gerast félagar í íslenzkum sjúkrasamlögum, ef þeir flytjast búferlum til Íslands, og öðlast full samlagsréttindi biðtímalaust, svo og rétt til læknishjálpar og sjúkrahúsvistar, ef þeir dveljast hér á landi um stundarsakir og veikjast hérlendis.

Þá skýrði og forstjórinn frá því, að áður hefðu verið gerðir tveir Norðurlanda-

samningar um tryggingamálefni, sem báðir eru komnir til framkvæmda fyrir nokkru. Haustið 1949 gekk í gildi milliríkjasamningur allra fimm Norðurlandanna um gagnkvæmar greiðslur ellilífeyris, og á árinu 1951 kom til framkvæmda samningur milli Íslands, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um gagnkvæmar greiðslur fjölskyldubóta (barnastyrkja). Enn fremur er enn í gildi samningur frá 1939 við Danmörku um flutninga milli sjúkrasamlaga og bráðabirgðasjúkrahjálp vegna dvalar um stundarsakir. En sá samningur fellur úr gildi, þegar fyrrnefndur samningur Norðurlandanna fjögurra um sama efni kemur til framkvæmda.

Allir eru samningar þessir byggðir á þeirri meginreglu, að útgjöld þau, sem þeir hafa í för með sér, séu borin af dvalarlandinu eða tryggingastofnunum þess. Ekki verður um það sagt, hvort bætur og sjúkrahjálp, sem Íslendingar munu njóta í hinum Norðurlöndunum samkv. samningum þessum, nema hærri eða lægri upphæðum en bætur og sjúkrahjálp, sem tryggingarnar hér á landi þurfa að greiða vegna ríkisborgara hinna Norðurlandanna, sem hér dveljast. En allar líkur benda til þess, að ekki beri þar mjög mikið á milli og að ekki halli á Íslendinga í þeim viðskiptum. Hitt orkar ekki tvímælis, að samningarnir verða stórum auðveldari í framkvæmd og geðþekkari þeim, sem njóta þeirra, þegar ekki er gert ráð fyrir endurkröfum og öllum þeim málarekstri, sem slíkar kröfur hafa í för með sér.

Af þessum fimm samningum eru fjórir algerlega innan marka almannatryggingalaganna. Er því ekki þörf sérstakrar lagasetningar í sambandi við þá, þar sem heimild til að gera slíka samninga er í almannatryggingalögunum. Um samninginn um gagnkvæmisaðstoð við öryrkja, sem hér liggur fyrir til staðfestingar, gegnir öðru máli. Hann fer að nokkru inn á svið annarrar löggjafar, um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla, en í þeim lögum eru engin ákvæði, sem heimila slíka gagnkvæmissamninga.

Nefndin lítur svo á, að með samningum þeim um gagnkvæmar tryggingar á Norðurlöndum, sem þegar eru komnir til framkvæmda, svo og þeim, sem undirritaðir voru á síðasta fundi félagsmálaráðherranna, sé rétt stefnt og mjög þýðingarmikið spor stigið í þá átt að veita landsmönnum það öryggi, sem tryggingunum er ætlað að sjá fyrir, hvar sem þeir dveljist á Norðurlöndum. Þegar Norðurlöndin öll eru orðin eitt tryggingasvæði, er mikilvægur þáttur norrænnar samvinnu orðinn að veruleika.

Nefndin mælir einróma með því, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 23. nóv. 1953.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form.	Ingólfur Flygenring, fundaskr.	H. Guðmundsson, frsm.
Gísli Jónsson.	Karl Kristjánsson.	

Ed. 201. Frumvarp til laga [110. mál]

um breyting á lögum nr. 38 1953, um breyting á lögum nr. 50 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

Flm.: Haraldur Guðmundsson.

1. gr.

Bráðabirgðaákvæði laganna orðist svo:

Ríkisstjórnin skal láta fram fara heildarendurskoðun á lögum þessum og hraða því verki svo, að tillögur um breytingar á þeim verði lagðar fyrir næsta reglulegt Alþingi, þegar er það kemur saman.

Nú verður halli á rekstri Tryggingastofnunar ríkisins á árinu 1954, og skal þá ríkissjóður greiða aukaframlag til stofnunarinnar umfram hið fasta framlag samkv. 26. og 27. gr. Aukaframlag þetta má þó ekki fara fram úr 6.3 milljónum króna eða 90% af rekstrarhalla stofnunarinnar á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt fjárhagsáætlun Tryggingastofnunar ríkisins fyrir árið 1954 er gert ráð fyrir, að heildarútgjöldin verði 122 millj. kr., auk framlagsins til sjúkrasamlaganna. Heildartekjur stofnunarinnar eru hins vegar ekki áætlaðar nema 115 milljónir, og vantar því um 7 millj. kr. á, að tekjurnar hrökkvi fyrir útgjöldunum. Útgjöld stofnunarinnar árið 1952 reyndust um 94 millj. kr. Áætluð hækkun nemur því um 28 millj. kr. á þessum 2 árum.

Helztu orsakir hækkunarinnar eru þessar:

1.	Nýjar bætur skv. lögum frá síðasta Alþingi, viðbótarfjölskyldubætur og mæðralaun, áætlað		16	millj. kr.
2.	Vísitöluhækkun bóta (áætlun miðast við 157 stig í stað 148.75 stig 1952)	ca.	6	— —
3.	Fjölgun lífeyrisþega, aðallega gamalmenna	—	2.3	— —
4.	Fjölgun barna, sem greiddur er með barnalífeyrir, fjölskyldubætur eða mæðralaun	—	1.7	— —
	Samtals	ca.	26	millj. kr.
	Aðrar hækkanir	—	2	— —
	Alls		28	millj. kr.

Grunniðgjöld og framlög til Tryggingastofnunarinnar voru á s. l. ári hækkuð um ca. 17% vegna hinna nýju bóta. Nú þykir sýnt, að sú hækkun hefur ekki reynzt nægileg. Bráðabirgðaáætlun sú um kostnað vegna viðbótarfjölskyldubóta og mæðralauna, sem gerð var um síðustu áramót, virðist hafa verið heldur lág og fjölgun gamalmenna og barna, sem njóta bóta, stórum meiri og örari en þá var gert ráð fyrir. Tala fæddra á árunum 1936—1940 var um 2400 að meðaltali á ári. En árið 1952 var fæðingartalan um 4000, eða um 1600 hærri.

Augljóst er, að Tryggingastofnuninni er um megn að taka á sig um 7 millj. kr. rekstrarhalla á árinu 1954 til viðbótar fyrirsjáanlegum halla á árinu 1953. Á árunum 1947—1949, þrjú fyrstu árin, sem stofnunin starfaði samkv. almannatryggingalögunum frá 1946, söfnuðust í tryggingasjóð nærfellt 16 millj. kr. Öll árin síðan hefur verið halli á rekstrinum og hann greiddur úr tryggingasjóði. Í árslok 1951 var sjóðurinn kominn niður í ca. 11 millj. kr. Reikningar ársins 1952 eru enn ekki fullgerðir, en fyrirsjáanlegt er, að tryggingasjóðurinn lækkar á því ári og þó enn meira á yfirstandandi ári. Það væri því fullkomið ábyrgðarleysi að ætla Tryggingastofnuninni að taka á sig 7 millj. kr. halla á árinu 1954.

Tæplega getur talizt gerlegt að halda áfram á sömu braut og gert var á síðasta Alþingi, að hækka alla tekjuliði trygginganna, iðgjöld og opinber framlög, um sama hundraðshluta. Til þess að áætlaður rekstrarhalli yrði jafnaður á þann hátt, þyrfti sú hækkun að nema a. m. k. 7—8%. Iðgjöld til trygginganna eru þegar orðin það há, að fullerfitt er fyrir lágtekjufólk að standa skil á þeim. Tryggingaiðgjöld fyrir kvæntan mann í Reykjavík nema nú á þessu ári sem hér segir:

Iðgjöld til Tryggingastofnunar ríkisins	kr.	714.00
Sjúkrasamlagsiðgjald	—	324.00
sama v. eiginkonu	—	324.00
Samtals	kr.	1362.00

Fyrir einhleypa karla eru tryggingagjöldin í Reykjavík nú um 970 krónur og fyrir ógiftar konur um 800 krónur á ári.

Tryggingaiðgjöld kvænts karlmanns í Reykjavík nema því um 4% af ca. 34000 króna árstekjum. Þótt segja megi, að fullhraustum manni með slíkar tekjur og aðeins eitt eða ekkert barn á framfæri, ætti eigi að vera um megn að greiða þessa upphæð í tryggingagjöld, þá er augljóst, að öllum þeim mörgu, sem eru undir því tekjumarki, eru tryggingagjöldin þung byrði og því þyngri sem tekjurnar eru lægri.

Er því þegar af þessari ástæðu fyllsta þörf á að endurskoða ákvæðin um ákvörðun iðgjalda, sérstaklega með tilliti til fólks á aldrinum 16—20 ára og 60—67 ára og annarra með lágar tekjur. Þá er og þess að gæta, að áætlun sú um niðurjöfnun kostnaðarins við tryggingarnar á þá aðila, sem undir honum standa, er gerð var, þegar tryggingalögin voru undirbúin, hefur raskazt verulega. Í áætluninni var gert ráð fyrir, að kostnaðurinn við almannatryggingar, sjúkrasamlögin og ríkisframfærsluna skiptist á nefnda aðila í þessum hlutföllum:

Ríkissjóður ⅓ hluta	ca.	33.3%
Sveitarsjóðir ⅙ hluta	—	16.7—
Atvinnurekendur ⅙ hluta	—	16.7—
Hinir tryggðu ⅓ hluta	—	33.3—

Tryggingastofnunin hefur látið gera yfirlit yfir skiptinguna á árunum 1948—1952. Samkvæmt því hefur skiptingin orðið þessi:

Ríkissjóður	ca.	32%
Sveitarsjóðir	—	19—
Atvinnurekendur	—	14—
Tryggðir	—	35—

Hefur því sá hluti heildarkostnaðarins, sem hinir tryggðu og sveitarsjóðirnir bera, orðið allmiklu hærri en til var ætlazt, en hluti ríkissjóðs lækkað nokkuð og hluti atvinnurekenda lækkað mjög verulega. Á þessu tímabili hafa hinir tryggðu greitt um 6.6 millj. kr. umfram þriðjung heildarkostnaðar, en ríkissjóður um 5.2 millj. minna en þriðjung. Sýnir þetta ljóslega, að fullkomin þörf er á að endurskoða bæði álagningu iðgjalda og skiptingu kostnaðarins í heild.

Þá er þess að gæta, að þær veigamiklu breytingar, sem gerðar voru á almannatryggingalögunum á síðasta Alþingi, voru gerðar af mikilli skyndingu og án þess að nægilegt tóm gæfist til þess að samræma þær tryggingakerfinu í heild. Á þetta sérstaklega við um mæðralaunin og einnig að nokkru um viðbótarfjölskyldubæturnar.

Tvö þýðingarmikil atriði almannatryggingalaganna, afnám lífeyrisskerðingar vegna tekna og heilsugæzla Tryggingastofnunarinnar samkv. III. kafla laganna, hafa enn eigi komið til framkvæmda. Hefur framkvæmd þessara atriða verið frestað til ársloka 1954, en þá taka þau gildi að lögunum óbreyttum. Falla þá niður sérstakar iðgjaldagreiðslur til sjúkrasamlaga, er þau hætta störfum, en iðgjöld til Tryggingastofnunarinnar, sem þá á að taka við störfum þeirra, hljóta að hækka tilsvarandi, að öðru óbreyttu, auk hækkana vegna fjölgunar lífeyrisþega, ef skerðing verður niður felld.

Það, hversu þessum málum verður skipað, hlýtur að hafa afar mikil áhrif á fjárhagsafkomu Tryggingastofnunarinnar og iðgjaldaákvarðanir. Er því mjög var-

hugavert að gera breytingar á þessum atriðum laganna fyrr en jafnhliða heildarendurskoðun. En óhjákvæmilegt er að láta slíka heildarendurskoðun fara fram á næsta ári, þar sem, auk fyrrgreindra atriða, mörg önnur ákvæði tryggingalaganna gilda aðeins til ársloka 1954.

Ákvæðin er að finna í viðaukalögum við almannatryggingalögin, frá 27. febr. 1953, og eru þau þessi:

1. Ákvæði 4. gr., er mæla svo fyrir, að í tryggingaumdæmum utan kaupstaða skuli sýslunefndir fara með störf tryggingnefnda samkv. 11. gr. laganna.
2. Ákvæði 13. gr. um heimild til að greiða giftum konum sjúkradagpeninga, þótt þær vinni eigi utan heimilis.
3. Ákvæði 22. gr. um frestun á framkvæmd heilsugæzlu samkv. III. kafla almannatryggingalaganna og ákvæði 23. gr. um, að sjúkrasamlögin skuli starfa áfram samkvæmt III. kafla alþýðutryggingalaga frá 1943.
4. Ákvæði 24. gr. um styrki til læknisvitjana og til sjúkraflutninga.
5. Ákvæði 26. gr. um iðgjaldaupphæðir og framlög ríkissjóðs og sveitarsjóða.
6. Ákvæði 30. gr. um heimild til að draga slysatryggingaiðgjöld ársins 1946 frá áhættuiðgjaldi atvinnurekenda, er þeir hætta atvinnurekstri.
7. Ákvæði 35. gr. um, að sjúkrasamlög í kaupstöðum skuli annast umboðsstörf fyrir Tryggingastofnunina.
8. Ákvæði 38. gr. um, að fyrsti töluliður bráðabirgðaákvæða almannatryggingalaganna, um skerðingu lífeyris vegna tekna, skuli vera í gildi til ársloka 1954.
9. Ákvæði 5. gr., um upphæðir bóta, hljóta og að breytast, ef breytt verður ákvæðum 25. og 26. gr. um tekjustofna tryggingnanna.

Loks má á það benda, að breytingar þær, sem síðasta Alþingi gerði á tryggingalögunum til lausnar vinnudeilunni í desember s. l. og mestu valda um hækkanir á útgjöldum tryggingnanna, voru svo sérstaks eðlis, að tæpast verður til þess ætlazt, að fjárins til að standa undir kostnaði vegna þeirra verði aflað á sama hátt og til tryggingnanna almennt. Barnauppbætur, fjölskyldubætur, eru t. d. í Svíþjóð nálega eingöngu greiddar úr ríkissjóði, í Noregi ber ríkissjóður 5/6 hluta og sveitarsjóðir 1/6 hluta kostnaðarins og í Finnlandi ríki og sveitarsjóðir 4/5 hluta, en atvinnurekendur 1/5 hluta. Í engu þessara landa er tekna vegna fjölskyldubóta aflað með iðgjöldum frá hinum tryggðu.

Að öllu þessu athuguðu verður að telja eðlilegt, að ríkissjóður leggi fram sem aukaframlag mestan hluta þess fjár, sem Tryggingastofnunina vantar til þess að geta mætt útgjöldum næsta árs, svo að ekki þurfi að hækka iðgjöldin og framlag sveitarsjóða, meðan heildarendurskoðun tryggingalöggjafarinnar fer fram. Með því væri og að nokkru dregið úr því misræmi, sem orðið er á framlagi ríkissjóðs annars vegar og iðgjöldum hinna tryggðu hins vegar.

Þess skal að lokum getið, að tryggingaráð samþykkti einróma á fundi sínum 4. nóv. s. l. að fela forstjóra Tryggingastofnunarinnar að leggja frv. þetta fyrir ríkisstjórnina með ósk um, að hún léti bera það fram á Alþingi. Þar sem ríkisstjórnin hefur enn eigi tekið ákvörðun um flutning frumvarpsins, en flm. telur, að málið þoli ekki lengri bið, er frv. nú fram borið.

Fylgiskjal I.

Fjárhagsáætlun Tryggingastofnunar ríkisins fyrir árið 1954.

29. júlí 1953.

Með bréfi, dags. 16. f. m., hefur hið háa ráðuneyti lagt fyrir oss að senda tillögur til fjárhagsáætlunar fyrir árið 1954. Er svo fyrir mælt í bréfinu, að verðlagsuppbætur skuli „miða við núgildandi kaupgjaldsvísitölu, 147 stig“.

Eins og hinu háa ráðuneyti er kunnugt um, sbr. bréf vort, dags. 30. des. 1952, ber Tryggingastofnuninni að greiða sömu vísitöluuppbót á allar bætur sem greiddar eru á kaup láglaunafólks á hverjum tíma samkv. samningi milli verkalýðsfélaganna og atvinnurekenda, dags. 19. des. 1952, en vísitöluuppbót þessi greiðist samkv. kaupgjaldsvísitölu að viðbættum 10 stigum.

Áætlun vor um bótagreiðslur 1954 er því miðuð við 157 stiga vísitölu, þ. e. 57% uppbætur, eins og nú er greitt. Tekjuáætlunin er einnig miðuð við sama vísitöluálag, 57%, en endanlega fer tekjuálagið eftir vísitölu þeirri, sem kaupgjald láglaunafólks miðast við í marzmánuði 1954, sbr. 27. gr. l. nr. 38/1953.

Hinir einstöku útgjaldaliðir áætlunarinnar hljóta því að breytast til hækkunar eða lækkunar eftir því, hvort meðalvísitala sú, sem kaupgjald láglaunafólks á árinu 1954 miðast við, verður hærri eða lægri en 157 stig.

Á sama hátt breytast tekjuliðirnir, þar á meðal áætlað framlag ríkissjóðs, ef vísitöluuppbótin á kaup láglaunafólks í marz 1954 verður önnur en sú, sem að framan greinir.

Áður en vér víkjum að áætluninni fyrir árið 1954, þykir oss rétt, samkvæmt venju, að gera hinu háa ráðuneyti nokkra grein fyrir afkomu ársins 1952, en skýrslum og reikningum fyrir það ár er nú svo langt komið, að höfuðatriði rekstrarafkomunnar liggja nú fyrir.

Samkvæmt bréfi voru, dags. 22. ágúst 1951, voru útgjöld Tryggingastofnunarinnar á árinu 1952 áætluð 73 millj. kr. En sú áætlun var, samkv. beinum fyrirmælum ráðuneytisins, miðuð við 123 stiga vísitölu. Meðalvísitala ársins 1952 reyndist hins vegar 148,75 stig, þ. e. ca. 21% hærri en áætlunin gerði ráð fyrir. Ef áætlunin hefði verið miðuð við þá vísitölu, hefðu útgjöldin verið áætluð um 89 millj. kr. Reynslan hefur hins vegar orðið sú, að útgjöldin hafa hækkað meira en vísitöluhækkuninni nemur og orðið um 93,9 millj. kr., eða ca. 5 millj. hærri en áætlunin gaf tilefni til að ætla. Tekjur hafa hækkað nokkuð, einkum áætlaðar endurgreiðslur, þannig að hallinn verður sennilega 2.5—3 millj. kr.

Þeir liðir, sem mest hafa hækkað, eru: Ellilífeyrir ca. 2 millj., örorkulífeyrir ca. 1.4 millj. og barnalífeyrir í heild ca. 1.6 millj., allt umfram vísitöluhækkunina. Hækkun örorkulífeyrisins má án efa að miklu leyti rekja til ástandsins í atvinnumálunum árið 1951 og 1952. Þá var atvinnuleysi tilfinnanlegt í Reykjavík og flestum kaupstöðum og kauptúnum landsins. En atvinnuleysið bitnar jafnan fyrst og fremst á þeim, sem hafa skerta vinnugetu vegna örorku eða elli. Lækka þá vinnutekjur þessa fólks eða falla niður, en af því leiðir, að lífeyrisgreiðslur, sem áður voru skertar vegna tekna, hækka eða eru teknar upp að nýju.

Hækkun ellilífeyrisins stafar og að nokkru af lakara ástandi í atvinnumálum, en að langmestu leyti af því, að fjöldi fólks á lífeyrisaldri fer nú mjög vaxandi og örar en gert var ráð fyrir, þegar tryggingalögin voru undirbúin. Töflur þær, sem áætlunin um fjölda ellilífeyrisþega á hverjum tíma var byggð á, sýna mun lægri tölur en manntalið 1950 og reynsla tveggja síðustu ára. Nemur þessi mismunur nálægt 500, sem fólk á lífeyrisaldri virðist fleira samkv. manntalinu 1950 en töflurnar gerðu ráð fyrir. Stafar þetta af því, að töflurnar voru reiknaðar út með hliðsjón af dánartölum á árunum 1921—1930 og aldursflokkaskiptingunni 1940. Síðan virðast hlutföllin hafa raskazt mjög vegna hækkandi aldurs, þannig að fjölgun fólks yfir 67 ára aldur hafi til uppjafnaðar orðið nálægt 50 á ári síðustu 10 árin umfram það, sem ráð var fyrir gert, og mest hin síðari ár, sbr. greinargerð Kr. G. G. tryggingafræðings á s. l. hausti um kostnað við afnám skerðingar ellilífeyris.

Hækkun barnalífeyris og fjölskyldubóta stafar af hinni stórkostlegu fjölgun barna hin síðari ár. Fæðingartalan hefur verið síhækkandi hin síðari ár og er nú milli 4100 og 4200 á ári í stað 2400—2500 fyrir stríð. Er því fjölgunin mest á yngstu árgöngunum, 0—4 ára, þ. e. fædd 1946—1950. Tala þessara áranga var yfir 6600 hærri samkv. manntalinu 1950 en 1940. En alls hefur tala barna undir 16 ára aldri hækkað úr ca. 41000 upp í ca. 49000 á þessu tímabili og enn hækkað mjög síðan.

Tala barna í hverjum árgangi 0—4 ára er nú a. m. k. 1350 hærri en í árgöngunum 10—14 ára. Allt bendir til þess, að svipuð fjölgun barna haldi áfram næstu 8—10 ár og að barnalífeyririnn af þeim sökum fari hækkandi fyrst um sinn ár frá ári. Fjölskyldubæturnar hljóta einnig að fara mjög hækkandi, einkum viðbótarfjölskyldubætur þær, sem teknar voru í lög á síðasta Alþingi, og vísast til þess, sem á var bent í sambandi við afgreiðslu þeirra á Alþingi.

Þar sem áætlunin um bótagreiðslur stofnunarinnar á árinu 1953 var að mestu byggð á sömu útreikningum og áætlunin fyrir 1952, bendir allt til þess, að útgjöldin vegna ellilífeyris, barnalífeyris og fjölskyldubóta fari einnig mjög verulega fram úr áætlun á þessu ári og að allmikill halli verði á rekstrinum á yfirstandandi ári.

Áætlun sú, sem hér fer á eftir, um útgjöld og tekjur ársins 1954, er í höfuðatriðum byggð á reynslu ársins 1952 og þeirri takmörkuðu úrvinnslu úr manntalinu 1950, sem fyrir liggur og drepið hefur verið á hér að framan. Þá er einnig, eins og áður er sagt, gert ráð fyrir því, að vísitöluuppbót á bótagreiðslur og vísitöluálag á tekjuhliðina verði hið sama, þ. e. a. s. 57%. Meðalvísitöluuppbót á árinu 1952 var rúmlega 48%, eins og kunnugt er, og hækka því útgjöldin vegna vísitöluhækkunarinnar einnar um ca. 6%.

Áætlunin fer hér á eftir:

I.	Útgjöld:		
1.	Ellilífeyrir	43.0	millj. kr.
2.	Örorkulífeyrir og örorkustyrkir	13.5	— —
3.	Barnalífeyrir	16.5	— —
4.	Fjölskyldubætur	9.0	— —
5.	— skv. l. frá 1953	14.0	— —
6.	Mæðralaun skv. l. frá 1953	2.0	— —
7.	Fæðingarstyrkir	4.0	— —
8.	Ekkju- og makabætur	2.0	— —
9.	Sjúkrabætur	4.5	— —
10.	Slysabætur	6.0	— —
11.	Iðgjöld lífeyrisþega og styrkur til sjúkraflutninga	3.0	— —
12.	Kostnaður	4.5	— —
		122.0	millj. kr.
	+ Framlag til sjúkrasamlaga	9.5	— —
	Alls	131.5	millj. kr.
II.	Tekjur:		
1.	Framlag ríkissjóðs (20.4 + 57%)	32.0	millj. kr.
2.	— sveitarsjóða (12.6 + 57%)	19.8	— —
3.	Iðgjöld atvinnurekenda skv. 12. gr.	15.8	— —
	— — — 113. —	6.5	— —
4.	Iðgjöld hinna tryggðu skv. 107. gr.	32.9	— —
	Samtals	107.0	millj. kr.
	+ Endurgreiðslur ca.	8.0	— —
		115.0	millj. kr.
	+ Framlag ríkissjóðs til sjúkrasamlaga	9.5	— —
	Alls	124.5	millj. kr.
	Halli	7.0	— —
		131.5	millj. kr.

Um einstaka liði áætlunarinnar viljum vér taka þetta fram:

Ellilífeyririnn er áætlaður ca. 4 millj. kr. hærri en hann reyndist 1952. Þar af eru um 2.4 millj. vegna vísitöluhækkunar, 6%, en 1.6 millj. vegna aukningar frá 1952.

Örorkulífeyririnn hækkar á sama hátt um 1.4 millj., þar af ca. 800 þús. vegna vísitöluhækkunar og ca. 600 þús. vegna aukningar.

Barnalífeyririnn hækkar um ca. 1.6 millj., þar af um 900 þús. vegna vísitöluhækkunar.

Fjölskyldubætur hækka samkvæmt áætluninni um ca. 15 millj. kr. frá 1952. Þar af nema hækkanir á eldri fjölskyldubótum rúmlega einni millj. vegna vísitöluhækkunar og aukningar. En viðbótar fjölskyldubætur samkvæmt lögum frá síðasta Alþingi eru áætlaðar um 14 millj. kr.

Mæðralaun eru nýr liður, einnig samkvæmt lögum frá síðasta þingi, og eru þau áætluð 2 millj. kr. Samtals eru mæðralaun og fjölskyldubætur áætluð um 1.5 millj. kr. hærri 1954 en gert var á bráðabirgðaáætlun vorri fyrir 1953. Liggja nú fyrir nákvæmari tölur um barnafjöldann en þá voru fyrir hendi, svo og um árlega fjölgun barna, eins og áður er sagt.

Framlag til sjúkrasamlaga er áætlað 9.5 millj. kr., eða sama upphæð og í fjárlögum yfirstandandi árs.

Framlög ríkissjóðs og sveitarfélaga eru áætluð samkvæmt 26. gr. l. nr. 38/1953 með 57% álagi, eins og áður er sagt. Iðgjöld atvinnurekenda og hinna tryggðu eru hækkuð sem svarar iðgjaldahækkun síðasta Alþingis og vísitöluhækkuninni og auk þess um nærfellt 3 milljónir með tilliti til fjölgunar gjaldenda, aukinnar atvinnu 1953 og nokkurrar lækkunar á afskriftum. Enn fremur eru áætlaðar endurgreiðslur, aðallega endurkræfur barnalífeyrir, hækkaður upp í 8 millj. kr. með tilliti til reynslu ársins 1952.

Þrátt fyrir þessar hækkanir á tekjuliðunum vantar enn 7 millj. kr. á, að tekjurnar hrökkvi fyrir áætluðum útgjöldum.

Eins og áður er sagt, má gera ráð fyrir mjög verulegum tekjuhalla á yfirstandandi ári, þar sem í áætlunum fyrir það ár var ekki gert ráð fyrir hinni miklu fjölgun barna og gamalmenna, sem vikið er að hér að framan. Halla ársins 1952 má væntanlega jafna að verulegu leyti með afgangi af afskriftasjóði iðgjalda frá árinu 1948, ef háttv. ráðuneyti samþykkir þá ráðstöfun. En ekki er fært að reikna með slíkum tekjum á árinu 1954 eftir þá miklu hækkun á iðgjöldum og endurgreiðslum, sem áætlunin nú gerir ráð fyrir.

Vér verðum því að telja með öllu óhjákvæmilegt, að háttvirt ríkisstjórn geri ráðstafanir til þess þegar á næsta Alþingi, að framlag til Tryggingastofnunarinnar verði aukið eða henni séð fyrir viðbótartekjum á annan hátt, svo að ætla megi, að tekjur og gjöld ársins 1954 standist á.

Á fundi tryggingaráðs hinn 22. þ. m. er fært til bókar það, sem hér fer á eftir:

„Forstjóri lagði fram drög að fjárhagsáætlun fyrir 1954. Athugaði tryggingaráð áætlunina lið fyrir lið, en hún sýnir fyrirsjáanlegan rekstrarhalla 7—8 millj. kr. að óbreyttum lögum og við það miðað, að vísitöluálag á tekjur verði hið sama og vísitöluuppbót á bætur. Féllst tryggingaráð á áætlunina og samþykkti að beina því til ríkisstjórnarinnar að gera ráðstafanir til þess að sjá stofnuninni fyrir tekjum til þess að mæta þessum halla. Væri og fyrirsjáanlegt, að allverulegur rekstrarhalli mundi verða á árinu 1953."

Með tilvísun til ályktunar tryggingaráðs leyfum vér oss að vænta þess, að hæstvirt ríkisstjórn hlutist til um, að Alþingi sjái Tryggingastofnuninni fyrir tekjum umfram hið fasta framlag ríkissjóðs, 32.0 millj. kr., sem tekið er upp á áætlun vora hér að framan, svo að jöfnuður náist á rekstri ársins 1954.

Erum vér að sjálfsögðu reiðubúnir til að veita hverjar þær upplýsingar, sem óskað er eftir og vér getum í té látið, í því sambandi.

Auk rekstrarframlagsins ber ríkissjóði að greiða Tryggingastofnuninni á árinu

1954 tíunda hluta af skuld ellilaunareiknings pr. 31. des. 1946 við Lífeyrissjóð Íslands, kr. 254 977.59, auk vaxta.

Það skal að lokum fram tekið, að áætlun vor er við það miðuð, eins og verið hefur frá 1947, að 18. gr. fjárlaga verði með svipuðum hætti og verið hefur undanfarin ár.

Starfsmannaskrá þá, sem óskað er eftir í bréfi ráðuneytisins, munum vér senda svo fljótt sem við verður komið.

Afrit af bréfi þessu höfum vér leyft oss að senda til fjármálaráðuneytisins samkvæmt venju.

Tryggingastofnun ríkisins.

Til félagsmálaráðuneytisins, Reykjavík.

Fylgiskjal II.

Bráðabirgðayfirlit yfir tekjur og gjöld Tryggingastofnunar ríkisins árið 1952.

Tekjur:

1.	Framlag ríkissjóðs	25.8	millj. kr.
2.	— sveitar- og bæjarfélaga	16.0	— —
3.	Iðgjöld atvinnurekenda	17.0	— —
4.	— hinna tryggðu	25.5	— —
5.	Aðrar tekjur	7.9	— —
		92.2	millj. kr.
	Mismunur	1.7	— —
	Samtals	93.9	millj. kr.

Gjöld:

1.	Ellilífeyrir	38.7	millj. kr.
2.	Örorkulífeyrisstyrkur	12.1	— —
3.	Barnalífeyrir, óendurkræfur	7.0	— —
4.	— endurkræfur	7.9	— —
5.	Fjölskyldubætur	7.7	— —
6.	Fæðingarstyrkur, ekkjubætur o. fl.	4.9	— —
7.	Slysabætur	5.6	— —
8.	Sjúkrabætur	3.8	— —
9.	Aðrar bætur	2.5	— —
10.	Skrifstofu- og innheimtukostnaður	3.7	— —
	Samtals	93.9	millj. kr.

Reikningar ársins eru enn eigi fullgerðir, þar sem færslum milli rekstrarreiknings og sjóða og vörzlufjár ekki er lokið. Mismunurinn sýnir því ekki hinn raunverulega rekstrarhalla.

Fylgiskjal III.

Yfirlit yfir skiptingu kostnaðar vegna Tryggingastofnunar, sjúkrasamlaga og ríkisframfærslu árin 1948—1952.

	Trygginga-stofnun ríkisins millj. kr.	Sjúkra-samlög millj. kr.	Ríkisfram-færsla millj. kr.	Samtals millj. kr.	%
1. Ríkissjóður	99.4	23.4	38.1	160.9	32
2. Sveitar- og bæjarfélög	61.8	23.5	9.5	94.8	19
3. Atvinnurekendur	69.9	–	–	69.9	14
4. Hinir tryggðu	97.5	75.2	–	172.7	35
	328.6	122.1	47.6	498.3	100

Ef ríkissjóður hefði borið þriðjung heildarkostnaðar, hefði hlutur hans orðið 166.1 millj. kr., þ. e. 5.2 millj. hærri en hann hefur greitt. Hlutur hinna tryggðu hefur orðið 172.7 millj., en sú upphæð er ca. 6.6 millj. kr. hærri en sá þriðjungur, sem í upphafi var gert ráð fyrir að hinir tryggðu bæru með iðgjaldagreiðslum.

Nd. 202. Breytingartillögur [91. mál]

við frv. til laga um kristfjárjarðir og jarðir í fátækraeign.

Frá Skúla Guðmundssyni.

1. Við 2. gr. Á eftir orðinu „ábúðarlögum“ í 2. málsgr. kemur: eða á erfðaleigu samkv. lögum um ættaróðal og erfðaábúð.
2. Við 3. gr. Á eftir orðunum „að litlu eða engu orðinn“ í 2. málslið 1. málsgr. kemur: enda hafi ekki tekizt að byggja jörðina samkv. ákvæðum 2. gr.

Ed. 203. Breytingartillaga [84. mál]

við frv. til laga um Kirkjubyggingasjóð.

Frá Gísla Jónssyni.

Við 2. gr. Í stað 1. mgr. komi tvær mgr., er orðist svo:

Ríkissjóður afhendir Kirkjubyggingasjóði allar þær fasteignir, sem kirkjan átti í landinu á sínum tíma og ríkissjóður er nú eigandi að. Skal sjóðnum heimilt að selja eignirnar á frjálsum markaði eða að ráðstafa þeim á annan hátt, og ganga tekjur allar, hvort heldur eru af sölu eignanna eða leigu, óskiptar til Kirkjubyggingasjóðs.

Hafi ríkissjóður látið af hendi eitthvað af þeim fasteignum, er hann hefur fengið frá kirkjunni, eða tekið þær til afnota fyrir stofnanir, ber honum að afhenda Kirkjubyggingasjóði aðrar fasteignir sínar í þeirra stað, enda séu þær fasteignir eigi minna virði að fasteignamati.

Nd. 204. Breytingartillögur [91. mál]

við frv. til l. um kristfjárjarðir og jarðir í fátækraeign.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 3. gr. Á eftir 2. málsgr. komi: Sama gildir, svo sem við verður komið, um andvirði þeirra jarða, sem taldar hafa verið kristfjárjarðir eða jarðir í fátækraeign og seldar hafa verið áður en lög þessi öðlast gildi.
2. 4. gr. orðist svo:
   Sveitarstjórn, sem hefur á hendi úthlutun eftirgjalds eða vaxta samkvæmt 2. og 3. gr., er heimilt að ákveða, að sérstakur styrkþegi eða styrkþegar sveitarinnar skuli njóta þeirra, og skal sá styrkur ekki vera endurkræfur.
3. Við 6. gr. Aftan við greinina komi:
   Jafnframt falla úr gildi eldri lagaákvæði, sem kunna að fara í bága við ákvæði þessara laga.

Nd. 205. Nefndarálit [2. mál]

um frv. til laga um firmu, skráningu þeirra og um prókúruumboð.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarp þetta og mælir með því, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Í stað 1.—3. gr. komi tvær greinar, svo hljóðandi:
   a. (1. gr.) Dómsmálaráðuneytið skal halda hlutafélagaskrá samkvæmt lögum um hlutafélög og samvinnufélagaskrá samkvæmt lögum um samvinnufélög. Firmaskrá skal halda um firmu annarra félaga og einstakra manna, sem skráð eru samkvæmt lögum þessum. Ráðherra setur nánari reglur um skrár þessar.
   b. (2. gr.) Ráðuneytið skal fela sérstökum fulltrúa, er nefnist skráningarstjóri, eftirlit með skráningu samkvæmt lögum þessum. Hann skal fullnægja almennum dómaraskilyrðum og hafa þekkingu á bókhaldi. Annast hann skráningu atvinnurekstrar, sem skylt er eða heimilt að skrá hér á landi, og gegnir að öðru leyti þeim störfum, sem lög ákveða.
2. Við 17. gr. (verður 16. gr.). Í stað „s.f. (s/f)“ komi: s.á.f. (sá/f).
3. Við 39. gr. (verður 38. gr.). Á eftir „fasteignir“ í 2. málsl. komi: og skip.
4. Við 49. gr. (verður 48. gr.).
   a. Á eftir 1. málsgr. komi:
      Gefa skal árlega út skrá um skrásett atvinnufyrirtæki, flokkuð eftir atvinnu. Skal eitt eintak sent hverjum aðila, sem skrásettur er, um leið og árgjald er greitt til ríkissjóðs. Skal í skránni greina stofnár hvers fyrirtækis, upphæð hlutafjár og nöfn stjórnenda.
   b. Í stað „1954“ í 2. málsgr. komi: 1955.
5. Við 50. gr. (verður 49. gr.). Í stað „1. janúar 1953“ komi: 1. júlí 1954.

Tveir nefndarmenn (JörB og ÁB) eru mótfallnir því, að skráning atvinnurekstrar verði falin sérstökum skráningarstjóra, heldur skuli sýslumenn og bæjarfógetar annast skráninguna hér eftir sem hingað til. Greiddu fyrrnefndir tveir nefndarmenn atkvæði gegn breytingartillögum þeim, sem felast í 1. lið nefndar-

áltsins, eins og það liggur hér fyrir, og munu þeir flytja sérstakar breytingartillögur um skráningu atvinnurekstrar við 2. umræðu um frumvarpið.

Alþingi, 27. nóv. 1953.

Björn Ólafsson, form., frsm. Ásgeir Bjarnason, fundaskr. Einar Ingimundarson.
Eggert G. Þorsteinsson. Jörundur Brynjólfsson.

Nd. 206. Nefndarálit [82. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 9. maí 1947, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt óbreytt. Einn nefndarmanna (GG) áskilur sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Alþingi, 26. nóv. 1953.

Ásgeir Bjarnason, form., frsm. Jón Sigurðsson, fundaskr. Jón Pálmason.
Gísli Guðmundsson. Hannibal Valdimarsson.

Nd. 207. Frumvarp til laga [63. mál]

um síldarleit úr lofti.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Halda skal uppi síldarleit fyrir Norður- og Austurlandi vor- og sumarmánuðina, eftir því sem nánar verður ákveðið af síldarleitarnefnd og síldarleitarstjóra.

2. gr.

Atvinnumálaráðherra skipar þriggja manna nefnd, sem skal hafa yfirstjórn síldarleitarinnar með höndum. Skal einn nefndarmanna skipaður samkvæmt tilnefningu stjórnar síldarverksmiðja ríkisins, annar samkvæmt tilnefningu síldarútvegsnefndar og hinn þriðji samkvæmt tilnefningu stjórnar fiskimálasjóðs. Ráðherra skipar formann. Nefndin ber nafnið síldarleitarnefnd og skal vera ólaunuð.

3. gr.

Síldarleitarnefnd ræður síldarleitarstjóra og setur honum erindisbréf.

Síldarleitarstjóri ræður starfsmenn síldarleitarinnar og flugvélar og skal að öðru leyti hafa með höndum daglega stjórn síldarleitarinnar í samráði við síldarleitarnefnd. Hann skal dveljast á Siglufirði eða Raufarhöfn um síldarleitartímann. Má hann ekki hafa önnur störf með höndum á tímabilinu, sem síldarleitin stendur yfir.

4. gr.

Í júnímánuði ár hvert skulu síldarverksmiðjur ríkisins, síldarútvegsnefnd og fiskimálasjóður leggja fram kr. 100000.00 hver aðili til að standa straum af kostnaði vegna síldarleitarinnar, en endanlegur kostnaður vegna hennar skal gerður upp af síldarleitarstjóra þegar að lokinni síldarvertíð, og skal honum eigi síðar en um hver áramót jafnað þannig niður á eftirtalda aðila:

Fiskimálasjóður greiði ⅓ hluta kostnaðar vegna síldarleitarinnar (með kostnaði teljast laun síldarleitarstjóra, sem síldarleitarnefnd ákveður), en ⅔ hlutum kostnaðarins sé jafnað niður á síldarútvegsnefnd og síldarverksmiðjur, sem reknar eru á svæðinu frá Horni að Djúpavogi, sbr. 1. gr. Við þá skiptingu skal tunnu- og málafjöldi herpinótasíldar lagður saman, og sé ein tunna uppsaltaðrar síldar til útflutnings látin jafngilda einu máli síldar til bræðslu. Skal hver aðili greiða í réttu hlutfalli við þann tunnu- og málafjölda, sem hann hefur tekið á móti til verkunar og vinnslu viðkomandi síldarvertíð.

Síldarútvegsnefnd greiði allt gjaldið af saltsíldinni, en síldarverksmiðjurnar hver um sig í hlutfalli við þann málafjölda, sem þær hafa tekið á móti til vinnslu viðkomandi sumar.

Komi í ljós við endanlega skiptingu kostnaðarins, að einhver hinna þriggja aðila, fiskimálasjóður, síldarútvegsnefnd eða síldarverksmiðjurnar, hafi greitt meira en þeim bar samkvæmt endanlegri niðurjöfnun, skal þeim endurgreidd umframgreiðslan, enda greiði þeir til viðbótar upphaflegri greiðslu, ef endanleg niðurjöfnun samkvæmt framangreindum reglum sýnir, að þeim beri að gera það.

5. gr.

Þegar síldarleitargjöld eru fallin í gjalddaga samkvæmt 4. gr., má innheimta þau með sama hætti og opinber gjöld, og skal sýslumönnum og bæjarfógetum skylt að gera það, ef síldarleitarstjóri beiðist þess.

6. gr.

Atvinnumálaráðherra ákveður samkvæmt tillögum síldarleitarnefndar, hvort nota skuli dulmálslykla við fréttasendingar síldarleitarinnar.

7. gr.

Nú hefur atvinnumálaráðherra ákveðið, að fréttasendingar síldarleitarinnar skuli fara fram á dulmáli, og skal síldarleitarstjóri þá útbúa dulmálslykil og afhenda hann starfsmönnum síldarleitarinnar sem trúnaðarmál, svo og stjórn Landssíma Íslands og landhelgisgæzlunni.

Enn fremur skal afhenda skipstjórum á íslenzkum síldveiðiskipum slíkan dulmálslykil.

Skal þeim aðilum, sem fréttir fá á dulmáli frá síldarleitinni, skylt að fara með þær sem trúnaðarmál.

Varða brot gegn ákvæðum þessarar greinar sektum frá 500.00 til 10000.00 krónum. Sektarfé renni í ríkissjóð.

Ef sakir eru miklar eða ef brot er margítrekað, er heimilt að svipta hinn brotlega dulmálslyklinum og innsigla talstöð hans.

Kostnaður vegna dulmálslykla telst til síldarleitarkostnaðar.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **208. Frumvarp til laga** **[111. mál]**

um breyting á lögum nr. 16 12. marz 1947, um menntun kennara.

Flm.: Jónas Rafnar, Gylfi Þ. Gíslason.

1. gr.

1. málsl. 38. gr. laganna orðist svo:
Stofna skal húsmæðrakennaraskóla.

2. gr.

39. gr. laganna orðist svo:
Þegar skólinn fær eigið húsnæði, skal þar vera heimavist fyrir nemendur, er búa sig undir kennarastörf við húsmæðraskóla.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Síðan húsmæðrakennaraskóli Íslands tók til starfa á árinu 1942, hefur hann verið til húsa í háskólakjallaranum. Nú bendir allt til þess, að háskólinn þurfi sjálfur á þessu húsnæði að halda strax á næsta ári. Kemst húsmæðrakennaraskólinn þá ekki hjá því að víkja og verða sér úti um annan húsakost.

Húsmæðrakennaraskólinn hefur merku hlutverki að gegna og því nauðsynlegt, að hann búi við sem bezt starfsskilyrði. Allt frá því er skólinn tók til starfa, mun hafa verið gert ráð fyrir því, að hann fengi eigið húsnæði eins og aðrar menntastofnanir landsins. Af ýmsum ástæðum hefur þó dregizt að byggja yfir skólann.

Á árinu 1943 var byggður húsmæðraskóli á Akureyri. Þar sem enn hefur ekki verið reist heimavist fyrir skólann, hefur mjög dregið úr aðsókn að honum nú síðari árin. Skólahúsið er vandað, búið fullkomnustu eldhústækjum og í alla staði vel úr garði gert. Skólanum fylgir stór lóð og góð aðstaða til garðræktar.

Í desembermánuði s. l. sendi skólanefnd Húsmæðraskóla Akureyrar menntamálaráðuneytinu eftirfarandi fundarsamþykkt:

„Verði áframhald á því, að ekki verði hægt að halda uppi húsmæðrakennslu við skólann sökum nemendafæðar, skorar nefndin á ráðuneytið að flytja húsmæðrakennaraskólann til Akureyrar, og fái hann húsnæði skólans til afnota, enda verði um það samið og gerður samningur milli hlutaðeigandi aðila."

Yrði horfið að því ráði að flytja húsmæðrakennaraskólann til Akureyrar í húsakynni húsmæðraskólans, sparaðist kostnaður af nýrri byggingu. Þá yrði á skömmum tíma og með hægu móti unnt að leysa, að minnsta kosti í bili, húsnæðisvandræði bæði húsmæðrakennaraskólans og háskólans. Á húsi Húsmæðraskóla Akureyrar þyrfti aðeins að gera lítils háttar innanhússbreytingar til þess að fullnægja þörfum húsmæðrakennaraskólans.

VI. kafli laga nr. 16 frá 12. marz 1947 fjallar um húsmæðrakennaraskóla. Þar er tekið fram, að húsmæðrakennaraskóli skuli starfa í Reykjavík. Með frumvarpi þessu er lagt til að fella þetta ákvæði niður, svo að fræðslumálastjórnin geti ákveðið skólanum stað utan Reykjavíkur og nágrennis, ef æskilegt teldist. Eins og nú er háttað, virðist engin ástæða til þess að binda skólahaldið við Reykjavík, sízt af öllu, ef unnt er svo til þegar í stað að leysa húsnæðisvandræði stofnunarinnar á viðhlítandi hátt með því að leita út fyrir höfuðstaðinn.

Nd. 209. Nefndarálit [94. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 83 26. nóv. 1948, um skattfrelsi vinninga o. fl. varðandi happdrættislán ríkissjóðs.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta og mælir með því einróma, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 27. nóv. 1953.

Skúli Guðmundsson, form. Jóhann Hafstein, fundaskr. Jón Pálmason, frsm.
Gylfi Þ. Gíslason. Páll Þorsteinsson.

Nd. 210. Nefndarálit [73. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 93 19. júní 1933, um víxla.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. Var það sent til Landsbanka Íslands til umsagnar. Telur hann breytingar þær, „er frv. þetta gerir ráð fyrir, bæði eðlilegar og réttlátar". — Nefndin leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 27. nóv. 1953.

Skúli Guðmundsson, form. Jóhann Hafstein, fundaskr., frsm. Jón Pálmason.
Gylfi Þ. Gíslason. Páll Þorsteinsson.

Nd. 211. Nefndarálit [74. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 94 19. júní 1933, um tékka.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. Landsbanki Íslands mælir með samþykkt þess. Nefndin leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 27. nóv. 1953.

Skúli Guðmundsson, form. Jóhann Hafstein, fundaskr., frsm. Jón Pálmason.
Gylfi Þ. Gíslason. Páll Þorsteinsson.

Nd. 212. Nefndarálit [51. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 22 19. marz 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Frv. þetta er fram borið til staðfestingar á bráðabirgðalögum, sem út voru gefin 20. apríl s. l. Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 27. nóv. 1953.

Skúli Guðmundsson, form., frsm. Jóhann Hafstein, fundaskr. Jón Pálmason.
Gylfi Þ. Gíslason. Páll Þorsteinsson.

Nd. 213. Nefndarálit [18. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 13 frá 20. okt. 1905, um rithöfundarétt og prentrétt.

Frá menntamálanefnd.

Með stofnun Bernarsambandsins var komið á víðtækri alþjóðasamvinnu um gagnkvæma vernd höfundaréttar. Samkvæmt lögum nr. 74 1947 gerðist Ísland aðili að Bernarsambandinu. En allmörg ríki, þ. á m. Bandaríkin, hafa ekki tekið þátt í þeirri alþjóðasamvinnu á þessu sviði, sem stofnað var til með Bernarsáttmálanum.

Menningar- og vísindastofnun Sameinuðu þjóðanna beitti sér fyrir því, að gerður yrði nýr milliríkjasamningur um vernd höfundaréttar. Leiddi það til þess, að á síðast liðnu ári var undirritaður nýr allsherjarsamningur um höfundarétt. Með þeim samningi er stofnað til gagnkvæmrar verndar höfundaréttar í fleiri löndum en Bernarsambandið tekur til.

Nú þegar hefur verið samþykkt í sameinuðu þingi svo hljóðandi ályktun: „Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gerast fyrir hönd Íslands aðili að allsherjarsamningi þeim um höfundarétt, er gerður var í Geneve 6. sept. 1952.“ Með þessari ályktun er það ákveðið, að Ísland gerist aðili að þessum allsherjarsamningi.

Frv. þetta felur í sér þá breytingu á lögum um rithöfundarétt og prentrétt, sem gera verður, til þess að þau lög samrýmist hinum nýja allsherjarsamningi um höfundarétt. Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt.

Einn nefndarmanna (HV) var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 25. nóv. 1953.

Gunnar Thoroddsen, form. Páll Þorsteinsson, fundaskr., frsm. Halldór Ásgrímsson.
Kjartan J. Jóhannsson.

Ed. 214. Nefndarálit [87. mál]

um frv. til l. um löggilta endurskoðendur.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og leggur einróma til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 27. nóv. 1953.

Hermann Jónasson, form. Lárus Jóhannesson, fundaskr., Guðm. Í. Guðmundsson, frsm.
Páll Zóphóníasson. Sigurður Ó. Ólafsson.

Ed. 215. Nefndarálit [57. mál]

um frv. til laga um framkvæmd á heilsugæzlukafla laga um almannatryggingar, nr. 50/1946, og um afnám iðgjalda hinna tryggðu samkv. þeim lögum.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á nokkrum fundum og athugað, hvaða áhrif það mundi hafa m. a. á afgreiðslu fjárlaga og afkomu ríkissjóðs, ef samþykkt yrði. Við þá athugun kom í ljós, að með því að færa iðgjaldagreiðslu hinna tryggðu yfir á ríkissjóðinn, mundi það eitt hækka útgjöld ríkissjóðs um allt að 33 millj. kr. Ættu almannatryggingarnar auk þess að taka við allri heilsugæzlunni í landinu og kostnaðurinn af henni að greiðast að fullu úr ríkissjóði, eins og til er ætlazt í frv., mundi það til viðbótar auka útgjöld ríkissjóðs um nærri 30 millj. kr., svo að þessi kostnaður fyrir ríkissjóðinn yrði samtals rúmlega 60 millj. kr. á næsta ári og fara væntanlega eitthvað hækkandi, ef frv. yrði samþykkt óbreytt. Þá er og vitað, að endurskoðun almannatryggingalaganna verður að fara fram á næsta ári, þar sem í þeim eru mörg veigamikil atriði, sem eiga að koma til framkvæmda í byrjun ársins 1955 og kosta allmikil útgjöld, ef þau verða látin koma til framkvæmda, svo sem fyrir er mælt í lögunum, auk þess, sem óhjákvæmilegt er að endurskoða mörg þau atriði í lögunum, sem verið er að framkvæma, og breyta þeim í samræmi við þá reynslu, sem fengizt hefur á undanförnum árum. Þar sem telja má öruggt, að þessi endurskoðun verði látin fara fram á næsta ári, og hér er um að ræða víðtækar breytingar, þykir rétt, að þær verði athugaðar samfara þeirri heildarendurskoðun, sem væntanleg er, og leggur nefndin þess vegna til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að sýnt þykir, að fram verði látin fara heildarendurskoðun á lögum um almannatryggingar á næsta ári, en frv. það, sem hér um ræðir, raskar verulega grundvallaratriðum gildandi tryggingalaga, þykir deildinni ekki rétt að samþykkja nú svo víðtækar breytingar á lögunum, heldur beri að gefa þeim aðilum, sem falin verður heildarendurskoðunin, tækifæri til að kynna sér tillögurnar og áhrif þeirra á tryggingamálin og gera um þær tillögur til Alþingis, áður en það tekur efnislega afstöðu til þeirra, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 28. nóv. 1953.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form. Ingólfur Flygenring, fundaskr. Gísli Jónsson, frsm.
Karl Kristjánsson. H. Guðmundsson.

Nd. 216. Breytingartillögur [2. mál]

við brtt. á þskj. 205 [Firmu og prókúruumboð].

Frá minni hl. allsherjarnefndar (JörB og ÁB).

Við 1. tölul.:

1. Stafliður a. (1. gr.) orðist svo:
   Lögreglustjórar og í Reykjavík borgarfógeti skulu, hver í sínu lögsagnarumdæmi, annast skráningu atvinnurekstrar, sem skylt er eða heimilt að skrá hér á landi. Skráningarstjóri merkir í lögum þessum hlutaðeigandi lögreglustjóra eða borgarfógetann í Reykjavík.
2. Stafliður b. (2. gr.) orðist svo:
   Halda skal hlutafélagaskrár samkvæmt lögum um hlutafélög og samvinnufélagaskrár samkvæmt lögum um samvinnufélög. Firmaskrár skal halda um firmu annarra félaga og einstakra manna, sem skráð eru samkvæmt lögum þessum.
   Ráðherra setur nánari reglur um skrár þær, sem í 1. mgr. getur.

Nd. 217. Breytingartillaga [91. mál]

við frv. til laga um kristfjárjarðir og jarðir í fátækraeign.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 5. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
Kristfjárjarðir og jarðir í fátækraeign, sem lög þessi taka til, eru:

Ed. 218. Nefndarálit [4. mál]

um frv. til l. um framlenging á gildi III. kafla l. nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Frv. þetta er komið frá Nd. og tók þar nokkrum breytingum, en efni þess er framlenging á söluskatti þeim, sem gilt hefur undanfarin ár. Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Minni hl. (HG) mun skila sérstöku áliti, en meiri hl. lítur svo á, að ríkissjóður megi ekki með neinu móti missa þær tekjur, sem frv. gerir ráð fyrir, og leggur því til, að það verði samþykkt. Hins vegar mun hann taka til nánari athugunar fyrir 3. umr., hvort einhverra breytinga kunni að vera þörf, og bera þá ef til vill fram brtt.

Alþingi, 30. nóv. 1953.

Bernh. Stefánsson, form., frsm. Lárus Jóhannesson, fundaskr. Gísli Jónsson.

Karl Kristjánsson.

Sþ. 219. Tillaga til þingsályktunar [112. mál]

um rannsókn byggingarefna.

Flm.: Ásgeir Bjarnason, Vilhjálmur Hjálmarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta rannsaka í samráði við teiknistofu landbúnaðarins, hvort fá megi ódýrara og hentugra byggingarefni en nú er notað í hlöður, geymslur, peningshús o. fl., og að greiða fyrir innflutningi á því eftir þörfum, ef fáanlegt reynist.

Greinargerð.

Allt frá því, er fyrstu landnemarnir vörpuðu öndvegissúlum sínum fyrir borð og tóku sér bólfestu að þeirra tilvísan, og fram undir síðustu aldamót byggðu landsmenn hús sín að mestu úr innlendu efni, mýratorfi og grjóti. Fyrr á öldum var einnig nokkuð notað af íslenzkum skógi. Ávallt hefur þó verið flutt inn mikið af timbri. Forfeðurnir voru snillingar í því að hagnýta hið innlenda byggingarefni.

Á þessari öld hefur orðið gerbreyting í húsagerð hér á landi, og ný byggingarefni hafa rutt sér til rúms. Torfbyggingar koma nú vart til greina, og ber hvort tveggja til, dýrt vinnuafl og skortur verkkunnáttu á þeim sviðum.

Með stóraukinni vélanotkun í landbúnaði hefur ræktun aukizt mjög og bústofn vaxið. Samhliða eykst byggingarþörfin í sveitum landsins hröðum skrefum. Vélarnar þurfa húsaskjól, ef notagildi þeirra og ending á að verða viðunandi. Aukning heyfengs og annars jarðargróða krefst aukins húsakosts, stækkun bústofns slíkt hið sama.

Allt kostar þetta ærna fjármuni, ekki sízt peningshúsin. Það er naumast á færi efnaminni bænda að byggja yfir gripi sína, þegar það kostar allt að því þrjú kýrverð að byggja yfir kúna, eða tvö ærverð yfir kindina, eins og dæmi eru til í vönduðum gripahúsum úr steinsteypu.

En er ekki hægt að byggja húsin úr járn- eða aluminiumplötum á málmgrind, sem auðvelt væri að setja saman? Gætu þá heimamenn unnið að uppsetningu að mestu eða öllu án dýrrar aðkeyptrar vinnu.

Fjöldi bænda verður að stofna sér í fjárhagslega hættu til þess að koma upp viðhlítandi húsakosti yfir fjölskyldu sína og hinar ýmsu greinar búrekstrarins. Árlega er varið í þessu skyni mörgum milljónum króna. Það er því ekki einungis hagur bændastéttarinnar, að hægt sé að koma upp varanlegum húsum á ódýrari hátt en verið hefur; það er einnig þjóðarhagur.

Um langan aldur lifði þjóðin að mestu á sveitabúskap. Enn er landbúnaðurinn snar þáttur í atvinnulífinu og framleiðsluvörur hans á hvers manns borði. Hagkvæm lausn byggingarmálanna mundi hafa æskileg áhrif á gæði og verðlag landbúnaðarframleiðslunnar. Það er því fyllilega tímabært, að þessi mál séu rannsökuð til hlítar.

Sþ. 220. Tillaga til þingsályktunar [113. mál]

um endurskoðun skólalöggjafarinnar.

Flm.: Karl Kristjánsson, Skúli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa þriggja manna nefnd til þess að gera heildarendurskoðun á skólalöggjöf landsins og framkvæmdareglum hennar. Skal þess óskað, að Samband íslenzkra barnakennara og Samband framhaldsskóla-

kennara bendi sameiginlega á einn mann í nefndina, en tveir nefndarmennirnir skulu skipaðir án ábendingar.

Lögð skal á það áherzla við endurskoðun þessa að leita á grundvelli fenginnar reynslu af skipun skólamálanna í landinu fyrirkomulags, er sé hvort tveggja í senn: vænlegra til giftusamlegs uppeldis fyrir æskuna og kostnaðarminna fyrir þjóðfélagið en það fyrirkomulag, sem nú gildir.

Nefndin skili áliti og tillögum til ríkisstjórnarinnar svo fljótt sem við verður komið.

Greinargerð.

Hin núgildandi almenna skólalöggjöf er frá árinu 1946. Hún hefur sætt mikilli gagnrýni og almennri, enda varð hún til undir áhrifum óvenjulegra tíma í lífi þjóðarinnar.

Gagnrýnin hefur verið margþætt. Forsvarsmenn löggjafarinnar hafa yfirleitt svarað henni og kröfum um breytingar á skipun skólamálanna með þeirri meginröksemd, að reynslutíminn sé ekki orðinn nógu langur til þess, að um löggjöfina verði dæmt og árangur hennar.

Þessi röksemd forsvarsmannanna hefur fram undir þetta haft við nokkurn sannleika að styðjast. En nú er gildistími laganna orðinn svo langur, að röksemdin stenzt ekki lengur, og það er áreiðanlega tímabært að taka þau til rækilegrar endurskoðunar. Óviturlegt er og skaðlegt að láta galla þá, sem í ljós eru komnir, og aðra, sem finnanlegir kunna að vera, vinna tjón um lengri tíma, þjóðlífið laga sig eftir þeim og vanann ef til vill fela þá.

Mikið er í veði, þar sem er uppeldi þjóðarinnar. Flm. þessarar tillögu telja, að t. d. sé í ljós komið:

að skólaskylduárin séu of mörg,

að skólasetan ár hvert í barnaskólum þéttbýlisins sé of löng,

að kerfisbinding kennslu og námsefna sé of mikil,

að hagnýtt nám til undirbúnings þátttöku í atvinnulífi þjóðarinnar sé vanrækt.

Allt eru þetta undirstöðuatriði — og nefnd sem dæmi um þörf endurskoðunar og lagfæringar.

Kostnaðurinn við framkvæmd skólalöggjafarinnar er enn fremur orðinn ískyggilega mikill. Hann hækkar ár frá ári á fjárlögum ríkisins. En auk útgjalda ríkissjóðs er bæði kostnaður sveitarfélaga og kostnaður nemendanna eða aðstandenda þeirra. — Sú hlið málanna krefst einnig endurskoðunarinnar.

Flm. leggja til, að endurskoðunin verði falin þrem mönnum; álíta ekki til bóta að hafa nefndina fjölmennari. Þeir telja eðlilegt og heppilegt, að samtök kennara velji einn nefndarmanninn úr sínum hópi, en hins vegar gera þeir helzt ráð fyrir, þótt ekki sé það sett í tillöguna, að tveir nefndarmennirnir verði valdir utan kennarasamtakanna. Geta þá gagnrýnendur ekki tortryggt nefndina um, að atvinnusjónarmið kennarastéttarinnar séu þar í meiri hluta.

Nd. 221. Breytingartillaga [91. mál]

við frv. til laga um kristfjárjarðir og jarðir í fátækraeign.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 2. gr. Á eftir orðunum „ábúðarlögum“ í 2. málsgr. kemur: eða á erfðaleigu.

Nd. **222. Frumvarp til laga** [114. mál]

um Sjóvinnuskóla Íslands.

Flm.: Gils Guðmundsson.

1. gr.

Á Íslandi skal vera skóli, er hefur það hlutverk að veita ungum mönnum, sem ætla sér að gerast sjómenn, verklega undirstöðumenntun í sjómannsstörfum, bæði á fiskiskipum og kaupskipum.

2. gr.

Skólinn heitir Sjóvinnuskóli Íslands. Heimili hans er í Reykjavík.

3. gr.

Í skólanum skal kenna: bátaæfingar, róður, siglingu og stjórn vélbáta, meðferð kaðla og víra, viðhald skips, reiða og fargagna, frumatriði um byggingu skips, máttarviði, aðalhluta og sundurhólfun, stýrisútbúnað, legufæri og losunartæki, frumatriði siglingafræði, ágrip af siglingareglum, notkun handlóðs, skriðmælis og lóðvindudjúpmælis. Veitt skal fræðsla um veiðarfæri, uppsetningu þeirra, viðgerð og viðhald. Kennd skulu undirstöðuatriði um meðferð og gæzlu smábátavéla, nemendum gerð grein fyrir eldsvoðahættu um borð í skipum og leiðbeint um eldvarnir. Kennd skal dagleg notkun móðurmálsins, einkum varðandi bréfaskriftir, skeytasendingar, skýrslugerð og stöðuumsóknir. Nemendum skal leiðbeint um hjálp í viðlögum, kennd frumatriði í þjóðfélagsfræði og gerð grein fyrir helztu lögum og reglugerðum, er snerta sjómannsstarfið. Æfð skal leikfimi og sund, einkum björgunarsund. Nemendum skal leiðbeint um fataþvott og fataviðgerðir, hirðingu herbergja og aðstoðarstörf í eldhúsi.

Enn fremur skulu nemendum með fyrirlestrum og á annan hátt kynnt helztu siglingatæki (bergmálsdýptarmælir, miðunarstöð, talstöð, ratsjá, fisksjá o. s. frv.) og leiðbeint um vita og sjómerki. Þeim skal einnig með fyrirlestrum gerð grein fyrir mikilvægi sjávarútvegs og siglinga.

4. gr.

Siglingamálaráðuneytið ræður hæfan mann til að veita skólanum forstöðu og hafa kennslu með höndum. Áður en það embætti er veitt, skal ráðuneytið hafa leitað tillagna Farmanna- og fiskimannasambands Íslands. Ráðuneytið ræður einnig tvo fasta kennara við skólann, svo og stundakennara og aðstoðarkennara eftir þörfum, í samráði við forstöðumann skólans. — Laun forstöðumanns og fastráðinna kennara skulu ákveðin í launalögum, en laun tímakennara ákveður siglingamálaráðuneytið.

5. gr.

Skólinn er undir umsjá þriggja manna skólanefndar. Skipar siglingamálaráðherra formann hennar, Farmanna- og fiskimannasambandið tilnefnir einn nefndarmann, en forstöðumaður skólans skal jafnan vera þriðji nefndarmaður. Skólanefnd skal hafa á hendi eftirlit og umsjá með rekstri skólans samkvæmt nánari reglum, er siglingamálaráðherra setur.

6. gr.

Útgjöld við rekstur skólans greiðist úr ríkissjóði samkvæmt fjárveitingu á fjárlögum.

7. gr.

Skólinn skal hafa aðalaðsetur í Reykjavík, og þar skal a. m. k. haldið eitt sjóvinnunámskeið ár hvert, en tvö eða fleiri, ef ástæður þykja til. Jafnframt ber skólanum að koma upp hliðstæðum námskeiðum í helztu kaupstöðum og útgerðar-

stöðum landsins svo oft sem ástæður þykja til og möguleikar leyfa. Skulu slík námskeið eigi færri árlega en eitt í hverjum landsfjórðungi. Hinir föstu kennarar skólans veita námskeiðum þessum forstöðu til skiptis, en heimafengnir kennslukraftar skulu hagnýttir eftir föngum. Forstöðumaður sjóvinnuskólans og skólanefnd sjá um framkvæmd námskeiðanna í samráði við bæjar- og sveitarstjórnir á hverjum stað. — Siglingamálaráðuneytið setur reglur um námskeið þessi, að fengnum tillögum forstöðumanns skólans.

8. gr.

Hvert námskeið skal standa þrjá mánuði hið skemmsta, og fær enginn prófvottorð frá skólanum, sem þar hefur stundað nám skemmri tíma.

9. gr.

Rétt til inntöku í skólann á hver sá unglingur, sem lokið hefur barnaskólaprófi og orðinn er fullra 14 ára, enda sé hann ekki haldinn neinum næmum sjúkdómi.

10. gr.

Próf skal haldið að loknu hverju námskeiði, og skal siglingamálaráðuneytið setja um það reglur, að fengnum tillögum forstöðumanns skólans. Hverjum nemanda, er stenzt prófið, skal afhent prófvottorð.

11. gr.

Þeir, sem lokið hafa prófi frá sjóvinnuskólanum, skulu hafa forgangsrétt umfram óvana menn til hásetastarfa á íslenzkum farþega- og fiskiskipum, 40 lesta og stærri. Skulu skráningarstjórar sjá um, að þessu ákvæði sé framfylgt.

12. gr.

Námstími í sjóvinnuskólanum gildir sem hluti af siglingatíma þeim, sem krafizt er lögum samkvæmt til inntöku í stýrimannaskólann í Reykjavík.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Íslendingar hafa átt því láni að fagna að eiga röska og vel verki farna sjómannastétt. Íslenzkir sjómenn hafa sýnt með afköstum sínum og öllu starfi, að þeir hafa staðið stéttarbræðrum sínum í öðrum löndum fyllilega á sporði, og er þá ekki fast að orði kveðið. Svo hefur jafnan verið á liðnum tímum, að eldri kynslóð kenndi hinni yngri öll algeng störf, bæði til sjávar og sveita. Þeir æskumenn, sem ólust upp við sjávarsíðu, hófu þegar á ungum aldri þátttöku í störfum hinna fullorðnu og kynntust því snemma öllum verkshátium til sjávar. Var það algengt, að drengir kynnu algeng sjávarstörf um fermingaraldur, og töldust því fullgildir í skiprúm, þegar er þeir höfðu líkamsburði til. Reyndist þeim auðvelt að ná fullum tökum á starfinu, þegar undirstaðan hafði verið rétt lögð og nægilega snemma.

Á síðari tímum hafa orðið gagngerar breytingar á íslenzku þjóðlífi, eigi sízt vegna aukinnar tækni og sérhæfingar, sem einkennir vora tíma. Hins er ekki að dyljast, að þróun þjóðfélagsins hefur átt drjúgan hlut að því að beina hug og hönd æskufólks frá framleiðslustörfum og í aðrar áttir. Nú er, sem betur fer, af sú tíð, er vel gefnir unglingar áttu þess engan kost að afla sér æskilegrar þekkingar og fræðslu í þeim menntum, sem á bók verða lærðar. Hitt þykir mörgum nokkurt íhugunarefni, hvort ekki sé stefnt út í gagnstæðar öfgar, þar eð allt æskufólk, hvort sem það er til bóknáms fallið eða ekki, er að lögum keyrt á skólabekki og þrýst til bóknáms um langt árabil. Hefur á síðustu árum vaknað skilningur á því, að í þessu efni sé nokkurra breytinga þörf. Af þeim sökum er það, að undanfarið hefur verið

mikið rætt og ritað um svonefndar verknámsdeildir í skólum landsins. Er sú skoðun tekin að ryðja sér mjög til rúms, að naumast verði öllu lengur við það unað, að bóknám sé allsráðandi í skólum og börn og unglingar kynnist að litlu eða engu leyti hagnýtum störfum við atvinnuvegi landsmanna. Svo er ráð fyrir gert í hinu viðamikla fræðslukerfi, sem nú hefur gilt um skeið, að innan ramma þess sé verknámsdeildum ætlað nokkurt rúm. Hins vegar verður enn lítið vart verknámsdeilda þessara, og mun þess að öllum líkindum langt að bíða, að þær komist á fót víðs vegar um land og í sæmilegt horf.

Tala nemenda í skólum landsins mun nú vera um 30 þúsund á ári hverju. Þessi mikli fjöldi nemenda fær að mjög litlu leyti tilsögn í hagnýtum störfum, en hins vegar kynstrin öll af bóklegum fræðum. Er augljóst, að til vandræða horfir, ef allt æskufólk landsins er slitið úr tengslum við atvinnuvegina og kann lítt eða ekki til verka við þau störf, sem afkoma þjóðfélagsins byggist á. Eigi þjóðfélagið ekki að sporðreisast með öllu, hlýtur þó svo að fara, að meiri hluti hinnar uppvaxandi kynslóðar helgi sig framleiðslustörfum, þá er fram líða stundir.

Þess gætir nú í æ ríkari mæli, að ungir menn veigra sér við að gera sjómennsku sér að atvinnu, svo sem brýna nauðsyn ber þó til, eigi okkur Íslendingum að auðnast að halda hér uppi menningarþjóðfélagi og standa efnahagslega á eigin fótum. Ótrygg og léleg kjör, einkum á bátaflota landsmanna, eiga að sjálfsögðu verulegan þátt í þessu. Er í því efni brýnna umbóta þörf, þótt hér verði ekki farið lengra út í þá sálma. En önnur veigamikil ástæða til þessarar óheillavænlegu þróunar er þó vafalaust sú, að æskumenn eru nú fremur en áður slitnir úr beinum tengslum við þennan undirstöðuatvinnuveg þjóðarinnar. Þeir læra ekki lengur, eins og fyrri kynslóðir gerðu, sjóvinnustörfin á ungum aldri; huga þeirra er beint að öðrum efnum. Hefur sú þörf þó aldrei verið brýnni en nú, að sjómannaefni kynntust þegar í æsku hinum ýmsu hliðum sjómennskunnar. Því er svo varið um sjómennsku sem aðrar starfsgreinar, að stóraukin tækni hefur gert það nauðsynlegt, að nútíma sjómaður hafi til að bera margvíslega kunnáttu og þekkingu í starfi, ef hann á að geta talizt fullgildur verkmaður og vera fær um að skipa rúm sitt með sæmd.

Allir þeir, sem bera hag íslenzks sjávarútvegs fyrir brjósti, sjá, að hér stefnir í algert óefni, ef ekkert verður að gert. Einhver dýrmætasta eign þjóðarinnar er skipaflotinn og hin margvíslegu tæki, sem honum tilheyra. Þar er mikið fjármagn bundið, enda von mikils fjárafla, ef vel tekst til um rekstur. Það er því mikils virði frá þjóðhagslegu sjónarmiði, að skip og tæki séu jafnan að fullu hagnýtt og á þann veg, sem bezt verður á kosið. En til þess þarf verulega kunnáttu. Vel verki farin sjómannastétt hefur verið og hlýtur að verða einn af hyrningarsteinum íslenzks þjóðfélags. Því ber þjóðinni að sýna það í verki, að hún skilji mikilvægi þessarar starfsgreinar. Verður það eigi sízt gert með því að sjá svo um, að verðandi sjómenn eigi jafnan kost hinnar beztu fræðslu og menntunar, sem völ er á, svo að þeir geti fullkomlega sinnt mikilvægu hlutverki sínu. Að því ber að keppa, að íslenzkir sjómenn standi í framtíðinni, eigi síður en hingað til, jafnfætis eða framar starfsbræðrum sínum í öðrum löndum. Það er oss hvort tveggja í senn metnaðar- og hagsmunamál.

Svo er nú komið, að aðrar Norðurlandaþjóðir eru okkur Íslendingum fremri um flest það, er snertir fræðslu verðandi sjómanna á hinu verklega sviði. Hafa þær komið á fót hjá sér fullkomnum sjóvinnuskólum, þar sem hvorki er sparað til skólahúsa, kennslukrafta né nauðsynlegra tækja í þessu skyni.

Íslenzk sjómannastétt hefur sýnt það og sannað í baráttu við óblíð náttúruöfl á fiskimiðum og siglingaleiðum landsmanna, að hún á það fyllilega skilið, að vel sé að henni búið, bæði um launakjör og alla aðstöðu til að leysa þjóðnýt störf af höndum. Fullyrða má, að hver eyrir, sem veittur er til nauðsynlegrar fræðslu sjómannaefna, ávaxtist margfaldlega í bættri meðferð dýrra skipa og tækja.

Með það í huga, sem lauslega hefur verið drepið á hér að framan, væntir flutningsmaður, að háttvirtir alþingismenn geri sér ljósa nauðsyn þess, að hér verði

komið á fót fastri kennslu í sjóvinnu, þar sem unglingar eigi kost á að kynnast hinum fjölþættu störfum til sjávarins og nema þau undir leiðsögn hæfra manna. Í því trausti er hér flutt frumvarp til laga um stofnun og rekstur sjóvinnuskóla. Eins og fyrr getur, hafa bræðraþjóðir okkar á Norðurlöndum nú um skeið rekið slíka skóla, er þykja mjög nauðsynlegir og hafa unnið ómetanlegt gagn. Hefur flutningsmaður við samningu frumvarps þessa haft til hliðsjónar lög og reglugerðir um slíka skóla í Danmörku og Svíþjóð, „Statens Sömandsskoler" og „De godkendte, private Sömandsskoler" í Danmörku, en „Skolor för yrkesundervisning" í Svíþjóð, þar sem kennsla í sjóvinnu er einn veigamesti þátturinn. Voru einnig gerðar ráðstafanir til að afla slíkra gagna frá Noregi, en þrátt fyrir nokkrar tilraunir hafa þau ekki borizt. Virðist þó ekki ástæða til að fresta því lengur að bera fram frumvarp þetta, svo að það megi komast til umræðu og athugunar á yfirstandandi þingi.

Einstakar greinar frumvarpsins þurfa naumast mikilla skýringa við. Eins og frumvarpið ber með sér, eru þar engin ákvæði um skólabyggingar, enda telur flutningsmaður, að vel megi hefjast handa um skipulagða framkvæmd slíkra námskeiða sem hér um ræðir, án þess að efnt sé þegar í upphafi til sérstakrar húsagerðar í því skyni. Í Reykjavík mundi fyrst um sinn hægt að koma sjóvinnukennslunni fyrir að mestu leyti í sjómannaskólabyggingunni, og víðs vegar úti um land mundi einnig kleift að leysa húsnæðisvandamálið, a. m. k. til bráðabirgða. Er eðlilegt, að reynslan verði látin leiða í ljós, hvert gildi slík kennsla sem þessi muni hafa, áður en lagt verður í mjög tilfinnanlegan kostnað.

Í frumvarpi þessu er lagt til, að ríkið standi straum af kostnaði við skólahald þetta. Til greina kæmi að leggja á íslenzk skip vægt gjald, sem rynni til rekstrar skólans. Er sá háttur hafður á í Danmörku. Mætti t. d. ákveða, að hvert skráningarskylt skip, 100 rúmlestir eða stærra, greiddi til ríkissjóðs árlegt gjald, er næmi kr. 3.00—4.00 á rúmlest hverja, og yrði því fé varið til að standa straum af rekstri skólans.

Ákvæði 11. gr. frumvarpsins ber að skilja á þá leið, að þeir piltar, sem lokið hafa prófi frá sjóvinnuskóla, skuli hafa meiri rétt til atvinnu á íslenzkum skipum en aðrir nýliðar. Hins vegar þykir ekki fært að ætla þeim forgangsrétt, þá er í hlut eiga vanir sjómenn.

Nd. 223. Frumvarp til laga [115. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í alþjóðasamningi frá 5. apríl 1946 um möskvastærð fiskinetja og lágmarksstærðir fisktegunda, ásamt ákvæðum viðbætis við samninginn frá 2. apríl 1953.

(Lagt fyrir Alþingi á 73. löggjafarþingi, 1953.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða með auglýsingu í Stjórnartíðindum, að ákvæðin í alþjóðasamningi, sem undirritaður var í London þann 5. apríl 1946, milli Íslands, Belgíu, Danmerkur, Frakklands, Hollands, Írlands, Noregs, Póllands, Portúgals, Spánar, Svíþjóðar og Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands um möskvastærð fiskinetja og lágmarksstærðar fisktegunda, skuli ganga í gildi. Enn fremur er ráðherra heimilt að setja frekari reglur, er kynnu að vera nauðsynlegar til þess að framfylgja greindum samningi.

Samningurinn er prentaður í þýðingu á íslenzku með frumvarpi að lögum þessum ásamt fylgiskjölum.

2. gr.

Brot á reglum, sem settar verða samkvæmt 1. gr. laga þessara, varða sektum frá kr. 500.00 til kr. 20 000.00.

3. gr.

Með gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 77 21. desember 1937, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í samningi frá 23. marz 1937, um möskva fiskinetja og lágmarksstærð á fiski, og önnur ákvæði, sem fara kunna í bág við ákvæði nefnds samnings frá 5. apríl 1946.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR

um möskvastærð fiskinetja og lágmarksstærðir fisktegunda.

London, 5. apríl 1946.

Inngangur.

Ríkisstjórnir Belgíu, Danmerkur, Frakklands, Hollands, Írlands, Íslands, Noregs, Póllands, Portúgals, Spánar, Svíþjóðar og Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands (sem hér eftir er nefnd ríkisstjórn Bretlands í þýðingu þessari), hafa gert með sér svofelldan samning um möskvastærð fiskinetja og lágmarksstærðir fisktegunda:

I. KAFLI

Til hvers samningurinn nær.

1. gr.

Svæði það, er samningur þessi nær til, skal vera allt hafið innan Norður-Atlantshafs og Norðurishafs og aðliggjandi höf, norðan 48. norðurbreiddarbaugs og milli 42. vesturlengdarbaugs og 32. austurlengdarbaugs, að undanteknu Eystrasalti og Beltunum sunnan og austan línu, sem hugsast dregin frá Hasenörehöfða til Gnibenhöfða, frá Korshage til Spodsbjerg og frá Gilbjerghöfða til Kullen.

2. gr.

Ekkert atriði samnings þessa skal túlkað á þá leið, að það dragi úr forréttindum skipa, sem skráð eru í löndum samningsaðila eða eru eign þjóðborgara þeirra, til þess að stunda veiðar á hafsvæðum, þar sem samningsríkin hafa ein lögsögu um fiskveiðar.

3. gr.

Ekkert atriði samnings þessa skal túlkað á þá leið, að það dragi úr kröfum samningsríkja að því er varðar landhelgistakmörk.

II. KAFLI

Reglur um möskvastærð fiskinetja og lágmarksstærðir fisktegunda.

4. gr.

Að höldnum ákvæðum 8., 10. og 16. (2. mgr.) greina, skulu ákvæði samnings þessa ná til allra skipa samningsríkja, hvort sem þau stunda veiðar innan hafsvæða þar sem samningsríki hefur eitt lögsögu yfir fiskveiðum, eða utan slíkra hafsvæða.

5. gr.

Bannað er að hafa innanborðs eða nota á nokkru skipi botnvörpur, dragnet eða annars konar net, er draga má eða toga við botn eða nærri botni, með möskvum, sem eru minni en þeir, sem tilgreindir eru í 1. fylgiskjali samnings þessa.

6. gr.

Hvað sem ákvæðum 5. greinar líður, mega þó skip, er veiða makríl, síld og skyldar tegundir, gulllax, ál, fjörsung (Trachinus draco), rækjur, kampalampa, leturhumar eða lindýr, hafa innanborðs og nota net með smærri möskvum en þar greinir, með þeim skilyrðum, (a) að slík veiðarfæri noti skipin ekki til þess að veiða aðrar tegundir fisks en hér greinir og (b) að öllum fiski, sem með þeim kann að veiðast og eigi nær lágmarksstærð þeirri, er lýst er í II. fylgiskjali samnings þessa, verði þegar eftir veiðina fleygt útbyrðis.

7. gr.

(1) Ekkert skip má við veiðar nota nokkurt það tæki, sem þrengir eða heftir á nokkurn hátt möskva þá, sem lýst er í 5. grein samnings þessa.

(2) Hvað sem ákvæðum undanfarandi málsgreinar líður, skal þó eigi teljast ólögmætt að festa striga, neti eða öðru efni undir poka botnvörpunets, í því skyni að forða eða draga úr sliti.

8. gr.

Bannað er öllum skipum að hirða nokkurn sjófisk þeirra tegunda, sem tilgreindar eru í II. fylgiskjali samnings þessa, ef fiskurinn er smærri en þar greinir um hverja tegund. Skal tafarlaust fleygja slíkum fiski fyrir borð. Þó er heimilt að geyma slíkan fisk um borð í því skyni að sleppa honum lifandi á öðrum fiskimiðum.

9. gr.

Sérhvert samningsríki skuldbindur sig til þess að banna með lögum innan sinna takmarka að leggja á land, selja, sýna eða láta falan nokkurn fisk, sem tilgreindur er í II. fylgiskjali samnings þessa, ef fiskurinn er smærri en þar greinir um hverja tegund og hefur verið veiddur á miðum þeim, sem tilgreind eru í 1. grein samnings þessa. Skiptir eigi máli, hvort slíkur fiskur er óskorinn, hausskorinn eða sundurskorinn á annan hátt.

10. gr.

Eigi ná ákvæði samnings þessa til fiskveiða í þágu vísindalegra rannsókna né til fisks, sem í slíkum veiðiferðum er veiddur, enda verði hann eigi seldur, sýndur eða látinn falur gegn ákvæðum 9. greinar.

11. gr.

Samningsríkin skuldbinda sig til þess að gera virkar ráðstafanir til þess að framfylgja ákvæðum samnings þessa og refsa fyrir brot gegn þeim, hvert innan sinna landamæra og gagnvart skipum, er frá þeim eru gerð út.

III. KAFLI
Skipun fastanefndar.

12. gr.

(1) Samningsríkis skipa hvert um sig einn fulltrúa eða tvo, ef þau óska þess, í fastanefnd.

(2) Nefndin kýs sér formann, annaðhvort úr hópi nefndarmanna eða annarra, sem tilnefndir kunna að verða. Sá nefndarmanna, sem kjörinn er til formennsku, skal þegar í stað hætta að vera fulltrúi ríkisstjórnar sinnar, og skal henni rétt að skipa fulltrúa sinn í hans stað.

(3) Nefndin setur sér fundarsköp og reglur um kjörtímabil formanns og kjör síðari formanna. Getur nefndin breytt fundarsköpum eftir því sem þurfa þykir, og nægir til þess meiri hluti atkvæða viðstaddra og atkvæðisbærra nefndarmanna. Formaður greiðir því aðeins atkvæði, að atkvæði séu að öðru leyti jöfn, og ræður atkvæði hans úrslitum.

(4) Hvert samningsríki skal ráða einu atkvæði í nefndinni um öll mál, er þessa grein varða. Skiptir eigi máli hvort nefndarmenn samningsríkis eru einn eða tveir, né hvor þeirra fer með atkvæðið.

(5) Nefndinni ber að athuga hvort æskilegt sé, að gera ákvæði samnings þessa víðtækari eða breyta þeim. Skal hún í þessu efni hafa samráð við Alþjóða-hafrannsóknaráðið, eftir því sem við verður komið.

(6) Ríkisstjórn Bretlands ber að kveðja nefndina samana til fyrsta fundar í Bretlandi, áður en tvö ár eru liðin frá því að samningur þessi kom til framkvæmda, og til síðari funda að fyrirlagi formanns. Ákveður nefndin stað og stund fyrir síðari fundina.

(7) Eigi skal nefndin halda fundi sjaldnar en þriðja hvert ár.

(8) Ríkisstjórn Bretlands skal tjá öllum samningsríkjum dagskrá fyrsta fundarins eigi síðar en mánuði áður en hann hefst.

(9) Formaður skal afhenda ríkisstjórn Bretlands fundargerðir nefndarfunda, og skal hún senda þær öllum ríkisstjórnum, sem fullgilt hafa samninginn eða gerzt aðilar að honum.

(10) Samningsríkin skuldbinda sig til að framkvæma þær ályktanir nefndarinnar um viðauka við eða breytingar á samningi þessum, sem einróma hafa verið samþykktar á nefndarfundi og ríkisstjórnir þær, sem eigi áttu fulltrúa á nefndarfundi, hafa fallizt á.

13. gr.

(1) Í samningi þessum merkir orðið „skip“:
  (a) öll skip eða báta, sem notuð eru til fiskveiða á sjó eða til vinnslu á sjófiski, eða
  (b) öll skip eða báta, sem að nokkru eða öllu leyti eru notuð til flutninga á sjófiski,

og skrásett eru í löndum samningsríkja eða eru í eigu þegna þeirra.

(2) Orðið „lönd“ (landsvæði) merkir, að því er til samningsríkjanna tekur:
  (a) heimaland ríkisins,
  (b) landsvæði, sem um er samið af hálfu ríkisstjórnar, samkv. 16. gr., og
  (c) hafsvæði þau, þar sem samningsríki hefur eitt lögsögu um fiskveiðar.

14. gr.

Fullgilda skal samning þennan svo fljótt sem auðið er, og skal hann ganga í gildi tveim mánuðum eftir að allar ríkisstjórnir þær, sem hann hafa undirritað, hafa lagt fram fullgildingarskjöl sín, eða fyrr, ef svo semst um milli ríkisstjórna þeirra, er fullgilt hafa samninginn eða gerzt aðilar að honum samkvæmt 15. grein, enda nær hann þá aðeins til þeirra.

15. gr.

(1) Allar ríkisstjórnir (nema stjórnir landsvæða, sem ákvæði 16. greinar ná til), sem eigi hafa undirritað samning þennan, geta gerzt aðilar að honum hvenær sem er eftir að hann hefur gengið í gildi samkvæmt ákvæðum 14. greinar. Aðild skal skriflega tilkynnt ríkisstjórn Bretlands og gengur í gildi þann dag, er tekið er við henni.

(2) Ríkisstjórn Bretlands skal skýra öllum ríkisstjórnum, sem undirritað hafa eða aðilar hafa gerzt að samningi þessum, frá öllum nýjum aðildartilkynningum og hvenær við þeim er tekið.

IV. KAFLI
Almenn ákvæði.

16. gr.

(1) Um leið og samningsríki undirritar eða fullgildir samning þennan eða síðar, er því heimilt að tilkynna ríkisstjórn Bretlands skriflega þá ósk sína, að samningurinn nái til tiltekinna eða allra nýlendna sinna, landsvæða erlendis, verndarsvæða

eða landsvæða, sem eru undir forráðum þess eða gæzluvernd. Skal samningurinn þá ná til allra þeirra landsvæða, sem getið er í slíkri tilkynningu, svo og til skipa, sem þar eru skrásett eða eru í eigu þarlendra eigenda, og gengur hann í gildi að þessu leyti þrem mánuðum eftir að ríkisstjórn Bretlands hefur tekið við tilkynningunni.

(2) Eigi skal samningurinn ná til framangreindra landsvæða, nema slík tilkynning sé gefin þar um.

(3) Samningsríki er hvenær sem er heimilt að tilkynna ríkisstjórn Bretlands það skriflega, að það óski þess að samningur þessi nái eigi lengur til tiltekinna eða allra nýlendna sinna, landsvæða erlendis, verndarsvæða eða landsvæða, sem eru undir forráðum þess eða gæzluvernd, sem tilkynnt hefur verið samkvæmt ákvæðum 1. málsgreinar þessarar greinar, að samningurinn nái til. Skal samningurinn þá hætta að ná til þargreindra landsvæða og til skipa, sem þar eru skrásett eða eru í eigu þarlendra eigenda, og gengur uppsögnin í gildi þrem mánuðum eftir að ríkisstjórn Bretlands hefur tekið við henni.

(4) Ríkisstjórn Bretlands ber að skýra öllum ríkisstjórnum, sem undirritað hafa eða gerzt hafa aðilar að samningi þessum, frá því, hverjar tilkynningar henni hafa borizt samkvæmt ákvæðum 1. og 3. málsgreinar þessarar greinar, og jafnframt á hvaða degi samningurinn gangi í gildi eða úr gildi, að því er varðar þargreind landsvæði, hvort sem við á.

17. gr.

Frá þeim tíma, er samningur þessi gengur í gildi, skulu ákvæði hans koma í stað ákvæða milliríkjasamningsins um möskvastærð fiskinetja og lágmarksstærðir fisktegunda, sem gerður var í London 23. marz 1937, að því leyti, sem samningsríki þau, er aðilar voru að þeim samningi hafa beitt þeim eða beita þeim.

18. gr.

Þegar þrjú ár eru liðin frá því að samningur þessu gekk í gildi samkvæmt ákvæðum 14. greinar, má segja honum upp með tilkynningu, er stíla skal til ríkisstjórnar Bretlands. Gengur uppsögnin í gildi, að því er snertir ríkisstjórn þá, er upp segir, þrem mánuðum eftir að uppsögninni var veitt móttaka, og ber ríkisstjórn Bretlands að skýra ríkisstjórnum annarra samningsríkja frá slíku.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa lögmætt umboð, skrifað undir samning þennan.

Gjört í London, 5. apríl 1946, í einu eintaki á ensku. Gera skal franskan texta samningsins, og þegar hann hefur náð samþykki samningsríkjanna, skal hann talinn hafa hið sama gildi og enski textinn. Ber síðan ríkisstjórn Bretlands að geyma báða textana í skjalasafni sínu.

Staðfest afrit samningsins skulu látin samningsríkjum og öðrum aðildarríkjum í té.

Fyrir hönd ríkisstjórnar Belgíu:
Charlier.
Fyrir hönd ríkisstjórnar Danmerkur:
P. F. Erichsen.
Fyrir hönd ríkisstjórnar Frakklands:
Pierre Tissier.
Fyrir hönd ríkisstjórnar Hollands:
D. J. van Dijk.
Dr. B. Havinga.
G. P. Baerends.
Fyrir hönd ríkisstjórnar Írlands:
J. D. Rush.
Fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands:
Stefán Þorvarðsson.
Árni Friðriksson.

Ad referendum.

Fyrir hönd ríkisstjórnar Noregs:
Jens Bull.
Fyrir hönd ríkisstjórnar Póllands:
Kaz. Petrusewicz.
Fyrir hönd ríkisstjórnar Portúgals:
Joao vaz M. d'Azevedo e Silva.
Fyrir hönd ríkisstjórnar Spánar:
José Miguel Ruiz Morales.
Fyrir hönd ríkisstjórnar Svíþjóðar:
N. E. Ihre.
Nils Rosén.
Fyrir hönd ríkisstjórnar Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands:
A. T. A. Dobson.
J. E. de Watteville.

Fylgiskjal I.

1. Á öllum hafsvæðum, sem samningur þessi nær til og tilgreind eru í 1. og 4. grein, nema þeim, sem frá greinir í 2. málsgrein þessa fylgiskjals, skal lágmarksmöskvastærð netja þeirra, sem um getur í 5. grein, vera slík, að þegar möskvar eru teygðir horna í milli eftir lengd netsins, komist flöt mælistika, 80 mm breið og 2 mm þykk, auðveldlega í gegn, þegar netið er vott.

2. Á miðum norðan 66° norðurbreiddar og austan Greenwichlengdarbaugsins og á Íslandsmiðum milli 68. og 62. norðurbreiddarbaugs og 28. og 10. vesturlengdarbaugs skal lágmarksmöskvastærð netja þeirra, sem um getur í 5. grein, vera slík, að þegar möskvar eru teygðir horna í milli eftir lengd netsins, komist flöt mælistika, 110 mm breið og 2 mm þykk, auðveldlega í gegn, þegar netið er vott.

Fylgiskjal II.

Fisktegundir þær, er 6., 8. og 9. grein samnings þessa gilda um, og minnsta stærð hverrar tegundar, er hirða má, landa, selja, sýna eða láta fala, eru sem hér segir:

Fisktegundir:	Lágmarksstærð heilla fiska, mæld frá granarbroddi að sporðblöku enda í sm.
Þorskur (Gadus callarias)	30
Ýsa (Gadus aeglefinus)	27
Lýsingur (Merluccius merluccius)	30
Skarkoli (Pleuronectes platessa)	25
Langlúra (Glyptocephalus cynoglossus)	28
Þykkvalúra (Microstomus kitt)	25
Tunga (Solea solea)	24
Sandhverfa (Scophthalmus maximus)	30
Sléttverfa (Scophthalmus rhombus)	30
Stórkjafta (Lepidorhombus whiff)	25
Lýsa (Gadus merlangus)	20
Sandkoli (Pleuronectes limanda)	20

VIÐBÆTIR

Ríkisstjórnir Belgíu, Danmerkur, Frakklands, Hollands, Írlands, Íslands, Noregs, Póllands, Portúgals, Spánar, Svíþjóðar og Sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands, sem gert hafa með sér samning um möskastærð fiskinetja og lágmarksstærðir fisktegunda, í London 5. apríl 1946, hafa gert sér það ljóst, að samkvæmt 14. grein nefnds samnings, skal hann ganga í gildi tveim mánuðum eftir að öll samningsríkin hafa lagt fram fullgildingarskjöl sín.

Á hinn bóginn telja þær óvíst, hvort sá tveggja mánaða tími muni í öllum tilvikum nægja til þess að láta fiskinet með þeirri lágmarks-möskvastærð, sem ráðgerð er í 5. grein nefnds samnings, koma í stað þeirra netja, sem fyrir hendi eru, né til þess að gera ráðstafanir til þess að banna að hirða, setja á land eða selja fisk, sem eigi nær þeirri lágmarksstærð, er 8. og 9. grein samningsins kveða á um.

Samningsríkin telja rétt, að ákvæði samningsins, nema ákvæði 5., 8. og 9. greina komi til framkvæmda samkvæmt ákvæðum 14. greinar.

Að þessu athuguðu vilja þau gera samkomulag til viðbótar nefndum samningi um að fresta gildistöku sín í milli á ákvæðum 5., 8. og 9. greina hans.

Fyrir því hafa þau orðið ásátt um það, sem hér segir:

1. gr.

Milli aðilja þessa samkomulags er svo um samið, að gildistöku ákvæða 5., 8. og 9. greina nefnds samnings sé frestað um tólf mánaða bil, talið frá gildistöku samningsins samkvæmt 14. grein hans, það er að segja til 5. apríl 1954.

2. gr.

Allar ríkisstjórnir, sem aðiljar kunna að gerast að nefndum samningi samkvæmt ákvæðum 15. greinar hans, skulu teljast bundnar gagnvart ríkisstjórnum þeim, er aðiljar eru að þessu samkomulagi, af ákvæðum þess, en með þeim er gildistöku 5., 8. og 9. greina nefnds samnings frestað til 5. apríl 1954.

3. gr.

Samkomulag þetta gengur í gildi jafnsnemma og samningurinn gengur í gildi samkvæmt ákvæðum 14. greinar hans.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa lögmætt umboð, skrifað undir samkomulag þetta.

Gjört í London, 2. apríl 1953, í einu eintaki á ensku og frönsku, og hafa báðir textar sama gildi. Skal eintakið geymt í skjalasafni ríkisstjórnar Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands. Staðfest eintök beggja texta skulu látin öllum samningsríkjum í té, svo og öðrum ríkjum, er aðilar kunna að gerast að samningnum.

Fyrir hönd ríkisstjórnar Belgíu:
Jean Nieuwenhuys.
Fyrir hönd ríkisstjórnar Danmerkur:
E. Reventlow.
Fyrir hönd ríkisstjórnar Frakklands:
Etienne de Crouy-Chanel.
Fyrir hönd ríkisstjórnar Hollands:
Stikker.
Fyrir hönd ríkisstjórnar Írlands:
F. H. Boland.
Fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands:
Agnar Kl. Jónsson.

Alþt. 1953. A. (73. löggjafarþing). 62

Fyrir hönd ríkisstjórnar Noregs:
P. Prebensen.
Fyrir hönd ríkisstjórnar Póllands:
Jerzy Michalowski.
Fyrir hönd ríkisstjórnar Portúgals:
R. Ennes Ulrich.
Fyrir hönd ríkisstjórnar Spánar:
Luis de Olivares y Bruguera.
Fyrir hönd ríkisstjórnar Svíþjóðar:
Gunnar Hägglöf.
Fyrir hönd ríkisstjórnar Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands:
William Strang.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þátttaka Íslands í samningi þessum byggist auðvitað á því, að nauðsynlegar ráðstafanir til að vernda fiskimið úthafsins verða eigi gerðar með öðrum hætti en samningi þeirra ríkja, sem hlut eiga að máli. Út frá því sjónarmiði þótti sjálfsagt, að Ísland yrði aðili að samningnum, því að Ísland byggir afkomu sína að mestu leyti á sjávarútveginum, enda eru 95% af útflutningsverðmætum landsins sjávarafurðir. Íslendingar hafa því flestum, ef ekki öllum þjóðum meiri áhuga á því, að fiskimiðin séu ekki eyðilögð með rányrkju.

Aðalatriðið frá sjónarmiði Íslendinga í þessum málum er þó það, að fiskimiðin við strendur landsins séu vernduð. Það er skoðun ríkisstjórnarinnar, að þar sé um fjöregg þjóðarinnar að ræða, og að Íslendingum sé bæði rétt og skylt að sjá um verndun þess.

Út frá þessu sjónarmiði voru sett lögin frá 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins. Á grundvelli þessara laga var m. a. sett núgildandi reglugerð um verndun fiskimiða umhverfis Ísland frá 19. marz 1952, þar sem togveiðar m. a. eru bannaðar jafnt Íslendingum sem útlendingum innan ákveðinna takmarka.

Vitað er, að ýmsar þær þjóðir, er fiskveiðar stunda við Ísland álíta, að Íslendingar geti ekki sjálfir sett neinar reglur varðandi fiskveiðar útlendinga fyrir utan þriggja mílna línu frá ströndum, heldur verði slíkar reglur að setja með milliríkjasamningum. Á þessa skoðun getur íslenzka ríkisstjórnin ekki fallizt og álítur, að reglur þær frá 19. marz 1952, er nú gilda um verndun fiskimiða umhverfis Ísland, séu í fullu samræmi við alþjóðarétt. Hins vegar er ríkisstjórnin fús til slíkrar samvinnu á hafsvæðum, sem liggja utan yfirráðasvæða nokkurs ríkis, því að önnur leið er þar ekki fyrir hendi. Þátttaka Íslands í alþjóðasamningum um verndun fiskimiða hlýtur að byggjast á þeirri forsendu, að Íslendingar afsali sér engu í sambandi við einhliða ráðstafanir á sínum eigin fiskimiðum.

Í samningi þessum, 3. gr., er tekið fram, að engin ákvæði hans hefðu áhrif á skoðanir aðilanna varðandi víðáttu landhelginnar, en vafasamt þótti hvort hið sama gilti um fiskveiðalögsögu utan hinnar eiginlegu landhelgi. Áður en ákvörðun var tekin um fullgildingu samningsins var því spurzt fyrir um það hjá hinum aðildarríkjunum, hvort þátttaka Íslands í honum væri talin samrímanleg fyrirætlunum Íslendinga um einhliða verndarráðstafanir á landgrunninu. Við þessu fengust óljós svör, og var þá af Íslands hálfu stungið upp á því, að Ísland fullgilti samninginn með formlegum fyrirvara, sem tæki af skarið um þetta atriði. Á grundvelli þeirrar tillögu náðist að lokum samkomulag um, að við afhendingu fullgildingarskjals Íslands yrði það berum orðum tekið fram, að af Íslands hálfu væri litið svo á, að þátttöku Íslands í samningnum mætti eigi skýra þannig, að hún hefði nokkur áhrif á framkvæmd landgrunnsfyrirætlananna, þ. e. að engu væri afsalað í sambandi við þær.

Nd. 224. Nefndarálit [16. mál]

um frv. til sóttvarnarlaga.

Frá heilbrigðis- og félagasmálanefnd.

Frv. þetta er stjórnarfrumvarp. Það er samið af landlækni, er gerir þá grein fyrir því, að það sé flutt til þess, að sóttvarnarlög vor verði í fullu samræmi við alþjóðlegan sóttvarnarsamning, sem Ísland hefur gerzt aðili að á vegum Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar.

Nefndin hefur rætt frv. á tveimur fundum. Á öðrum fundinum var landlæknir staddur og ræddi nefndin við hann um frv. Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 23. nóv. 1953.

Björn Björnsson, form. Kjartan J. Jóhannsson, fundaskr., frsm. Páll Þorsteinsson.
Gylfi Þ. Gíslason. Jónas G. Rafnar.

Nd. 225. Nefndarálit [103. mál]

um frv. til l. um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. Minni hlutinn (GÞG) mun skila séráliti. Undirritaðir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, en leggja að öðru leyti til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Bankar mega ekki láta gjaldeyri fyrir vörur eða til að inna af hendi aðrar greiðslur, sem háðar eru leyfisveitingum eftir reglugerð, settri samkvæmt 1. gr. þessara laga, nema leyfi sé fyrir hendi.
2. Við 4. gr. 1. málsl. 1. mgr. orðist svo:
   Útflytjendum og öðrum hérlendum aðilum er skylt að selja Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands h.f. allan þann erlenda gjaldeyri, er þeir eiga eða eignast.

Alþingi, 2. des. 1953.

Skúli Guðmundsson, form. Jóhann Hafstein, fundaskr., frsm. Páll Þorsteinsson.
Jón Pálmason.

Ed. 226. Breytingartillögur [8. mál]

við frv. til l. um bráðabirgðabreyt. á l. nr. 62/1939, um tollskrá o. fl.

Frá Haraldi Guðmundssyni.

1. Við 1. gr. B-liður greinarinnar fellur niður.
2. Við 2. gr., Orðin „og B-lið“ í 1. mgr. falla niður.
3. Við 3. gr. Aftan við e-lið í tölul. 1 bætist nýr stafliður, svolátandi:
   Lyf, sem teljast til nr. 57 og 58 í 30. kafla tollskrár.

Ed. 227. Nefndarálit [4. mál]

um frv. til l. um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Með lögum nr. 100/1948 var ákveðið að stofna sérstakan dýrtíðarsjóð. Höfuðhlutverk hans skyldi vera það samkv. 19. gr. laganna að standa straum af greiðslum vegna ábyrgðar ríkisins á verði útfluttrar vöru. Tilgangurinn með stofnun sjóðsins var því sá einn að koma í veg fyrir gengislækkun krónunnar. Söluskatturinn var með sömu lögum á lagður til þess að sjá dýrtíðarsjóðnum fyrir fé til greiðslu útflutningsuppbótanna, þ. e. til þess að afstýra gengisfalli ísl. krónunnar.

Fyrsta verk ríkisstjórnar Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins, sem tók við völdum 1950, var að lækka gengi krónunnar stórkostlega til þess að komast hjá greiðslum útflutningsuppbóta. Þrátt fyrir það hélt hún áfram að innheimta söluskattinn. Árið eftir tók svo ríkisstjórnin upp bátagjaldeyrisfyrirkomulagið til styrktar bátaútveginum. Talið er, að sá styrkur nemi árlega um 60 millj. kr., sem fara um hendur útflytjenda afurða bátaflotans. En það, sem almenningur greiðir vegna hækkaðs vöruverðs, nemur langtum hærri upphæð; sennilega ekki undir 100 millj. kr. Samt fékk ríkisstjórnin enn söluskattinn framlengdan og meginskattinn hækkaðan úr 6% í 7%.

Hin upprunalega ástæða fyrir álagningu söluskattsins er þó algerlega burt fallin, þar sem gert var ráð fyrir, að skatturinn skyldi aðeins tekinn, meðan ríkisstjórnin greiddi útflutningsuppbætur.

Með frumv. því, sem hér liggur fyrir, leitar ríkisstjórnin enn framlengingar á söluskattinum. Sérstök milliþinganefnd vinnur nú að endurskoðun á skattalöggjöf ríkisins í heild. Væntanlega verða tillögur hennar afhentar ríkisstjórninni og lagðar fyrir Alþingi svo tímanlega, að þær fái afgreiðslu áður en þingið lýkur störfum.

Alþýðuflokkurinn telur söluskattinn ranglátan og óskynsamlegan. Hann lendir þyngst á barnmörgum fjölskyldum. Hann eykur dýrtíðina og hækkar þar með framleiðslukostnaðinn og torveldar sölu á útflutningsafurðum okkar.

Ég lít svo á, að ekki eigi að afla ríkissjóði tekna með slíkum skatti, og legg því til, að frumv. verði fellt.

En þar sem ætla má, að stjórnarflokkarnir muni samþykkja frumvarpið, þykir mér rétt að flytja tillögur um, að fjórðungur söluskattsins renni í sveitarsjóði. Sveitarfélögin eiga í miklum fjárhagserfiðleikum. Úr því má nokkuð bæta með því að láta þau fá til sinna sjóða nokkurn hluta söluskattsins, sé hann innheimtur á annað borð. Flyt ég því til vara breytingartillögur um það efni á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 2. des. 1953.

H. Guðmundsson.

Ed. 228. Breytingartillögur [4. mál]

við frv. til l. um framlenging á gildi III. kafla l. nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar (HG).

Á eftir 3. gr. komi 4 nýjar greinar, svo hljóðandi:

a. (4. gr.) Söluskattur samkvæmt lögum þessum skal að þrem fjórðu hlutum renna í ríkissjóð og að einum fjórða hluta til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

b. (5. gr.) Tekjum Jöfnunarsjóðs af söluskatti skal skipt milli bæjar- og hreppsfélaga eftir fólksfjölda, eins og hann var samkvæmt manntali næstliðins árs. Ekkert bæjar- eða hreppsfélag skal þó fá meiri greiðslu en nemi 50% af álögðum útsvörum næsta ár á undan í því bæjar- eða hreppsfélagi.
c. (6. gr.) Nú falla ábyrgðarskuldbindingar á ríkissjóð vegna sveitarfélags, og er félagsmálaráðherra þá heimilt að ákveða, að hluti sveitarfélagsins af söluskattinum gangi til greiðslu á slíkum kröfum.
d. (7. gr.) Ríkissjóður greiðir Jöfnunarsjóði þann hluta af söluskatti, sem honum ber, eigi síðar en einum mánuði eftir að innheimtumenn skattsins hafa gert fjármálaráðuneytinu ársfjórðungsskil.

Félagsmálaráðuneytið framkvæmir skiptingu fjárins milli sveitarfélaganna tvisvar á ári, 1. apríl og 1. október, og sér um, að greiðslur þær, sem í 5. gr. getur, séu inntar af hendi.

Sþ. 229. Tillaga til þingsályktunar [116. mál]

um skipun nefndar til athugunar á ráðstöfunum til varnar utanaðkomandi efnahagskreppu.

Flm.: Einar Olgeirsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa 7 manna nefnd til athugunar á ráðstöfunum til varnar utanaðkomandi efnahagskreppu. Verkefni hennar skal vera sem hér segir:

1. Að rannsaka nú þegar þá fyrirboða, sem vart er orðið í efnahagslífi Bandaríkja Norður-Ameríku og fleiri auðvaldslanda um, að ný stórfelld kreppa sé að hefjast þar og breiðast út til annarra landa, er svipað hagkerfi hafa. Enn fremur að athuga, hvaða ráðstafanir ríkisstjórnir annarra landa, svo sem Englands, Svíþjóðar o. fl., hafa gert til varnar kreppunni.
2. Að gera tillögur til ríkisstjórnar og Alþingis um, hvaða ráðstafanir skuli gerðar í efnahagsmálum Íslands, til þess að koma í veg fyrir skaðlegar afleiðingar kreppunnar fyrir efnahagslíf þjóðarinnar.

Nefndin skal skipuð þannig: fimm menn samkvæmt tilnefningu þingflokkanna, einn tilnefndur af hverjum þingflokki, en tveir án tilnefningar. Nefndin kýs sér formann. Laun nefndarinnar skulu ákveðin af ríkisstjórn og greidd úr ríkissjóði.

Nefndin skal kappkosta að hafa lokið störfum sínum og skilað tillögum til ríkisstjórnar fyrir 1. marz n. k. Afrit af þeim tillögum skal sent öllum alþingismönnum.

Greinargerð.

Undanfarna mánuði hafa mjög ágerzt í efnahagslífi Bandaríkja Norður-Ameríku öll teikn þess, að kreppa væri að skella á þar aftur. Sala þeirra vörutegunda, sem viðkvæmastar eru fyrir kreppunni, hefur stórminnkað, framleiðsla slíkra vara hefur því einnig verið minnkuð stórkostlega, tugum þúsunda verkamanna hefur verið sagt upp í verksmiðjunum, kaupgeta verkalýðsins verið minnkuð, og öll hin venjulegu teikn stórfelldrar kreppu koma í ljós.

Mönnum eru enn í minni þær skelfingar, sem dundu yfir auðvaldsheiminn í kjölfar efnahagskreppu þeirrar, er hófst í Bandaríkjunum 1929. Allar ríkisstjórnir auðvaldslanda, sem ekki vilja láta hörmungar kreppunnar flæða óhindrað inn yfir land sitt, hafa þegar undirbúið ráðstafanir til þess að mæta þeirri kreppu, sem þær búast við frá Bandaríkjunum. Ríkisstjórn Bretlands gaf nýlega þau svör við fyrirspurn á þingi, að hún hefði undirbúið ráðstafanir til þess að bægja efnahagskreppu, sem væri að búa um sig í Bandaríkjunum, frá Bretlandi. Sú stofnun sænska ríkisins, sem hefur það sérstaka verkefni að fylgjast með sveiflum efnahagslífsins (Konjunkturinstitutet), hefur varað við því, að þessi kreppa væri að hefjast.

Öll lönd auðvaldsheimsins óttast kreppuna, eins og menn á miðöldum óttuðust svartadauða og aðrar pestir. Þeir forráðamenn þessara landa, sem eitthvert skyn bera á lögmál efnahagslífsins í auðvaldsþjóðfélagi, vita, að vissa er um, að sú kreppa, sem brýzt út í Bandaríkjum Norður-Ameríku, berst til auðvaldslandanna í Vestur-Evrópu, ef ekki eru gerðar sérstakar, öflugar ráðstafanir því til varnar. Og kreppan í Bandaríkjunum er þegar að hefjast.

Það þarf ekki að eyða orðum að því, hvaða hörmungar mundu fylgja því, ef efnahagskreppan frá Bandaríkjunum væri látin berast hingað til Íslands. Afleiðingar hennar mundu verða verðfall á útflutningsvörum þjóðarinnar, sölutregða, markaðshrun og það atvinnuleysi, er fylgir í kjölfarið. Fyrir verkalýðinn mundi slíkt þýða, að hörmungar atvinnuleysisins dyndu yfir í stærri stíl en nokkru sinni fyrr og öll lífsafkoma versnaði að sama skapi. Fyrir millistéttirnar mundi kreppan þýða gjaldþrot og missi þeirra eigna, sem millistéttirnar eignuðust á undanförnum áratug. Fyrir atvinnurekendur landsins mundi kreppa þýða stórkostlega minnkun rekstrarins, vaxandi rekstrartap, stöðvanir og efnahagslegt hrun.

Það ætti því að vera sameiginlegt áhugamál allra stétta í landinu að reyna að finna ráð til þess að hindra, að kreppan berist hingað til lands frá Bandaríkjunum og öðrum þeim löndum, sem hún kann að ná til.

Fyrsta skilyrðið til þess að geta hindrað, að ameríska kreppan berist hingað, er að áliti Sósialistaflokksins það, að gera efnahagslíf Íslands sem óháðast efnahagslífi Bandaríkjanna. Það var stigið stórt spor í sumar með verzlunarsamningnum mikla við Sovétríkin til þess að tengja mikið af utanríkisverzlun Íslands þeim löndum, sem kreppan getur ekki rutt sér til rúms í sakir þess, að þau hafa komið sósíalismanum á hjá sér. Það liggur í augum uppi, að taka verður til gaumgæfilegrar athugunar og endurskoðunar alla stefnuna í efnahags- og verzlunarmálum, ef takast á að vernda Ísland gegn kreppuhættunni frá Bandaríkjunum.

Um þetta verkefni þarf að sameina alla þjóðina. Þess vegna er hér lagt til, að fulltrúar allra flokka á Alþingi og tveir fulltrúar ríkisstjórnarinnar að auki, skuli skipaðir í nefnd, er rannsaki þessi mál og geri tillögur um, hvernig verja megi Ísland gegn þeim hörmungum, sem yfir dyndu, ef kreppan væri látin skella yfir landið.

Í þessu efni er skjótra ráðstafana þörf. Þess vegna eru nefndinni sett þau tímatakmörk að hafa lokið rannsókn sinni og samningu tillagna fyrir 1. marz. Á það að vera hægt, því að nægar upplýsingar er þegar að fá í opinberum skýrslum og tímaritum erlendum. Og hver ábyrgur maður, sem skilning hefur á þróun efnahagslífsins í heiminum, hefur áreiðanlega þegar fylgzt það vel með því, sem nú er að gerast, og hugsað um ráð gagn kreppuhættunni, að það ætti ekki að taka langan tíma að setja fram þær tillögur, er tryggðu, að efnahagslíf Íslands yrði ekki hinni amerísku kreppu að bráð.

Nd. 230. Frumvarp til laga [117. mál]

um ný raforkuver og fleiri ráðstafanir í raforkumálum.

Flm.: Einar Olgeirsson.

I. KAFLI
Bygging nýrra raforkuvera.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka að láni allt að 90 milljónum króna eða jafnvirði þess í erlendri mynt og endurlána Sogsvirkjuninni upphæðina til framkvæmda á virkjun Efrifossa við Sog með þeim kjörum, er lánið er tekið, og gegn þeim tryggingum, er ríkisstjórnin tekur gildar.

Telji ríkisstjórnin, að það sé erfiðleikum bundið fyrir hana að fá slíkt lán nú þegar, skal hún heimila stjórn Sogsvirkjunarinnar og Reykjavíkurbæ að taka það með ábyrgð ríkisins.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka að láni allt að 30 milljónum króna til þess að reisa allt að 6000 hestafla orkuver á Austurlandi, þar sem þykir heppilegast, og leggja frá orkuverinu aðalorkuveitur til Seyðisfjarðarkaupstaðar, Neskaupstaðar, Eskifjarðarkaupstaðar, Búðareyrar í Reyðarfirði og Búðakauptúns í Fáskrúðsfirði.

Er ríkisstjórninni heimilt að fela rafmagnsveitum ríkisins framkvæmd virkjunarinnar, svo og að ábyrgjast fyrir þær lánið, ef hentugra þykir, að þær taki það.

Sé heimild þessi notuð, skal fella niður heimild til virkjunar Grímsár í Skriðdal í lögum um ný orkuver, nr. 12 9. febr. 1951, og heimild í lögum um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins, nr. 22 1. febr. 1952, 1. gr. 1. töluliður.

3. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka að láni allt að 45 milljónum króna til þess að reisa á Vestfjörðum orkuver, er framleitt geti allt að 6000 hestöfl, annaðhvort eitt við Dynjanda eða fleiri á ýmsum stöðum, eftir því sem heppilegast þykir. Sé um samvirkjun að ræða hjá Dynjanda, skal þaðan leggja aðalorkuveitur til Ísafjarðar, Hnífsdals, Flateyrar, Suðureyrar, Súðavíkur, Bolungavíkur, Þingeyrar, Bíldudals og Patreksfjarðar og nálægra byggða. Sé um smærri virkjanir að ræða, skal virkja handa þessum stöðum öllum svo sem haganlegast þykir og leggja aðalorkuveietur til þeirra og nálægra byggða.

Ríkisstjórninni er heimilt að fela rafmagnsveitum ríkisins framkvæmd virkjunarinnar, svo og að ábyrgjast fyrir þær lánið, ef hentara þykir, að þær taki það.

Sé heimild þessi notuð, skal niður falla heimild til virkjunar í lögum um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins nr. 22 1. febr. 1952, í 1. gr. 3. tölulið, og heimild í lögum um ný orkuver, nr. 12 9. febr. 1951.

4. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að fela rafmagnsveitum ríkisins:

1. að virkja Hvammsá eða Selá í Vopnafirði til roforkuvinnslu í allt að 500 hestafla orkuveri og leggja aðalorkuveitu frá orkuveri til Vopnafjarðarkauptúns;
2. að virkja Sandá í Þistilfirði eða aðra hentuga á til raforkuvinnslu í allt að 2900 hestafla orkuveri og leggja þaðan aðalorkuveitur til Þórshafnar og Raufarhafnar;
3. að virkja Smyrlabjargaá og/eða Laxá í Austur-Skaftafellssýslu til raforkuvinnslu í allt að 1000 hestafla orkuveri og leggja frá því aðalorkuveitur til Hafnarkauptúns og um nálægar byggðir;
4. að leggja aðalorkuveitu úr Landeyjum til Vestmannaeyja;
5. að leggja aðalorkuveitu til Hvammstanga og nálægra byggða;
6. að leggja háspennulínu frá rafrokuverinu við Fossá í Fróðárhreppi til Stykkishólms.

Enn fremur heimilast raforkumálastjórninni að gera rannsóknir og leggja fram áætlanir um raforkuframkvæmdir í þeim byggðarlögum, sem ekki yrði enn séð fyrir raforku frá þeim virkjunum, sem gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi eða þegar hafa verið gerðar.

Ríkisstjórninni heimilast að taka að láni fyrir hönd ríkissjóðs eða að ábyrgjast lán, sem rafmagnsveitur ríkisins taka, að upphæð allt að 35 milljónum króna, til greiðslu kostnaðar þessara mannvirkja.

Heimild sú, er veitt var í lögum um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins, nr. 22 1. febr. 1952, minnkar að sama skapi, og sé heimild sú, sem

hér er gefin, notuð, falla jafnóðum niður þær heimildir, er gefnar voru í lögum nr. 22 1. febr. 1952, 2., 4., 5., 7. og 8. liður í 1. gr.

5. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að fela raforkumálastjórninni að hefja nú þegar nauðsynlegan undirbúning til fullvirkjunar Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Skal unnið að því að framkvæma allar mælingar og annan tæknilegan undirbúning þannig, að vinna við fullvirkjun árinnar geti hafizt eigi síðar en 1957—58.

II. KAFLI

Undirbúningur stærri virkjana og stóriðju.

6. gr.

Hefja skal nú þegar nauðsynlegar mælingar og annan undirbúning til stórvirkjunar í Þjórsá og Hvítá í Árnessýslu. Skal ríkisstjórnin fela raforkumálastjórninni framkvæmdir í því efni. Skal allur undirbúningur miðaður við að fá sem mest afl við sem beztu verði og koma upp góðum vatnsmiðlunarstöðvum, svo að orkan verði sem jöfnust.

7. gr.

Hefja skal rannsóknir á möguleikum til stórvirkjunar í Blöndu og Vatnsdalsá með vatnsmiðlun og uppistöðum. Skal ríkisstjórnin fela rafrokumálastjórninni framkvæmd á þessu.

8. gr.

Stefnt skal að því að ljúka undirbúningi þessum á fjórum árum, og skal á hverjum fjárlögum frá 1954 til 1957, að báðum meðtöldum, veita 2 milljónir króna til þeirra rannsókna og annars undirbúnings, er um getur í 6. og 7. gr.

9. gr.

Samtímis undirbúningi að stórvirkjun í þessum ám skal raforkumálastjórnin, í samráði við raforkuráð ríkisins, framkvæma rannsóknir á því, hverjum greinum stóriðju sé vænlegast að koma hér upp. Skulu í því sambandi fram fara ýtarlegar rannsóknir á því, hvernig bezt megi hagnýta hverina og jarðhitann í framleiðsluþarfir; enn fremur, að hve miklu leyti til greina kæmi hagnýting íslenzkra hráefna. Varast skal að láta hagsmuni nokkurra annarra en Íslendinga hafa áhrif um framkvæmd rannsókna í þessum efnum.

Sérstaklega skal rannsaka möguleika á því að vinna aluminium-oxyd úr bauxit við jarðhita og síðan hreinan aluminium-málm úr aluminium-oxyd með raforku.

Til þessara rannsókna og undirbúnings skal á ári hverju í næstu fjögur ár, 1954—57, að báðum meðtöldum, veita á fjárlögum ½ milljón króna.

10. gr.

Raforkumálastjórnin skal vinna úr öllum þeim rannsóknum, sem um getur í 5.—7. gr., og búa til á grundvelli þeim áætlun um nefndar stórvirkjanir og stóriðju á Íslandi, miðað við að hagnýta sem skynsamlegast orku þessa til stóraukinnar útflutningsframleiðslu og til alhliða aukningar á sjávarútvegi og iðnaði á grundvelli hans, landbúnaði og öllum íslenzkum iðnaði. Skulu þær áætlanir lagðar fyrir ríkisstjórn og Alþingi í síðasta lagi 1957—58.

III. KAFLI
Viðskiptasamningar til langs tíma til að tryggja efnahagslega undirstöðu rafvirkjananna.

11. gr.

Ríkisstjórnin skal vinna að því að tryggja efnahagslega undirstöðu undir framkvæmd þeirra rafvirkjanana, sem henni væru heimilaðar með lögum um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins, nr. 22 1. febr. 1952, sem og undir þær rafvirkjanir, sem framkvæma skal og undirbúa samkvæmt þessum lögum. Skal einkum kappkostað að tryggja þetta með því að gera samninga til langs tíma um sölu fisks og annarra íslenzkra afurða, m. a. komandi stóriðjuframleiðslu, við þau lönd, sem slíka samninga vilja gera og láta í staðinn í té vélar og efni til slíkra mannvirkja eða jafngildi þeirra.

12. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að semja um sölu íslenzkra afurða allt að fjögur ár fram í tímann til þess að tryggja slík viðskipti — og lengur, ef hægt er að gera samninga við slík lönd um greiðslu lána, sem tekin yrðu þar í þessu skyni, í fiski eða fiskafurðum og andvirði þeirra.

Skal ríkisstjórnin í öllum slíkum samningum hafa hliðsjón af að afstýra því, að atvinnulíf landsmanna og eigi sízt fyrirætlanir þjóðarinnar um rafvæðingu landsins verði fyrir kreppum, markaðsvandræðum og verðhruni, þar sem allar vonir um skjóta framkvæmd rafvæðingar landsins byggjast á því afkomuöryggi landsmanna, sem tryggja þarf með útvegun öruggra framtíðarmarkaða.

IV. KAFLI
Útvegun raftækja til alþýðuheimila.

13. gr.

Ríkisstjórnin skal leggja andvirði þess, sem hún fékk greitt í söluskatt og önnur gjöld af vélum til Sogsvirkjunarinnar og Laxárvirkjunarinnar — 25 milljónir króna — í sérstakan raftækjasjóð. Skal það fé notað til þess að gera íslenzkum alþýðuheimilum til sjávar og sveita mögulegt að fá öll þau raftæki, sem heimili þarfnast, sem fyrst og með góðum afborgunarskilmálum. Skal ríkisstjórnin semja við raftækjaverksmiðjuna Rafha um fjöldaframleiðslu þessara tækja og afgreiðslu þeirra jafnóðum beint til notenda.

14. gr.

Ákveðið skal í reglugerð um raftækjasjóð nánar um skilmála og miðað við að gera þeim, sem minnst efni og þyngst heimili hafa, auðveldast að fá öll þau tæki, er létt geta heimilisstörf. Skal þar mælt fyrir, hvert umsóknir skulu sendar og í hvaða röð þær skulu afgreiddar. Skulu þau fyrirmæli tryggja, að þau heimili, þar sem flest börn eru, gangi fyrir að fá tækin.

V. KAFLI

15. gr.

Ríkisstjórn heimilast að gefa út reglugerð um einstök atriði þessara laga, ef þurfa þykir.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Rafvæðing landsins er það verkefni, sem nú kallar að. Það þarf að gerast samtímis því, sem sjávarútvegur landsins er aukinn, og einmitt aukning sjávarútvegsins og þar með erlenda gjaldeyrisins er ein höfuðundirstaðan undir því, að vér Íslendingar getum af eigin rammleik virkjað fallvötn vor. Rafvæðing landsins er um leið skilyrði til eflingar sjávarútvegs, iðnaðar og landbúnaðar, því að rafvirkjunin verður alltaf að miðast við það tvennt, ef vel á að vera: 1) að vera til aukinna lífsþæginda og bættrar afkomu fyrir fólkið og 2) að vera undirstaða aukinnar atvinnu, aukinnar framleiðslu.

Þetta tvennt er sérstaklega haft í huga, þegar lagt er til að samþykkja nýjar heimildir til byggingar raforkuvera eða að breyta eldri heimildum, svo sem gert er í I. kafla þessa frumvarps. Skal því fyrst fara um aðalatriði hans nokkrum orðum.

Virkjun Efrifossa við Sog.

Í 1. gr. er ríkisstjórninni gefin heimild til þess að taka eða ábyrgjast fyrir Sogsvirkjunina allt að 90 millj. kr. lán til virkjunar Efrifossa við Sog. Er brýn nauðsyn, að þessi heimild verði nú þegar veitt, því að það þarf að byrja sem allra fyrst á þeirri virkjun, svo að við hana sé lokið eigi síðar en 1956—57. Það, sem gerir svo nauðsynlegt að flýta þeirri virkjun, er, að allt að ⅔ af orkumagni því, sem hin nýja Írafossstöð framleiðir, fer til áburðarverksmiðjunnar, þegar hún tekur til starfa. Raunverulega er því hin nýja virkjun við Efrifossa óhjákvæmileg einmitt vegna áburðarverksmiðjunnar, þar sem hún tekur svo mikla raforku frá Sogsvirkjuninni, að ella hefði þurft að reisa 100 millj. kr. raforkuver, ef framleiða átti handa henni einni. Afleiðingin af því, að bið yrði á því að hefjast handa um virkjun Efrifossa, yrði sú, að eftir nokkurn tíma yrði annaðhvort að draga úr framleiðslu áburðarverksmiðjunnar eða fara að framleiða rafmgn með stöðugum rekstri olíustöðvarinnar við Elliðaár, en slíkt yrði fjárhagslega sérstaklega óhagkvæmt, þar sem kostnaðarverð kílówattstunda úr olíustöðinni yrði 30—40 aura, en áburðarverksmiðjan fær kílówattstundina á rúman einn eyri. Hins vegar mun enginn mæla með því, að aftur sé fært að koma á því ófremdarástandi að verða að skammta rafmagnið á Suðurlandi og eyðileggja þannig atvinnu- og framleiðslumöguleika.

Sósíalistaflokkurinn flutti á síðasta þingi sams konar tillögu og þessa. Hún var þá felld. En vænta má, að skilningur manna hafi aukizt síðan. Í kosningastefnuskrá sinni í sumar lagði flokkurinn sérstaka áherzlu á, að Sogið yrði fullvirkjað og rafmagn leitt til Vestmannaeyja.

Austurlandsvirkjun.

Í 2. gr. er lagt til að heimila ríkisstjórninni að reisa allt að 6000 hestafla orkuver á Austurlandi, þar sem hentugast þykir. Hér er breytt allverulega um heimildir frá því, sem er í fyrri lögum. Í lögum nr. 12 9. febr. 1951 var heimild til að virkja Grímsá í Skriðdal og taka lán til þess og virkjunar Fossár í Hólshreppi í N-Ísafjarðarsýslu, alls 5 millj. kr. Í lögum nr. 22 1. febr. 1952 var heimild til þess að virkja Grímsá eða Fjarðará í allt að 2000 hestafla orkuveri.

Nú er hins vegar auðséð, að það, sem Austurland þarfnast, er allstór virkjun, sem ekki aðeins fullnægir heldur betur en þær olíustöðvar, sem þar eru nú reknar, brýnustu ragmagnsþörfum, heldur skapar um leið grundvöll að stóraukinni framleiðslu í þessum byggðarlögum. Það dugir ekki að hugsa um raforkumálin gagnvart íbúum þessara byggðarlaga þannig, að komast verði af með sem minnst, heldur verður að skipuleggja og hugsa raforkustöðvarnar út frá því að stórefla atvinnulífið á þessum stöðum.

Það þarf því að rannsaka jafnt Fjarðará, Grímsá, Lagarfljót sem og önnur vatnsföll þar eystra út frá því sjónarmiði að virkja allt að 6000 hestöflum á þann

ódýrasta hátt, sem hægt yrði. Því er lagt til, að raforkumálastjórnin fái frjálsar hendur um val fallvatnsins miðað við 5—6 þúsund hestafla virkjun.

Sósialistaflokkurinn lagði til í kosningastefnuskrá sinni í sumar, að „ráðizt verði þegar í stað í mikla vatnsvirkjun fyrir Austurland, sem leysi rafmagnsmálin þar og veiti möguleika til stórframleiðslu".

Reynsla hefur sýnt, að sé gnægð raforku fyrir, þá er miklu hægara að koma upp iðjuverum á slíkum stöðum. Staðsetning sementsverksmiðju á Akranesi er ekki sízt ónotaðri raforku Andakílsárvirkjunarinnar að þakka.

Vesturlandsvirkjun.

Í lögum þeim, um ný raforkuver, sem áður gat um, bæði frá 1951 og 1952, er heimilað að virkja ýmsar smærri ár á Vestfjörðum. Yrðu það þá smáar virkjanir, sem ekki gætu aukið framtíðargrundvöll mikils rekstrar á Vestfjörðum. En með tilliti til þeirra miklu möguleika, sem Vestfirðir hafa til stóraukinnar fiskiðju og jafnframt hugsanlega til vinnslu hráefna, sem samið væri um að flytja frá Grænlandi, þá er nauðsynlegt, að gengið sé úr skugga um, hvort stærri virkjun væri hugsanleg, og er það þá fyrst og fremst Dynjandi. En þyki það ekki fært, er auðvitað ekki annað að gera en snúa sér af fullum krafti að smærri virkjununum. Þess vegna er hér lagt til að breyta fyrri lagaheimildum þannig, að samvirkjun í Dynjanda sé leyfileg, ef hún þykir hagkvæmari, og er þá auðvitað lánsheimildin hækkuð.

Sósialistaflokkurinn lagði til í kosningastefnuskrá sinni í sumar, að „jafnhliða stórframkvæmdum í fiskiðnaði og útgerð verði rafmagnsmál Vestfjarða að leysast með allstórri vatnsvirkjun".

En eins og Sósialistaflokkurinn hefur aldrei þreytzt á að boða í sambandi við lausn rafmagnsmálanna, þá er nauðsynlegt, að hugsað sé fyrir aukningu atvinnulífsins samtímis rafvæðingunni. Þetta tvennt verður að haldast í hendur. Annars verður ýmist ráðizt í of litlar og of dýrar virkjanir, sem vantar stór atvinnutæki til að bera bæði þær og byggðarlagið uppi, eða stór atvinnufyrirtæki reist annars staðar og verða að framleiða raforku með dýrri erlendri olíu, af því að staðsetning atvinnufyrirtækja og skipulagning raforkuvera fylgist ekki að.

Rafvirkjanirnar verða að miðast við að verða atvinnuleg lyftistöng héraðanna til framfara og atvinnuleg undirstaða fólksfjölgunar í þeim byggðarlögum, en ekki bara við að fullnægja brýnustu þörfum þess fólks, er þar býr í dag.

Smærri virkjanirnar og nokkrar orkuveitur.

Í 4. gr. er hækkuð lánsheimild laganna frá 1952 til virkjana þeirra, er þar voru heimilaðar og eigi hefur þegar verið lagt til að breyta með þessum lögum.

Óbreyttar eru virkjunarheimildirnar sjálfar hvað snertir Vopnafjörð og Þistilfjörð, einnig um orkuveituna til Vestmannaeyja og háspennulínuna til Stykkishólms. En breytt er virkjunarheimildinni fyrir Austur-Skaftfellinga, þannig að Laxá kemur líka til greina, og gert var ráð fyrir aðalorkuveitu til Hvammstanga norðan að, en ekki virkjun Víðidalsár eða Bergsár í Vestur-Húnavatnssýslu fyrr en gengið hefur verið úr skugga um, hvort stórvirkjun í Blöndu, eins og lagt er til í 6. gr., reynist ekki heppilegasta framtíðarlausn fyrir öll þessi héruð og víðar. Jafnframt er raforkumálastjórninni falið að athuga, hvernig bezt yrði leyst úr rafmagnsþörf ýmissa byggðarlaga, sem ekki eru samdar áætlanir um, svo sem Austur-Skagafjarðarsýsla, Suðausturland o. fl.

Lánsupphæðin 35 milljónir króna fyrir þessar framkvæmdir einar er allmiklu hærri en reiknað var með í lögunum 1952, þegar 74 milljónir króna voru heimilaðar í miklu fleiri og stærri framkvæmdir, sem nú hafa að nokkru verið teknar undir 2. og 3. gr. og um leið stórbreytt.

Undirbúningur að fullvirkjun Laxár.

Í 5. gr. er ákveðið, að hefja skuli nauðsynlegan undirbúning að fullvirkjun Laxár, þannig að rannsakað verði, með hverju móti hún verði haganlegast framkvæmd. Að loknum þeim rannsóknum yrði þá að samþykkja virkjunarheimildir. En fullvirkjun Laxár þyrfti að hefjast eigi síðar en 1957—8, ef rafmagnsmál Norðurlands eiga ekki að lenda í öngþveiti.

Um II. kafla.

Sósíalistaflokkurinn hefur löngum einn allra stjórnmálaflokka á Íslandi brýnt það fyrir þjóðinni, að til þess að geta bætt lífsafkomu sína að staðaldri þurfi hún að hagnýta þær miklu auðlindir, sem hún á í fossum sínum, og nota þær þá m. a. til þess að koma upp stóriðju í landinu, íslenzkri stóriðju, sem væri í eigu og þjónustu þjóðarinnar.

En Sósíalistaflokkurinn hefur líka sýnt fram á, að til þess að geta fest fé í raforku- og iðjuverum, sem þjóðin reisti af eigin rammleik, þá þyrfti að vera hægt að fá útlendan gjaldeyri til véla- og efniskaupa. Og til þess að afla gjaldeyrisins var aukning sjávarútvegsins nauðsynleg. Þess vegna var það hárrétt stefna 1944—46 að byrja á hinni miklu nýsköpun sjávarútvegsins, sem þá fór fram. Það þurfti að afla togara, vélbáta, fiskiðjuvera — og þarf að afla þeirra áfram — til þess að þjóðin geti byggt upp landbúnað, iðnað og á næstunni mörg raforkuver og stóriðju á grundvelli þeirra.

En stór raforkuver og stóriðja á grundvelli þeirra þarfnast mikils og góðs undirbúnings, bæði hvað snertir allar rannsóknir og mælingar vatnsfallanna sem og nákvæmrar athugunar á, hvers konar atvinnugreinar, þ. á m. stóriðju, skuli skapa. Þar er í mörg horn að líta, því að allt þarf að vita fyrir, er ákvarðanir eru teknir: tæknilegar og efnafræðilegar forsendur, fjárfestingarþörf, möguleika á hráefnisútvegun, öryggi um markaði og fjárhagsleg afkomuskilyrði slíkra fyrirtækja. Þetta var Sósíalistaflokknum ljóst 1946—47, er hann setti fram tillögur sínar um rafvæðingu landsins og sköpun stóriðju. Þá var lagt til að rannsaka og undirbúa stórframkvæmdirnar á árunum 1947—50, samtímis virkjun Sogs og Laxár, en síðan yrðu stórvirkjanirnar hafnar á árabilinu 1950—55. Eru tillögur og áminningar flokksins frá þeim tíma rifjaðar upp í fylgiskjali III. — En vart mun nú veita af, að undirbúningur sé hafinn af fullum krafti, ef það ætti að vera hægt að hefjast handa um stór átök í þessum málum 1958.

Virkjun Þjórsár og annarra hinna miklu vatnsfalla lands vors er hið mikla mark, sem þessi kynslóð verður að setja sér í raforkumálum, um leið og hún virkjar smærri árnar fyrir hinar dreifðu byggðir. Undirbúningurinn að virkjun þessara miklu vatnsfalla kostar bæði mikinn tíma og fé, og sama máli gegnir um alhliða rannsókn á jarðhita og beztu möguleikum til hagnýtingar hans í iðnaði og um hvaða stóriðju sé að öllu athuguðu hentugast að koma hér upp. Þarf ekki að eyða orðum að því, hve mikið er undir því komið, að allur þessi undirbúningur sé sem vandaðastur.

Hinn tæknilegi undirbúningur að virkjun Þjórsár og Hvítár má ætla að kosti ekki undir 8 milljónum króna, þótt vér eignumst öll tæki, er til þess þarf, sjálfir, en yrði dýrari ella. Er því lagt til að veita 2 milljónir króna á ári til þessa verks í fjögur ár.

Í erindi, er Sigurður verkfærðingur Thoroddsen flutti í Verkfræðingafélagi Íslands og hér er prentað sem fylgiskjal I. á eftir þessari greinargerð, gerði hann ráð fyrir, að hægt væri að virkja allt að 1½ milljón kílówatta í Þjórsá (2 milljónir hestafla) með fullri hagnýtingu á vatnsmagninu á vatnasvæði hennar. Liggur í augum uppi, hvílík auðlind Þjórsá er, ef hún er rétt notuð, og hve nauðsynlegt það er, að undirbúningur sé hafinn að virkjun hennar og stóriðju sem aukins iðnaðar, sjávarútvegs og landbúnaðar í krafti slíkrar stórvirkjunar. Eigi að verða mögulegt

að tryggja öllum Íslendingum vinnu við þjóðnýt störf, einnig öllum þeim þúsundum, sem nú neyðast til að vinna við hina illræmdu hernaðarvinnu Ameríkumanna, þá verður að hafa fyrirhyggju til þess að undirbúa alhliða eflingu íslenzks atvinnulífs í tíma, svo að öllum þeim þúsundum, sem við bætast í landinu næstu áratugi, verði sköpuð mannsæmandi lífsafkoma.

En jafnhliða því, sem hugsað er til stórvirkjana framtíðarinnar við auðlind Þjórsár á Suðurlandi, verður að hefjast handa um athuganir á undirbúningi stórvirkjana á Norðurlandi. Hér er því lagt til, að rannsakaðir séu möguleikar á stórvirkjun, ef Blöndu og Vatnsdalsá væri veitt saman og uppistöður til vatnsmiðlunar skapaðar. Hefur Sigurður verkfræðingur Thoroddsen komið með hugmynd þessa og sýnt fram á, að þannig mætti virkja um 200 þúsund hestöfl. Þarf þessi hugmynd rannsóknar sem fyrst og verðskuldar hana. Stórvirkjun á þessum stað mundi einnig verða vel sett sem tengiliður milli norðlenzku virkjananna allt til Laxár og virkjunarsvæða þeirra og virkjana vestan- og sunnanlands (Andakílsárvirkjunar, Sogsvirkjunar o. s. frv.). Einnig til byggðanna fyrir botni Breiðafjarðar ættu áhrif slíkrar virkjunar að ná og til samtengingar við orkuveitur Snæfellsness.

Stórvirkjun í Þjórsá — sem og Blöndu — verður að miðast við framleiðslu til útflutnings að mjög miklu leyti, þótt hún hljóti auðvitað að efla alla þá atvinnuvegi íslenzka, sem fyrir eru. Þess vegna er nauðsynlegt, samtímis því sem hafinn er undirbúningur að virkjun Þjórsár, að hefja ýtarlegar rannsóknir á því, hvaða stóriðju kæmi fyrst og fremst til greina að reka með raforku Þjórsár. Ef íslenzk stóriðja á að geta keppt á alþjóðamarkaði, þá verður hún að vera í eins stórum stíl og stóriðja stórþjóða. Af því leiðir, að að líkindum verður að einbeita sér að einni tegund stóriðju, þótt margs konar smærri iðja fylgi í kjölfarið. Liggur þá í augum uppi, hve nauðsynlegt er að vanda valið.

Mjög nærri liggur að rannsaka til hlítar í þessu sambandi, hvort aluminiumvinnsla er ekki hentugasta framleiðslan fyrir íslenzka stóriðju. Úr bauxitleirnum er við jarðhita unnið aluminium-oxyd, og hefur Baldur Líndal efnaverkfræðingur gert merkilega skýrslu um það mál, er birtist í „Ísl. iðnaði“ í apríl 1953. Er þar sýnt fram á, hve hagstætt sé að vinna það hér á landi (fylgiskjal II.). Úr aluminiumoxyd er við raforku unnin aluminium-málmur, og er það sjaldgæft, að þessar tvær tegundir vinnslu fari fram í sama landi. Auk þess sem aluminium-málmurinn er ein eftirsóttasta útflutningsvara heims, þá er þar að auki möguleikar til að vinna úr honum í sérstökum verksmiðjum hina ólíkustu hluti, sem aluminium nú er notað til. Er því eðlilegt, að þessir möguleikar séu sérstaklega rannsakaðir, þegar verið er að athuga um, hvaða framleiðslu vér Íslendingar eigum að beina orku þeirri, er þjóðin ræður yfir, næst á eftir núverandi atvinnuvegum. En auðvitað er nauðsynlegt að athuga fleiri möguleika í þessu sambandi. Þarf sérstaklega að tryggja, að samtímis séu til fulls rannsakaðir möguleikarnir á hagnýtingu jarðhitans í atvinnulífinu, ekki sízt í sambandi við baðmullarvinnslu, magnesiumvinnslu o. fl.

Rannsókn allra þessara mála þarf að fylgjast að og niðurstöður þeirra að ræðast í heild. Það má ekki verða, að stærð stóriðjufyrirtækja sé miðuð við það eitt, hvaða afgangsorka kann að vera til á þeim tíma, sem viðkomandi verksmiðja er reist, svo sem nú hefur verið gert við áburðarverksmiðjuna. Það verður að fara saman að áætla og undirbúa raforkuframleiðsluna og þá iðju og aðra hagnýtingu, sem raforkan gerir mögulega. — En þetta eru allt aðeins sjálfsagðar athugasemdir út frá hinni tæknilegu hlið undirbúningsins að þessu stórvirki. Enn þá vandameiri er hinn efnahagslegi grundvöllur undir rafvirkjanirnar almennt og stóriðju í krafti raforkunnar sérstaklega.

Næsti kafli fjallar um, hvernig helzt megi skapa örugga efnahagslega undirstöðu undir þessa framtíð nýrra atvinnuvega og undir aukningu hinna gömlu.

Um III. kafla.

Rafvirkjanir þær, sem heimilaðar voru með lögum nr. 22 1. febr. 1952 (Fjarðará eða Grímsá á Völlum, Hvammsá eða Selá í Vopnafirði, Fossá í Suðurfjörðum eða Seljadalsá við Bíldudal, Suðurfossá á Rauðasandi, Sandá í Þistilfirði, Smyrlabjargaá, Víðidalsá eða Bergsá í V.-Hún., orkuveitan til Vestmannaeyja, háspennulínur frá Fróðá), hafa fyrst og fremst það gildi að skapa lífsþægindi hjá fólki, sem skort hefur þau þægindi, er raforkan veitir, og verður jafnframt til þess að létta vinnuna og auka að nokkru framleiðsluna. En ekki sízt felst þjóðfélagslegt gildi þeirra í því að gera lífvænlegt á ýmsum stöðum landsins, sem fólkið mundi flýja frá, ef ekkert væri fyrir þá gert.

Mjög mikill hluti af virkjun Efrifossa við Sog verður og til þess að auka og bæta lífsafkomuna hjá íbúum Suðvesturlandsins, en þó aðallega til þess að tryggja, að rekstur áburðarverksmiðjunnar sé mögulegur án þess að skerða daglega nauðsynjaframleiðslu rafmagns fyrir þéttbyggðasta hluta landsins.

En til þess að standa undir auknum lífsþægindum þarf sjálf framleiðsla þjóðarinnar að aukast, ekki sízt útflutningsframleiðslan. Að því er stefnt með lagakaflanum um virkjun Þjórsár.

En til þess að sú virkjun og önnur skyld hagnýting auðlindanna (jarðhitans o. fl.) sé möguleg, þarf aukningu á framleiðslu og útflutningi fiskafurða, því að þjóðhagslega er það sjávarútvegurinn og framleiðsluaukning hans, sem stendur undir uppbyggingu stórvirkjana og stóriðju. Ísland verður að greiða vélarnar til raforkuframleiðslunnar og verksmiðjanna með andvirði fiskafurðanna. Enn fremur ætti, ef um samninga til langs tíma er að ræða, að vera mögulegt að semja um að greiða eitthvað af slíkum vörum með komandi íslenzkri stóriðjuframleiðslu eða andvirði hennar.

Nú er öllum, sem til þekkja, ljóst, hver hætta er búin jafnt sölu fiskafurðanna sem allri framtíð rafvæðingar og stóriðju í krafti hennar af markaðshruni og viðskiptakreppum auðvaldsskipulagsins. Það er því undirstöðuatriði við allan undirbúning hinna miklu framkvæmda, jafnt hinna mörgu smáu raforkuvera fyrir dreifðar byggðir landsins sem hinna stóru raforkuvera fyrir stórframleiðslu, að tryggja Íslandi sem bezt gegn þeim kreppum auðvaldsskipulagsins, sem lagt geta framleiðslu lítils lands í rúst, svo sem menn muna frá kreppuárunum 1931 og þar á eftir. Ef Ísland ætti einvörðungu að byggja á markaði auðvaldslandanna, gæti því svo farið, að grundvöllurinn brysti undan hinum miklu framkvæmdum. Þess vegna er nauðsynlegt að kappkostað sé að ná sem mestum mörkuðum í löndum sósíalismans, þar sem kreppur eru ekki til og engin hætta á þeim. Fyrirframsamningar til margra ára eru og helzt mögulegir við þau lönd. Hinn mikli og dýrmæti samningur, sem nú hefur verið gerður við Sovétríkin, sýnir, að möguleikarnir eru miklir til þess að tryggja þjóðina gegn hreppuhættunni og undirbyggja þannig eflingu sjárvarútvegs og landbúnaðar og einkum rafvæðingu landsins og á grundvelli hennar aukinnar iðju og stóriðju landsins. Heimildir III. kaflans fjalla um að nota þá möguleika og alla aðra slíka til fulls.

Um IV. kafla.

Um leið og hugsað er um rafvirkjanir landsins og reist raforkuver víða um land, þarf að tryggja tvennt: að fólkinu komi rafmagnið strax að fullu gagni og að rafmagnið verði sem fyrst fullnotað, svo að fjárhagsleg afkoma raforkuveranna verði sem skást. Ef fólkið á að geta notað sér rafmagnið strax til fulls, þarf það að geta eignazt öll þau tæki, sem létta vinnuna heima fyrir hjá húsmæðrunum, eigi síður en vinnutækin út á við. Það er einnig bezt fyrir fjárhagslega afkomu rafveitnanna, að fólk geti aflað sér slíkra heimilistækja sem fyrst.

Nú er það svo, að einmitt þeim húsmæðrum, sem mest þurfa á slíkum tækjum sem rafreknum eldavélum, þvottavélum og öðrum slíkum tækjum að halda, gengur erfiðlegast að afla sér þeirra. Það eru húsmæðurnar á stórum, barnmörgum heimilum, sem fyrst og fremst þurfa á þessum tækjum að halda, en geta oft ekki veitt

sér þau vegna efnaskorts. Með ákvæðum þessa kafla laganna er verið að tryggja slíkum húsmæðrum tæki þessi með góðum afborgunarskilmálum.

Ríkið hefur fengið 25 millj. kr. í söluskatt og tolla af vélum til Sogsvirkjunar og Laxárvirkjunar. Þetta fé skal notað til þess að kaupa öll þessi tæki og selja þau alþýðuheimilunum með mjög vægum afborgunarskilmálum.

Nú háttar svo til, að hin íslenzka raftækjaverksmiðja Rafha í Hafnarfirði, sem ríkið á í, getur afkastað svo að þúsundum skiptir af hverri tegund aðaltækjanna á ári, ef hún fær að vinna með fullum afköstum. Þegar ríkið samkvæmt ákvæðum þessa lagakafla semur við Rafha um kaup á slíkum fjölda raftækja, tryggir það um leið hina beztu hagnýtingu á afkastagetu verksmiðjunnar, ódýrasta framleiðslu handa fólkinu og skjóta notkun þess rafmagns, sem framleitt er. — Það segir sig hins vegar sjálft, að auk þess sem ríkið þannig tryggir fyrst og fremst barnflestu alþýðuheimilunum, hvar sem er á Íslandi, þau tæki, sem flest þeirra nú vantar, með mjög vægum afborgunum, þá geta þeir, sem betur eru efnum búnir, keypt þessi tæki á frjálsum markaði eins og áður.

En það verður Alþingi að gera sér ljóst, að það er ekki nóg að rafvirkja. Það verður líka að tryggja, að raforka komi öllum þeim til gagns, sem mest eru þjakaðir af erfiðinu, og þar eru húsmæður alþýðuheimilanna til sjávar og sveita í fremsta flokki.

Sú fagra ósk, sem Stephan G. Stephansson lætur fossinn mæla fram í „Fossaföll", þarf sem fyrst að verða veruleiki og getur orðið það:

„Mig langar hins, eins lengi og fjallið stendur,
að lyfta byrði, er þúsund gætu ei reist,
og hvíla allar oftaks lúnar hendur
á örmum mér, sem fá ei særzt né þreytzt.
Og veltu mína vefa láta og spinna
minn vatna-aga lýja skíran málm,
og sveita-Huldum silki-möttul vinna
og Sindrum hafsins gulli roðinn hjálm."

Fylgiskjal I.

Erindi Sigurðar verkfræðings Thoroddsens, flutt á fundi Verkfræðingafélags Íslands.

Það er líklega á fæstra vitorði ykkar, að 1949 var mér falið „að taka saman álit um virkjunarstaði í Hvítá, byggt á þeim gögnum, sem fyrir liggja, þar á meðal ritgerð Jóns Þorlákssonar og herforingjaráðsuppdrættir, og gera lauslegan samanburð á þeim og virkjunarskilyrðum á Þjórsá, byggðum á áætlunum Sætersmoens".

Þetta var í sambandi við undirbúning hér heima undir viðræður við eigendur vatnsréttindanna í Þjórsá.

Ég lauk þessu verki og komst að þeirri niðurstöðu, að í Hvítá mundi virkjanlegt á fjórum virkjunarstöðum um 300 000 hö. grunnorka, það er að segja þessi hestaflatala allt árið og alla tíma sólarhrings.

Þegar ég fór að athuga virkjunaráætlanir Sætersmoens, varð mér ljóst, að þær hestaflatölur, sem hann hafði reiknað með, voru of háar, en hann hafði áætlað 1 000 000 hö. sjö sumarmánuðina og 700 000 hö. hina fimm mánuði ársins. Sýndi ég fram á, að réttara mundi að telja í ánni tæp 600 000 hö., að vísu trygg allt árið, þ. e. a. s. grunnorku.

Þarna leysti ég aðeins af hendi það, sem mér var ætlað, nefnilega að gera lauslegan samanburð á virkjunarskilyrðum í Hvítá og í Þjórsá, byggðum á áætlunum Sætersmoens.

Þetta var það fyrsta, sem ég hugsaði um virkjanir í Þjórsá, áður höfðu þessi mál verið „tabu“ fyrir mér. Þarna um hafði fjallað útlendingur, fær í vatnsvirkjunum, og það var ekki okkar að betrumbæta þær. Þarna var á ferðinni okkar gamla og rótgróna „autoritetstrú“ á útlendingum og minnimáttarkenndin, sem henni er samfara.

Ég býst við, að Jóni heitnum Þorlákssyni hafi verið líkt farið, því að í ritgerð sinni í sambandi við undirbúning vatnalaganna afgreiðir hann Þjórsá með tölum Sætersmoens og vitnar í hann í því sambandi, muni ég rétt. Þar með var slegið föstu, að í Þjórsá væru tæp milljón hö., og ekki meira um það hugsað.

Sætersmoen var með sex virkjunarstaði í Þjórsá og Tungnaá, nefnilega Urriðafoss, Hestfoss, Þjórsárholt, Skarð, Búrfell og Hrauneyjarfoss.

Nú er því ekki að neita, að tækni í vatnsvirjunum hefur fleygt ótrúlega fram síðustu áratugina, og það, sem var talið óframkvæmanlegt 1920, má heita að nú sé orðinn algengur „praksis“.

Áður en mér var falin þessi álitsgerð, sem ég nefndi, hafði mér dottið í hug, að virkjun í Vatnsdalsá og Blöndu mundi heppilegust með því að veita Blöndu í Vatnsdalsá og Vatnsdalsá síðan með göngum niður í Vatnsdal, og komizt að þeirri niðurstöðu, að þar væri um 200 000 ha. virkjun að ræða; stórvirkjun á okkar mælikvarða.

Þetta hvort tveggja varð til þess, að ég á árunum 1949—51 hef lagt talsverða vinnu í að athuga það, á hvern hátt heppilegast mundi að virkja stórár okkar. Þetta hefur eingöngu verið íhlaupa- og tómstundavinna, og því miður hef ég ekki skjalfest allar athuganir mínar, að minnsta kosti ekki svo, að ég geti fyrirvaralítið gert grein fyrir þeim öllum, svo að frambærilegt sé.

Fyrir mér vakti að gera heildarathugun um vatnsafl á Íslandi, og er það, sem ég segi hér á eftir, þáttur úr því.

Ég hef þó ekki lokið við það verk og dreg í efa, að ég geri það, því að ég hef í mörgu að snúast og ekki tíma aflögu nema í hjástundum, og við þær hef ég margt að gera.

Eins og ég kem að síðar, eru forsendur fyrir þessum athugunum ekki eins góðar og á verður kosið, en þó vona ég, að af þeim geti orðið eitthvert gagn.

Þó að talsverð vinna sé á bak við þetta hjástundadund mitt, verður fljótsagt frá því, og vík ég nú að efninu.

Virkjun Þjórsár og Tungnár.

Um langar samfelldar vatnsmælingar er ekki að ræða í Þjórsá, þó að helzt hafi beinzt að henni athyglin, þegar hugsað hefur verið til stórvirkjana hér á landi, og það komizt svo langt, að mælingar hafa verið gerðar fyrir virkjunum og þær áætlaðar í henni. Þær áætlanir gerði norski verkfræðingurinn Sætersmoen, eins og kunnugt er. Vatnsmælingar þær, sem hann byggði áætlanir sínar á, voru mjög ófullkomnar og túlkun á þeim hæpin. Nú stöndum við þó betur að vígi, þar eð um þriggja ára skeið hafa verið gerðar samfelldar vatnshæðamælingar í Þjórsá og það margar vatnsmagnsmælingar, að allsæmilegur lykill er fenginn að ánni.

Sigurjón Rist, vatnsmælingamaður raforkumálastjóra, hefur gert summationslínu yfir rennsli þessara þriggja ára auk annarra athugana. Helztu eiginleikar árinnar, sem er mæld hjá Króki, eru þessir:

Afrennslissvæði hjá mælingarstað er um 7200 km^2 að stærð. Meðalrennsli hennar er um 430 m^3/sek., en það svarar til um 60 l/sek/km^2 af afrennslissvæðinu. Af línuritum Sigurjóns verður enn fremur ráðið, að árið 1947—48 hefði þurft að miðla 11.5% af árlegu meðalrennsli til þess að virkja meðalrennslið. Árið 1948—49 hefði þurft að miðla 31% af árlegu meðalrennsli og árið 1949—50 um 21.5%. Þetta eru mjög mismunandi tölur og alls ekki fengin reynsla fyrir, með hverju beri að reikna. Benda má á það, að mælistaðurinn er á láglendi, og þess vegna augljóst, að minni miðlunarþörf er þar, eða getur verið þar, en ef um virkjunarstað upp á hálendi er að ræða, því að blotar, sem alltíðir eru á láglendi í janúar—febrúar, verka fráleitt

að sama skapi þar upp frá, en þeir hafa mjög hagstæð áhrif og gera miðlunarþörfina minni. Í samræmi við þetta hef ég í þeim virkjunarágizkunum, sem hér fara á eftir, reiknað með meiri miðlunarþörf en þessar tölur benda til, nefnilega að 40% af árlegu meðalrennsli þurfi að miðla til þess að virkja árlegt meðalrennsli, og er hér auðvitað um ágizkun að ræða.

Ég hef enn fremur gengið út frá að virkja um það bil árlegt meðalrennsli á hverjum virkjunarstað, eða 60 l/sek² af hverjum km², og síðan miðað við þá miðlunarþörf, sem fyrr var nefnd, 40%, og loks miðað stífluhæðir við þær uppistöðustærðir, sem sú miðlun útheimti.

Ekki er hér með sagt, að sú virkjunarstærð sé sú heppilegasta, enda svo lauslegar ágizkanir og óvissar forsendur, sem á er byggt, að tilgangslaust er á þessu stigi málsins að fara út í slíkan samanburð. En forsendur þessar eru auk vatnsmælinga Sigurjóns herforingjaráðsuppdrættir, en á þeim eru hæðalínur dregnar með 20 m hæðamismun og kannske efasamt, að þeim línum megi treysta að fullu, þó að ég á hinn bóginn telji líklegt, að í stórum dráttum megi sjá á þeim, hvað sé framkvæmanlegt, einkum þegar um stórvirkjanir eins og hér er að ræða.

Nú er það annað mál, að það er alveg óvíst, að það, sem framkvæmanlegt er, sé um leið haganlegt, að það geti borið sig fjárhagslega, og til þess að ganga endanlega úr skugga um, að svo sé, þarf áætlanir, sem eru byggðar á miklu betri mælingum en hér er til að dreifa, auk jarðvegsrannsókna og annars undirbúnings margs konar, sem ekki verður nánar tekinn til greina hér.

Mér hefur þó þótt rétt að áætla kostnað við þær virkjanir, sem ég nefni hér á eftir í Þjórsá, og hef gert það; þó ekki um virkjanir, sem eru neðan við Þjórsárdal. Það má segja um þær ágizkanir, að þær geti ef til vill gefið hugmynd um stærðarstig virkjanakostnaðarins. Ég ætla því hér, áður en lengra er farið, að gera grein fyrir þeim einingarverðum, er ég hef notað í kostnaðarágizkunum mínum, og öðru því, er máli skiptir í því sambandi.

Ég hef yfirleitt gert ráð fyrir jarðstíflum allt að 40 m háum, á einum stað þó á kafla allt að 50 m. Jarðstíflurnar hef ég gert ráð fyrir að væru $0.25 \times h$ m breiðar að ofan, þar sem h er hæð stíflunnar, hliðarhalla 1:5 beggja vegna á stíflum upp í 23 m hæð, en 1:4 báðum megin á hærri stíflum.

Ég hef gert ráð fyrir kostnaðarverði í jarðstíflunum 30/— kr. fyrir hvern m³ að jafnaði.

Steinsteyptum stíflum hef ég gert ráð fyrir, þar sem um meiri hæð var að ræða en 40—50 m en auk þess þar, sem ég taldi þurfa yfirrennsli. Ég hef gert ráð fyrir steinsteyptum þungastíflum, og rúmmál þeirra hef ég áætlað eftir upplýsingum um stíflur frá „New York Board of Water Supply Dams“ og valið þá rúmfrekustu þar. Einingarverð hef ég reiknað 300/—kr./m³.

Kostnaðarverð í göngum hef ég talið 100/—kr./m³. Kostnaðarverð stöðvarhúsa 200/kr. á hvert uppsett vélahestafl og kostnaðarverð véla 500/kr. á hvert uppsett vélahestafl. Ofan á þann kostnað, sem þannig var fenginn, hef ég bætt 60% fyrir öðru ófyrirséðu.

Virkjunartilhaganir.

Um margar virkjunartilhaganir getur verið að ræða, en ég skal hér aðeins gera grein fyrir tveimur.

1. tilhögun.

A. Virkjun Þjórsár.

Kaldakvísl er stífluð ofan við Þveröldu og veitt með 4.5 km löngum 25 m² göngum í Þjórsárbotna, en svo hef ég leyft mér að nefna flatneskjuna, sem Þjórsá rennur um sunnan Hofsjökuls.

Þjórsá er stífluð milli Norðlingaöldu og Þveröldu. Vatninu er síðan veitt með 4 km löngum og 90 m² víðum jarðgöngum undir Norðlingaöldu, síðan er stíflað

þvert vestur yfir Miklulækjarbotna yfir hæðirnar austan Lambafellskvíslar, sem flytur vatnið í Dalsá, en hún er stífluð við Öræfahnúk. Þar sem með þarf, er stíflað milli hæðanna austan Lambafellskvíslar. Ég hef gert ráð fyrir, að þessi stíflumannvirki hafi krónuhæðina 600 m y.s. Til þess að fá næga miðlun í Þjórsárbotnum þarf stíflan við Norðlingaöldu—Þveröldu að ná upp í hæð 608 m y.s. og miðlun þarf að nýta niður í 600 m y.s.

Með 11.5 km löngum göngum, 90 m², er vatninu síðan veitt í Fossárdrög, en neðan við þau hef ég gert ráð fyrir fyrsta eða efsta virkjunarstaðnum, en þá virkjun hef ég nefnt

Lambafellsvirkjun.

Afrennslissvæði þessarar virkjunar mælist 3000 km². Virkjað vatn verður því

$$\frac{60 \cdot 3000}{1000} = 180 \text{ m}^3/\text{sek.}$$

Nú fæst með því að stífla upp í 590 m hæð gott lón til dægurmiðlunar, svo að gera má ráð fyrir uppsettu vélaafli, er noti um 250 m³/sek. Fall þessarar virkjunar er frá 590 — 520 = 70 m. og vélaaflið því um 175 000 hö., en grunnorkan 126 000 hö. Frárennslisgöng þessarar virkjunar verða 2.2 km² á lengd, 125 m² víð.

Við næstu virkjun, **Fossheiðarvirkjun,** fæst sömuleiðis stórt lón og 40 m fall á 1 km. Þar má virkja 182 m³/sek. að meðaltali eða setja upp 100000 ha. vélar, en grunnorkan verður 73000 hö.

Við neðstu virkjunina, **Fossölduvirkjun,** er gert ráð fyrir, að stíflað verði milli Fossöldu og Fossheiðar upp í 480 m hæð og nýtt þaðan 480—160 = 320 m fall niður í Þjórsárdal. Þarf þar 7 km löng göng, 140 m² víð.

Ég hef gert ráð fyrir, að stóra Laxá verði stífluð við Geldingafell neðanvert með stíflu upp í 500 m hæð y.s. og veitt í uppistöðu virkjunarinnar. Þarf til þess um 6 km löng göng.

Með viðbót þeirri á afrennslissvæði, er hér er orðin, má virkja um 196 m³/sek. að meðaltali, en það verður til, að uppsett vélaafl verði um 875000 hö., en grunnorka 627 000 hö.

Kostnaðarágizkun.

Köldukvísl veitt í Þjórsá	kr.	23 000 000.00
Stífluð Þjórsá við Norðlingaöldu—Þveröldu	—	260 000 000.00
Jarðgöng undir Norðlingaöldu	—	36 000.000.00
Stíflur milli Norðlingaöldu og Öræfahnúks	—	159 000 000.00
Jarðgöng frá Öræfahnúk í Fossárdrög	—	103 000.000.00
Lambafellsvirkjun	—	193 000 000.00
Fossheiðarvirkjun	—	90 000 000.00
Fossölduvirkjun	—	741 000.000.00
Ófyrirséð 60%	—	965 000.000.00
Samtals	kr.	2 570 000 000.00

Uppsett vélaorka 1 150 000 hö. eða 2240 kr. hvert hestafl.

Gera má ráð fyrir, að þau 826000 hö., sem hér er um að ræða í grunnorku, séu nú 10% dýrari á hvert hestafl, eða um 2460 kr.

B. Virkjun Tungnár.

Neðstu virkjunina hef ég hugsað mér gerða með stíflu þvert yfir Sultartanga, en jarðgöng þaðan niður í Þjórsárdal. Afrennslissvæði er þarna 3706 km², en það svarar til, eins og áður, 222 m³/sek. Miðlunarþörfin er, sbr. það, er áður var sagt, 2800×10^6.

Sé gert ráð fyrir miðlun í Þórisvatni frá 580—575 m hæð, fást þar um $385 \times 10^6 m^3$. Í Veiðivötnum þarf því að miðla $2415 \times 10^6 m^3$, en sú miðlun næst með nýttum vatnsborðsmun frá 596—576 m hæð, ef stíflað er við Vatnaöldur, en þar hef ég hugsað mér efstu virkjun Tungnár:

Vatnaölduvirkjun.

Aðrennslissvæði um 1725 km². Q = 103 m³/sek. Fall $\frac{596 - 576}{2} - 480 = 106$ m, meðalfall. Grunnorka $106 \times 103 \times 10 = 109000$ hö. Uppsett vélaafl 155000 hö. Frárennslisjarðgöng 6.5 km löng, 70 m² að þverskurðarflatarmáli.

Virkjun í Tungnárkróki.

Aðrennslissvæði 1950 km². Q = 117 m³/sek. Fall 480 — 420 = 60 m. Grunnorka: $60 \times 117 \times 10 = 70\,000$ hö. Uppsett vélaafl 100 000 hö. Jarðgöng 1.2 km., 80 m² að þverskurðarflatarmáli.

Virkjun Hrauneyjarfoss.

Aðrennslissvæði 2060 km². Q — 123 m ³/sek. Fall 420 — 320 = 100 m. Grunnorka: $100 \times 10 = 123\,000$ hö. Uppsett vélaafl 175 000 hö. Jarðgöng 3.5 km. löng, 90 m² að þverskurðarflatarmáli.

Virkjun í Þóristungum.

Aðrennslissvæði 3160 km². Q = 190 m³/sek. Fall 320 — 290 = 30 m. Grunnorka 57000 hö. Uppsett vélaafl 80000 hö. Jarðgöng 6.5 km löng, 130 m² að þverskurðarflatarmáli.

Sultartangavirkjun.

Aðrennslissvæði 3706 km². Q = 222 m³/sek. Fall 290 — 160 = 130 m. Grunnorka 288 000 hö. Uppsett vélaafl 405 000 hö. Jarðgöng 10 km löng, 155 m² að þverskurðarflatarmáli.

Kostnaðaráætlun.

Miðlun í Þórisvatni	5 000 000
Miðlun í Veiðivötnum	220 000 000
Miðlun í Langasjó	20 000 000
Vatnaölduvirkjun	155 000 000
Tungnárkróksvirkjun	90 000 000
Hrauneyjarfossvirkjun	179 000 000
Þóristungnavirkjun	155 000 000
Sultartangavirkjun	491 000 000
Ófyrirséð 60%	795 000 000
Alls	2 110 000 000

Uppsett vélaorka 915 000 hö., eða $\frac{2110 \cdot 10^6}{915\,000} = 2310$ kr/ha.

Grunnorka má ætla að kosti um 2600 kr/ha.

Ef saman eru tekin A og B, eða virkjun Þjórsár og Tungnár ofan við Þjórsárdal, lítur það þannig út:

Grunnorka $(825 + 647) \cdot 10^3 = 1\,472\,000$ hö. á 3 662 000 00 kr.

Uppsett vélaafl 2065 000 hö. á 4 680 000 000 00 kr.

C. Virkjun Þjórsár neðar.

Hjálparvirkjun.

Aðrennslissvæði 7057 km². Q = 423 m³/sek. Fall væntanlega um 20 m. Grunnorka 84 000 hö. Uppsett vélaafl 115 000 hö.

Skarðsvirkjun.

Aðrennslissvæði 7382 km². Q = 442 m³/sek. Fall 13 m. Grunnorka 57 000 hö. Uppsett vélaafl 80 000 hö.

Þjórsárholtsvirkjun.

Aðrennslissvæði 7404 km². Q = 444 m³/sek. Fall 18 m. Grunnorka 80 000 hö. Uppsett vélaorka 110 000 hö.

Hestfossvirkjun.

Aðrennslissvæði 7482 km². Q = 448 m³/sek. Fall 18 m. Grunnorka 80 000 hö. Uppsett vélaorka 110 000 hö.

Urriðafossvirkjun.

Ég geri ráð fyrir, að Hvítá, Tungufljóti og Brúará verði veitt í Þjórsá austan Vörðufells. Aðrennslissvæðið verður þá 11891 km². Q = 713 m³/sek. Fall 30 m. Grunnorka 213 000 hö. Uppsett vélaorka 300 000 hö.

Yfirlit yfir virkjun Þjórsár og Tungnár.

Virkjunarstaðir	Aðrennslissvæði km²	Q m³/sek.	Fall m	Grunnorka hö.	Grunnorka hö. alls
Lambafell	3000	180	70	126 000	126 000
Fossheiði	3040	182	40	73 000	199 000
Fossalda	3260	196	320	627 000	826 000
Vatnaöldur	1725	103	108	109 000	935 000
Tungnárkrókur	1950	117	60	70 000	1005 000
Hrauneyjarfoss	2060	123	100	123 000	1128 000
Þóristungur	3160	190	30	57 000	1185 000
Sultartangi	3760	222	130	288 000	1473 000
Hjálp	7057	423	20	84 000	1557 000
Skarð	7382	442	13	57 000	1614 000
Þjórsárholt	7404	444	18	80 000	1694 000
Hestfoss	7482	448	18	80 000	1774 000
Urriðafoss	11891	713	30	213 000	1987 000

Ég geri ráð fyrir, að hlutfallslega jafnmikið megi virkja miðað við afrennslissvæði á láglendi og í efri stöðunum án þess að auka miðlunina, og tel ég það ekki óvarlegt, því að hvort tveggja er, að þeir staðir eru hagstæðari hvað miðlun snertir og við alla virkjunarstaðina fást góð lón eða uppistöður. Um Urriðafoss skal þess getið, að sú orka, sem þar er gert ráð fyrir, er miðuð við rennslisjöfnuð á Hvítá.

2. tilhögun:

Þjórsá er stífluð um Norðlingaöldu—Þveröldu í hæð 607 m. y. s. og veitt með 4 km löngum 155 m² víðum jarðgöngum suður í Kjalvötn. Stíflur gerðar við Kjalvötn eins og með þarf í hæð 590. Verður þá vatnið sjálfrennandi í Köldukvísl norðan Sauðafells.

Kaldakvísl er stífluð neðan við Sauðafell, og nær stíflan milli fjalla beggja vegna kvíslarinnar í hæð 590 m. y. s. Myndast þá uppistaða, sameiginleg af Kjalvötnum og Þórisvatni.

Tungná er stífluð við Vatnaöldur upp í hæð 590 og vatninu veitt með 8 km löngum jarðgöngum 155 m² víðum í Þórisvatn.
Langasjó veitt í Tungná með jarðgöngum.

Virkjað er úr Þórisvatni

niður í Köldukvísl 250 m meðalfall. Aðrennslissvæði 5188 km². Q = 311 m³/sek. Grunnorka 10 × 311 × 250 = 777 000 hö. Uppsett vélaorka 1070 000 hö. Jarðgöng 1.5 km löng 155 m² víð og 5 km löng 210 m² víð.

Virkjun í Þóristungu.

Aðrennslissvæði um 5400 km². Q = 324 m³/sek. Fall 330 — 290 = 40 m. Grunnorka 130 000 hö. Uppsett vélaorka 180 000 hö. Jarðgöng 6.5 km löng 225 m² víð.

Sultartangavirkjun.

Aðrennslissvæði 6662 km². Q = 400 m³/sek. Fall 290 — 160 = 130 m. Grunnorka 520 000 hö. Vélaorka 730 000 hö. Jarðgöng 10 km löng 280 m² víð.

Kostnaðarágizkun.

Stífluð Veiðivötn	125 000 000
Stíflaður Langisjór og veita í Veiðiv.	20 000 000
Stífluð Þjórsá við Norðlingaöldu	240 000 000
Stífluð Kjalvötn	10 000 000
Stífluð Kaldakvísl	225 000 000
Jarðgöng Veiðivötn—Þórisvatn	124 000 000
Jarðgöng Þjórsárbotnar—Kjalvötn	62 000 000
Virkjun við Þórisvatn að öðru leyti	877 000 000
Virkjun í Þóristungum	283 000 000
Virkjun í Sultartanga	847 000 000
Ófyrirséð 60%	1687 000 000
Alls	4500 000 000

Uppsett vélaorka 1980 000 hö., eða 2272 kr. hvert ha. Grunnorka alls 1 427 000 hö., sem ætla má að kosti um 3.5 milljarð króna.

Yfirlit yfir virkjun Þjórsár og Tungnár.

Virkjunarstaðir	Aðrennslissvæði km²	Q m³/sek.	Fall m	Grunnorka hö.	Grunnorka hö. alls
Þórisvatn	5188	311	250	777 000	777 000
Þóristungur	5400	324	40	130 000	907 000
Sultartangi	6662	400	130	520 000	1427 000
Hjálp	6876	412	20	82 000	1509 000
Skarð	7201	432	13	56 000	1565 000
Þjórsárholt	7223	433	18	78 000	1643 000
Hestfoss	7301	437	18	79 000	1722 000
Urriðafoss	11891	713	30	214 000	1936 000

Samanburður sýnir, að 2. tilhögunin virðist heldur hagstæðari, að svo miklu leyti, sem byggt er á kostnaðarágizkunum. Hins vegar munar svo litlu, að ekki verður gert upp á milli þeirra.

Heldur meira afl fæst með 1. tilhöguninni, vegna þess að stóra Laxá er með í henni.

Þetta kunna að þykja harla mikil mannvirki, en þau eru ekki meiri en þau gerast annars staðar og sízt það, svo að þess vegna eru þau engar „utopiur".

Ég réðst í það að gera um þau lauslegar kostnaðaráætlanir, byggðar á þeim forsendum, sem fyrir lágu, vegna þess að fyrst fengju þessar bollaleggingar gildi, ef hægt væri að sýna fram á, að mannvirkin séu framkvæmanleg á heilbrigðum fjárhagslegum grundvelli, og má segja, að þetta sé fyrsta sporið í áttina að því að leiða rök að því, þótt rökin séu kannske hæpin.

Það lægi kannske beint fyrir að ímynda sér, að virkjun Þjórsár ofan Tungnár mundi gefa af sér svo og svo mikinn ha.fjölda með því að stífla dalinn, sem Þjórsá rennur um, upp í 600 m og virkja þaðan t. d. niður í Þjórsárdal, stífla t. d. um Kóngsás og láta spursmálið þar með afgreitt, með því að við vissum, að þetta væri framkvæmanlegt. En slíkt ætti ekkert skylt við verkfræði, væri frekar í hagfræðilínunni, eins og maður nokkur benti mér á. Í raun og veru athugaði ég þennan möguleika fyrst, en hann reyndist svo allt of dýr í framkvæmd, að hann gat ekki komið til mála. Nú má vel vera, að reyndin sýni, að þær virkjanir, sem ég hér geri grein fyrir, komi heldur ekki til mála. Þó held ég ekki, að áætlanir mínar um einingarverð séu of lágar, heldur gætu aðrar forsendur, sem ég hef gengið út frá, brugðizt. Ég er heldur ekki hræddur um, að vatnsmagnið sé of áætlað, svo að nokkru nemi, hjá mér, og fallið er staðreynd.

En margt annað er öllu ótryggara. Ég hef t. d. í Þjórsá ofarlega gert ráð fyrir 50 m hárri stífu og í Tungná við Vatnaöldur um 40 m. Ég er ekki hræddur um, að grunnurinn þoli ekki slíkar stíflur, en hitt er kannske vafasamara, hvort grunnurinn og hæðirnar í kring þoli slíkar vatnsborðshækkanir.

Ég hef átt tal við jarðfróða menn um þetta, og þeim hefur ekki borið saman. Stíflur þessar eru á móbergssvæðinu. Einn jarðfræðingurinn telur leka muni vera svo mikinn þarna, að slík lón mundu aldrei fyllast, en aðrir hafa ekki verið hræddir um það.

Allar virkjanirnar byggjast á jarðgöngum. Hvernig verður með vatnsheldni þeirra, því að mikill kostnaðarauki yrði það, ef þau þyrfti að fóðra? Á jarðgöngunum verður þó ekki svona mikill vatnsþrýstingur, en hann fer þó í sumum þeirra upp í 20—30 m. Hvernig er með efni í jarðstíflurnar, er það tiltækilegt á heppilegan hátt? Og margt fleira má til tína, sem orkar tvímælis.

Í Sultartanga og við allar virkjanir neðar í Þjórsá þarf að gera stíflur á eða við hraun, því að Þjórsárhraunið er meðfram henni allri þar neðan við, og það er óskemmtilegur grunnur undir stíflu, og ekki bætir úr, að undir hrauninu mun vera deigulmór.

Ég skal nú ekki frekar fara út í þessa sálma hér. Sjálfsagt verður þetta allt athugað nánar, áður en í framkvæmdirnar verður ráðizt.

Áður en ég lýk máli mínu, langar mig til að víkja að spurningu, sem beint hefur verið til mín og auðvitað liggur beint við, nefnilega hvort það mundi valda sérstökum erfiðleikum að hefja virkjanir jökulánna.

Væntanlega verður átakið, sem gera þarf, þegar við stígum þetta spor, engu meira en það þótti, þegar ráðizt var í virkjun Sogsins eftir virkjun Elliðaánna á sínum tíma. Átakið er þó frekar á stjórnmálalega sviðinu og því fjárhagslega heldur en því tæknilega, því að tæknilega séð verður ekki við meiri erfiðleika að etja þar en við virkjun þeirra fallvatna, er við hingað til höfum átt við.

Að vísu verða mannvirkin væntanlega mun stærri, og við vitum, að miklu stærri virki þarf til þess að hleypa umfram vatni fram hjá í flóðum. Ísrek verður sjálfsagt að sama skapi stórkostlegra, en ef þetta er haft í huga, þegar mannvirkin eru áætluð, má taka tillit til þessa.

Malarburður mun auðvitað á löngum tíma minnka uppistöðurnar, en með miklum uppistöðum og stórum eru þeir erfiðleikar langt undan. Hugsanlegir örðugleikar

eru þar, sem frárennslið kemur í árnar aftur, vegna framburðar, en til þess má einnig taka tillit og hægt að gera ráðstafanir þeirra vegna. Þá er það segin saga, að slit á túrbínum verður meira í jökulánum en í hinum, sem mundi kosta aukinn rekstrarkostnað, sem þó ekki mundi vera verulegt atriði, vegi þarf sjálfsagt að gera og brýr, sem þola þungaflutninga. En sem sagt, ég sé ekki, að nokkuð mæli á móti því tæknilega séð, að við snúum okkur jafnt að virkjunum jökulánna sem hinna.

Annað mál er, að undirbúningi okkar í þessum málum er að því leyti ábótavatnt, að vatnsmælingar í ám okkar ná yfir allt of skamman tíma, svo að þar verðum við að byggja á ágizkunum og gera vel fyrir ófyrirséðu í þeim efnum og þá einkum flóðunum.

Á sínum tíma gerði J. Þorláksson yfirlit yfir vatnsafl á Íslandi. Það álit er byggt upp talsvert öðruvísi en ég hef hér gert. Jón áætlaði vatnsmagnið eftir aðalrennslissvæðinu, síðan tók hann fallið í ánni og sagði sem svo, að af þessu falli má gera ráð fyrir að viss hundraðshluti sé virkjanlegur. Þennan hundraðshluta áætlaði hann og notaði síðan um allar árnar. Á þennan hátt komst Jón að því, að vatnsaflið mundi nema 4 millj. hestafla, muni ég rétt, var hér um grunnorku að ræða. Ef ég tek saman þær ár, sem ég hér hef athugað, verður það þannig:

Þjórsá	1 987 000
Jökulsá á Fjöllum	848 000
Jökulsá á Brú	328 000
Sogið	100 000
Laxá	80 000
Blöndu og Vatnsdalsá	200 000
Lagarfljót	150 000
Jökulsá eystri (Skagafirði)	200 000
Norðlingafljót	150 000
Samtals	4 043 000

en þá er eftir stórá eins og Skjálfandafljót og allar hinar, sem minni eru. Sést, að tala Jóns Þorlákssonar hefur ekki verið of há.

Fylgiskjal II.

Úr skýrslu Baldurs Líndals, birt í „Ísl. iðnaði“ í apríl 1953.

Vinnsla aluminium-oxids með jarðhita.

Baldur Líndal, efnaverkfræðingur, hefur góðfúslega leyft „Íslenzkum iðnaði“ að birta kafla úr skýrslu, er hann hefur nýlega samið um nýtingu jarðhita til vinnslu aluminium-oxids. „Íslenzkur iðnaður“ vottar höfundi þakklæti fyrir að veita blaðinu leyfi til birtingar þessarar merku skýrslu. Vegna rúmleysis verða aðeins birtir nokkrir kaflar úr skýrslunni.

Mönnum hefur lengi verið það ljóst, að ef takast má að finna hentugar leiðir til þess að hagnýta jarðhitann beint sem hitaorku, mundi þar leysast úr læðingi ein mesta auðlind þjóðarinnar. Um nokkurra ára skeið hefur Raforkumálaskrifstofan haft til athugunar, hvernig hægt sé bezt að hagnýta þessa hitaorku, einkanlega til efnaiðnaðar. Vinnsla aluminium-oxids er einn af þeim möguleikum, sem athugaðir hafa verið og jafnframt sá athyglisverðasti, sem enn hefur verið bent á.

Það, sem hér fer á eftir, er að mestu efni varðandi aluminum-oxid, og hefur því verið safnað saman úr skýrslum, tímaritum og bókum um það efni. Ályktanir, sem hér eru gerðar, eru í samræmi við það, sem þannig hefur fundizt.

1. Aluminium-oxid.

Aluminium-oxid hefur mesta þýðingu í iðnaði sem millistig í vinnslu aluminiums. Það er unnið úr bauxiti og nær eingöngu notað sem hráefni við rafgreiningu aluminiums. En þótt svo sé, er vinnsla oxidsins ekki almennt talinn hluti af aluminiumvinnslunni, enda fara vinnsla oxidsins úr bauxiti og rafgreining þess í hreint aluminium sjaldan fram á sama stað.

Aluminium-oxid er einnig notað í einangrunarefni, eldföst efni og sem hvati við efnabreytingar. Það er mikið notað sem raka absorbent, og eru þá oft gerðar úr því töflur, eftir að það hefur verið örvað.

Aluminium-oxid (Al_2O_3) er hvítt mjöl í því formi, sem það er notað til aluminiumvinnslu. Eðlisþungi þess er 3.99, bræðslumark 2050 C°

2. Hráefni aluminium-oxids.

Aluminium-oxid er að mestu framleitt úr bauxiti, sem er jarðefni. Bauxit finnst yfirleitt ekki í norðlægum löndum. Það myndast sem residual jarðlag á yfirborði eða nálægt yfirborði jarðar við viss veðrunarskilyrði (Batemann, Economic Mineral Deposits, 1942). Að vísu er frumefnið aluminium mjög útbreitt í jarðskorpunni, en efnasambönd þau, sem það er í, hafa enn þá reynzt illvinnanleg vegna kostnaðar, að þessu einu undanskildu.

Bauxit er colloidal blanda af vatni og hydrolyseruðum oxidum aluminiums og járns. Auk þess inniheldur það nokkuð af títanium-oxid og fleiri minni háttar óhreinindum (Bateman).

Sjaldan er unnið úr bauxiti að ráði á þeim stöðum, sem það finnst. Þó er það oft malað og jafnvel þurrkað nálægt námunni. Flestar helztu vinnslustöðvar fyrir aluminium-oxid úr bauxiti eru í norðlægum löndum, þar sem ódýr hitaorka er fáanleg.

Segja má almennt, að úr 4 tonnum bauxits fáist 2 tonn aluminium-oxids, en úr því eitt tonn af aluminiummálmi.

Helztu bauxitnámur heimsins eru á eftirtöldum stöðum:

1. Brezka og hollenzku Guiana í Suður-Ameríku hafa mjög mikla vinnslu af 58—63% Al_2O_3 og 2—5% SiO_2 bauxiti.
2. Jamaica í Karaibahafi hefur allmiklar námur með háu járninnihaldi.
3. Gullströnd Afríku, miklar námur, lágt SiO_2 innihald, framleiðsla í byrjun.
4. Franska Guinea í Afríku. Framleiðsla byrjaði þar 1952.
5. Frakkland, mjög miklar námur í Var og Heralt. Birgðir 16 millj. tonn með max. 7—8% SiO_2.
6. Ungverjaland, Júgóslavía, Grikkland og Ítalía hafa miklar námur með góðu bauxiti og mikla framleiðslu.
7. Bandaríki N.-A. hafa fremur lítlar námur.
8. Rússland. Bauxitlög í Leningrad-héraðinu, Úralfjöllum og Síberíu.
9. Hollenzku Indíur. Nokkrar námur í Batan- og Bintang-eyjum.
10. Indland, Þýzkaland og Brazilía hafa minni háttar námur.

Kanada fær mestan hluta bauxitsins frá Brazilíu, Jamaica og Brezku Guiana, en hefur einnig nýskeð byrjað að flytja frá frönsku Guinea í Vestur-Afríku (World Mining, nóv. 1952). Bandaríkin fá bauxit aðallega frá Jamaica og Suður-Ameríku (Chem. & Eng. News, júní 1951), en auk þess eitthvað frá Indónesíu, Haiti og Santo Domingo (World Mining, okt. 1952). Evrópulöndin munu að mestu fá bauxit frá Frakklandi, Ítalíu, Júgóslavíu, Ungverjalandi og Grikklandi (Noregs Handel 1950), en auk þess hafa Bretar hafið vinnslu á Gullströnd Afríku.

— — —

4. Framleiðslukostnaður aluminium-oxids.

Enda þótt langmestur hluti þess aluminium-oxids, sem framleitt er, sé notað til aluminiumvinnslu, fer því fjarri, að framleiðsla þessara efna fari fram á sama stað yfirleitt. Staðsetning framleiðslunnar er þó í báðum tilfellum háð orkunni, en

í mismunandi formi. Aluminiumvinnsla byggist sem kunnugt er á ódýrri raforku, en aluminium-oxidvinnslan á ódýrum brennsluefnum sem hitagjafa.

Vegna þess, að mjög mikið þarf af gufu til aluminium-oxidvinnslu úr bauxit, er vinnslan erlendis helzt staðsett þar, sem náttúrulegt gas, olía eða mjög ódýr kol eru fáanleg (Gould, 1945). Sjá má af innflutningsskýrslum Norðmanna (Noregs Handel 1950), að töluverður verðmunur er á aluminium-oxid í Evrópu og í Ameríku. Sennilegt er, að þessi verðmunur liggi töluvert í því, að Ameríumenn nota mikið jarðgas, sem er mjög ódýrt, en Evrópumenn verða að sætta sig við kol, sem eru hlutfallslega dýr, jafnvel þótt verksmiðjurnar séu staðsettar nálægt námunum. Það er athyglisvert, að Norðmenn, sem ekki hafa kol nema á Spitzbergen, flytja inn nær allt aluminium-oxid, sem þeir þurfa til sinnar aluminiumvinnslu.

— — —

Samkvæmt áætlun Gordon Kiddoo (Chem. Eng., okt. 1951) kosta framleiðslutækin í meðalstórri verksmiðju $ 91.00 pr. short Tonn á ári, eða $ 100.00 pr. 1000 kg Al_2O_3. — Miðað er við sama stofnkostnað hér að viðbættum 22% vegna flutningskostnaðar og tolla af vélum. Stofnkostnaðurinn reiknast því kr. kr. 2000.00 pr. árstonn Al_2O_3.

Skýrslur um einstaka kostnaðarliði í vinnslu aloxids eru ekki fyrir hendi, enda munu þeir vera allmismunandi eftir því, hvar er. Í töflu VII er gerð tilraun til þess að sýna, hvernig líkindi eru til, að sundurliðunin geti verið í verksmiðju byggðri á Íslandi.

— — —

Samanburður á töflu VI og VII bendir til þess, að ef reiknað er með sama innflutningsverði á bauxiti hér og í Ameríku, sé vinnslukostnaður mjög líkur, jafnvel þótt reiknað sé með hærra verksmiðjuverði hér vegna flutningskostnaðar og tolla af innfluttum vélum. Hins vegar virðist framleiðsluverð mun lægra en verð aluminium-oxids í Evrópu.

Tafla VII.

Áætlaðir kostnaðarliðir í vinnslu al-oxids á Íslandi miðað við notkun jarðgufu.

Grundvöllur: 1000 kg Al_2O_3, unnið í meðalstórri verksmiðju.

		Ísl. kr.
1.	Bauxit, 2000 kg	180.00
2.	Vítissódi, 61 kg	76.00
3.	Gufa, 11.5 tonn	23.00
4.	Jarðolía, 100 kg	42.50
5.	Vatn	0
6.	Raforka, 315 kwh.	22.00
7.	Vinna, 6.4 klst.	128.00
8.	Ýmislegt, 10% af 1—7	47.15
9.	Viðhald, 3% af verksmiðjuverði	60.00
10.	Afskriftir, 6.66%	133.20
11.	Skattar og vextir, 6%	120.00
	Samtals kr.	831.85

Það er athyglisvert, að ef ekki væri hér um jarðgufu að ræða, mundi eldsneyti, sem henni samsvarar, kosta um 400 kr. tonn Al_2O_3, eða að framleiðslukostnaðurinn yrði 40—50% hærri en hér er reiknað með. Sést bezt á því, hvers vegna þjóðir, sem hafa ekki ódýra hitaorku, vinna lítið sem ekkert Al_2O_3, eins og t. d. Norðmenn.

5. Aðstæður til al-oxid-vinnslu á Íslandi.

Hér að framan hefur verið rætt almennt um aðferðir og kostnað við aluminium-oxidvinnslu, en aðstæður hérlendis ekki sérstaklega skýrðar.

Hér eru tvö jarðhitasvæði, sem einkum koma til greina í þessu skyni, þ. e. Hengilsvæðið og Krýsuvíkursvæðið. Veldur þar einkum lega með tilliti til mögulegra hafna. Hráefnið þarf að færa til vinnslustaðar, sem verður að vera sem bezt staðsettur með tilliti til fáanlegrar jarðgufu. Ef um Hengilsvæðið yrði að ræða, væri þannig verksmiðjan sennilega staðsett í nánd Hveragerðis. Þorlákshöfn yrði þá væntanlega innflutnings- og útflutningshöfnin, ef hana er hægt að gera nógu góða. Frá Þorlákshöfn til Hveragerðis eru um 18 km.

Engin rannsókn hefur farið fram á því, hve stórar slíkar verksmiðjur sem þessar þurfa að vera, til þess að vinnslan geti verið hæfilega ódýr. Það virðist þó ekki ósennilegt, að 100 000 tonna verksmiðja geti komið til greina að stærð til. Tafla VIII sýnir þarfir slíkrar verksmiðju í samræmi við töflur III og IV.

Í töflu VIII er miðað við 8400 vinnslutíma á ári og að afköstin séu 12 tonn Al_2O_3 á klukkustund. Gufan er miðuð við, að notuð séu 3 uppgufunarþrep, sem venjulegt er. Hins vegar væru sennilega notuð 2 þrep með jarðgufu, og mundi það auka gufunotkunina um 50%. Vinnutími starfsmanna reiknast að meðaltali 180 klukkustundir á mánuði.

Tafla VIII.

Þarfir 100 000 tonna Al_2O_3 verksmiðju.

1.	Bauxit	200 000 tonn á ári
2.	Vítissódi (76 Na_2O)	6100 tonn á ári
3.	Vatn til framleiðslunnar	132 lítrar á sek.
4.	Gufa (miðað við 3 þrep)	140 tonn á klst.
5.	Brennsluolía, áætlað	10 000 tonn á ári
6.	Raforka	3800 kw.
7.	Starfsmenn	300 manns

Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir því, hve mjög vinnsla þessi byggist á ódýrri hitaorku, sem endanlega þarf að notast sem gufa. Aðrar þjóðir byggja því vinnsluna mikið á ódýru jarðgasi. Þar sem jarðgufa er samt enn ódýrari og jarðhitinn mun vara í þúsundir ára, virðist full ástæða til þess að veita honum fulla athygli með svona vinnslu fyrir augum.

Aluminium-oxid er oft ekki unnið af þeim fyrirtækjum, sem nota það til framleiðslu úr því. Þess vegna virðist engin ástæða til þess að halda, að þótt við notuðum ekki þetta aluminium-oxid sjálfir, þá væri það ekki seljanleg vara. Þannig flytja t. d. Norðmenn inn árlega mikið magn af aluminium-oxid. Í töflu IX er sýndur hinn vaxandi innflutningur Norðmanna á aluminium-oxid (Industries of Norway, Dreyer, 1952). Þegar hin nýja 40 000 tonna aluminiumverksmiðja, sem Norðmenn eru að byggja við Sunndalsöra, tekur til starfa 1955, þurfa þeir að flytja inn 80 000—100 000 tonn aluminium-oxid til viðbótar. Fyrirhugað er, að þetta magn verði keypt frá Kanada (Ind. of Norway).

Tafla IX.

Innflutningur Norðmanna á bauxiti og al-oxidi.

(Industries of Norway, 1952.)

	Þúsundir tonna					
	1938	1948	1949	1950	1951	(1956)
Bauxit	26	39	24	37	20	–
Aluminium-oxid	43	46	65	81	76	160?

Á það hefur verið bent hér að framan, að vinnslukostnaður aluminium-oxids virðist lægri í Ameríku en í Evrópu, sennilega aðallega vegna ódýrari orku vestanhafs. Aftur á móti virðast skilyrði hér sambærileg við það, sem bezt má verða, og eru því líkindi til þess, að hægt sé að vinna hér aluminium-oxid fyrir Evrópumarkað með lægra verði en unnt er annars staðar í Evrópu.

6. Niðurstaða.

Á Íslandi virðist vera fyrir hendi góður grundvöllur fyrir verksmiðju til vinnslu aluminium-oxids úr bauxiti. Jarðgufan mundi valda því, að hægt væri að vinna það ódýrara hér en í öðrum Evrópulöndum. Þetta er þó háð því, að Ísland geti fengið gott og ódýrt bauxit til þess að vinna úr, en það verður allt að flytja inn.

Þjóðhagslega mun slík vinnsla vera hagkvæm. Stofnkostnaður er hlutfallslega lágur, og fyrirtækið skilur mikið fé eftir í landinu.

Markað fyrir vöruna ætti að vera hægt að fá í nágrannalöndunum, jafnvel þótt aluminiumvinnsla yrði ekki hafin hér á landi. Væri æskilegt að halda rannsóknum í þessu máli áfram sem fyrst.

Tillaga um framhaldsathuganir.

1. Rannsakað sé, hvað sé hentug verksmiðjustærð.
2. Rannsakað sé, hve mikið magn gufu er hægt að fá á stöðum, sem henta þessari vinnslu.
3. Athugaðir séu staðhættir og vinnsluhættir erlendra verksmiðja af þessu tagi.
4. Athugað sé, hvar hægt sé að fá bauxit með góðum kjörum.
5. Áætlun sé gerð um aluminium-oxidverksmiðju á Íslandi.

Reykjavík, 5. marz 1953.

Baldur Líndal.

Fylgiskjal III.

Tillögur Sósíalistaflokksins um stórvirkjanir og stóriðju á árunum 1946—47.

Rafmagnsmálum Íslendinga og undirbúningi stóriðju væri nú miklu lengra komið, ef farið hefði verið eftir tillögum Sósíalistaflokksins á árunum 1946—47 í stað þess að setja Ísland á árunum 1947—8 undir efnahagsleg yfirráð Bandaríkjanna og hafa síðan þurft að sækja um leyfi og „hjálp“ til þeirra til framkvæmda hér. Og þau leyfi hafa verið veitt seint og „hjálpin“ orðið með þeim hætti, að allar framkvæmdir hafa sökum ameríska fyrirskipana um gengislækkun orðið miklu dýrari en ella hefði orðið.

Sósíalistaflokkurinn hafði með nýsköpun sjávarútvegsins lagt efnahagslegan grundvöll að því, að hægt væri að ráðast í rafvirkjun landsins af eigin rammleik.

Það er rétt að rifja upp þær tillögur, er Sósíalistaflokkurinn flutti 1946—47 í þessum efnum.

Meðan samningar stóðu yfir milli fjögurra flokka 1946, lagði Sósíalistaflokkurinn fram ýtarlegar tillögur um þá stefnu, er flokkurinn áleit, að komandi stjórn ætti að hafa. Þær tillögur voru lagðar fram 6. nóv. 1946. Þar í var eftirfarandi kafli um „Raforku og stóriðju“:

„a) Flýtt sé svo sem verða má nýjum stórvirkjunum Sogsins og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu með sérstöku samkomulagi við Reykjavíkurbæ og Akureyri, ef verða mætti, að virkjunum þessum yrði lokið árin 1948—49. Ölfugur stuðningur sé veittur bæjar- og sveitarfélögum við að koma upp nauðsynlegum raforkuveitum, og séu jöfnum höndum byggðar diesel- og eimtúrbínurafstöðvar og vatnsvirkjanir, eftir því sem við á í hverjum stað. Hveraorka verði virkjuð í stórum stíl, ef tilraunir leiða í ljós, að það sé hagkvæmt.

b) Undirbúningur með hvers konar nauðsynlegum rannsóknum sé hafinn til þess að geta komið upp hér á landi á næsta áratug stóriðju, sem fyrst og fremst byggi á ódýrri raforku og vinni úr innlendum hráefnum, sem nú þegar eru fundin eða finnast kunna við rannsóknir, og erlendum hráefnum, sem borga mundi sig að flytja inn. Skulu sérstaklega rannsökuð virkjunarskilyrði Þjórsár og fjárhagslegur möguleiki á mjög stóru orkuveri, er skapi grundvöll að stóriðju á Suðurlandsundirlendinu og vélreknum landbúnaði.
c) Áburðarverksmiðja sé byggð, ef rannsóknir þær, sem nú standa yfir, leiða í ljós, að það sé æskilegt.
d) Sementsverksmiðju sé komið upp, er fullnægi sementsþörf landsmanna, strax er jákvætt álit sérfræðinga á málinu væri fengið."

Öllum tillögum Sósíalistaflokksins var þá hafnað. Í stað stórhuga, djarfrar þjóðlegrar nýsköpunar varð nú öll þróun hægari en ella, enda sífellt sótt um leyfi til Bandaríkjanna, áður en hefja mátti framkvæmdir. Í stað þess að hefja Írafoss- og Laxárvirkjanirnar sem fyrst eftir 1946 og reyna að ljúka þeim 1949, eins og Sósíalistaflokkurinn lagði til, var ekki hægt að byrja virkjanir þessar fyrr en 1950, er amerískt auðvald hafði látið fella gengi íslenzku krónunnar, og þeim varð því ekki lokið fyrr en haustið 1953.

En þótt mynduð væri ríkisstjórn 1947, sem auðsjáanlega ætlaði að ofurselja landið undir erlend efnahagsyfirráð, reyndi Sósíalistaflokkurinn eftir mætti að hafa áhrif á stefnu hennar. Þegar frumvarp þeirrar ríkisstjórnar um fjárhagsráð var til umræðu á Alþingi, lagði flokkurinn fram ýtarlegar breytingartillögur og gerða nákvæma grein fyrir þeim. En í frumvarpinu um fjárhagsráð fólst aðalstefna þáverandi ríkisstjórnar, og gagnvart því setti Sósíalistaflokkurinn fram sínar tilögur um verkefni þess ráðs. Skal hér minnt á, hverjar þær tillögur voru, m. a. um raforkumál og stóriðju.

Sósíalistaflokkurinn lagði til, að í sérstakri lagagrein (5. gr.) skyldi svo fyrir mælt um verkefni fjárhagsráðs í raforku- og stóriðjumálum:

„Fjárhagsráð skal undirbúa sem eitt aðalverkefni sitt uppkomu stóriðju í landinu á grundvelli ódýrrar raforku og skal því leggja höfuðáherzlu á, að láta fram fara nauðsynlegar undirbúningsrannsóknir og tilraunir, til þess að hægt verði á árabilinu 1950—55 að reisa slík raforkuver, er geti framleitt orkuna ódýrast og svo mikla, að hún nægi jafnt til sköpunar stóriðju hér sem til rekstrar vélrekins landbúnaðar og fiskiðju. Skal hvort tveggja athugað til hlítar: að reisa stærstu vatnsvirkjunarstöð, er völ sé á með tilliti til framleiðslu mikillar ódýrrar orku, sem og að hagnýta gufuhverina og jarðhitann í framleiðsluþarfir. Sérstaklega ber fjárhagsráði að sjá um, að viðkomandi ríkisstofnanir láti rannsaka til fulls virkjunarskilyrði við Urriðafoss í Þjórsá.

Þá skal ráðið annast rannsóknir á því, hverjum greinum stóriðju sé vænlegast að koma hér upp, bæði til framleiðslu fyrir innlendan markað (svo sem áburðarverksmiðju) og til útflutnings, og skulu í því sambandi einnig rannsakaðir möguleikar til innflutnings hráefna til þess að vinna úr hér svo og vinnslu hvers konar efna úr sjó.

Ráðið skal að öðru leyti, hvað innlendan iðnað snertir, leggja áherzlu á, að upp komi sem fyrst sementsverksmiðja, er fullnægi þörfum landsmanna, og nægar verksmiðjur til þess að vinna úr allri ull, sem hér er framleidd. Á sviði þess iðnaðar, sem fyrir er, skal stefnt að því, að hagnýtt sé til fullnustu framleiðslugeta hverrar verksmiðju, þótt samfærsla framleiðslunnar í eina verksmiðju hljótist þar af, enda sé þess gætt, að hagsmunum þjóðarheildarinnar verði þannig bezt borgið.

Fjárhagsráð skal hafa samráð um samninga og framkvæmd áætlana þessara við samtök atvinnurekenda sem launþega í iðnaði og samtök sérfræðinga og áhugamanna í þessum greinum."

Breytingartillögur Sósíalistaflokksins voru fluttar við 2. umr. frv. um fjárhagsráð af fulltrúa flokksins í fjárhagsnefnd Nd. (EOl). Í nefndaráliti sínu sem minni hluti

fjárhagsnefndar gerði hann grein fyrir afstöðu flokksins og nauðsyn á samþykkt breytingartillagnanna á eftirfarandi hátt:

„Þjóð vor tók við landi sínu frá forfeðrunum, er innlend stjórn komst aftur á eftir síðustu aldamót, í ömurlegu ástandi. Lélegur, gamall skipafloti, fá varanleg hús, lítið sem ekkert af verksmiðjum eða verkstæðum, vegir og brýr, svo að vart var teljandi, að Ölfusárbrú undanskilinni.

Á tveim kynslóðum — kynslóð feðra vorra og vorri eigin — er verið að vinna stórvirki á landi voru. Þó hefur engin kynslóð haft betra tækifæri til þess að vinna slík stórvirki en einmitt vor eigin kynslóð nú á þessum árum sökum bætts efnahags þjóðarinnar og tæknilegra framfara mannanna. Og engin kynslóð hefur frekar siðferðislega skyldu til þess en einmitt við að vinna upp aldirnar, sem þjóðin glataði, meðan hún var kúguð, á örskömmum tíma, á nokkurra ára skeiði, ef þjóðin aðeins leggst á eitt og beitir allri þeirri hagsýni, sem hún á til, — því að engri kynslóð hefur sem heild liðið efnahagslega betur á Íslandi en þessari.

En það er stórt land, sem vér þurfum að byggja, og miklar auðlindir, sem vér þurfum að virkja, með litlum mannafla og takmörkuðu fjármagni. Það má því ekkert fara forgörðum, ef vel á að fara. Þjóðin hefur ekki efni á að byggja tvær verksmiðjur til þess að framleiða sömu vöruna fyrir innanlandsmarkað, ef ein verksmiðja getur fullnægt. Hún hefur ekki efni á að leggja í lítið raforkuver til þess að framleiða ófullnægjandi raforku og of dýra, ef hún getur framleitt ódýra orku með voldugri virkjun, þótt hún þurfi að leggja að sér til þess að koma henni upp. Og hún hefur ekki efni á að missa hraustustu sjómenn sína í sjóinn tugum saman á vertíð hverri, vegna þess að bátarnir eru of litlir og of gamlir, — þótt mjög stórir bátar séu dýrir í byrjun.

Einbeiting á allri orku þjóðarinnar að þeim verkefnum, sem hún nú þarf að leysa á sviði atvinnulífsins, er skilyrði þess, að fjármagn, vinnuafl og auðlindir hagnýtist sem bezt. Og slík einbeiting er óhugsandi án fullkomins áætlunarbúskapar með þjóðinni, sem ákveður fyrir fram með heildaráætlunum fyrir alllangt árabil aðalverkefnin og einbeitir kröftum þjóðarinnar að framkvæmd þeirra með nákvæmari áætlunum fyrir hvert ár í senn á grundvelli heildaráætlunarinnar. Þess vegna er fullkominn áætlunarbúskapur skilyrði fyrir skynsamlegri og árangursríkri framkvæmd þeirrar atvinnubyltingar, sem nú er kölluð nýsköpun atvinnulífsins og þjóðin í síðustu kosningum ákvað, að framfylgja skyldi.

Alþingi ber því að framkvæma þann vilja þjóðarinnar nú með setningu löggjafar, er tryggi sem hraðasta og bezta framkvæmd nýsköpunarinnar með fullkomnum áætlunarbúskap.

Þegar Alþingi ákveður, að þjóðarbúskapurinn skuli rekinn samkvæmt fyrirfram gerðri áætlun og nýsköpun atvinnulífsins í heild sömuleiðis skipulögð um nokkurt árabil í einu, svo að samræmi sé þar, þá er það eðlilegt, að höfuðstefnan í þessu hvoru tveggja sé ákveðin í lögum þeim, er þingið setur, því að ella fengi það fjárhagsráð og sú ríkisstjórn, sem framfylgja skyldu slíkum áætlunum, svo víðtækt vald, að vart gæti samrýmzt lýðræðisþjóðfélagi, því að engum getur blandazt hugur um það, að stefna sú, sem ákveðin er um þróun þjóðarbúskaparins, og framkvæmd hennar er langsamlega þýðingarmesta málið, fjárhagslegs eða atvinnulegs eðlis, sem Alþingi getur tekið ákvarðanir um. Alþingi, sem sjálft vill ákveða fjárlög ríkisins í hverjum einstökum lið og sníður með stjórnarskrá og lögum ríkisstjórninni á hverjum tíma mjög þröngan stakk í þessum málum, getur ekki farið inn á þá braut að gefa fjárhagsráði og ríkisstjórn svo að segja einræðisvald um „fjárlög þjóðarbúskaparins“, heldur hlýtur fyrir fram að segja fyrir um höfuðstefnuna í þeim og nokkur allra þýðingarmestu atriðin.

Því hef ég í breytingartillögum mínum við frv. komið inn á nokkur allra þýðingarmestu stefnumálin í þjóðarbúskapnum og nýsköpun atvinnulífsins og skal hér gera nánari grein fyrir þeim.

Undirstaðan undir lífsafkomu og velmegun hverrar þjóðar er stórvirkt fram-

leiðslukerfi réttilega einbeitt á fullkomna hagnýtingu auðlinda og vinnuafls þjóðarinnar.

Það er hægt fyrir þjóðina að skapa sér slíkt kerfi, segjum á 10 ára tímabili, 1946—1955, er geti orðið örugg undirstaða undir betri lífsafkomu en Íslendingar áður hafa þekkt, en til þess að skapa þetta kerfi þarf þjóðin að vera samtaka um að leggja að sér við að koma því upp gegn tryggingu um að fá að njóta afkomuöryggis og betri lífsskilyrða á eftir.

Í stórum dráttum hugsa ég mér þetta kerfi skapað á t. d. 10 ára tímabili á þann veg, er nú skal greina, og tel ég þá auðvitað með þær stórhuga framkvæmdir, sem nýbyggingarráð og síðasta ríkisstjórn skipulögðu og hófu með þeim mesta framfaratímabil í atvinnusögu Íslands, ef svo er áfram haldið sem þá var hafið.

Á fyrra helmingi þessa tímabils sé höfuðáherzla lögð á eflingu fiskiskipastólsins og fiskveiðanna, svo sem sjávarútvegsáætlun nýbyggingarráðs gerir ráð fyrir og unnið hefur verið að. Með því að efla sjávarútveginn á því tímabili svo sem ráð er þar fyrir gert, verður komið upp svo miklum fiskiskipastól, er einmitt hagnýtir markaðina, þegar þeir eru beztir og nauðsynlegt að ryðja íslenzkum fiski braut inn á þá, að þjóðin getur ausið upp auði á þessu tímabili, sem verður undirstaða stórvægilegra breytinga á öðrum atvinnusviðum, ef hún gætir þess að eyða honum ekki í annað. Með sjávarútveginum hafa Íslendingar alltaf náð fljótast miklu fé og getað notað það sem undirstöðu annarra framkvæmda, ef tækifærið er gripið. Þess vegna verður það að álítast rétt að keppast við að ljúka framkvæmdunum í öflun fiskiskipastóls og eflingu fiskiðnaðar 1950, eins og áætlun nýbyggingarráðs leggur til. Geri ég það því að einni aðaltillögu minni og læt áætlun nýbyggingarráðs um sjávarútveginn 1946—51 fylgja hér með sem fylgiskjal I. Ef þetta yrði framkvæmt samkvæmt þeirri áætlun, þá yrði á tímabilinu 1951—55 á sviði sjávarútvegsins fyrst og fremst viðhald á því gamla, en höfuðáherzlan yrði þá lögð á stóriðju, landbúnað og iðnað samkvæmt undirstöðu, sem lögð hefði verið á tímabilinu 1946—50 með rannsóknum, tilraunum, og á vissum sviðum stórfelldum framkvæmdum.

Í landbúnaðinum er nú þegar að gerast raunveruleg vélbylting. En strax og bændur hafa fengið dráttarvélar, sláttuvélar og önnur landbúnaðartæki sín, er þeir nú hafa keypt eða pantað í allstórum stíl, þá reka þeir sig á, að þeir þurfa margfalt stærra ræktað land en þeir hafa haft til þessa, ef þeir eiga að geta hagnýtt tæki þessi til hlítar og notið hinna margauknu afkastamöguleika sjálfra sín í aukinni framleiðslu. Framræslu og allan annan undirbúning að margföldun hins ræktaða lands þarf að hefja nú þegar í eins stórum stíl og nokkur kostur er á, ef hægt á að verða að fullnægja þessum auknu kröfum landbúnaðarins til ræktaðs lands. Og þótt það sé gert, þá verður meginið af því nýbrotna landi ekki reiðubúið til hagnýtingar fyrr en eftir 1950. — Öll vélnýtingin í landbúnaðinum, — en þó sérstaklega heyþurrkunin, mjólkurframleiðslan, viðgerðarverkstæðin og svo sveitaheimilin sjálf — krefst gífurlega aukinnar raforkuframleiðslu.

Skortur á rafmagni stendur líka vexti og viðgangi alls iðnaðarins fyrir þrifum, — einnig þeim stóriðnaði, sem sérstaklega yrði tengdur landbúnaðinum, svo sem áburðarframleiðslu.

Stórvirkjanir til raforkuframleiðslu á fyrra tímabilinu fram að 1950 og þó sérstaklega áframhald á þeim á síðari hluta áratugsins eru því skilyrði fyrir framförunum í landbúnaði og iðnaði.

Raforkuframleiðslan, bæði virkjanir, leiðslur og tæki, er mjög gjaldeyrisfrek og krefst mikils sparnaðar í gjaldeyrisnotkun þjóðarinnar, ef framkvæma skal rafvirkjanirnar í svo stórum stíl og svo fljótt sem atvinnuvegirnir og lífskjör þjóðarinnar krefjast. Það er ekki nóg til þess að fullnægja þessum kröfum að fullvirkja Sogið og Laxá fyrir 1950, svo sem nú mun ráð fyrir gert. Það rafmagn, sem með því fæst, mun samstundis verða gleypt fyrir þann iðnað, landbúnað og sívaxandi heimilisnotkun, sem þá verður, — þannig að ekki verði afgangs hin mikla,

ódýra raforka, sem aðeins fæst með allra stærstu og ódýrustu virkjun, sem hugsanleg er á landinu og ein getur myndað grundvöll að raunverulegri stóriðju. — Hafi ekki rannsóknir og tilraunir með virkjun hveragufunnar leitt í ljós nýjan ódýrari aflgjafa en vatnsvirkjanir, þá er brýn nauðsyn að gera rannsóknir og áætlanir um þá stærstu og ódýrustu virkjun, er vér gætum framkvæmt á heppilegum stað. Mundi það líklega vera í Urriðafossi í Þjórsá, þar sem hægt mun vera að áliti norska verkfræðingsins Sætersmoen, sem rannsakaði vatnsvirkjunarmöguleika Þjórsár 1919, að virkja um 100 þús. kílówött. Um áætlun hans birtist hér bréf frá raforkumálastjórn sem fylgiskjal II. Með slíkri virkjun ætti að fást svo ódýrt rafmagn, að Ísland ætti ekki aðeins að geta framleitt handa sjálfu sér það, sem það þarf raforku við, ódýrar eins og áburðinn, heldur einnig að geta flutt inn hráefni til þess að vinna úr (t. d. bauxit til að vinna úr aluminium eða önnur þau hráefni, sem ýtarlegustu rannsóknir leiddu í ljós, að heppileg og arðvænleg væru, og selja síðan út úr landinu fullunna vöru, líkt og Norðmenn gera. Einmitt vegna þess, hve fiskveiðar vorar geta verið stopular og auðlind sú, sem fiskimið vor nú eru, getur þorrið í framtíðinni, ef oss misheppnast að fá þau vernduð og meira eða minna einokuð fyrir sjálfa oss með milliríkjasamningum, þá er nauðsynlegt, að núlifandi kynslóð hagnýti þann auð, sem hún eys upp úr sjónum, til þess að skapa sem fullkomnast framleiðslukerfi á landi til hagnýtingar þeirra auðlinda, sem sjálf jörðin, fallvötnin og jarðhitinn er. Stóriðja á grundvelli ódýrrar raforku er raunhæft framtíðarmarkmið fyrir Íslendinga, sem nú þegar þarf að fara að gera að veruleika. Hún er lífsnauðsyn til þess að skapa jafnvægi í atvinnulíf vort og draga úr áhættum þess. Og stóriðja hér á landi á þessum grundvelli hefði einmitt nú á byltingatíma tækninnar því betri möguleika sem vér gætum byrjað með nýjustu og fullkomnustu tækni á hverju sviði. En skilyrði allra þessara framkvæmda er heildaráætlun um þær allar alllangt fram í tímann. Ella getur farið svo, að óvænlegt þyki að ráðast í stærstu virkjanir, af ótta við, að markað skorti fyrir raforkuna, — og samtímis þori menn ekki að leggja í stóriðju eins og t. d. áburðarverksmiðju, af því að rafmagnið sé of lítið og of dýrt, eða markaðurinn of lítill fyrir það mikla magn, sem framleiðsa þyrfti til þess að fá ódýra áburðarframleiðslu. En hins vegar gæti rannsókn miðuð við samfellda heildaráætlun leitt í ljós, að með stórvirkjun, er tilbúin væri t. d. 1952—53, fengist nógu ódýrt rafmagn handa áburðarverksmiðju (og auðvitað fleiri stórfyrirtækjum) og að slík áburðarverksmiðja gæti verið samkeppnisfær, ef landbúnaðurinn hefði þá t. d. fimm eða tíu sinnum meira ræktað land en nú og garðyrkja og gróðurhúsarækt hefðu margfaldazt. Og með því að þessar framkvæmdir á öllum þessum sviðum fylgdust að, yrðu þær allar mögulegar, — en einangraðar hver út af fyrir sig yrðu þær hins vegar ef til vill alls ekki gerðar.

Rauði þráðurinn í breytingartillögum mínum er því sá að tryggja, að stigið verði eitt spor áfram í áttina til fullkomins áætlunarbúskapar og stórfelldari nýsköpunar í atvinnulífi voru, en ekki eitt spor aftur á bak frá nýbyggingarlöggjöfinni 1944, eins og verða mundi með fyrirliggjandi frv. óbreyttu.

En eigi að vera hægt að setja eins mikið fjármagn í atvinnulíf vort, sérstaklega í raforkuver og stórar verksmiðjur, þá er alveg óhjákvæmilegt, að þjóðin spari svo mikið fé til þessara framlaga, að 25% af verðmæti útflutnings árs hvers séu lögð til hliðar í þessu skyni. Með því að greiða aðeins 15% inn á nýbyggingarreikning, eins og 1. gr. gerir ráð fyrir, er aðeins tryggt sæmilegt viðhald og smávægileg aukning, en með því að leggja 25% inn á nýbyggingarreikninginn árlega er tryggð hröð þróun. Það verður í þessu sambandi að reikna með því, að vatnsvirkjanirnar og leiðslurnar út frá þeim eru eitthvert gjaldeyrisfrekasta fyrirtæki, sem landið leggur í. Það væri því beinlínis blekking að ræða um stórvirkjanir á Íslandi og áætla þá möguleika, sem þær opna, án þess að gera um leið ráðstafanir til þess að leggja til hliðar nægilegan gjaldeyri fyrir þeim.

En slíkar ráðstafanir nægja þó ekki einar.

Verzlunarpólitík landsins út á við verður líka að vera slík, að kreppa eða markaðsörðugleikar geti ekki teflt atvinnulífinu í tvísýnu. Þess vegna miða breytingartillögurnar við 3. gr. að því að tryggja framkvæmd áætlunarbúskapar á sviði utanríkisverzlunarinnar og föst, varanleg viðskipti við trygg markaðslönd, m. a. á grundvelli viðskiptasamninga við einstök lönd til tveggja og þriggja ára í senn. Þess verðum vér Íslendingar að minnast, er vér nú ætlum að byggja upp stórrekstur í sjávarútvegi og iðnaði, að fái ægilegar viðskiptakreppur auðvaldsheimsins að koma við áhrifum sínum fullum og óskoruðum hér á landi, þá geta þær feykt þessari nýbyggingu vorri um koll. Þess vegna er það eitt skilyrði þess, að glæsilegar framtíðarvonir vorar um nýbyggingu verði að veruleika, að verulegur hluti utanríkisviðskipta vorra sé við lönd, sem, sökum þess að þau hafa fullkominn áætlunarbúskap, eru ónæm fyrir viðskiptakreppum.

En til þess að tryggja þá einbeitingu fjármagns og vinnuafls innanlands, sem tillögur mínar gera ráð fyrir, þarf einnig þjóðfélagslegar ráðstafanir, og þá fyrst og fremst þær að beina fjármagninu burt úr verzluninni og að framleiðslunni, svo sem ég legg til með brtt. 4 e. Án þess að gera þessar ráðstafanir róttækt og einbeitt verður öll nýsköpun atvinnulífs vors sífelld togstreita milli atvinnulífsins og verzlunarinnar með stórskaða fyrir atvinnulífið, svo sem þegar hefur sýnt sig undanfarin ár með þeirri eyðslu á gjaldeyri til almennrar verzlunar, sem átt hefur sér stað, vegna þess, hvernig fjármagn þjóðarinnar streymdi í verzlunina sakir gróðamöguleikanna þar, og kallaði í sífellu á aukið vörumagn til að verzla með.

Það er tvennt, sem knúið hefur fram þennan mikla almenna vöruinnflutning áður: gróðavon verzlunarstéttarinnar og kaupgeta almennings. Ef fyrri ástæðunni er burt kippt, mun aðalorsökin til of mikils innflutnings almennra og sumpart óþarfra vara brot fallin. — Þá þyrfti svo að vinna látlaust að því, með upplýsingastarfsemi o. fl., að beina kaupgetu fólksins að nytsamari hlutum, er eigi heimta eins mikla eyðslu útlends gjaldeyris, og fá það til meiri sparnaðar. En þetta krefst aukins samstarfs fjárhagsráðs við fólkið og samtök þess og traust fólksins á allri þeirri stefnu, er fjárhagsráðið framfylgir. Þess vegna beinast margar breytingatillögur mínar að því að skapa og auka slíkt samstarf.

En fleiri ráðstafana er þörf. Svo erfitt sem það er og þjóðinni dýrt að ætla að framkvæma nýsköpun atvinnulífsins í sífelldri baráttu og togstreitu milli nýsköpunarstefnu í atvinnulífinu og hagsmunastefnu verzlunarauðmagnsins, þá er það næstum ókleift að ætla að framkvæma hana gegn vilja lánsstofnananna. Þess vegna ber ég fram breytingartillögurnar 5. b. við 4. gr. til þess að tryggja, að lánsstofnanirnar framfylgi áætlununum, er þær hafa verið samdar. Hve nauðsynleg þessi ákvæði eru, sést m. a. af því, að sú töf, sem frumvarp nýbyggingarráðs um stofnlán handa sjávarútveginum varð fyrir sökum mótspyrnu bankastjórnar Landsbankans, þýddi raunverulega, að lánsbréfamarkaður sé, sem var enn svo mikill og góður síðari hluta ársins 1945, varð eigi hagnýttur og stofnlánasjóður missti af möguleika til þess að selja bréf fyrir máske 50—100 milljónir króna. Og er hér þó aðeins eitt dæmi nefnt um skaðlegar afleiðingar skortsins á samstillingu lánsstofnana við nýsköpunarfyrirætlanir þjóðarinnar."

Nd. 231. Breytingartillaga [103. mál]

við frv. til l. um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl.

Flm.: Björn Ólafsson.

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Meðan ríkisstjórnin telur nauðsynlegt að lækka verð tiltekinna nauðsynjavara með greiðslum úr ríkissjóði, er heimilt að skammta það magn þessara vara, sem lækkað er í verði á þennan hátt.

Nd. 232. Frumvarp til laga [2. mál]

um firmu, skráningu þeirra og um prókúruumboð.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Lögreglustjórar og í Reykjavík borgarfógeti skulu, hver í sínu lögsagnarumdæmi, annast skráningu atvinnurekstrar, sem skylt er eða heimilt að skrá hér á landi. Skráningarstjóri merkir í lögum þessum hlutaðeigandi lögreglustjóra eða borgarfógetann í Reykjavík.

2. gr.

Halda skal hlutafélagaskrár samkvæmt lögum um hlutafélög og samvinnufélagaskrár samkvæmt lögum um samvinnufélög. Firmaskrár skal halda um firmu annarra félaga og einstakra manna, sem skráð eru samkvæmt lögum þessum.

Ráðherra setur nánari reglur um skrár þær, sem í 1. málsgr. getur.

3. gr.

Skráningarstjóri birtir í Lögbirtingablaði tilkynningar, er ritaðar hafa verið á skrár þær, sem getur í 1. málsgr. 2. gr. Ef eigi er á annan veg mælt í lögum, skal tilkynning öll birt, en eigi fylgiskjöl hennar.

Birta skal við árslok hver í B-deild Stjórnartíðinda skrá um allar tilkynningar, sem auglýstar hafa verið á árinu.

4. gr.

Það, sem skráð hefur verið og birt í Lögbirtingablaði samkvæmt lögum þessum, skal telja manni kunnugt, nema atvik séu svo vaxin, að telja megi hann hvorki um það hafa vitað né mátt vita.

Nú hefur birting í Lögbirtingablaði eigi fram farið, og hefur tilkynning þá ekki gildi gagnvart öðrum en þeim, sem sannanlega höfðu vitneskju um hana.

II. KAFLI
Skráningarskylda og skráningarheimild.

5. gr.

Félög, heimilisföst hér á landi, eru skráningarskyld, eins og hér segir:

A. Hlutafélög.
B. Samvinnufélög.
C. Önnur félög, ef þau reka eftirgreinda starfsemi:
   1. Verzlun, þar með talda sölu fasteigna, skipa, loftfara og bifreiða, umboðsverzlun, forlagsverzlun, tilboðasöfnun og pöntunarstarf.
   2. Lyfjasölu.
   3. Bankastarf, sparisjóðsstarf, sölu gjaldmiðils eða verðbréfa.
   4. Vátryggingar.
   5. Útgerð skipa, 100 rúmlesta og stærri.
   6. Iðju.
   7. Handiðnað.
   8. Veitingar og gistihússrekstur.
   9. Námagröft.

10. Mannvirkjagerð.
11. Framleiðslu og sölu orku.
12. Flutning fólks, muna og orðsendinga.
13. Rekstur kvikmyndahúss, hringleikhúss og fjölleikahúss.
14. Miðlarastarf, að því er tekur til atvinnugreina þeirra, sem getur í 1.—13. tl.

Heimilt er félögum, sem reka aðra viðskiptastarfsemi en þá, er í C-lið 1. málsgr. getur, að láta skrá firma sitt.

6. gr.

Þegar einstaklingur rekur atvinnu, sem getur í C-lið 1. málsgr. 5. gr., skal skrá firma hans, ef atvinnan er rekin undir sérstöku heiti öðru en nafni eiganda eingöngu.

Einstaklingi, er rekur atvinnu samkvæmt C-lið 1. málsgr. 5. gr., er jafnan heimilt að láta skrá firma sitt.

7. gr.

Nú hefur aðili, félag eða einstaklingur, sem heimilisfastur er erlendis, útibú hér á landi, og er þá skylt eða heimilt að skrá útibúið eftir reglum þeim, sem getur í 5. og 6. gr.

8. gr.

Þegar skuldaskilamenn eða erfingjar stjórna atvinnu til bráðabirgða með rétti til að rita firmað, sbr. 20. gr., svo og þegar ekkja, ekkill eða erfingjar halda áfram atvinnu látins manns undir firmanafni hans, sbr. 21. gr., skal jafnan skrá firmað, enda þótt það hafi eigi áður verið skráningarskylt.

III. KAFLI
Firmu.

9. gr.

Um atvinnurekstur, sem skráningarskyldur er eða skráður samkvæmt 5.—8. gr., skal gætt ákvæða laga þessara um heiti atvinnunnar (firma).

10. gr.

Enginn má hafa í firma sínu nafn annars manns án hans leyfis.

Óheimilt er aðila, án samþykkis þess, er hlut á að máli, að hafa í firma sínu nafn á fasteign, firmanafn, vörumerki eða önnur slík nöfn, sem annar aðili hefur áður öðlazt rétt til með skráningu, notkun eða á annan hátt.

Óheimilt er að kenna atvinnu við nafn landsins, sýslu-, bæjar- eða sveitarfélags, nema með leyfi stjórnvalda þeirra, sem hlut eiga að máli.

Nú er í firma orð, sem táknar eða vekur hugmynd um sérstakan atvinnurekstur, og verður þá eitthvað það að vera í heitinu eða gerð þess, er veiti því nægan sérkennileika.

Þegar firma atvinnurekstrar er sérstakt heiti, annað en nafn eiganda eða félagsmanns, skal það vera rétt að lögum íslenzkrar tungu.

Atvinnuheiti skal greina svo glöggt hvert frá öðru, að ekki sé hætta á, að á þeim verði villzt.

11. gr.

Óheimilt er aðila að greina í firma sínu aðra starfsemi en þá, sem hann rekur. Ef ákveðin starfsemi er greind í firma, má ekki halda firmanu óbreyttu, ef veruleg breyting hefur orðið á starfseminni.

12. gr.

Firma einstaks manns skal vera nafn hans eða sérstakt heiti annað en nafn eiganda eingöngu.

Í firma einstaks manns má ekki vera neitt, er gefi í skyn félagsskap eða takmarkaða ábyrgð.

13. gr.

Í firma hlutafélags skal vera orðið hlutafélag eða skammstöfunin h.f. (h/f). Önnur félög mega ekki hafa það orð eða skammstöfun þess í heiti sínu.

14. gr.

Í firma samvinnufélags skal vera orðið samvinnufélag eða skammstöfunin s.v.f. (sv/f). Ef samvinnufélag rekur verzlunaratvinnu, er því þó heimilt að nota orðið kaupfélag eða skammstöfunina k.f. (k/f). Önnur félög mega ekki hafa þessi orð eða skammstafanir þeirra í heiti sínu.

15. gr.

Önnur félög og stofnanir með takmarkaðri ábyrgð skulu hafa í firma atvinnu þeirrar, er þau reka, orðin „takmörkuð ábyrgð“ eða skammstöfunina t. áb. Óheimilt er félögum þessum eða stofnunum að hafa mannsnafn í firma atvinnurekstrar síns.

16. gr.

Félag með ótakmarkaðri ábyrgð allra félagsmanna skal hafa í firma sínu orð, er gefi félagsskap til kynna, nema full nöfn allra félagsmanna séu tekin upp í firmað. Ef félagið hefur sérstakt heiti, án fulls nafns nokkurs félagsmanns, skal orðið samábyrgðarfélag eða skammstöfunin s.á.f. (sá/f) vera í heiti þess. Öðrum félögum er óheimilt að hafa orð þetta eða skammstöfun þess í heiti sínu.

Í firma félags með ótakmarkaðri ábyrgð má ekki vera nafn neins utanfélagsmanns, og ekki má neitt það vera í heitinu, er gefi í skyn takmörkun á ábyrgð félagsmanna.

17. gr.

Í firma samlagsfélags, þar sem ábyrgð eins eða fleiri félagsmanna er ótakmörkuð, en ábyrgð annarra takmörkuð við framlög þeirra, skal vera orðið samlagsfélag eða skammstöfunin s.l.f. (sl/f). Öðrum félögum er óheimilt að hafa orð þetta eða skammstöfun þess í heiti sínu.

Í firma samlagsfélags mega ekki vera nöfn annarra en þeirra félagsmanna, sem bera ótakmarkaða ábyrgð, og ekki má neitt það vera í heitinu, er gefur í skyn takmörkun á ábyrgð þeirra.

18. gr.

Ef skráningarskyldur aðili rekur útibú utan þess lögsagnarumdæmis, þar sem aðalatvinnan á heimilisfang, skal firma útibúsins vera óbreytt firma aðalatvinnunnar með viðauka, er greini, að útibú sé, svo og heimilisfang þess.

19. gr.

Í firma útibús erlends aðila skal vera nafn hans og heimilisfang og þess getið, að útibú sé. Í firma útibúsins skal einnig greint, ef ábyrgð hins erlenda aðila er takmörkuð.

20. gr.

Nú hefur skuldaskilamönnum verið falið að stjórna atvinnu með rétti til að rita firmað, og skal þá halda firmanu óbreyttu og þess getið, að skuldaskilamenn fari með stjórn atvinnunnar. Sama máli gegnir, ef erfingjar halda áfram atvinnu að eiganda látnum, meðan skiptum er ólokið.

21. gr.

Ekkja eða ekkill, sem heldur áfram atvinnu látins maka síns, má halda firmanu óbreyttu. Sama rétt hafa erfingjar, sem halda áfram með ótakmarkaðri ábyrgð atvinnu látins manns, ef hann hefur leyft það, eða allir erfingjar eru því samþykkir og hinn látni hefur ekki gert aðra ráðstöfun.

IV. KAFLI
Tilkynningar.

22. gr.

Tilkynningarskylda samkvæmt lögum þessum hvílir á eiganda firma einstaks manns, á stjórn félags eða stofnunar, er getur í 13.—15. gr., á öllum félagsmönnum, er ótakmarkaða ábyrgð bera í félögum, er getur í 16. og 17. gr., á stjórnanda útibús erlends aðila, sbr. 19. gr., á skuldaskilamönnum og erfingjum, er halda áfram atvinnurekstri til bráðabirgða, sbr. 20. gr., á ekkju, ekkli eða erfingjum, sem halda áfram atvinnu látins manns með óbreyttu firmanafni hans, sbr. 21. gr., á dánarbúi, þegar atvinna hættir vegna láts eiganda, á skiptaráðanda um upphaf og lok gjaldþrotaskipta og dómstóli eða stjórnvaldi, þegar atvinnu er slitið með dómi í opinberu máli eða ráðstöfun stjórnvalds.

23. gr.

Tilkynningar á skrár samkvæmt 1. málsgr. 2. gr. skulu vera skriflegar og undirritaðar af öllum þeim, sem skylt er að tilkynna firmað. Ef tilkynnendur koma ekki sjálfir til skráningarstjóra, skal notarius publicus staðfesta undirskriftir þeirra.

Tilkynningu skulu fylgja gjöld samkvæmt aukatekjulögum fyrir skráningu og auglýsingu.

24. gr.

Þegar atvinnurekstur er skráningarskyldur, skal tilkynna hann til skráningarstjóra, eins og í 25.—30. gr. segir, áður en starfsemin hefst.

25. gr.

Þegar firma eins manns er tilkynnt, skal greina auk firmans:

1. Fullt nafn hans og heimili.
2. Tegund atvinnunnar.
3. Heimilisfang atvinnunnar.
4. Hvernig nafnritun er hagað.

26. gr.

Tilkynningar um hlutafélög og samvinnufélög fara eftir ákvæðum laga um félög þessi.

Tilkynning um atvinnurekstur annarra félaga eða stofnana með takmarkaðri ábyrgð, sbr. 15. gr., skal greina:

1. Heiti og heimilisfang félags eða stofnunar.
2. Firma atvinnunnar, ef það er annað en í 1. tölul. getur.
3. Tegund atvinnu.
4. Með hverjum hætti ábyrgð félagsmanna er takmörkuð.
5. Fullt nafn og heimilisfang stjórnenda og framkvæmdarstjóra eða annarra samsvarandi fyrirsvarsmanna.
6. Hverjir hafa heimild til að rita firmað samkvæmt samþykktum eða skipulagsskrá og hvernig nafnritun er hagað.

Tilkynningu skulu fylgja samþykktir félags eða skipulagsskrá stofnunar.

27. gr.

Tilkynningu um félag með ótakmarkaðri ábyrgð skal greina auk firmans:

1. Fullt nafn og heimilisfang allra félagsmanna.
2. Tegund atvinnunnar.
3. Heimilisfang atvinnunnar.
4. Hverjir hafi heimild til að rita firmað, svo og hvernig nafnritun er hagað.

28. gr.

Tilkynning um samlagsfélag skal greina auk firmans:

1. Fullt nafn og heimilisfang allra félagsmanna, er ótakmarkaða ábyrgð bera.
2. Fullt nafn og heimilisfang allra samlagsmanna og hverri fjárhæð framlög hvers þeirra nema, hvort þau séu greidd að fullu, en sé svo ekki, hvenær þau eigi að greiða.
3. Tegund atvinnunnar.
4. Heimilisfang atvinnunnar.
5. Hverjir hafi heimild til að rita firmað og hvernig nafnritun er hagað. Samlagsmaður getur aðeins ritað firmað samkvæmt prókúruumboði.

Tilkynningu skal fylgja yfirlýsing samlagsmanna um, að tilkynning sé gerð með samþykki þeirra. Ef þeir koma ekki sjálfir til skráningarstjóra, skal notarius publicus staðfesta undirskriftir þeirra.

29. gr.

Tilkynning um útibú innlends aðila, sbr. 18. gr., skal greina auk firmans:

1. Fullt nafn og heimilisfang útibússtjóra.
2. Hvernig nafnritun er hagað.

30. gr.

Tilkynning um útibú erlends aðila skal greina auk firmans:

1. Tegund atvinnu útibúsins.
2. Fullt nafn og heimilisfang útibússtjóra.
3. Hvernig nafnritun er hagað.

Tilkynningu skal fylgja:

a. Embættisvottorð um, að atvinnurekstri hins erlenda aðila sé löglega háttað í heimalandi hans.
b. Staðfest yfirlýsing hins erlenda aðila um, að hann hlíti því, að lögskipti hans hér lúti íslenzkum lögum og lögsögu.
c. Staðfest starfsumboð til handa útibússtjóra og öðrum, er skuldbinda útibúið.
d. Yfirlýsing réttra íslenzkra stjórnvalda um, að útibúinu sé heimill hér á landi atvinnurekstur sá, sem tilkynntur er.

Um tilkynningu útibús erlends hlutafélags fer eftir lögum um hlutafélög.

31. gr.

Þegar breytingar verða á því, sem ritað er í hlutafélagaskrá eða samvinnufélagaskrá, fer um tilkynningu eftir því, sem segir í lögum um félög þessi.

Nú verður breyting á því, sem ritað er í firmaskrá, og skal þá tilkynna það svo fljótt sem unnt er á sama hátt og segir um firmatilkynningar.

Ef breyting verður á samþykktum félags eða skipulagsskrá stofnunar, er getur í 2. málsgr. 26. gr., skal tilkynna dagsetningu breytingar og láta fylgja endurrit hennar.

32. gr.

Tilkynna skal slit hlutafélaga og samvinnufélaga með þeim hætti, er segir í lögum um félög þessi.

Nú hættir annar skráður atvinnurekstur, og skal þá tilkynna það þegar í stað.

33. gr.

Þegar firma er tilkynnt, skulu þeir, er rétt hafa til að skuldbinda atvinnuna, sýna með eigin hendi, hvernig þeir rita firmað. Sama er og, þegar tilkynning er gerð um, að einhver hafi fengið heimild til að rita firma, er áður hefur tilkynnt verið.

34. gr.

Nú er atvinna tilkynnt, sem opinbert leyfi eða viðurkenningu þarf til að reka, og skal þá fylgja tilkynningu vottorð rétts stjórnvalds um, að aðili hafi fengið slíkt leyfi eða viðurkenningu.

35. gr.

Ef tilkynning er ekki lögum samkvæm eða eitthvað er í henni, sem ekki er lagaheimild fyrir að setja á skrá, skal skráningarstjóri synja skráningar. Birta skal skráningarstjóri þegar í stað þeim, sem hlut á að máli, synjun sína ásamt rökstuðningi. Heimilt er aðila að leita úrlausnar dómstóla um synjunina.

36. gr.

Nú telur einhver rétti sínum hallað með skráningu, og getur hann þá borið málið undir dómstóla.

37. gr.

Nú hefur skráningarstjóri ástæðu til að ætla, að skráðum atvinnurekstri sé ekki lengur haldið uppi, án þess að tilkynnt hafi verið, og skal hann þá, ef aðgerðum samkvæmt 46. gr. verður ekki beitt, senda fyrirspurn um þetta efni í ábyrgðarbréfi til skráðs eiganda eða skráðra stjórnenda atvinnunnar. Ef bréfi er ekki svarað innan sennilegs tíma, skal skráningarstjóri birta í Lögbirtingablaði áskorun til fyrirsvarsmanna atvinnunnar um að sanna fyrir honum innan 4 mánaða, að atvinnurekstri sé enn haldið uppi. Nú hefur slík sönnun ekki komið fram að fresti loknum, og skal þá afmá firmað af skrá.

V. KAFLI
Prókúra.

38. gr.

Ef firmahafi samkvæmt lögum þessum hefur gefið umboð, sem berum orðum er nefnt prókúra, hefur umboðsmaðurinn heimild til að annast fyrir umbjóðanda allt það, er varðar rekstur atvinnu hans, og rita firmað. Þó getur prókúruhafi eigi selt né veðsett fasteignir og skip umbjóðanda síns, nema hann hafi til þess sérstakt umboð.

39. gr.

Prókúru má veita fleiri mönnum en einum, þannig að þeir geti aðeins notað hana í sameiningu (sameiginleg prókúra).

40. gr.

Nú er prókúra bundin við ákveðinn tíma eða takmörkuð á annan hátt, og er sú takmörkun þá eigi gild gagnvart öðrum en þeim, sem um hana vita.

41. gr.

Þegar prókúruhafi ritar firma, skal hann bæta við það orðunum per prókúra eða greinilegri skammstöfun þeirra orða og auk þess rita nafn sitt. Ef um sameiginlega prókúru er að ræða, skal þess gætt, sem ákveðið var um tölu undirskrifta, þegar prókúran var gefin.

42. gr.

Prókúruhafi getur eigi framselt öðrum prókúru sína.

43. gr.

Prókúru má kalla aftur hvenær sem er. Prókúra fellur eigi úr gildi við lát umbjóðanda.

44. gr.

Þegar prókúra er veitt fyrir skráð firma og hún er eigi takmörkuð frekar en í 38. og 39. gr. segir, skal tilkynna hana og geta hennar á skrá samkvæmt 2. gr. Eigi má skrá prókúru, sem er öðrum takmörkunum háð.

Nú er prókúra tilkynnt, og skal þá um nafnritun prókúruhafa fara eftir ákvæðum 33. gr. Ef prókúruhafi ritar ekki nafn sitt í viðurvist skráningarstjóra, skal notarius publicus staðfesta undirskrift hans.

45. gr.

Tilkynna skal skráningarstjóra án tafar breytingu eða afturköllun á skráðri prókúru og geta þess á skrá samkvæmt 2. gr.

VI. KAFLI
Refsiákvæði o. fl.

46. gr.

Nú brýtur skráningarskyldur eða skráður aðili gegn ákvæðum 10.—21. gr. eða vanrækir tilkynningar samkvæmt lögum þessum, og getur ráðherra þá, að viðlagðri ákveðinni dagsekt eða vikusekt, sem taka má lögtaki, boðið hverjum þeim, er tilkynningarskylda hvílir á samkvæmt 22. gr., að inna skylduverk af hendi. Bera má lögmæti ráðherraúrskurðar undir dómstóla innan eins mánaðar frá birtingu hans.

47. gr.

Sá, sem brýtur ákvæði 10.—21. gr. eða vanrækir tilkynningarskyldu samkvæmt lögum þessum, skal sæta sektum.

Ef fyrirsvarsmanni félags hefur verið dæmd sekt vegna brots samkvæmt 1. málsgr., ber félagið ábyrgð á greiðslu sektar, ef innheimta hefur orðið árangurslaus hjá sökunaut sjálfum. Ef ekki er ákvæði í refsidómi um ábyrgð félagsins, verður sekt því aðeins innheimt með aðför hjá því, að dæmt sé um skyldu þess í sérstöku opinberu máli.

Nú hefur fyrirsvarsmaður félags gerzt sekur um vanrækslu samkvæmt 1. málsgr., og má þá dæma félaginu fjársekt, hvort sem einstaklingi er dæmd refsing eða ekki.

VII. KAFLI
Skráningargjöld. Gildistaka.

48. gr.

Atvinnufyrirtæki, sem skráningarskyld eru eða skráð samkvæmt lögum þessum, skulu hvert um sig greiða árlega gjald til ríkissjóðs, 100—300 krónur, eftir nánari ákvörðun ráðherra í reglugerð. Gjald þetta greiðist skráningarstjóra 15. janúar ár hvert fyrir næsta ár á undan í fyrsta sinn 15. janúar 1955.

Gefa skal árlega út skrá um skrásett atvinnufyrirtæki, flokkuð eftir atvinnu. Skal eitt eintak sent hverjum aðila, sem skrásettur er, um leið og árgjald er greitt til ríkissjóðs. Skal í skránni greina stofnár hvers fyrirtækis, upphæð hlutafjár og nöfn stjórnenda.

49. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1954.

Ákvæði laganna taka og til atvinnufyrirtækja, sem áður hafa verið skráð, með þeim undantekningum, sem getur í 50. gr.

50. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 10. gr., skulu þeir, sem fengið hafa firma skráð, áður en lög þessi taka gildi, halda þeim rétti til firmans, sem þeir kunna að hafa öðlazt samkvæmt lögum þeim, er áður giltu. Ákvæði III. kafla gilda að öðru leyti um eldri firmu, og ber að breyta firma að því leyti, sem það er ekki í samræmi við þau ákvæði.

Ákvæði 1. málsgr. taka og til firma, sem við gildistöku laga þessara eru lögleg samkvæmt ákvæðum 12. og 13. gr. laga nr. 42/1903.

51. gr.

Frá gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 42. 13. nóv. 1903, um verzlanaskrár, firmu og prókúruumboð, lög nr. 14 6. júlí 1931, um breyting á þeim lögum, svo og 10. gr. og 2. málsgr. 12. gr. laga nr. 46 13. júní 1937, um samvinnufélög.

Nd. 233. Frumvarp til laga [8. mál]

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Á árinu 1954 skal innheimta:

A. Vörumagnstoll samkvæmt lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl., og síðari breytingum á þeim lögum, með þessum hækkunum:
   a. Af benzíni, öðru en flugvélabenzíni, samkvæmt 27. kafla tollskrárinnar, 15. lið, með 20 aurum af kg í stað 1 eyris.
   b. Af öllum öðrum vörum með 250% álagi, þó ekki af flugvélabenzíni og vörum þeim, sem taldar eru í 2. gr.

B. Verðtoll samkvæmt sömu lögum með 45% álagi, þó ekki af vörum þeim, sem taldar eru í 2. gr.

2. gr.

Undanþegnar tollhækkun þeirri, er getur í b-lið A og B-lið 1. gr., eru þessar vörur:

Tollskrárkafli	9	nr. 1—2,	kaffi, óbrennt, eða brennt og malað.
—	10	— 1—7,	korn, ómalað.
—	11	— 1—12,	mjöl og grjón.
—	17	— 1—6,	sykur.
—	22	— 6—38,	drykkjarvörur og ýmislegir vökvar.
—	24	— 1—9,	tóbak.
—	25	— 10,	salt.
—	27	— 1—4,	kol.
—	—	— 14,	steinolía.

Enn fremur eru vörur, sem sérstakur tollur er greiddur af vegna milliríkjasamninga, undanskildar tollhækkun samkvæmt 1. gr.

3. gr.

Á árinu 1954 skal heimilt að fella niður aðflutningsgjöld af:
a. Belgávöxtum, sem teljast til nr. 5—6 í 7. kafla tollskrár.
b. Ómöluðu korni, sem telst til nr. 1—7 í 10. kafla tollskrár.
c. Kornmjöli og grjónum, sem telst til nr. 1—12 í 11. kafla tollskrár.
d. Kaffi, óbrenndu eða brenndu og möluðu, sem telst til nr. 1—2 í 9. kafla tollskrár.
e. Sykri, sem telst til nr. 1—6 í 17. kafla tollskrár.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1954.

Ed. 234. Lög [38. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd Norðurlandasamning um gagnkvæmi varðandi greiðslur vegna skertrar starfshæfni.

(Afgreidd frá Ed. 3. des.)

Samhljóða þskj. 40.

Nd. 235. Lög [94. mál]

um breyting á lögum nr. 83 26. nóv. 1948, um skattfrelsi vinninga o. fl. varðandi happdrættislán ríkissjóðs.

(Afgreidd frá Nd. 3. des.)

Samhljóða þskj. 149.

Ed. 236. Frumvarp til laga [91. mál]

um kristfjárjarðir og jarðir í fátækraeign.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Kristfjárjarðir og jarðir í fátækraeign, sem seldar hafa verið fyrir 31. des. 1952, teljast ekki lengur kristfjárjarðir eða jarðir í fátækraeign.

2. gr.

Umsjón og umráð með kristfjárjörðum og jörðum í fátækraeign svo og tekjur af þeim og úthlutun teknanna hafa þeir aðilar, er gjafabréf eða skipulagsskrá mælir fyrir um. Nú er gjafabréf glatað, og ber þá hreppsnefnd þess hrepps, er gjafarinnar nýtur, að hafa þetta á hendi. Njóti tveir hreppar eða fleiri gjafarinnar, skulu hreppsnefndir þeirra koma sér saman um mann til að annast þessi störf. Náist ekki samkomulag um umsjónarmann, tilnefnir félagsmálaráðuneytið hann. Á sama hátt kveður sýslunefnd til einn eða fleiri menn til að hafa umsjón og umráð með þeim jörðum, er gefnar hafa verið sýslunni eða hreppum sýslunnar sameiginlega.

Jarðir þessar skulu byggðar samkvæmt ábúðarlögum eða á erfðaleigu, en með hliðsjón af gömlu lagi, svo að tekjur af jörðunum rýrni ekki. Byggingarbréf fyrir þessum jörðum skal senda félagsmálaráðuneytinu til staðfestingar.

Heimilt er umráðamönnum þessara jarða að veðsetja þær eða leyfa ábúendum veðsetningu þeirra fyrir lánum til hýsingar, ræktunarframkvæmda og annarra nauðsynlegra mannvirkja á jörðinni, að fengnu samþykki félagsmálaráðherra.

3. gr.

Kristfjárjarðir og jarðir í fátækraeign er óheimilt að selja, nema alveg sérstakar ástæður séu fyrir hendi. Nú er svo komið,, að einhver þessara jarða gefur svo litlar tekjur, að augljóst er, að höfuðtilgangur gefandans með ráðstöfun tekna af jörðinni er að litlu eða engu orðinn, og ber þá forráðamanni eða forráðamönnum að senda félagsmálaráðuneytinu tillögu um, að jörðin verði seld hæstbjóðanda, ásamt rökstuddri greinargerð. Félagsmálaráðuneytið leitar umsagnar eftirlitsmanna opinberra sjóða um tillöguna. Verði báðir þessir aðilar sammála um að mæla með sölunni, skal ráðuneytið leggja frumvarp þar að lútandi fyrir næsta reglulegt Alþingi. Til þess að salan sé gild, þarf félagsmálaráðherra að samþykkja söluverðið.

Nú er jörð seld, og skal þá ávaxta kaupverðið í banka, sparisjóði eða ríkistryggðum skuldabréfum. Félagsmálaráðuneytið skal annast ávöxtun kaupverðsins.

Sama gildir, svo sem við verður komið, um andvirði þeirra jarða, sem taldar hafa verið kristfjárjarðir eða jarðir í fátækraeign og seldar hafa verið áður en lög þessi öðlast gildi.

Árlegir vextir af kaupverðinu renna til þess, er njóta skal samkvæmt ákvæðum skipulagsskrár eða samkvæmt öðrum fyrirmælum, gamalli hefð eða venju.

4. gr.

Sveitarstjórn, sem hefur á hendi úthlutun eftirgjalds eða vaxta samkvæmt 2. og 3. gr., er heimilt að ákveða, að sérstakur styrkþegi eða styrkþegar sveitarinnar skuli njóta þeirra, og skal sá styrkur ekki vera endurkræfur.

5. gr.

Kristfjárjarðir og jarðir í fátækraeign, sem lög þessi taka til, eru:
Hurðarbak, Strandarhreppi, Borgarfjarðarsýslu.
Syðri-Hraundalur ½, Álftaneshreppi, Mýrasýslu.
Innri-Drápuhlíð, Helgafellssveit, Snæfellsnessýslu.
Efri-Hlíð, Helgafellssveit, Snæfellsnessýslu.
Litla-Þúfa, Miklaholtshreppi, Snæfellsnessýslu.
Efri-Vaðall, Barðastrandarhreppi, Barðastrandarsýslu.
Hestfjörður, Súðavíkurhreppi, Norður-Ísafjarðarsýslu.
Meðalheimur, Torfalækjarhreppi, Húnavatnssýslu.
Hamar, Svínavatnshreppi, Húnavatnssýslu.
Sæunnarstaðir (½), Vindhælishreppi, Húnavatnssýslu.
Ytra-Vallholt, Seyluhreppi, Skagafjarðarsýslu.
Utanverðunes, Rípurhreppi, Skagafjarðarsýslu.
Kotmýrar, Ljósavatnshreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.
Ketilsstaðir, Hlíðarhreppi, Norður-Múlasýslu.
Bakkagerði I og II, Hlíðarhreppi, Norður-Múlasýslu.
Eyjasel, Hlíðarhreppi, Norður-Múlasýslu.
Hróaldsstaðir, Vopnafjarðarhreppi, Norður-Múlasýslu.
Arnheiðarstaðir, Fljótsdalshreppi, Norður-Múlasýslu.
Droplaugarstaðir, Fljótsdalshreppi, Norður-Múlasýslu.
Geitagerði, Fljótsdalshreppi, Norður-Múlasýslu.
Merki, Jökuldalshreppi, Norður-Múlasýslu.
Kóreksstaðir II, Hjaltastaðahreppi, Norður-Múlasýslu.
Kóreksstaðagerði, Hjaltastaðahreppi, Norður-Múlasýslu.
Sómastaðir, Reyðarfjarðarhreppi, Suður-Múlasýslu.
Sómastaðagerði, Reyðarfjarðarhreppi, Suður-Múlasýslu.

Búlandsnes, Búlandshreppi, Suður-Múlasýslu.
Borgargarður, Búlandshreppi, Suður-Múlasýslu.
Framnes, Búlandshreppi, Suður-Múlasýslu.
Ræktunarland, Búlandshreppi, Suður-Múlasýslu.
Merki, Búlandshreppi, Suður-Múlasýslu.
Kolsholt, Villingaholtshreppi, Árnessýslu.
Jaðarkot, Villingaholtshreppi, Árnessýslu.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi eldri lagaákvæði, sem kunna að fara í bága við ákvæði þessara laga.

Nd. 237. Lög [82. mál]

um breyting á lögum nr. 44 9. maí 1947, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra.

(Afgreidd frá Nd. 3. des.)

Samhljóða þskj. 168.

Ed. 238. Frumvarp til laga [118. mál]

um breyting á póstlögum, nr. 31 12. febrúar 1940.

Frá samgöngumálanefnd.

1. gr.

Aftan við 4. gr. laganna komi 2 nýjar málsgr., svo hljóðandi:

Í Reykjavík og annars staðar í landinu, þar sem daglegur bréfaútburður fer fram og slíkt þykir henta, getur póstmeistari með samþykki póst- og símamálastjórnar, eftir nánari ákvæðum í reglugerð, sem póst- og símamálaráðherra setur, gert húseigendum skylt að setja upp bréfakassa í eða við hús sín, á þeim stað, sem póstmeistari bendir á, undir þann póst, sem í húsið á að fara. Skal gerð kassanna háð samþykki póstmeistara, og er húseigendum skylt að halda þeim við.

Nú lætur húseigandi undir höfuð leggjast að sinna fyrirmælum póstmeistara, og varðar það sektum samkvæmt 22. gr., og heimilast þá póstmeistara, ef svo ber undir, að útvega, setja upp og halda við bréfakössum á kostnað húseiganda. Kostnað þennan má krefja með lögtaki.

2. gr.

Upphaf 22. gr. laganna orðist svo:
Brot gegn ákvæðum 3., 4., 5., 8., 9., 10. og 11. greinar o. s. frv.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni póst- og símamálaráðherra, en einstakir nefndarmenn hafa óbundnar hendur um afgreiðslu þess. Frv. fylgdu svo látandi athugasemdir:

Eftir því sem stórhýsum fjölgar hér á landi, sérstaklega í Reykjavík, veitist æ erfiðara að starfrækja útburð póstsendinga, svo að í viðunandi lagi sé, án til-

finnanlegs aukins kostnaðar fyrir hið opinbera. Í Reykjavík er það t. d. hinum mestu erfiðleikum bundið fyrir bréfberana að geta haldið réttum tíma, sem þeim er ætlaður, er þeir þurfa að fara upp marga stiga og spyrjast fyrir á hverri hæð, því að venjulegast er aðeins húsnúmerið sett á sendinguna, án þess að hæð sé tilgreind, enda oft engin nafnspöld á hurðum eða við dyr. Tómlæti almennings í þessu efni er næsta furðanlegt, og úr því virðist ekki geta orðið bætt, nema lagaheimild til aðgerða komi til.

Að efni til eru greinar þessar samhljóða tilsvarandi norskum lögum, sem nýlega hafa verið sett þar í landi til þess að ráða bót á tilsvarandi ástandi þar. Skal nú vikið nánar að sjálfum greinunum.

Um 1. gr.

Gert er ráð fyrir, að ráðherra sá, er fer með póst- og símamál, gefi út fyrirmæli í reglugerðarformi um, hvernig framkvæmdum skuli haga um gerð og uppsetningu slíkra bréfakassa. Er því næst ætlazt til, að yfirmaður pósthússins á staðnum leiti samþykkis póst- og símamálastjórnar til þess að fyrirskipa verkið, og sé þá haft samráð við húseiganda. Óhjákvæmilegt þykir, að pósturinn hafi hönd í bagga með gerð kassanna, einkanlega að því er stærð þeirra og op snertir.

Ráð er fyrir því gert í þessari grein, að póststjórninni heimilist að gera þessar ráðstafanir á kostnað húseiganda og innheimti kostnaðinn með lögtaki. Yrði á þetta að líta sem öryggisráðstöfun, sem sjaldan þyrfti að grípa til, einkum eftir að þetta fyrirkomulag væri orðið almennt og fólk farið að venjast því. Hins vegar gæti verið hagur fyrir báða aðila, ef póststjórnin hefði póstkassa til reiðu handa þeim, sem vildu kaupa, og gæti hjálpað til að setja þá upp.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Nd. 239. Breytingartillögur [103. mál]

við frv. til l. um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar (GÞG).

I. Aðaltillögur:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Innflutningur á vörum til landsins skal vera frjáls og sömuleiðis útflutningur á vörum úr landi.
2. Við 2. gr. Greinin falli niður.
3. Við 4. gr. Fyrir orðið „innflutningsskrifstofa“ í 1. málsgr. og hvarvetna síðar í frv. kemur: fjárfestingarskrifstofa.
4. Við 5. gr. Orðin „1. og“ falli niður.
5. Við 12. gr. Greinin falli niður.
6. Á eftir 14. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 11 12. febr. 1940, um sölu og útflutning á vörum.
7. Upphaf 15. gr. orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá o. s. frv.
8. Fyrirsögn frv. orðist svo:
   Frv. til l. um skipan innflutnings- og útflutningsmála, gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl.

II. Til vara:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Innflutningur á vörum til landsins skal vera frjáls og sömuleiðis útflutningur á vörum úr landi. Þó skal ríkisstjórninni heimilt að ákveða með reglugerð, að inn- og útflutningur á tilteknum vörum skuli háður leyfisveitingum. Ríkisstjórnin getur enn fremur ákveðið með reglugerð, hvaða gjaldeyrisgreiðslur skuli háðar leyfisveitingum.
2. Á eftir 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Ákvæði 1. gr. um frjálsan innflutning skulu einnig ná til þess, er einstaklingar panta vörur frá útlöndum til eigin þarfa. Innkaupastofnun ríkisins skal skylt að veita einstaklingum fyrirgreiðslu í sambandi við slíkan innflutning gegn hæfilegri þóknun.
3. Við 2. gr. Á eftir 1. málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:
   Bönkum er skylt að láta af hendi gjaldeyri fyrir vörum, sem innflutningur er frjáls á, innan tveggja vikna frá því er þeim berst beiðni um hann. Hið sama á við um frjálsar gjaldeyrisgreiðslur fyrir öðru en vöruinnflutningi.
4. Á eftir 14. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 11 12. febr. 1940, um sölu og útflutning á vörum.
5. Fyrirsögn frv. orðist svo:
   Frv. til l. um skipan innflutnings- og útflutningsmála, gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl.

Sþ. 240. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1954.

Frá fjárveitinganefnd.

1.	Við	3. gr.	A. Sundurliðun 1. II. 5. Nýr liður:	
			Til viðgerðar á pósthúsinu í Reykjavík	150 000
2.	—	11. —	A. 1. d. (Hæstiréttur). Nýr liður:	
			Til viðgerðar á dómhúsinu	35 000
3.	—	11. —	A. 6. b. (Skrifstofukostnaður sýslumanna o. fl.).	
			a. Við 1. (Grunnlaun). Fyrir „1 880 592“ kemur	1 926 492
			b. Við 2. (Verðlagsuppbót). Fyrir „933 005“ kemur	957 926
			c. Við 3. (Annar kostnaður). Fyrir „1 170 000“ kemur ..	1 099 179
4.	—	11. —	A. 8. a. 3. (Ríkislögreglan í Rvík, bifreiðakostnaður).	
			Fyrir „360 000“ kemur	400 000
5.	—	11. —	A. 8. g. Nýr liður:	
			Kostnaður við sumarlöggæzlu á Húsavík	15 000
6.	—	11. —	A. 8. h. Liðurinn orðist svo:	
			Kostnaður við löggæzlu í Sandgerði á vertíðum	20 000
7.	—	11. —	A. 8. j. (Ýmis annar löggæzlukostnaður).	
			Fyrir „220 000“ kemur	300 000
8.	—	11. —	A. 12. (Sakamál og lögreglumál).	
			Fyrir „350 000“ kemur	400 000
9.	—	11. —	A. 15. (Laun sjó- og verzlunardómsmanna).	
			Fyrir „70 000“ kemur	100 000
10.	—	11. —	B. 3. (Bifreiðaeftirlit).	
			a. Við b. (Annar kostnaður). Fyrir „400 000“ kemur ..	440 000
			b. Við ÷ Tekjur. Fyrir „1 082 688“ kemur	1 122 688

11. Við 11. gr. B. 4. (Löggildingarstofan).
a. Við a. 1. (Grunnlaun). Fyrir „111 618“ kemur 168 480
b. Við a. 2. (Verðlagsuppbót). Fyrir „61 968“ kemur .. 94 378
c. Við ÷ Tekjur. Fyrir „160 000“ kemur 205 000
12. — 12. — IV. I. (Blóðbankinn).
a. Við 1. a. (Grunnlaun). Fyrir „119 000“ kemur 101 600
b. Við 1. b. (Verðlagsuppbót). Fyrir „57 000“ kemur .. 49 100
13. — 12. — VII. Liðurinn orðist svo:
Rekstrarstyrkur til sjúkrahúsa samkvæmt lögum 850 000
14. — 12. — VIII. (Heilsuverndarstöðvar).
Fyrir „300 000“ kemur 350 000
15. — 12. — IX. (Læknisbústaðir, sjúkrahús).
Fyrir „1 000 000“ kemur 1 500 000
16. — 12. — XI. Nýr liður:
Til endurbóta og breytinga á sjúkraskýli Rauðakrossins í Sandgerði 25 000
17. — 12. — XIV. (Sóttvarnir).
Fyrir „2 000“ kemur 50 000
18. — 12. — XVIII. Nýr liður:
Til norrænu lyfjaskrárnefndarinnar 5 000
19. Við 13. gr. A. II. a. Liðurinn orðist svo:
Til nýrra akvega:

1.	Reynivallavegur	90 000
2.	Reykjavegur	40 000
3.	Hafnavegur	65 000
4.	Grindavíkurvegur	25 000
5.	Andakílsfossavegur	85 000
6.	Melasveitarvegur	20 000
7.	Mófellsstaðavegur	20 000
8.	Lundarreykjadalsvegur	60 000
9.	Skálpastaðavegur	45 000
10.	Reykdælavegur	70 000
11.	Hálsasveitarvegur	85 000
12.	Hvalfjörður	165 000
13.	Þverárhlíðarvegur	50 000
14.	Hvítársíðuvegur	90 000
15.	Álftárósvegur	40 000
16.	Grímsstaðavegur	40 000
17.	Hraunhreppsvegur	110 000
18.	Hnappadalsvegur	30 000
19.	Hítarnesvegur	10 000
20.	Skógarnesvegur	10 000
21.	Stakkhamarsvegur	10 000
22.	Lýsuhólsvegur	10 000
23.	Útnesvegur	100 000
24.	Fróðárheiðarvegur	180 000
25.	Eyrarsveitar- og Fróðárhreppsvegur	100 000
26.	Framsveitarvegur	10 000
27.	Bjarnarhafnarvegur	10 000
28.	Helgafellssveitarvegur	55 000
29.	Skógarstrandarvegur	110 000
30.	Skógarstrandarvegur innan Dalasýslu ...	110 000
31.	Vesturlandsvegur í Svínadal	165 000
32.	Miðdalavegur (fyrir ofan Fell)	20 000

33.	Haukadalsvegur	25 000
34.	Hörðudalsvegur	20 000
35.	Laxárdalsvegur	25 000
36.	Laugavegur	10 000
37.	Klofnings- og Skarðsstrandarvegur	120 000
38.	Efribyggðarvegur á Fellsströnd	25 000
39.	Staðarhólsvegur	30 000
40.	Reykhólavegur	25 000
41.	Gautsdalsvegur	10 000
42.	Gufudalsvegur	200 000
43.	Fjarðarhlíðarvegur	40 000
44.	Barðastrandarvegur	100 000
45.	Rauðasandsvegur	20 000
46.	Örlygshafnarvegur	200 000
47.	Bíldudalsvegur, Arnarfjarðarmegin	65 000
48.	Tálknafjarðarvegur	60 000
49.	Suðurfjarðavegur	30 000
50.	Dalahreppsvegur	30 000
51.	Súgandafjarðarvegur	70 000
52.	Flateyrarvegur	10 000
53.	Hjarðardalsvegur	20 000
54.	Ingjaldssandsvegur	45 000
55.	Álftamýrarvegur	20 000
56.	Dýrafjarðarvegur	190 000
57.	Þingeyrarvegur	30 000
58.	Ögurvegur	160 000
59.	Vatnsfjarðarvegur	150 000
60.	Fjarðavegur	100 000
61.	Snæfjallastrandarvegur	40 000
62.	Jökulfjarðavegur	40 000
63.	Ármúlavegur	20 000
64.	Selstrandarvegur	100 000
65.	Strandavegur	200 000
66.	Reykjarfjarðarvegur	70 000
67.	Gjögurvegur	100 000
68.	Vatnsnesvegur	60 000
69.	Vesturárdalsvegur	40 000
70.	Miðfjarðarvegur	15 000
71.	Austurárdalsvegur	30 000
72.	Austursíðuvegur	40 000
73.	Ásabæjavegur	30 000
74.	Víðidalsvegur	75 000
75.	Vatnsdalsvegur vestan og austan	160 000
76.	Skagastrandar- og Skagavegur	100 000
77.	Svínadalsvegur	70 000
78.	Norðurárdalsvegur	15 000
79.	Skagavegur	80 000
80.	Reykjastrandarvegur	40 000
81.	Sæmundarhlíðarvegur	15 000
82.	Skagafjarðarvegur	80 000
83.	Hólavegur	50 000
84.	Hofsósvegur	40 000
85.	Siglufjarðarvegur	205 000
86.	Flókadalsvegur	25 000

87.	Ólafsfjarðarvegur		110 000
88.	Hrísavegur		45 000
89.	Hörgárdalsvegur ytri		50 000
90.	Hörgárdalsvegur innri		25 000
91.	Vatnsendavegur		30 000
92.	Laugalandsvegur		35 000
93.	Eyjafjarðarbraut sunnan Leynings		15 000
94.	Svalbarðsstrandarvegur		20 000
95.	Fnjóskadalsvegur í Höfðahverfi		65 000
96.	Kljástrandarvegur		25 000
97.	Fnjóskadalsvegir		100 000
98.	Kinnarvegir		60 000
99.	Bárðardalsvegur eystri		55 000
100.	Bárðardalsvegur vestri		30 000
101.	Laxárdalsvegur		30 000
102.	Reykjahverfisvegur		30 000
103.	Mývatnssveitarvegur nyrðri		25 000
104.	Þingeyjarsýslubraut í Tjörneshreppi		25 000
105.	Þingeyjarsýslubraut milli byggða S.-Þ. og N.-Þ.		50 000
106.	Kelduhverfisvegur		100 000
107.	Hólsfjallavegur		65 000
108.	Kópaskers- og Raufarhafnarvegur		90 000
109.	Sandsvegur		10 000
110.	Raufarhafnarvegur til Þistilfjarðar		65 000
111.	Langanesvegur utan Heiðar		70 000
112.	Bakkafjarðarvegur		75 000
113.	Sandvíkurheiði		30 000
114.	Vopnafjarðarvegir:		
	a. Strandavegur	15 000	
	b. Vesturdalsvegur	15 000	
	c. Fjallasíðuvegur	30 000	
	d. Sunnudalsvegur	30 000	
			90 000
115.	Jökuldalsvegur efri		30 000
116.	Hlíðarvegur		30 000
117.	Hróarstunguvegur nyrðri		20 000
118.	Hróarstunguvegur eystri		30 000
119.	Kirkjubæjarvegur		20 000
120.	Fellavegur efri		20 000
121.	Fljótsdalsvegur		40 000
122.	Upphéraðsvegur		20 000
123.	Úthéraðsvegur		20 000
124.	Hjaltastaðavegur		30 000
125.	Borgarfjarðarvegur		170 000
126.	Seyðisfjarðarvegur		40 000
127.	Skógavegur		10 000
128.	Norðurbyggðarvegur í Skriðdal		50 000
129.	Mjóafjarðarvegur		50 000
130.	Eskifjarðarvegur		10 000
131.	Vaðlavíkurvegur		15 000
132.	Fáskrúðsfjarðarvegur		300 000
133.	Vattarnesvegur		15 000

134.	Stöðvarfjarðarvegur	90 000	
135.	Breiðdalsvíkurvegur	50 000	
136.	Breiðdalsvegur	30 000	
137.	Berufjarðarvegur	80 000	
138.	Geithellnavegur	60 000	
139.	Austurlandsvegur	220 000	
	Þar af til Fagradalsbrautar 70 þús. kr.		
140.	Lónsheiðarvegur	125 000	
141.	Almannaskarðsvegur	75 000	
142.	Nesjavegur	25 000	
143.	Mýravegur	30 000	
144.	Suðursveitarvegur	50 000	
145.	Öræfavegur	50 000	
146.	Síðu- og Fljótshverfisvegur	30 000	
147.	Suðurlandsvegur um Landbrot	55 000	
148.	Landbrotsvegur	50 000	
149.	Búlandsvegur	25 000	
150.	Meðallandsvegur	50 000	
151.	Mýrdalssandsvegur	50 000	
152.	Mýrdalsvegur	50 000	
153.	Dyrhólavegur	10 000	
154.	Reynishverfisvegur	20 000	
155.	Stórhöfðavegur	50 000	
156.	Eyjafjallavegur	50 000	
157.	Suðurlandsvegur um Landeyjar	20 000	
158.	Sandhólmavegur	30 000	
159.	Hólmavegur	20 000	
160.	Landeyjavegur syðri	50 000	
161.	Út-Landeyjavegur	20 000	
162.	Fljótshlíðarvegur	30 000	
163.	Bakkabæjavegur	30 000	
164.	Vallarvegur	10 000	
165.	Rangárvallavegur	20 000	
166.	Oddavegur	10 000	
167.	Þykkvabæjarvegur	70 000	
168.	Árbæjarvegur	70 000	
169.	Landvegur	70 000	
170.	Vetleifsholtsvegur	35 000	
171.	Ásvegur	50 000	
172.	Heiðarvegur	40 000	
173.	Gnúpverjahreppsvegur	20 000	
174.	Grafningsvegur	65 000	
175.	Hrunamannahreppsvegur	30 000	
176.	Laugardalsvegur	70 000	
177.	Skálholtsvegur	45 000	
178.	Partavegur	25 000	
179.	Þorlákshafnarvegur	50 000	
180.	Bræðratunguvegur	30 000	
181.	Hamarsvegur	20 000	
182.	Auðsholtsvegur	20 000	
183.	Selvogsvegur	100 000	
			10 315 000

20. Við 13. gr. A. III. Liðurinn orðist svo:

Brúargerðir:		
1. Kaldá í Skorradal	100 000	
2. Norðlingafljót	100 000	
3. Hraunholtsá í Hnappadal	110 000	
4. Fagradalsá á Skarðsströnd	100 000	
5. Reykjadalsá á Vesturlandsvegi	100 000	
6. Hvestuvaðall í Arnarfirði	200 000	
7. Fossá í Suðurfjörðum	100 000	
8. Hrafnseyrará í Arnarfirði	100 000	
9. Ísafjarðará	300 000	
10. Víðidalsá	210 000	
11. Vatnsdalsá	270 000	
12. Norðurá hjá Skeljungshöfða	440 000	
13. Ormarsá	100 000	
14. Selá í Vopnafirði	160 000	
15. Njarðvíkurá	150 000	
16. Skarðsá á Fjöllum	200 000	
17. Dalsá í Fáskrúðsfirði	150 000	
18. Fossá í Berufirði	300 000	
19. Fagradalsá í Breiðdal	200 000	
20. Stemma í Suðursveit	125 000	
21. Skaftafellsá í Öræfum	70 000	
22. Langholtsfljót í Meðallandi	100 000	
23. Laugará undir Eyjafjöllum	40 000	
24. Eyjarfljót í Landeyjum	50 000	
25. Smábrýr	875 000	
		4 650 000

21. — 13. — A. IV. (Fjallvegir).

Fyrir „400 000“ kemur	550 000

22. — 13. — A. VI. Nýr liður:

Til ræktunarvega:		
1. Í Vestmannaeyjum	30 000	
2. Í Flatey á Breiðafirði	10 000	
3. Í Flatey á Skjálfanda	10 000	
4. Í Grímsey	10 000	
5. Í Hrísey	8 000	
		68 000

23. — 13. — A. VII. Nýr liður:

Til vegalagningar á landi ríkissjóðs í Kópavogi	60 000

24. — 13. — A. VIII. (Til ferjuhalds).

Fyrir „33 000“ kemur	3 000

25. — 13. — C. VIII. Liðurinn orðist svo:

Til hafnarmannvirkja og lendingarbóta:	
1. Akranes	280 000
2. Akureyri	200 000
3. Bakkafjörður	70 000
4. Bíldudalur	60 000
5. Blönduós	115 000
6. Bolungavík	50 000
7. Borgarfjörður eystra	70 000
8. Borgarnes	90 000
9. Breiðdalsvík	30 000

10.	Búðardalur	35 000
11.	Bæir á Snæfjallaströnd	5 000
12.	Dalvík	30 000
13.	Eskifjörður	60 000
14.	Eyrarbakki	75 000
15.	Fáskrúðsfjörður	60 000
16.	Flatey á Breiðafirði	25 000
17.	Flateyri	70 000
18.	Grafarnes	150 000
19.	Grenivík	50 000
20.	Grímsey	100 000
21.	Hafnarfjörður	280 000
22.	Hafnir í Höfnum	20 000
23.	Hólmavík	10 000
24.	Hrísey	30 000
25.	Húsavík	50 000
26.	Hvammstangi	40 000
27.	Höfn í Hornafirði	225 000
28.	Ísafjörður	225 000
29.	Járngerðarstaðir	75 000
30.	Kópasker	105 000
31.	Mjóifjörður	25 000
32.	Neskaupstaður	100.000
33.	Ólafsfjörður	175 000
34.	Ólafsvík	100 000
35.	Patreksfjörður	160 000
36.	Raufarhöfn	150 000
37.	Sandgerði	170 000
38.	Sauðárkrókur	110 000
39.	Seyðisfjörður	20 000
40.	Siglufjörður	200 000
41.	Skagaströnd	70 000
42.	Stokkseyri	45 000
43.	Stykkishólmur	80 000
44.	Suðureyri	110 000
45.	Súðavík	43 000
46.	Tálknafjörður	60 000
47.	Vestmannaeyjar	250 000
48.	Vopnafjörður	80 000
49.	Þorlákshöfn	250 000
50.	Arnarstapi	15 000
51.	Hellnar	10 000
52.	Gerðar í Garði	25 000
53.	Haganesvík	30 000
54.	Gjögur	30 000
55.	Djúpivogur	15 000
56.	Skarðsstöð	15 000
57.	Breiðavík	25 000
58.	Landshöfn í Keflavík og Njarðvíkum	175 000
59.	Landshöfn í Rifi á Snæfellsnesi	500 000
60.	Hjörsey, í eitt skipti fyrir öll, gegn a. m. k. jafnmiklu framlagi annars staðar að	3 000

61. Til lendingarbóta á eftirtöldum stöðum við Ísafjarðardjúp, gegn jafn miklu framlagi annars staðar að:
a. Vatnsfirði 20 000
b. Arngerðareyri 10 000
30 000
5 756 000

26. Við 14. gr. A. II. 5. Liðurinn orðist svo:
Prestmötuandvirði, úttektarkostnaður á prestssetrum, vextir af seldri prestmötu, jarðabótagreiðslur, girðingar o. fl., sem áður var greitt úr prestlaunasjóði (áætlað) .. 75 000
27. — 14. — B. II. c. (Lánasjóður stúdenta).
Fyrir „300 000“ kemur 400 000
28. — 14. — B. V. (Menntaskólinn á Akureyri).
a. Við d. (Viðhald húsa og áhalda). Fyrir „40 000“ kemur 90 000
b. Við f. Nýr liður:
Til bókasafns nemenda 3 000
29. — 14. — B. VI. d. (Menntaskólinn á Laugarvatni). Nýir liðir:
a. Námsstyrkir 6 000
b. Vegna kostnaðar við skólastjórn 10 000
c. Námsferðir 2 000
30. — 14. — B. VIII. d. (Stýrimannaskólinn). Nýr liður:
Til útgáfu kennslubókar í ensku 12 000
31. — 14. — B. IX. b. (Vélstjóraskólinn). Nýr liður:
Til verklegrar kennslu 15 000
32. — 14. — B. XIII. a. (Verzlunarskólinn).
Fyrir „167 000“ kemur 267 000
33. — 14. — B. XIII. b. (Samvinnuskólinn).
Fyrir „33 500“ kemur 48 120
34. — 14. — B. XIV. 5. (Sundskylda í barnaskólum).
Fyrir „425 000“ kemur 500 000
35. — 14. — B. XV. 4. b. (Gagnfræðamenntun, fjármálaeftirlit).
Fyrir „35 000“ kemur 55 000
36. — 14. — B. XV. 8. (Bókasöfn héraðsskóla).
Fyrir „3 600“ kemur 5 000
37. — 14. — B. XV. 9. Liðurinn orðist svo:
Til handíðaskólans:
a. Laun skólastjóra:
1. Grunnlaun með uppbót 35 190
2. Verðlagsuppbót 15 749
50 939
b. Annar kostnaður 45 000
38. — 14. — B. XVI. 2. (Bygging húsmæðraskóla).
Fyrir „440 000“ kemur 740 000
39. — 14. — B. XVII. 1. b. (Íþróttakennaraskólinn). Nýr liður:
Til námskeiða fyrir íþróttakennara 10 000
40 — 14. — B. XVII. 3. (Framkvæmdastjóri Í. S. Í.).
Fyrir „15 000“ kemur 40 000
41. — 14. — B. XVII. 9. (Starfsíþróttir).
Fyrir „15 000“ kemur 25 000
42. — 14. — B. XVIII. Nýr liður:
Til útgáfu handbókar fyrir kennara til afnota við bindindisfræðslu 50 000

43.	Við 15. gr.		A. VIII. 20. (Bókhlaðan á Húsavík). Fyrir „3 000“ kemur	5 000
44.	— 15.	—	A. IX. 1. (Hið ísl. bókmenntafélag). Fyrir „55 000“ kemur	65 000
45.	— 15.	—	A. IX. 15. Nýr liður: Til Jóns Aðalsteins Jónssonar til mállýzkurannsókna	8 000
46.	— 15.	—	A. XVII. Nýir liðir: a. Til Jóhannesar Áskelssonar til rannsókna á íslenzkum surtarbrandslögum, enda gangi þá steingervingasafn hans og rit í sambandi við það til náttúrugripasafnsins	8 000
			b. Til Sigrúnar Árnadóttur, ekkju Kára Sigurjónssonar alþm., í viðurkenningarskyni fyrir steingervingasafn manns hennar, sem hún hefur gefið Náttúrugripasafninu	10 000
			c. Til Jens Pálssonar til mannfræðirannsókna	8 000
47.	— 15.	—	A. XX. Nýr liður: Til Róberts A. Ottóssonar til rannsókna á íslenzkri kirkjutónlist á þjóðveldistímanum	8 000
48.	— 15.	—	A. XXIV. 9. Nýir liðir: a. Til lúðrasveitar Vestmannaeyja, til hljóðfærakaupa	5 000
			b. Til lúðrasveitar Hafnarfjarðar, til hljóðfærakaupa	5 000
49.	— 15.	—	A. XXXVI. Nýr liður: Til Ólafar Pálsdóttur, til náms í höggmyndalist	8 000
50	— 15.	—	A. XXXVII. Nýir liðir: a. Til Óskars Þ. Guðmundssonar, til söngnáms	8 000
			b. Til Rögnvalds Sigurjónssonar, til tónlistarnáms	8 000
51.	— 15.	—	A. L. Nýr liður: Til minnisvarða Stephans G. Stephanssonar	10 000
52.	— 15.	—	B. V. Liðurinn orðist svo: Til landmælinga	150 000
			Þar af 50 þús. kr. til kaupa á myndavélum í sambandi við kortagerð.	
53.	— 16.	—	A. 6. Nýr liður: Til verkfæranefndar ríkisins, enda birti hún árlega skýrslu um störf sín	75 000
54.	— 16.	—	A. 11. Nýr liður: Til þess að koma upp sýningarreitum í jarðrækt, námskeiðum í því sambandi og til tilraunastarfsemi varðandi fiskiðnað	750 000
55.	— 16.	—	A. 16. a. Liðurinn orðist svo: Til fyrirhleðslu, gegn því að landeigendur leggi fram ⅛ kostnaðar:	
			a. Í Laxá í Nesjahreppi í Austur-Skaftafellssýslu	85 000
			b. Í Jökulsá í Lóni	150 000
			c. Í Kúðafljót	100 000
			b. Nýir liðir: 1. Til sjóvarnargarðs fyrir landi Gerðahrepps	50 000
			2. Til sjóvarnargarðs á Álftanesi	100 000
56.	— 16.	—	A. 17. Nýir liðir: a. Til landþurrkunar í Austur-Landeyjum	20 000
			b. Til landþurrkunar í Vestur-Landeyjum	20 000
			c. Til landþurrkunar á Eyrarbakka	20 000

57.	Við 16. gr.		A. 18. c. (Sandgræðslugirðingar).	
			Fyrir „275 000“ kemur	400 000
58.	— 16.	—	A. 21. a. (Skógrækt).	
			a. Við 1. (Grunnlaun). Fyrir „194 017“ kemur	206 126
			b. Við 2. (Verðlagsuppbót). Fyrir „98 168“ kemur	104 464
59.	— 16.	—	A. 23. Nýr liður:	
			Til garðyrkjufélags Íslands vegna garðyrkjusýningarinnar á árinu 1952	30 000
60.	— 16.	—	A. 28. (Dýralæknisfræðinám erlendis).	
			Fyrir „15 000“ kemur	18 000
61.	— 16.	—	A. 33. Nýr liður:	
			Til nautgriparæktarsambanda í Árnessýslu og Eyjafirði, stofnstyrkur, þó ekki yfir ⅘ kostnaðar	200 000
62.	— 16.	—	B. 7. (Asdic-tæki í Ægi). Liðurinn fellur niður.	
63.	— 16.	—	B. 8. (Tilraunir með nýjar síldveiðiaðferðir).	
			Fyrir „800 000“ kemur	1 500 000
64.	— 16.	—	C. 1. (Landssamband iðnaðarmanna).	
			Fyrir „100 000“ kemur	150 000
65.	— 16.	—	C. 2. (Iðnaðarmálastofnunin).	
			Fyrir „350 000“ kemur	450 000
66.	— 16.	—	D. XII. Nýr liður:	
			Til jarðborana vegna kolarannsókna á Skarðsströnd, gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að enda séu borunarframkvæmdir gerðar undir eftirliti og í samráði við rannsóknaráð ríkisins.	150 000
67.	— 17.	—	2. a. 1. (Almannatryggingar). Nýr liður:	
			Viðbótarframlag —	2 350 000
68.	— 17.	—	11. Liðurinn orðist svo:	
			Til starfskvennaskóla Sumargjafar, gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að	35 000
69.	— 17.	—	15. Nýr liður:	
			Til flugbjörgunarsveitarinnar, til áhaldakaupa	50 000
70.	— 17.	—	22. (Dvalarheimili aldraðra sjómanna).	
			Fyrir „100 000“ kemur	250 000
71.	— 19.	—	1. (Dýrtíðarráðstafanir).	
			Fyrir „43 500 000“ kemur	45 900 000
72.	— 20.	—	Út. IV. (Byggingar á jörðum ríkisins).	
			Fyrir „500 000“ kemur	650 000
73.	— 20.	—	Út. XI. 4. Nýr liður:	
			Til byggingar menntaskólahúss á Laugarvatni	250 000
74.	— 20.	—	Út. XI. 6. (Málleysingjaskólinn).	
			Fyrir „100 000“ kemur	200 000
75.	— 20.	—	Út. XI. 7. (Kennaraskólinn).	
			a. Fyrir „300 000“ kemur	550 000
			b. Nýr liður:	
			Til byggingar íþróttakennaraskóla á Laugarvatni	100 000

Nd. 241. Breytingartillögur [103. mál]

við frv. til l. um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl.

Frá Karli Guðjónssyni.

1. Við 1. gr. Aftan við 1. málsgr. bætist:
   Útflutningur íslenzkra framleiðsluvara skal einnig frjáls innan þeirra takmarka, sem ríkisstjórnin setur með reglugerð hverju sinni til tryggingar því, að milliríkjasamningar um afurðasölu verði haldnir. Þá getur ríkisstjórnin einnig með reglugerð sett útflytjendum skilyrði um lágmarksverð og gert þeim að lúta hinum almennu ákvæðum um gjaldeyrismeðferð.
2. Við 8. gr. Þrjár síðustu málsgr. falli niður.
3. Við 9. gr. Greinin falli niður.
4. Við 12. gr. Upphaf gr. orðist svo:
   Innflutningsskrifstofan innheimtir, þegar leyfi er afhent, ½% leyfisgjald o. s. frv.

Sþ. 242. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1954.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

1.	Við	2. gr.	4. (Verðtollur). Fyrir „110 000 000“ kemur	117 000 000
2.	—	2. —	10. (Aukatekjur). Fyrir „4 000 000“ kemur	4 500 000
3.	—	2. —	11. (Stimpilgjald). Fyrir „9 000 000“ kemur	10 500 000
4.	—	2. —	13. (Leyfisbréfagjald). Fyrir „100 000“ kemur	200 000
5.	—	2. —	16. (Söluskattur). Fyrir „91 500 000“ kemur	95 500 000
6.	—	2. —	17. (Leyfisgjöld). Fyrir „1 700 000“ kemur	2 200 000
7.	—	3. —	A. Sundurliðun 3. I. (Áfengisverzlunin, tekjur). Fyrir „59 665 340“ kemur	61 665 340
8.	—	3. —	A. Sundurliðun 4. I. (Tóbakseinkasala, tekjur). Fyrir „43 425 200“ kemur	44 425 200
9.	—	13. —	A. I. (Stjórn og undirbúningur vegagerða). a. Við 1. a. (Grunnlaun). Fyrir „701 628“ kemur	720 582
			b. Við 1. b. (Verðlagsuppbót). Fyrir „340 488“ kemur ..	351 291
10.	—	13. —	A. II. b. (Viðhald þjóðvega). a. Fyrir „21 000 000“ kemur	20 500 000
			b. Nýr liður: Til endurbyggingar þjóðvega	500 000
11.	—	22. —	XXI. Nýir liðir: a. Að verja allt að 220 þús. kr. úr ríkissjóði til niðurgreiðslu vaxta af viðreisnarláni, sem tekið verður fyrir hönd bænda á garnaveikissvæðunum milli Lónsheiðar og Öxarfjarðar.	
			b. Að verja allt að 5 millj. kr. til þess að bæta úr atvinnuörðugleikum í landinu á þann hátt, er hún telur heppilegast. Ríkisstjórnin getur sett þau skilyrði fyrir aðstoð þessari um mótframlög og annað, sem hún telur nauðsynlegt.	

c. Að verja allt að 2.5 millj. kr. til flugvallagerðar til viðbótar framlagi á 20. gr., ef tekjur flugvallanna fara fram úr áætlun sem þessu nemur, enda vaxi ekki rekstrarhalli flugmálanna samkv. 13. gr. D.
d. Að greiða eigendum minkabúa allt að 250 þús. kr. í bætur vegna niðurlagningar búanna, sbr. lög nr. 11/1951, eftir reglum, sem ríkisstjórnin setur.
e. Að lána Sölufélagi garðyrkjumanna allt að 300 þús. kr. til byggingar á söluskála fyrir vörur þeirra.
f. Að greiða ¾ hluta hitakostnaðar héraðs- og húsmæðraskóla í sveitum, sem ekki búa við jarðhita.
g. Að ábyrgjast allt að 550 þús. kr. rekstrarlán fyrir Samband ísl. byggingarfélaga gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.

Nd. 243. Nefndarálit [103. mál]

um frv. til laga um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Með frv. þessu er engin breyting, sem máli skiptir, gerð á skipan innflutnings- og gjaldeyrismála frá því, sem nú á sér stað. Undanfarið hefur fjárhagsráð gefið út reglugerðir um, að innflutningur tiltekinna vörutegunda skuli vera frjáls og að aðrar megi flytja inn með tilteknum skilyrðum, en þær vörutegundir, sem ekki hafa verið á þessum vörulistum, hafa verið háðar leyfisveitingum. Þessu skipulagi á að halda með þeirri breytingu einni, að nú á ríkisstjórnin að gefa út reglugerðirnar.

Því fer þess vegna víðs fjarri, að með frv. þessu sé stigið nokkurt spor í áttina til aukins verzlunarfrelsis. Það tryggir ekki frjálsan innflutning á nokkurri vörutegund, sem nú er háð leyfisveitingum. Samkvæmt því gæti ríkisstjórnin gert allar erlendar vörur háðar leyfisveitingum, ef henni sýndist svo.

Fullt verzlunarfrelsi er fólgið í því, að flytja megi inn í landið og út úr því hvaða vörutegund sem er. Frjáls innflutningsverzlun verður auðvitað ekki tryggð með því einu, að ekki sé bannað að flytja inn vörur. Þeir, sem vilja flytja þær inn, verða einnig að eiga kost á að kaupa þann gjaldeyri, sem nauðsynlegur er til innflutningsins, við skráðu gengi. Þótt innflutningur væri frjáls á öllum vörum, kæmi það innflytjendum og neytendum að engu haldi, ef bankar neituðu að selja gjaldeyri til kaupa á tilteknum vörum. Jafngilti það auðvitað því, að höft væru á innflutningnum.

Nú er sú skipan á þessum málum, að í gildi er svo nefndur „frílisti“, og er innflutningur á þeim vörum, sem taldar eru á honum, heimill án innflutningsleyfa, og svo nefndur „bátalisti“, en vörur á honum má aðeins flytja inn gegn leyfum, sem greitt er af sérstakt gjald til bátaútvegsins. Önnur gjaldeyrissala er háð almennum leyfisveitingum. Af ýmsum ummælum formælenda stjórnarflokkanna mætti draga þá ályktun, að langmestur hluti innflutningsins eða gjaldeyrissölunnar væri nú frjáls. En það er þó hinn mesti misskilningur. Á 10 fyrstu mánuðum þessa árs nam gjaldeyrissala til kaupa á frílistavörum aðeins 40,6% af allri gjaldeyrissölunni, 12.3% var fyrir bátagjaldeyrisvörum, 31.5% fyrir vörum, sem háðar eru almennum leyfisveitingum, og 15.6% fyrir öðru en vöruinnflutningi. Þessar tölur tala skýru máli um það, hversu því fer fjarri, að komið hafi verið hér á algeru innflutningsfrelsi. Við þetta bætist svo, að innflutningur allra vörutegunda, sem eru á frílista, er alls ekki frjáls, því að bankarnir neita mjög oft um gjaldeyri fyrir slíkum vörum. Stjórn hinna raunverulegu innflutningshafta hefur því aðeins verið flutt úr höndum fjárhagsráðs í hendur bankanna eða hinnar svo kölluðu „millibanka-

nefndar" þeirra, en hún hefur undanfarið verið einn valdamesti aðilinn í innflutningsmálunum, þótt almenningur hafi varla vitað um tilvist hennar.

Vilji menn mynda sér skoðun um það, hverjar líkur séu á því, að ríkisstjórnin muni nota sér heimildir þessa frv. til þess að auka frjálsræðið í innflutningsmálunum, er rétt að athuga gjaldeyrisaðstöðuna. Í lok októbermánaðar skulduðu bankarnir erlendis 23 milljónir kr., og er það sama upphæðin og þeir skulduðu réttu ári áður. Ríkisstjórninni hefur m. ö. o. ekki tekizt að halda þannig á málum, að skuldir, sem safnað hafði verið erlendis, hafi minnkað á liðnu ári. Í raun og veru hefur ríkisstjórninni þó tekizt miklu verr en þessar tölur gefa til kynna, því að mikið Marshallfé barst á þessum tíma. Að frátöldu því fé varð 75 millj. kr. halli á greiðslum gagnvart útlöndum á þessum sama tíma. En nú hefur því verið lýst yfir, að ekki muni verða tekið við meira Marshallfé, og er þá enginn vafi á því, að gjaldeyrisaðstaðan hlýtur að fara versnandi að öllu óbreyttu. Það er því síður en svo, að líklegt sé, að í kjölfar þessa frv. muni sigla aukið verzlunarfrelsi, nema ríkisstjórnin breyti þá jafnframt um stefnu í efnahagsmálum og tryggi aukna gjaldeyrisöflun.

Eina framfarasporið, sem stigið er með frv. þessu, er fólgið í því, að rýmkað er um höftin á íbúðarhúsabyggingum, og ber að fagna því.

Eg hef á sérstöku þingskjali flutt breytingartillögur, bæði aðaltillögur og varatillögur. Í aðaltillögunum felst það, að innflutningur og útflutningur skuli vera frjáls. Flokkur viðskiptamálaráðherrans hefur marglýst því sem stefnu sinni, að svo skuli vera, og staðhæft að slíkt sé framkvæmanlegt, ef fylgt sé heilbrigðri fjármálastefnu. Ef hann telur, að fylgt hafi verið heilbrigðri fjármálastefnu síðan 1950, ætti að vera komið það ástand, að óhætt væri að lögleiða algert verzlunarfrelsi.

En þar eð mér er ekki grunlaust um, að stjórnarflokkarnir séu ekki sannfærðir um, að svo sé, hef ég flutt varatillögur. Felst í þeim, að aðalreglan skuli vera sú, að innflutningur og útflutningur skuli vera frjáls, en ríkisstjórninni þó heimilað að gefa út reglugerðir um takmörkun á innflutningi og útflutningi, ef nauðsynlegt sé talið. Virðist sjálfsagt, að sömu reglur gildi um útflutning og innflutning.

Þá legg ég og til, að bönkunum skuli innan tiltekins frests skylt að afhenda gjaldeyri fyrir öllum þeim vörum, sem innflutningur skal vera frjáls á, því að hann er ekki frjáls að öðrum kosti. Ef bankarnir treysta sér ekki til þess, verður að gera þann innflutning háðan leyfum, þar eð varhugavert er að hafa stjórn innflutningshafta í höndum tveggja aðila, innflutningsskrifstofu og bankanna (millibankanefndar).

Þá er það nýmæli í tillögum mínum, að einstaklingum skuli auðveldað að panta sjálfir til eigin nota þær vörur, sem frjáls innflutningur er á. Slíkt var mjög algengt, áður en innflutningshöft voru tekin hér upp, enda eru í öllum nágrannalöndum starfandi stór fyrirtæki, sem senda út vandaða verðlista og afgreiða pantanir frá einstaklingum. Væri að þessu mikið hagræði fyrir almenning.

Ég hef í fjárhagsnefnd óskað upplýsinga um það, hvort gerðar hafi verið áætlanir um breytingar á útgjöldum ríkissjóðs vegna samþykktar þessa frumvarps. Engar slíkar áætlanir munu liggja fyrir, en látið hefur verið í veðri vaka, að í kjölfar þessarar lagasetningar mundi sigla nokkur sparnaður á opinberu fé, og væri vel, ef svo reyndist. Innheimta á þó jafnhátt leyfisgjald og áður. Og ekki verður komizt hjá því að minna á reynsluna af því, er nær allt verðlagseftirlit var lagt niður fyrir 2—3 árum. 1952 var kostnaðurinn við verðlagsákvarðanir og verðgæzlu 27 þús kr. hærri en hann var 1949, þótt þá hafi gilt verðlagsákvæði um allar vörur og nær alla þjónustu, en nú hafi nær allar slíkar ákvarðanir og eftirlit verið afnumið. Væri óskandi, að betur tækist að spara varðandi stjórn innflutningsmálanna og fjárfestingarmálanna.

Alþingi, 4. des. 1953.

Gylfi Þ. Gíslason.

Ed. 244. Nefndarálit [63. mál]

um frv. til l. um síldarleit úr lofti.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað mál þetta, sem þegar hefur lokið göngu sinni í hv. neðri deild og hlotið samþykki hennar með nokkrum breytingum frá því, er það var upphaflega.

Er nefndin samþykk frv. eins og það nú liggur fyrir og leggur til, að það sé samþ. óbreytt.

Alþingi, 4. des. 1953.

Jóhann Þ. Jósefsson, form., frsm.	Vilhjálmur Hjálmarsson, fundaskr.	Ingólfur Flygenring, með fyrirvara.
Guðm. Í. Guðmundsson.	Bernh. Stefánsson.	

Nd. 245. Breytingartillögur [103. mál]

við frv. til l. um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl.

Frá Einari Olgeirssyni.

Við 1. gr.

a. Aftan við 1. málsgr. bætist: Þó má aldrei með útgáfu reglugerða gera ráðstafanir til hækkunar á verði innfluttra vara eða aðrar ráðstafanir, sem raunverulega jafngilda breyttri gengisskráningu.

b. Aftan við 2. málsgr. bætist svo hljóðandi málsl.: Allir skulu hafa jafnan rétt til innflutnings. Ríkisstjórn getur ekki með skilyrðum sínum veitt einstökum aðilum einum eða fleiri, einkarétt til innflutnings ákveðinna vörutegunda.

Nd. 246. Breytingartillaga [103. mál]

við frv. til l. um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl.

Frá Bergi Sigurbjörnssyni.

Við 9. gr. Greinin orðist svo:

Hagstofa Íslands skal semja áætlun um þjóðartekjurnar, myndun þeirra, skiptingu og notkun. Hlutaðeigandi aðilum skal skylt að veita Hagstofu Íslands allar upplýsingar, sem hún þarfnast vegna þessa hlutverks.

Sþ. 247. Breytingartillaga [1. mál]

við brtt. á þskj. 240 [Fjárlög].

Frá fjárveitinganefnd.

Við 19. 126. (Við 13. gr. A. II. a.). Nýr liður:

Fjarðarheiðarvegur	125 000

Ed. **248. Lög** [4. mál]

um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

(Afgreidd frá Ed. 4. des.)

Samhljóða þskj. 189.

Ed. **249. Nefndarálit** [15. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með því, að það verði samþ. óbreytt. — HG tekur fram, að þar sem hann telji engar líkur til, að frv. 3. landsk. þm. (HV) um Landsspítala Íslands, á þskj. 33, gangi fram á þessu þingi, þá fylgi hann frv. því, sem hér um ræðir.

Alþingi, 4. des. 1953.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form. Ingólfur Flygenring, fundaskr., frsm. Gísli Jónsson.
Karl Kristjánsson. H. Guðmundsson.

Nd. **250. Breytingartillaga** [103. mál]

við brtt. á þskj. 225 [Innflutnings-, gjaldeyris- og fjárfestingarmál o. fl.].

Frá Ingólfi Jónssyni.

Við tölul. 2. Fyrir orðin „Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands“ kemur: Landsbanka Íslands eða Útvegsbanka Íslands.

Sþ. **251. Nefndarálit** [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1954.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur ekki getað orðið sammála um endanlega afgreiðslu frv., en stendur þó öll að flutningi meginhluta tillagna sinna. Nokkur ágreiningur varð hins vegar um sum atriði, einkum varðandi tekju-áætlunina, og hefur því nefndin ekki getað sameinazt um nefndarálit, og munu tveir nefndarmanna (HV og LJós) gefa út sérálit.

Fjárlagafrv. fyrir árið 1954 var útbýtt á Alþingi 2. okt. og vísað til nefndar 12. okt. Nefndin hélt fyrsta fund sinn 13. okt. og hóf athugun á fjárlagafrv. 14. okt. Hefur nefndin rætt frv. á 40 fundum og athugað og afgreitt 320 erindi, sem henni hafa borizt í sambandi við frv. Nokkurt hlé varð á störfum nefndarinnar vegna athugunar ríkisstj. á áhrifum nýrra skattalaga á afkomu ríkissjóðs.

Nefndin hefur sem áður lagt mikla vinnu í að ræða við forstöðumenn ríkisstofnana og aflað margvíslegra upplýsinga um rekstur ríkisfyrirtækja og ýmiss

konar opinbera starfsemi. Einnig hefur nefndin rætt við ýmsa, sem sent hafa henni erindi.

Flestar ríkisstofnanir hafa leitað eftir auknum fjárveitingum, en nefndin hefur í fæstum tilfellum talið fært að verða við þeim óskum, nema þar sem ýtarleg athugun leiddi í ljós, að ekki varð komizt hjá auknum útgjöldum. Enda þótt ýmsir liðir í rekstrarkostnaði ríkisins séu hærri en í fjárlögum þessa árs, sýnist þó hafa hægt nokkuð á hinni óheillavænlegu hækkun launagreiðslna og annars rekstrarkostnaðar. Stafar þetta af því, að tiltölulega lítil hækkun hefur orðið á kaupgjaldsvísitölu og verðlagi á þessu ári.

Tveir liðir í rekstrarkostnaði ríkisins hækka mjög ár frá ári, en það eru skólamálin og tryggingarnar. Verkfallið í fyrra hækkaði mjög útgjöld Tryggingastofnunarinnar, og einnig leiddi lausn verkfallsins af sér mikla hækkun á niðurgreiðslum á verði ýmissa nauðsynja.

Nefndin bendir á þá staðreynd, að hinn síhækkandi rekstrarkostnaður ríkisins og hækkun lögboðinna útgjalda hafa valdið því, að verklegar framkvæmdir verða með ári hverju minni liður í heildarútgjöldum ríkisins. Telur nefndin þessa þróun ískyggilega og mikla nauðsyn að sporna gegn henni.

Verður nú vikið að ýmsum einstökum atriðum í fjárlagafrv. og breytingartillögum meiri hl. nefndarinnar.

TEKJUR

Í fjárlagafrv. eru tekjur ríkissjóðs áætlaðar samtals rúmar 427 millj. kr., eða um 8.5 millj. kr. hærri en í fjárlögum þessa árs. Árið 1952 urðu tekjurnar rúmar 420 millj. kr.

Í lok októbermánaðar þessa árs voru innheimtar ríkissjóðstekjur rúmar 363 millj. kr., en voru á sama tíma í fyrra 316 millj. Með svipaðri þróun má gera ráð fyrir, að tekjurnar í ár geti orðið 478 millj. kr. Þess ber þó að gæta, að af tolltekjunum eru 25 millj. kr. tollar af vélum og efni til virkjananna og áburðarverksmiðjunnar, þannig að ekki er hægt að miða við þessa upphæð í fjárlögum ársins 1954.

Um 2. gr.

Frv. gerir ekki ráð fyrir neinum nýjum tekjustofnum, en stjórnarflokkarnir hafa hins vegar ákveðið að samþykkja á þessu þingi ný skattalög, sem væntanlega munu skerða verulega tekjur ríkissjóðs af beinum sköttum frá því, sem nú er, miðað við óbreytta skattstiga.

Samanburður á áætluðum tekjum í frv. og hugsanlegu hámarki teknanna á næsta ári, miðað við reynslu þessa árs og s. l. árs, sýnir, að gengið er á fremstu nöf með tekjuáætlunina, eftir að hún hefur verið hækkuð um 16.6 millj., svo sem meiri hl. nefndarinnar leggur til. Hefur orðið að skipta þessum hækkunum á marga liði, til þess að auðið væri að færa líkur að því, að þær gætu staðizt.

Um 3. gr.

Í frv. er enn gert ráð fyrir allmiklum rekstrarhalla póstsins, sem þó má búast við að verði enn meiri, miðað við afkomu póstsins 1952, ef ekki eru gerðar sérstakar ráðstafanir til úrbóta. Telur nefndin nauðsynlegt, að þessi stofnun verði rekin hallalaust.

Óumflýjanlegt er að láta fara fram viðgerð á pósthúsinu í Reykjavík, og leggur nefndin til, að 150 þús. kr. verði til þess veittar til þess að forða húsi og pósti frá skemmdum.

Launagreiðslur við pósthúsið í Reykjavík hækka töluvert vegna stækkunar bæjarins og fjölgunar bréfbera.

Póst- og símamálastjóri lagði mikla áherzlu á auknar fjárveitingar til ýmissa framkvæmda, sem að vísu eru mjög nauðsynlegar, en nefndin sá sér þó ekki fært að verða við þeim óskum.

Nefndin hefur tekið til sérstakrar athugunar kostnað útvarpsins af innheimtu afnotagjalda, en sá kostnaður nemur hundruðum þúsunda. Telur nefndin sjálfsagt að athuga, hvort ekki sé hægt að spara verulega á þessum lið með því að fela sýslumönnum, bæjarfógetum og tollstjóra innheimtuna, og mun skrifa menntamálaráðuneytinu um það atriði.

Nú sem áður er rekstraráætlun ríkisbúsins á Bessastöðum tekin í fjárlagafrv. Telur nefndin sjálfsagt að taka í fjárlög einnig áætlun fyrir önnur ríkisbú. Hefur nefndin gert ráðstafanir til þess að fá þær rekstraráætlanir og mun væntanlega bera fram brtt. um það efni við 3. umr. frv.

GJÖLD

Um 10. gr.

Útgjöld á þessari grein eru áætluð um 2 millj. kr. hærri en í núgildandi fjárlögum. Er helmingur þessarar upphæðar kostnaður við nýstofnað sendiráð í Moskva.

Um 11. gr. A.

Upplýst hefur verið fyrir nefndinni, að óumflýjanleg sé viðgerð á dómshúsi hæstaréttar, og leggur nefndin til, að 35 þús. kr. séu veittar í því skyni.

Skipaður hefur verið fulltrúi við bæjarfógetaembættið í Keflavík og bókari hjá lögreglustjóranum í Bolungavík. Er launaliður skrifstofukostnaðar sýslumanna og bæjarfógeta hækkaður sem þessu nemur, en annar kostnaður lækkaður um jafnháa upphæð með hliðsjón af sparnaði í aukavinnu.

Lagt er til að hækka bifreiðakostnað ríkislögreglunnar í Reykjavík um 40 þús. kr. til endurnýjunar á bifreiðum. Tekin er upp fjárveiting til sumarlöggæzlu á vertíðum á tveimur stöðum, þar sem lítil löggæzla er fyrir.

Hækkaðir hafa verið nokkuð áætlunarliðirnir „kostnaður við sakamál og lögreglumál“ og „laun sjó- og verzlunardómsmanna“ með hliðsjón af reynslu síðustu ára.

Um 11. gr. B.

Löggildingarstofan getur nú með engu móti sinnt þeim mikilvægu verkefnum, sem hún á að leysa af hendi varðandi eftirlit með vogum og mælitækjum. Þykir því ekki verða hjá því komizt að fjölga starfsmönnum þessarar stofnunar, en þau útgjöld eru þó að töluverðu leyti greidd með auknum tekjum.

Um 11. gr. C.

Störf tollstjóraembættisins í Reykjavík verða umfangsmeiri með ári hverju, og innheimtir stofnun þessi nú að meðaltali um 1 millj. kr. dag hvern fyrir ríkið. Tollstjóraskrifstofan hefur mjög ófullnægjandi húsnæði og starfsskilyrði að ýmsu leyti, m. a. varðandi tolleftirlitið. Gerði tollstjóri nefndinni grein fyrir tillögum sínum til úrbóta, sem hann hefur lagt fyrir ráðuneytið. Telur nefndin þær tillögur mjög athyglisverðar.

Um 12. gr.

Laun forstöðumanns Blóðbankans eru of hátt áætluð í frv., þar eð hann tekur að nokkru laun annars staðar, og hefur nefndin leiðrétt þetta.

Ríkisstjórnin hefur lagt fyrir Alþingi frv., sem felur í sér mjög aukinn rekstrarstyrk til sjúkrahúsa, og stafar hækkun nefndarinnar á þeim lið af þessu, þar eð gera má ráð fyrir, að frv. þetta verði samþykkt.

Landlæknir telur fjárveitinguna í frv. til læknisbústaða, sjúkraskýla og sjúkrahúsbygginga alls ófullnægjandi, miðað við þær miklu framkvæmdir, sem unnið er að eða fyrirhugaðar eru á næsta ári. Leggur nefndin til, að þessi liður hækki um 500 þús. kr.

Staðfestur hefur verið af Íslands hálfu alþjóðlegur sóttvarnarsamningur, sem veldur því, að erlend skip greiða ekki lengur kostnað við læknisefirlit með skipun-

um. Hefur því nefndin hækkað áætlaðan kostnað við varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands, um 48 þús. kr.

Um 13. gr.

Framlög til vega, brúa og hafnargerða eru í fjárlagafrv. 4 millj. kr. lægri samtals en í fjárlögum þessa árs. Í tillögum sínum leggur nefndin til, að framlög þessi verði hækkuð um 5 millj. kr., eins og tillögur nefndarinnar bera með sér.

Vegamálastjóri hefur í tillögum sínum lagt til, að tekin yrði upp sérstök fjárveiting til endurbyggingar þjóðvega. Nefndin er vegamálastjóra sammála um nauðsyn þessara framkvæmda, en hefur þó ekki séð sér fært að taka upp nýja fjárveitingu í þessu skyni, auk hækkunar á framlagi nýrra akvega. Hefur nefndin í þess stað lækkað viðhaldsfé þjóðvega um 500 þús. kr. og leggur til, að þessari upphæð verði varið til endurbyggingar þjóðvega.

Mjög eindregnar óskir voru um það að hækka framlög til flugvallagerða. Taldi meiri hl. nefndarinnar þó ekki fært að hækka fjárveitingu á 13. gr., en leggur til, að í 22. gr. verði tekin heimild um að verja allt að 2.5 millj. kr. til flugvallagerða, ef rekstrarhagnaður flugvallanna fer sem þessu nemur fram úr áætlun.

Um 14. gr.

Nefndin leggur til, að framlag ríkissjóðs til lánasjóðs stúdenta hækki um 100 þús. kr. Telur nefndin skynsamlega þá stefnu, sem mörkuð er með stofnun þessa sjóðs.

Nefndin leggur til lítils háttar hækkanir við menntaskólana á Akureyri og Laugarvatni til samræmingar, og óhjákvæmilegt er talið að hækka viðhaldsfé skólahússins á Akureyri.

Lagt er til að hækka nokkuð framlög til verzlunarskólanna tveggja til þess að draga úr námskostnaði nemenda.

Vegna lagaákvæða um þátttöku ríkissjóðs í kostnaði við sundhöllina í Reykjavík og fjölgunar sundstaða í öðrum landshlutum er talið óhjákvæmilegt að hækka kostnað við framkvæmd sundskyldu í barnaskólum um 75 þús. kr.

Við samningu fjárlagafrv. hafði láðst að taka upp framlag til handíðaskólans til greiðslu annars kostnaðar, og hefur nefndin tekið í tillögur sínar sömu upphæð og er í fjárlögum þessa árs.

Lagt er til að hækka framlag til byggingar húsmæðraskóla um 300 þús. kr. vegna mikilla endurbóta, sem verið er að gera á tveimur húsmæðraskólum. Er upphæðin þá sú sama og í fjárlögum þessa árs.

Lagt er til að veita 10 þús. kr. til námskeiða fyrir íþróttakennara. Enn fremur er hækkaður nokkuð styrkur til Í. S. Í. Þá er og lagt til að hækka styrk til U. M. F. Í. vegna starfsíþrótta um 10 þús. kr.

Samkvæmt lögum ber að halda uppi bindindisfræðslu í skólum. Skortur er á hentugri handbók fyrir kennara við þessa fræðslu, og er lagt til að veita 50 þús. kr., svo að þessum ákvæðum verði fullnægt.

Um 15. gr.

Skírnir, tímarit Bókmenntafélagsins, er elzt þeirra tímarita, sem nú koma út hér á landi, og hefur félagið að öðru leyti einnig merkilega útgáfustarfsemi. Lagt er til að hækka styrk til félagsins um 10 þús. kr. til þess að standa straum af útgáfukostnaðinum.

Teknir eru upp nokkrir styrkir til náms og rannsókna, sem ekki þarfnast sérstakra skýringa, og sama er að segja um lítils háttar styrki til tveggja lúðrasveita til hljóðfærakaupa. Eru þeir styrkir í samræmi við það, sem áður hefur verið veitt í sama skyni.

Fyrirhugað er að hagnýta við landmælingar merkilega nýjung í kortagerð, en það eru myndatökur úr lofti með sérstaklega útbúinni myndavél, og aðra vél þarf

við kortagerðina. Er þetta talið geta orðið til mikilla nota við virkjunarrannsóknir, almenna kortagerð, jarðvegsrannsóknir o. fl. Telur nefndin nauðsynlegt að hækka fjárveitingu til landmælinga vegna umræddra vélakaupa.

Um 16. gr. A.

Verkefni verkfæranefndar ríkisins er að reyna nýjar landbúnaðarvélar og fylgjast með nýjungum á því sviði. Starfsemi þessarar nefndar hefur legið niðri um hríð, m. a. vegna þess, að fé hefur ekki verið fyrir hendi til starfseminnar. Vegna síaukinnar vélanotkunar bænda og fjölda vélategunda þykir nauðsynlegt að taka upp aftur fjárveitingu í þessu skyni.

Jarðvegsrannsóknir eru mjög skammt á veg komnar, að því er varðar notkun tilbúins áburðar, sem eykst með ári hverju. Er nú tekin upp fjárveiting í því skyni að koma upp tilraunareitum víðs vegar um land til leiðbeiningar um þetta efni, en athuganir tilraunastöðvanna hafa til þessa verið bundnar við allt of fáa staði.

Þá er hitt og kunnugt, hversu mikilvægt er fyrir þjóðina að koma á fjölbreytni í vinnslu sjávarafurða, eftir því sem bezt hentar fyrir erlendan markað. Er þetta annar aðaltilgangurinn með þessari fjárveitingu.

Nefndin hefur tekið upp í tillögur sínar nokkrar fjárveitingar til þess að forða byggðum á ýmsum stöðum undan ágangi sjávar og vatnsfalla. Hafa sumar þessar fjárveitingar verið í fjárlögum áður, en verið felldar niður í frv.

Óumflýjanlegt þykir að hækka framlag til nýrra sandgræðslugirðinga um 125 þús. kr. til þess að mæta brýnustu þörfum í þessu efni. Hin síðari ár hefur aukizt mjög uppblástur á Hólssandi og ógnar nú byggð Öxarfjarðar. Er hækkun fjárveitingarinnar m. a. miðuð við þetta verkefni sandgræðslunnar.

Launaliður kostnaðar skógræktarinnar hefur verið hækkaður lítið eitt með það í huga, að skógræktin greiði hálf laun skógarvarðar á vegum Skógræktarfélags Eyfirðinga.

Lagt er til að veita Garðyrkjufélagi Íslands 30 þús. kr. styrk vegna halla á garðyrkjusýningu 1952.

Dýralæknanám er erfitt nám og langt. Hefur undanfarin ár verið veittur lítils háttar styrkur í fjárlögum til dýralæknanema. Vegna fjölgunar nemenda er lagt til að hækka þennan styrk lítið eitt.

Beiðnir hafa borizt frá nautgriparæktarfélögum Eyfirðinga og Árnesinga um styrki til kynbótastarfsemi. Er lagt til að veita í þessu skyni samtals 200 þús. kr., og er hér eingöngu um að ræða þátttöku í stofnkostnaði.

Um 16. gr. B.

Asdic-tækið, sem sett hefur verið í „Ægi", hefur verið greitt af tekjum þessa árs, og fellur því sú fjárveiting niður.

Eftir að asdic-tækinu var komið fyrir í „Ægi", hafa skapazt mjög bætt skilyrði til síldar- og fiskirannsókna, þannig að aðstaða Íslendinga er orðin hliðstæð og hjá nágrannaþjóðunum. Er hér um mjög mikilvægar rannsóknir að ræða, og er fjárframlag til nýrra síldveiðiaðferða aukið í þessu skyni.

Um 16. gr. C.

Lagt er til að hækka framlag til Landssambands iðnaðarmanna um 50 þús. kr. Nýtekin er til starfa Iðnaðarmálastofnun Íslands, sem talin er hafa mikla þýðingu fyrir þróun iðnaðarins í landinu, og er lagt til, að framlag til starfsemi hennar hækki um 100 þús. kr.

Lagt er til, að veitt verði til kolarannsókna á Skarðsströnd sama fjárveiting og veitt var í ár. Er hér um mjög merkilega tilraun að ræða, og líður óðum að því, að úr verði skorið, hvort hér séu kolalög í jörð, er hægt sé að hagnýta með raunhæfum árangri.

Um 17. gr.

Samkvæmt greinargerð Tryggingastofnunar ríkisins er gert ráð fyrir, að útgjöld Tryggingastofnunarinnar muni verða allt að 7 millj. kr. hærri en tekjur stofnunarinnar á árinu 1954. Lagt er til að veita 2 350 000 kr. viðbótarframlag til Tryggingastofnunarinnar, sem er við það miðað, að ríkið greiði að sínum hluta lögum samkvæmt.

Flugbjörgunarsveitin vinnur mjög merkilegt sjálfboðastarf í þágu slysavarna, og er að því stefnt að mynda björgunarsveitir víðs vegar um land til aðstoðar, ef flugslys ber að höndum. Áformar sveitin nú að afla ýmissa björgunar- og hjúkrunartækja, og er tekin upp nokkur fjárveiting til styrktar þeirri fyrirætlun.

Lagt er til að hækka framlag til dvalarheimilis aldaðra sjómanna um 150 þús. kr.

Um 19. gr.

Vegna aukinnar niðurgreiðslu á verði neyzlumjólkur á s. l. hausti þykir ekki verða hjá því komizt að hækka þann lið um 2.4 millj. kr.

Um 20. gr.

Lagt er til að hækka framlag til bygginga á jörðum ríkisins um 150 þús. kr., því að allmjög skortir á, að ríkið geti rækt skyldur landsdrottins við leiguliða í þessu efni.

Þá er og lagt til að veita 250 þús. kr. til byggingar menntaskólahúss að Laugarvatni. Á enn nokkuð langt í land, að þeirri byggingu verði lokið.

Lagt er enn fremur til að hækka framlag til byggingar nýs kennaraskólahúss um 250 þús. kr., en sá skóli hefur um langt skeið búið við alveg óviðunandi húsakost.

Tekinn er upp nýr liður, 100 þús. kr., til byggingar íþróttakennaraskóla á Laugarvatni.

YFIRLIT

Breytingartillögur meiri hluta nefndarinnar leiða til eftirfarandi niðurstöðu:

1.	Tekjuhækkun alls	kr. 16 600 000
2.	Hækkun gjalda	kr. 17 193 054
	÷ Lækkun gjalda	— 1 355 300
	Gjaldahækkun alls	kr. 15 837 754

Verði allar breytingartillögur meiri hluta nefndarinnar samþykktar, verða niðurstöðutölur fjárlaganna þessar:

Rekstraryfirlit.

Tekjur samkv. frv.		kr. 427 064 886
+ Tekjuhækkun		— 16 600 000
	Tekjur alls	kr. 443 664 886
Gjöld samkv. frv.	kr. 388 954 028	
+ Gjaldahækkun	— 15 837 754	
	Gjöld alls	kr. 404 791 782
	Rekstrarhagnaður	— 38 873 104
	Alls	kr. 443 664 886 kr. 443 664 886

Sjóðsyfirlit.

Inn		kr. 446 914 886
Út	kr. 444 526 635	
Hagstæður greiðslujöfnuður	— 2 388 251	
	Kr. 446 914 886	Kr. 446 914 886

Alþingi, 4. des. 1953.

Pétur Ottesen, form. Björn Björnsson, fundaskr. Magnús Jónsson, frsm.
Halldór Ásgrímsson. Karl Kristjánsson. Jónas G. Rafnar.
Jón Kjartansson.

Nd. 252. Nefndarálit [8. mál]

um frv. til l. um bráðabirgðabreyt. á l. nr. 62/1939, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með frv. Einn nefndarmanna, GÞG, mun flytja breytingartillögur við frv.

Alþingi, 5. des. 1953.

Skúli Guðmundsson, form., frsm. Jóhann Hafstein, fundaskr. Jón Pálmason.
Gylfi Þ. Gíslason. Páll Þorsteinsson.

Nd. 253. Breytingartillögur [8. mál]

við frv. til l. um bráðabirgðabreyt. á l. nr. 62/1939, um tollskrá o. fl.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

1. Við 1. gr. B-liður greinarinnar fellur niður.
2. Við 2. gr. Orðin „og B-lið“ í 1. mgr. falla niður.
3. Við 3. gr. Aftan við e-lið bætist nýr stafliður, svolátandi:
   Lyf, sem teljast til nr. 57 og 58 í 30. kafla tollskrár.

Nd. 254. Nefndarálit [101. mál]

um frv. til l. um þingfararkaup alþingismanna.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og er á einu máli um að mæla með því, að það verið samþykkt með nokkrum breytingum, sem hún flytur tillögur um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 5. des. 1953.

Skúli Guðmundsson, form. Jóhann Hafstein, fundaskr. Jón Pálmason, frsm.
Páll Þorsteinsson. Gylfi Þ. Gíslason.

Nd. 255. Breytingartillögur [101. mál]

við frv. til laga um þingfararkaup alþingismanna.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 1. gr. Orðið „fullrar“ í 1. málsgr. falli burt.
2. Við 2. gr. Við greinina bætist ný málsgr., þannig:
   Ríkisstjórninni er heimilt að láta reisa hús eða kaupa hús fyrir þingmannabústað og að verja nægilegu fé úr ríkissjóði til þess. Rekstrarkostnaður þingmannabústaðar telst með alþingiskostnaði. Til bráðabirgða er og ríkisstjórninni heimilt að leigja húsnæði til þessara nota.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Ferðakostnað fá alþingismenn, sem búsettir eru utan Reykjavíkur, endurgreiddan eftir reikningi, er þingfararkaupsnefnd úrskurðar.
   Þeir þingmenn, sem búa ekki á heimili sínu, á meðan þing stendur, fá greiddan dvalarkostnað eftir því, sem þingfararkaupsnefnd ákveður.
4. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Þeir fyrrverandi alþingismenn, sem hafa átt sæti á Alþingi að minnsta kosti 10 ár samfleytt eða 15 ár hið minnsta samanlagt og eru orðnir 65 ára, eiga rétt til eftirlauna, er séu 60% af þingfararkaupi, eins og það er á hverjum tíma, og miðist ár hvert við meðallengd þinganna næstliðin 5 ár. Lífeyrir frá Tryggingastofnun ríkisins dregst frá eftirlaunum. Þeir, sem eiga rétt til lífeyris vegna annars starfs, skulu þó ekki fá eftirlaun fyrr en þeir láta af því starfi. Slíkur lífeyrir skal koma til frádráttar eftirlaunum. Ef lífeyririnn er jafnhár eða hærri eftirlaununum, falla þau niður.
   Ekkjur alþingismanna, sem höfðu rétt til eftirlauna, hafa tilsvarandi rétt.

Nd. 256. Frumvarp til laga [119. mál]

um viðauka við lög nr. 115 7. nóv. 1941, um Búnaðarbanka Íslands.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Meðan veðdeild Búnaðarbanka Íslands er ekki með frambúðarráðstöfunum séð fyrir því fé, sem henni er nauðsynlegt til að geta sinnt því margþætta hlutverki, sem deildinni er ætlað lögum samkvæmt, skal ríkisstjórnin tryggja henni með samningum við Landsbanka Íslands og aðrar peningastofnanir eða á annan hátt affallalausa sölu bankavaxtabréfa, er nemi árlega að minnsta kosti 800 þúsund krónum. Í því sambandi getur ríkisstjórnin ákveðið, að Tryggingastofnun ríkisins, Brunabótafélag Íslands og Söfnunarsjóður Íslands kaupi þessi bréf, og ákveður hún árlega upphæðina, eftir að hún hefur kynnt sér hag hlutaðeigandi stofnana og jafnframt leitað álits forstöðumanna þeirra.

2. gr.

Fé það, er um ræðir í 1. gr., ber veðdeildinni að lána eingöngu til jarðakaupa eftirgreindum aðilum:

1. Bændum, sem eru að byrja búskap og verða að kaupa sér jarðnæði af þeim sökum.
2. Bændum, sem verða að kaupa sér jarðnæði til þess að geta haldið áfram búskap.

3. Bændum, sem verða að innleysa til sín eignarhluta meðerfingja sinna í ábýlisjörð sinni.
4. Leiguliðum, sem eiga kost á að fá ábýlisjarðir sínar keyptar.

Engum lántakanda má veita hærra lán en 35 þúsund krónur.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fyrir nokkrum áratugum var það algengt, að frumbýlingar tóku jörð á leigu með nokkrum kúgildum og hófu búskap, stundum því nær með tvær hendur tómar að öðru leyti, og farnaðist oft vel.

Nú eru þessar aðstæður ekki lengur fyrir hendi. Flestir, sem nú byrja búskap og ekki hafa fengið jörð eða jarðarpart að erfðum, verða að byrja á því að kaupa sér jörð til ábúðar, en aðrir, sem hafa stundað búskap, en þurfa af einhverjum ástæðum að flytja af ábýlisjörð sinni, verða annaðhvort að kaupa jarðnæði eða bregða búi. Jafnframt hefur jarðarverð farið mjög hækkandi og þá fyrst og fremst vegna bættra húsakynna og aukinnar ræktunar, svo að nú þarf miklu hærri fjárupphæðir til jarðarkaupanna en áður þekktist.

Fæstir eru svo efnum búnir, að þeir geti greitt jarðarverðið af eigin fé. Þeir verða því að fá lán til jarðarkaupanna eða leggja árar í bát og flytja á mölina, sem kallað er.

En lánsfé til jarðarkaupa hefur ekki legið á lausu. Sú stofnun, sem helzt hefur hlaupið undir bagga með bændum og bændaefnum, er þannig hefur staðið á, og þó af lítilli getu, er veðdeild Búnaðarbankans. Sá brunnur er nú þurrausinn og meira en það, því að veðdeildin er komin í talsverða skuld við sparisjóðsdeild bankans, og er því ekki frekari úrlausna að vænta þaðan, fyrr en veðdeildinni er séð fyrir auknu fé til útlána í þessu skyni.

Það er engum efa undirorpið, að nokkuð af fólki hefur yfirgefið sveitirnar á undanförnum árum gegn vilja sínum, sökum þess að það fékk hvorki leigujarðnæði né nauðsynlegt lánsfé til jarðarkaupa. Nú er svo komið, að þetta mál þarfnast skjótrar úrlausnar. Margir bíða nú aðeins eftir því, hvort nokkuð rætist úr í þessu efni, áður en þeir leita burt til annarra starfa, en það væri sveitunum óbætanlegt tjón.

Leiðin, sem valin er samkvæmt frumvarpinu til fjáröflunar fyrir veðdeild Búnaðarbankans, er ekki nýmæli. Í lögum um Ræktunarsjóð Íslands frá 1935 segir, að ríkisstjórnin geri sérstakan samning við Landsbanka Íslands um kaup á verðbréfum sjóðsins, er nemi allt að 1 400 000 kr. Enn fremur er svo fyrir mælt, að fé Brunabótafélags Íslands og fleiri opinberra sjóða skuli að nokkrum hluta verja til kaupa á jarðræktarbréfum.

Með lögum um Búnaðarbanka Íslands frá 1941 voru ákvæði um áðurgreind verðbréfakaup Landsbankans úr gildi numin, enda mun bankinn hafa verið búinn að kaupa þá upphæð í verðbréfum, er lögin ákveða. Hins vegar komu ákvæðin um verðbréfakaup opinberra sjóða ekki til framkvæmda, enda mun ekki hafa verið eftir því gengið.

Landsbankinn keypti árlega, meðan samningurinn gilti, jarðræktarbréf fyrir 300 þús. kr., sem ætla má að jafngildi nú um 3 millj. kr. Þegar litið er á þessa upphæð og ástæður Landsbankans nú, er ekki til mikils mælzt, þó að bankinn keypti árlega á næstu árum veðdeildarbréf þau, er hér um ræðir, fyrir meiri hluta upphæðarinnar til þess að greiða úr vandræðum, sem allir eru sammála um að séu óheillavænleg fyrir landbúnaðinn og verði að ráða fram úr.

Sþ. **257. Breytingartillögur** [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1954.

Frá 1. minni hl. fjárveitinganefndar (HV).

1.	Við	2. gr.	3. (Vörumagnstollur). Fyrir „24 000 000“ kemur	25 000 000
2.	—	2. —	4. (Verðtollur). Fyrir „110 000 000“ kemur	120 000 000
3.	—	2. —	5. (Innflutningsgjald af benzíni). Fyrir „9 500 000“ kemur	10 000 000
4.	—	2. —	6. (Gjald af innlendum tollvörum). Fyrir „7 200 000“ kemur	8 000 000
5.	—	2. —	10. (Aukatekjur). Fyrir „4 000 000“ kemur	4 600 000
6.	—	2. —	11. (Stimpilgjald). Fyrir „9 000 000“ kemur	10 600 000
7.	—	2. —	12. (Vitagjald). Fyrir „1 000 000“ kemur	1 300 000
8.	—	2. —	13. (Leyfisbréfagjald). Fyrir „100 000“ kemur	200 000
9.	—	2. —	15. (Útflutningsleyfagjöld). Fyrir „500 000“ kemur	600 000
10.	—	2. —	16. (Söluskattur). Fyrir „91 500 000“ kemur	100 500 000
11.	—	2. —	17. (Leyfisgjöld). Fyrir „1 700 000“ kemur	2 200 000
12.	—	3. —	A. Sundurliðun 1. I. (Póstsjóður, tekjur). Fyrir „10 815 000“ kemur	11 449 000
13.	—	3. —	A. Sundurliðun 3. I. (Áfengisverzlunin, tekjur). Fyrir „59 665 340“ kemur	62 265 340
14.	—	3. —	A. Sundurliðun 4. I. (Tóbakseinkasala, tekjur). Fyrir „43 425 200“ kemur	46 425 200
15.	—	4. —	3. (Aðrir vextir). Fyrir „1 500 000“ kemur	2 517 000
16.	—	5. —	(Óvissar tekjur). Fyrir „4 100 000“ kemur	4 600 000
17.	—	10. —	III. (Utanríkismál). a. Við 11. (Ferðakostnaður). Fyrir „170 000“ kemur	100 000
			b. Við 13. (Þátttaka í alþjóðaráðstefnum). Fyrir „500 000“ kemur	400 000
18.	—	11. —	A. 10. c. (Vinnuhæli að Kvíabryggju). Liðurinn fellur niður.	
19.	—	11. —	B. 1. (Skipaskoðun ríkisins). Við ÷ Tekjur. Fyrir „215 000“ kemur	512 000
20.	—	11. —	B. 4. (Löggildingarstofan). Við ÷ Tekjur. Fyrir „160 000“ kemur	273 586
21.	—	11. —	B. 7. a. 6. (Fiskmat, Ferðakostnaður). Fyrir „175 000“ kemur	100 000
22.	—	11. —	B. 7. b. (Síldarmat). Við ÷ Tekjur. Fyrir „60 000“ kemur	103 301
23.	—	11. —	B. 12. (Húsaleigueftirlit). Liðurinn fellur niður.	

24. Við 13. gr. A. VII. (Til steyptra og malbikaðra vega í kaupstöðum).
Fyrir „100 000“ kemur 1 000 000
25. — 14. — B. II. c. (Lánasjóður stúdenta).
Fyrir „300 000“ kemur 600 000
26. — 14. — B. XV. 4. d. (Gagnfræðamenntun, fjármálaeftirlit).
Liðurinn fellur niður.
27. — 14. — B. XXVII. (Alþýðusamband Íslands).
Fyrir „50 000“ kemur 100 000
28. — 15. — A. XXIV. 4. (Tónlistarskóli Siglufjarðar).
Fyrir „10 000“ kemur 20 000
29. — 15. — B. I. 1. b. (Nýting á heitu vatni til upphitunar húsa).
Liðurinn fellur niður.
30. — 16. — A. 25. (Veiðimálaskrifstofan).
Liðurinn fellur niður.
31. — 16. — A. 26. (Eyðing refa og minka).
Fyrir „250 000“ kemur 100 000
32. — 16. — B. 1. Nýr liður:
Til fiskveiðasjóðs 5 000 000
33. — 17. — 2. a. (Almannatryggingar). Nýr liður:
Viðbótarframlag 6 300 000
34. — 17. — 15. (Til slysavarna).
a. Við a. (Almennar slysavarnir). Fyrir „150 000“ kemur 250 000
b. Við b. (Umferðarslysavarnir). Fyrir „50 000“ kemur 75 000
35. — 17. — 25. (Byggingarsjóðir kaupstaða og kauptúna).
Fyrir „1 640 000“ kemur 5 000 000
36. — 17. — 27. (Vatnsveitur).
Fyrir „450 000“ kemur 600 000
37. — 17. — 28. Nýr liður:
Til byggingar verkamannaskýla í hafnarbæjum, gegn tvöföldu framlagi annars staðar að 750 000
38. — 20. — Út. VIII. 1. (Viðbótarhúsnæði við ríkisspítalana).
Fyrir „1 800 000“ kemur 2 800 000
39. — 22. — XXI. Nýr liður:
Að verja allt að 50% af tekjuafgangi ríkissjóðs á árinu 1953 til greiðslu á skuldum ríkisins vegna skólabygginga, sjúkrahúsa og hafnarmannvirkja.

Ed. 258. Nefndarálit [10. mál]

um frv. til laga um stimpilgjöld.

Frá fjárhagsnefnd.

Frv. þetta hefur legið alllengi fyrir nefndinni, enda hefur hún rætt það á mörgum fundum, ásamt frv. um aukatekjur ríkissjóðs, en þau tvö mál telur nefndin að verði að fylgjast að. Samkomulag náðist um það milli undirritaðra nm. að bera fram nokkrar brtt., sem þeir standa allir að. Hins vegar áskilur nefndin og einstakir nm. sér rétt til að bera fram frekari brtt. við 3. umr. Einn nm. (HG) var ekki viðstaddur, þegar málið var afgreitt, og skrifar því ekki undir nál., enda ber hann ekki heldur ábyrgð á brtt. þeim, sem nefndin flytur.

Um einstök atriði þykir rétt að taka eftirfarandi fram:

Rétt þykir, að ráðuneytið geti hér eftir sem hingað til veitt einstökum mönnum rétt til að stimpla skjöl, ef skilyrðum um bókhald og reikningsskil er fullnægt. Er hér sérstaklega átt við málaflutningsmenn.

Ekki þykir rétt, að framsal á skuld sé stimpilskylt, þar sem skuldabréfið hefur áður verið stimplað. Nefndinni þykir allt of hátt, að lágmark stimpilgjalds á víxil sé 10 kr. Hún leggur því til að lækka þetta í 5 kr. og að framlengingarvíxlar, sem eigi nema 1000 kr., séu stimpilfrjálsir. Þá leggur nefndin og til, að framlenging svo kallaðra vöruvíxla sé stimpilfrjáls, þó ekki lengur en eitt ár frá gjalddaga frumvíxils.

1. málsgr. 33. gr. virðist óþörf, þar sem slíkir víxlar sem þar ræðir um munu tæpast til hér á landi.

Bankarnir hafa lagt mikla áherzlu á það, að þær undanþágur sem þeim hafa verið veittar um stimpilsskyldu eigin skuldbindinga, haldist. Sama er að segja um ýmsa sérsjóði, aðallega í vörzlum bankanna. Nefndin fellst á þetta sjónarmið og leggur því til, að niður séu felld úr frv. öll þau ákvæði, sem fella úr gildi lög þau, er veitt hafa þessi fríðindi.

Nefndinni þykir ekki rétt að heimila ráðuneytinu að breyta margföldun fasteignamats. Leggur hún því til, að sú heimild í ákvæðum til bráðabirgða sé felld niður.

Aðrar brtt. þurfa ekki skýringar við. Nánar verður og vikið að þessum atriðum í framsögu.

Samkvæmt þessu leggur nefndin til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 5. gr. 4. tölul. falli niður.
2. Við 12. gr. Í stað orðsins „séu“ í 1. málsgr. komi: eru.
3. Við 13. gr. Síðasti málsl. orðist svo: Þó getur ráðuneytið veitt félögum, stofnunum og einstökum mönnum rétt til þess gegn tryggingu, er það setur um reikningsskil og bókfærslu.
4. Við 15. gr. Í stað orðsins „séu“ í síðustu málsgr. komi: eru.
5. Við 30. gr. Greinin falli niður.
6. Við 31. gr.:
   a. Í stað „10 kr.“ í 1. málsgr. komi: 5 kr.
   b. Aftan við síðustu málsgr. bætist: Þó skal stimpilfrjáls endurnýjun á víxlum, sem bankar eða sparisjóðir hafa keypt og tryggðir eru með veði í framleiðsluvörum sjávarútvegs, landbúnaðar eða iðnaðar, ef endurnýjun fer fram innan árs frá gjalddaga frumvíxils. Endurnýjun víxils, sem eigi nemur 1000 kr., er og stimpilfrjáls.
7. Við 33. gr. Fyrsta málsgr. falli niður.
8. Við 34. gr. Í stað „0.25%“ í 3. tölul. komi: 0.25‰.
9. Við 50. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1954.
   Frá sama tíma eru úr gildi numin:
   Lög um stimpilgjald, nr. 75/1921, og lög um breyting á þeim lögum, nr. 35/1933, nr. 91/1938, nr. 80/1940, nr. 49/1942, nr. 41/1945. Enn fremur síðasta málsgr. 13. gr. og síðasti málsl. 19. gr. laga nr. 78/1938, svo og önnur þau lagaákvæði, er koma í bága við þessi lög.
10. Við ákvæði til bráðabirgða: 2. málsgr. í 1. tölul. falli niður.

Alþingi, 5. des. 1953.

Bernh. Stefánsson, form., frsm. | Lárus Jóhannesson, fundaskr. | Gísli Jónsson.

Karl Kristjánsson.

Ed. 259. Nefndarálit [11. mál]

um frv. til laga um aukatekjur ríkissjóðs.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. þetta á mörgum fundum, ásamt frv. um stimpilgjöld, en þau tvö mál eru það tengd hvort öðru, að þau verða að fylgjast að.

Höfuðsjónarmiðið, sem liggur til grundvallar þessum frv., er, að prósentugjöld lækki, en föst gjöld hækki vegna gerbreytts verðlags, síðan lög um þessi efni voru sett. Felst nefndin á þetta sjónarmið.

Það varð að samkomulagi undirritaðra nefndarmanna að bera fram tvær lítils háttar breytingartill. við frv. að þessu sinni, en nefndin og einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja frekari breytingartill.

Einn nm. (HG) var ekki viðstaddur, þegar n. afgreiddi málið, og skrifar því ekki undir nál.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr. Á eftir 1. málsgr. komi ný málsgr., er orðist svo:
   Í málum, þar sem fjárhæð nemur ekki 1000 kr., greiðast hálf réttargjöld.
2. Við 26. gr. Í stað „25 kr.“ komi: 15 kr.

Alþingi, 5. des. 1953.

Bernh. Stefánsson, form., frsm.	Lárus Jóhannesson, fundaskr.	Karl Kristjánsson.
	Gísli Jónsson.	

Sþ. 260. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1954.

Frá 1. minni hl. fjárveitinganefndar.

Fjárveitinganefnd hefur unnið að fjárlagafrumvarpinu síðan í þingbyrjun. Hafa nefndarmenn allir lagt fram breytingartillögur við gjaldabálk frumvarpsins á þingskjali 240, þar sem samkomulag er um þær í öllu, sem máli skiptir, svo langt sem þær ná.

Hins vegar hefur nefndin ekki orðið sammála um breytingartillögur við tekjubálkinn, og hefur meiri hluti fjárveitinganefndar, þeir Pétur Ottesen, Halldór Ásgrímsson, Magnús Jónsson, Karl Kristjánsson, Jón Kjartansson, Björn Björnsson og Jónas Rafnar, lagt fram sínar breytingartillögur á þingskjali 242.

Ég legg fram breytingartillögur mínar á sérstöku þingskjali og skýri þær að nokkru í þessu nefndaráliti. Einnig mun fulltrúi Sósialistaflokksins í fjárveitinganefnd, Lúðvík Jósefsson, skila sérálíti og breytingartillögum.

Fjárlagafrumvarpið vék í engum meiri háttar atriðum frá fjárlögum yfirstandandi árs, nema helzt í því, að flestir gjaldaliðir voru enn á uppleið, að undanteknum fjárveitingum til verklegra framkvæmda.

Þannig ætlaði frumvarpið ekki nema 8 100 000 kr. til nýrra akvega á næsta ári, en í gildandi fjárlögum er þessi fjárveiting 10 105 000 krónur.

Til brúargerða voru í frumvarpinu ekki ætlaðar nema 3 100 000 kr., en í gildandi fjárlögum 4 065 000 kr. Og til vitamála og hafnargerða var lagt til í frumvarpinu, að fjárveitingin yrði 10 828 366 kr., en í gildandi fjárlögum er sú upphæð 11 617 919 kr.

Samkvæmt þessu var lagt til í frumvarpinu, að fjárframlög til nýrra akvega, brúa og vita- og hafnarmála lækkuðu um 3 759 000 kr., miðað við fjárlög yfirstandandi árs. Þetta hefði þýtt mikinn samdrátt verklegra framkvæmda hjá ríkinu, þar sem allur kostnaður hefur farið vaxandi. En því er ekki að neita, að þetta er í samræmi við stefnu undanfarinna ára, því að árið 1946 voru framlög til vegamála á 13. gr. fjárlaga 16.3% af rekstrarútgjöldum ríkissjóðs, en nú voru útgjöldin til vegamálanna samkv. frumvarpinu komin niður í 8.75%, eða hlutfallslega nærri því lækkuð um helming móts við það, sem þau voru 1946.

Fjárveitinganefnd sá, að svo búið mátti ekki standa, og hefur hún orðið sammála um að leggja til, að til nýrra akvega verði veittar 10 440 000 kr., til brúa 4 650 000 kr. og til hafnarmannvirkja og lendingarbóta 5 756 000 kr., móti 4 475 000 kr. samkv. frumvarpinu eins og það var lagt fram.

Að öðru leyti skal ekki fjölyrt hér um hinar sameiginlegu tillögur nefndarinnar. Þær verða vafalaust rækilega skýrðar í nefndaráliti meiri hlutans og í framsögu. Eru þær og yfirleitt smávægilegar breytingar og lagfæringar á frumvarpinu. Samtals valda þessar breytingar þó milli 16 og 17 millj. kr. gjaldahækkun. Leggur meiri hl. nefndarinnar til, að tekna sé aflað móti þessum útgjöldum með hækkun ýmissa tekjuliða á 2. og 3. gr. Nema þær hækkanir alls ca. 16.6 millj. kr. Tel ég þær allar mjög hóflegar, og eru þær augljós viðurkenning þess, að tekjurnar séu a. m. k. 16—17 millj. kr. of lágt áætlaðar í frumvarpinu.

Vil ég þá víkja nokkuð að helztu breytingartillögum mínum við frumvarpið.

Ég geri engar breytingartillögur við tekju- og eignarskattinn. En sá liður er á gildandi fjárlögum að meðtöldum tekjuskattsauka og hluta ríkissjóðs af stríðsgróðaskatti 59.9 milljónir. Ástæðan er sú, að starfandi er milliþinganefnd í skattamálum, og má ætla, að hún skili áliti og tillögum á þessu þingi, þar sem nýjum skattalögum hefur verið lofað í stjórnarsamningi núverandi ríkisstjórnar. Á þessu stigi málsins er því ekki hægt að segja neitt um, hvað tekju- og eignarskatturinn kann að gefa. En rétt er það, eins og fjármálaráðherra tekur fram í athugasemdum sínum við frumvarpið, að gera má ráð fyrir, að tekjur manna verði talsvert hærri í ár en á s. l. ári. Hefði því áætlunarupphæðin efalaust mátt hækka um nokkrar milljónir að óbreyttum lögum. En þar sem kosningaloforð stjórnarflokkanna hljóða öll upp á skattalækkanir, þykir ekki rétt að bera fram neina tillögu til breytinga á tekju- og eignarskattinum, eins og sakir standa.

Vörumagnstollurinn er í frv. áætlaður 24 milljónir og varð það s. l. ár. Af honum var nú í októberlokin komin inn tveimur milljónum hærri upphæð en í fyrra á sama tíma. Allar líkur benda því til, að hann verði í ár um 26 milljónir. Því legg ég til, að hann hækki um eina milljón og verði áætlaður 25 milljónir.

Verðtollurinn er hæsti tekjustofn fjárlaganna. Er hann í frumvarpinu áætlaður 110 milljónir, og hefur meiri hl. fjárveitinganefndar lagt til, að hann verði hækkaður um 7 milljónir. Eftir seinustu upplýsingum að dæma verður hann ekki undir 124—125 milljónum á yfirstandandi ári. Virðist því ekki óvarlegt að áætla hann á næsta ári 120 milljónir, og er svo gert í tillögu minni.

Innflutningsgjald af benzíni er í frumvarpinu áætlað 9.5 milljónir. Það var nú í októberlokin orðið 500 þús. kr. hærra en á sama tíma í fyrra, og virðist því láta nærri að áætla það á næsta ári 10 milljónir, eða m. ö. o. 500 þús. kr. hærra. — Brúttó reyndist innflutningsgjald af benzíni samkv. ríkisreikningi 1952 11 381 757 kr., en þar frá dregst lögákveðið framlag til brúasjóðs, 1.8 millj. kr.

Innkomið gjald af innlendum tollvörum er samkv. nýjustu upplýsingum orðið miklu hærra en árið á undan. Það er áætlað 7.2 milljónir í frumvarpinu, og geri ég tillögu um, að það verði áætlað 8 milljónir.

Liðurinn aukatekjur er áætlaður í frv. 4 milljónir. Meiri hl. nefndarinnar telur óhætt að hækka hann um 500 þúsund. Ég áætla liðinn 4 600 000 og tel það óhætt, þar sem þegar voru innkomnar í októberlokin rétt við 4 milljónir.

Stimpilgjald gaf 9 700 000 kr. á árinu 1952. Það var í októberlok orðið 1.6

milljón hærra en á sama tíma í fyrra. Samkvæmt því áætla ég það 10.6 milljónir, og mun það fyllilega standast, enda hefur meiri hl. nefndarinnar lagt til, að liðurinn hækki í 10.5 milljónir. Ber því ekki mikið á milli um það atriði.

Vitagjaldið er áætlað ein milljón. Í októberlok voru innkomnar tekjur af því 1 273 000 kr., eða tæplega 1.3 milljónir. Verður það sennilega ekki undir 1.5 milljón á þessu ári, og áætla ég það 1.3 millj.

Leyfisbréfagjaldið legg ég til að hækki úr 100 þús. kr. í 200 þús., þar sem lítið vantaði á, að sú upphæð hefði þegar innheimzt í októberlok.

Útflutningsleyfagjöld eru áætluð 500 þús. kr. í frumvarpinu. Voru þau í októberlok orðin hærri, og virðist því varlegt að áætla þau 100 þús. kr. hærri.

Þá er komið að næsthæsta tekjulið fjárlaga, söluskattinum. Hann er áætlaður í frv. 91 500 000 kr. Hefur meiri hluti nefndarinnar lagt til, að hann verði áætlaður 95.5 milljónir. Er það í sannleika mjög varfærnislega gert. Af söluskatti innheimtist í fyrra 21 millj. kr. í nóvember og desember. Nú í októberlokin var innheimtur söluskattur orðinn nærri 10 millj. kr. hærri en á sama tíma í fyrra. Lítur því út fyrir, að á þessu ári verði hann a. m. k. ekki undir 110 milljónum. Fer ég því hóflega í sakirnar, er ég áætla hann 100.5 milljónir, þ. e. 9 milljónum hærra en gert er í frumvarpinu, en 5 milljónum hærra en meiri hl. nefndarinnar. Reynsla margra undanfarinna ára er líka sú, að söluskatturinn hefur hækkað risaskrefum ár frá ári.

Leyfisgjöld eru í frv. áætluð 1.7 milljónir. Voru þau í októberlok orðin 2 155 000 kr. og mun hærri en árið áður. Ég tel því mjög varlegt að áætla þau 2.2 milljónir á næsta ári.

Eins og kunnugt er, hafa tekjur af Áfengisverzlun ríkisins og Tóbakseinkasölu ríkisins lengi verið með hæstu tekjuliðum fjárlaga.

Athugun sýnir, að nettótekjur Áfengisverzlunarinnar voru í lok október orðnar 49.6 millj. kr. Enn fremur sýnir reynsla nokkurra undanfarinna ára, að áfengissalan í nóvember og desember er a. m. k. 10—12 millj. kr. Þetta sýnir, að nettótekjur Áfengisverzlunarinnar í ár verða ekki undir 59—60 millj. kr. Í fjárlagafrumvarpinu eru þær áætlaðar á næsta ári 52 milljónir.

Nú er þess að gæta, að héraðsbönn hafa verið samþykkt og þar með lokun áfengisútsölustaða í Vestmannaeyjum, á Ísafirði og á Akureyri. Er það von ýmissa, að með þessari ráðstöfun takist að draga nokkuð úr vínneyzlu í þessum kaupstöðum. Fari svo, rýrir það auðvitað tekjur ríkissjóðs af Áfengisverzluninni. Að vísu halda ýmsir því fram, að héraðsbönnin muni ekki verða til að minnka vínneyzlu og vínsölu. En samt sem áður þykir mér þó rétt að miða áætlun fjárlaga um áfengistekjurnar við það, að ríkissjóður missi þarna spón úr aski sínum.

Samkvæmt upplýsingum frá bókhaldi Áfengisverzlunar ríkisins nam vínsalan til þeirra kaupstaða, sem nú hafa ákveðið héraðsbann hjá sér, þessum upphæðum á árinu 1952:

Akureyri	kr. 5 797 757.00
Ísafjörður	— 1 415 748.00
Vestmannaeyjar	— 2 693 719.00
Samtals	kr. 9 907 224.00

Vínsalan til þessara kaupstaða hefur þá samkvæmt þessu numið tæpum 10 millj. kr. Ef gert er ráð fyrir, að við lokun áfengisbúðanna á Akureyri, Ísafirði og Vestmannaeyjum minnki áfengiskaup þar um helming, þýðir þetta allt að 5 millj. kr. tekjumissi fyrir ríkissjóð. Mætti þá reikna með, að tekjur Áfengisverzlunarinnar á næsta ári yrðu samt sem áður varlega áætlaðar 54.6 milljónir, og er tillaga mín við það miðuð.

Tekjur ríkissjóðs af Tóbakseinkasölu ríkisins virðast fara hraðvaxandi. Á þessa árs fjárlögum eru þær áætlaðar 35 milljónir, en á frumvarpi að næsta árs fjárlögum

4 milljónum hærri, eða 39 milljónir. Nú voru tóbakstekjur ríkissjóðs orðnar 37 milljónir í lok októbermánaðar s. l., og reynsla undanfarinna ára sýnir, að tóbakssala nóvember- og desembermánaða skilar alltaf 5—6 milljónum. Það má því telja víst, að ríkissjóður fái a. m. k. 42—43 milljónir í tekjur af Tóbakseinkasölunni á þessu ári, og í rauninni bendir ekkert til, að úr því kippi á næsta ári.

Ég miða því breytingatillögu mína um þennan lið við það, að tóbakstekjur ríkissjóðs á næsta ári verði 4 milljónir, en það er 3 milljónum hærra en áætlað er í frumvarpinu.

Tillaga mín um að áætla tekjur póstsjóðs 634 þús. kr. hærri en gert er í frumvarpinu, svo að sú stofnun komi út rekstrarhallalaus, byggist á því, að póstsent áfengi til Ísafjarðar, Akureyrar og Vestmannaeyja hlýtur, þó að salan yrði jafnvel ekki nema eins og reiknað er með hér að framan, ca. 5 millj. kr., að færa póstsjóði verulegar tekjur. Væri það ánægjulegt, ef héraðsbönnin gætu þannig orðið til að stuðla að hallalausum rekstri póstsjóðs.

Tillögur mínar til hækkunar á tekjuliðunum vaxtatekjur og óvissar tekjur byggjast á því, að þær hafa reynzt hærri, svo að verulegu munar, samkv. ríkisreikningi seinasta árs.

Áður hef ég hvað eftir annað lagt til, að dregið væri úr ýmsum kostnaðarliðum og óþörf útgjöld felld niður. En þrátt fyrir allhávært sparnaðarhjal oft og einatt hafa allar slíkar tillögur ávallt verið felldar af fulltrúum stjórnarflokkanna.

Það er síður en svo, að þess hafi orðið vart í sambandi við samningu þessa fjárlagafrumvarps eða við meðferð þess, að nokkur ný stefna væri upp tekin í sparnaðarátt. Þess vegna hef ég ekki flutt tillögur í þetta sinn um neinn meiri háttar niðurskurð á gjaldabálkinum. Þær lækkunartillögur, sem ég flyt, eru nánast fyrirspurnir til Alþingis um, hvort það sé fáanlegt til að draga lítillega úr nokkrum kostnaðarliðum. Ef þessar tillögur fengju góðar undirtektir og yrðu samþykktar, mætti bæta fleiri svipuðum tillögum við undir 3. umræðu um fjárlögin.

Tillögur mínar til gjaldalækkunar fara t. d. fram á það, að stjórnin láti sér nægja 100 þús. kr. til ferðakostnaðar og lækki áætlunarupphæðina um 70 þús. kr. — Kostnaður við þátttöku í alþjóðaráðstefnum lækki um 100 þús. kr. og verði 400 þús. þar sem 200 þús. kr. eru auk þess áætlaðar vegna kostnaðar við alþjóðaráðstefnur á vegum annarra en utanríkisráðuneytisins — og enn fremur 500 þús. kr. vegna samninga við erlend ríki. — Felld verði niður fjárveiting til rekstrar vinnuhælis að Kvíabryggju við Grundarfjörð, að upphæð 175 þús. kr., þar sem ekki er vitað, að hæli þetta sé ennþá tekið til starfa og ár eftir ár hefur verið á fjárlögum 125 þús. kr. fjárveiting til þessa óbyggða hælis. — Skipaskoðunin, Löggildingarstofan og Síldarmatið verði látið standa undir sér eins og Öryggiseftirlit ríkisins, Bifreiðaeftirlitið, Eftirlit með skipulagi bæja og sjávarþorpa og Matvælaeftirlitið. Er hér um fyrirkomulagsatriði að ræða, en mundi þó losa ríkissjóð við fast að 500 þús. kr. útgjöld. — Fiskimatið reyni að komast af með 100 þús. kr. til ferðakostnaðar, og lækki liðurinn um 75 þús. kr. — Liðurinn húsaleigueftirlit, að upphæð 130 þús. kr., falli niður, þar sem húsaleigulögin eru úr gildi felld og ekkert er lengur gert af hendi þess opinbera til þess að draga úr húsaleiguokri. — Liðurinn fjármálaeftirlit að upphæð 35 þús. kr. falli niður. Mun þarna vera um nýtt embætti að ræða, og segir um það í athugasemdum við frumvarpið, að þessu embætti hafi verið falið eftirlit með framkvæmd fræðslulaganna og fleira, en það skyldu menn ætla að tilheyrði að óbreyttum lögum embætti fræðslumálastjóra og væri þannig ekki bráðnauðsynlegt.

Þá legg ég til, að niður falli 30 þús. kr. fjárveiting til tilrauna með betri nýtingu á heitu vatni til upphitunar húsa, þar sem fé hefur áður verið veitt til þess í fjárlögum.

Enn fremur ber ég fram tillögu um, að liðurinn veiðimálaskrifstofa falli niður. *Þetta embætti var lagt niður fyrir nokkrum árum, en á þessa árs fjárlög var tekin upp 90 þús. kr. fjárveiting til kostnaðar vegna laga um lax- og silungsveiði.* Nú er

liðurinn aftur kenndur við veiðimálaskrifstofuna, og er áætlað, að hún þurfi rúmar 142 þús. kr.

Um líkt leyti og embætti veiðimálastjóra var lagt niður, var embætti loðdýraræktarráðunautar einnig lagt niður, enda hafði þá minkaeldi verið bannað með lögum hér á landi. En þrátt fyrir þetta gengur erfiðlega að losna við útgjöld vegna loðdýra úr fjárlagafrumvarpinu. 10 þús. kr. ætlaðar til eftirlits með loðdýrum, 250 þús. kr. til eyðingar refa og minka og auk þess leggur meiri hl. fjárveitinganefndar til, að ríkisstjórninni verði heimilað að greiða eigendum minkabúa allt að 250 þús. kr. í bætur vegna niðurlagningar búanna. Ég hef leyft mér að leggja til, að reynt verði að komast af með 100 þús. kr. á ári til eyðingar refa og minka og lækki sá liður þannig um 150 þús. kr. — Eru ærin loðdýraútgjöld samt á frumvarpinu.

Samtals nema breytingartillögur mínar um tekjuhækkanir og gjaldalækkanir tæpum 32 millj. kr. — Hins vegar nema tillögur þær, sem ég flyt og leiða af sér aukin útgjöld, samtals tæpum 18 millj. kr. Kæmi því frumvarpið út með verulega auknum tekjuafgangi, þó að þær væru allar samþykktar.

Þær tillögur, við gjaldabálkinn, sem ég legg mesta áhrezlu á, eru þessar:

Að varið verði einni millj. kr. til malbikaðra og steyptra vega og gatna í kaupstöðum og verzlunarstöðum. — Þessu verkefni hafa verið ætlaðar einar 100 þús. kr. á fjárlögum mörg undanfarin ár.

Að fiskveiðasjóði verði ætlaðar 5 millj. kr. til þess að geta gegnt hlutverki sínu.

Að aukaframlag til Tryggingastofnunar ríkisins, að upphæð 6.3 millj., verði samþykkt.

Að framlag til verkamannabústaða hækki um 3 360 000 kr. og verði þannig 5 millj. í stað 1 640 000 kr., sem nú eru á frumvarpinu.

Að framlag til Landsspítalans hækki um 1 milljón og verði þannig 2 800 00 kr. á fjárlögum næsta árs.

Að tekin verði inn á 17. gr. nýr liður: Framlag til byggingar verkamannaskýla í hafnarbæjum, 750 þús. kr., gegn tvöföldu framlagi annars staðar að.

Að lánasjóður stúdenta fái 600 þús. kr. fjárveitingu í stað 300 þús. kr., sem nú eru á frumvarpinu.

Að starfsemi Slysavarnafélags Íslands fái viðurkenningu með 100 þús. kr. hækkun á styrknum, sem félaginu er ætlaður til almennra slysavarna, og 25 þús. kr. hækkun á fjárveitingunni til umferðaslysavarna.

Að síðustu leggur Alþýðuflokkurinn til, að ríkisstjórninni verði heimilað að verja allt að 50% af tekjuafgangi ríkissjóðs á árinu 1953 til að greiða hluta af skuldum ríkisins vegna skólabygginga, sjúkrahúsa og hafnarmannvirkja. Verður að ætla, að tekjuafgangur ríkissjóðs á þessu ári nemi nokkrum milljónatugum, ef ekki hefur verið farið því meira fram yfir heimildir fjárlaga.

Nánari grein verður gerð fyrir tillögum Alþýðuflokksins í framsögu.

Alþingi, 5. des. 1953.

Hannibal Valdimarsson.

Sþ. 261. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1954.

Frá 2. minni hl. fjárveitinganefndar (LJós).

1.	Við 12. gr. IX. (Læknabústaðir, sjúkrahús).		
		Fyrir „1 000 000“ kemur	2 000 000
2.	— 14. —	B. XIV. 6. (Bygging barnaskóla o. fl.).	
		Fyrir „2 100 000“ kemur	3 500 000

3. Við 14. gr. B. XV. 3. (Bygging gagnfræða- og héraðsskóla).
Fyrir „1 250 000“ kemur 2 000 000
4. — 14. — B. XVII. 2. (Íþróttasjóður).
Fyrir „600 000“ kemur 1 500 000
5. — 16. — D. V. (Nýjar raforkuframkvæmdir).
Fyrir „3 860 000“ kemur 5 000 000
6. — 16. — D. X. (Raforkusjóður).
a. Fyrir „7 000 000“ kemur 10 000 000
b. Nýr liður:
Til verðlækkunar á rafmagni til almenningsnota frá dieselrafstöðvum samkv. ákvörðun ráðherra 1 000 000
7. — 17. — 2. a. 1. (Almannatryggingar). Nýr liður:
Viðbótarframlag, enda hækki ekki iðgjöld einstaklinga, sveitarfélaga né atvinnurekenda 6 000 000
8. — 17. — 25. Nýr liður:
Til útrýmingar heilsuspillandi íbúða samkv. III. kafla laga nr. 44 7. maí 1946 ..... 1 000 000
9. — 17. — 30. (Ráðstafanir vegna ófriðarhættu).
Liðurinn fellur niður.
10. — 17. — 41. (Atlantshafsbandalagið).
Liðurinn fellur niður.
11. — 22. — XVII. Nýr liður:
Að taka lán til íbúðarhúsabygginga og endurlána:
a. til byggingarsjóða kaupstaða og kauptúna ..... 10 millj. kr.
b. til lánadeildar smáíbúðarhúsa ..... 16 — —
c. til byggingarsamvinnufélaga ..... 5 — —
12. — 22. — XXI. Nýr liður:
Að verja allt að 10 millj. kr. til eflingar atvinnuvegunum á þann hátt, er hún telur heppilegast. Ríkisstjórnin getur sett þau skilyrði fyrir aðstoð þessari um mótframlög og annað, sem hún telur nauðsynlegt.

Sþ. 262. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1954.

Frá 2. minni hl. fjárveitinganefndar.

Ég hef ekki treyst mér til að skila sameiginlegu áliti með meiri hl. fjárveitinganefndar um fjárlagafrumvarpið fyrir árið 1954. Meiri hl. nefndarinnar vill samþykkja frumvarpið í öllum meginatriðum á þeim grundvelli, sem ríkisstjórnin hafði markað strax í upphafi, þegar frumvarpið var lagt fram.

Við sósialistar teljum stefnu ríkisstjórnarinnar í fjármálum, þá stefnu, sem frumvarpið er byggt á, ranga og hættulega atvinnuvegum landsins. Skal það rökstutt nokkru nánar í örstuttu máli.

Fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar ráðgerir, að innheimtar verði í ríkissjóð tekjur, sem nema um 440 millj. kr., á árinu 1954. Fjárheimta þessi er meiri en nokkru sinni áður, og munu álögur því hækka, en ekki lækka frá því, sem verið hefur. Nær allt þetta fé á að innheimta af landsmönnum með tollum, söluskatti og gróða á sölu áfengis og tóbaks. Allir eru þessir tekjustofnar ranglátir og hvíla tiltölulega þyngst á alþýðu manna.

Við sósialistar höfum margsinnis bent á, að auðvelt væri fyrir ríkið að afla sér nægilegra tekna með því að skattleggja þá einstaklinga og félög, sem nú raka að

sér óhófsgróða á millilíðastarfi. Í þeim efnum nægir að nefna þá heildsala, sem eru á hægra brjósti ríkisstjórnarinnar, og olíuhringana. Nú er öll sala á lúxusvörum í höndum einstakra braskara og sleppur að mestu við skattlagningu ríkisins, og það sama má segja um fasteignabraskið. Vissulega væri auðvelt fyrir ríkið að aflétta hinum rangláta söluskatti og afnema tolla af nauðsynjavörum, en afla í staðinn nægilegra tekna á kostnað hinna ríku í þjóðfélaginu. En til slíks þarf að gerbreyta um stefnu.

Þannig er sú stefna ríkisstjórnarinnar, sem fram kemur í frumvarpinu, byggð á því fyrst og fremst að hlífa hinum ríku, en íþyngja alþýðu manna. Síhækkandi tollar og söluskattur auka á dýrtíðina og erfiðleika almennings og bitna fljótlega á atvinnuvegum landsins í stórauknum útgjöldum. Skattpíningarstefna stjórnarinnar vinnur því gegn atvinnuvegunum og dregur úr eðlilegum þjóðartekjum.

En hvernig er svo hinum gífurlega miklu ríkistekjum varið? Er þeim varið til eflingar atvinnuvegunum eða til þess að leggja grunn að traustu athafnalífi í framtíðinni? Nei, sannarlega ekki. Enginn, sem les fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar fyrir árið 1954, mun halda því fram, að það stefni að nokkru ráði í þá átt að efla atvinnuvegina, og enn þá síður, að þar sé lagður nokkur grundvöllur fyrir framtíðina. Höfuðsvipur gjaldabálksins er nú eins og áður aukning og útþensla á embættisbákninu. Mikill hluti hinna gífurlegu ríkistekna á eins og fyrr að ganga til embættisrekstrar hins opinbera. Kostnaðurinn við ríkisstjórnina vex á hverju ári. Kostnaðurinn við dómgæzlu og lögreglustjórn hækkar sífellt. Kostnaðurinn við tolla- og skattainnheimtu eykst í sífellu, og það sama er að segja um útgjöldin við alls konar ríkisskrifstofur, nefndir, ráð, sendimenn og annað af því taginu. Kostnaðurinn við þennan rekstur vex hraðar en nokkur vísitala, og þar má búast við miklum vexti á næstu árum, ef svo heldur áfram sem verið hefur.

Fjárveiting til verklegra framkvæmda minnkar að sama skapi. Hlutfallstala þess, sem árlega er lagt til vegamála, brúargerða og hafnarframkvæmda, fer alltaf lækkandi, þegar miðað er við heildarútgjöld ríkisins.

Þessari fjármálastefnu erum við sósíalistar algerlega mótfallnir. Við teljum, að draga beri úr embættisbákninu til mikilla muna, en auka að sama skapi verklegar framkvæmdir og stuðning við atvinnuvegina.

Það er skoðun okkar sósíalista, að ekki sé sæmandi að afgreiða svo fjárlög fyrir næsta ár, að ekki sé gert ráð fyrir allverulegum stuðningi ríkisins við nauðsynlegustu íbúðarhúsabyggingar. Ástand húsnæðismálanna er þannig víðast í kaupstöðum og kauptúnum landsins, að ekki verður við unað, og getur ekki farið hjá því, að ríkið verði að koma bæjarfélögum og einstaklingum til hjálpar við úrlausn þeirra mála.

Þá teljum við aðkallandi, að ríkið veiti bæjar- og sveitarfélögum miklu meiri stuðning en ráðgerður er til úrbóta í atvinnumálum.

Það er alkunn staðreynd, að víðs vegar um land hefur verkafólk neyðzt til þess að hrekjast að heiman til atvinnuleitar í fjarlæg byggðarlög eða suður á Keflavíkurflugvöll. Atvinnumál þeirra byggðarlaga, sem þannig er ástatt um, verður ríkisvaldið að styðja með fjárframlögum.

Enn fremur teljum við mjög aðkallandi, að ríkið veiti hærri fjárhæðir en hingað til hefur verið gert til byggingar sjúkrahúsa og skóla þar á landinu, sem verst stendur á í þeim efnum.

Tillögur um framangreind atriði flyt ég á sérstöku þingskjali.

Við sósíalistar flytjum ekki breytingartillögur við tekjulið frumvarpsins. Stafar það fyrst og fremst af því, að við erum andvígir aðaltekjuöflunarliðum þess, en nýir tekjustofnar og brottfall hinna gömlu yrði að ákveðast með sérstökum lögum.

Við flytjum ekki heldur sérstakar breytingartillögur um lækkun á embættisrekstri ríkisins af sömu ástæðum, því að þar þyrfti að gera almennar lagabreytingar og gerbreyta um stefnu ríkisstjórnarinnar í framkvæmd.

Það skal að lokum tekið fram, að ég er samþykkur ýmsum breytingartillögum þeim, sem fjárveitinganefnd leggur fram, en ósamþykkur nokkrum, og mun ég gera nánar grein fyrir því í framsögu.

Alþingi, 5. des. 1953.

Lúðvík Jósefsson.

Nd. 263. Nefndarálit [109. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1954.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt óbreytt. Við afgreiðslu málsins var einn nefndarmanna (HV) fjarstaddur.

Alþingi, 5. des. 1953.

Gunnar Thoroddsen, form. | Páll Þorsteinsson, fundarskr. | Halldór Ásgrímsson. frsm.

Kjartan J. Jóhannsson.

Sþ. 264. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1954.

Frá Bergi Sigurbjörnssyni og Gils Guðmundssyni.

1. Við 2. gr. 3. (Vörumagnstollur).
Fyrir „24 000 000“ kemur 26 000 000
2. — 2. — 4. (Verðtollur).
Fyrir „110 000 000“ kemur 125 000 000
3. — 2. — 10. (Aukatekjur).
Fyrir „4 000 000“ kemur 5 000 000
4. — 2. — 11. (Stimpilgjald).
Fyrir „9 000 000“ kemur 11 000 000
5. — 2. — 16. (Söluskattur).
Fyrir „91 500 000“ kemur 100 000 000
6. — 3. — A. Sundurliðun 3. I. (Áfengisverzlunin, tekjur).
Fyrir „59 665 340“ kemur 64 000 000
7. — 3. — A. Sundurliðun 4. I. (Tóbakseinkasala, tekjur).
Fyrir „43 425 200“ kemur 46 500 000
8. — 10. — III. 1. (Sendiráðið í Kaupmannahöfn).
a. Við a. (Laun sendiherra og starfsmanna).
Fyrir „224 700“ kemur 323 486
b. Við c. (Annar kostnaður).
Fyrir „75 100“ kemur 110 000
9. — 10. — III. 2. (Sendiráðið í Stokkhólmi).
Liðurinn fellur niður.

10. Við 10. gr. III. 6. (Sendiráðið í Osló).
Liðurinn fellur niður.
11. — 10. — III. 12. (Samningar við erlend ríki).
Fyrir „500 000“ kemur 400 000
12. — 10. — III. 13. (Þátttaka í alþjóðaráðstefnum á vegum utanrrn.).
Fyrir „500 000“ kemur 300 000
13. — 10. — III. 16. (Alþjóðaráðstefnur á vegum annarra en utanrrn.).
Fyrir „200 000“ kemur 100 000
14. — 13. — D. Tekjur af flugvöllum 2. (Keflavíkurflugvöllur).
Fyrir „4 600 000“ kemur 5 600 000
15. — 14. — B. XVII. 2. (Íþróttasjóður).
Fyrir „600 000“ kemur 1 250 000
16. — 15. — B. IX. Liðurinn orðist svo:
Framlag til mótvirðissjóðs, vegna tæknilegrar aðstoðar, að því tilskildu, að Iðnaðarmálastofnuninni verði falið að annast milligöngu um útvegun slíkrar aðstoðar 400 000
17. — 16. — C. 2. (Iðnaðarmálastofnunin).
Fyrir „350 000“ kemur 800 000
18. — 16. — B. 1. Nýr liður:
Til fiskveiðasjóðs (framlag) 6 000 000
19. — 20. — Út. VII. (Sementsverksmiðja).
Fyrir „1 000 000“ kemur 5 000 000
20. — 20. — Út. XI. 7. (Kennaraskólinn).
Fyrir „300 000“ kemur 800 000
21. — 22. — XXI. (Sementsverksmiðja).
Liðurinn fellur niður.
22. — 22. — XXII. Nýir liðir:
a. Að veita væntanlegri veðdeild Iðnaðarbanka Íslands 7 millj. kr. óafturkræft framlag til útrýmingar braggaíbúða og annars heilsuspillandi húsnæðis.
b. Að verja 15 millj. kr. til nýrra atvinnuframkvæmda.

Nd. 265. Nefndarálit [17. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 66/1944, um breyt. á og viðauka við l. nr. 36/1909, um laun háskólakennara, og um breyt. á l. nr. 21/1936, um Háskóla Íslands.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Frumvarp þetta er flutt af ríkisstjórninni og er efni þess það, að fjórir skuli vera prófessorar í lögfræði við háskólann í stað þriggja, eins og verið hefur síðan 1911.

Tveir nefndarmanna, GTh og KJJ, fallast á rök þau, sem flutt eru fyrir málinu, og mæla því með samþykkt frumvarpsins. Tveir nefndarmenn, HÁ og PÞ, kveðast ekki munu gefa út nefndarálit, en gera grein fyrir afstöðu sinni við umræðu um málið. Fimmti nefndarmaður, HV, var fjarstaddur, er málið var rætt og afgreitt.

Alþingi, 7. des. 1953.

Gunnar Thoroddsen, form., frsm. Kjartan J. Jóhannsson.

Nd. **266. Frumvarp til laga** [103. mál]

um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

Frjáls skal vera innflutningur til landsins á þeim vörum, sem ríkisstjórnin ákveður hverju sinni með reglugerð. Enn fremur ákveður ríkisstjórnin með reglugerð, hvaða gjaldeyrisgreiðslur skuli frjálsar. Aðrar vörur og gjaldeyrisgreiðslur skulu háðar innflutnings- og/eða gjaldeyrisleyfum.

Ríkisstjórnin hefur heimild til að setja skilyrði um innflutning og gjaldeyrissölu, sem nauðsynleg kunna að vera vegna viðskiptasamninga eða af öðrum ástæðum, svo sem til stuðnings atvinnuvegunum eða einstökum greinum þeirra.

2. gr.

Óheimilt er að tollafgreiða vörur, sem samkvæmt 1. gr. eru háðar leyfisveitingum, nema gegn innflutningsleyfi.

Bankar mega ekki láta gjaldeyri fyrir vörur eða til að inna af hendi aðrar greiðslur, sem háðar eru leyfisveitingum eftir reglugerð, settri samkvæmt 1. gr. þessara laga, nema leyfi sé fyrir hendi.

3. gr.

Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h.f. hafa einkarétt til að verzla með erlendan gjaldeyri. Þó er póststjórninni heimil slík verzlun innan þeirra takmarka, sem ríkisstjórnin setur.

Þeim gjaldeyri, sem bankarnir kaupa, skal skipta milli Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands h.f., þannig að hinn síðarnefndi fái á kaupgengi einn þriðja gjaldeyris, ef hann óskar, hlutfallslega af hverri mynt, er keypt er á mánuði hverjum. Hlutfalli því, er hvor banki fær, getur ríkisstjórnin breytt, ef báðir bankarnir samþykkja.

Ef nauðsyn ber til, geta bankarnir með samþykki ríkisstjórnarinnar beint kaupum vara, sem frjáls innflutningur er á, til tiltekinna landa

4. gr.

Útflytjendum og öðrum hérlendum aðilum er skylt að selja Landsbanka Íslands eða Útvegsbanka Íslands h.f. allan þann erlenda gjaldeyri, er þeir eiga eða eignast. Þó getur innflutningsskrifstofan veitt undanþágu frá þessari reglu, þegar sérstaklega stendur á.

Gjaldeyriseftirlitið, er Landsbanki Íslands fer með, skal fylgjast með því, að erlendum gjaldeyri sé skilað til bankanna og að erlendur gjaldeyrir, sem bankarnir selja, sé notaður eins og til var ætlazt. Einnig ber gjaldeyriseftirlitinu að fylgjast með þeim gjaldeyrisviðskiptum, sem heimiluð eru án milligöngu fyrrnefndra banka, og er hlutaðeigandi aðilum skylt að gera því fullnægjandi grein fyrir öllum slíkum viðskiptum.

5. gr.

Innflutningsskrifstofa, sem stofna skal samkvæmt lögum þessum, hefur með höndum leyfisveitingar samkv. 1. og 8. gr.

Tveir menn, skipaðir af ríkisstjórninni, veita innflutningsskrifstofunni forstöðu. Þeir ráða starfsfólk skrifstofunnar, en tala starfsmanna og kostnaðaráætlun skal háð samþykki ríkisstjórnarinnar.

Ríkisstjórnin setur skrifstofunni nánari starfsreglur.

6. gr.

Forstöðumenn innflutningsskrifstofunnar taka sameiginlega ákvarðanir samkvæmt lögum þessum, og hefur hvor þeirra rétt til að vísa ágreiningi um meiri háttar mál til ríkisstjórnarinnar.

7. gr.

Forstöðumenn innflutningsskrifstofunnar fara, að fengnum tillögum verðgæzlustjóra, með verðlagsákvarðanir, samkvæmt lögum nr. 35 27. maí 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm. Verðgæzlustjóri skal annast birtingu verðlagsákvarðana og aðra afgreiðslu verðlagsmála.

8. gr.

Frjálst skal vera að byggja íbúðarhús, þar sem hver íbúð, ásamt tilheyrandi geymslu, þvottahúsi og þess háttar, er allt að 520 rúmmetrum, svo og peningshús, heyhlöður, verbúðir og veiðarfærageymslur. Enn fremur eru undanþegnar fjárfestingarleyfum framkvæmdir, er kosta samtals allt að 40 000 krónum.

Aðrar framkvæmdir skulu háðar fjárfestingarleyfum, er innflutningsskrifstofan veitir.

Óheimilt er byggingarnefndum í kaupstöðum og kauptúnum að leyfa að hefja framkvæmdir, sem fjárfestingarleyfi þarf til, nema slíkt leyfi liggi fyrir. Enn fremur skulu byggingarnefndir, hver í sínu umdæmi, hafa eftirlit með því, að framkvæmdir, sem heimilar eru án fjárfestingarleyfa, séu í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

Þar sem byggingarnefndir starfa ekki, skulu oddvitar gæta þess, að ekki séu hafnar framkvæmdir, er háðar eru fjárfestingarleyfum, án leyfis innflutningsskrifstofunnar, svo og að framkvæmdir, sem hefja má án leyfis, séu í samræmi við lög þessi.

Byggingarnefndir og oddvitar skulu mánaðarlega senda innflutningsskrifstofunni tilkynningu um hverja þá fjárfestingarframkvæmd, sem hafin er í umdæmi þeirra og þessir aðilar áætla að kosti samtals yfir 40000 krónur.

9. gr.

Framkvæmdabanki Íslands skal fylgjast með fjárfestingu í landinu, og skal bankinn vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um fjárfestingarmál. Skal Framkvæmdabankinn semja áætlun um þjóðartekjurnar, myndun þeirra, skiptingu og notkun. Hlutaðeigandi aðilum skal skylt að veita Framkvæmdabanka Íslands allar upplýsingar, sem hann þarfnast vegna þessa hlutverks.

10. gr.

Starfsmönnum innflutningsskrifstofunnar og öðrum, er annast framkvæmd laga þessara, er bannað, að viðlagðri ábyrgð samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá þeim atriðum, er þeir verða áskynja í starfi sínu og leynt eiga að fara.

11. gr.

Hver sá, sem vanrækir að láta í té nauðsynlegar skýrslur í sambandi við framkvæmd þessara laga, skal sæta 20 til 200 króna dagsektum. Sá, sem gefur aðilum, er annast framkvæmd þessara laga, rangar skýrslur, skal sæta refsingu samkvæmt ákvæðum 15. kafla almennra hegningarlaga. Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim, varða sektum allt að 200 þúsund krónum. Ef miklar sakir eru eða brot ítrekað, má svipta sökunaut atvinnurétti um stundarsakir eða fyrir fullt og allt. Upptaka eigna samkvæmt 69 gr. almennra hegningarlaga skal og heimil vera.

Mál út af brotum á lögum þessum fara að hætti opinberra mála.

12. gr.

Innflutningsskrifstofan innheimtir, þegar leyfi er afhent, 1% leyfisgjald af fjárhæð þeirri, sem innflutnings- og/eða gjaldeyrisleyfi hljóðar um. Skal gjaldi þessu varið til að standast kostnað af innflutningsskrifstofunni og framkvæmd þessara laga. Ef þær tekjur hrökkva ekki til, greiðir ríkissjóður það, er á vantar. Ef tekjuafgangur verður, rennur hann í ríkissjóð.

13. gr.

Þar sem í lögum þessum er talað um ríkisstjórnina, er átt við ríkisstjórnina í heild.

14. gr.

Ríkisstjórnin setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi jafnskjótt og út er gefin reglugerð samkvæmt 1. gr. laganna, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 70 5. júní 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit, svo og önnur lög og lagaákvæði, er kunna að koma í bága við lög þessi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Meðan ríkisstjórnin telur nauðsynlegt að lækka verð tiltekinna nauðsynjavara með greiðslum úr ríkissjóði, er heimilt að skammta það magn þessara vara, sem lækkað er í verði á þennan hátt.

Nd. 267. Breytingartillaga [101. mál]

við frv. til l. um þingfararkaup alþingismanna.

Frá Eysteini Jónssyni og Ólafi Thors.

Aftan við 1. gr. bætist:

Ráðherrar skulu, þó að þeir séu ekki alþingismenn, njóta sama þingfararkaups og alþingismenn.

Nd. 268. Frumvarp til laga [101. mál]

um þingfararkaup alþingismanna.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Alþingismenn hafa dagkaup þann tíma, sem þing stendur, og er það 130 krónur á dag, auk verðlagsuppbótar, meðan hún er greidd. Sama kaup skal þeim greitt fyrir þann tíma, sem fer til ferðalaga heiman að til þings og heim af þingi.

Sameinað Alþingi kýs hlutfallskosningu í byrjun hvers þings 5 manna nefnd, þingfararkaupsnefnd, er úrskurðar þingfararkaupsreikninga alþingismanna, en forsetar ávísa fjárhæðunum úr ríkissjóði.

2. gr.

Ríkisstjórnin sér hverjum alþingismanni, sem verður vegna fjarlægðar frá heimili sínu að hafa dvalarstað í Reykjavík um þingtímann, fyrir leigulausum bústað, meðan

á þingi stendur. Þeir þingmenn, sem kjósa að sjá sér sjálfir fyrir húsnæði, skulu fá leigu fyrir það endurgreidda eftir mati þingfararkaupsnefndar.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta reisa hús eða kaupa hús fyrir þingmannabústað og verja nægilegu fé úr ríkissjóði til þess. Rekstrarkostnaður þingmannabústaðar telst með alþingiskostnaði. Til bráðabirgða er og ríkisstjórninni heimilt að leigja húsnæði til þessara nota.

3. gr.

Ferðakostnað fá alþingismenn, sem búsettir eru utan Reykjavíkur, endurgreiddan eftir reikningi, er þingfararkaupsnefnd úrskurðar.

Þeir þingmenn, sem búa ekki á heimili sínu, á meðan þing stendur, fá greiddan dvalarkostnað eftir því, sem þingfararkaupsnefnd ákveður.

4. gr.

Þeir fyrrverandi alþingismenn, sem hafa átt sæti á Alþingi að minnsta kosti 10 ár samfleytt eða 15 ár hið minnsta samanlagt og eru orðnir 65 ára, eiga rétt til eftirlauna, eru séu 60% af þingfararkaupi, eins og það er á hverjum tíma, og miðist ár hvert við meðallengd þinganna næstliðin 5 ár. Lífeyrir frá Tryggingastofnun ríkisins dregst frá eftirlaunum. Þeir, sem eiga rétt til lífeyris vegna annars starfs, skulu þó ekki fá eftirlaun fyrr en þeir láta af því starfi. Slíkur lífeyrir skal koma til frádráttar eftirlaunum. Ef lífeyririnn er jafnhár eða hærri eftirlaununum, falla þau niður.

Ekkjur alþingismanna, sem höfðu rétt til eftirlauna, hafa tilsvarandi rétt.

5. gr.

Nú getur alþingismaður ekki gegnt þingstörfum vegna veikinda, og skal hann eigi að síður njóta þingfararkaups, á meðan hann er forfallaður af þessum sökum, þó eigi lengur en til loka kjörtímabilsins.

6. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 36 28. nóv. 1919, um þingfararkaup alþingismanna, og lög nr. 9 13. febr. 1943, um breyting á þeim lögum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal reikna kaup alþingismanna samkvæmt þeim á reglulegu Alþingi árið 1953.

Nd. 269. Breytingartillaga [101. mál]

við frv. til l. um þingfararkaup alþingismanna.

Frá Eysteini Jónssyni og Ólafi Thors.

Á eftir 5. gr. kemur ný grein, sem verður 6. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkvæmt því):

Ráðherra, sem ekki er alþingismaður, á rétt á sama dagkaupi sem alþingismaður og nýtur að öðru leyti sömu réttinda sem alþingismönnum eru ákveðin með lögum þessum.

Ed. 270. Nefndarálit [51. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 22 19. marz 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með því, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 7. des. 1953.

Bernh. Stefánsson, form. Lárus Jóhannesson, fundaskr. Karl Kristjánsson, frsm.
Gísli Jónsson. H. Guðmundsson.

Ed. 271. Nefndarálit [74. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 94 19. júní 1933, um tékka.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 7. des. 1953.

Bernh. Stefánsson, form. Lárus Jóhannesson, fundaskr., frsm. Karl Kristjánsson.
Gísli Jónsson. H. Guðmundsson.

Ed. 272. Nefndarálit [73. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 93 19. júní 1933, um víxla.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 7. des. 1953.

Bernh. Stefánsson, form. Lárus Jóhannesson, fundaskr., frsm. Karl Kristjánsson.
Gísli Jónsson. H. Guðmundsson.

Ed. 273. Nefndarálit [7. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1954 með viðauka.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt til 3. umræðu. — Við þá umræðu mun nefndin bera fram breytingartillögu

um að fella niður b- og c-lið 1. gr., ef frv. um aukatekjur og stimpilgjöld, sem nú eru til umræðu í deildinni, verða samþykkt.

Alþingi, 7. des. 1953.

Bernh. Stefánsson, form. Lárus Jóhannesson, fundaskr., frsm. Karl Kristjánsson.
Gísli Jónsson. H. Guðmundsson.

Nd. 274. Nefndarálit [105. mál]

um frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1951.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur yfirfarið frumvarpið og borið tölur þess saman við niðurstöðutölur á ríkisreikningi. Leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt.

Einn nefndarmanna (JóhH) var fjarstaddur, er málið var afgreitt.

Alþingi, 7. des. 1953.

Skúli Guðmundsson, form., frsm. Jón Pálmason. Páll Þorsteinsson.
Gylfi Þ. Gíslason.

Ed. 275. Frumvarp til laga [10. mál]

um stimpilgjald.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Þegar skjöl þau, er ræðir um í lögum þessum, eru gefin út eða afgreidd, skal stimpla þau eins og lög þessi mæla fyrir.

2. gr.

Fjármálaráðuneytið lætur gera stimpilmerki, ákveður útlit þeirra, upphæð og hvernig þau skuli ónýta. Það ákveður einnig, hversu haga skuli sölu á þeim.

Ráðuneytinu er heimilt að láta gera pappír með áletruðu stimpilmerki, og má nota hann í stað merkjanna. Einnig er því heimilt að ákveða, að nota skuli stimpla eða stimpilvélar.

3. gr.

Um ákvörðun stimpilgjaldsins fer eftir þessum almennu reglum:

a. Þegar stimpilgjaldið er hundraðsgjald af fjárhæð skjals og gjaldið stendur eigi á hálfum eða heilum tug króna, skal færa gjaldið niður í næsta hálfan eða heilan tug. Nái gjaldið eigi fimm krónum, skal það hækkað í þá upphæð.
b. Í stimpilskyldum skjölum skal ætíð getið þeirrar fjárhæðar, sem stimpilskyldan er bundin við.

c. Nú hljóðar stimpilskylt skjal um árlegar tekjur eða gjöld, sem eru áskilin eða lofuð um aldur og ævi, eða fyrir fleiri menn en þá, sem eru á lífi, þá er skjalið er gert, eða um ákveðið tímabil, sem ekki er styttra en 25 ár, og skal þá stimpilgjaldið reiknast af árgjaldinu tuttugu og fimm-földu. Ef árabilið er ákveðið innan við 25 ár, telst stimpilgjaldið af árgreiðslunni margfaldaðri með áratölunni.

Ef árgjald er mismunandi, skal taka meðalgjaldið.

4. gr.

Stimpilskyldan nær til allra skjala, ef þau annars eru stimpilskyld, sem út eru gefin í hinu íslenzka ríki, þegar annaðhvort að minnsta kosti einn aðila á þar heimili eða skjalið hljóðar um verðmæti hér í ríkinu, réttindi yfir þeim, eða réttindi eða skyldur fyrir einstaklinga, félög eða stofnanir, sem eiga heimili hér á landi.

Skjal telst gefið út hér í ríkinu, ef annar eða einhver aðila hefur undirritað það hér.

5. gr.

Þau skjöl, sem hér greinir, eru stimpilskyld, hvar sem þau eru gefin út:

1. Afsöl fyrir fasteignum í ríkinu og skipum, sem hér eru skrásett, svo og önnur skjöl, er veita eða framselja réttindi yfir slíkum eignum.
2. Vátryggingarskjöl, ef þau snerta fasteignir eða verðmæti í ríkinu, nema sannað sé, að ekkert af iðgjaldinu eigi að greiðast hér.
3. Skuldabréf og önnur verðbréf, sem ætluð eru til að ganga manna á milli, ef þau eru gefin út af félögum eða stofnunum, sem heimili eiga hér á landi.
4. Víxlar, ef samþykki eða greiðsla fer fram hér, og ávísanir, ef samþykktar eru.

6. gr.

Stimpilskylda skjals fer eftir réttindum þeim, er það veitir, en eigi nafni þess eða formi.

Eftirrit af sáttum og notarialgerðum, er skapa réttindi eða skyldur, sem eigi hefur áður verið gert skjal um, stimplast eftir tegund og verðmæti þeirra skyldna og réttinda, er um ræðir.

7. gr.

Ef í sama skjali er falin fleiri en ein tegund gerninga, svo sem afsal veitt og veð sett, eru báðar eða allar tegundir stimpilskyldar.

8. gr.

Þegar skjöl eru gefin út í fleiri en einu eintaki, er aðeins eitt þeirra stimpilskylt, nema öðruvísi sé ákveðið sérstaklega.

9. gr.

Áletranir á skjöl, sem áður eru stimpluð, svo sem áletrun um breytingu á veði, áletrun um ábyrgð, vexti, borgunarskilmála eða annað þess háttar, eru eigi stimpilskyldar, svo framarlega sem áletrunin hefði ekki breytt stimpilgjaldinu, þótt hún hefði staðið í skjalinu frá byrjun, en ella skal fyrir áletrunina greiða gjald, er nemur hækkun þeirri, er orðið hefði, ef hún hefði verið í skjalinu frá byrjun.

10. gr.

Ef skjal stofnar til réttinda eða skyldna, er meta verður mismunandi hátt, telst stimpilgjaldið af hæstu fjárhæðinni.

II. KAFLI
Um greiðslu stimpilgjalds, stimplun og endurgreiðslu gjaldsins.

11. gr.

Stimpilgjaldið greiðist með því að líma stimpilmerki á skjalið, eða á annan hátt, samkvæmt ákvörðun fjármálaráðuneytisins, sbr. 2. gr.

12. gr.

Stimpilskyld skjöl, sem gefin eru út hér á landi, skulu stimplast áður en 6 mánuðir eru liðnir frá útgáfudegi, nema eindagi sé fyrr, og þá fyrir eindaga. Ef aðilar hafa eigi undirritað samtímis, telst fresturinn frá því, er hinn fyrsti undirritaði.

Stimpilskyld skjöl, sem gefin eru út erlendis, skal stimpla á sama fresti og innlend skjöl, talið frá þeim tíma, er skjal kom hingað til lands, og skal sá, er stimpla lætur, votta á skjalið, hvenær það var. Fjármálaráðuneytið getur lengt frest þennan, ef sérstaklega stendur á.

13. gr.

Allir opinberir starfsmenn, sem fjármálaráðuneytið felur vörzlu stimpilmerkja, eru skyldir til að stimpla, án endurgjalds fyrir stimplunina, þau skjöl, sem þeir gefa út eða á einhvern hátt afgreiða. Bankar og sparisjóðir eru skyldir til að stimpla, án sérstaks gjalds, skjöl þau, er um þeirra hendur fara, önnur en þau, er þeir senda frá sér til þinglýsingar. Nánari reglur í þessu efni getur fjármálaráðuneytið sett. Einstökum mönnum er óheimilt að stimpla skjöl sín. Þó getur ráðuneytið veitt félögum, stofnunum og einstökum mönnum rétt til þess gegn tryggingu, er það setur um reikningsskil og bókfærslu.

14. gr.

Þeir, sem hafa á hendi stimplun skjala, skulu gæta þess, að hin stimpilskylda upphæð sé rétt tilgreind, og geta krafizt allra nauðsynlegra skýringa af hálfu þeirra, er stimplunar beiðast, ákveða síðan gjaldið, framkvæma stimplunina og afhenda skjalið beiðanda. Ef gjaldandi er óánægður með ákvörðun gjaldsins, getur hann skotið því undir úrskurð fjármálaráðuneytisins innan tveggja mánaða, en fylgja skal jafnan umsögn þess, er ákvað gjaldið. Ef hlutaðeigandi vill eigi heldur una við úrskurð ráðuneytisins, getur hann lagt málið undir dómstólana.

15. gr.

Stimpilmerki, sem sett hafa verið á fullgerð skjöl, má eigi taka af þeim aftur, en fjármálaráðuneytið hefur heimild til að endurgreiða stimpilgjaldið eða hluta af því, þegar skjal er ógilt með öllu að lögum, eða eigi verður af því vegna svipaðra ástæðna, að það réttarástand skapist, sem skjalið ráðgerði.

Ef skjal hefur af vangá verið stimplað of hátt, skal endurgreiða það, sem ofborgað er.

Endurgreiðslur þær, sem ræðir um í þessari grein, mega þó því aðeins fram fara, að beiðni um þær hafi borizt fjármálaráðuneytinu áður en 2 ár eru liðin frá útgáfu þess eða þeirra skjala, sem beiðnin á við. Skjölin sjálf skulu jafnan send ráðuneytinu, ásamt beiðninni um endurgreiðslu. Athugasemd um endurgreiðsluna skal jafnan rita á skjalið.

16. gr.

Krafa ríkissjóðs um stimpilgjald fyrnist ekki, nema svo sé ástatt, að opinber starfsmaður eigi sök á því, að eigi var stimplað, en þá fyrnist krafan á 4 árum. Enn fremur fellur krafa til stimpilgjalds burt, þegar liðin eru 5 ár frá þeim tíma, er skjalið var með öllu úr gildi, og enginn þeirra starfsmanna, sem getur í 45. gr. þessara laga, hefur orðið áskynja um brotið, áður sá tími sé liðinn, og tekið skjalið til þess að koma fram ábyrgð á hendur hinum seka.

III. KAFLI
Um stimpilgjald einstakra skjala.

17. gr.

Með 2% af verðhæðinni skal stimpla afsalsbréf fyrir fasteignum og skipum yfir 5 smál. brúttó, þar með talin afsöl við fógetagerðir, skipti og uppboð, svo og öll önnur skjöl um afhendingu fasteigna og skipa, svo sem kaupsamninga, makaskiptabréf, gjafabréf og próventusamninga. Enn fremur erfðafestubréf og aðra lóðarsamninga, er veita rétt til að selja eða veðsetja.

Þegar fasteign eða skip er afsalað hlutafélagi, greiðist gjald þetta tvöfalt.

Þegar fasteign eða skip er lagt út til eignar ófullnægðum veðhafa, greiðist hálft gjald.

Ef giftingarvottorð er þinglesið sem heimild fyrir skipi eða fasteign, skal ekkert stimpilgjald greiða, nema ef endurgjald er áskilið til meðerfingja eða annarra, því að þá skal reikna stimpilgjald eftir endurgjaldinu.

Útdrættir úr embættisbókum eða vottorð embættismanna, félaga, stofnana eða einstakra manna, er sýna eigandaskipti að fasteign eða skipi, eða eru notuð sem afsöl, stimplast sem afsöl. Undanþegnir stimpilgjaldi eru þó útdrættir úr skiptabók og önnur skjöl, er sýna eignayfirfærslu fasteigna eða skipa, er lagðar hafa verið út erfingjum sem arfur, eða maka upp í búshelming hans (lóðseðlar), enda sé eigi samhliða um sölu eða söluafsal að ræða.

18. gr.

Stimpilgjaldið fyrir öll heimildarbréf fyrir skipum og fasteignum telst eftir því kaupverði, sem sett er á eignina í bréfinu, þó aldrei minna en eignin er metin til skatts, sé um fasteign að ræða, og teljast veðskuldir, ítök eða kvaðir, sem kaupandi undirgengst, til kaupverðsins.

Þegar afsalsbréf eða leigusamningar greina ekki hina stimpilskyldu upphæð, ber að áætla hana það háa, að víst sé um það, að söluverð eða leiga hafi ekki hærra verið í raun og veru.

19. gr.

Þegar kaupsamningur er stimplaður, er afsalsbréf til sama kaupanda stimpilfrjálst.

20. gr.

Ef heimildarbréf er framselt, ber að stimpla framsalið sem afsal.

21. gr.

Þeim opinberum starfsmönnum, sem þinglestur og skrásetningu hafa á hendi, er skylt að athuga, um leið og afsalsbréf fyrir fasteignum eru afhent til þinglestrar, eða afsöl fyrir skipum sýnd vegna skrásetningar, hvort þau eru stimpluð, og ef svo er eigi, má heimta stimpilgjaldið þá þegar. Hið sama er um önnur stimpilskyld skjöl, er snerta fasteignir og skip, ef þau eru afhent vegna þinglestrar eða skrásetningar.

22. gr.

Heimildarskjöl um veiðiréttindi, skjöl, sem leggja ítök, skyldur og kvaðir á annarra eign, stimplast með 2%, ef endurgjald er greitt eða áskilið, og fer stimpilgjaldið eftir endurgjaldinu. Framsöl þessara réttinda eru stimpilskyld eftir sömu reglum.

23. gr.

Tilkynning um stofnun hlutafélags stimplast með 2,5% af hlutafjárupphæðinni.

Nú er hlutafé í hlutafélagi aukið, og greiðist þá sama gjald af hlutafjáraukningunni.

Stjórn hlutafélags ber ábyrgð á greiðslu stimpilgjaldsins, er fellur í gjalddaga við skrásetningu félagsins.

Útlend hlutabréf stimplast eftir fjárhæð sinni á sama hátt og tilkynning um hlutafélag.

24. gr.

Tilkynning um hlutafélög með breytilegri félagatölu eða breytilegum höfuðstól stimplast eins og segir í 23. gr., þótt félagsmenn séu persónulega ábyrgir. Hið sama er um hlutafé persónulega óábyrgra manna í félagi, þar sem sumir eru persónulega ábyrgir.

25. gr.

Félagssamningar stimplast með 1% af því fé, sem í félagið er lagt, ef persónuleg ábyrgð er fyrir fénu, ella er samningurinn stimpilfrjáls með þeirri undantekningu, sem í 24. gr. segir.

Nú hljóðar félagssamningur eigi um nein fjárframlög, og skal þá stimpla hann með 100 kr.

Nú leggur félagi fram persónulega vinnu, en annar peninga, og skal þá vinnan metin jöfn framlaginu og því lægsta, ef framlög eru fleiri og ójöfn.

Nú leggur félagi fram bæði peninga og vinnu og annar aðeins vinnu, og skal þá stimpla samninginn með 100 kr. auk gjalds af fjárframlaginu eftir fyrirkomulagi félagsskaparins.

26. gr.

Ef fasteign eða skip er afsalað félagi, skal jafnan greiða gjald það, er ræðir um í 17. gr., hvort sem persónuleg ábyrgð er fyrir skuldum félagsins eða eigi og hvort sem afsalið er sérstakt eða í félagssamningi eða öðrum samningi.

27. gr.

Skuldabréf og tryggingarbréf stimplast með 6‰, ef skuldin ber vexti og er tryggð með veði eða ábyrgð, en annars með 3‰, og telst brot úr þúsundi heilt þúsund, ef bréfið er yfir 1000 kr.

Nú eru gefin út hlutabréf með aðalskuldabréfi, og skal þá aðalskuldabréfið stimplað, en áritun um stimplunina gerð á hlutdeildarbréfin.

Skuldabréf, sem ekki nema meiru en 1000 kr., eru stimpilfrjáls, þegar skuldin ber eigi vexti og engin trygging er sett.

Aðfarargerðir, sem þinglesnar eru, stimplast eftir þessari grein.

Tryggingarbréf fyrir víxli er stimpilfrjálst, ef víxillinn er stimplaður.

28. gr.

Ef veðréttur er stofnaður eða trygging er sett fyrir væntanlegri eða óákveðinni skuld, skal reikna stimpilgjaldið eftir þeirri upphæð, sem frekast er ætlazt til að tryggja.

29. gr.

Þegar skuld er endurnýjuð með nýju bréfi, greiðist helmingur gjalds þess, er í 27. gr. segir. Sama gjald skal greiða, ef skuld er færð yfir á annars manns nafn.

30. gr.

Víxlar og samþykktar ávísanir nema tékkar stimplast með 2‰, þó aldrei minna en 5 kr.

Brot úr þúsundi telst heilt þúsund.

Endurnýjaður víxill telst nýr víxill. Þó skal stimpilfrjáls endurnýjun á víxlum, sem bankar eða sparisjóðir hafa keypt og tryggðir eru með veði í framleiðsluvörum sjávarútvegs, landbúnaðar eða iðnaðar, ef endurnýjun fer fram innan árs frá gjalddaga frumvíxils. Endurnýjun víxils, sem eigi nemur 1000 kr., er og stimpilfrjáls.

Endurnýjaður víxill telst nýr víxill.

31. gr.

Nú hljóðar víxill eða samþykkt ávísun um borgun í erlendri mynt, og reiknast þá stimpilgjaldið eftir bankagangverði þeirrar myntar hér á landi á þeim tíma, er stimplun fer fram.

32. gr.

Framsöl á víxlum og samþykktum ávísunum eru eigi stimpilskyld.

Ef skjal fullnægir eigi kröfum löggjafarinnar um víxla, stimplast það sem skuldabréf.

33. gr.

Vátryggingarskírteini stimplast sem hér segir:

1. Lífsábyrgðarskírteini með 2,5‰ af lífsábyrgðarfjárhæðinni. Nú er áskilinn lífeyrir, og miðast gjaldið þá við upphæð inngangsgreiðslu, ef um slíka greiðslu er að ræða, annars við tífalda lífeyrisgreiðslu.
2. Brunaábyrgðarskírteini með 0,5‰ af vátryggingarfjárhæðinni. Jarðskjálfta-, vatnsskaða- og þjófnaðartryggingar, svo og aðrar sams konar aukatryggingar eru stimpilfrjálsar, sé hin vátryggða eign brunatryggð fyrir eigi lægri upphæð en aukatrygging nemur. Að öðrum kosti stimplast slík skírteini eða mismunurinn eins og brunaábyrgðarskírteini.

   Kasko-tryggingarskírteini bifreiða og flugvéla stimplast með sama gjaldi og brunaábyrgðarskírteini.
3. Sjóvátryggingarskírteini og ferðatryggingarskírteini með 0,25‰ af tryggingarfjárhæðinni.
4. Skyldutryggingarskírteini bifreiða (ábyrgðartrygging) með 25 kr.
5. Önnur ábyrgðartryggingarskírteini með allt að 8% af fyrsta ársiðgjaldi, eftir ákvörðun fjármálaráðuneytisins.

Ef tryggingarskírteini gildir fyrir skemmri tíma en heilt ár, lækkar iðgjaldið í hlutfalli við tölu þeirra mánaða, sem það gildir, og telst hluti úr mánuði sem heill mánuður.

Gjald það, er ræðir um í þessari grein, greiðist, hvort sem tryggingin fer eftir samningi um ákveðinn eða óákveðinn tíma, án þess að sérstakt skírteini sé gefið út vegna hverrar áhættu fyrir sig. Hið sama er, ef tryggingarsamningur er gerður með bréfaskiptum, innritun í viðskiptabækur eða á annan hátt.

Skírteini þau, er um getur í þessari grein, stimplast um leið og þau eru gefin út eða afhent hinum tryggða eða umboðsmanni hans.

Fjármálaráðuneytið getur sett nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar. Það hefur og heimild til að gera samninga við vátryggingarfélög um greiðslu stimpilgjalds á ákveðnum tímum, t. d. við áramót, gegn eftirliti eða tryggingum í bókfærslu, er ráðuneytið telur nægja.

Fjármálaráðuneytið hefur enn fremur heimild til að undanþiggja stimpilgjaldi einstakar tegundir trygginga, ef sérstök ástæða þykir til.

34. gr.

Leigusamningar um skip, hús, jarðir og lóðir stimplast með 50 au. af hverju hundraði eða broti úr hundraði, sem leigan nemur.

Ef leiga er ákveðin í öðru en peningum, skal sá, er stimplun annast, meta hana til peningaverðs, sbr. 14. gr.

Ef leigusamningurinn gildir um óákveðinn tíma, telst gjaldið af ársleigunni tuttugu og fimm-faldri. Ef hann skal gilda ævitíð leigjanda, telst gjaldið einnig af ársleigunni tuttugu og fimm-faldri, og eins er þótt samningurinn skuli einnig gilda, meðan ekkja hans lifir.

Samningur um leigu á skipi til ákveðinnar ferðar eða ferða telst gilda ákveðinn tíma.

Erfðafestubréf, sem eigi veita heimild til að selja og veðsetja, stimplast samkvæmt þessari grein.

35. gr.

Kaupmálar, sem gerðir eru á undan stofnun hjúskapar, stimplast með 100 kr., en kaupmálar, sem gerðir eru síðar, með 1% af þeirri fjárhæð, sem það nemur, er eftir þeim skal vera séreign annars hjónanna. Þó skal gjaldið aldrei vera lægra en 100 kr.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

36. gr.

Þegar skjal er stimpilfrjálst vegna sambands þess við annað skjal, svo sem afsal, þegar kaupsamningur er stimplaður, skal í hinu stimpilfrjálsa skjali vísað til hins stimplaða og þess getið, hversu hátt það er stimplað. Ef þessu er eigi fylgt og eigi heldur er sannað fyrir þeim, sem hlut eiga að máli, að skjal það, er stimpilfrelsinu veldur, sé löglega stimplað, ber að stimpla hið síðara skjal eftir innihaldi þess. Auk þess varðar það sektum, eigi undir 50 kr., ef þess er eigi getið í óstimpluðu skjali, hvers vegna það sé stimpilfrjálst.

37. gr.

Á samrit og staðfest eftirrit stimplaðra skjala skal ritað, hversu aðalskjalið er stimplað, og varðar sektum, eigi undir 50 kr., ef út af er brugðið, og er eigandi skjalsins og útgefandi sekir, ef um samrit er að ræða, en ef um staðfest eftirrit er að ræða, þá eigandi þess og sá, er staðfesti eftirritið.

38. gr.

Ef stimpilskylt skjal er alls eigi stimplað eða eigi nægilega stimplað fyrir hinn tiltekna tíma, varðar það, ef eigi er öðruvísi ákveðið í lögum þessum, sektum, er nema hinu vangreidda stimpilgjaldi, þó eigi undir 50 kr. Auk þess greiðist hið vantandi gjald.

39. gr.

Útgefendur og móttakendur stimpilskyldra skjala bera, hvort sem þeir koma fram í eigin nafni eða sem umboðsmenn annarra, ábyrgð á réttri stimplun. Móttakendur skjala, sem ekki eru löglega stimpluð, geta leyst sig frá sektarábyrgð með því að láta á sinn kostnað stimpla skjalið innan mánaðar frá móttöku þess, eða ef greiðsludagur er fyrr, þá í síðasta lagi þann dag, eða ef greiðsludagur er liðinn, þá þegar eftir móttöku þess. Móttakandi skjals, sem þannig er ástatt um, þarf enn fremur, til þess að losna við sektarábyrgð, að tilkynna hlutaðeigandi yfirvaldi brot það, sem átt hefur sér stað á lögum þessum.

40. gr.

Það varðar sektum eigi undir 500 kr. að gefa rangar skýrslur um þau atriði, er máli skipta við ákvörðun stimpilgjalds. Sömu refsingu varðar, ef maður neitar ranglega að hafa skjal í vörzlum sínum til þess að komast hjá stimpilgjaldi eða sekt.

41. gr.

Sömu refsingu varðar, ef rangt vottorð er ritað á samrit eða eftirrit skjals um stimplun frumrita.

42. gr.

Nú er skjal dagsett rangt, eða stimplun þess, og varðar það sömu refsingu og segir í 40. gr., þegar þetta er gert til að leyna broti á stimpillöggjöfinni eða torvelda uppgötvun þess.

43. gr.

Hver, sem stælir eða falsar þau stimpilmerki, sem fjármálaráðuneytið lætur gera, samkvæmt 2. gr., skal sæta refsingu eftir 161. gr. hinna alm. hegningarlaga, nr. 19 12. febr. 1940, þó þannig, að fangelsisrefsingu má beita, ef dómara þykir ástæða til.

44. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð, og ber að innheimta þær, ef á þarf að halda, með lögtaki. Ef þær nást eigi á þann hátt, afplánast þær eins og lög mæla fyrir.

45. gr.

Allir opinberir starfsmenn, þar með taldir skiptaforstjórar, eru, að viðlagðri refsingu fyrir vanrækslu, skyldir til að hafa nákvæmar gætur á því, að lög þessi séu haldin, með því að athuga skjöl þau, sem þeir, starfs síns vegna eða á annan hátt, hafa með höndum eða sjá, og kæra til sekta, ef þeir komast eftir brotum. Eru þeir skyldir til, eftir því sem við verður komið, að sleppa eigi skjölum þeim, sem brotin eru risin af, í hendur annarra en þeirra, sem málið heyrir undir að lögum.

Ákvæði þessarar greinar gilda jafnt um frumrit skjala, samrit og staðfest eftirrit, eftir því sem við getur átt, svo og enn fremur um óstaðfest eftirrit, þegar þau eru notuð þannig, að ætla má, að notandinn votti samræmi þeirra við frumritið, svo sem þegar eftirrit er lagt fram fyrir rétti eða fylgir umsóknum til stjórnarvalda, enda skal jafnan, er svo er ástatt, vera ritað á eftirritið, hvernig frumritið er stimplað.

46. gr.

Ef eigi er gætt fyrirmæla þessara laga um áritun á samrit og eftirrit skjala um stimplun frumrits, og sá, er fyrir sök er hafður, getur eigi sýnt frumritið, ber að stimpla samrit og eftirrit eins og það væri frumrit, nema sannað sé eða álíta verði fullvíst, að frumritið hafi verið löglega stimplað.

47. gr.

Fjármálaráðuneytið ákveður, hvort ríkissjóður skuli greiða stimpilgjald af þeim skjölum, er hann varða.

48. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem opinber mál.

49. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1954.

Frá sama tíma eru úr gildi numin:

Lög um stimpilgjald, nr. 75/1921, og lög um breyting á þeim lögum, nr. 35/1933, nr. 91/1938, nr. 80/1940, nr. 49/1942, nr. 41/1945. Enn fremur síðasta málsgr. 13. gr. og síðasti málsl. 19. gr. laga nr. 78/1938, svo og önnur þau lagaákvæði, er koma í bága við þessi lög.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á meðan fasteignamat frá 1942 gildir og millimöt eru framkvæmd á grundvelli þess mats, skulu eftirfarandi ákvæði gilda um stimplun kaupsamninga og afsalsbréfa og annarra heimildarbréfa:

1. Þegar ekkert söluverð er tilgreint, skal það áætlað af þeim, sem stimplun annast, það hátt, að víst sé, að það hafi ekki hærra verið í raun og veru. Verð fasteignar, þegar svo stendur á, skal aldrei áætla lægra en tífalt fasteignamat hinnar seldu eignar.
2. Þegar söluverð er sett grunsamlega lágt, skal sá, er stimplun annast, ákveða stimpilskylda fjárhæð skjalsins. Við ákvörðun fjárhæðarinnar skal einkum taka tillit til fasteignamatsverðs eignarinnar, vátryggingarfjárhæðar og söluverðs sambærilegra eigna.

   Aldrei skal þó ákveða stimpilskylda fjárhæð skjals lægri en nemi fimmföldu fasteignamatsverði, ef eignin er í kaupstað, en þreföldu annars staðar á landinu. Þessu lágmarksákvæði má þó því aðeins beita, að vitað sé um verðfall á eigninni sökum ástands hennar eða staðhátta.

   Ákvörðun sína skal hlutaðeigandi embættismaður rita á skjalið og staðfesta með undirsskrift sinni.

Ed. 276. Frumvarp til laga [11. mál]

um aukatekjur ríkissjóðs.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

Samhljóða þskj. 11 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:
Í gagnsökum, framhaldssökum, meðalgöngumálum og sakaukamálum skal greiða gjald samkvæmt 1. gr.
Í barnsfaðernismálum og í málum þeim, sem um ræðir í 24. gr. laga nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis, skal engin réttargjöld greiða. Í gjafsóknarmálum skal gjafsóknarhafi engin réttargjöld greiða.
Í málum, þar sem fjárhæð nemur ekki 1000 kr., greiðast hálf réttargjöld.

26. gr. hljóðar svo:
Nú krefst einhver vottorðs úr afsals- og veðmálaskrám um eignarheimild á fasteign og um höft þau, er á henni hvíla, og skal hann gjalda fyrir það 15 kr.

Sþ. 277. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1954 og við brtt. á þskj. 240 og 242.

I. Frá *Jóni Pálmasyni.*
Við brtt. 240,15. (Við 12. gr. IX. — Læknisbústaðir, sjúkrahús).
Fyrir „1 500 000“ kemur 2 000 000

II. Frá *Gunnari Jóhannssyni.*
1. Við brtt. 240,19.85. (Við 13. gr. A. II. a. — Siglufjarðarvegur).
Fyrir „205 000“ kemur 250 000
2. Við brtt. 240,25.40. (Við 13. gr. C. VIII. — Siglufjörður).
Fyrir „200 000“ kemur 300 000

III. Frá *Karli Guðjónssyni.*
Við brtt. 240,25. 47. (Við 13. gr. C. VIII. — Vestmannaeyjar).
Fyrir „250 000“ kemur 750 000

IV. Frá *Gunnari Jóhannssyni.*
Við brtt. 240,25.61. (Við 13. gr. C. VIII.). Nýr liður:
Til sjóvarnargarðs norðan Siglufjarðareyrar 100 000

V. Frá *Gils Guðmundssyni.*
1. Við 14. gr. B. VIII. Nýr liður:
Til sjóvinnuskóla, laun kennara og til áhaldakaupa 300 000
2. Við 15. gr. A. III. 4. (Sjóminjasafn).
Fyrir „3 500“ kemur 10 000

VI. Frá *Gunnari Jóhannssyni.*
Við 15. gr. A. VIII. 6. (Bókasafn Siglufjarðar).
Fyrir „6 250“ kemur 10 000

VII. Frá *Karli Guðjónssyni.*
Við 15. gr. A. VIII. 9. (Bókasafn Vestmannaeyja).
Fyrir „6 250“ kemur 13 000

VIII. Frá *Páli Þorsteinssyni* og *Jörundi Brynjólfssyni.*
Við 15. gr. A. XIII. Nýr liður:
Til Þorleifs Jónssonar, fyrrv. alþm., heiðurslaun og vegna ritstarfa 20 000

IX. Frá *Karli Guðjónssyni.*
Við 15. gr. A. XXII. 9. (Leikfélag Vestmannaeyja).
Fyrir „3 000“ kemur 5 000

X. Frá *Gunnari Jóhannssyni.*
1. Við 15. gr. A. XXII. 10.
a. Liðurinn orðist svo:
Til leikfélags Siglufjarðar 3 000
b. Nýr liður:
Til leikstarfsemi stúkunnar Framsókn, Siglufirði 3 000
2. Við 15. gr. A. XXIV. 4. (Tónlistarskóli Siglufjarðar).
Fyrir „10 000“ kemur 20 000

XI. Frá *Gunnari Jóhannssyni* og *Sigurði Guðnasyni.*
1. Við 16. gr. A. 21. c. (Skógræktarfélög).
Fyrir „250 000“ kemur 400 000
2. Við 16. gr. A. 21. d. (Skóggræðsla).
Fyrir „900 000“ kemur 1 200 000

XII. Frá *Gils Guðmundssyni.*
1. Við 17. gr. 15. a. (Almennar slysavarnir).
Fyrir „150 000“ kemur 300 000
2. Við 17. gr. 22. (Dvalarheimili aldraðra sjómanna).
Fyrir „100 000“ kemur 800 000
3. Við 20. gr. Út. IX. (Vitar og vitavarðabústaðir).
Fyrir „1 000 000“ kemur 1 500 000

XIII. Frá *Karli Guðjónssyni.*
Við brtt. 242,11.f. (Við 22. gr. XXI.) Liðurinn orðist svo:
Að greiða ¾ hluta hitakostnaðar þeirra ríkisskóla, sem búa ekki við jarðhita.

XIV. Frá *Gunnari Jóhannssyni.*
Við 22. gr. XXII. Nýr liður:
Að taka lán allt að 15 millj. kr., sem verði varið til aðstoðar og uppbyggingar atvinnuveganna í þeim kaupstöðum og kauptúnum, sem harðast hafa orðið úti vegna síldarleysis undanfarinna 9 ára.

Sþ. 278. Tillaga til þingsályktunar [120. mál]

um aðstoð við ný iðnfyrirtæki til atvinnujöfnunar.

Flm.: Jónas Rafnar, Magnús Jónsson, Kjartan J. Jóhannsson, Einar Ingimundarson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta rannsaka, með hvaða hætti helzt verði stuðlað að því, að ný iðnfyrirtæki rísi upp í kaupstöðum og kauptúnum, þar sem skilyrði eru góð til iðnaðarframleiðslu, en atvinnuleysi hefur gert vart við sig að undanförnu.

Sérstaklega verði athugað, hvort ekki sé rétt að setja löggjöf um fyrirgreiðslu af hálfu ríkisvaldsins við stofnun nýrra iðnfyrirtækja á fyrrnefndum stöðum með það fyrir augum að hagnýta sem bezt náttúruauðlindir landsins og koma í veg fyrir atvinnuleysi.

Greinargerð.

Á síðari árum hefur iðnaðurinn tekið stórfelldum framförum hér á landi. Nýjar iðngreinar hafa risið upp og eldri fyrirtæki fært út kvíarnar. Er nú svo komið, að iðnaðurinn er engu síður mikilsverður þáttur í atvinnulífi okkar Íslendinga en sjávarútvegur og landbúnaður — og með ári hverju fjölgar þeim aðilum, sem beinlínis hafa lífsuppeldi sitt frá þeirri atvinnugrein.

Segja má, að flestöll meiri háttar iðnfyrirtæki, nema ullarverksmiðjur og iðjuver, sem vinna úr sjávarafurðum, séu nú staðsett í Reykjavík. Valda því margar ástæður. Í Reykjavík sjálfri er stærsti markaðurinn fyrir framleiðsluna, hægara en víðast hvar annars staðar að ná í þjálfað vinnuafl og auðveldara um útvegun lánsfjár. Meðan leita þurfti til nefnda og ráða um allan innflutning, höfðu fyrirtæki í höfuðstaðnum allt aðra og betri aðstöðu en fyrirtæki úti á landsbyggðinni. Það mun og hafa ráðið nokkru um val á staðsetningu nýrra iðnfyrirtækja, að opinber gjöld hafa yfirleitt reynzt nokkru lægri í Reykjavík en í öðrum kaupstöðum.

Flestir munu líta svo á, að ekki sé hagstætt fyrir þjóðarheildina að einskorða iðnað landsmanna að mestu við Reykjavík og nágrenni, æskilegra sé, að iðnfyrirtækin séu ekki síður staðsett úti á landi, þar sem skilyrði eru fyrir hendi. Á það má benda, að erlendis, eins og t. d. í Englandi, stuðlar ríkisvaldið að því, að ný iðnfyrirtæki rísi fremur upp í smærri bæjum en í stórborgunum.

Á undanförnum árum hefur orðið vart við verulegt atvinnuleysi í mörgum kauptúnum og bæjarfélögum, sérstaklega um vetrarmánuðina. Með stofnun og starfrækslu nýrra iðnfyrirtækja á þessum stöðum kæmi aukin atvinna og betri lífskjör fyrir fólkið, sem nú býr við erfiðar aðstæður.

Með tillögu þessari er ætlazt til þess, að ríkisstjórnin láti athuga sem fyrst, hvað unnt sé að gera til þess að auka iðnaðinn utan höfuðstaðarins. Tillögumenn telja, að ný iðnfyrirtæki í kauptúnum og bæjum, sem búið hafa við atvinnuleysi, muni ekki hvað sízt stuðla að jafnvægi í byggð landsins og jafnari afkomu landsmanna.

Tillögumenn telja, að meðal annars komi til greina að veita nýjum iðnfyrirtækjum nokkur skattfríðindi fyrstu árin, fyrirgreiðslu um útvegun lánsfjár með hagstæðum kjörum, auk ókeypis tæknilegrar aðstoðar. Má að sjálfsögðu benda á fleira.

Nd. 279. Frumvarp til laga [121. mál]

um breyting á lögum nr. 8 24. marz 1944, um breyting á lögum nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

Flm.: Halldór Ásgrímsson, Eysteinn Jónsson, Lúðvík Jósefsson.

1. gr.

Í stað inn fyrir Egilsstaðahérað í 3. gr. laga nr. 8 1944 komi tvö ný héruð, þannig:

a. **Egilsstaðahérað vestra:** Jökuldalshreppur, Hlíðarhreppur, Hróarstunguhreppur, Fellahreppur, Fljótsdalshreppur. Læknissetur á Egilsstöðum.
b. **Egilsstaðahérað eystra:** Hjaltastaðahreppur, Eiðahreppur, Egilsstaðahreppur, Vallahreppur og Skriðdalshreppur. Læknissetur á Egilsstöðum.

2. gr.

Læknishéruðin starfrækja í félagi sjúkrahúsið á Egilsstöðum, og annast læknar beggja héraðanna læknisstörfin, enda hafa báðir rétt á sjúkrahúsvist þar fyrir sjúklinga sína.

Sá læknirinn, sem á hverjum tíma hefur verið lengur starfandi héraðslæknir á Egilsstöðum, skal vera yfirlæknir við sjúkrahúsið. Landlæknir getur ákveðið, að lyfjabúð sé sameiginleg fyrir bæði læknishéruðin, og setur hann þá reglur þar um.

3. gr.

Síðasti málsliður 7. gr. laga nr. 8 1944 fellur niður.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1954.

Bráðabirgðaákvæði.

Núverandi héraðslæknir Egilsstaðahéraðs skal eiga rétt á að kjósa, hvoru læknishéraðinu hann vill þjóna, og heldur hann þeirri íbúð, sem hann hefur nú í læknisbústaðnum.

Greinargerð.

Frumvarp samhljóða þessu var borið fram á síðasta Alþingi, en náði þá ekki fram að ganga. Var frv. breytt í Nd. á þann veg, að gert var ráð fyrir föstum aukalækni, en í Ed. féll málið með jöfnum atkvæðum.

Síðan 1948 hafa oddvitar allra hreppa Egilsstaðalæknishéraðs nær árlega samþykkt áskorun til heilbrigðisstjórnarinnar og Alþingis um, að héraðinu yrði skipt í tvö læknishéruð. Enn á ný hefur sú ósk verið endurtekin, og því er frv. þetta nú fram borið. — Á síðasta þingi fylgdi málinu svofelld greinargerð:

„Með lögum nr. 8 1944 voru tvö læknishéruð í Fljótsdalshéraði sameinuð með læknisbúsetu á Egilsstöðum, og var svo til ætlazt, að auk héraðslæknis skyldi ætíð vera þar einn aðstoðarlæknir. Frá upphafi voru margir héraðsbúar mjög á móti þessari breytingu, töldu, að lögin tryggðu Fljótsdalshéraði aðeins einn lækni í stað tveggja áður. Mundi slíkt hafa í för með sér óviðunandi afturför í heilbrigðismálum héraðsins, þar sem einum lækni væri algerlega ofvaxið að þjóna svo víðlendu héraði sem Fljótsdalshéraði, þar sem hátt á annað hundrað km væru á milli yztu bæja við sjó fram og efstu dalabyggða, auk þess sem það væri sundurskorið af mörgum stórvötnum. Þar að auki væri vegakerfi héraðsins ófullkomið og oft mikil snjóþyngsli, sem torvelduðu mjög öll vetrarferðalög. Margir töldu mjög lítilsverð ákvæði laganna um aðstoðarlækni á Egilsstöðum, því að óvíst væri, hvort maður fengist að staðaldri í það starf, og því líklegastir ungir og reynslulausir læknar um stuttan tíma í senn eða að jafnvel yrði að bjargast við læknanema.

Lögin nr. 8 1944 tóku gildi 1. janúar 1945, og var þá þegar unnið að því að koma upp myndarlegu sjúkraskýli á Egilsstöðum og íbúð fyrir héraðslækninn og aðstoðarlækni hans. Því miður reyndist sá ótti á rökum reistur, að þessi nýja skipan í læknamálum Fljótsdalshéraðs yrði óviðunandi. Byrjunin var ekki góð. Fyrsti aðstoðarlæknirinn kom ekki fyrr en á miðju ári 1946, en alls hafa sjö læknakandidatar sinnt aðstoðarlæknisstörfum á Egilsstöðum frá þeim tíma til þessa dags. Sá fyrsti dvaldi á Egilsstöðum 15 mánuði, en þurfti á þeim tíma að hverfa frá um skeið til að þjóna öðru læknishéraði vegna forfalla læknisins þar. Annars hafa flestir aðstoðarlæknarnir verið 6—10 mánuði í starfi, og hefur héraðið alloft verið aðstoðarlæknislaust — og tvisvar að vetrarlagi.

1948 var svo komið, að íbúum Fljótsdalshéraðs var yfirleitt orðið það ljóst, að ekki var lengur hægt að una við ríkjandi ástand í læknamálum héraðsins. Samþykktu þá oddvitar allra hreppanna áskorun til Alþingis og ríkisstjórnar að breyta

svo lögum, að framvegis yrðu tveir læknar skipaðir í Egilsstaðahérað. Síðan hefur hver áskorunin rekið aðra um það efni og á síðustu árum ákveðin krafa um, að læknishéraðinu væri skipt í tvö héruð og báðir læknarnir búsettir á Egilsstöðum.

Á síðasta Alþingi var að tilhlutan heilbrigðisstjórnarinnar lagt fyrir neðri deild frv. til l. um skiptingu eins læknishéraðs á Norðurlandi. Við meðferð málsins í deildinni var samþykkt breytingartillaga við frv. um, að Egilsstaðahéraði skyldi einnig skipt í tvö læknishéruð, og fór málið þannig til efri deildar. Sú deild vék málinu frá með rökstuddri dagskrá, þar sem meðal annars kom fram, að ætlazt var til, að málið yrði, ef þörf krefði, tekið fyrir að nýju á þessu þingi. Skipting Egilsstaðalæknishéraðs er brýn nauðsyn, en hefur dregizt of lengi. Þess vegna er þetta frv. nú fram komið samkvæmt einróma ósk íbúa héraðsins, þar á meðal héraðslæknisins á Egilsstöðum.

Í frv. er gert ráð fyrir, að Egilsstaðahéraði verði skipt í tvennt, þannig að fimm hreppar verði í hvoru læknishéraði, og verður íbúatala hvors héraðs milli átta og níu hundruð manns. Má fullyrða, ekki sízt með tilliti til allra aðstæðna á Fljótsdalshéraði, að báðir læknarnir fá næg verkefni. Kemur þar meðal annars til greina sameiginleg starfræksla sjúkrahússins á Egilsstöðum, sem aðeins getur komið að því liði, sem með þarf og til er ætlazt, þegar tveir reyndir fastalæknar sinna þar störfum. — Í frv. eru sérstök ákvæði um störf læknanna við sjúkrahúsið og lyfjasölu þeirra.“

Sþ. 280. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1954 og við brtt. á þskj. 242.

I. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*
1. Við 11. gr. A. 8. h. Nýr liður:
Til löggæzlu í Vestmannaeyjum á vetrarvertíð 30 000
2. Við 12. gr. IX. (Læknisbústaðir, sjúkrahús).
Aftan við liðinn bætist:
Þar af 152 þús. kr. til heilsuverndarstöðvar í Vestmannaeyjum, gegn framlagi að ⅔ hlutum úr bæjarsjóði Vestmannaeyja.

II. Frá *Bernharð Stefánssyni.*
Við brtt. 242,10.b. (Við 13. gr. A. II. b. — Endurbygging þjóðvega).
Fyrir „500 000“ kemur 1 000 000

III. Frá *Sigurði Bjarnasyni.*
Við 13. gr. C. X. Liðurinn orðist svo:
Til ferjuhafna:
1. Í Hornafirði 250 000
2. Við Ísafjarðardjúp:
a. Í Skálavík 20 000
b. Á Laugabóli 40 000
c. Á Reykjanesi 20 000

IV. Frá *Bernharð Stefánssyni.*
Við 14. gr. B. XIV. 7. (Fyrrv. barnakennarar).
Fyrir „47 500“ kemur 49 000

V. Frá *Jóhanni Jósefssyni.*
Við 15. gr. A. XXIV. 5. (Tónlistarskóli Vestmannaeyja).
Fyrir „10 000“ kemur 15 000

VI. Frá *Steingrími Steinþórssyni* og *Jóni Sigurðssyni.*
Við 16. gr. D. XI. 5. Nýr liður:
Til borana eftir heitu vatni fyrir Sauðárkrók 118 000

VII. Frá *Sigurði Bjarnasyni, Emil Jónssyni, Jóhanni Jósefssyni* og *Bernharð Stefánssyni.*
Við 22. gr. V. Nýr liður:
Að greiða Jóni Björnssyni ritliöfundi 25 þús. kr. styrk vegna húsbyggingar

VIII. Frá *Jörundi Brynjólfssyni, Ingólfi Jónssyni, Sigurði Ó. Ólafssyni. Birni Björnssyni* og *Jóni Kjartanssyni.*
Við 22. gr. XXI. Nýr liður:
Að kaupa jarðirnar Kirkjubæ vestri og eystri á Rangárvöllum og leigja þær landssambandi hestamannafélaga fyrir hrossaræktarbú.

Sþ. 281. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1954.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

1. Við 14. gr. B. II. a. (Til styrktar íslenzkum námsmönnum erlendis).
Fyrir „875 000“ kemur 1 075 000
2. — 14. — B. IV. (Menntaskólinn í Reykjavík).
a. Við g. (Styrkur til bókasafnsins Íþöku).
Fyrir „5 000“ kemur 20 000
b. Við j. (Námsferðir).
Fyrir „3 000“ kemur 10 000
3. — 14. — B. XVII. 2. (Íþróttasjóður).
Fyrir „600 000“ kemur 1 000 000
4. — 14. — B. XXV. (Skáksamband Íslands).
Fyrir „10 000“ kemur 25 000
5. — 15. — A. X. (Skáld, rithöfundar og listamenn).
a. Fyrir „630 000“ kemur 830 000
b. Aftan við síðari málsgr. aths. bætist: en verja skal hún þó allt að 100 þús. kr. til þess að verðlauna þrjú rit, sem út koma á árinu eftir íslenzka höfunda.
6. — 15. — A. XI. Nýr liður:
Til þess að skreyta opinberar byggingar með listaverkum 300 000
7. — 15. — A. XXIV. (Tónlistarskólinn í Reykjavík).
Fyrir „70 000“ kemur 100 000
8. — 20. — Út. XI. 4. (Menntaskólahús). Nýr liður:
Til byggingar heimavistarhúss við sama skóla 1 000 000

Ed. 282. Frumvarp til laga [122. mál]

um breyting á lögum nr. 36 1. apríl 1948, um sóknargjöld.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Fyrsta málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Hver maður, karl eða kona, á aldrinum 16—67 ára, sem er heimilisfastur hér á landi eða lögskráður á íslenzkt skip og er í þjóðkirkjusöfnuði, skal árlega greiða gjald til kirkju þeirrar, er hann á sókn að, kr. 3.00—12.00 á ári eftir nánari ákvörðun safnaðarfundar í hverri sókn. Gjaldskyldualdur miðast við áramót.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að tilhlutan kirkjumálaráðherra, en nefndin og einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að bera fram breytingartillögur. — Frumvarpinu fylgdu svofelldar athugasemdir:

Samkvæmt 1. gr. laga um sóknargjöld, nr. 36 1948, eru sóknargjöld nú kr. 3.00—6.00 á mann á ári eftir ákvörðun safnaðarfundar. Síðan lög þessi voru sett, hafa t. d. útgjöld dómkirkjunnar í Reykjavík aukizt það mikið, að á árinu 1950 varð kr. 5507.61 rekstrarhalli á reikningi hennar, árið 1951 kr. 29201.17 og árið 1952 kr. 14834.79, eða samtals þessi þrjú ár kr. 49543.57. Um síðustu áramót var handbært fé dómkirkjunnar kr. 34263.06, og verður það fljótlega gengið til þurrðar, ef svona heldur áfram. Héraðsfundur í Reykjavíkurprófastsdæmi hefur því samþykkt að skora á Alþingi að hækka sóknargjöld úr 3—6 kr. í 6—12 kr. á mann á ári. Ekki þykir þó nauðsynlegt að hækka lágmarkið, kr. 3.00, en frumvarpið gerir ráð fyrir hækkun á hámarkinu upp í 12 krónur, þannig að sóknargjöldin verði frá kr. 3.00 til kr. 12.00 á mann á ári eftir ákvörðun safnaðarfundar. Það athugast, að gjöld þessi eru grunngjöld fyrir gengisskráningarlögin, nr. 22 1950, og margfaldast því með 3, og bætist síðan við núgildandi vísitala. Ætti sú hækkun að gera sóknarnefndum kleift að annast sómasamlega og hallalaust rekstur kirknanna.

Fylgiskjal.

DÓMPRÓFASTURINN Í REYKJAVÍK

Greinargerð með áskorun Héraðsfundar Reykjavíkurprófastsdæmis til Alþingis um hækkun sóknargjaldanna.

Með lögum nr. 40 30. júlí 1909 var sóknargjald ákveðið kr. 1.25, sem þá var talið um það bil dagkaup verkamanns. Þetta sóknargjald var miðað við það, að þá var naumast um önnur útgjöld kirknanna að ræða en viðhald kirkjuhúsanna. Þó nægðu þessi gjöld óvíða fyrir útgjöldum safnaðanna, svo að víða var fljótlega farið að innheimta auk þeirra svokallað sönggjald, sem víða var kr. 2.25.

Með lögum nr. 36 1. apríl 1938 var síðast gerð sú breyting á sóknargjöldum, að þau voru ákveðin kr. 3.00 að lágmarki og kr. 6.00 að hámarki. Þó var löggjafanum þá ljóst, að engan veginn mundu þessi sóknargjöld nægja fyrir rekstri safnaðanna, sem farið var að gera sífellt meiri og meiri kröfur til með breyttum að-

stæðum, svo sem um hljómlist í kirkjunum, barna- og unglingastarf, hitun, lýsing og búnað kirkjuhúsanna. Þess vegna er í lögunum frá 1948 heimild til safnaðanna að jafna niður eftir þörfum á útsvör sóknarmanna.

Þessa lagaheimild er af ýmsum ástæðum mjög erfitt að nota sér í fjölmennum prestaköllum, svo sem í Reykjavík og víðar, þar sem starfa ýmsir söfnuðir utan þjóðkirkjunnar og allstór hópur fólks er utan allra trúfélaga. Hins vegar nægja hin lögmæltu sóknargjöld engan veginn í ýmsum söfnuðum til að reka safnaðarstarfið með fullkomnum myndarskap og menningarblæ. T. d. hefur dómkirkjusöfnuðurinn í Reykjavík, fjölmennasti söfnuður landsins, um árabil verið rekinn með allmiklum greiðsluhalla, sem nam á síðasta ári um 14 þús. kr., og engin leið er til að annast viðhald kirkjunnar, svo að sæmilegt megi kalla. Sama saga er sögð úr fjölmörgum prestaköllum landsins.

Þessi fjárhagsvandræði safnaðanna voru til umræðu á héraðsfundi Reykjavíkurprófastsdæmis 17. nóv. síðastl., og var þar samþykkt með öllum atkvæðum þessi áskorun til Alþingis:

„Héraðsfundur Reykjavíkurprófastsdæmis, haldinn 17. nóv. 1953, telur brýna nauðsyn bera til þess, að hið lögmælta sóknargjald (kirkjugjald), sbr. lög nr. 36 1. apríl 1948, verði hækkað upp í kr. 6.00 að lágmarki og kr. 12.00 að hámarki, og leyfir sér að skora á Alþingi að koma þessu í framkvæmd, þar sem það einnig virðist fyllilega sanngjarnt eftir breyttum ástæðum."

Samþykkt þessi hefur hlotið meðmæli biskupsins yfir Íslandi.

Vér treystum því, að hið háa Alþingi sjái, að hér er af fullri sanngirni óskað breytinga. Samkvæmt lagaheimildinni frá 1948 um niðurjöfnun á útsvör sóknarmanna, hafa söfnuðirnir leyfi til að taka það fé, sem hér er farið fram á, og miklu meira fé, en vegna þeirra erfiðleika á að fara þessa leið, sem áður getur, óskum vér þess eindregið, að heimilað verði að hækka sóknargjöldin, sem áður segir. Það hlýtur að teljast eindregið menningaratriði fyrir þjóðina, að söfnuðunum sé gert kleift að reka safnaðarstarfsemina af fullkomnum myndarskap. En það verður ekki gert með núverandi sóknargjöldum, sem þó væru engum tilfinnanleg með þeirri hækkun, sem hér er farið fram á.

Reykjavík, 23. nóv. 1953.

Jón Auðuns,
dómprófastur.

Ed. 283. Frumvarp til laga [123. mál]

um breyting á lögum nr. 81 5. júní 1947, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Stafliður b. undir 1. tölulið í 4. gr. laganna orðist svo:

Til að greiða stofnkostnað byggingar fiskiðnrannsókna og fiskifræðirannsókna ⅛% fram til ársloka 1957, en eftir þann tíma fellur gjaldið niður, og lækkar þá útflutningsgjaldið samkvæmt 1. gr. sem þessu nemur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1954.

Greinargerð.

Frumvarp þetta sendi atvinnumálaráðuneytið nefndinni með beiðni um flutning, og fylgdu því svolátandi athugasemdir:

Þegar litið er á þau gífurlegu verðmæti, sem framleidd eru úr fiski á Íslandi, og hin fjölmörgu vandamál, sem sífellt koma upp í sambandi við þá framleiðslu, bæði að því er snertir gæði hennar, nýjungar og annað þess háttar, þá verður ljóst, hversu brýn nauðsyn er á því, að haldið sé uppi í landinu sem ýtarlegustum rannsóknum á sviði þessarar framleiðslu. Á þetta einnig við um þá hlið rannsókna þeirra, er snerta sjávarútveginn, sem fjallar um rannsóknir á nytjafiskunum, en veiðarnar sjálfar og fiskistofnanir hljóta að sjálfsögðu að vera sú undirstaða, sem byggja verður á framleiðslu sjávarafurðanna.

Þetta hefur mönnum einnig orðið ljóst hér á landi, og enda þótt ekki sé unnt að gera samanburð við aðrar og stærri þjóðir að því er þetta snertir, þá hefur þó hér verið unnið merkilegt starf. Enn hafa þó þessum rannsóknum ekki verið sköpuð þau vinnuskilyrði, sem nauðsynlegt er, til þess að vænta megi fullra nota af þeim.

Úr þessu var ætlað að bæta með byggingu rannsóknarstöðvar þeirrar til fiskiðn- og fiskifræðirannsókna, sem hafin er bygging á við Skúlagötu næst austan við hús Fiskifélags Íslands. Ekki þykir ástæða til að rekja hér sögu þessa byggingarmáls, en vísast um það í greinargerð fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 81 5. júní 1947, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, sem lagt var fyrir Alþingi í janúar 1950 á þskj. 269.

Í byggingu þessari er ætlað að sameinaðar verði allar rannsóknir í þágu sjávarútvegsins. Er stærð hennar og tillögur miðuð við framtíðarþarfir atvinnuvegarins, að svo miklu leyti sem unnt er að sjá þær fyrir. Er gert ráð fyrir, að byggingunni verði komið upp í áföngum, eftir því sem fjármagn er fyrir hendi.

Þegar hefur verið reistur nokkur hluti byggingarinnar og tekinn í notkun, en nauðsynlegt er, að framkvæmdum verði haldið áfram, en til þess er óhjákvæmilegt, að þær tekjur, sem ætlaðar hafa verið til byggingar þessarar allt frá árinu 1946, renni til hennar áfram. Ekki er í frumvarpi þessu farið fram á framlengingu tekjustofnsins nema í næstu 4 ár, þar sem ekki verður séð fyrir, hversu mikil þörfin verður né heldur hversu miklar tekjurnar geta orðið af útflutningsgjaldinu.

Ed. 284. Breytingartillaga [15. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Við 2. gr. Á eftir orðunum „samkvæmt lögum nr. 24 20. apríl 1949“ í 2. málsgr. kemur: og lögum nr. 24. 16. febr. 1953.

Nd. 285. Frumvarp til laga [15. mál]

um breyting á lögum nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Á eftir 10. gr. laganna komi ný grein, er verður 11. gr., svo hljóðandi:

Úr ríkissjóði greiðist árlegur rekstrarstyrkur til viðurkenndra almennra sjúkrahúsa sýslu-, bæjar- og sveitarfélaga, og miðast hæð styrksins annars vegar við

stærð og búnað sjúkrahúss, en hins vegar við legudagafjölda sjúklinga á sjúkrahúsinu á ári hverju sem hér segir:

1. Sjúkrahús með 20 sjúkrarúmum eða færri: 5 krónur á legudag.
2. Sjúkrahús með yfir 20 sjúkrarúmum, enda veiti því forstöðu sérstakur fastlaunaður sjúkrahúslæknir: 10 krónur á legudag.
3. Sjúkrahús með yfir 100 rúmum, er starfar a. m. k. í tveimur aðaldeildum, lyflækninga- og handlækningadeild, með tilheyrandi sérfróðu læknaliði, enda annar búnaður þess við hæfi: 20 krónur á legudag.

Ráðherra er heimilt að gera það að skilyrði fyrir styrkveitingu samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, að hlutaðeigandi sjúkrahús tryggi rekstrarafkomu sína með því að taka hæfilegt aukagjald umfram almennt daggjald af sjúklingum frá nágrannasveitarfélögum, er sjúkrahússins hafa not, en hafa sjálf ekki með höndum sérstakan sjúkrahúsrekstur, ella sé sjúkrahúsinu tryggður með samningi hæfilegur árlegur rekstrarstyrkur af hendi slíkra sveitarfélaga.

2. gr.

Lög þessi ganga í gildi þegar í stað, og greiðist rekstrarstyrkur til sjúkrahúsa sýslu-, bæjar- og sveitarfélaga samkvæmt þeim í fyrsta skipti fyrir árið 1953, en samkvæmt ákvæðum fjárlaga 1954, og þannig áfram.

Þegar lög þessi hafa öðlazt gildi, skal fella 1. gr. þeirra, ásamt 1. og 2. efnismálsgr. 1. gr. laga nr. 33 12. febr. 1945 með áorðinni breytingu samkvæmt lögum nr. 24 20. apríl 1949 og lögum nr. 24 16. febr. 1953, inn í meginmál laga nr. 30 19. júní 1933, um sjúkrahús o. fl., og gefa þau út af nýju með fyrirsögn: Sjúkrahúsalög.

Ed. 286. Frumvarp til laga [101. mál]

um þingfararkaup alþingismanna.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Alþingismenn hafa dagkaup þann tíma, sem þing stendur, og er það 120 krónur á dag, auk verðlagsuppbótar, meðan hún er greidd. Sama kaup skal þeim greitt fyrir þann tíma, sem fer til ferðalaga heiman að til þings og heim af þingi.

Sameinað Alþingi kýs hlutfallskosningu í byrjun hvers þings 5 manna nefnd, þingfararkaupsnefnd, er úrskurðar þingfararkaupsreikninga alþingismanna, en forsetar ávísa fjárhæðunum úr ríkissjóði.

2. gr.

Ríkisstjórnin sér hverjum alþingismanni, sem verður vegna fjarlægðar frá heimili sínu og hafa dvalarstað í Reykjavík um þingtímann, fyrir leigulausum bústað, meðan á þingi stendur. Þeir þingmenn, sem kjósa að sjá sér sjálfir fyrir húsnæði, skulu fá leigu fyrir það endurgreidda eftir mati þingfararkaupsnefndar.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta reisa hús eða kaupa hús fyrir þingmannabústað og verja nægilegu fé úr ríkissjóði til þess. Rekstrarkostnaður þingmannabústaðar telst með alþingiskostnaði. Til bráðabirgða er og ríkisstjórninni heimilt að leigja húsnæði til þessara nota.

3. gr.

Ferðakostnað fá alþingismenn, sem búsettir eru utan Reykjavíkur, endurgreiddan eftir reikningi, er þingfararkaupsnefnd úrskurðar.

Þeir þingmenn, sem búa ekki á heimili sínu, á meðan þing stendur, fá greiddan dvalarkostnað eftir því, sem þingfararkaupsnefnd ákveður.

4. gr.

Þeir fyrrverandi alþingismenn, sem hafa átt sæti á Alþingi að minnsta kosti 10 ár samfleytt eða 15 ár hið minnsta samanlagt og eru orðnir 65 ára, eiga rétt til eftirlauna, er séu 60% af þingfararkaupi, eins og það er á hverjum tíma, og miðist ár hvert við meðallengd þinganna næstliðin 5 ár. Lífeyrir frá Tryggingastofnun ríkisins dregst frá eftirlaunum. Þeir, sem eiga rétt til lífeyris vegna annars starfs, skulu þó ekki fá eftirlaun fyrr en þeir láta af því starfi. Slíkur lífeyrir skal koma til frádráttar eftirlaunum. Ef lífeyririnn er jafnhár eða hærri eftirlaununum, falla þau niður.

Ekkjur alþingismanna, sem höfðu rétt til eftirlauna, hafa tilsvarandi rétt.

5. gr.

Nú getur alþingismaður ekki gegnt þingstörfum vegna veikinda, og skal hann eigi að síður njóta þingfararkaups, á meðan hann er forfallaður af þessum sökum, þó eigi lengur en til loka kjörtímabilsins.

6. gr.

Ráðherra, sem ekki er alþingismaður, á rétt á sama dagkaupi sem alþingismaður og nýtur að öðru leyti sömu réttinda sem alþingismönnum eru ákveðin með lögum þessum.

7. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 36 28. nóv. 1919, um þingfararkaup alþingismanna, og lög nr. 9 13. febr. 1943, um breyting á þeim lögum.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal reikna kaup alþingismanna samkvæmt þeim á reglulegu Alþingi árið 1953.

Ed. 287. Breytingartillaga [63. mál]

við frv. til laga um síldarleit úr lofti.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Við 4. gr. Við 2. málsgr. bætist: Þó aldrei meira en 2 krónur á mál eða tunnu, en hrökkvi það eigi til að bera kostnaðinn af síldarleitinni, greiðist það, er á skortir, úr ríkissjóði.

Nd. 288. Frumvarp til laga [124. mál]

um fuglaveiðar og fuglafriðun.

(Lagt fyrir Alþingi á 73. löggjafarþingi, 1953.)

I. KAFLI

Um veiðirétt og stjórn friðunar- og veiðimála.

1. gr.

Með fuglaveiðum er í lögum þessum átt við þann verknað, er felst í því að handsama eða drepa villta fugla. Þar sem rætt er um rétt til fuglaveiða í lögunum, er þó einnig átt við rétt til eggjatöku.

2. gr.

1. Landeiganda einum eru heimilar fuglaveiðar og ráðstöfunarréttur þeirra í landareign sinni, nema lög mæli öðruvísi fyrir.

2. Nú er jörð byggð á leigu, og fylgir þá réttur til fuglaveiða ábúðinni, nema öðruvísi semjist og ráðherra samþykki.

3. Eigi má skilja rétt til fuglaveiða að nokkru eða öllu leyti við landareign fyrir fullt og allt. En leyfilegt skal að skilja rétt til fuglaveiða við landareign um tiltekið tímabil, er eigi má vera lengra en 10 ár í senn.

3. gr.

1. Nú er landareign í óskiptri sameign, og eru þá landeigendum öllum fuglaveiðar jafnheimilar í þeirri landareign.

2. Nú er landareign í sameign, en er skipt eftir merkjum, afnotaskiptum eða eignar, og á þá hver sameigandi fuglaveiðar á og fyrir sínum landshluta eða afnotasvæði, nema samkomulag hafi orðið um aðra lögmæta skipan.

4. gr.

1. Á landi skulu fuglaveiðum ráða rétt landamerki jarðar hverrar.

2. Nú skilur á eða lækur landareignir, og á þá hver fuglaveiðar í miðjan farveg.

3. Nú liggur landareign að sjó, og á þá landeigandi fuglaveiðar á haf út, 115 m frá stórstraumsfjörumáli, og eru það netlög hans. Ef firðir, vogar eða sund, sem eigi eru 230 m á breidd, skipta landareignum, þá á hver landeigandi fulgaveiðar út á miðjan fjörðinn, voginn eða sundið.

4. Nú liggur landareign að stöðuvatni, og á þá landeigandi fuglaveiðar 115 m út frá bakka þess (netlög), og skal jafnan miða við lágflæði í vatni. Ef stöðuvatn er merkivatn og er eigi 230 m á breidd, þá skal miðlína þess ráða fuglaveiðum.

5. Nú liggja eyjar, hólmar eða sker í sjó eða stöðuvötnum undir landareign, og fylgja þeim þá netlög sem áður segir.

5. gr.

1. Landeigendum, sem land eiga að stöðuvatni, eru einum heimilar fuglaveiðar í almenningi vatnsins, og eru þær þeim öllum jafnheimilar. Sé forn venja til þess, að réttur til fuglaveiða í almenningi stöðuvatns, fylgi tiltekinni eða tilteknum landareignum, skal sú venja gilda eftirleiðis.

2. Öllum íslenzkum ríkisborgurum eru fuglaveiðar heimilar í afréttum og almenningum utan landareigna lögbýla, enda geti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra.

3. Öllum íslenzkum ríkisborgurum eru fuglaveiðar heimilar í íslenzkri landhelgi utan netlaga lögbýla. Landhelgi er talin í lögum þessum með sama hætti og í 5. gr. l. nr. 33/1935.

6. gr.

Fastráðnum starfsmönnum við dýrafræðideild Náttúrugripasafns Íslands í Reykjavík skal heimilt að veiða fugla og safna eggjum handa safninu, hvar sem er, og án þess að endurgjald komi fyrir, enda geri þeir landeiganda aðvart fyrirfram og sýni skilríki sín, svo fremi því verði við komið.

7. gr.

1. Menntamálaráðherra hefur yfirumsjón allra mála, er varða fuglaveiðar og fuglafriðun.

2. Til aðstoðar ráðherra um stjórn þeirra er fuglafriðunarnefnd. Menntamálaráðherra skipar nefndina, og skal hún skipuð 5 mönnum. Einn nefndarmanna skal

skipaður eftir tillögum Hins íslenzka náttúrufræðifélags, annar eftir tillögum Dýraverndunarfélags Íslands, en tveir skulu skipaðir án tilnefningar, auk forstöðumanns dýrafræðideildar Náttúrugripasafns Íslands í Reykjavík, er skal vera formaður nefndarinnar.

3. Tillagna fuglafriðunarnefndar skal leitað við setningu reglugerða og annarra ákvæða um fuglaveiðar og fuglafriðun, og ber nefndinni að gera tillögur til ráðherra um hvað eina, er hún telur ástæðu til, í sambandi við þau mál.

4. Ísland er aðili að alþjóða-fuglaverndunarsambandinu (The International Committee for Bird Preservation), og skal fuglafriðunarnefnd koma fram fyrir Íslands hönd í þeim samtökum.

5. Fuglafriðunarnefnd starfar kauplaust, en útlagðan kostnað fær hún greiddan úr ríkissjóði eftir reikningi, er ráðherra samþykkir.

II. KAFLI

Friðunarákvæði og veiðitímar.

8. gr.

1. Á Íslandi skulu allar villtar fuglategundir, að undanskildum þeim tegundum, er taldar eru í 2. málsgr., vera friðaðar allt árið.

2. Á eftirgreindum árstímum skal heimilt að veiða þær tegundir, sem hér eru taldar:

a. Allt árið: kjói, svartbakur (veiðibjalla), hrafn.
b. Frá 15. ágúst til 19. maí: skúmur, silfurmáfur, litli svartbakur, stóri hvítmáfur, litli hvítmáfur, hettumáfur, rita, álka, stuttnefja, langvía, teista, lundi.
c. Frá 20. ágúst til 31. október: grágæs, blesgæs, heiðagæs, margæs, helsingi, urtönd, grafönd, skúfönd, duggönd, hrafnsönd.
d. Frá 20. ágúst til 29. febrúar: stokkönd, rauðhöfðaönd, hávella.
e. Frá 20. ágúst til 31. marz: fýll, súla, dílaskarfur, toppskarfur.
f. Frá 20. ágúst til 30. apríl: lómur, himbrimi, sefönd (flórgoði), stóra toppönd (gulönd), litla toppönd.
g. Frá 15. október til 31. desember: rjúpa.

3. Friðun sú, sem fólgin er í ákvæðum 1. og 2. málsgr., tekur einnig til eggja og hreiðra þeirra fugla, sem njóta algerðrar eða tímabundinnar friðunar, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum.

9. gr.

1. Frá 15. apríl til 14. júlí ár hvert eru öll skot bönnuð nær friðlýstu æðarvarpi en 2 km, nema brýna nauðsyn beri til. Á sama tímabili má eigi án leyfis varpeiganda leggja net nær friðlýstu æðarvarpi en ¼ km frá stórstraumsfjörumáli.

2. Sýslumenn skulu ár hvert á manntalsþingum, ótilkvaddir og ókeypis, friðlýsa öll æðarvörp í lögsagnarumdæmum sínum.

3. Nú vill einhver koma á fót æðarvarpi í landareign ábúðarjarðar sinnar, og skal hann þá senda sýslumanni skriflega yfirlýsingu um það. Skal þar skýrt frá legu varplandsins, afstöðu þess, ummerkjum og útbúnaði. Skýrslu þessari fylgi vottorð tveggja áreiðanlegra og óvilhallra manna, er kunnugir séu staðháttum, um, að hún sé rétt og þeir telji landið vænlegt til æðarvarps. Síðan friðlýsir sýslumaður varplandið ókeypis á næsta manntalsþingi.

10. gr.

1. Á takmörkuðum svæðum, þar sem veiði, eggja- eða ungataka þeirra sjófugla, sem taldir eru undir b- og e-liðum 2. málsgr. 8. gr., hefur talizt eða telst til hlunninda, skulu friðunarákvæði laga þessara ekki vera til fyrirstöðu því, að nytja megi þau hlunnindi eftirleiðis. Óheimilt skal þó að skjóta umræddar tegundir á þeim tíma,

er þær eru friðaðar samkvæmt lögum þessum, og aldrei má skjóta fugla í fuglabjörgum.

2. Í Mývatnssveit og á öðrum takmörkuðum svæðum, þar sem andavarp er mikið (þar með talin æðarvörp), skal, þrátt fyrir ákvæði 8. gr., leyfilegt að taka andaregg (og æðaregg), en við eggjatökuna skal þeirri reglu fylgt, að ávallt séu skilin eftir minnst 4 egg í hreiðri hverju. Undanþága þessi til eggjatöku tekur þó eigi til skeiðandar, álftar og gæsa, hverrar tegundar sem eru. Um æðaregg skulu gilda þau sérákvæði, að þau má hvorki bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa né þiggja að gjöf.

3. Í kríuvörpum skal heimilt að taka kríuegg, þrátt fyrir friðunarákvæði 8. gr., en þó aldrei nema fyrsta varp eða annað egg af tveimur.

11. gr.

Ráðherra getur, að fengnum tillögum fuglafriðunarnefndar, veitt einstaklingum undanþágu frá friðunarákvæðum 8. gr. að öllu eða nokkru leyti, til að safna fuglum, eggjum eða hreiðrum til vísindalegra þarfa eða til notkunar við kennslu. Slík undanþága veitist því aðeins í þágu skóla, að náttúrugripasafnið geti eigi séð þeim fyrir nægum gripum af þessu tagi.

12. gr.

Friðunarákvæði þau, sem felast í lögum þessum, skulu gilda hvarvetna á Íslandi, svo og innan íslenzkrar landhelgi á hafinu kringum Ísland.

III. KAFLI

Um fuglaveiðasamþykktir.

13. gr.

Sýslunefndum veitist heimild til, hverri í sínu héraði, að gera samþykktir um nytjun þeirra hlunninda, er um ræðir í 10. gr., á þann hátt og með þeim skilyrðum, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

14. gr.

1. Þá er sýslunefnd hefur gert frumvarp til samþykktar samkv. 13. gr., skal oddviti hennar kveðja til fundar alla þá héraðsbúa, er hagsmuna hafa að gæta í sambandi við hlunnindi þau, er um ræðir í 10. gr. Oddviti stýrir fundinum eða sá maður, er hann kveður til þess.

2. Á fundinum leggur fundarstjóri fram frumvarp það til samþykktar, er sýslunefnd hefur gert. Fallist fundarmenn á frumvarpið óbreytt að efni með ⅔ greiddra atkvæða, sendir sýslumaður það ráðherra til staðfestingar, og er þá öllum, er boðaðir voru á fundinn, skylt að gerast aðilar að samþykktinni. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri á því efnisbreytingar, ef sýslunefnd fellst á þær. En ef sýslunefnd vill ekki fallast á breytingartillögur, er fundurinn gerir, skal kveðja til nýs fundar. Fallist fundurinn þá á frumvarpið óbreytt að efni með ⅔ greiddra atkvæða, fer um það sem fyrr segir.

3. Nú er gerð samþykkt, eins og að framan er mælt, og send ráðherra til staðfestingar, og virðist ráðherra hún brjóta í bág við lög eða grundvallarreglur laga eða réttindi manna, og er samþykktin þá endursend án staðfestingar, ásamt synjunarástæðum ráðherra. Að öðrum kosti staðfestir ráðherra samþykktina, skipar fyrir um birtingu hennar og tiltekur, hvenær hún skuli öðlast gildi.

4. Staðfestri samþykkt má breyta á sama hátt og til hennar var stofnað.

15. gr.

1. Í samþykkt skal ákveða um eftirlit, er nauðsynlegt þykir til þess, að ákvæða hennar sé gætt, og hvernig kostnað við það skuli greiða.

2. Fyrir brot á löggiltri samþykkt má ákveða sektir, allt að 2000 krónum, er renni í sýslusjóð. Mál, sem rísa út af téðum brotum, skulu rekin að hætti opinberra mála.

16. gr.

Þar sem rætt er um sýslunefnd, oddvita hennar og sýslusjóð í III. kafla laga þessara, er einnig átt við bæjarstjórn, bæjarstjóra og bæjarsjóð, eftir því sem við á.

17. gr.

Fuglaveiðasamþykktir, sem gerðar hafa verið fyrir gildistöku þessara laga, skulu ógildar, unz þær hafa verið staðfestar af ráðherra að nýju.

IV. KAFLI
Um veiðitæki og veiðiaðferðir.

18. gr.

Til fuglaveiða má eigi nota önnur skotvopn en þau, er skjóta má með fríhendis frá öxl. Marghlaðnar eða sjálfhlaðnar haglabyssur, sem taka fleiri en tvö skothylki, og hlaupvíðari haglabyssur en Cal. 12, má eigi nota til fuglaveiða.

19. gr.

1. Eigi má nota flugvélar, bifreiðar eða önnur vélknúin farartæki á landi til fuglaveiða eða til að elta uppi eða reka fugla. Farartæki þessi má þó nota til að flytja veiðimenn, veiðihunda og veiðitæki til og frá veiðistað.

2. Eigi má nota vélknúna báta til fuglaveiða á ósöltu vatni, og til fuglaveiða á sjó má eigi nota vélknúna báta, sem ganga hraðar en 12 sjómílur á klukkustund.

20. gr.

1. Eigi má nota net til fuglaveiða í sjó eða vötnum.

2. Nú festast fuglar í netum, sem ætluð eru til annarra veiða (fisk- eða selveiða), og ber þá að greiða þá úr netunum og sleppa þeim, ef þeir eru lifandi, þegar netanna er vitjað. En fugla, sem finnast dauðir í slíkum netum, má hvorki hirða né nýta á nokkurn hátt.

3. Eigi má nota net til fuglaveiða á landi. Þó skal heimilt að veiða lunda í net, þar sem lundagröftur stendur æðarvarpi fyrir þrifum. Þessa veiðiaðferð má þó ekki stunda, nema verið sé yfir netunum og fuglinn hirtur úr þeim jafnóðum eða þeirra sé vitjað að minnsta kosti tvisvar á dag. Þá skal og heimilt að nota háfa til bjargfuglaveiða.

21. gr.

Eftirfarandi tæki eða útbúnað má eigi nota til fuglaveiða: fleka (snörufleka), stingi eða króka (gogga), öngla, boga, gildrur, blys eða annan ljósaútbúnað, svo og allar aðrar fastar veiðivélar, þótt hér hafi ekki verið taldar.

22. gr.

Eigi má nota eitur til að tortíma fuglum, og sömuleiðis skal óheimilt að greiða verðlaun fyrir eyðingu þeirra. Ráðherra getur þó, að fengnum tillögum fuglafriðunarnefndar, veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar, ef nauðsyn þykir bera til, í sambandi við eyðingu svartbaks (veiðibjöllu), hrafns og kjóa.

23. gr.

Skipum og bátum skal óheimilt að þeyta eimflautur að óþörfu í grennd við fuglabjörg.

24. gr.

Mynda- og kvikmyndatökur af örnum, fálkum, snæuglum og haftyrðlum við hreiður þeirra, skulu óheimilar nema með leyfi ráðherra, að fenginni umsögn fuglafriðunarnefndar.

25. gr.

1. Náttúrugripasafn Íslands í Reykjavík hefur eitt heimild til að láta merkja villta fugla á Íslandi í vísindalegum tilgangi. Ráðherra getur samkvæmt tilmælum náttúrugripasafnsins, og að fengnum tillögum fuglafriðunarnefndar, veitt leyfi til að veiða fugla í net eða gildrur til merkinga. Má slíkt leyfi jafnt ná til friðaðra fugla sem ófriðaðra. Til merkinganna má ekki nota önnur merki en þau, sem safnið lætur í té.

2. Hverjum, sem finnur eða handsamar merktan fugl, ber að senda merkið, hvort sem það er íslenzkt eða útlent, til náttúrugripasafnsins, ásamt nánari upplýsingum um fundinn.

V. KAFLI

Um inn- og útflutning, kaup og sölu fugla.

26. gr.

Fugla, sem eru alfriðaðir samkvæmt lögum þessum, má eigi flytja úr landi, bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa eða þiggja að gjöf. Gildir þetta jafnt um lifandi fugla og dauða, ef þeir hafa verið deyddir eða þeim hefur verið náð á ólöglegan hátt, svo og einstaka líkamshluta þeirra.

27. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð, að fugla, sem samkvæmt lögum þessum eru friðaðir tiltekna tíma árs, megi eigi flytja úr landi, bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa eða þiggja að gjöf fyrr en daginn eftir, að veiðitími þeirra hefst, og eigi lengur en í 14 daga, eftir að honum lýkur. Ákvæði þessarar greinar taka þó ekki til fugla, sem hafa verið auðkenndir (plúmberaðir) af réttum yfirvöldum innan 7 daga frá því, að veiðitíma þeirra lýkur.

28. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð, að innflutta fugla megi eigi bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa eða þiggja að gjöf, nema þeir hafi verið auðkenndir (plúmberaðir) af réttum yfirvöldum á þann hátt, að auðsætt sé, að þeir séu innfluttir. Ákvæði þessarar greinar taka þó ekki til erlendra búrfugla eða alifugla, sem til landsins kunna að verða fluttir.

29. gr.

Egg, eggskurn og hreiður þeirra fugla, sem samkvæmt lögum þessum njóta algerðrar eða tímabundinnar friðunar, má eigi flytja úr landi, bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa eða þiggja að gjöf, nema þeirra hafi verið aflað á löglegan hátt.

30. gr.

Fugla þá, egg, eggskurn og hreiður, er um ræðir í 26.—29. gr., skal mönnum óheimilt að hafa í vörzlum sínum, nema þeirra hafi verið aflað á löglegan hátt.

31. gr.

Þeim, sem starfa að því að taka hami af fuglum eða setja þá upp, er óheimilt að inna þau störf af höndum, nema fuglanna hafi verið aflað á löglegan hátt.

32. gr.

Nú notar ráðherra heimild 27. og 28. gr. og kveður þá á um með reglugerð, hvernig fuglar þeir, er þar um ræðir, skuli auðkenndir (plúmberaðir) og hverjir skuli annast auðkenninguna, svo og gjald fyrir hana og hver greiða skuli.

VI. KAFLI
Refsiákvæði og réttarfar.

33. gr.

1. Hver sá, er gerist sekur um ólöglegar fuglaveiðar, skal sæta sektum frá 100 til 3000 krónum. Ef brot er ítrekað, skal sektin nema 300 til 5000 krónum. Virða skal það refsingu til þyngingar, ef fágætar fuglategundir eru veiddar, svo sem örn, snæugla, fálki eða haftyrðill, enda sé síðast talda tegundin veidd í varpstað (í Grímsey við Eyjafjörð) eða í grennd við hann. Lágmarkssekt fyrir að veiða fuglategundir þessar á ólöglegan hátt skal vera 500 krónur. Sömu lágmarkssekt skal sá sæta, er gerist sekur um ólöglegar æðarfuglaveiðar. Upptaka á ólöglegu veiðifangi, hagnaði af veiði og á veiðitækjum er heimil samkv. 69. gr. almennra hegningarlaga. Ekki er það upptöku til fyrirstöðu, þótt annar sé eigandi veiðitækis en sá, er sekur hefur reynzt um brot á lögunum.

2. Tilraun til ólöglegra fuglaveiða sætir refsingu sem fullframið brot. Hlutdeild í ólöglegum fuglaveiðum er refsiverð.

3. Það eru ólöglegar fuglaveiðar samkvæmt lögum þessum, ef maður veiðir fugla, þar sem hann á ekki veiðirétt, ef maður stundar fuglaveiðar með ólöglegum veiðiaðferðum eða veiðitækjum, eða ef maður veiðir fugla andstætt friðunarákvæðum laga þessara.

34. gr.

Ólögleg eggjataka varðar sektum frá 50 til 2000 krónum. Ítrekað brot varðar sektum frá 100 til 4000 krónum. Virða skal það refsingu til þyngingar, ef tekin eru egg fágætra fuglategunda, svo sem arnar, snæuglu, fálka eða haftyrðils. Lágmarkssekt fyrir ólöglega töku eggja þessara tegunda, svo og æðareggja, skal vera 300 krónur. Heimilt er að gera egg, sem ólöglega er aflað, upptæk samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga. Sama gildir um hagnað, sem fenginn er með ólöglegri eggjatöku.

35. gr.

Brot á ákvæðum 26.—31. gr. varða sektum frá 50 til 5000 krónum. Upptaka á ólöglegum birgðum af fuglum, eggjum eða eggskurn er heimil, svo og á hagnaði af sölu þessara verðmæta.

36. gr.

Eigi má maður hleypa af skoti í annars manns landi án leyfis landeiganda eða ábúanda, nema lög mæli öðruvísi fyrir. Brot á þessu ákvæði, svo og á öðrum ákvæðum laga þessara, sem ekki er lögð sérstök refsing við í 15. og 33.—35. gr., varða sektum frá 50 til 1000 krónum.

37. gr.

1. Sektir samkvæmt lögum þessum, svo og upptæk verðmæti, renna í sýslusjóð eða bæjarsjóð, þar sem brot er framið. Upptækt veiðifang samkv. 33. og 34. gr. eða andvirði þess skal þó renna til veiðiréttarhafa þess, er misgert var við, nema fuglar hafi verið veiddir eða egg tekin andstætt friðunarákvæðum laganna.

2. Nú er brot framið í fleiri lögsagnarumdæmum en einu, og skiptast þá sektir og upptæk verðmæti að jöfnu milli sýslusjóða eða bæjarsjóða.

38. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum og reglum, sem settar eru samkvæmt þeim, skulu rekin að hætti opinberra mála.

39. gr.

1. Með lögum þessum eru úr gildi numin eftirfarandi lög og lagaákvæði:
Ákv. tilsk. 20. júní 1849, um veiði, þau, er að fuglaveiðum lúta.
Lög nr. 13/1894, um fuglaveiðasamþykkt í Vestmannaeyjum.
Lög nr. 20/1912, um samþykkt um veiði í Drangey.
Lög nr. 59/1913, um friðun fugla og eggja, ásamt síðari breytingum.
Lög nr. 42/1921, um friðun lunda.
Ákvæði laga nr. 31/1922, um breytingu á lögum nr. 34/1915, um dýraverndun, að því er varðar fuglaveiðar, og reglur, er settar hafa verið samkvæmt þeim.
Lög nr. 74/1941, um friðun æðarfugls.
Lög nr. 107/1950, um breytingu á lögum nr. 83/1940, um friðun arnar og vals.
2. Önnur ákvæði eldri laga, sem ekki fá samrýmzt ákvæðum laga þessara, eru úr gildi numin.

40. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar árið eftir, að þau hljóta staðfestingu.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp til laga um fuglaveiðar og fuglafriðun var lagt fyrir Alþingi 1951 sem stjórnarfrumvarp. Menntamálanefnd neðri deildar fékk það til meðferðar. Lagði nefndin til í áliti sínu, að málið yrði að því sinni afgreitt með rökstuddri dagskrá um að ríkisstjórnin leitaði umsagna sýslunefnda og bæjarstjórna um frumvarpið. Þingi lauk áður en málið kæmi til umræðu á ný og varð hvorki hin rökstudda dagskrá afgreidd né frumvarpið útrætt. Menntamálaráðuneytið sendi frumvarpið sýslunefndum til umsagnar og bæjarstjórn Vestmannaeyja. Síðan var nefnd sú, er undirbjó frumvarpið í öndverðu, beðin að athuga þau svör, er bárust. Að því búnu sendi ráðuneytið frumvarpið til menntamálanefndar nd. hinn 13. nóvember 1952 með beiðni um að það yrði flutt á því þingi, en af því varð eigi. Nú er frv. lagt fyrir Alþingi á ný, að nokkru breytt í samræmi við athugun og endurskoðun nefndarinnar, svo sem nánar er vikið að í greinargerð hennar, sem prentuð er hér á eftir. — Þá hefur ráðuneytið sjálft breytt frv. í samráði við nefndina. Eru þær breytingar helztar, að felldar eru niður tvær greinar: 11. og 13. gr., en breytt er í heimild ákvæðum 29. og 30. gr. (nú 27. og 28. gr.), um auðkenningu fugla, sem njóta tímabundinnar friðunar, þegar verzlað er með þá á friðunartímanum. Ef til slíkra framkvæmda kæmi mundi lögreglustjórum væntanlega falið að sjá um auðkenninguna.

Athugasemdir þær, er fylgdu frv. 1951, er það var lagt fyrir Alþingi hið fyrra sinn, eru prentaðar hér á eftir, nema hvað tilvísun í greinar er breytt til samræmis við greinatöluna eins og hún er nú, og felldar úr umsagnir um greinar og atriði, sem eigi eru lengur í frumvarpinu.

Þar á eftir er prentað álit fuglafriðunarnefndar á umsögnum sýslunefnda og tillögur nefndarinnar til breytinga. Sleppt er þó hugleiðingum um greinar, sem ráðuneytið hefur fellt úr.

„Hinn 24. apríl 1948 gerðist Ísland aðili að alþjóðasambandi um fuglaverndun (The International Committee for Bird Preservation) og skipaði menntamálaráðuneytið þá nefnd fimm manna til þess að koma fram gagnvart sambandinu. Í nefndina völdust dr. Finnur Guðmundsson, náttúrufræðingur, formaður, Agnar Kofoed-Hansen, flugvallarstjóri, Kristinn Stefánsson, læknir, — allir skipaðir án tilnefn-

ingar, — Sigurður E. Hlíðar, yfirdýralæknir, skipaður samkvæmt tillögu Dýraverndunarfélags Íslands, og Þorsteinn Einarsson, íþróttafulltrúi, skipaður samkv. tillögu Hins íslenzka náttúrufræðifélags.

Með bréfi, dagsettu 29. apríl 1948, fól menntamálaráðuneytið nefnd þessari að endurskoða gildandi lagaákvæði um friðun fugla og eggja og skila ráðuneytinu tillögum sínum í frumvarpsformi svo snemma, að unnt yrði að leggja þær fyrir Alþingi haustið 1948.

Nefndin hefur nú lokið störfum og skilað frumvarpi því, er hér liggur fyrir. Við samningu þess hefur hún haft til hliðsjónar löggjöf ýmissa landa Evrópu og Ameríku um fuglaveiðar og fuglafriðun. Ármann Snævarr, prófessor, hefur starfað með nefndinni að samningu frumvarpsins.

Hér fara á eftir skýringar og athugasemdir nefndarinnar við frumvarpið:

„Áður en vikið verður að athugasemdum og skýringum við einstaka kafla og greinar frumvarpsins, þykir rétt að gera nokkra grein fyrir helztu alþjóðaaðgerðum í fuglaverndunarmálum, en þær eru að sjálfsögðu sá grundvöllur, sem frumvarp til laga um fuglafriðun og fuglaveiðar verður að hvíla á.

Alþjóða-fuglaverndunarsambandið.

Alþjóða-fuglaverndunarsambandið (The International Committee for Bird Preservation, venjulega skammstafað I. C. B. P.) var stofnað árið 1922. Aðalhvatamaður að stofnun þess var Bandaríkjamaðurinn dr. T. Gilbert Pearsson. Aðilar að sambandinu eru nú 38 ríki, þar af 22 í Evrópu. Fuglaverndunarsambandið er byggt upp á þann hátt, að í hverju ríki eða landi, sem gerist aðili að sambandinu, skal sett á laggirnar fuglafriðunarnefnd eða deild, sem kemur fram fyrir hönd viðkomandi ríkis eða lands sem aðili í alþjóðasambandinu. Formenn hinna einstöku ríkjadeilda mynda síðan ásamt forseta og tveimur varaforsetum sambandsins framkvæmdaráð þess.

Aðaltilgangur alþjóða-fuglaverndunarsambandsins er að vinna að og auka áhuga á skynsamlegum og samræmdum ráðstöfunum til verndunar villtum fuglum. Mönnum hefur lengi verið það ljóst, að slíkar ráðstafanir þyrfti nauðsynlega að auka mjög og samræma betur en verið hefur, ef koma ætti í veg fyrir stórkostlega hnignun fuglalífs almennt og gereyðingu sumra tegunda. Einkum virtist mjög aðkallandi að koma betri skipan á friðun farfugla, sem oft fara yfir mörg þjóðlönd á ferðum sínum milli sumar- og vetrarheimkynna sinna. Verndun slíkra fugla er því ekki einkamál neins ákveðins ríkis eða lands, heldur er hér um að ræða alþjóðlegt vandamál. Það liggur í augum uppi, að ráðstafanir til verndunar slíkum fuglum ná ekki tilgangi sínum, nema þær séu framkvæmdar alls staðar þar, sem viðkomandi tegund fer um á hinum árlegu ferðum sínum. Það er því eitt af þýðingarmestu verkefnum fuglaverndunarsambandsins að koma á samræmdri friðun farfugla.

Annað meginverkefni fuglaverndunarsambandsins er að stuðla að vísindalegum rannsóknum á orsökum þeim, sem valda hnignun og eyðingu fuglalífs. Slíkar rannsóknir hafa leitt margt óvænt í ljós. Meðal annars hefur komið í ljós, að veiðar, innan vissra takmarka, hafa oft og tíðum miklu minni áhrif á villta fuglastofna en áður hafði verið álitið. En aftur á móti hefur það sýnt sig, að skerðing lífsskilyrða er oft miklu algengari og alvarlegri orsök fækkunar og jafnvel gereyðingar villtra fugla. Aukið þéttbýli, aukin ræktun og margt fleira, sem er samfara búskap mannsins og nytjun hans á auðlindum náttúrunnar, eru allt atriði, sem í stöðugt ríkari mæli ógna tilveru fjölmargra fuglategunda. Það má t. d. búast við því, að það geti haft alvarlegar afleiðingar fyrir íslenzkt fuglalíf, ef framvegis verður lagt jafnmikið kapp á framræslu og þurrkun íslenzkra mýra og nú er gert. En hvað sem þessu líður, þá er víst, að margir þeir, sem fyrr og síðar hafa beitt sér fyrir aukinni fuglafriðun, hafa oft látið stjórnast um of af tilfinningasemi og hafa því þrátt fyrir einlægan vilja oft gert meira ógagn en gagn í þessum málum. Alþjóða-fuglavernd-

unarsambandið leggur hins vegar ríka áherzlu á að skapa traustan, vísindalegan grundvöll sem undirstöðu undir aðgerðum sínum í fuglaverndunarmálum.

Danmörk gerðist snemma aðili að alþjóða-fuglaverndunarsambandinu, og danska deild sambandsins, sem skipuð er 4 mönnum, kom einnig fram í þeim samtökum sem fulltrúi Íslands. Eftir stofnun lýðveldis á Íslandi 1944 tilkynnti danska deildin stjórn sambandsins, að vegna hinna breyttu aðstæðna liti hún svo á, að hún gæti ekki lengur komið fram sem fulltrúi Íslands í sambandinu. Sem svar við þessari tilkynningu dönsku sambandsdeildarinnar sneri stjórn sambandsins sér til íslenzku ríkisstjórnarinnar vorið 1946 með ósk um, að Ísland gerðist sjálfstæður aðili að samtökunum. Eftir að málaleitun þessi hafði verið tekin til rækilegrar athugunar, ákvað ríkisstjórn Íslands að taka þessu boði, og hinn 24. apríl 1948 skipaði þáverandi menntamálaráðherra 5 manna nefnd til þess að koma fram fyrir Íslands hönd í samtökunum, eins og fyrr er frá greint.

Alþjóðasamþykktir um fuglaverndun.

Fyrsta alþjóðasamþykkt um fuglaverndun var gerð í París árið 1902. Samþykkt þessi, sem nefndist *Convention Internationale pour la Protection des Oiseaux utiles à l'Agriculture*, er fyrir löngu orðin úrelt, enda náði hún aldrei nema til þeirra tegunda, sem þá var álitið, að væru gagnlegar landbúnaði.

Eftir að alþjóða-fuglaverndunarsambandið var stofnað, hófst það brátt handa um undirbúning að nýrri alþjóðasamþykkt um fuglaverndun, er taka skyldi við af Parísarsamþykktinni frá 1902. Á fundi sambandsins í Vínarborg 1937 var lagt fram uppkast að slíkri samþykkt, en ófriðurinn 1939 stöðvaði framgang málsins í bili. Að stríðinu loknu var málið tekið upp að nýju, og á fundum sambandsins í London og Brüssel 1947 og í París 1948 var Vínaruppkastið rætt og tekið til rækilegrar endurskoðunar. Hinn 17. og 18. október 1950 var málið loks rætt á fundi í París, og þar var uppkastið samþykkt og afgreitt endanlega af hálfu fuglaverndunarsambandsins.

Íslenzku ríkisstjórninni hefur nú verið send samþykkt þessi til athugunar með ósk um, að Ísland gerist aðili að henni. Telja má víst, að íslenzka ríkisstjórnin muni fullgilda samþykktina, þegar þar að kemur, enda munu Íslendingar almennt ekki vilja skerast úr leik, þegar um jafnþýðingarmiklar aðgerðir í fuglaverndunarmálum er að ræða. Með tilliti til væntanlegrar aðildar Íslands að samþykktinni, hefur verið leitazt við að hafa frumvarp það, sem hér liggur fyrir, í sem beztu samræmi við ákvæði hennar. Til aukins skilnings á ýmsum greinum frumvarpsins er því nauðsynlegt að vita deili á ákvæðum samþykktarinnar, og er hún því birt hér í heild í íslenzkri þýðingu.

Alþjóðasamþykkt um verndun fugla.

Uppkast að samþykkt um breytingu á Parísarsamþykktinni frá 19. marz 1902 (Samþykkt um friðun fugla, sem gagnlegir eru landbúnaði), samþykkt á fundi, er haldinn var í París 17. og 18. október 1950.

Með því að þeim aðilum, er samþykktina gera, er ljós sú gereyðingarhætta, sem vofir yfir vissum tegundum fugla, og stendur líka stuggur af iskyggilegri fækkun annarra tegunda, einkum farfugla,

og með tilliti til þess, að frá sjónarmiði vísindalegrar þekkingar, náttúruverndunar og þjóðarbúskapar ættu í rauninni allir fuglar að njóta friðunar,

hafa þeir komizt að þeirri niðurstöðu, að þörf sé breytinga á Parísarsamþykktinni frá 1902 (Alþjóðasamþykkt um friðun fugla, sem gagnlegir eru landbúnaði), og þar af leiðandi leggja þeir til, að textinn verði á þessa leið:

1. gr.

Samþykkt þessi skal taka til allra villifugla.

2. gr.

Aðilar samþykktarinnar telja, að með þeim undantekningum, sem gert er ráð fyrir í 6. og 7. grein eigi yfir höfuð að friða:

a. alla fugla, að minnsta kosti um varptímann, og sömuleiðis farfugla þann tíma, sem þeir hverfa aftur til varpstöðva sinna, einkum í marz, apríl, maí, júní og júlí;
b. þær tegundir, sem gereyðing vofir yfir eða eru vísindalega merkilegir, allt árið.

3. gr.

Með þeim undantekningum, sem gert er ráð fyrir í 6. og 7. grein, skal bannað á friðunartíma tegundarinnar að flytja inn, flytja út, flytja til, selja, bjóða til kaups, kaupa eða geyma nokkurn þann fugl, eða jafnvel hluta af fugli, lifandi eða dauðan, sem ólöglega var drepinn eða fangaður.

4. gr.

Með þeim undantekningum, sem gert er ráð fyrir í 6. og 7. grein, skal bannað á friðunartíma hverrar tegundar, og sér í lagi um varptímann, að færa úr stað eða ónýta hreiður, sem fuglar eru að gera sér eða liggja í, að taka eða skemma, flytja til, flytja út eða inn, að selja, bjóða til kaups, að kaupa og að ónýta egg eða eggskurn fugla. Sömu ákvæði skulu og gilda um unga villtra fugla.

Bann þetta skal ekki taka til eggja, sem tekin eru með löglegum hætti, enda fylgi þeim vottorð um, að þau séu ætluð til útungunar eða til vísindalegra nota eða þau séu undan alifuglum. Og vegna sérstakra og viðurkenndra ástæðna skal bann þetta ekki taka til vepjueggja í Hollandi.

5. gr.

Aðilar samþykktarinnar skuldbinda sig til að banna eftirtaldar (veiði)-aðferðir, sem valdið geta fjöldadrápi fugla eða föngun eða bakað þeim kvalir að nauðsynjalausu. Og í þeim löndum, þar sem slíkar aðferðir eru nú heimilar samkv. lögum, skuldbinda aðilar samþykktarinnar sig til að taka smám saman í lög þau ákvæði, er banni þær eða setji notkun þeirra takmörk:

a. snörur, lím, gildrur, öngla, net, eitrað eða deyfandi agn, blindaða bandingja;
b. tálgildrur fyrir endur;
c. spegla, blys og annan ljósaútbúnað;
d. net eða aðrar fiskveiðatilfæringar til þess að veiða sundfugla;
e. marghlaðnar eða sjálfhlaðnar haglabyssur, sem taka fleiri en tvö skothylki;
f. yfirleitt öll skotvopn önnur en þau, sem skjóta má með frá öxl;
g. notkun vélknúinna báta til þess að elta eða skjóta fugla á ósöltu vatni og, frá 1. marz til 1. október, á sjó innan landhelgi eða með ströndum fram;
h. notkun vélknúinna farartækja á landi eða flugvéla til þess að skjóta fugla eða reka þá;
i. að heitið sé verðlaunum fyrir að fanga fugla eða eyða þeim;
j. heimild til þess að skjóta fugla eða veiða þá í net skal háð takmörkunum á öllum árstímum og afnumin með öllu um varptímann á sjó, í fjörum og með ströndum fram;
k. allar aðrar aðferðir, sem stefna að fjöldaveiði eða fjöldadrápi fugla.

Undantekningar frá ákvæðum þessarar greinar eru tilgreindar í 6. og 7. grein.

6. gr.

Ef einhver fuglategund á tilteknu svæði er líkleg til þess annað hvort að reynast hættuleg nytjagróðri eða dýrum með skaða þeim, er hún gerir á ökrum, vín-

ekrum, matjurtagörðum, aldingörðum, skógum, veiðidýrum eða fiski, eða er líkleg til að eyða eða fækka einni eða fleiri tegundum, sem æskilegt er að viðhalda, skal réttum stjórnarvöldum heimilt, með því að veita einstaklingum leyfisbréf, að létta af banni því, er 2. til 5. grein fyrirskipa, að því er til þeirrar tegundar kemur.

Eigi að síður skal það vera ólöglegt að kaupa eða selja fugla, sem veiddir eru samkvæmt undanþágu þessari, eða flytja þá burt af því svæði, þar sem þeir voru veiddir.

Nú eru í landslögum einhver önnur ákvæði, er gera það kleift að draga úr spjöllum af völdum tiltekinna fuglategunda, og mega þá aðilar að samþykktinni láta þau ákvæði haldast, að því tilskildu, að tryggt sé, að tilveru viðkomandi tegundar sé ekki stefnt í hættu.

Með því að sérstakir atvinnuhagsmunir eru í húfi í Noregi, Svíþjóð, Finnlandi og Færeyjum, mega rétt stjórnarvöld í löndum þessum gera undanþágur og leyfa sérstök frávik frá ákvæðum þessarar samþykktar. Ef Ísland skyldi gerast aðili að samþykktinni, mundu hinar sömu undanþágur og frávik verða leyfð þar, skyldi þess verða æskt.

Í engu landi skal neitt það aðhafzt, er leiði til gereyðingar þeirra staðfugla eða farfugla, sem um ræðir í þessari grein.

7. gr.

Undanþágur frá ákvæðum þessarar samþykktar mega rétt stjórnarvöld veita í þágu vísinda og fræðslu, eða ef um er að ræða viðreisn fuglastofna, klak, og uppeldi veiðifugla, eða fálkahald, eftir því sem á stendur, og að því tilskildu, að nauðsynlegrar varúðar sé gætt til þess að girða fyrir misnotkun.

Ákvæði 3. og 4. gr. um tilflutning (transport) skulu ekki gilda í brezka konungsríkinu.

Í engu landi skal bann 3. greinar taka til fiðurs af þeim tegundum fugla, sem leyfilegt er að veiða í því landi.

8. gr.

Aðilar samþykktarinnar skuldbinda sig til að gera skrá yfir þá fugla, sem leyfilegt verður að drepa eða fanga í landi hvers þeirra, samkvæmt þeim skilyrðum, er samþykkt þessi setur.

9. gr.

Hvert land skal hafa rétt til að gera skrá yfir þær fuglategundir, staðfugla og farfugla, sem einstaklingar mega halda föngnum, og skal þar kveða á um þær aðferðir, er leyfilegar eru við föngunina, og sömuleiðis um það, við hvaða aðstæður megi flytja fuglana til og geyma þá fangna. Hvert land skal setja reglur um verzlun með slíka fugla og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að takmarka hana.

10. gr.

Aðilar að samþykktinni skuldbinda sig til að rannsaka og gera viðeigandi ráðstafanir til að varna tortímingu fugla af völdum úrgangsolíu frá skipum eða annarri saurgun vatns, eða af völdum vita, rafmagnsstrengja, skordýraeiturs eða annars eiturs, svo og vegna annarra hliðstæðra orsaka.

Þeir skulu leitast við að glæða hjá börnum og almenningi skilning á nauðsyn þess að vernda og friða fugla.

11. gr.

Til þess að bæta úr afleiðingum þess, að hentugum varpsvæðum fyrir fugla fækkar sem óðast fyrir aðgerðir manna, skuldbinda aðilar samþykktarinnar sig til þess að hvetja til þess þegar í stað og stuðla að því með öllum viðeigandi ráðum, að bæði á sjó og landi verði friðlýst ákveðin svæði af hentugri stærð og á hentug-

um stöðum, þar sem fuglar geti orpið og komið upp ungum sínum óáreittir og þar sem farfuglar geti einnig hvílzt og aflað sér ætis í friði.

Samþykkt þessa skal fullgilda, og skal hún haldast í gildi meðal allra ríkja, er undirrita hana. Fari svo, að eitthvert þeirra segi henni upp, skal sú uppsögn aðeins taka til hlutaðeigandi ríkis og ekki taka gildi fyrr en að ári liðnu frá því, er uppsögnin var tilkynnt aðilum samþykktarinnar.

Þær þjóðir, sem ekki hafa undirritað samþykktina, skulu hafa rétt til að gerast aðilar að henni, þegar er þær æskja þess.

Þau ríki, er voru aðilar að samþykktinni frá 1902, en hafa ekki fullgilt þessa samþykkt, skulu framvegis vera bundin af ákvæðum samþykktarinnar frá 1902.

Athugasemdir og skýringar við frumvarpið.

Eftir að fuglafriðunarnefnd tók til við endurskoðun á lögum um friðun fugla og eggja, varð henni brátt ljóst, að óhjákvæmilegt væri að setja heildarlöggjöf um fuglaveiðar og fuglafriðun. Gildandi lagaákvæði um þessi efni eru sem kunnugt er mjög í molum, og um veiðirétt, veiðitæki, veiðiaðferðir og inn- og útflutning, kaup og sölu á fuglum eru ýmist alls engin eða þá mjög ófullkomin ákvæði í íslenzkum lögum. Brýn fyrirmæli um þessi efni eru þó engu síður nauðsynleg en friðunarákvæðin sjálf.

Í frumvarpi þessu er reynt að draga saman í eina heild hin sundurleitu ákvæði í íslenzkum lögum um rétt til fuglaveiða (sbr. I. kafla frv.), friðun fugla og veiðitíma (sbr. II. kafla) og ákvæðin um fuglaveiðasamþykktir (sbr. III. kafla). Hafa ákvæði þessi sætt rækilegri endurskoðun að efni til, og reynt hefur verið að gera þau skýrari og fyllri en verið hefur. Auk þess eru í frv. ýmis nýmæli. Í I. kafla frv. eru ákvæði, sem ný eru að stofni, um stjórn fuglafriðunar- og fuglaveiðimála. Þar er lögfest skipun fuglafriðunarnefndar og fjallað um verksvið hennar. Í IV. kafla frv. um veiðitæki og veiðiaðferðir og í V. kafla þess, er fjallar um inn- og útflutning fugla, kaup og sölu þeirra, eru ýmis nýmæli, og verður þeirra getið á sínum stað hér á eftir. Loks eru sett heildarákvæði um refsingu fyrir ólöglegar fuglaveiðar og önnur brot á ákvæðum frv. í VI. kafla. Eru refsimörk fésekta þar færð til samræmis við breytt gildi peninga og efni refsiákvæðanna gert einfaldara en áður var.

Um I. kafla.

Í þessum kafla eru heildarákvæði um rétt til fuglaveiða. Enn fremur er þar mælt fyrir um heimild starfsmanna við dýrafræðideild náttúrugripasafnsins til að veiða fugla og safna eggjum, og loks er kveðið á um stjórn fuglafriðunar- og fuglaveiðimála.

Um 1. gr.

Í I. kafla frv. er yfirleitt fjallað um rétt til fuglaveiða. Þykir því hlýða, að frv. hefjist á því að skýrgreina hugtakið fuglaveiðar, enda reynir oft á það síðar í frv. Þess ber að geta, að í 33. gr., 3. málsgr., er kveðið á um það, hvað séu ólöglegar fuglaveiðar, svo að refsingu varði.

Um 2.—5. gr.

Efni ákvæðanna er að mæla fyrir um það, hverjir eigi rétt á fuglaveiðum, um takmarkanir á meðferð og ráðstöfun veiðiréttar, staðarmörk veiðiréttar og um veiðirétt í almenningum stöðuvatna, afréttum og almenningum utan landareigna lögbýla og um fuglaveiðar í landhelgi utan netlaga lögbýla. Ákvæði þessi eru að meginefni staðfesting á reglum tilskipunar 20. júní 1849 um veiði, en fyrirmæli frv. eru þó nokkru fyllri en tilskipunarinnar. Fyrirmæli II. kafla laga nr. 112/1941 um lax- og silungsveiði og II. kafla vatnalaga nr. 15/1923 voru höfð til hliðsjónar við samningu þessara ákvæða í frumvarpinu.

Ákvæði um veiði fugla hafa lengi verið í lögum hér á landi. Það er forn regla og föst, að landeiganda, og leiguliða eftir atvikum, sé áskilin veiði fugla. Á þjóðveldistímabilinu var slík skipan þegar lögmæt, sbr. Grágás, Staðarhólsbók, 436. kap., sbr. 208. kap. Konungsbókar. Í Grágásarlögum, einkum 438. kafla Staðarhólsbókar, eru og ákvæði um samveiði og skiptingu hennar. Í 57. og 58. kap. Jónsbókar eru svipuð ákvæði í meginatriðum, en í síðarnefndum kapítula er konungi þó heimilað að láta veiða vali á hvers manns jörð, er hann vill, utan kirkjujarða. Fyrirmæli Jónsbókar um veiði fugla giltu í megindráttum hátt á sjöttu öld eða allt til þess, er veiðitilskipunin frá 20. júní 1849 var sett. Flest ákvæði þeirrar tilskipunar um það, hverjir eigi rétt til fuglaveiða og um staðarmörk veiðiréttar, eru enn í gildi.

Í 2.—5. gr. frv. eru handhöfum veiðiréttar settar ýmsar takmarkanir á meðferð og ráðstöfun veiðiréttarins vegna þjóðfélagslegra hagsmuna. Ekki þykir þörf að skýra ávæði þessi hér, enda feia þau ekki í sér verulegar breytingar frá reglum þeim, er nú gilda.

Um 6. gr.

Ákvæði þessarar greinar eiga að tryggja það, að náttúrugripasafnið geti hindrunarlaust aflað sér fugla og eggja til vísindalegra þarfa, án þess að það hafi óhæfilegan kostnað í för með sér. Þetta ákvæði er hliðstætt ákvæðum l. nr. 112/1941, um lax- og silungsveiði, þar sem svo er fyrir mælt, að leyfilegt sé að veiða lax og silung hvar sem er til vísindalegra rannsókna. Ákvæði þessarar greinar má þó ekki skilja á þann veg, að með því sé veitt undanþága frá friðunarákvæðum frv.

Um 7. gr.

Erlendis heyra yfirleitt öll mál, er varða fuglaveiðar og fuglafriðun, undir landbúnaðarráðherra viðkomandi lands. Hér á landi hefur hins vegar menntamálaráðherra haft yfirumsjón slíkra mála, og í samráði við menntamálaráðuneytið er gert ráð fyrir því í frv., að sú skipan verði lögfest.

Með ákvæðum þessarar greinar er skipun fuglafriðunarnefndar lögfest, og þar er verksvið hennar markað. Um skipun nefndarinnar er lagt til, að sömu reglur gildi og farið var eftir við skipun hennar 1948. Verkefni nefndarinnar er þríþætt. Í fyrsta lagi á hún að vera ráðherra til ráðuneytis við setningu reglugerða um fuglafriðun og fuglaveiðar, og er skylt að leita tillagna nefndarinnar, þegar setja skal slíkar reglur. Í öðru lagi getur nefndin að eigin frumkvæði gert tillögur til ráðherra um allt það, er hún telur ástæðu til, í sambandi við þessi mál. Loks er það verkefni hennar að koma fram fyrir Íslands hönd í alþjóða-fuglaverndunarsambandinu, er Ísland gerðist aðili að 1948, svo sem fyrr greinir.

Um II. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um friðun og veiðitíma (8. og 10.—12. gr.) og um bann við skotum í grennd við friðlýst æðarvörp og friðlýsingu æðarvarpa (9. gr.).

Höfuðákvæðin um friðun eru í 8. gr. Í 10. og 11. gr. er mælt fyrir um frávik frá meginreglum 8. gr., en í 14. gr. er kveðið á um staðgildi friðunarákvæða frv.

Um 8. gr.

Í þessari grein er kveðið á um friðun fugla og veiðitíma.

Í fornum lögum hérlendis gætir litt fyrirmæla um fuglafriðun. Samkvæmt 436. kap. Staðarhólsbókar var það frávik frá almennum rétti landeiganda eða leiguliða til fuglaveiða á jörð, að ekki mátti veiða þernur, æður og andir nær annars manns landi en 2 hundruð faðma tólfræð sé til eggvers annars manns, „og eigi skal maður þá fugla veiða svo mjög í sínu landi, þó firr sé eggveri hins, og skynsömum mönnum 6 þeim, er næstir búa, þyki þess ván, að eggver spillist af því“. Ákvæði

þessi, sem miða til friðunar, voru tekin upp í Jónsbók, Landsleigubálk, 57. kap. Reglurnar sjálfar fara mjög hóflega í sakir um friðun, og í framkvæmdinni voru þær haldlitlar. Í verzlunartilskipuninni frá 1787 voru sett fyllri ákvæði um friðun æðarfugla en voru í Jónsbók. Friðun þessi var áréttuð með konungsúrskurði 21. júlí 1808 og enn með konungsúrsk. 17. júlí 1816, þar sem friðunin var lítillega aukin. Með op. bréfi frá 21. apríl 1847 var alfriðun æðarfugls boðuð, og var sú skipan staðfest í veiðitilskipuninni frá 20. júní 1849. Í því lagaboði er hins vegar ekki vikið að friðun á öðrum fuglategundum. Fyrstu almennu fuglafriðunarlögin voru sett 17. marz 1882, en þau fjölluðu raunar einnig um friðun hreindýra. Þykir rétt að greina hér frá ákvæðum þessara laga um fuglafriðun, þar sem það hefur menningarsögulegt gildi: „Kríur og spörfuglar allir, svo sem snjótittlingar, þúfutittlingar, maríuerlur, steindeplar og þrestir skulu hvarvetna friðhelg á hverjum tíma árs sem er, en allir aðrir fuglar, utan hræfuglar og gripfuglar, lundi og bjargfugl, á tímabilinu frá 1. maí til 20. ágúst, og rjúpur frá 1. apríl til 20. ágúst. Net og skot skulu bönnuð við lundaveiði og fýlaveiði.“ Með lögum frá 16. des. 1885 var fjölgað fuglategundum, sem njóta skyldu friðunar, og sú þróun hefur haldið áfram með síðari lögum um friðun, er sett hafa verið, sbr. lög nr. 50 27. nóv. 1903 og lög nr. 59 10. nóv. 1913. Með lögum þessum hafa og egg fugla verið friðuð í ríkara mæli en fyrr var, og hert hefur verið á refsiákvæðum um brot á fuglafriðunarlögum. Samhliða hinum almennu friðunarlögum hafa verið sett friðunarlög um einstakar fuglategundir, svo sem um æðarfugla, sbr. lög nr. 58 10. nóv. 1913 og síðar lög nr. 74 frá 1941, sem nú eru í gildi, um lunda, sbr. lög nr. 41/1921 og erni og vali, sbr. lög 28. nóv. 1919. Samkvæmt þeim skyldu ernir vera alfriðaðir til 1940, en valir til 1930. Valir voru ekki friðaðir milli 1930 og 1940, en með lögum nr. 83/1940 voru báðar þessar tegundir friðaðar og eru það enn, sbr. lög nr. 107/1950, er heita friðun til 1960. Þess má að lokum geta í þessu yfirliti yfir fuglafriðunarlög, að stöku lög hafa heimilað að setja fuglaveiðasamþykktir á tilteknum veiðisvæðum, sbr. lög nr. 13/1894 og lög nr. 20/1912, er enn gilda.

Af þessu stutta yfirliti má ráða, að réttarþróunin hefur stefnt að síaukinni friðun fugla og eggja þeirra, og hefur löggjafinn reynt að gera friðunina virka með því að mæla fyrir um allmikil viðurlög, ef friðunarákvæðin eru ekki virt.

Í 8. grein frv. hafa verið felld í eina heild öll helztu friðunarákvæði gildandi laga, þ. e. laga nr. 59/1913, um friðun fugla og eggja, laga nr. 42/1921, um friðun lunda, laga nr. 74/1941, um friðun æðarfugls, og laga nr. 107/1950, um breytingu á lögum nr. 83/1940, um friðun arnar og vals. Í ákvæðum þessarar greinar felast veigamiklar breytingar frá friðunarákvæðum gildandi laga, og skal hér gerð grein fyrir þeim.

Í eldri fuglafriðunarlögum íslenzkum, þar á meðal þeim, er nú gilda, er sá háttur hafður að telja upp þær fuglategundir, sem njóta alfriðunar. Í 8. gr. er annað skipulag haft. Í 2. málsgr. eru allar þær tegundir taldar, sem leyfilegt er að veiða einhvern tíma árs. Allar tegundir, sem þar eru ekki nefndar, eru friðaðar allt árið, sbr. 1. málsgr. Skipulag frv. er í samræmi við nýjustu fuglafriðunarlög erlend. Stuðlar það að því, að lögin verði einfaldari og aðgengilegri fyrir almenning. Hér á landi hafi nú náðst yfir tvö hundruð tegundir fugla. Mikill meiri hluti þessara tegunda nýtur alfriðunar samkvæmt frv. Er þegar af þeirri ástæðu heppilegra og brotaminna að geta þeirra tegunda einna, sem heimilt er að veiða, en hinna, sem friðaðar eru. Sú krafa verður ekki gerð til almennings, að hann þekki allar fuglategundir, sem hér eru kunnar, en þess verður að krefjast, að menn viti deili á þeim fuglum, sem lögmætt er að veiða. Svo sem frumvarpið er orðað, er auðveldara fyrir almenning að kynna sér, hvaða víti sé að varast við fuglaveiðar, en er eftir gildandi lögum.

Vegna nauðsynlegs samanburðar skal þó birt hér skrá yfir þá varpfugla íslenzka, svo og árvissa gesti og umferðafarfugla, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, að verði alfriðaðir.

Varpfuglar.

1. Skrofa
2. Litla sæsvala
3. Stóra sæsvala
4. Álft
5. Litla gráönd
6. Skeiðönd
7. Húsönd
8. Straumönd
9. Æðarfugl
10. Haförn
11. Fálki
12. Smyrill
13. Keldusvín
14. Tjaldur
15. Heiðlóa
16. Sandlóa
17. Spói
18. Jaðrakan
19. Stelkur
20. Hrossagaukur
21. Sendlingur
22. Lóuþræll
23. Þórshani
24. Óðinshani
25. Kría
26. Haftyrðill
27. Snæugla
28. Brandugla
29. Músarrindill
30. Skógarþröstur
31. Steindepill
32. Þúfutittlingur
33. Máríatla
34. Stari
35. Auðnutittlingur
36. Snjótittlingur (sólskrikja)

Árvissir gestir og umferðafarfuglar.

1. Gráhegri
2. Æðarkóngur
3. Blesönd
4. Vepja
5. Stóri spói (fjöruspói)
6. Tildra
7. Rauðbrystingur
8. Sanderla
9. Stormmáfur
10. Landsvala
11. Bæjasvala
12. Kráka
13. Bláhrafn
14. Gráþröstur
15. Svartþröstur
16. Silkitoppa
17. Bókfinka
18. Fjallafinka

Ef við athugum fyrst varpfuglana, sjáum við, að ein tegund, sem nú er alfriðuð, er ekki talin þar með. Þessi tegund er hettumáfur, og verður nánar vikið að honum síðar. Aftur á móti gerir frumvarpið ráð fyrir, að smyrill verði alfriðaður, en hann nýtur nú engrar friðunar. Smyrli hefur fækkað mjög hin síðari ár, og þar sem hann hefur enga hagnýta þýðingu sem veiðifugl og spillir auk þess engum nytjum, hefur nefndin orðið sammála um að leggja til, að hann verði alfriðaður. Enn fremur hefur nefndin orðið sammála um að leggja til, að eftirtaldar átta tegundir, sem nú eru aðeins friðaðar frá 1. apríl til 1. ágúst ár hvert, skuli vera alfriðaðar: skrofa, litla sæsvala, stóra sæsvala, litla gráönd, skeiðönd, húsönd, straumönd og brandugla. Skrofa, litla og stóra sæsvala verpa hér á landi aðeins í Vestmannaeyjum og hafa enga hagnýta þýðingu, sem máli skiptir. Litla gráönd, skeiðönd og húsönd hafa allar mjög takmarkaða útbreiðslu hér á landi. Varpheimkynni þeirra eru aðallega í Mývatnssveit og nágrenni, og hinn íslenzki stofn þessara tegunda er því tiltölulega mjög lítill, og virðist því full ástæða til að láta þær verða meiri friðunar aðnjótandi en verið hefur. Straumönd verpur hins vegar í öllum landshlutum, en er óvíða eða hvergi algeng. Auk þess finnst hún hvergi í Evrópu utan Íslands, og hagnýta þýðingu sem veiðifugl hefur hún varla. Brandugla hefur setzt að hér á landi á síðustu áratugum og verpur nú orðið eitthvað í flestum landshlutum. Hún virðist þó eiga örðugt uppdráttar og fjölgar hægt, enda fellur hún oft í hörðum vetrum. Aðalfæða hennar eru mýs, en þó tekur hún einnig smærri fugla og fuglaunga. Brandugla er talin gera gagn með því að eyða músum og er því alfriðuð í nágrannalöndum okkar. Loks gerir frumvarpið ráð fyrir því, að haferni og fálka, sem nú eru friðaðir til ákveðins

tíma með sérstökum lögum, verði skipað í flokk alfriðaðra fugla, án þess að gert sé ráð fyrir, að friðun þeirra verði aflétt síðar. Um örninn þarf ekki að fjölyrða. Ef okkur er nokkur alvara í því að koma í veg fyrir gereyðingu hans hér á landi, kemur ekkert annað til greina en skilyrðislaus friðun, og verður að leggja ríka áherzlu á, að engar undanþágur verði veittar frá henni. Sama máli gegnir um fálkann. Honum hefur stöðugt farið fækkandi, og nú er svo komið, að hægt er að ferðast um landið þvert og endilangt, án þess að fálka bregði nokkurn tíma fyrir. Skoðanir margra á skaðsemi hinna eiginlegu ránfugla (hér á landi arnar, fálka og smyrils) eru að miklu leyti byggðar á hjátrú og bábiljum, enda hafa rannsóknir greinilega leitt í ljós, að það eru ekki þessar tegundir, sem ástæða er til að fækka, heldur allt aðrar tegundir, sem menn oft og tíðum amast ekkert við, eða halda jafnvel hlífiskildi yfir.

Um árvissa gesti og umferðafarfugla er það að segja, að 7 af þeim 18 tegundum, sem taldar eru í skránni, eru alfriðaðir samkvæmt gildandi lögum. Þessar tegundir eru: gráhegri, æðarkóngur, vepja, tildra, rauðbrystingur, landsvala og bæjasvala. Hinar tegundirnir á skránni eru ekki nefndar í lögum um friðun fugla og eggja frá 1913, og eru því samkvæmt því aðeins friðaðar frá 1. apríl til 1. ágúst ár hvert. Engar af þessum tegundum hafa nokkra verulega þýðingu sem veiðifuglar, og engar þeirra spilla nytjum. Nefndin er því sammála um að leggja til, að þær verði allar alfriðaðar, ekki sízt vegna þess, að búast má við, að sumar þeirra eigi eftir að ílendast hér sem varpfuglar, ef þær eru látnar óáreittar. Að lokum skal á það bent, að frumvarpið gerir ráð fyrir, að allir sjaldgæfir gestir og flækingar, sem vart verður við hér á landi og ekki eru taldir í skránni, skuli vera alfriðaðir (sbr. 1. málsgr. 8. gr). Í lögunum frá 1913 eru allir slíkir fuglar aðeins friðaðir frá 1. apríl til 1. ágúst, enda þótt flestir þeirra sjáist hér aðeins á haustin og veturna.

Í 2. málsgr. 8. gr. eru taldar þær tegundir, sem heimilt er að veiða, og er þeim skipt í 7 flokka eftir því, á hvaða tíma árs veiðar þeirra eru heimilar. Nefndin hefði kosið að hafa flokkana færri, en vegna þess, hve varphættir og aðrir lífshættir tegundanna eru mismunandi, varð ekki komizt hjá þessari flokkaskiptingu. Í samræmi við alþjóðasamþykktina gerir frumvarpið ráð fyrir, að allar íslenzkar fuglategundir, að þremur undanskildum, njóti friðunar um varptímann. Til samanburðar má geta þess, að samkvæmt gildandi lögum eru tegundirnar 21, sem engrar friðunar njóta.

Í a-flokki eru taldar þær tegundir, sem meiri hluti nefndarinnar (F. G., K. S., Þ. E.) leggur til, að heimilt sé að veiða allt árið. Þessar tegundir eru: kjói, svartbakur (veiðibjalla) og hrafn. Meiri hlutinn er þeirrar skoðunar, að íslenzku fuglalífi almennt sé svo mikil hætta búin af völdum þessara tegunda, að friðun þeirra komi ekki til greina. Auk þess valda þessar tegundir margvíslegu öðru tjóni, þótt það verði ekki rakið hér. Þessar tegundir hafa aldrei notið neinnar friðunar hér á landi, og það er alls ekki í ósamræmi við alþjóðasamþykktina, þótt vissar tegundir séu undanskildar friðun um varptímann. Nefndinni er ekki heldur kunnugt um, að nokkurt land hafi séð sér fært að friða alla fugla um varptímann. Minni hluti nefndarinnar (A. K.-H., S. E. H.) leggur eigi að síður til, að tegundir þessa flokks verði friðaðar um varptímann sem aðrir fuglar.

Í b.-flokki eru skúmur, máfar (að undanskildum svartbaknum) og svartfuglar, þar með talin teista og lundi. Hér er yfirleitt um mjög algenga fugla að ræða, sem sumir hverjir eru til talsverðra nytja (svartfuglar), en aðrir eru nytjaspillar (skúmur, sumir máfar). Ein tegundin í þessum flokki, hettumáfurinn, er alfriðuð samkvæmt lögum um friðun fugla og eggja frá 1913. Hettumáfurinn var þá mjög sjaldgæfur hér á landi, enda var hann þá að byrja að setjast hér að, en nú er hann hins vegar orðinn svo algengur og útbreiddur, að engin ástæða er til að gera mun á honum og öðrum máfum. Sama máli gegnir um litla svartbak og silfurmáf. Þeir hafa báðir ílenzt hér eftir 1920, og eru því ekki nefndir í lögunum frá 1913, en eru nú orðnir allalgengir og útbreiddir. Allar aðrar tegundir í þessum flokki njóta engrar

friðunar samkvæmt gildandi lögum, nema hvað nokkrar takmarkanir eru settar við lundaveiði með l. nr. 42/1921, um friðun lunda.

Ekki hefur náðst samkomulag í nefndinni um veiðitíma tegundanna í þessum flokki. Meiri hlutinn (A. K.-H., F. G., K. S.) leggur til, að hann verði frá 15. ágúst til 19. maí, en minni hlutinn (S. E. H., Þ. E.), að hann verði frá 15. ágúst til 30. apríl.

Nær allar tegundirnar í þessum flokki byrja að verpa um mánaðamótin maí og júní. Minni hlutinn telur, að með því að leyfa veiði þessara tegunda til 19. maí, sé gengið of nærri fuglum, sem komnir eru að varpi. Afstaða meiri hlutans byggist hins vegar á því, að nytjar þær, sem menn hafa haft af svartfuglaveiðum á vorin, væru að mestu úr sögunni, ef veiðitímanum lyki 30. apríl. Vorveiðar þessar hafa sums staðar talsverða þýðingu, einkum við Faxaflóa, þar sem veitt er fyrir Reykjavíkurmarkað. Skilyrði til þessara veiða eru hins vegar ekki fyrir hendi fyrr en um mánaðamótin apríl og maí, þegar svartfuglinn fer fyrir alvöru að leita til lands. Meiri hlutinn leggur því til, að leyft verði að veiða þessar tegundir til 19. maí. Með því móti yrði að vísu réttur til þessara nytja skertur mjög frá því, sem hefur verið, en þó ekki aftekinn með öllu.

Í c.-flokki eru gæsir og endur. Tvær tegundanna í þessum flokki, helsingi og margæs (hrotgæs) hafa hingað til verið ófriðaðar samkvæmt íslenzkum lögum, en það nær auðvitað ekki nokkurri átt. Það er engu minni nauðsyn á friðun þessara tveggja tegunda en hinna tegundanna í þessum flokki. Hinar gæsategundirnar, svo og endurnar í þessum flokki, hafa verið friðaðar frá 1. apríl til 1. ágúst, og veiðitíminn hefur því verið frá 2. ágúst til 31. marz. Í frumvarpinu er hins vegar gert ráð fyrir, að veiðitíminn verði frá 20. ágúst til 31. október. Það er mjög þýðingarmikið atriði, að veiðitíminn byrji ekki fyrr en 20. ágúst, því ungar þessara tegunda eru yfirleitt ekki fleygir fyrr en um það leyti. Það verður því ekki hjá því komizt að láta veiðitímann hefjast síðar en verið hefur. Enn fremur er alveg þýðingarlaust að leyfa veiði á tegundum þessa flokks eftir 31. október, því að þær eru allar farfuglar eða umferðafarfuglar og eru allar farnar af landi burt fyrir þann tíma. Í apríl fara þær svo að koma aftur, en þá kemur auðvitað ekki til mála, að leyft sé að veiða þær.

Í d.-flokki eru 3 andategundir, sem eru staðfuglar hér á landi, að minnsta kosti að nokkru leyti. Frumvarpið gerir ráð fyrir, að veiðitími þeirra hefjist á sama tíma og hjá tegundunum í síðasta flokki, og liggja sömu líffræðilegu orsakir til þess, að hann má ekki byrja fyrr. Hins vegar er gert ráð fyrir því, að veiðitími þeirra standi lengur eða til 29. febrúar, enda eru þetta einu andategundirnar, sem eru staðfuglar hér og leyft er að veiða.

Í e.-flokki eru fýll, súla og skarfar (dílaskarfur og toppskarfur). Allar þessar tegundir eru ófriðaðar samkvæmt gildandi lögum, nema hvað nokkur ákvæði eru þar um friðun fýls. Frumvarpið gerir hins vegar ráð fyrir, að allar þessar tegundir verði friðaðar um varptímann eða frá 1. apríl til 19. ágúst, og verður veiðitími þeirra samkvæmt því frá 20. ágúst til 31. marz. Tegundir þessar, einkum þó súla og skarfar, verpa óvenju snemma, og má friðunartími þeirra því ekki byrja síðar en 1. apríl. — Þess skal getið hér, að með augl. nr. 106/1940, gefinni út samkvæmt l. nr. 70/1940, um ráðstafanir til varnar gegn fýlasótt, er fýlungatekja bönnuð með öllu hér á landi, eins og sakir standa. Hins vegar er heimiluð veiði fullorðins fýls (vetrarfýls), svo og fýlseggjatekja.

Tegundirnar, sem taldar eru í f.-flokki, eru til lítilla eða engra nytja, en þær valda hins vegar talsverðu tjóni í veiðivötnum og ám. Frumvarpið gerir ráð fyrir, að friðunartími þeirra verði tiltölulega stuttur eða aðeins frá 1. maí til 19. ágúst. Allar þessar tegundir eru ófriðaðar samkvæmt gildandi lögum.

Þar sem nú stendur yfir tilraun til að fá úr því skorið, hvort ofveiðar valdi rjúpnaleysistímabilum, telur meiri hluti nefndarinnar (A. K.-H., F. G., K. S., Þ. E.) ekki rétt að gera breytingar á friðun rjúpunnar nú. Stytting veiðitímans nú mundi ef til vill stuðla að því, að árangurinn af þessari tilraun yrði ekki eins ótvíræður

og ella. Nefndin leggur því til, að ákvæði gildandi laga um friðun rjúpu haldist óbreytt. En það útilokar auðvitað ekki, að síðar megi taka þetta atriði til endurskoðunar, enda er betri aðstaða til slíks, þegar fyrir liggja ótvíræðar niðurstöður um árangur af tilraun þeirri, sem nú stendur yfir. Að öðru leyti vísar meiri hlutinn til álitsgerðar Finns Guðmundssonar um þetta efni, er alþingismenn hafa átt kost á að kynna sér. Minni hluti nefndarinnar (S. E. H.) leggur hins vegar til, að veiðitími rjúpunnar verði styttur um mánuð og verði eftirleiðis frá 15. nóv. til 31. des.

Ákvæði 3. málsgr. um, að friðunarákvæði 1. og 2. málsgr. skuli einnig taka til eggja og hreiðra þeirra tegunda, sem njóta algerðrar eða tímabundinnar friðunar, eru svo sjálfsögð, að þau þurfa ekki skýringa við. Í þessu sambandi skal þó á það bent, að samkvæmt gildandi lögum eru aðeins egg alfriðaðra fugla friðuð, svo og rjúpuegg. Hins vegar hafa engar hömlur verið á töku eggja annarra fugla, er njóta tímabundinnar friðunar.

Um 9. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru að mestu tekin óbreytt upp úr lögum nr. 74/1941, um friðun æðarfugls. Önnur helztu ákvæði þeirra laga hafa verið felld inn í frumvarpið á viðeigandi stöðum.

Um 10. gr.

Með ákvæðum þessarar greinar eru veittar undanþágur frá friðunarákvæðum 8. gr. til að stunda hefðbundnar nytjar, sem menn hér á landi hafa haft af fugla- og eggjatekju. Á takmörkuðum svæðum hafa slíkar nytjar enn talsverða hagnýta þýðingu, og verður ekki komizt hjá því að taka fullt tillit til þess.

Í 1. málsgr. ræðir um not þau, sem menn hafa haft af sjófuglum, en þau eru einkum fólgin í nytjum fuglabjarga. Vegna breyttra atvinnuhátta hefur þessi forni atvinnuvegur farið stöðugt hnignandi, það sem af er þessari öld, og nú er svo komið, að sum af mestu fuglabjörgum landsins eru alls ekki nytjuð lengur. Það virðist því auðsætt, að þess gerist sízt þörf nú að setja hömlur á nytjun þessara hlunninda. Auk þess er einstaklingafjöldi hjá flestum þeim sjófuglategundum, sem hér er um að ræða, mjög mikill, og stofnar þeirra þola því miklar veiðar, án þess að hætta sé á, að þeir gangi til þurrðar.

Þess skal getið, að minni hluti nefndarinnar (S. E. H., Þ. E.) leggur til, að við 1. málsgr. 10. gr. verði bætt eftirfarandi ákvæðum:

a. Óheimilt er að taka egg umræddra tegunda eftir 14. júní.

b. Lundaveiðar með háf má eigi stunda fyrr en eftir 30. júní.

Meiri hlutinn (A. K.-H., F. G., K. S.) er út af fyrir sig hlynntur slíkum ákvæðum, en telur þau eiga betur heima í fuglaveiðasamþykktum en í lögum (sbr. athugasemdir við III. kafla frumvarpsins hér á eftir).

Undanþága sú til eggjatöku, sem felst í 2. málsgr., er aðallega miðuð við Mývatnssveit. Íbúar þessarar sveitar hafa verulegar tekjur af andareggjum, og nefndin er þeirrar skoðunar, að friðunarákvæði frumvarpsins megi ekki vera til fyrirstöðu því, að menn geti hagnýtt sér þessar nytjar. Ákvæði þessarar málsgreinar um, að ávallt skuli skilin eftir minnst 4 egg í hreiðri hverju, eiga að fyrirbyggja rányrkju í sambandi við eggjatökuna. Þessari reglu hefur frá fornu fari verið fylgt í Mývatnssveit, og hefur hún gefið góða raun. Nefndin hefur haft í höndum gögn um eggjatekjuna í Mývatnssveit allt frá síðustu aldamótum, og sýna þau á ótvíræðan hátt, að andavarpinu þar hefur alls ekki farið hnignandi á þessu tímabili. En auðvitað sýna þó gögnin talsverðar sveiflur frá ári til árs. Frumvarpið gerir ráð fyrir, að undanþága þessi til eggjatöku taki ekki til skeiðandar, álftar og gæsa, hverrar tegundar sem eru. Skeiðöndin hefur nýlega setzt að hér á landi og er enn mjög sjaldgæf og þarfnast því algerðrar friðunar. Taka álftareggja hefur sáralitla hagnýta þýðingu, og auk þess munu menn almennt andvígir því, að leyft sé að taka álftaregg. Loks verður að leggja ríka áherzlu á, að bannað sé að taka gæsaegg. Gæsum fer yfirleitt fækkandi í heiminum, enda er einstaklingafjöldi hinna ýmsu

tegunda yfirleitt mjög lítill í samanburði við aðra fugla. Það verður því að leggja mikla áherzlu á aukna verndun gæsategundanna, og hafa ýmis lönd þegar gert margvíslegar ráðstafanir í því skyni. Ákvæði um töku æðareggja eru felld inn í þessa málsgrein, og eru þau í samræmi við ákvæði l. nr. 74/1941, um friðun æðarfugls.

Í 3. málsgr. er svo loks veitt heimild til þess að taka kríuegg, enda þótt krían sé að öðru leyti alfriðuð samkvæmt friðunarákvæðum 8. gr.

Um 11. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru í samræmi við ákvæði laga nr. 59/1913, um friðun fugla og eggja, og ákvæði 7. gr. alþjóðasamþykktarinnar.

Um 12. gr.

Þessi grein þarf ekki skýringa við.

Um III. kafla.

Nefndin lítur svo á, að nánari ákvæði og reglur um nytjun þeirra hlunninda, er um ræðir í 10. gr., eigi ekki heima í lögum þessum. Aðferðir við nytjun þeirra eru með svo ólíkum hætti í hinum ýmsu landshlutum, að mjög erfitt er að setja um það efni algildar reglur. Á þetta einkum við um nytjun fuglabjarga. Með ákvæðum þessa kafla er einstökum sýslu- og bæjarfélögum hins vegar veitt heimild til að gera samþykktir um nytjun þessara hlunninda, á þann hátt og með þeim skilyrðum, er ákvæði kaflans mæla fyrir um.

Til þessa hafa gilt sérstök lög (nr. 13/1894) um fuglaveiðasamþykkt í Vestmannaeyjum, og önnur lög (nr. 20/1912) um veiði í Drangey. Nefndin hefur kosið að fella þessi lög í eina heild og gera þau um leið þannig úr garði, að hvert það sýslu- eða bæjarfélag, er þess óskar, geti samkv. þeim gert samþykktir um nytjun ofangreindra hlunninda, er annað hvort nái til allrar sýslunnar eða bæjarlandsins eða takmarkaðs svæðis eða svæða innan þeirra. Ákvæði þessa kafla þurfa að öðru leyti ekki nánari skýringa við.

Um IV. kafla.

Um veiðitæki og veiðiaðferðir eru engin ákvæði í íslenzkum lögum, ef frá eru skilin ákvæði um lunda- og fýlaveiðar í l. nr. 59/1913, um friðun fugla og eggja, og ákvæði um lunda- og svartfuglaveiðar í reglum nr. 63/1923, settum samkvæmt l. nr. 34/1915, um dýraverndun. Flest ákvæði þessa kafla eru því nýmæli í íslenzkum lögum, en nefndin hefur leitazt við að hafa þau í sem beztu samræmi við hin ýtarlegu ákvæði alþjóðasamþykktarinnar um þessi efni. Skal hér í stuttu máli gerð grein fyrir hinum einstöku greinum þessa kafla.

Um 18. gr.

Minni hluti nefndarinnar (A. K.-H., K. S.) hefur ekki getað fallizt á, að bannað verði að nota til fuglaveiða marghlaðnar eða sjálfhlaðnar haglabyssur, er taki fleiri en tvö skothylki, og leggur því til, að ákvæði um þetta atriði verði fellt burt úr 20. gr. Ákvæði þetta er í samræmi við alþjóðasamþykktina, og meiri hluti nefndarinnar (F. G., S. E. H., Þ. E.) lítur svo á, að hér á landi séu ekki þau skilyrði fyrir hendi, er réttlæti slíkt frávik frá samþykktinni.

Um 19. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru einnig í samræmi við ákvæði alþjóðasamþykktarinnar. Þar er þó gert ráð fyrir, að bannað verði að nota vélknúna báta til fuglaveiða á sjó á tímabilinu frá 1. marz til 1. október, en vegna sérstakra aðstæðna

telur nefndin ekki fært að lögtaka slíkt bann hér. Þetta frávik frá alþjóðasamþykktinni réttlætist af undanþágu þeirri, er felst í 6. gr. samþykktarinnar og er bundin við Noreg, Svíþjóð, Finnland, Færeyjar og Ísland. Hins vegar hefur nefndin orðið sammála um að bæta við ákvæði um það, að til fuglaveiða á sjó megi ekki nota vélknúna báta, er gangi hraðar en 12 sjómílur á klukkustund. Enn fremur leggur nefndin áherzlu á það, að bannað verði að nota vélknúna báta til fuglaveiða á ósöltu vatni og bannað verði að skjóta fugla úr bílum. Það hefur farið mjög í vöxt hér á landi á síðari árum, að fuglar séu skotnir úr bílum, en Íslendingar verða með öllu að hætta þessum ósið, ef þeir eiga ekki að verða eftirbátar annarra þjóða á sviði fuglaverndunarmála.

Um 20. gr.

Samkvæmt alþjóðasamþykktinni er bannað að nota net til fuglaveiða, hvort sem er í sjó eða vötnum eða á landi. Hliðstæð ákvæði er að finna í þessari grein, þó með þeirri undantekningu, að gert er ráð fyrir, að heimilt sé að nota háfa til bjargfuglaveiða (þar með talinn lundi) og heimilt sé að veiða lunda í net, þar sem lundagröftur stendur æðarvarpi fyrir þrifum. Þess eru mörg dæmi, að lundagröftur hafi stórspillt eða jafnvel gereytt æðarvörpum. Til að verjast slíku tjóni er ekki um aðra leið að ræða en að veiða lundann í net, og telur nefndin því sjálfsagt að veita heimild til þess undir slíkum kringumstæðum, enda er það í samræmi við ákvæði gildandi laga.

Um 21. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru í samræmi við alþjóðasamþykktina. Hér á landi hafa flekar (snöruflekar) sums staðar verið notaðir við svartfuglaveiðar. Nefndin lítur svo á, að ekki verði komizt hjá að banna þessa veiðiaðferð, enda mun hún hvergi vera stunduð hér á landi sem stendur.

Um 22. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru einnig í samræmi við alþjóðasamþykktina, og undanþágan, sem gert er ráð fyrir í greininni, er í samræmi við 6. gr. samþykktarinnar. Nefndinni er ljóst, að margir eru andvígir því að leyfa notkun eiturs til eyðingar meindýrum, en hjá því verður samt ekki komizt undir vissum kringumstæðum. Nefndin telur því nauðsynlegt að veita ráðherra heimild til að leyfa notkun eiturs í sambandi við eyðingu þeirra þriggja tegunda, sem taldar eru í greininni. Menn verða í eitt skipti fyrir öll að gera sér ljóst, að raunhæfar aðgerðir í fuglaverndunarmálum eru ekki eingöngu í því fólgnar að alfriða sem flestar tegundir, heldur einnig því að koma í veg fyrir offjölgun vissra tegunda á kostnað annarra.

Um 23. gr.

Það er ekki óalgengur siður, að farþegaskip, sem eiga leið fram hjá fuglabjörgum um varptímann, þeyti eimflautur sínar til að lofa farþegunum að dást að fuglamergðinni, sem flýgur upp úr björgunum. Þetta virðist í fljótu bragði vera meinlaust gaman, en það hefur samt sínar skuggahliðar. Um leið og fuglinn ærist af hávaðanum og flýgur í ofboði upp úr björgunum, eyðileggst alltaf meira eða minna af eggjum, sem hrynja niður í sjó eða í urðir undir björgunum. Þetta er því ósiður, sem nefndin telur, að eigi að banna með lögum.

Um 24. gr.

Ástæðan til þess, að nefndin telur ákvæði þessarar greinar nauðsynleg, er sú, að yfirlegur mynda- eða kvikmyndatökumanna yfir hreiðrum fugla til þess að ná myndum af fuglunum, valda oft margvíslegum truflunum, sem stundum leiða til þess, að fuglarnir afrækja og eggin eyðileggjast, eða ungarnir drepast í hreiðrun-

um. Nefndinni er meðal annars kunnugt um, að arnarungar hafa hér á landi í fleiri skipti drepizt í hreiðrum sínum af þessum orsökum. Nefndin ætlast til, að bann það gegn mynda- og kvikmyndatökum, sem felst í þessari grein, nái aðeins til arnar, fálka, snæuglu og haftyrðils. Þessar 4 tegundir eru sjaldgæfastar allra tegunda hér á landi, og þeim er því hættast við gereyðingu.

Um 25. gr.

Ákvæði 1. málsgr. eru nauðsynleg til þess að koma í veg fyrir, að erlendir fuglafræðingar, sem heimsækja landið, noti erlend merki til að merkja með íslenzka fugla, eða jafnvel reyni að fá Íslendinga til að merkja fyrir sig með erlendum merkjum. Þetta hefur hvað eftir annað komið fyrir, en Íslendingar geta ekki fylgzt með árangri af slíkum merkingum, og er því nauðsynlegt að sporna við slíku með fyrirmælum í lögum. Flestar eða allar menningarþjóðir hafa líka hliðstæð ákvæði í lögum sínum. 2. málsgr. þarf ekki skýringa við.

Um V. kafla.

Öll ákvæði þessa kafla eru nýmæli í íslenzkum lögum, en þau eru í öllum aðalatriðum í samræmi við ákvæði alþjóðasamþykktarinnar og miða fyrst og fremst að því að torvelda brot á friðunarákvæðum frumvarpsins.

Um 26. gr.

Ákvæði þessarar greinar þurfa ekki skýringa við.

Um 27. gr.[1])

Ákvæði þessarar greinar eru mjög þýðingarmikil. Auðkenning (plúmbering) sú, sem gert er ráð fyrir í þessari grein, mundi stuðla mjög að því, að hægt væri að koma í veg fyrir, að fuglar, er njóta tímabundinnar friðunar, væru veiddir utan veiðitímans. Hliðstæð ákvæði er einnig að finna í lögum nágrannalanda okkar. Eins og þessum málum er nú skipað hér á landi, eru fuglar, er njóta tímabundinnar friðunar, svo sem rjúpur, gæsir og fleiri tegundir, á boðstólum í verzlunum allan ársins hring, án þess að nokkur leið sé að vita, hvort þeir hafa verið veiddir á löglegum tíma. Opinber verzlun með ólöglega veidda fugla er því engum erfiðleikum bundin hér á landi, eins og sakir standa. Auðkenning (plúmbering) mundi hins vegar torvelda mjög slíka verzlun. Erlendis er auðkenning (plúmbering) fugla víðast hvar framkvæmd með þeim hætti, að vírlykkja er þrædd með sérstakri nál í gegnum annað læri fuglsins, og er henni lokað með blýplúmbu, svipaðri því, sem tollmenn nota, og ber hún stimpil viðkomandi yfirvalds.

Um 28. gr.[1])

Ákvæði þessarar greinar eru nauðsynleg til þess að sporna við því, að hægt sé að verzla með ólöglega veidda innlenda fugla undir því yfirskyni, að þeir væru innfluttir.

Um 29.—32. gr.

Þessar greinar þurfa ekki skýringa við.

Um VI. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um refsingar, upptöku eigna og meðferð dómsmála vegna brota á lögunum.

Refsiákvæðin fyrir ólöglegar fuglaveiðar eru í 33. gr., fyrir ólöglega eggjatöku í 34. gr. og fyrir brot á ákvæðum V. kafla frv. í 35. gr. Upptökuákvæði eru

---

[1]) Ákvæðum þessara greina hefur verið breytt í heimild í frv.

einnig í greinum þessum. Í 36. gr. er sjálfstætt refsiákvæði um þá háttsemi, er hleypt er af skoti í annars manns landi, að veiðiréttarhafa forspurðum. Þar er einnig mælt fyrir um refsingu vegna brota á öðrum ákvæðum laganna, sem ekki er lögð sérstök refsing við á öðrum stöðum. Í 37. gr. er kveðið á um það, hvert sektir renni og upptæk verðmæti eða andvirði þeirra, og í 38. gr. um það, hverri réttarfarsmeðferð mál út af brotum á lögunum skuli sæta.

Ákvæðin um refsingu og upptöku eru nokkuð á annan veg en í gildandi lögum. Í hinum síðarnefndu eru fésektir yfirleitt rígskorðaðar við hvern fugl, sem veiddur er, eða hvert egg, sem tekið er, þó svo, að fésektir hækka, ef brot er ítrekað (í 5. gr. laga nr. 74/1941 er þó bæði lögmælt sekt fyrir veiði hvers fugls og frekari refsiviðurlög eru einnig orðuð). Slík refsiákvæði veita dómurum ekkert eða a. m. k. lítið svigrúm til að taka tillit til sératvika við brot hverju sinni eða hafa hliðsjón af högum sakbornings, þ. á m. efnahag hans, en það er atriði, sem jafnan á að hafa í huga við ákvörðun fésekta, samkv. 51. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 1940, nema lög segi annað. Fyrirkomulag íslenzkra friðunarlaga um refsimörk var mjög tíkað í fornum lögum bæði hér á landi og annars staðar. Í nútíma refsivísindum þykir þetta horf á refsiákvæðum vera óheppilegt. Ekki verður séð, að úr almennum varnaðaráhrifum refsiviðurlaga dragi verulega, þótt hættir frv. í þessu efni séu valdir, enda eru refsimörkin yfirleitt hækkuð í frv., frá því sem nú er. Þess má geta, að á ráðstefnu norrænna refsiréttarsérfærðinga í Reykjavík í júní 1950 var m. a. lagt til, að horfið skyldi í refsilöggjöf frá þeim hætti að rígskorða fésektir við verðmæti það, er brot beinist að, svo sem tíðkazt hefur í friðunarlöggjöfinni íslenzku til þessa.

Í 33.—35. gr. eru ákvæði um upptöku, sem fyrr greinir. Upptökuákvæði er ekki í lögum nr. 59/1913, en hins vegar í lögum nr. 74/1941 (og í veiðitilsk. frá 20. júní 1849). Nær upptökuákvæði þeirra laga aðeins til veiðitækja, og er skylt að gera þau upptæk. Upptökuákvæði frv. eru miklu víðtækari en er eftir gildandi lögum. Í fyrsta lagi varða þau allar ólöglegar fuglaveiðar, ólöglega eggjatöku, svo og brot á ákæðum V. kafla frv. Í öðru lagi lúta þau ekki eingöngu að veiðitækjum, heldur einnig að ólöglegu veiðifangi og hagnaði af veiði eða eggjatöku eða af broti á ákvæðum V. kafla frv. Í ákvæðum frv. er ekki lömælt skylda til eignarupptöku, heldur aðeins veitt heimild til hennar. Er sá háttur valinn í samræmi við ríkjandi stefnur í nútíma refsirétti. Ætlandi er, að upptökuákvæði frv. skapi mönnum aukið aðhald um að skeyta friðunarákvæðum, ef frv. verður lögfest.

Um 33.—34. gr.

Til viðbótar því, sem greinir hér að framan um ákvæði þessara greina, er vert að vekja athygli á því, að í 33. gr. eru lágmarkssektir ákveðnar hærri en ella fyrir veiði á fjórum fágætum fuglategundum og á æðarfuglum. Í 34. gr. er og orðuð hærri lágmarkssekt fyrir ólöglega töku á eggjum þessara fugla en annarra fugla.

Þær fágætu fuglategundir, sem nafngreindar eru í 33. og 34. gr., eru örn, snæugla, haftyrðill og fálki. Fuglategundirnar þrjár, sem fyrst eru nefndar, eru sjaldgæfustu varpfuglar hér á landi. Nú munu varla fleiri en 10 verpandi arnarpör hér á landi, og hefur örnum ekki fjölgað þrátt fyrir alllanga friðun. Verpandi snæuglupör eru áreiðanlega innan við 10, og í Grímsey verpa 10 haftyrðilspör, en annars staðar verpur þessi tegund ekki hérlendis. Hins vegar kemur oft mergð af haftyrðli upp að ströndum landsins á veturna, en gera verður mun á þessum aðkomufuglum og hinum litla, íslenzka stofni í Grímsey. Fálkinn er ekki enn orðinn eins sjaldgæfur og þær 3 tegundir, sem rætt hefur verið um hér að framan, en mikil hætta er á, að örlög hans verði hin sömu og arnarins, ef ekki tekst að byggja fyrir það, að hann verði skotinn bæði leynt og ljóst, eins og nú á sér stað, og það þrátt fyrir alfriðun hans.

Í 33. og 34. gr. er gert ráð fyrir því sem fyrr greinir, að lágmarkssektir fyrir ólöglegar æðarfuglaveiðar eða ólöglega töku æðareggja verði hinar sömu og fyrir

ólöglegar veiðar og töku eggja þeirra fjögurra tegunda, sem taldar hafa verið hér að framan. Hinar miklu nytjar, sem margir hafa af æðarvörpum, réttlæta það ákvæði fyllilega.

Í 2. málsgr. 33. gr. er það nýmæli, að tilraun til ólöglegra fuglaveiða og hlutdeild í þeim sé refsiverð. Er þörf á þessu ákvæði sakir þess, að reglur III. kafla laga nr. 19/1940 eru bundnar við brot, samkvæmt almennri hegningarlöggjöf, sbr. þó 1. gr. l. nr. 19/1940.

Um 35. gr.

Þarfnast ekki skýringar umfram það, sem greinir hér að framan.

Um 36. gr.

Ákvæði greinarinnar um, að eigi megi maður hleypa af skoti í annars manns landi, að veiðiréttarhafa forspurðum, stuðlar að því, að menn geti varizt átroðningi og yfirtroðslum veiðiþjófa, sem svo eru nefndir af almenningi. Í 2. málsgr. 33. gr. er tilraun til ólöglegra fuglaveiða að sönnu lýst refsiverð, en ætla verður þó, að fyrri málsgr. 36. gr. hafi sjálfstætt gildi, þegar af þeirri ástæðu, að sönnur kann að bresta fyrir því, að um tilraun til ólöglegra fuglaveiða sé að ræða, þótt sannað sé, að maður hafi skotið af byssu.

Um 37. gr.

Í 8. gr. laga nr. 59/1913 og 8. gr. laga nr. 74/1941, segir, að sektir fyrir brot á lögunum renni að þriðjungi í sveitarsjóð, en að tveimur þriðju til uppljóstrunarmanns. Í 37. gr. frv. er lagt til, að sektir og upptæk verðmæti renni í sýslusjóð eða bæjarsjóð, þar sem brot er framið. Upptækt veiðifang rennur þó til veiðiréttarhafa þess, sem misgert er við, nema veitt sé eða egg tekin andstætt friðunarákvæðum frv. Breyting sú, er frv. orðar hér á sektarákvæðum eldri laga, er í samræmi við réttarþróun síðari áratuga og stefnur í nútíma refsirétti. Þykir ekki þörf að ræða það efni nánar hér.

Ákvæði 2. málsgr. 37. gr. er hliðstætt 94. gr. (eða öllu fremur 95. gr., sbr. l. nr. 8/1946, 1. gr.) laga nr. 112/1941.

Um 38. og 39. gr.

Þarfnast ekki skýringa."

Umsagnir sýslunefnda um frumvarpið og athugasemdir við þær.

Nefndin hefur haft til athugunar umsagnir um frumvarpið frá sýslunefndum í öllum sýslum landsins nema Gullbringu- og Kjósarsýslu og Strandasýslu. Umsagnir um frumvarpið frá sýslunefndum í sýslum þessum höfðu ekki borizt ráðuneytinu, er nefndin fjallaði um málið.

Um afstöðu sýslunefndanna til frumvarpsins er þetta helzt að segja: Sýslunefnd V.-Ísf. „komst að þeirri niðurstöðu, að frumvarpið væri í heild til mikilla bóta, en þóttist ekki hafa aðstöðu til að leggja fram rökstuddar tillögur til breytinga". Sýslun. Árn. hefur aðeins gert samþykkt almenns eðlis um málið. Þar segir, að sýslun. líti svo á, „að nauðsyn sé á, að heildarlöggjöf sé sett um þetta efni og hún eigi að ganga sem mest í þá átt að vernda fuglastofninn með sem víðtækastri alfriðun. Aðeins megi vera leyfilegt að veiða þá fugla, sem skaða gera, og þá, sem veiddir eru til verulegra nytja á vissum árstímum, þó aldrei svo, að hætta verði á, að vissum tegundum verði útrýmt." Umsögn sýslun. Rang. um frv. er einnig fyrst og fremst almenns eðlis. Hún hljóðar þannig: „Sýslufundur Rangárvallasýslu 1952 mælir eindregið með því, að allir villtir fuglar á Íslandi séu alfriðaðir árið um kring að undanskildu því að hlutaðeigendum sé heimilt að verja æðarvörp, klakstöðvar, sáðreiti og annan uppvaxandi gróður vegna ágengni fugla. Enn fremur sé hlutaðeigendum heimil fuglatekja í björgum frá 1. apríl til 20. ágúst ár hvert." Samkvæmt umsögn þessari

virðist sýslun. Rang. vera hlynnt miklu víðtækari friðunarráðstöfunum en frv. gerir ráð fyrir, og ganga tillögur hennar hvað þetta snertir miklu lengra en nokkurrar annarrar sýslunefndar á landinu.

Í umsögnum allra annarra sýslunefnda en þeirra, er hér hefur verið getið, felast fleiri eða færri ákveðnar breytingartillögur við frumvarpið. Fara þær hér á eftir ásamt athugasemdum nefndarinnar.

3. gr.

Sýslun. S.- og N.-Þing. leggja til, að á eftir lokaorðinu landareign komi: „í réttu hlutfalli við afnotarétt lands, nema samkomulag verði um aðra skipan.“

5. gr.
2. málsgr.

Sýslun. V.- og A.-Hún. leggja til, að málsgr. orðist svo: „Öllum íslenzkum ríkisborgurum eru fuglaveiðar heimilar í almenningum utan landareigna lögbýla og afrétta hreppsfélaga eða upprekstrarfélaga.“

Sýslun. S.- og N.-Þing. leggja til, að málsgr. orðist svo: „Afréttir og almenningar, er liggja utan lögbýla og enginn getur sannað eignarrétt sinn til, skulu friðaðir fyrir allri fuglaveiði og eggjatöku. Þó getur ráðherra veitt valinkunnum mönnum veiðileyfi þar um takmarkaðan tíma og takmarkað leyfi til eggjatöku, enda komi meðmæli fuglafriðunarnefndar til hverju sinni.“

2. og 3. málsgr.

Sýslun. A.-Skaft. telur óráðlegt að heimila fuglaveiðar ótakmarkað á afréttum og almenningum, og einnig í íslenzkri landhelgi.

Það lítur úr fyrir, að sumir hafi skilið þessa grein frv. á þann veg, að friðunarákvæði frv. ættu ekki að ná til svæða þeirra, er um ræðir í greininni. Í þá átt bendir meðal annars álit sýslun. A.-Skaft., að óráðlegt sé, að heimila fuglaveiðar ótakmarkað á umræddum svæðum, svo og þau ummæli í greinargerð sýslun. S.- og N.-Þing., að það sé stórhættulegt fyrir fuglalíf í óbyggðum að leyfa hverjum sem er, að stunda þar fugladráp að eigin vild og geðþótta. En þessi túlkun á ákvæðum 5. gr. er að sjálfsögðu á misskilningi byggð. Í 14. gr. frv. er skýrt tekið fram, að friðunarákvæði laganna skuli gilda hvarvetna á Íslandi, svo og í íslenzkri landhelgi. Ákvæði 5. gr. segja aðeins til um, hverjir hafi veiðirétt á umræddum svæðum, en innan þeirra takmarka auðvitað, er frv. setur að öðru leyti um fuglaveiðar.

Sýslun. S.- og N.-Þing. leggja til, að afréttir og almenningar, er liggja utan landareigna lögbýla og enginn geti sannað eignarrétt sinn til, skuli friðaðir fyrir allri fuglaveiði og eggjatöku. Í framkvæmd mundi þessi breyting á 5. gr. hafa þær afleiðingar, að aðeins bændur (landeigendur) hefðu rétt til fuglaveiða hér á landi. Þeir, sem búa í borgum og kaupstöðum, hefðu þá hvergi rétt til fuglaveiða. Fuglafriðunarnefnd er andvíg þessari breytingu á 5. gr., enda gengur hún í öfuga átt við þróun þessara mála í nágrannalöndum vorum. Þar hefur verið unnið að því að tryggja borgarbúum frjálsan aðgang að landsvæðum, þar sem þeir geti eytt frístundum sínum og notið náttúrunnar. Þar er einnig þeim, er þess óska, heimilt að stunda veiðar. Þetta getur verið erfiðleikum bundið í þéttbýlum og þrautræktuðum löndum, en benda má á, að á Bretlandseyjum og víðar eru allar fjörur almenningar, þar sem öllum eru fuglaveiðar heimilar. Annað dæmi mætti nefna, er sýnir glöggt þróun þessara mála í nágrannalöndum vorum. Í nýjustu sænskum lögum er öllum heimil berjatínsla, hvar sem er í Svíþjóð, og það meira að segja í landareignum lögbýla án leyfis landeiganda. Í flestum löndum gengur þróunin í þá átt, að vaxandi hluti þjóðarinnar hefur aðsetur í borgum. Þetta er staðreynd, sem ekki verður gengið fram hjá. En löggjafarvaldið í nágrannalöndum vorum hefur fyrir löngu gert sér ljóst, að nauðsynlegt er að taka tillit til þessarar þróunar með því að tryggja borgar-

búum frjálsan aðgang að landi. Hér á landi er réttur landeigenda meiri en í flestum öðrum löndum. Hér á landi eru meðal annars landeigendum einum heimilar fuglaveiðar í fjörum og þar að auki 115 m á haf út talið frá stórstraumsfjörumáli. Þetta er forn hefð, sem nefndin hefur talið rétt, að verði látin haldast hér á landi. En aftur á móti getur nefndin ekki fallizt á að svipta þá, sem ekki eru landeigendur, rétti til fuglaveiða í óbyggðum, hvort sem um afrétti eða almenninga er að ræða. Ísland er svo strjálbýlt land, og óbyggðir þess eru svo víðáttumiklar, að þar ætti að vera nóg svigrúm bæði fyrir bændur og borgarbúa. Sýslun. S.- og N.-Þing. rökstyðja breytingartillögu sína meðal annars með því, að Ísland eigi að vera friðland fugla eftir því, sem hægt er, og því sé sjálfsagt að friðlýsa óbyggðirnar algerlega. En hví leggja sýslunefndirnar þá ekki til, að allt Ísland verði friðað fyrir fuglaveiðum og eggjatöku? Það er alveg eins hægt að friða landareignir lögbýla fyrir fuglaveiðum og eggjatöku eins og óbyggðirnar. Munurinn er aðeins sá að með því aðeins að friða óbyggðirnar, eru borgarbúar algerlega sviptir rétti til fuglaveiða, en með því að friða landareignir lögbýla líka, þá yrði sama látið ganga yfir bændurna. Að lokum skal á það bent, að breytingartillaga sýslun. S.- og N.-Þing. mundi að allverulegu leyti útiloka rjúpnaveiðar í framtíðinni. Í mörgum landshlutum eru rjúpnaveiðar nær eingöngu stundaðar í óbyggðum utan landareigna lögbýla.

Breytingartillögur sýslun. V.- og A.-Hún. eru í því fólgnar, að öllum íslenzkum ríkisborgurum skuli fuglaveiðar heimilar í almenningum utan landareigna lögbýla *og afrétta hreppsfélaga eða upprekstrarfélaga*. Tillagan gefur ekki til kynna, hverjum eigi að vera heimilar fuglaveiðar á afréttum hreppsfélaga eða upprekstrarfélaga, en væntanlega er ætlazt til þess, að á þeim svæðum séu bændum einum fuglaveiðar heimilar. Nú er það svo, að í almenningum utan afrétta hreppsfélaga eða upprekstrarfélaga er varla um fuglalíf að ræða, og þar eru því litlir eða engir möguleikar til fuglaveiða. Tillagan mundi því hafa sömu afleiðingar og tillögur sýslun. S.- og N.-Þing., þ. e. a. s. að svipta borgarbúa rétti til fuglaveiða. Rök þau, er færð hafa verið gegn tillögum sýslun. S.- og N.-Þing. eiga því einnig við hér. Í greinargerð með breytingartillögum sýslun. V.- og A-Hún. segir svo: „Breytingartillagan miðar að því að koma í veg fyrir, að afréttarlönd (svo sem Eyvindarstaða-, Auðkúlu-, Grímstungu-, Víðidalstungu-, Aðalbóls-, Núps- og Húksheiði), sem nýlega hafa verið skilin frá lögbýlum, en teljast eigi beinlínis til þeirra nú, verði ekki færð undir það að kallast „almenningar", sem dráppyrstur skríll geti vaðið um að vild, sums staðar heim undir túngarð lögbýla að kalla. Slík takmörkun er í samræmi við ákvæði laga um lax- og silungsveiðar. Er hér um höfuðatriði að ræða, sem með engu móti verður þolað, að ráðið verði til lykta í andstöðu við vilja hinna dreifðu byggða." Þessi ummæli sýslun. gefa tilefni til nánari athugunar. Ef heiðalönd þau, sem um er að ræða, hafa áður verið í eign lögbýla, en hafa síðar komizt í eign hreppsfélaga eða sýslufélaga, þá hafa hreppsbúar eða sýslubúar samkv. frv. einir rétt til fuglaveiða á umræddum svæðum, svo framarlega sem þeir geti sannað eignarrétt sinn til þeirra. Í 5. gr. frv. (2. málsgr.) er skýrt tekið fram, að öllum íslenzkum ríkisborgurum séu fuglaveiðar heimilar í afréttum og almenningum utan landareigna lögbýla, *enda geti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra*. Það verður því ekki betur séð en meginforsenda fyrir brtt. sýslun. V.-og A.-Hún. sé þar með úr sögunni. Á það skal bent, að með orðinu eignarréttur í 5. gr. 2. mgr. frv. er einungis átt við bein eignarréttindi að landi eða landsvæðum. Ríkið hefur að vísu yfirráðarétt og vissar heimildir að landi utan lögbýla og annarra landsvæða, sem eignarréttur einstaklinga eða einstakra héraða nær til, en sá réttur ríkisins, sem helgast einungis af slíkum yfirráðarétti, verður ekki talinn eignarréttur samkv. 5. gr. 2. mgr. frv.

6. gr.

Sýslun. V.- og A.-Húnv. leggja til, að greinin orðist svo: „Fastráðnum sérfræðingum við dýrafræðideild Náttúrugripasafns Íslands í Reykjavík, skal heimilt að veiða fugla og safna eggjum handa safninu, hvar sem er, og án þess að endurgjald

komi fyrir, enda geri þeir landeiganda aðvart fyrirfram og sýni skilríki sín, svo fremi því verði við komið.“

Sýslun. S.- og N.-Þing leggja til, að greinin orðist svo: „Föstum starfsmönnum við dýrafræðideild Náttúrugripasafns Íslands í Reykjavík skal heimilt, hvar sem er að rannsaka fuglalíf, taka myndir, merkja fugla o. fl., en að skjóta fugla og taka egg þeirra aðeins í samráði við og með samþykki hlutaðeigandi landráðanda og í óbyggðum aðeins með leyfi ráðherra.

Nefndin fellst í meginatriðum á brtt. sýslun. V.- og A.-Hún. við þessa grein og í frv. hefur greininni því verið breytt í samræmi við það.

8. gr.
2. málsgr.
b.-liður.

Sýslun. S.-Múl. leggur til, að stóri hvítmáfur verði felldur burt úr þessum lið og bætt við a.-lið (verði ófriðaður allt árið).

Sýslun. Skag. leggur til, að aftan við þenna lið komi: „Þó skal sýslunefnd Skagafjarðarsýslu heimilt að setja reglugerð um veiði svartfugls við Drangey (álku, stuttnefju, langvíu og lunda), á tímabilinu frá 1. maí til 15. júlí.“ Þessi viðbót við b.-lið er að sjálfsögðu algerlega óþörf. Undanþágu frá friðunarákvæðum 8. gr. til að veiða umræddar tegundir er að finna í 10. gr. frv., og í III. kafla frv. er sýslunefndum einmitt veitt heimild til, hverri í sínu héraði að gera samþykktir um þær veiðar.

Sýslun. N-Ísf. leggur til, að lunda megi veiða 15. ágúst til 31. maí. Þessi tillaga er einnig óþörf (sbr. undanþága 10. gr.).

c.- og d.-liðir.

Sýslun. S.-og N.-Þing., V.- og A.-Hún. og V.-Barð. leggja til, að allar endur verði alfriðaðar. Sýslun. S.- og N.-Þing. leggja auk þess til, að allar gæsir verði alfriðaðar.

e.-liður.

Sýslun. N.-Ísf. leggur til, að fýll sé ófriðaður allt árið í björgum, þar sem svartfugl verpir. — Þessi tillaga er óþörf. Undanþága sú, er felst í 1. málsgr. 10. gr. veitir mönnum heimild til að veiða fýl í björgum, og það jafnt hvort svartfugl verpir þar eða ekki, svo og heimild til að taka egg hans eða unga.

f.-liður.

Sýslun. V.-Barð. leggur til, að allar tegundirnar, sem taldar eru undir þessum lið (lómur, himbrimi, sefönd (flórgoði), stóra toppönd (gulönd) og litla toppönd) verði alfriðaðar.

Sýslun. S.- og N.-Þing leggja til, að himbrimi, sefönd (flórgoði) og stóra toppönd (gulönd) verði felldar burt úr þessum lið, og verði þær alfriðaðar. Jafnframt verði veiðitími þeirra tegunda, er þá verða eftir (lómur, litla toppönd), styttur lítið eitt (hefjist 1. sept. í stað 20. ágúst).

g.-liður.

Sýslun. N.-Ísf. leggur til, að rjúpa skuli alfriðuð næstu fimm ár.

Sýslun. S.- og N.-Þing. leggja til, að veiðitími rjúpu verði styttur og verði aðeins frá 1. nóv. til 22. desember.

3. málsgr.

Sýslun. S.- og N.-Þing. leggja til, að aftan við málsgreinina verði bætt: „nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum“.

Sýslun. A.-Skaft. tekur fram, að sjálfsagt virðist að veita undanþágu frá friðunarákvæðum 8. gr. um veiði vegna hlunninda. — Slík undanþága er veitt í 10. gr., og athugasemd þessi er því óþörf.

Í frv. voru upphaflega ákvæði um það, að heimilt skyldi að veiða spóa og hrossagauk á tímabilinu frá 1. ágúst til 30. sept. Flestar sýslunefndanna (A.-Skaft., Borg., Dal., Eyf., N.-Ísf., N.- og S.-Múl., Mýr., Skag., Snæf.- og Hnapp., S.- og N.-Þing., V.- og A.-Hún., V.-Barð.) leggja hins vegar til, að spói og hrossagaukur verði alfriðaðir. Þar sem almennur vilji virðist vera fyrir þessari breytingu á friðunarákvæðum frv. fellst nefndin á þetta, og hefur frv. verið breytt í samræmi við það. Enn fremur hefur nefndin fallizt á, að við 3. málsgr. verði bætt „nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum". Á aðrar breytingar á þessari grein getur nefndin ekki fallizt, og er hún fús til að gera nánari grein fyrir þessari afstöðu sinni, ef þess yrði óskað. Þó skal á það bent, að Sigurður E. Hlíðar heldur fast við þá afstöðu sína, að stytta beri veiðitíma rjúpunnar (sbr. bls. 18 hér að framan).

9. gr.

3. málsgr.

Sýslun. V.- og A.-Hún. leggja til, að á eftir orðunum „skriflega yfirlýsingu um það" komi til fyrirframinnfærslu í veðmálabækur.

10. gr.

1. málsgr.

Sýslun. N.-Ísf. leggur til, að leyft skuli að skjóta svartfugl í bjargi á tímabilinu 1. marz til 15. apríl.

19. gr.

1. málsgr.

Sýslun. V.- og A.-Hún. leggja til, að aftan við málsgreinina bætist: „Veiðihunda má þó hvorki flytja á veiðistað né nota, þar sem búsmali annar en veiðimanns, gengur í högum."

2. málsgr.

Sýslun. N.-Múl. leggur til, að málsgreinin orðist svo: „Eigi má nota vélknúna báta til fuglaveiða, hvorki á söltu né ósöltu vatni."

Sýslun. S.- og N.-Þing. leggja til, að 19. gr. orðist svo:

1. Eigi má nota flugvélar, bifreiðar, vélbáta né önnur vélknúin farartæki á landi eða vötnum, til fuglaveiða eða til að elta upp fugla eða reka.

2. Til fuglaveiða á sjó má eigi nota vélknúna báta, sem ganga meira en 9 sjómílur á klukkustund.

20. gr.

1. málsgr.

Sýslun. S.- og N.-Þing leggja til, að málsgr. orðist svo: „Eigi má nota net til fuglaveiða nema háfa."

3. málsgr.

Sýslun. S.- og N.-Þing. leggja til, að málsgr. falli niður.

21. gr.

Sýslun. Skag. leggur til, að aftan við greinina bætist: „Þó skal heimil flekaveiði við Drangey samkvæmt reglugerð, sem sýslunefnd Skagafjarðarsýslu setur og fær löglegt samþykki héraðsbúa og staðfestingu ráðuneytis."

Nefndin hefur ekki getað fallizt á brtt. sýslun. Skag. við þessa grein. Annað hvort verður bann gegn flekaveiði að gilda hvarvetna á Íslandi, eða flekaveiði verður að leyfa, hvar sem er á landinu. Flekaveiði hefur hingað til ekki verið bönnuð með lögum, en um alllangt skeið hefur hún samt sem áður hvergi verið stunduð, fyrr en nú nýverið, að aftur er byrjað á þessari veiðiaðferð við Drangey. Annars munu menn víðast hvar hafa hætt við þessa veiðiaðferð vegna þess, að hún var talin ómannúðleg, og vegna þess, að hún var talin ganga of nærri fuglastofninum. Enginn vafi er á því,

að með héraðssamþykktum um framkvæmd veiðanna má algerlega koma í veg fyrir, að gengið verði of nærri umræddum fuglastofnum með veiðiaðferð þessari. En eigi að síður verður nefndin að líta svo á, að veiðiaðferð þessi verði alltaf ómannúðleg, jafnvel þótt bandingjar séu ekki notaðir við veiðarnar. Alltaf getur borið við, að óhagstætt veður geti komið í veg fyrir, að hægt sé að vitja um flekana með hæfilegu millibili, eða að óveður slíti legufestar flekanna, sem þá berast sem rekald fyrir veðri og vindi.

28. gr.

Sýslun. A.-Hún. leggur til, að framan við greinina bætist: „Enga fugla má flytja til landsins nema leyfi ráðherra og yfirdýralæknis komi til.“ — Á það skal bent, að um innflutning dýra (og þar með fugla) hafa verið sett sérstök lög (lög nr. 15 frá 8. marz 1948) og virðist óþarfi að taka ákvæði úr þeim lögum upp í frumvarp þetta.

33. gr.

1. málsgr.

Sýslun. V.- og A.-Hún. leggja til, að á eftir orðunum „100 til 3000 krónum“ bætist inn í: „en aldrei undir 500 kr., ef veitt er eða gerð tilraun til veiða ólofað í landi annars manns.“

Hér að framan hefur verið gerð allrækilega grein fyrir umsögnum sýslunefndanna um frv. og brtt. þeim, er í þeim felast. Hefur nefndin gert athugasemdir við þær brtt., er efnislega skipta máli, og auk þess hefur hún gert grein fyrir því, hvaða brtt. hún hefur getað fallizt á, en þær hafa þegar verið felldar inn í frv. Á aðrar brtt. sýslunefndanna hefur nefndin ekki getað fallizt. Sumar þeirra eru byggðar á misskilningi, eins og þegar hefur verið bent á, en í öðrum gætir nokkurra öfga, sem hæpið er, að landsmenn yfirleitt mundu sætta sig við. Með frumvarpinu er íslenzku fuglalífi fyrirhuguð stórkostlega aukin friðun frá því, sem verið hefur. Og verði það að lögum, verða þau lög tvímælalaust einhver strangasta fuglafriðunarlöggjöf, sem nú er í gildi í nokkru landi. Nefndin telur því, að gæta beri varúðar í sambandi við setningu strangari friðunarákvæða en frumvarpið gerir ráð fyrir. Það er mjög þýðingarmikið, að almenningur telji lagaákvæðin réttmæt og sanngjörn og telji sér skylt að hlíta þeim, því að eftirlit með því, að lögunum sé fylgt er að sjálfsögðu miklum erfiðleikum bundið í jafnstrjálbýlu landi og Ísland er.

Nd. 289. Lög [8. mál]

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 9. des.)

Samhljóða þskj. 233.

Ed. 290. Nefndarálit [103. mál]

um frv. til laga um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur rætt frv. á einum fundi og ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þess. Vill meiri hl. láta samþykkja frv. með nokkurri breytingu, en minni hl. (HG) getur ekki á það fallizt. Gefur hann því út sérstakt nál.

Höfuðtilgangur frv. er að gera innflutning til landsins svo frjálsan sem unnt er, eftir því sem gjaldeyristekjurnar leyfa á hverjum tíma, og að létta af þeim höftum, sem hvílt hafa á atvinnu- og viðskiptalífi þjóðarinnar, síðan lögin um fjárhagsráð komu til framkvæmda, og enn fremur að draga að verulegu leyti úr þeim kostnaði, sem meðferð þessara mála hefur haft í för með sér á undanförnum árum. Eru þessar ráðstafanir í samræmi við þau loforð, sem gefin voru fyrir síðustu kosningar, og við þá stefnu, er ríkisstjórnin markaði og stjórnarflokkarnir sömdu um á s. l. sumri.

Meiri hl. n. lítur svo á, að reynslan hafi þegar sýnt það greinilega, að við óþvingað og eðlilegt viðskipta- og verzlunarfrelsi, ef það á hverjum tíma er í fullu samræmi við gjaldeyristekjur þjóðarinnar og viðskiptasamninga við aðrar þjóðir, þróist bezt atvinnulíf landsmanna og að á þann hátt verði afkoma einstaklinga, félaga og þjóðarheildarinnar öruggast tryggð. Þykir því rétt, að það komi beinlínis fram í 1. gr. frv., að að því beri að stefna. Meiri hl. n. leggur því til, að frv. verði samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. Í stað 1. málsl. 1. málsgr. komi tveir nýir málsliðir, er orðist svo:

Stefna skal að því að gera allan innflutning til landsins frjálsan. Meðan gjaldeyristekjur þjóðarinnar nægja ekki til þess, að svo megi verða, ákveður ríkisstjórnin hverju sinni með reglugerð, hvaða innflutningur til landsins skuli vera frjáls.

Alþingi, 10. des. 1953.

Bernh. Stefánsson, form.	Lárus Jóhannesson, fundaskr.	Gísli Jónsson, frsm.
	Karl Kristjánsson.	

Ed. 291. Nefndarálit [103. mál]

um frv. til laga um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Með frv. þessu er lagt til, að öll ákvæði laganna um fjárhagsráð frá 1947, sem lúta að því að tryggja landsmönnum næga atvinnu, auka verðmæti útflutningsins og þar með tekjur í erlendum gjaldeyri, séu úr gildi felld.

Ákvæði þessi er að finna í 2. gr. fjárhagsráðslaganna, og eru þau á þessa leið: „Fjárhagsráð miði störf sín við eftirfarandi:

1. Að öll framleiðslugeta sé hagnýtt til fulls og öllum verkfærum mönnum tryggð næg og örugg atvinna.
2. Að öllum vinnandi mönnum, og þó sérstaklega þeim, er stunda framleiðsluvinnu til sjávar og sveita, séu tryggðar réttlátar tekjur fyrir vinnu sína, en komið í veg fyrir óeðlileg sérréttindi og spákaupmennsku.
3. Að neytendur eigi kost á að kaupa neyzluvörur sínar og framleiðendur rekstrarvörur sínar á hagkvæmasta hátt og vörukaup til landsins og vörudreifing innanlands gerð eins ódýr og hagkvæm og frekast er unnt.
4. Að áframhald verði á öflun nýrra og fullkominna framleiðslutækja til landsins, eftir því sem gjaldeyrisástæður og vinnuafl leyfir frekast, enda verði tryggt fé til framkvæmdanna jafnóðum.
5. Að byggðar verði verksmiðjur og iðjuver til þess að vinna sem mest og bezt úr öllum framleiðsluvörum til lands og sjávar, þannig að þær séu seldar úr landi eins fullunnar og frekast er kostur og við staðsetningu verksmiðjanna verði tekið tillit til hvors tveggja í senn framleiðsluskilyrða og atvinnuþarfa einstakra byggðarlaga.

6. Að atvinnuvegir landsmanna verði reknir á sem hagkvæmastan hátt á arðbærum grundvelli og stöðvist ekki vegna verðbólgu og dýrtíðar.
7. Að húsnæðisskorti og heilsuspillandi íbúðum, hvar sem er á landinu, verði útrýmt með byggingu hagkvæmra íbúðarhúsa.“

Öll þessi ákvæði vill ríkisstjórnin nú fella úr gildi.

Hins vegar vill hún samkv. frv. halda óskertu því valdi, sem hún nú hefur til að hefta innflutning á vörum til landsins og til þess að skammta erlendan gjaldeyri eftir geðþótta. Öll ákvæðin um höft og hömlur á innflutningi og gjaldeyrissölu, sem nú eru í lögum, eru efnislega óbreytt í frv.

Fyrsta málsgr. 1. greinar frv. tekur af öll tvímæli í þessu efni. Þar segir svo: „Frjáls skal vera innflutningur til landsins á þeim vörum, sem ríkisstjórnin ákveður hverju sinni með reglugerð.“ Með öðrum orðum: Það skal vera frjálst, sem ríkisstjórnin segir að sé frjálst. Allt hitt skal vera háð leyfisveitingum, höftum og hömlum.

Hið nýja fjárhagsráð, sem í frv. kallast „innflutningsskrifstofa“, á svo að hafa með höndum alla skömmtun og leyfisveitingar í sambandi við innflutninginn. Yfirstjórn þessara mála allra á því að vera í höndum tveggja manna, sem ríkisstjórnin tilnefnir, væntanlega sinn fyrir hvorn stuðningsflokk stjórnarinnar. Þeir ákveða, hverjum skuli veitt leyfin og hve mikil hverjum. Það er á þeirra valdi að veita og neita. Ef ágreiningur ris milli þessara tvímenninga um það, hvort Pétur sé verðugri leyfisveitingar heldur en Páll, sker svo ríkisstjórnin úr. Á þennan hátt hyggst ríkisstjórnin að taka í sínar hendur og stuðningsflokka sinna fullkomið alræðisvald yfir öllum innflutningsmálum og að útiloka önnur sjónarmið en flokkssjónarmiðin ein.

Skipun núverandi fjárhagsráðs er, þótt margt megi með réttu að því finna, með allt öðrum og lýðræðislegri hætti. Þar eiga ákveðnar stéttir og samtök sína málsvara. Samband íslenzkra samvinnufélaga og Verzlunarráð Íslands eiga þar ákveðna formælendur, sama er um verklýðssamtökin og félagssamtök bænda. Nú nýlega hefur verið skipaður í fjárhagsráð maður, sem er gagnkunnugur málefnum iðnaðarins. Hins vegar hefur oft verið yfir því kvartað með miklum rétti, að sjávarútvegurinn hafi þar átt formælendur fá.

Af þessu er augljóst, að tilgangurinn með því að setja „innflutningsskrifstofu“ í stað fjárhagsráðs er sá einn að fækka þeim mönnum, sem hafa áhrif á skömmtun leyfa, og tryggja það, að flokkssjónarmið stjórnarflokkanna verði þar allsráðandi.

Varðandi gjaldeyrismálin er hið sama að segja. Landsbankinn og Útvegsbankinn ráða því einir samkv. frv., hverjum og til hvaða vörukaupa þeir selja erlendan gjaldeyri.

Verður af framansögðu ljóst, hvílíkt öfugmæli það er, þegar talað er um verzlunarfrelsi, frjálsa verzlun í sambandi við þetta frv. Það tryggir ekki frjálsan innflutning á einni einustu vörutegund, sem nú er háð leyfisveitingum. Samkvæmt því gæti ríkisstjórnin gert allan innflutning frá útlöndum háðan leyfisveitingum, ef henni sýndist svo. Samkvæmt því getur hún látið takmarka sölu á erlendum gjaldeyri eftir geðþótta á hverjum tíma.

Hin eina breyting í rétta átt, sem gerð er með frv. þessu, eru ákvæði 8. gr. um, að frjálst skuli vera að byggja íbúðarhús allt að ákveðinni stærð án sérstaks fjárfestingarleyfis. Þetta er tvímælalaust til bóta frá því, sem nú er. En þessa lagfæringu má hvenær sem er gera að engu með takmörkunum á innflutningi byggingarefnis og sölu á gjaldeyri til kaupa á því. Enn fremur er það mjög á valdi bankanna, annarra lánsstofnana og stjórnarvalda, hvort hægt verður að nota sér þessa rýmkun á réttinum til að byggja yfir sig, að ógleymdum þeim erfiðleikum, sem jafnan hafa virzt vera á því að fá byggingarlóðir hér í Reykjavík.

Ríkisstjórnin og flokkar hennar hafa mjög haldið því á loft, að tilgangurinn með frv. þessu væri að gera verzlunina frjálsa. Ég tel, að með frv. sé alls ekki stigið spor í þá átt. Þvert á móti. Mér þykir því rétt að sannreyna trú stjórnarflokkanna

á verzlunarfrelsið og ber því fram sem aðaltillögu þá breytingu við 1. gr. frv., að innflutningur á vörum til landsins og sömuleiðis útflutningur vara úr landinu skuli vera frjáls.

Verði sú tillaga felld, ber ég fram tillögu um, að meginreglan verði sú, að innflutningurinn skuli vera frjáls, en þó skuli ríkisstjórninni heimilt að ákveða með reglugerð, ef nauðsynlegt er talið, að einstakar, tilteknar vörutegundir skuli háðar leyfisveitingum.

Þá legg ég og til, að hver og einn skuli eiga rétt á að fá keyptan erlendan gjaldeyri innan ákveðins frests til greiðslu á þeim vörum, sem frjálst er að flytja inn hverju sinni.

Enn fremur er það nýmæli í tillögum mínum, að einstaklingum skuli auðveldað að panta sjálfir frá útlöndum til eigin nota allar þær vörur, sem frjálst er að flytja inn.

Ég er andvígur frumvarpinu, ef ekki fást samþykktar efnisbreytingar þær, sem felast í tillögum mínum, og mun þá greiða atkvæði gegn því.

Breytingartillögur mínar eru prentaðar á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 10. des. 1953.

H. Guðmundsson

Ed. 292. Breytingartillögur [103. mál]

við frv. til l. um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar (HG).

I. Aðaltillögur:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Innflutningur á vörum til landsins skal vera frjáls og sömuleiðis útflutningur á vörum úr landi.
2. Við 2. gr. Greinin falli niður.
3. Við 4. gr. Fyrir orðið „innflutningsskrifstofa“ í 1. málsgr. og hvarvetna síðar í frv. kemur: fjárfestingarskrifstofa.
4. Við 5. gr. Orðin „1. og“ falli niður.
5. Við 12. gr. Greinin falli niður.
6. Á eftir 14. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 11 12. febr. 1940, um sölu og útflutning á vörum.
7. Upphaf 15. gr. orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá o. s. frv.
8. Fyrirsögn frv. orðist svo:
   Frv. til l. um skipan innflutnings- og útflutningsmála, gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl.

II. Til vara:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Innflutningur á vörum til landsins skal vera frjáls og sömuleiðis útflutningur á vörum úr landi. Þó skal ríkisstjórninni heimilt að ákveða með reglugerð, að inn- og útflutningur á tilteknum vörum skuli háður leyfisveitingum. Ríkisstjórnin getur enn fremur ákveðið með reglugerð, hvaða gjaldeyrisgreiðslur skuli háðar leyfisveitingum.
2. Á eftir 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Ákvæði 1. gr. um frjálsan innflutning skulu einnig ná til þess, er einstaklingar panta vörur frá útlöndum til eigin þarfa. Innkaupastofnun ríkis-

ins skal skylt að veita einstaklingum fyrirgreiðslu í sambandi við slíkan innflutning gegn hæfilegri þóknun.

3. Við 2. gr. Á eftir 1. málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:
   Bönkum er skylt að láta af hendi gjaldeyri fyrir vörum, sem innflutningur er frjáls á, innan tveggja vikna frá því er þeim berst beiðni um hann. Hið sama á við um frjálsar gjaldeyrisgreiðslur fyrir öðru en vöruinnflutningi.
4. Á eftir 14. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 11 12. febr. 1940, um sölu og útflutning á vörum.
5. Fyrirsögn frv. orðist svo:
   Frv. til l. um skipan innflutnings- og útflutningsmála, gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl.

Ed. 293. Lög [51. mál]

um breyting á lögum nr. 22 19. marz 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 10. des.)

Margrét Jónasdóttir	3933.00		
Margrét Jónsdóttir	1690.50		
Margrét Lárusdóttir	5175.00		
Margrét Kr. Lárusdóttir	2242.50		
Margrét Þórðardóttir	3363.75		
Margrethe Kaldalóns	15749.25		
María Guðlaugsson	4140.00		
Maria J. Klemenz	1690.50		
Marta Þórarinsdóttir	2811.75		
Níelsína Ólafsdóttir	3363.75		
Oktavía Sigurðardóttir	4500.00		
Ólafía Einarsdóttir	6000.00		
Ólafía Finnbogadóttir	1121.50		
Ólína Snæbjörnsdóttir	3933.00		
Ólína Þorsteinsdóttir	5606.25		
Ólöf Steingrímsdóttir	2811.75		
Ragnheiður Bjarnadóttir	5606.25		
Ragnheiður Jónasdóttir	10350.00		
Ragnheiður Straumfjörð	1690.50		
Ragnheiður Torfadóttir	2242.50		
Rannveig Tómasdóttir	3363.75		

		18. gr.	
		kr.	kr.
Rigmor Ófeigsson	4485.00		
Rósa Jónsdóttir	1121.50		
Sesselja Eiríksdóttir	1690.50		
Sigríður Arnljótsdóttir	4485.00		
Sigríður Bjarnason	9000.00		
Sigríður Finnbogadóttir	4485.00		
Sigríður Fjeldsted	3363.75		
Sigríður Gísladóttir	1690.50		
Sigríður Guðmundsdóttir	1690.50		
Sigríður Jónsdóttir frá Vífilsstöðum	8452.50		
Sigríður Jónsdóttir frá Hvítadal	2811.75		
Sigríður Kjartansdóttir	6727.50		
Sigríður Pétursdóttir	5000.00		
Sigríður Snæbjörnsdóttir	2811.75		
Sigríður Snæbjörnssen	3933.00		
Sigríður Steingrímsdóttir	1121.50		
Sigrún Bjarnason	3363.75		
Sigrún Kjartansdóttir	3933.00		
Sigurbjörg Bogadóttir	3933.00		
Sigurlaug G. Gröndal	2242.50		
Sigurlaug Þórey Þorsteinsdóttir	5000.00		
Sólveig Árnadóttir	1690.50		
Sólveig Eggerz	14257.12		
Sólveig Pétursdóttir	5000.00		
Stefanía Hjaltested	2811.75		
Stefanía Stefánsdóttir	5500.00		
Steinunn P. Eyjólfsson	2979.94		
Steinunn Jóhannesdóttir	3363.75		
Steinunn Oddsdóttir	2811.75		
Steinunn E. Stephensen	3363.75		
Súsanna Friðriksdóttir	5000.00		
Sylvía N. Guðmundsdóttir	5300.00		
Theódóra Thoroddsen	6727.50		
Unnur Skúladóttir	5606.25		
Valborg Einarsson	5606.25		
Valgerður Benediktsson	20334.36		
Valgerður Ólafsdóttir	4000.00		
Vigdís G. Blöndal	2811.75		
Viktoría Bjarnadóttir	845.25		
Vilborg Torfadóttir	1690.50		
Vilhelmína Ingimundardóttir	3650.00		
Þóra Sigurðardóttir	1690.50		
Þóra Skaftason	1690.50		
Þorbjörg Sigmundsdóttir	5606.25		
Þórdís Ívarsdóttir	1121.50		
Þórunn Hafstein	2242.50		
Þórunn Pálsdóttir	5606.25		
Þórunn Sigurðardóttir	1690.50		
Þórunn Þórðardóttir	1035.00		
Þorvalda Hulda Sveinsdóttir	3500.00		
Þrúður I. Jónsdóttir	2760.00		

18. gr.

		kr.	kr.
Þuríður Benediktsdóttir	5623.50		
Þuríður Káradóttir	6500.00		
	858622		
Verðlagsuppbót	472242		
		1 330 864	
c. Barnastyrkir:			
1. Barn Árna sál. Helgasonar, héraðslæknis, Jóhanna Margrét Árnadóttir, f. 1/7 1924, sjúklingur	1690.50		
2. Barn Bergsveins sál. Haraldssonar, kennara, Bergljót Bergsveinsdóttir, f. 5/1 1942	1690.50		
3. Barn Sigurðar sál. Gíslasonar, Gunnar Sigurðsson, f. 21/6 1939	1690.50		
	5071.50		
Verðlagsuppbót	2789.32		
		7 861	
			3 283 267
III. Framlag ríkissjóðs skv. 10. gr. l. 101/1943 og 8. gr. l. 102/1943 (áætlað)			6 600 000
IV. Framlag ríkissjóðs til lífeyrissjóðs hjúkrunarkvenna, skv. 12. gr. l. 103/1943			160 000
V. Framlag ríkissjóðs til lífeyrissjóðs ljósmæðra, skv. 1. gr. l. 114/1940			23 500
VI. Framlag ríkissjóðs til grunnlauna- og vísitöluuppbóta á lífeyri			2 150 000
Samtals ...		. . .	12 919 966

19. gr.

Til óvissra útgjalda o. fl. er veitt:

	kr.	kr.
1. Til dýrtíðarráðstafana		45 900 000
2. Til óvissra útgjalda		1 500 000
Samtals ...	. . .	47 400 000

III. KAFLI
Eignahreyfingar.
20. gr.

		kr.	kr.
	Inn:		
I.	Fyrningar		1 850 000
II.	Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum		100 000
III.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		500 000
IV.	Lán tekin á árinu vegna fjárskipta		800 000
	Samtals ...	. . .	3 250 000
	Út:		
I.	Afborganir lána ríkissjóðs og ríkisstofnana:		
	1. Ríkissjóðslán:		
	a. Innlend lán ... 10640299		
	b. Lán í dönskum bönkum ... 1232954		
	c. Lán í Bandaríkjunum ... 81600	11954853	
	2. Lán ríkisstofnana:		
	Landssíminn (3. gr. A. 2)	945 000	
			12 899 853
II.	Útlagðir vextir og afborganir af ýmsum lánum með ríkisábyrgð, sem eru í vanskilum (áætlað)		8 000 000
III.	Til eignaaukningar landssímans (3. gr. A. 2)		5 100 000
IV.	Til bygginga á jörðum ríkisins		650 000
V.	Til ræktunar á jörðum ríkisins		150 000
VI.	Til byggingar björgunar- og varðskips fyrir Norðurland, enda samþykki dómsmálaráðuneytið gerð skipsins		500 000
VII.	Til sementsverksmiðju		1 000 000
VIII.	1. Til viðbótarhúsnæðis við ríkisspítalana	1 800 000	
	Þar af 250 þús. kr. til byggingar hjúkrunarkvennaskóla.		
	2. Til byggingar fávitahælis	500 000	
			2 300 000
IX.	Til bygginga nýrra vita og vitavarðabústaða		1 000 000
X.	Til flugvallagerða		1 320 000
XI.	1. Til byggingar heimavistarhúss við Menntaskólann á Akureyri	250 000	
	2. Til byggingar sjómannaskólans	440 000	
	3. Til byggingar kennarabústaðar á Hólum	75 000	
	4. Til byggingar menntaskólahúss í Reykjavík	1 300 000	
	5. Til byggingar skólastjóraíbúðar við menntaskólann að Laugarvatni	250 000	
	6. Til viðbyggingar Málleysingjaskólans	200 000	
	7. Til byggingar Kennaraskóla Íslands	550 000	
			3 065 000

20. gr.

		kr.	kr.
XII.	Til bygginga á prestssetrum		1 350 000
XIII.	Til byggingar prestsseturshúss á Hólum		100 000
XIV.	Til útihúsa á prestssetrum		350 000
XV.	Til byggingar sýslumannabústaða		600 000
XVI.	Til byggingar lögreglustöðvar í Reykjavík		250 000
XVII.	Til byggingar lögreglustöðvar á Keflavíkurflugvelli		350 000
XVIII.	Til rafveituframkvæmda á Hólum		150 000
XIX.	Til byggingar beitarhúsa á Hólum		25 000
XX.	Til rafveituframkvæmda á Hvanneyri		75 000
XXI.	Til fjósbyggingar að Eiðum		100 000
XXII.	Til að lána til kaupa á dieselrafstöðvum að fengnum tillögum raforkuráðs		650 000
XXIII.	Til byggingar dvalarheimilis fyrir afvegaleidd börn og unglinga		250 000
	Samtals ...	. . .	40 234 853

21. gr

I. Rekstrar

		kr.	kr.
	Tekjur:		
2. gr.	Skattar og tollar		338 800 000
3. gr. A.	Tekjur af rekstri ríkisstofnana		98 621 886
— B.	Tekjur af fasteignum ríkissjóðs		10 000
4. gr.	Tekjur af bönkum og vaxtatekjur		1 983 000
5. gr.	Óvissar tekjur		4 100 000
	Samtals ...	. . .	443 514 886

II. Sjóðs-

		kr.
	Inn:	
2.—5. gr.	Rekstrartekjur samkvæmt rekstraryfirliti	443 514 886
	Aðrar innborganir og fyrningar:	
20. gr. I.	Fyrningar	1 850 000
— II.	Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum o. fl.	100 000
— III.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna	500 000
— IV.	Lán tekin á árinu	800 000
	Samtals ...	446 764 886

firlit.

firlit. 21. gr.

		kr.	kr.
	Gjöld:		
7. gr.	Vextir		3 417 428
8. gr.	Kostnaður við æðstu stjórn landsins		560 161
9. gr.	Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga		3 744 797
10. gr.	Til ríkisstjórnarinnar		13 940 302
11. gr. A.	Dómgæzla og lögreglustjórn	26 231 395	
— B.	Opinbert eftirlit	1 596 373	
— C.	Kostnaður vegna innheimtu tolla og skatta	10 704 101	
— D.	Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur	550 000	39 081 869
12. gr.	Til læknaskipunar og heilbrigðismála		30 164 090
13. gr. A.	Vegamál	41 487 997	
— B.	Samgöngur	7 810 000	
— C.	Vitamál og hafnargerðir	12 109 366	
— D.	Flugmál	3 310 188	64 717 551
14. gr. A.	Kirkjumál	6 132 248	
— B.	Kennslumál	59 363 758	65 496 006
15. gr. A.	Til opinberra safna, bókaútgáfu og listastarfsemi	4 808 385	
— B.	Til rannsókna í opinbera þágu o. fl.	6 249 404	11 057 789
16. gr. A.	Landbúnaðarmál	35 417 496	
— B.	Sjávarútvegsmál	6 052 555	
— C.	Iðnaðarmál	2 123 220	
— D.	Raforkumál	12 774 067	56 367 338
17. gr.	Til félagsmála		54 114 485
18. gr.	Til eftirlauna og styrktarfjár		12 919 966
19. gr.	Óviss útgjöld		47 400 000
	Rekstrarafgangur		40 533 104
	Samtals ...	. . .	443 514 886

ffirlit.

		kr.
	Út:	
7.—19. gr.	Rekstrarútgjöld samkvæmt rekstrarreikningi	402 981 782
	Aðrar útborganir:	
20. gr.	Afborganir lána, greiðslur vegna ríkisáb. og til eignaaukningar	40 234 853
	Greiðslujöfnuður ...	3 548 251
	Samtals ...	446 764 886

22. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

I. Að endurgreiða skemmtanaskatt af fé því, sem aflað er með samkomum og rennur til eflingar slysavörnum hér við land.

II. Að gera ráðstafanir til að flytja brott svo fljótt sem verða má hús þau, er standa á lóðinni Kirkjustræti 12, og láta Alþingi lóðina í té til stækkunar þinghúsgarðinum eða til annarra afnota.

III. Að láta Blindravinafélag Íslands fá að láni allt að 10 útvarpstæki til afnota fyrir blinda menn, og sé kostnaður, er af þessu leiðir, færður á fjárhagsáætlun Viðtækjaverzlunar ríkisins. Enn fremur að lána allt að þremur tækjum til sjúklinga, sem liggja rúmfastir árum saman í heimahúsum.

IV. Að greiða Magnúsi Jónssyni prófessor styrk til visindastarfa, er nemi mismun á eftirlaunum hans og fullum prófessorslaunum, enda sé hann ekki í öðru starfi á vegum hins opinbera.

V. Að verja allt að 24 þús. kr. til þess að greiða prestum þeim húsaleigustyrk, er eigi hafa afnot embættisbústaða.

VI. Að verja allt að helmingi af lóða- og jarðaleigum úr Vestmannaeyjum árið 1953 til varnar gegn landbroti og uppblæstri í eyjunum, enda sé allt, er að því lýtur, gert í samráði við Búnaðarfélag Íslands.

VII. Að verja allt að 10 þús. kr. til þess að styrkja afskekkta staði til að hafa lærða hjúkrunarkonu, eftir tillögum heilbrigðisstjórnarinnar.

VIII. Að greiða læknisvitjanastyrki til þeirra læknishéraða, sem eru læknislaus þrjá mánuði af árinu eða lengur, og nemi þeir allt að læknislaunum þann tíma, sem héraðið er læknislaust.

IX. Að greiða 5 þús. kr. til húsmæðraskólans á Hallormsstað fyrir að kenna kennslukonum vefnað.

X. Að leggja fram það mikið nýtt hlutafé í Skallagrím h/f í Borgarnesi, að hlutafé ríkissjóðs verði jafnan ⅓ af heildarhlutafjárhæð félagsins, þó ekki yfir 200 þús. kr. (endurveiting).

XI. Að ábyrgjast fyrir Skallagrím h/f í Borgarnesi allt að 3.6 millj. kr. innlent eða erlent lán, er félagið kann að taka til smíða á nýju skipi fyrir Reykjavíkur—Akranes—Borgarnesferðir, gegn tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar, þó eigi yfir 60% af kostnaðarverði skipsins.

XII. Að ábyrgjast lán, allt að 6 millj. kr., til byggingar hraðfrystihúsa og fiskimjölsverksmiðja.

XIII. Að aðstoða Flugfélag Íslands h/f við kaup á einni millilandaflugvél og einni innanlandsflugvél með því að veita ríkisábyrgð fyrir allt að 60% af kaupverði flugvélanna, þó eigi yfir 14 millj. kr., gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.

XIV. Að aðstoða Loftleiðir h/f við kaup á einni millilandaflugvél með því að veita ríkisábyrgð fyrir allt að 10 millj. kr. láni gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.

XV. Að gefa eftir aðflutningsgjöld af snjóbifreiðum.

XVI. Að endurgreiða innlendum skipasmíðastöðvum aðflutningsgjöld, þar með talinn söluskattur, af efni í skip og báta, er þær smíða. Má miða endurgreiðsluna við tiltekna fjárhæð á hverja smálest, sem næst því er ætla má að svari til þeirra aðflutningsgjalda og söluskatts, er greidd hafa verið af efni til smíðanna.

XVII. Að greiða menningarsjóði það, sem á kann að vanta, að tekjur sjóðsins árið 1953 nái 360 þús. kr.

XVIII. Að taka lán að fjárhæð allt að 5.5 millj. kr. hjá Framkvæmdabanka Íslands til framkvæmda vegna flugþjónustu.

XIX. Að ábyrgjast lán hjá Tryggingastofnun ríkisins fyrir síldarverksmiðjuna Rauðku á Siglufirði að fjárhæð allt að 2.6 millj. kr.

XX. Að ábyrgjast allt að 550 þús. kr. rekstrarlán fyrir Samband ísl. byggingarfélaga gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.

XXI. Að tryggja með samningi, að bókasafn Þorsteins M. Jónssonar verði eign Kennaraskóla Íslands, enda fallist ríkisstjórnin á skilyrði eigandans fyrir afhendingu safnsins.

XXII. Að verja allt að 1 millj. kr. til byggingar sementsverksmiðju.

XXIII. Að verja allt að 220 þús. kr. úr ríkissjóði til niðurgreiðslu vaxta af viðreisnarláni, sem tekið verður fyrir hönd bænda á garnaveikissvæðunum milli Lónsheiðar og Öxarfjarðar.

XXIV. Að verja allt að 5 millj. kr. til þess að bæta úr atvinnuörðugleikum í landinu á þann hátt, er hún telur heppilegast. Ríkisstjórnin getur sett þau skilyrði fyrir aðstoð þessari um mótframlög og annað, sem hún telur nauðsynlegt.

XXV. Að verja allt að 2.5 millj. kr. til flugvallagerðar til viðbótar framlagi á 20. gr., ef tekjur flugvallanna fara fram úr áætlun sem þessu nemur, enda vaxi ekki rekstrarhalli flugmálanna samkv. 13. gr. D.

XXVI. Að greiða eigendum minkabúa allt að 250 þús. kr. í bætur vegna niðurlagningar búanna, sbr. lög nr. 11/1951, eftir reglum, sem ríkisstjórnin setur.

XXVII. Að lána Sölufélagi garðyrkjumanna allt að 300 þús. kr. til byggingar á söluskála fyrir vörur þeirra.

XXVIII. Að greiða ¾ hluta hitakostnaðar héraðs- og húsmæðraskóla í sveitum, sem ekki búa við jarðhita.

XXIX. Að ákveða, að fjölgun starfsmanna ríkis og ríkisstofnana skuli vera háð samþykki fjármálaráðherra, þar til sett verða lög um ráðstafanir til þess að draga úr kostnaði við opinberan rekstur.

23. gr.

Á árinu 1954 skal greiða sérstakar uppbætur á laun starfsmanna ríkisins sem hér segir:

Á laun samkvæmt	I.—III.	flokki	launalaga	10 %
- — —	IV.	—	—	12 —
- — —	V.— IX.	—	—	15 —
- — —	X.—XV.	—	—	17 —

enda skal lágmarksvinnutími samkv. 1. gr. I. reglugerðar nr. 45 1946 og 2. gr. d. reglugerðar nr. 136 1945 vera á sama tíma 38½ klukkustund á viku.

Á árinu 1954 skal greiða 15% uppbót á lífeyri og eftirlaun, þó aldrei á hærri fjárhæð en 14 400 kr. hverjum einstökum lífeyris- eða eftirlaunaþega.

Ríkissjóður greiðir helming uppbótarinnar á lífeyri, en hlutaðeigandi lífeyrissjóður hinn helminginn.

24. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1953 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Nd. 306. Nefndarálit [7. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1954 með viðauka.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið. Það er samhljóða þeim lögum, er nú gilda, að öðru leyti en því, að viðauki eignarskatts er felldur niður, þar sem ráð er fyrir gert, að ný skattalög verði samþykkt á þessu þingi. — Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 12. des. 1953.

Skúli Guðmundsson, form., frsm. Jóhann Hafstein, fundaskr. Gylfi Þ. Gíslason, með fyrirvara.
Jón Pálmason. Páll Þorsteinsson.

Sþ. 307. Tillaga til þingsályktunar [126. mál]

um að fela ríkisstjórninni að gera gagnkvæman höfundaréttarsamning við Bandaríki Ameríku.

(Lögð fyrir Alþingi á 73. löggjafarþingi, 1953.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera samning við Bandaríki Ameríku um gagnkvæma vernd höfundaréttinda.

Greinargerð:

Bernarsáttmálinn, sem Ísland er eins og kunnugt er nú orðið aðili að, hefur eigi þótt nægilega víðtækur, þar eð ýmis lönd hafa aldrei gerst aðilar að honum, þar á meðal Bandaríki Ameríku.

Því var það, að menningarmálanefnd Sameinuðu þjóðanna beitti sér fyrir nýjum og víðtækari sáttmála um vernd höfundaréttar og hafa Bandaríkin m. a. gerst aðili að honum. Hér á Alþingi hefur nýlega verið samþykkt þingsályktunartillaga um aðild Íslands að þessum sáttmála.

Enda þótt Ísland gerist aðili að hinum nýja sáttmála, er engu að síður rétt að gera sérstakan samning við Bandaríkin um gagnkvæma vernd höfundaréttar. Er það vegna þess, að búast má við, að langur aðdragandi verði að því, að þátttaka samningsríkjanna verði staðfest (ratificeruð) af þeim, og að sáttmálinn veitir ekki eins mikla vernd, eins og ætla má að hægt sé að ná með sérstökum samningi við Bandaríkin. Með þessari tillögu er þess vegna lagt til, að gerður verði sérstakur samningur við Bandaríkin um gagnkvæma vernd höfundaréttinda.

Sþ. **308. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1954.

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við 3. gr. A. Sundurliðun. 12. Liðurinn orðist svo:

Ríkisbú:			
a. Á Bessastöðum.			
I. Tekjur	425 000		
II. Gjöld	408 000		
			17 000
b. Á Hvanneyri.			
I. Tekjur	795 000		
II. Gjöld	790 000		
			5 000
c. Á Hólum.			
I. Tekjur	377 000		
II. Gjöld	374 000		
			3 000
d. Á Reykjum (bú garðyrkjuskólans).			
I. Tekjur	308 000		
II. Gjöld	303 000		
			5 000
e. Á Vífilsstöðum.			
I. Tekjur	587 000		
II. Gjöld	578 000		
			9 000
f. Í Kópavogi.			
I. Tekjur	87 000		
II. Gjöld	81 000		
			6 000
g. Á Kleppi.			
I. Tekjur	393 000		
II. Gjöld	383 000		
			10 000
		Fært á 3. gr. A. 7	55 000

2. — 11. — A. 8. e. (Sumarlöggæzla á Raufarhöfn).
Fyrir „10 000“ kemur 20 000

3. — 11. — A. 8. h. Nýr liður:
Til löggæzlu í Vestmannaeyjum á vetrarvertíð 20 000

4. — 11. — A. 9. (Landhelgisgæzla).
Fyrir „10 225 000“ kemur 10 355 000

5. — 11. — A. 17. a. Nýr liður:
Útgáfa félagsdóma 7 000

6. — 13. — A. I. 3. (Stjórn vegagerða, skrifstofukostnaður).
Fyrir „180 000“ kemur 290 000

7. Við 13. gr. A. II. a. 168. (Þykkvabæjarvegur). Aftan við liðinn bætist:
Þar af vegurinn Miðkot—Unhóll 20 þús. kr.

8. — 13. — C. VIII. 30. (Hafnarmannvirki og lendingarbætur).
Nýr liður:
Kópavogur 70 000

9. Við 13. gr. C. VIII. 61. Liðurinn orðist svo.
Til lendingarbóta á eftirtöldum stöðum við Ísafjarðardjúp og í Suður-Múlasýslu, gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að:

a. Vatnsfirði	20 000	
b. Arngerðareyri	10 000	
c. Reykjanesi	15 000	
d. Gautavík	12 000	
e. Krossi	5 000	
		62 000

10. — 14. — B. I. a. 9. (Háskólinn). Nýir liðir:

a. Til lektors í íslenzku við Oslóarháskóla	10 000
b. Til lektors í þýzku við Háskóla Íslands	10 000
c. Til Hermanns Pálssonar lektors við Edinborgarháskóla (fyrri greiðsla)	10 000

11. — 14. — B. II. c. (Lánasjóður stúdenta).
Fyrir „300 000“ kemur ... 500 000

12. — 14. — B. XV. 9. Liðurinn orðist svo:
Til handíðaskólans:

a. Laun skólastjóra:		
1. Grunnlaun með uppbót	35 190	
2. Verðlagsuppbót	15 749	
		50 939
b. Annar kostnaður		45 000

13. — 14. — B. XVII. 2. (Íþróttasjóður).
Fyrir „600 000“ kemur ... 750 000

14. — 14. — B. XXVI. (Skáksamband Íslands).
Fyrir „10 000“ kemur ... 20 000

15. — 14. — B. XXVIII. (Alþýðusamband Íslands).
Fyrir „50 000“ kemur ... 75 000

16. — 15. — A. IV. 2. (Listasafn ríkisins, annar kostnaður).
Fyrir „20 000“ kemur ... 30 000

17. — 15. — A. VII. Nýr liður:
Til kaupa á tveimur eintökum af filmum af skjölum og handritum í þjóðskjalasafninu, öðru handa amtsbókasafninu á Akureyri og hinu handa héraðsskjalasafninu á Ísafirði, 20 þús. kr. til hvors safns, þó ekki yfir ⅓ kostnaðar ... 40 000

18. — 15. — A. IX. 8. Nýr liður:
Til að safna gögnum og semja rit um íslenzka þjóðhætti við sjávarsíðuna samkvæmt ráðstöfun Fiskifélags Íslands ... 15 000

19. — 15. — A. XXIII. Nýr liður:
Til Jónasar Tómassonar tónskálds ... 10 000

20. — 15. — A. XXVI. 10. Liðurinn orðist svo:
Til leikstarfsemi á Siglufirði, gegn að minnsta kosti jafnmiklu framlagi annars staðar að ... 4 000
Bæjarstjórn Siglufjarðar skiptir upphæðinni milli leikfélags Siglufjarðar og leikfélags templara.

21. — 15. — A. XXVI. 17. (Bandalag ísl. leikfélaga).
Fyrir „50 000“ kemur ... 70 000

22. — 15. — A. XXVIII. 16. (Landssamband blandaðra kóra og kvennakóra).
Fyrir „9 000“ kemur ... 12 000

23.	Við 15. gr.	A. XXXI. Nýr liður: Til Gerðar Helgadóttur til að læra myndskreytingu á gluggum í kirkjur og samkomuhús		5 000
24.	— 15. —	A. L. Nýr liður: Til norskrar listsýningar í Reykjavík		90 000
25.	— 15. —	A. LIII. Nýr liður: Til Jóns Guðmundssonar, fyrrv. veitingamanns á Þingvöllum		10 000
26.	— 15. —	A. LVIII. Nýr liður: Til byggðasafns Rangæinga, til að byggja skýli yfir skipið Pétursey		5 000
27.	— 16. —	A. 12. Nýir liðir: a. Til þess að koma upp sýningarreitum í jarðrækt og námskeiðum í því sambandi		750 000
		b. Til umbóta á Reykhólum vegna skipulags staðarins		25 000
28.	— 16. —	A. 17. (Fyrirhleðslur). Fyrir orðin „gegn því að landeigendur leggi fram ⅛ kostnaðar“ kemur: gegn framlagi ⅛ kostnaðar annars staðar að.		
29.	— 16. —	A. 21.—22. (Landþurrkun í Austur- og Vestur-Landeyjum). Aftan við hvorn lið bætist: gegn framlagi ⅛ kostnaðar annars staðar að.		
30.	— 16. —	A. 27. c. (Til skógræktarfélaga). Fyrir „250 000“ kemur		325 000
31.	— 16. —	A. 32. b. (Veiðimálaskrifstofan, annar kostnaður). Fyrir „50 000“ kemur		70 000
32.	— 16. —	C. 2. Texti liðarins orðist svo: Til iðnaðarmálastofnunar Íslands.		
33.	— 16. —	C. 6. (Bygging iðnskóla í Reykjavík). Fyrir orðin „⅖ kostnaðar“ kemur: gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að.		
34.	— 16. —	D. V. (Nýjar raforkuframkvæmdir). Fyrir „3 860 000“ kemur		5 860 000
35.	— 16. —	D. X. (Raforkusjóður). Fyrir „7 000 000“ kemur		5 000 000
36.	— 17. —	6. (Gamalmennahæli). a. Við a. (Elliheimilið Grund). Fyrir „10 000“ kemur		30 000
		b. Við b. (Gamalmennahæ'i utan Reykjavíkur). 1. Fyrir „10 000 kr., kemur: 20 000 kr.		
		2. Fyrir „90 000“ kemur		180 000
37.	— 17. —	11. Liðurinn orðist svo: Til starfskvennaskóla Sumargjafar, gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að		35 000
38.	— 18. —	II. a. a. Niður falla þessir liðir: 1. Bergur Jónsson. 2. Guðmundur Davíðsson. 3. Halldór Jónsson. 4. Jóhann P. Jónsson. 5. Klemenz Klemenzson.		
		b. Við bætast í stafrófsröð: 1. Einar Þorsteinsson, fyrrv. fiskimatsmaður		2 000.00
		2. Elín Einarsdóttir, fyrrv. fulltrúi		2 000.00

		3. Grímur Grímsson, fyrrv. skólastjóri	3 500.00
		4. Halldór Jónsson, fyrrv. yfirfiskimatsmaður	6 000.00
		5. Ingveldur Magnúsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	1 700.00
		6. Jón Ísleifsson, verkfræðingur	3 000.00
		7. Jón Jónsson, fyrrv. fiskimatsmaður	2 000.00
		8. Jórunn Þórðardóttir, fyrrv. handavinnukennari	5 000.00
		9. Klemenz Samúelsson, fyrrv. barnakennari	2 000.00
		10. Kristján Steingrímsson, fyrrv. bæjarfógeti	12 000.00
		11. Oddur Ívarsson, fyrrv. póstafgreiðslumaður	2 000.00
		12. Ólafur Th. Sveinsson, fyrrv. skipaskoðunarstjóri	4 000.00
		13. Sigríður Einarsdóttir, fyrrv. póst- og símaafgreiðslukona	3 000.00
		14. Svanhildur Ólafsdóttir, fyrrv. fulltrúi	2 000.00
		15. Thor Brand, fyrrv. umsjónarmaður	5 000.00
		16. Þórarinn Grímsson, fyrrv. símstjóri og vitavörður	3 500.00
		17. Þórný Friðriksdóttir, fyrrv. húsmæðraskólastjóri	6 000.00
		18. Þórunn Magnúsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	1 700.00
39.	Við 18. gr. II. b.		
		a. Niður falla þessir liðir:	
		1. Guðný Þorsteinsdóttir.	
		2. Hanna Þormar.	
		3. Líney Sigurjónsdóttir.	
		b. Eftirfarandi liðir breytast:	
		1. Anna Ásmundsdóttir.	
		Fyrir „3 450.00“ kemur	4 600.00
		2. Elísabet Sigurðardóttir.	
		Fyrir „2 026.87“ kemur	3 000.00
		3. Ingibjörg Björnsdóttir.	
		Fyrir „3 000.00“ kemur	3 500.00
		4. Júlíana Jónsdóttir. Liðurinn orðist svo:	
		Júlíana M. Jónsdóttir	4 550.00
		5. Sigríður Snæbjörnssen.	
		Fyrir „3 933.00“ kemur	4 500.00
		6. Sigrún Bjarnason.	
		Fyrir „3 363.75“ kemur	4 360.00
		c. Við bætast í stafrófsröð:	
		1. Guðrún S. Guðmundsdóttir	5 000.00
		2. Guðrún Hálfdánardóttir	2 000.00
		3. Guðrún Pétursdóttir	5 000.00
		4. Klara Helgadóttir	2 000.00
		5. Margrét Jónsdóttir frá Hrauni	3 500.00
		6. Málfríður Jónsdóttir	4 500.00
		7. Olga E. Jónsson	5 000.00
		8. Ólafía Valdimarsdóttir	3 000.00
		9. Ragnhildur Teitsdóttir	1 600.00
		10. Ragnhildur Thorlacius	6 000.00
		11. Þóra L. Björnsson	6 000.00
		12. Vilborg Bjarnadóttir	3 200.00
40.	— 20. —	Út. XI. 4. Nýr liður:	
		Til byggingar menntaskólahúss á Laugarvatni	250 000
41.	— 20. —	Út. XI. 7. Nýr liður:	
		Til byggingar skólastjóraíbúðar við íþróttakennaraskólann á Laugarvatni	100 000

42. Við 20. gr. Út. XVI. (Bygging lögreglustöðvar í Reykjavík).
Fyrir „250 000“ kemur 450 000
43. — 22. — XVIII. (Lán vegna flugþjónustu).
Fyrir „5.5 millj.“ kemur: 1.4 millj.
44. — 22. — XX. Nýr liður:
Að ábyrgjast allt að 400 þús. kr. lán, er hreppsnefnd Hveragerðishrepps tekur til að leggja hitaveitu í þorpið, þó eigi yfir 80% af heildarkostnaði.
45. — 22. — XXIII. Nýr liður:
Að leggja fram allt að 250 þús. kr. án mótframlags til byggingar barnaskóla í Hnífsdal í stað þess, er fauk í ofviðri á öndverðu árinu 1953.
46. — 22. — XXVI. Nýir liðir:
a. Að greiða h/f. Skallagrími í Borgarnesi allt að 100 þús. kr. viðbótarrekstrarstyrk, ef óhjákvæmilegt reynist.
b. Að kaupa land og húseignir af héraðsskólanum á Laugarvatni handa menntaskólanum og íþróttakennaraskólanum, enda náist samkomulag um verð.
47. — 23. — 3. málsgr. fellur niður.

Nd. 309. Breytingartillaga [103. mál]

við frv. til l. um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl.

Frá Einari Olgeirssyni.

Við 8. gr. Á eftir 2. málsgr. komi svo hljóðandi málsgrein:
Innflutningur á byggingarefnum skal vera frjáls, þannig að allir hafi jafnan rétt til þess að fá þau. Bankar ríkisins skulu auka stórum lán til íbúðarhúsabygginga, svo að mönnum verði gert kleift að hagnýta sér byggingarfrelsið.

Ed. 310. Breytingartillögur [63. mál]

við frv. til l. um síldarleit úr lofti.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 2. gr. Fyrir „formann“ í 3. málsl. kemur: einn þeirra formann.
2. Við 3. gr. 1. málsgr. og 1. málsl. 2. málsgr. orðist svo:
Síldarleitarnefnd ræður síldarleitarstjóra, ákveður laun hans og setur honum erindisbréf.
Síldarleitarstjóri ræður starfsmenn síldarleitarinnar, tekur á leigu flugvélar til leitarinnar og hefur með höndum daglega stjórn hennar, allt í samráði við síldarleitarnefnd.
3. 4. gr. orðist svo:
Í júnímánuði ár hvert skulu síldarverksmiðjur ríkisins, síldarútvegsnefnd og fiskimálasjóður leggja fram hver um sig 100 þús. kr. til þess að standa straum af kostnaði af síldarleit á síldarvertíð þeirri, er þá fer í hönd, þar með talin laun síldarleitarstjóra, en hann tekur saman kostnaðinn þegar að vertíð lokinni og skiptir honum eigi síðar en um næstu áramót á eftirtalda aðila sem hér segir:

Fiskimálasjóður greiðir ⅓ hluta kostnaðar. ⅔ hlutum skal jafnað niður á síldarútvegsnefnd og síldarverksmiðjur, er reknar eru á svæðinu frá Horni að Djúpavogi. Við þá skiptingu skal miðað við tunnufjölda saltaðrar síldar til útflutnings og málafjölda bræðslusíldar, og skal tunna saltsíldar látin jafngilda máli til bræðslu. Síldarútvegsnefnd greiðir allt gjaldið af saltsíldinni, en síldarverksmiðjurnar í hlutfalli við þann málafjölda, sem þær hver um sig hafa tekið við til vinnslu á síldarvertíðinni.

Nú hrekkur framlag einhvers þeirra aðlia, er í 1. málsgr. getur, ekki til greiðslu þess hluta síldarleitarkostnaðar, er í hans hlut kemur samkv. 2. málsgr., þegar lokareikningar hafa verið gerðir, og er honum þá skylt að greiða það, sem á vantar, enda á hann á sama hátt endurgreiðslurétt, ef hlutur hans reynist minni en framlaginu nemur.

4. Við 7. gr.

a. Greinin orðist svo:

Nú hefur atvinnumálaráðherra ákveðið, að fréttasendingar síldarleitarinnar skuli fara fram á dulmáli, og skal síldarleitarstjóri þá semja dulmálslykil, einn eða fleiri, og afhenda hann starfsmönnum síldarleitarinnar, stjórn Landssíma Íslands, landhelgisgæzlunni og skipstjórum á íslenzkum síldveiðiskipum. Kostnaður vegna dulmálslykla telst til síldarleitarkostnaðar.

Þeim aðilum, sem fá dulmálslykla eða fréttir á dulmáli frá síldarleitinni, skal skylt að fara með það sem trúnaðarmál.

b. Á eftir greininni kemur ný gr., svo hljóðandi:

Brot gegn ákvæðum 7. gr. varða sektum til ríkissjóðs frá 500 til 10000 krónum. Ef miklar sakir eru eða brot er margítrekað, er heimilt að svipta hinn brotlega dulmálslykli og innsigla tæki hans.

Mál út af brotum gegn 7. gr. skulu sæta meðferð opinberra mála.

Ed. 311. Breytingartillögur [63. mál]

við brtt. á þskj. 310 [Síldarleit úr lofti].

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Við 3. tölul.

a. Aftan við 2. málsgr. bætist: Aldrei má þó kostnaður af síldarleit, sem innheimtur er hjá síldarútvegsnefnd og síldarverksmiðjum, nema meiru en 2 kr. á mál eða tunnu.

b. Á eftir 3. málsgr. kemur ný málsgr., svo hljóðandi:

Nú hrökkva greiðslur frá síldarútvegsnefnd og síldarverksmiðjum ekki til þess að standa undir ⅔ síldarleitarkostnaðar, og skal þá ríkissjóður greiða það, sem á vantar.

Sþ. 312. Nefndarálit [1. mál]

um styrk til flóabáta og vöruflutninga.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Nefndin hefur nú eins og undanfarið annazt undirbúning tillagna um styrki til flóabáta og vöruflutninga. Í því starfi hefur hún aflað sér upplýsinga um rekstur, afkomu og efnahag þessara samgöngufyrirtækja í samvinnu við forstjóra Skipaútgerðar ríkisins.

Um rekstrarafkomu flóabátanna á árinu 1953 er það að segja, að hún hefur verið nokkuð misjöfn. Sumir bátanna hafa bjargazt sæmilega með þann styrk, sem þeir hafa. Hjá öðrum hefur orðið nokkur halli og hjá sumum allverulegur.

Enda þótt nefndin hafi með aðstoð Skipaútgerðarinnar reynt að afla sér fullkominna upplýsinga um rekstur allra bátanna, brestur þó nokkuð á, að henni hafi tekizt það. Nefndin hefur því samþykkt að beina þeirri áskorun til samgöngumálaráðuneytisins, að það feli sérstökum manni að rannsaka á næsta ári allan rekstur flóabátanna með tilliti til þess, að sem gleggst vitneskja fáist um hag og afkomu bátanna.

Samkvæmt tillögum nefndarinnar er lagt til, að flóabátaferðunum verði á næsta ári hagað með svipuðum hætti og undanfarin ár. Þó er gert ráð fyrir, að rekstur tveggja þeirra, Húnaflóa- og Strandabáts og Eskifjarðarbáts, verði felldur niður. Verður gerð nánari grein fyrir ástæðum þess hér á eftir.

Um rekstur einstakra flóabáta og ferðir þeirra skal þetta tekið fram:

Breiðafjarðarsamgöngur:

Lagt er til, að rekstrarstyrkur til Flateyjarbáts hækki um 20 þús. kr. Hefur rekstur bátsins gengið mjög illa á þessu ári, og hefur verið farið fram á mikla hækkun á styrk til hans. Hefur nefndin komið nokkuð til móts við þær óskir. Leggur hún nú til, að styrkupphæð til hans verði veitt í einu lagi til vikulegra ferða frá Flatey með viðkomu í eyjum og á höfnum við norðanverðan Breiðafjörð samkvæmt fastri áætlun.

Um samgöngurnar við sunnanverðan Breiðafjörð er það að segja, að Stykkishólmsbátur fer nú fram á mikla styrkhækkun. Hefur hlutafélagið, sem rekur bátinn, nú orðið að kaupa nýjan og stærri bát til þess að annast ferðirnar, en óumflýjanlegt er talið að skipta um vél í honum. Nefndin hefur ekki talið unnt að komast hjá að verða við þessum óskum að nokkru leyti. Leggur hún því til, að rekstrarstyrkur bátsins verði hækkaður um 25 þús. kr. og 20 þús. kr. verði veittar til vélakaupa. Er það í samræmi við það, sem tíðkazt hefur gagnvart mörgum öðrum flóabátum á undanförnum árum.

Styrkur til Skógarstrandar- og Langeyjarnesbáts leggur nefndin til að verði óbreyttur.

Ísafjarðarsamgöngur:

Sama skip hefur annazt þær ferðir og undanfarin ár. Hefur rekstur þess gengið sæmilega á árinu. Heildarstyrkveiting til þessa flóabáts á þessu ári var 430 þús. kr., þar af 50 þús. kr. upp í rekstrarhalla undanfarinna ára og 40 þús. kr. til vélakaupa. Nefndin leggur nú til, að rekstrarstyrkur bátsins verði 350 þús. kr. á næsta ári og enn fremur verði veittar 20 þús. kr. til viðgerðar á m/s Fagranesi.

Norðurlandssamgöngur:

Húnaflóa- og Strandabátur, sem annast ferðir milli hafna í Strandasýslu, hefur nú verið seldur, og enginn bátur hefur enn þá verið fenginn í hans stað. Hefur nefndin því í samráði við þingmann kjördæmisins lagt til, að styrkur til hans verði felldur niður á næsta ári. En samkvæmt ósk þingmannsins og í samráði við hv. fjvn. er lagt til, að hluta þess styrks, sem nefndur bátur naut, verði varið til samgöngubóta á landi í Strandasýslu. Hefur verið rætt um, að honum verði varið til framkvæmda við Selstrandarveg, sem koma mun kauptúninu á Drangsnesi í akvegasamband, og Gjögurveg, sem liggur frá Ingólfsfirði að Gjögri. Reynslan verður svo að skera úr um það, hvort nauðsynlegt verður að taka upp rekstur þessa flóabáts að nýju.

Styrkur vegna flóabátaferða í Strandasýslu lækkar samkvæmt tillögum nefndarinnar um 30 þús. kr.

Norðurlandsbátur, sem gengur um Eyjafjörð og Skagafjörð, fékk á þessu ári 310 þús. kr. styrk. Leggur nefndin til, að styrkupphæð hans hækki um 20 þús. kr. Telur útgerðarmaður bátsins sig ekki geta komizt af með lægri styrkupphæð. Haganesvíkurbátur fái sama styrk og á s. l. ári. Hins vegar er lagt til, að styrkur Hríseyjarbáts verði hækkaður um 1 þús. kr. og styrkur til Flateyjarbáts á Skjálfanda um 6 þús. kr. Hefur eigandi þess báts flutzt búferlum til Húsavíkur, og gerir það rekstur bátsins allmiklu dýrari. En ókleift hefur reynzt að fá annan bát í Flatey, sem fær væri um að halda þessum ferðum uppi.

Austfjarðasamgöngur:

Þar er lagt til, að styrkur til Loðmundarfjarðarbáts verði óbreyttur, en styrkur til Mjóafjarðarbáts hækki um 2 þús. kr. Hins vegar er lagt til, að styrkur til Eskifjarðarbáts falli niður, þar sem ferðir hans eru nú óþarfar orðnar vegna nýs akvegar, sem fullnægir flutningaþörfinni milli þeirra byggðarlaga, sem hann hélt uppi ferðum til. Styrkur til Berufjarðarbáts er lagt til að verði óbreyttur.

Suðurlandsskip:

Eins og kunnugt er, hefur um langt skeið verið veittur nokkur styrkur til þess að greiða niður flutningskostnað á hinni löngu og erfiðu leið frá Reykjavík til Vestur-Skaftafellssýslu. Með því hefur Alþingi viðurkennt sérstöðu þessara algerlega hafnlausu byggðarlaga, sem engra samgangna njóta á sjó.

Fyrir atbeina sýslunefndar Vestur-Skaftafellssýslu réðst aðalsérleyfishafinn á leiðinni Reykjavík—Kirkjubæjarklaustur í kaup á snjóbíl á s. l. ári til notkunar við vetrarflutninga í sýslunni. Er að því samgöngutæki mikið öryggi fyrir sýslubúa. Var nú sótt um 25 þús. kr. styrk í eitt skipti fyrir öll vegna þessa öryggistækis. Varð nefndin við þeirri beiðni og leggur til, að styrkurinn til Suðurlandsskips hækki um þessa upphæð.

Þá er gert ráð fyrir, að styrkur til vöruflutninga í Austur-Skaftafellssýslu hækki um 3 þús. kr.

Enn fremur leggur nefndin til, að styrkur til Vestmannaeyja- og Stokkseyrarbáts verði óbreyttur. Hefur bæjarstjórn Vestmannaeyja, þingmaður kaupstaðarins og þingmenn Árnesinga eindregið óskað, að ferðum þessa báts verði haldið uppi framvegis.

Faxaflóasamgöngur:

Síðan m/s Laxfoss strandaði og ónýttist í janúarmánuði 1951, hafa þessar samgöngur verið miklum vandkvæðum bundnar. Hefur h/f Skallagrímur, sem annast þær, orðið að nota dýr leiguskip til hinna nauðsynlegu samgangna milli Reykjavíkur, Akraness og Borgarness.

Á þessu ári hefur félagið 200 þús. kr. rekstrarstyrk til ferðanna samkvæmt tillögum samvinnunefndarinnar. Nú hefur sjórn félagsins farið fram á, að því verði veittur 360 þús. kr. rekstrarstyrkur. Telur hún ókleift að halda ferðunum uppi með minna en 30 þús. kr. rekstrarstyrk á mánuði.

Nefndin treystir sér ekki til að taka svo háa styrkupphæð upp í tillögur sínar. Leggur hún til, að félaginu verði veittur 200 þús. kr. styrkur. Enn fremur hefur hún lagt til við fjvn., að tekin verði upp brtt. um að heimila ríkisstjórninni að veita h/f Skallagrími allt að 100 þús. kr. viðbótarstyrk, ef brýna nauðsyn beri til, til þess að þessum nauðsynlegu samgöngum verði haldið uppi.

Nefndin lítur svo á, að meðan félagið hefur ekki fengið nýtt og hentugt skip til ferðanna, sé um millibilsástand að ræða, sem óumflýjanlegt sé að fleyta þessum samgöngum yfir.

Samkvæmt tillögum samvinnunefndarinnar áætlar hún styrk til flóabátaferða og vöruflutninga á næsta ári samtals 1607500 kr. Er það 3500 kr. hærra en á því ári, sem nú er að líða.

Nefndin leggur til, að styrkupphæðin skiptist þannig:

Djúpbátur	kr.	370 000.00
Húnaflóa- og Strandabátur	—	100 000.00
Norðurlandsbátur	—	330 000.00
Haganesvíkurbátur	—	6 000.00
Hríseyjarbátur	—	11 000.00
Flateyjarbátur á Skjálfanda	—	20 000.00
Loðmundarfjarðarbátur	—	12 000.00
Mjóafjarðarbátur	—	20 000.00
Berufjarðarbátur	—	5 000.00
Suðurlandsskip	—	170 000.00
Mýrabátur í Faxaflóa	—	3 000.00
Flateyjarbátur til vikulegra ferða frá Flatey með viðkomu í eyjum og á höfnum við norðanverðan Breiðafjörð samkv. áætlun	—	90 000.00
Stykkishólmsbátur	—	110 000.00
Sami, styrkur vegna vélakaupa	—	20 000.00
Skógarstrandar- og Langeyjarnesbátur	—	13 000.00
Patreksfjarðarbátur	—	2 500.00
Til bátaferða í A-Skaftafellssýslu og vöruflutninga til Öræfa	—	45 000.00
Vestmannaeyja- og Stokkseyrarbátur	—	80 000.00
Til h/f Skallagríms vegna ferða um Faxaflóa	—	200 000.00
Samtals	kr.	1 607 500.00

Alþingi, 14. des. 1953.

Sigurður Bjarnason, form. Nd.-nefndar, frsm.
Sigurður Ó. Ólafsson, form.Ed.-nefndar.
Ásgeir Bjarnason, fundaskr. Nd.-nefndar.
Andrés Eyjólfsson, fundaskr. Ed-nefndar.
Jón Kjartansson.
Eiríkur Þorsteinsson.
H. Guðmundsson.
Vilhjálmur Hjálmarsson.
Emil Jónsson.
Magnús Jónsson.

Fylgiskjal.

Samkvæmt ósk háttvirtrar samvinnunefndar samgöngumála í sambandi við undirbúning fjárlaga fyrir 1954 leyfum vér oss hér með að leggja fram eftirfarandi yfirlitsgreinargerð varðandi rekstur flóabáta:

Djúpbáturinn:

Á yfirstandandi ári hefur h/f Djúpbáturinn á Ísafirði eins og áður annazt flutninga um Ísafjarðardjúp og nágrenni að mestu með bát sínum, Fagranesi, sem er 70 tonn að stærð með 240 ha. aðalvél. Á árinu 1952 voru eigin tekjur bátsins að meðtöldum tekjum fyrir upp-og útskipun 547 þús. kr. Var sæmileg útkoma á rekstrinum á árinu, enda hafði styrkur úr ríkissjóði verið hækkaður úr 240 þús. kr. (1951) í 340 þús. kr. (1952), og flutningsgjaldataxtar bátsins voru einnig hækkaðir í maí/júní 1952 nokkurn veginn sem hér greinir: Fargjöld 25% og farmgjöld 20%. Upp- og útskipunargjöld hafa hins vegar ekki verið hækkuð síðan í júní 1951, voru þá hækkuð um 30%.

Á yfirstandandi ári sýnist oss, að jafnhár styrkur til bátsins hefði átt að nægja, þar eð hækkun sú á flutningsgjöldum, sem ákveðin var í maí/júní 1952 gilti fyrir allt árið 1953, en fjárveiting til bátsins á yfirstandandi ári var þó 430 þús. kr. að meðtöldum styrk til vélarkaupa, að upphæð 40 þús. kr.

Virðist því útgerð bátsins á þessu ári fá töluverðan tekjuafgang, og má segja, að það sé sanngjarnt vegna mikils taps á fyrri árum.

Útgerð Djúpbátsins sækir nú um 350 þús. kr. rekstrarstyrk fyrir 1954, og enn fremur fer útgerðin fram á 50 þús. kr. fjárveitingu til þess að byggja nýtt stýrishús á m/b Fagranes. Sýnist oss nefnd umsókn um rekstrarstyrk vera eðlileg, miðað við óbreytta flutningsgjaldataxta, en að því er snertir fjárveitingu til að endurnýja stýrishús bátsins, þá viljum vér taka fram, að eðlilegast væri, að útgerðarstjórnin tæki lán í banka til þeirra framkvæmda. Sé slíkt lán samt ekki fáanlegt, verður væntanlega að leggja fram fé úr ríkissjóði, og mundum vér þá telja réttast, að það yrði sem veðlán, enda teljum vér, að hverfa beri frá þeirri braut að veita beina styrki til endurbyggingar eða endurnýjunar á bátum, sem ríkið er ekki beinlínis eigandi að. Er augljóst, að slíkar styrkveitingar leiða brátt út á hálar brautir.

Norðurlandsbátur:

Bátur þessi hefur fastar áætlunarferðir á milli Hríseyjar og Litla-Árskógssands Skagafjörður og höfuðstöð Akureyri. Hefur Steindór Jónsson útgerðarmaður á Akureyri í mörg ár annazt þessar strandferðir með m/b Drang, sem er 74 br. tonn með 200 ha. aðalvél.

Á árinu 1952 voru eigin tekjur þessa báts 548 000.00 kr., en ríkissjóðsstyrkur á því ári nam 290 000.00. Á yfirstandandi ári er styrkurinn 310 000.00 kr., en farið er fram á 30 þús. kr. hækkun fyrir árið 1954, og sýnist oss sú beiðni sanngjörn, ef flutningsgjaldataxtar eru látnir haldast óbreyttir.

Hríseyjarbátur:

Bátur þessi hefur fastar áætlunarferðir á milli Hríseyjar og Litla-Árskógssands árið um kring. Hefur 5 tonna trillubátur, Sævar, annazt þessar ferðir undir eftirliti oddvita Hríseyjarhrepps. Farnar voru áætlunarferðir sem hér greinir: Ein vikulega í janúar, tvær vikulega í febr./maí, fjórar vikulega í júní/sept., tvær vikulega í okt./des.

Báturinn fer stundum aukaferðir, svo sem til Dalvíkur og inn til Akureyrar. Eigin tekjur bátsins á árinu 1952 námu 36 þús. kr., styrkur frá sýslusjóði 3500.00 kr., styrkur úr ríkissjóði 10000.00 kr., en Hríseyjarhreppur greiddi mismuninn, rúmlega 8000.00 kr. Á yfirstandandi ári er styrkur á fjárlögum til bátsins 10000.00 kr., og er farið fram á ekki minni styrk fyrir næsta ár, en með því að dýrtíð hefur heldur vaxið, leggjum vér til að hækka styrkinn upp í 11 þús. kr.

Oddviti Hríseyjarhrepps upplýsir, að skipta þurfi um vél í nefndum bát á næsta ári, og mun kostnaður við það verða 40—45 þús. kr. Fer oddvitinn fram á allverulegan styrk vegna þessa, en tiltekur þó ekki upphæð.

Flateyjarbátur á Skjálfanda:

Bátur þessi hefur fastar áætlunarferðir á milli Flateyjar á Skjálfanda og Húsavíkur árið um kring, og eru ferðirnar að forfallalausu farnar 1. og 15. hvers mánaðar. M/b Hrönn, 15 br. tonn með 60—72 ha. aðalvél, hefur annazt ferðir þessar undir eftirliti oddvita Flateyjarhrepps. Á árinu 1952 fór báturinn 24 póstferðir og 8 aukaferðir. Ríkisstyrkur á því ári var 13 þús. kr., en eigin tekjur bátsins samkvæmt skilagrein kr. 12018. Á yfirstandandi ári var ríkisstyrkurinn 14 þús. kr., en eigin tekjur samkvæmt skilagrein oddvita hafa verið frá 1. jan. til 30. sept. kr. 5409.00 í 18 ferðum. Erfitt þykir að geyma bátinn við Flatey yfir veturinn, og er nú eigandinn fluttur með bátinn til Húsavíkur, en þetta verður til þess, að báturinn þarf að fara helmingi fleiri ferðir á milli Húsavíkur og Flateyjar en áður til þess að gera Flateyingum líkt gagn.

Hefur í þessu sambandi verið farið fram á að fá ríkisframlagið hækkað upp í allt að 20 þús. kr.

Loðmundarfjarðarbátur:

Bátur þessi er í förum milli Seyðisfjarðar og Loðmundarfjarðar, og er það m/b Njörður, 10 br. tonn með 48 ha. aðalvél, sem annazt hefur ferðirnar undir eftirliti Kaupfélags Austfjarða á Seyðisfirði. Ætlazt hefur verið til, að farnar væru 2 áætlunarferðir á mánuði yfir sumarið, maí/okt, og aukaferðir eftir þörfum.

Samkvæmt upplýsingum frá Kaupfélagi Austfjarða í fyrra mánuði hafði báturinn þá farið 13 áætlunarferðir og 15 aukaferðir til Loðmundarfjarðar fram til mánaðamóta okt./nóv. á þessu ári, og einnig hafði báturinn farið 5 ferðir til Húsavíkur. Eigin tekjur bátsins fyrir flutninga í þessum ferðum námu kr. 5040.00. Styrkur til þessara ferða á yfirstandandi ári er 12 þús. kr. og er farið fram á óbreyttan styrk.

Mjóafjarðarbátur:

Bátur þessi gengur vikulega mestan hluta ársins á milli Mjóafjarðar og Neskaupstaðar og fer aukaferðir þess á milli eftir þörfum og ástæðum. Hefur m/b Marscelie, 7 br. tonn með 32 ha. aðalvél, annazt ferðir þessar að undanförnu.

Á yfirstandandi ári var veittur 18 þús. kr. ríkisstyrkur til þessa báts, og upplýsir oddviti, að styrknum hafi verið ráðstafað á þann hátt að semja um 53 áætlunarferðir við eiganda bátsins. Farnar voru 40 ferðir til októberloka, og námu tekjur af far- og farmgjöldum í þessum ferðum kr. 9300.00. Auk þess hafði báturinn nokkrar tekjur fyrir aukaferðir, 200—300 kr. fyrir ferðina. Styrkur á fjárlögum til nefnds báts er á yfirstandandi ári kr. 18000.00, en sótt hefur verið um hækkun, sem nemur kr. 3500.00 til kr. 5000.00 fyrir næsta ár, vegna aukinnar dýrtíðar og vegna þess að hreppsnefndin hefur hug á að semja um að minnsta kosti 10 áætlunarferðir í viðbót fyrir næstkomandi ár.

Berufjarðarbátur:

Bátur þessi gengur á milli Djúpavogs og Þiljuvalla yfir sumarið í sambandi við áætlunarferðir bifreiða. Hefur m/b Bjarmi, 5 br. tonn með 16 ha. aðalvél, annazt þessar siglingar að undanförnu undir eftirliti oddvita Búlandshrepps. Farnar voru 85 ferðir á tímabilinu júní til okt. á yfirstandandi sumri. Vonir stóðu til, að styrkur til þessa báts gæti fallið niður eftir 1953, en dregizt hefur að byggja brýr á leiðinni inn fyrir Berufjörð, og mun því verða að veita styrk til nefnds báts á næsta ári, líkt og að undanförnu, enda liggur fyrir umsókn um það. Var styrkurinn til ferjunnar á yfirstandandi ári kr. 5000.00.

Mýrabátur í Faxaflóa:

Enginn sérstakur bátur hefur verið í þessum ferðum, heldur hafa bændur á Mýrum, sem hafa trillubáta, séð um ferðirnar, og styrknum verið skipt á milli þeirra með milligöngu alþingismanns kjördæmisins. Er hér um lítinn styrk að ræða, aðeins kr. 2500.00 á yfirstandandi ári, og mun vera sanngjarnt að halda áfram að veita þennan styrk.

Stykkishólmsbátur:

Bátur þessi fer áætlunarferðir um Breiðafjörð árið um kring og hefur aðsetur í Stykkishólmi. M/b Baldur, 45 br. tonn með 132 ha. vél, hefur að mestu annazt þessar siglingar að undanförnu, en með tilliti til verkefna hefur þessi bátur reynzt heldur lítill, og hefur nú Flóabáturinn Baldur h/f keypt stærri bát, m/b Þorstein, 61 br. tonn, til umræddra siglinga. Telur stjórn flóabátsins, að m/b Þorsteinn hafi fengizt með mjög hagstæðum kjörum, en þó eykur það kaupverðið, að skipta þarf um vél í bátnum. Hefur útgerðarstjórnin í þessu sambandi farið fram á 80 000.00 kr. styrk til kaupa á vél og 110 000.00 kr. rekstrarstyrk fyrir árið 1954.

Ríkisstyrkur til nefnds báts á árunum 1952 og 1953 var 85 000.00 kr. á ári, en eigin tekjur bátsins 290 000.00 kr. 1952 og 432 000.00 kr. 1953. Hefur því verið greiddur minni styrkur til þessa báts miðað við eigin tekjur en til Djúpbátsins og Eyjafjarðar — Skagafjarðarbáts, en þetta stafar auðvitað að verulegu leyti af því, að Stykkishólmsbátur er gerður út í grennd við Reykjavík og getur skroppið þangað öðru hvoru til þess að drýgja tekjur sínar.

Umræddur bátur annast nú næstum allan flutning á sjó milli Reykjavíkur annars vegar og Gilsfjarðar og Hvammsfjarðar hins vegar, og er heppilegt fyrir strandferðaskip ríkisins að losna við þær siglingar, enda í samræmi við óskir aðila þar vestra um að hafa flutningabát, sem lagzt getur að bryggju á umræddum stöðum, en skip eins og Skjaldbreið er of stórt til þess.

Nú skal vakin athygli á því, að m/b Baldur stendur í raun og veru enn í 585 þús. kr., þar eð ekki var neinn tekjuafgangur 1951 né 1952 til þess að mæta afskriftum, sem tilætlunin var að næmu 45 þús. kr. fyrir hvort ár, eða samtals 90 þús. kr. fyrir bæði árin. Skal til samanburðar í þessu sambandi bent á, að m/b Fagranes er nú ekki bókfært nema á 47 þús. kr. og Drangur á 146 þús. kr., og eru þó þeir bátar miklu stærri en m/b Baldur.

Eins og fram er tekið í álitsgerðinni hér að framan varðandi Djúpbátinn, teljum vér mjög vafasamt að fara inn á þá braut að greiða beinan styrk til vélakaupa eða einhvers konar endurbyggingar á flóabátum, sem ríkið er ekki beinlínis eigandi að. En með tilliti til þess, sem hér hefur verið sagt um útgerð Stykkishólmsbáts, viljum vél mæla með því að veita útgerð bátsins þann styrk, er um hefur verið beðið, samtals 190 þús. kr. árið 1954, enda verði 80 þús. kr. af þessum styrk veittar sem uppbót á hinn lága og ófullnægjandi styrk til bátsins á árunum 1951—52.

Langeyjarnes- og Skógarstrandarbátur:

Bátur þessi hefur haldið uppi áætlunarferðum á milli Stykkishólms annars vegar og Langeyjarness og Skógarstrandar hins vegar árið um kring, eftir því sem ástæður hafa leyft, og hefur Eggert Björnsson í Stykkishólmi annazt ferðir þessar að undanförnu á 5—6 tonna trillubáti, en þann bát seldi hann á s. l. sumri til fiskveiða og keypti nýjan trillubát, 10 tonn að stærð með 56 ha. aðalvél. Á tímabilinu frá 1. jan. til 27. okt. á yfirstandandi ári hafði báturinn farið 17 ferðir til Langeyjarness og 10 til Skógarstandar, og voru það mun færri ferðir en á næsta ári á undan, og er ástæðan sú, að vegarsambandi hefur nú verið komið á milli Stykkishólms og Skógarstrandar, en við þetta hafa líka tekjur bátsins minnkað um nærri helming, voru á nefndu tímabili 1952 í kringum 5000.00 kr., en ekki nema 2730.00 á yfirstandandi ári.

Í bréfi, dags. 27. okt. síðastl., hefur útgerðarmaður nefnds báts farið fram á, að styrkurinn til hans verði hækkaður upp í kr. 20 000.00 á næsta ári, en eftir nokkra athugun, sem vér höfum gert á málinu, teljum vér, að áæltunarferðir bátsins til Skógarstrandar geti nú fallið niður að mestu, nema sem aukaferðir, þegar bændur á Skógarströnd hafa dregið saman flutning í bátinn, svo að það borgi sig fyrir hann að mestu leyti að fara fyrir flutningsgjaldið. Fólksflutningur með bátnum á þessari leið er oss tjáð, að sé alveg fallinn niður, þannig að ekki getur talizt réttlætanlegt að styrkja bátinn til áætlunarferða milli Stykkishólms og Skógarstrandar í framtíðinni.

Nauðsynlegt mun vera að styrkja bátinn til ferða til Langeyjarness eins og áður, og hefur útgerðarmaðurinn í því sambandi talið, að sér mundi nægja sami styrkur og áður, kr. 13 000.00 yfir árið.

Flateyjarbátur á Breiðafirði:

Bátur þessi heldur uppi ferðum um norðanverðan Breiðafjörð með aðalstöð í Flatey. Er það m/b Konráð, 18 br. tonn með 66 ha. aðalvél, eign h/f Norðra í Flatey, sem annazt hefur ferðir þessar. Farnar eru vikulegar áætlunarferðir frá byrjun júní þar til seint í september, en yfir sláturtíðina, í sept./okt., er báturinn

ekki í föstum áætlunarferðum, vegna fjárflutninga og annarra flutninga. Eftir það og til mailoka fer báturinn yfirleitt áætlunarferðir hálfsmánaðarlega og aukaferðir eftir þörfum.

Samkvæmt yfirliti um rekstur þessa báts á yfirstandandi ári má ætla, að eigin tekjur hans muni verða í kringum 60 000.00 kr., en útgerðarkostnaður hans virðist verða í kringum kr. 170 000.00. Ríkisstyrkurinn til bátsins á yfirstandandi ári er 70 þúsund krónur, og virðist því útlit fyrir, að tap muni verða á rekstrinum í kringum 40 þús. kr. Segir forstjóri Kaupfélags Flateyjar, að félag hans eigi hjá útgerð bátsins í kringum 50 þús. kr. fyrir útlagðar vörur og fleira fyrir bátinn og geti Kaupfélagið ekki staðizt að tapa þessu, enda sé það að öðru leyti mjög illa statt fjárhagslega.

Í bréfi, sem stjórn h/f Norðra hefur skrifað Skipaútgerðinni hinn 4. þ. m., er sagt, að félagið skuldi 70 þús. kr. og muni þurfa að taka lán til greiðslu á launum skipshafnar, vátryggingariðgjöldum o. fl., eigi minna en 50 þús. kr., enda hefur forstjóri Kaupfélags Flateyjar, sem hér er staddur, farið fram á aðstoð vora til þess að útvega lán frá ríkissjóði vegna þess. Stjórn Norðra h/f hefur farið fram á kr. 100 000.00 ríkisstyrk til rekstrar bátsins á næsta ári og segist ekki geta hafið starfrækslu bátsins eftir áramótin, nema þessi styrkur fáist.

Samkvæmt framangreindu teljum vér rétt að reikna með kr. 100 000.00 styrk til Flateyjarbáts á Breiðafirði á næsta ári, 1954, en vér teljum, að það þurfi athugunar við, hvort ekki sé rétt að láta Stykkishólmsbátinn taka að sér þessa flutninga, ef til vill með einhverjum takmörkunum, en væri horfið að því ráði, yrði sennilega að láta hluta af styrknum til þess að greiða fyrir aukaferðir með lækni o. fl., sem sérstök nauðsyn ber til þess að styrkja.

Patreksfjarðarbátur:

Hér er um að ræða 3 tonna trillubát, sem hafður er í förum árið um kring, aðallega til mjólkurflutninga yfir Patreksfjörð til Vatneyrar. Fer báturinn venjulega annan daginn frá Vatneyri til Gjögra í Örlygshöfn og til baka aftur og hinn daginn frá Vatneyri til Hvalskers og til baka aftur. Mjólkurflutningarnir eru á vegum Mjólkursamlags Rauðasandshrepps, en styrkur hefur verið veittur nefndum bát vegna þeirrar þjónustu, er hann innir af hendi. Upplýsir oddviti, að ferðir bátsins hafi verið í góðu lagi á yfirstandandi ári. Mælt er með óbreyttum styrk.

Strandabátur:

M/b Harpa, 29 br. tonn með 115 ha. aðalvél, eign Sigurðar Péturssonar, Djúpavík, hefur á undanförnum árum annazt ferðir um Strandahafnir í hér um bil 4 mánuði, jún./sept., á sumri hverju. Fyrr á árum fór báturinn inn á Hvammstanga a. m. k. aðra hvora ferð, en síðan hætti báturinn að fara nema suður til Hólmavíkur.

Eigin tekjur þessa báts hafa farið minnkandi með ári hverju, voru 1951 30 þús. kr., 1952 18 þús. kr., 1953 tæplega 14 þús. kr. Á yfirstandandi ári var styrkur til bátsins 130 þús. kr., og virðist því ríkisframlagið óeðlilega hátt miðað við verkefnin, samkvæmt því sem eigin tekjur bátsins benda til.

Nú eru vegasamgöngur að batna á Ströndum; þannig komast á á síðastl. sumri akvegasamband á milli Hólmavíkur og Kaldrananess, og lítið vantar á, að komið sé akvegasamband á milli Kaldrananess og Drangsness. Skilst oss, að það akvegasamband muni komast á næsta sumar og enn fremur akvegasamband á milli Ingólfsfjarðar og Gjögurs seint á næsta sumri.

Strandferðaskipið Skjaldbreið fer nú næstum reglulega á hálfsmánaðarfresti frá Reykjavík til Húnaflóa-, Skagafjarðar- og Eyjafjarðarhafna, og þræðir skipið þá á austurleið hafnir frá Ingólfsfirði til Hólmavíkur og áfram um Óspakseyri, Borðeyri, Hvammstanga, Blönduós og Skagaströnd á austurleið, en á bakaleið hefur skipið yfirleitt farið beint frá Skagaströnd til Hólmavíkur, Djúpavíkur, Norður-

fjarðar og Ísafjarðar. En með tilliti til þess, sem segir um verkefni umrædds Strandabáts að undanförnu, þá teljum vér, með tilliti til ferða Skjaldbreiðar, að ekki sé réttlætanlegt lengur að veita styrk til bátsins, eins og verið hefur, heldur beri að leggja þeim mun meira fé í vegabætur þarna nyrðra og láta Skjaldbreið koma á fleiri hafnir á Ströndunum á vesturleið á sínum hálfsmánaðarlegu ferðum. Mætti t. d. láta skipið á næstkomandi sumri jafnan koma við á Drangsnesi og Gjögri og jafnvel Ingólfsfirði í viðbót við þær hafnir, sem áður eru greindar í sambandi við viðkomur skipsins á vesturleið.

Fram skal tekið, að engin umsókn liggur fyrir um styrk til Strandabáts á næstkomandi sumri, enda hefur Sigurður Pétursson útgerðarmaður m/b Hörpu nú selt nefndan bát í aðra sýslu og engan bát fengið í staðinn. Hefur hann þó tjáð oss, að hann hafi hug á að kaupa eða láta byggja nýjan bát.

Stokkseyrar- og Vestmannaeyjabátur:

M/b Gísli Johnsen, 32 br. tonn með 100/110 ha. aðalvél, hefur að undanförnu annazt ferðir þessar, og hafa þær venjulega staðið yfir frá miðjum maí og þar til í september, eða hér um bil 4 mánuði á hverju sumri. Á árinu 1953 reyndust eigin tekjur bátsins 46 þús. kr., en ríkisstyrkurinn nam 80 þús. kr., og rekstrarhalli er talinn 29 þús. kr., án þess að sjáanlegt sé, að nokkuð hafi verið afskrifað.

Fargjöld fyrir farþega voru hækkuð sumarið 1953 úr 35 kr. í 40 kr. fyrir manninn, en aðrir tekjuöflunartaxtar stóðu óbreyttir. Fluttir voru 1056 farþegar, 29 tonn af ýmsum vörum, 7 stórgripir og 6 bifreiðar. Flutningsmagnið var því líkt og áður og ferðafjöldi svipaður, 46 ferðir á móti 47 árið áður.

Bersýnilegt er, að bátur þessi hefur næstum eingöngu verið starfræktur vegna farþegaflutnings, því að flutningur á hinu litla vörumagni, sem tilgreint er, getur varla skipt neinu máli. Oss er tjáð, að þar sé um að ræða dálitið af mjólkurafurðum, mjólk, rjóma, skyri og ostum, og þó aðallega grænmeti frá Hveragerði, sem auðvitað er eins hægt að senda gegnum Reykjavík með hinum tíðu skipaferðum, sem eru á milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja. En sé litið á tölu farþega fluttra með þessum bát, þá virðist koma í ljós, að styrkurinn til bátsins þurfi að vera það hár, að ekki sé réttlætanlegt að greiða hann, þegar á það er litið, að fargjöld með strandferðaskipum ríkisins milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur eru aðeins kr. 60.00 á 2. farrými og kr. 84.00 á 1. farrými og flugfar kr. 120.00. En strandferðaskip ríkisins og flugvélar flugfélaganna veita það mikla möguleika um samgöngur milli Vestmannaeyja og meginlandsins, að af þeim ástæðum getur varla talizt réttlætanlegt að greiða t. d. 110—120 þús. kr. ríkisstyrk til ferða umrædds báts.

Þess skal getið, að á árinu 1952 fluttu strandferðaskip ríkisins 1068 farþega til Vestmannaeyja og 796 farþega frá Vestmannaeyjum, og tjáir Flugfélag Íslands oss, að það hafi á sama ári flutt 4260 farþega til Vestmannaeyja og 4271 farþega frá Vestmannaeyjum. Flugfélag Íslands hefur að undanförnu haft reglubundnar flugferðir einu sinni til tvisvar í viku milli Vestmannaeyja og Hellu á Rangárvöllum og einu sinni í viku milli Vestmannaeyja og Skógasands. Minnkar þetta ástæðuna til þess að styrkja flutninga nefnds báts milli Vestmannaeyja og Stokkseyrar.

Haganesvíkurbátur:

Veittar voru 6000.00 kr. úr ríkissjóði til ferða báts á milli Haganesvíkur og Siglufjarðar á yfirstandandi ári, en upphæðin var með samþykki Skipaútgerðarinnar og stjórnarráðsins notuð til þess að greiða mismun á dagvinnu og nætur- og helgidagavinnu við afgreiðslu á m/b Drang frá Akureyri, en þannig hefur atvikazt, að sá bátur hefur yfirleitt verið á Haganesvík á þeim tíma, að bátinn hefur orðið að afgreiða í eftir- eða næturvinnu. Stendur þetta í sambandi við bindingu Drangs við áætlunarferðir bifreiða til og frá öðrum höfnum. Umsókn liggur fyrir um það að veita ekki minni styrk en á yfirstandandi ári vegna nefnds báts eða afgreiðslukostnaðar.

Bátaferðir í Austur-Skaftafellssýslu og vöruflutningar til Öræfa:

Á yfirstandandi ári voru samkvæmt fjárlögum veittar 42 þús. kr. úr ríkissjóði til nefndra flutninga, og var upphæðinni skipt þannig, að 7 þús. kr. voru greiddar til stuðnings bátaferðum á Hornafirði, en 35 þús. kr. til vöruflutninga til Öræfa, þar af kr. 31 500.00 vegna flutninga í flugvélum og kr. 4500.00 til flutningabáts. Flutt voru 129 tonn af vörum í flugvélum milli Öræfa og Reykjavíkur, og var flutningskostnaður allt að kr. 1000.00 á tonn, en kr. 700—750.00 á tonn, eftir að búið var að draga ríkisstyrkinn frá. Nú var meðalflutningsgjald með strandferðaskipum ríkisins ekki nema kr. 179.83 á tonn á s. l. ári, 1952, og sést því, að hlutaðeigandi fólk í Skaftafellssýslu er miður sett en almenningur á landinu, þrátt fyrir ofangreinda styrkveitingu. Er nú farið fram á að hækka þennan styrk upp í kr. 50 000.00, og getum vér mælt með því.

Suðurlandsskip:

Svo sem kunnugt er, hefur um langt skeið verið veittur nokkur styrkur á fjárlögum til þess að greiða niður flutningskostnað á hinni löngu leið frá Reykjavík til Víkurkauptúns í Vestur-Skaftafellssýslu, og hefur með þessu verið viðurkennd sérstaða íbúa Vestur-Skaftafellssýslu vegna hafnleysis sýslunnar. Flutningskostnaður á hvert tonn nauðsynjavöru var á s. l. ári kr. 500.00 fyrir vörur fluttar austur fyrir Mýrdalssand, en nokkru lægri fyrir vörur fluttar til vestlægara svæðis í sýslunni, og hefur nefndum fjárlagastyrk verið varið til þess að lækka ofurlítið þennan flutningskostnað. Veittar voru 145 þús. kr. á fjárlögum fyrir yfirstandandi ár til niðurgreiðslu á flutningskostnaði á nefndri leið, og getum vér mælt með því að veita að minnsta kosti jafnháa fjárveitingu á næsta ári, en umsókn um þetta hefur ekki borizt til vor; mun hafa verið send beint til samgöngumálanefndar Alþingis.

Borgarnesskip:

Skýrslur hafa ekki borizt til vor varðandi þetta skip, en útgerðarstjóri þess hér í Reykjavík tjáir oss, að 200 þús. kr. fjárveiting á yfirstandandi ári sé að minnsta kosti 160 þús. kr. of lág. Mun nefndur útgerðarstjóri hafa sent skilríki um rekstur-inn beint til Alþingis, og getum vér síðar látið í ljós nánara álit varðandi þennan rekstur, ef háttvirt samvinnunefnd samgöngumála æskir þess.

Kaupgjaldsvísitalan:

Á árinu 1952 var kaupgjaldsvísitalan að meðaltali 148.75 stig, en 157.25 stig á yfirstandandi ári. Olli þetta 5.71% hækkun á launagreiðslum, sem algerlega voru háðar vísitölunni. Við lok yfirstandandi árs er kaupgjaldsvísitalan sem kunnugt er 158 stig, og hefði hún staðið þannig allt árið, hefði það valdið 6.22% hækkun á launagreiðslum miðað við árið 1952.

Verð á gasolíu:

Meðalverð á gasolíu til báta utan Reykjavíkur var á árinu 1952 79⅔ aurar á lítra, en meðalverðið 1953 mun reynast 76⅓ eyris, eða 4.2% lægra. Verð við árslok er samt aðeins 74 aurar á lítra, eða 7.12% lægra en meðalverð á árinu 1952.

Óþarft er í þessu sambandi að benda á það, að langmestur hluti af rekstrarkostnaði hvers flóabáts er fólginn í launum skipshafnar og launum inniföldum í viðhaldi og alls konar þjónustu. En yfirleitt er gasolían næstmesti gjaldaliðurinn.

Virðingarfyllst,

Skipaútgerð ríkisins.

Guðjón F. Teitsson.

Til samvinnunefndar samgöngumála, Alþingi.

Sþ. 313. Tillaga til þingsályktunar [127. mál]

um bifreiðakostnað ríkisstjórnarinnar.

Flm.: Bergur Sigurbjörnsson, Gils Guðmundsson.

Alþingi ályktar:

1) að heimila ríkisstjórninni að hafa 1—2 bifreiðar og einn til tvo fastráðna bifreiðarstjóra í embættisþágu á kostnað ríkissjóðs;
2) að selja atvinnubifreiðarstjórum aðrar bifreiðar, er ríkissjóður á og ráðherrar, núverandi eða í fyrrverandi ríkisstjórn, hafa eða höfðu til eigin nota, enda sé tilboða leitað í bifreiðarnar og þær seldar hæstbjóðendum.

Greinargerð.

Íslenzk þjóð er enn svo fátæk að fé og framleiðslutækjum, að hún verður að gæta ýtrustu sparsemi og ráðdeildar í hvívetna, jafnt í smáu sem stóru. Því til sönnunar nægir að nefna það eitt, að hún hefur nú um nokkur ár orðið að lúta því hlutskipti að biðja í auðmýkt erlenda þjóð að gefa sér allmörg hundruð milljónir króna sér til lífsbjargar og viðreisnar, án þess þó að sýnt væri nægilega fram á, að þjóðin hefði orðið fyrir þeim áföllum, er talizt gætu gild afsökun fyrir slíku.

En þrátt fyrir þetta hefur því verið mjög á loft haldið á sama tíma, og það ekki að ástæðulausu, að þjóðin sýndi það í fáu, að svo hefði verið að henni þrengt, að nauður einn hefði rekið hana til að biðja um fjárgjafirnar; þvert á móti þrífist hér hin versta sóun verðmæta og lausung í meðferð fjármuna ásamt hóflausu tildri og tilhaldssemi. Gildir þar einu, hvort um er að ræða einstaklinga eða opinbera aðila.

Það má ljóst vera, að um ráðdeild og sparsemi verða æðstu valdamenn þjóðarinnar að vera til fyrirmyndar öðrum þjóðfélagsborgurum sem lægra eru settir, því að „eftir höfðinu dansa limirnir“. Ef ráðherrar og aðrir valdamenn þjóðarinnar leyfa sér alls konar prjál og óhóf á kostnað almennings að hætti austurlenzkra höfðingja, má nærri geta, að ýmsir aðrir telji sig hafa rétt til að fara ekki sparlegar með það fé, sem þeir sjálfir teljast eiga, en þjónar þó þjóðarheildinni eða gæti þjónað henni í einhverri mynd, hversu sem háttar eignarheimild þess.

Við flutningsmenn þessarar þingsályktunartillögu leggjum til, eins og þar greinir, að minnkað verði bílahald og bifreiðakostnaður ríkisstjórnarinnar mjög verulega frá því, sem nú er. Hefur óhófseyðsla í þessu efni færzt mjög í aukana hin síðustu ár, án sýnilegrar ástæðu og án þess að nokkur gild rök hafi verið fram færð fyrir þessum bifreiðakostnaði. Er og ekki sýnilegt, að það verði rökstutt á nokkurn hátt, að ráðherrar, búsettir og starfandi í Reykjavík, þurfi á bíl að halda vegna starfs síns, hvað þá að hverjum ráðherra sé þörf á einkabifreiðarstjóra á fullum launum, meðan hann situr á skrifstofu sinni, á Alþingi eða dvelst á heimili sínu til hvíldar og endurnæringar.

Sér í lagi verður þó nauðsyn þessa ekki greind, þegar tekið er tillit til fátæktar þjóðarinnar og þeirrar skattpíningar, sem hún hefur átt við að búa um langt árabil til að standa straum af ýmsum óhjákvæmilegum útgjöldum þjóðfélagsheildarinnar.

Í því sambandi væri holt að hafa það hugfast, að Per Albin Hanson, sem um langt skeið var forsætisráðherra hins auðuga Svíaveldis, ferðaðist jafnaðarlega í strætis- og sporvögnum og varð bráðkvaddur, er hann steig út úr slíku farartæki á leið til heimilis síns. Er þó ólíku saman að jafna auði Svíþjóðar og Íslands.

Tillaga þessi felur í sér nokkur hundruð þús. kr. sparnað árlega, og væntum við flutningsmenn hennar því, að ríkisstjórnin mæli með því, að hún nái fram að ganga á þessu þingi. Væri með því fengið fordæmi um sparnaðarvilja ríkisstjórnarinnar, og er þá ekki að efa, að fleiri tillögur í sparnaðarátt mundu verði lagðar fram af hálfu þingmanna, þegar sýnt væri, að ríkisstjórnin kynni slíkt vel að meta.

Nd. 314. Breytingartillögur [119. mál]

við frv. til l. um viðauka við l. nr. 115 7. nóv. 1941, um Búnaðarbanka Íslands.

Frá Einari Olgeirssyni.

1. Við 1. gr. Í stað „800 þúsund krónum“ komi: tveim milljónum króna.
2. Við 2. gr. Í stað „35 þúsund krónur“ í síðasta málsl. komi: 100 þúsund krónur.

Nd. 315. Nefndarálit [90. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 55 25. maí 1949, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á nokkrum fundum og er sammála um að mæla með samþykkt þess með svofelldri

BREYTINGU:

Á eftir 1. gr. kemur ný gr., svo hljóðandi:

13. gr. laganna orðist svo:

Um greiðslu kostnaðar vegna hælisvistar fer eftir lögum nr. 78 1936, um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla.

Alþingi, 14. des. 1953.

Björn Björnsson, form. Kjartan J. Jóhannsson, fundaskr., frsm. Jónas G. Rafnar.

Páll Þorsteinsson. Gylfi Þ. Gíslason.

Ed. 316. Frumvarp til laga [128. mál]

um verðlagsskrár.

Flm.: Andrés Eyjólfsson, Jón Kjartansson.

1. gr.

Verðlagsskrárumdæmi skulu vera þessi:

1. Norður-Múlasýsla og Seyðisfjarðarkaupstaður.
2. Suður-Múlasýsla og Neskaupstaður.
3. Austur-Skaftafellssýsla.
4. Vestur-Skaftafellssýsla.
5. Vestmannaeyjakaupstaður.
6. Rangárvallasýsla.
7. Árnessýsla.
8. Gullbringu- og Kjósarsýsla, Keflavík, Hafnarfjarðarkaupstaður og Reykjavík.
9. Borgarfjarðarsýsla og Akraneskaupstaður.
10. Mýrasýsla.
11. Snæfellsness- og Hnappadalssýsla.
12. Dalasýsla.
13. Barðastrandarsýslur.

14. Ísafjarðarsýslur og Ísafjarðarkaupstaður.
15. Strandasýsla.
16. Húnavatnssýslur.
17. Skagafjarðarsýsla og Sauðárkrókskaupstaður.
18. Eyjafjarðarsýsla, Akureyrar-, Siglufjarðar- og Ólafsfjarðarkaupstaðir.
19. Þingeyjarsýslur og Húsavíkurkaupstaður.

2. gr.

Yfirskattanefnd hvers verðlagsskrárumdæmis skal í janúarmánuði ár hvert semja verðlagsskrá, er gildir fyrir allt verðlagsskrárumdæmið. Nú er fleiri en ein yfirskattanefnd í verðlagsskrárumdæmi, og skal þá sú yfirskattanefnd, sem sýslumaður skipar forsæti í, annast samningu verðlagsskrár samkvæmt 1. málslið þessarar greinar.

3. gr.

Yfirskattanefnd skal setja verðlag á búpening þann og innlenda vöru, sem venja er að taka í verðlagsskrá, eftir því peningaverði, sem henni er kunnugt um, að á þeim hafi verið á síðastliðnu ári. Við verðlagningu búpenings skal hún fara eftir því, á hvaða verði búfé hverrar tegundar hefur gengið kaupum og sölum manna á milli á verðlagsskrársvæðinu, og miða við meðalverð. Við verðskráningu innlendra framleiðsluvara skal hún fara eftir skýrslum, er hún aflar sér frá verzlunum þeim, er íbúar viðkomandi verðlagsskrárumdæmis hafa aðalviðskipti við, og skal leggja innkaupsverð til grundvallar.

Ef yfirskattanefnd er kunnugt um, að einhver tegund landaura, önnur en búfé, hafi eigi verið verzlunarvara í umdæminu á síðasta ári, skal hún eigi setja verðlag á þá tegund.

Verði yfirskattanefnd eigi á eitt sátt um verðlag, skal meðaltal ráða.

4. gr.

Er yfirskattanefnd hefur samið verðlagsskrá, skal sýslumaður senda hana fjármálaráðuneytinu, sem staðfestir hana og sér um, að hún verði birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Ef fjármálaráðuneytið telur vafa leika á því, að verðlagsskrá, er því hefur verið send, sé rétt samin, getur það sent hana ríkisskattanefnd til athugunar og staðfestir hana síðan með þeim breytingum, sem ríkisskattanefnd leggur til, að á henni verði gerðar.

5. gr.

Verðlagsskrá skal gilda frá 16. degi maímánaðar, næst eftir að hún er samin, til jafnlengdar næsta árs, og skal birta hana á manntalsþingum það ár, er hún gengur í gildi.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi numin lög nr. 16 6. nóv. 1897, um undirbúning verðlagsskráa, svo og önnur þau lagaákvæði, sem koma kunna í bága við lög þessi.

Greinargerð.

Í lögum nr. 16 6. nóv. 1897, um undirbúning verðlagsskráa, er svo fyrir mælt, að prestur, formaður skattanefndar og þriðji maður, er hreppsnefnd eða bæjarstjórn kýs, skuli í októbermánuði ár hvert semja skýrslu um verðlag á búpeningi þeim og innlendum vörutegundum, sem venja er að telja til verðlagsskráa, eftir því söluverði, miðað við peninga, sem þeim er kunnugt um innan þess hrepps eða bæjarfélags á næstliðnu ári frá 1. október til jafnlengdar. Formaður skattanefndar átti að vera formaður þessarar nefndar. Skýrsla þessi, undirskrifuð af öllum nefndarmönnum,

átti svo að liggja frammi til sýnis á hentugum stað í hreppnum eða bæjarfélaginu í tvær vikur.

Verðlagsskýrslur þessar áttu að sendast hlutaðeigandi sýslumanni fyrir lok nóvembermánaðar ár hvert, en sýslumaður að semja eftir þeim eina aðalskýrslu fyrir hérað hvert og senda hana, ásamt fylgiskjölum, til stiftsyfirvaldanna, sem áttu að staðfesta verðlagsskrá fyrir hvert hérað og annast um prentun hennar og birtingu.

Verðlagsskráin átti svo að gilda frá 16. degi maímánaðar næsta eftir að hún var staðfest og birtast á manntalsþingum það vor, er hún gengur í gildi.

Lögin frá 6. nóv. 1897 voru byggð á konungsúrskurði frá 16. júlí 1817.

Þegar umgetin lög og konungsúrskurður voru sett, voru opinber gjöld og viðskipti manna á milli að miklu leyti miðuð við landaura. Þetta hefur breytzt mjög í seinni tíð. Opinber gjöld eru nú öll ákveðin í peningum, og sama má yfirleitt segja um viðskipti manna á milli. Verðlagsskrárnar mega nú næstum heita komnar til hliðar við allt viðskiptalíf í landinu. Eru því uppi raddir um, að afnema beri þær með öllu.

Nú er það að vísu svo, að notkun verðlagsskráa í viðskiptalífinu mun vera orðin mjög lítil og vart þekkjast í sumum héruðum. Hins vegar mun þó notkun þeirra ekki horfin með öllu, og telst því eigi rétt að afnema þær að svo stöddu.

Tilgangur þessa frv. er sá að gera samningu verðlagsskráa fyrirhafnarminni og einfaldari. Skal nánar að því vikið, um leið og minnzt er á einstakar greinar frumvarpsins.

Í 1. gr. er lagt til, að lögfest verði sú venja, sem ætíð hefur verið í framkvæmd um skiptingu landsins í verðlagsskrárumdæmi.

Með 2. gr. er lagt til, að yfirskattanefndir, hver í sínu umdæmi, semji verðlagsskrárnar. Er hér um höfuðatriði frv. að ræða. Verðlagsskrárnefndir hreppanna hverfa þá, en yfirskattanefnd semur í þeirra stað eina skrá fyrir allt verðlagsskrárumdæmið. Ætti það að vera auðgert verk, þegar þess er gætt, að yfirskattanefndir semja um sama leyti verðlag á búfjártegundir allar og flestar, ef ekki allar, þær framleiðsluvörur, sem teknar eru í verðlagsskrár, vegna undirbúnings á framtali til tekjuskatts og eignarskatts.

Þá er gert ráð fyrir því í gr., að þar sem fleiri en ein yfirskattanefnd er í verðlagsskrárumdæmi, skuli sú yfirskattanefnd, sem sýslumaður umdæmisins á sæti í, annast samningu verðlagskrár, er gildir fyrir allt umdæmið. Er það í samræmi við þá venju, sem skapazt hefur.

Í 3. gr. eru nánari fyrirmæli um það, hvernig verðlagsskrá skuli samin. Er það í samræmi við gildandi lög og þá venju, sem skapazt hefur.

4. gr. er um staðfestingu og birtingu verðlagsskránna. Er það í samræmi við 3. gr. laganna, að því breyttu, að fjármálaráðuneytið kemur í stað stiftsyfirvaldanna, — þó er því ákvæði bætt við, að ef ráðuneytinu virðist verðlagsskrá eigi rétt samin, þá getur það sent hana ríkisskattanefnd til athugunar og staðfest hana síðan með þeim breytingum, sem ríkisskattanefnd kann að gera á henni. Þykir rétt að setja þetta ákvæði til tryggingar því, að sanngjarnlega sé að samningu verðlagsskránna unnið.

5. gr. er sama efnis og 4. gr. laganna er nú.

6. gr. nemur úr gildi lögin frá 1897 og eldri úrskurði, sem koma kunna í bága við lög þessi.

Nái frv. samþykki þingsins, munu ákvæði laganna koma til framkvæmda við samningu þeirra verðlagsskráa, er taka eiga gildi 16. maí 1955.

Nd. 317. Breytingartillaga [2. mál]

við frv. til l. um firmu, skráningu þeirra og um prókúruumboð.

Frá allsherjarnefnd.

Við 48. gr. Greinin orðist svo:

Dómsmálaráðuneytið skal árlega gefa út prentaða skrá um öll skrásett atvinnufyrirtæki í landinu, flokkuð eftir atvinnu. Skal í skránni greina stofnár hvers fyrirtækis, upphæð stofnfjár eða hlutafjár og nöfn stjórnenda.

Nd. 318. Frumvarp til laga [129. mál]

um breyting á lögum nr. 66 1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Flm.: Eggert Þorsteinsson.

1. gr.

Á eftir 48. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:

a. (49. gr.) Á öllum mótorskipum, 1000 rúmlestir brúttó eða stærri, sem að staðaldri eru í millilandasiglingum, skal skylt að hafa einn fullgildan rafvirkja, er annist gæzlu, viðhald og eftirlit raftækja og rafbúnaðar skipsins.

b. (50. gr.) Sá einn hefur rétt til þess að gerast rafvirki á mótorskipi samkv. 49. gr., sem hefur öðlazt:
   a. fullgilt sveinsbréf í rafvélavirkjun;
   b. fullgilt sveinsbréf í rafmagnsvirkjun og hefur unnið a. m. k. eitt ár að algengum raflögnum í skipum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur kaupskipafloti Íslendinga aukizt mjög. Hin nýju skip, sem keypt hafa verið til landsins, eru byggð samkvæmt ýtrustu kröfum, sem gerðar eru til skipabygginga, og allar þær nýjungar, sem þekktar eru, hafa verið teknar í notkun. Meginbreytingin frá samsvarandi eldri skipum er, að þessi nýju skip eru mótorknúin í stað eimknúðu skipanna áður. Þá er í þessum nýju skipum mikill fjöldi rafknúinna hjálpartækja, sem vart þekktust í eldri skipum. Sem dæmi má nefna, að í hinum nýju skipum Eimskipafélags Íslands eru vart færri en 100 rafknúin neyzlutæki, og ljósastæði skipta hundruðum. En þessi nýi útbúnaður skipanna hefur þó fært útgerðinni einn vanda. Í þeirri áhöfn, sem lög nr. 66 1946 gera ráð fyrir að sé á hverju skipi, er enginn maður, sem sérþekkingu hefur í meðferð og viðhaldi raflagna og raftækja.

Reynslan leiddi þó fljótt í ljós, að nauðsyn bar til vegna öryggis skips og áhafnar að fá um borð í skipin menn með sérþekkingu í meðferð slíkra tækja. Hafa skipafélögin því horfið að því ráði að fá fullgilda rafvirkja um borð í skipin, t. d. hefur Eimskipafélag Íslands ráðið rafvirkja á öll sín nýju skip. Önnur skipafélög mundu eflaust telja sér hag og öryggi í því að fá rafvirkja á skip sín, sem hliðstæð eru. Má í því sambandi benda á, að á öllum Norðurlöndum, í Bretlandi og Bandaríkjunum er það algeng regla, að rafvirkjar séu á slíkum skipum.

Ef sama þróun á að verða hér, sem tvímælalaust verður að telja rétt og eðlilegt, er nauðsynlegt að tryggja með lagasetningu, að einungis fullgildir rafvirkjar verði

ráðnir til þessara starfa. Í frumvarpi þessu er því einungis ætlazt til, að iðnlærður rafvirki sé á þeim skipum, sem eru 1000 rúmlestir brúttó eða stærri og að staðaldri eru í millilandasiglingum, svo að langur tími getur liðið á milli þess, að skipið komi í höfn.

Við raflagnir á landi varðar það við lög, að óiðnlærðir menn annist rafvirkjun, þótt í eigin þágu sé, vegna þeirrar hættu og öryggisleysis, er það getur af sér leitt. Það verður að álíta, að ekki sé minni þörf fyrir fullkominn frágang og gæzlu á skipum í millilandasiglingum, svo mjög sem rafmagnsnotkun fer í vöxt á þeim.

Það er því í senn öryggis- og nauðsynjamál, að frumvarp þetta nái fram að ganga þegar á þessu þingi.

Nd. 319. Frumvarp til laga [130. mál]

um Tunnuverksmiðjur ríkisins.

Flm.: Einar Ingimundarson, Jónas Rafnar.

1. gr.

Tunnuverksmiðjur skulu starfræktar á Akureyri og Siglufirði. Skulu verksmiðjurnar vera eign ríkissjóðs, en reknar sem sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi, en á ábyrgð ríkissjóðs.

Stofnunin heitir Tunnuverksmiðjur ríkisins.

2. gr.

Tunnuverksmiðjur ríkisins skulu hafa það verkefni að smíða tunnur undir síld og aðrar vörur, sem búa þarf um í tunnum til útflutnings eða sölu innanlands. Skal stefnt að því, að hér á landi verði smíðaðar allar þær tunnur, sem íslenzkir síldarframleiðendur þurfa að nota undir framleiðslu sína, að svo miklu leyti sem innflutningur á síldartunnum kann ekki að vera samningsbundinn við önnur ríki.

3. gr.

Vanda skulu Tunnuverksmiðjur ríkisins framleiðsluvöru sína, svo að hún verði samkeppnisfær við erlenda vöru sömu tegundar um gæði. Tunnur, sem smíðaðar eru í Tunnuverksmiðjum ríkisins, skulu seldar síldarframleiðendum hvar sem er á landinu, komnar í viðkomandi söltunarhöfn, á samkeppnisfæru verði við norskar tunnur fob., miðað við venjuleg flutningsgjöld á hverjum tíma. Mismunur verðs, sem kann að verða á hverjum tíma á tunnum smíðuðum í Tunnuverksmiðjum ríkisins og norskum tunnum, greiðist úr ríkissjóði.

4. gr.

Síldarútvegsnefnd, sbr. lög nr. 74/1934, skal hafa á hendi stjórn Tunnuverksmiðja ríkisins, og hefur skrifstofa nefndarinnar og framkvæmdastjórar hennar með höndum fjármál verksmiðjanna og reikningshald, sjá um kaup á efni til þeirra og sölu á framleiðsluvörum þeirra, eftir því sem nefndin felur þeim.

Framkvæmdastjórar síldarútvegsnefndar hafa og með höndum ráðningu starfsmanna til verksmiðjanna í samráði við nefndina.

Að öðru leyti ákveður síldarútvegsnefnd í samráði við atvinnumálaráðherra, á hvern hátt tunnuverksmiðjunum skuli stjórnað.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

6. gr.

Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 33 23. apríl 1946, um tunnusmíði, og lög nr. 41 9. maí 1947, um breyting á þeim lögum.

Greinargerð.

Lög um tunnusmíði voru sett vorið 1946 (nr. 33 23. apríl 1946), og fólust í þeim lögum aðeins ákvæði um stofnun tunnuverksmiðja ríkisins. Reglugerð um tunnuverksmiðjur ríkisins var sett haustið 1946 (nr. 180/1946). Er reglugerð þessi, sem tunnuverksmiðjurnar hafa verið og eru enn reknar eftir, allýtarleg, og eru þar að sumu leyti svipuð ákvæði og í frumvarpi þessu felast um verkefni tunnuverksmiðjanna o. fl. Bæði í lögunum um tunnusmíði og reglugerðinni um tunnuverksmiðjur ríkisins er gert ráð fyrir, að þriggja manna stjórn, skipuð af atvinnumálaráðherra, svo og framkvæmdastjóri hafi með höndum stjórn tunnuverksmiðjanna, en með lögum nr. 41 9. maí 1947 var þessu breytt þannig, að síldarútvegsnefnd skyldi fara með stjórn verksmiðjanna, og þykir ekki ástæða til að breyta því ákvæði í frumvarpi þessu.

Tunnuverksmiðjur ríkisins hafa síðan árið 1947 verið reknar á Siglufirði og Akureyri, ein verksmiðja á hvorum stað. Hefur tunnusmíðin hafizt eftir áramót ár hvert og staðið fram eftir vetri eða nokkuð fram á vor eftir því, hve mikið hefur verið smíðað af tunnum þann og þann veturinn. Tunnusmíðin hefur undanfarna vetur veitt fjölda manns atvinnu, bæði á Siglufirði og á Akureyri, og hefur a. m. k. tunnuverksmiðjan á Siglufirði verið eina stórfyrirtækið, sem hingað til hefur veitt verkamönnum atvinnu á þeim tíma árs, sem hún er rekin, einmitt á þeim tíma, þegar erfiðast er um atvinnuöflun í báðum þessum kaupstöðum, enda er kunnugt, að geigvænlegt atvinnuleysi hefur á báðum þessum stöðum komið hart niður á verkamönnum, aðallega á veturna. Er það því höfuðnauðsyn fyrir atvinnulífið í fyrrnefndum kaupstöðum, að tunnusmíði sé þar rekin í sem stærstum stíl.

Tunnur þær, sem tunnuverksmiðjur ríkisins hafa framleitt, síðan þær tóku til starfa, hafa reynzt vel og þótt í flestum eða öllum tilfellum standa tunnum smíðuðum erlendis fyllilega á sporði um gæði. Hins vegar hafa þær orðið nokkru dýrari en erlendar tunnur, aðallega vegna flutningskostnaðar, en einnig að nokkru leyti vegna ódýrara vinnuafls erlendis.

Sumum kann e. t. v. að finnast sem það sé að bera í bakkafullan lækinn að leggja til, að horfið verið að niðurgreiðslu á verði tunna, sem smíðaðar eru hér innanlands, til þess að gera þær samkeppnisfærar um verð við erlendar tunnur, en flutningsmenn frumvarps þessa leggja til, að slík niðurgreiðsla verði upp tekin, ef þess gerist þörf. Því er til að svara, að flutningsmenn frumvarpsins gera sér fyllilega ljóst, að hér yrði með slíkri tunnusmíði um atvinnubótavinnu að ræða a. m. k. að nokkru leyti í tveim stærstu kaupstöðum norðanlands, sem átt hafa við geigvænlegt atvinnuleysi að stríða mörg undanfarin ár.

Verðmismunur á tunnum, smíðuðum í tunnuverksmiðjum ríkisins, og norskum tunnum er nú um 8 krónur á hverja tunnu. Sé gert ráð fyrir, að smíðaðar yrðu hér á landi um 250 þús. tunnur, sem að mestu leyti eða öllu mundi fullnægja eftirspurn hérlendra síldarframleiðenda, miðað við síldarsöltun undanfarin ár, mundu niðurgreiðslur úr ríkissjóði nema um 2 millj. kr. á þennan tunnufjölda. Er það að vísu allhá upphæð, en minna má á það, að niðurgreiðslur úr ríkissjóði á innlendar landbúnaðarafurðir eru áætlaðar á fjárlagafrumvarpi þessa árs 45900000 kr. Er þetta ekki sagt hér vegna þess, að flutningsmenn þessa frumvarps séu andvígir niðurgreiðslum á innlendum landbúnaðarafurðum.

Einnig má nefna það hér, að það er síður en svo heppilegt fyrir okkur Íslendinga og getur hvenær sem er leitt til vandræða að vera Norðmönnum og Svíum, sem framleiða góðar og ódýrar síldartunnur, um of háðir um innflutning þessarar vöru. Hefur komið fyrir, að Norðmenn hafa beinlínis neitað að selja okkur tunnur nema

gegn fráleitum skilyrðum, og Svíar sýnt mikla tregðu á slíkri sölu. Telja því flutningsmenn þessa frumvarps felast í því öryggi fyrir þá, sem stunda síldarsöltun hér á landi, sem telja má a. m. k. eins og nú standa sakir eina þýðingarmestu atvinnugrein okkar Íslendinga, að þurfa ekki að vera háðir erlendum keppinautum um öflun þess, sem er eins mikilvægt að afla eins og hráefnið sjálft.

Tilgangur flutningsmanna þessa frumvarps er aðallega ferns konar:

1) *að* fá það lögfest, svo að ekki verði um villzt, að stefna beri að því, m. a. af öryggisástæðum, að smíða hér á landi allar þær tunnur, sem íslenzkir síldarframleiðendur þurfa að nota undir framleiðslu sína, að svo miklu leyti sem tunnuinnflutningur er ekki samningsbundinn við önnur ríki;
2) *að* gera tunnur, smíðaðar hér á landi, samkeppnisfærar við erlendar tunnur sams konar, bæði hvað gæði snertir og verð;
3) *að* stuðla að sparnaði erlends gjaldeyris með því að skapa skilyrði til, að inn í landið verði aðeins flutt efni til tunnugerðar, en ekki fullunnar tunnur; og loks síðast en ekki sízt
4) *að* stuðla að því með aukinni tunnusmíði innanlands að bæta atvinnuástandið á þeim stöðum, þar sem tunnuverksmiðjurnar eru nú reknar, og er engin vanþörf á því eins og nú horfir í atvinnumálum þeirra staða.

Ed. 320. Breytingartillaga [122. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 1. apríl 1948, um söknargjöld.

Frá menntamálanefnd.

Við 1. gr. Fyrir „kr. 3.00—12.00“ í fyrri efnismálslið gr. komi: kr. 9.00—36.00.

Ed. 321. Nefndarálit [101. mál]

um frv. til laga um þingfararkaup alþingismanna.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. mjög ýtarlega á nokkrum fundum. Leggur hún til, að gerðar verði á því nokkrar breytingar, sem eru í því fólgnar að færa saman ákvæði og greinar um skyld efni í frumvarpinu; enn fremur að gera nokkru ákveðnari ákvæði um byggingu þingmannabústaðar, sem ekki hefur enn verið hafizt handa um að reisa, þrátt fyrir heimild til þess í lögum síðan 1943. Þá þykir nefndinni rétt að leggja til, að stofnaður verði lífeyrissjóður fyrir alþingismenn og að þeim verði gert að skyldu að greiða til hans 4% af þingfararkaupi, á sama hátt og embættismönnum er gert að skyldu að greiða til lífeyrissjóðs, enda komi á móti framlag úr ríkissjóði eftir sömu reglum og gilda um aðra opinbera lífeyrissjóði.

Er nefndin sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Í stað 1. málsgr. komi fjórar málsgr., er orðist svo:
   Greiða skal alþingismönnum í grunnlaun kr. 130.00 á dag, meðan Alþingi stendur yfir. Verðlagsuppbót skal greiða á þingfararkaup eftir reglum, er gilda um verðlagsuppbætur á laun starfsmanna ríkisins á hverjum tíma.

Nú getur alþingismaður ekki gegnt þingstörfum vegna veikinda, og skal honum eigi að síður greitt þingfararkaup, þó eigi lengur en til loka þess þings, er hann hefur verið kvaddur til setu á.

Ráðherra, sem ekki er alþingismaður, á rétt á sama þingfararkaupi sem alþingismaður og nýtur að öllu leyti þeirra réttinda, sem alþingismönnum eru ákveðin í lögum þessum.

Þingmenn halda kaupi sínu að fullu, þótt Alþingi sé frestað um stundarsakir, þó eigi lengur en 30 daga auk fría um hátíðar, svo og þann tíma, sem þeir þurfa til þess að komast frá heimili sínu til þings og aftur heim frá þingi.

2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Reisa skal þingmannabústað svo fljótt sem því verður við komið. Skal undirbúningur, svo sem staðarval, uppdráttur o. s. frv., hafinn nú þegar og honum lokið á árinu 1954. Kostnaður við bygginguna greiðist úr ríkissjóði. Rekstur bústaðarins telst með alþingiskostnaði.

Þar til lokið hefur verið byggingu þingmannabústaðar, er ríkisstjórninni heimilt að leigja húsnæði til þessara nota.

3. Á eftir 2. gr. komi tvær nýjar greinar, er orðist svo:

a. (3. gr.) Þegar komið hefur verið upp þingmannabústað samkv. 2. gr. þessara laga, eiga þeir alþingismenn, sem verða að hafa dvalarstað í Reykjavík vegna fjarlægðar frá heimili sínu, rétt á að fá hæfilegt húsnæði ásamt húsgögnum til íbúðar í bústaðnum endurgjaldslaust þann tíma, er Alþingi stendur yfir.

b. (4. gr.) Meðan ákvæði 3. gr. þessara laga koma ekki til framkvæmdar, skal ríkisstjórnin sjá þeim alþingismönnum, sem þar um ræðir, fyrir hæfilegu húsnæði til íbúðar, meðan Alþingi stendur yfir, þeim að kostnaðarlausu. Kjósi alþingismaður að sjá sér sjálfur fyrir húsnæði, er það heimilt, og fær hann þá þann kostnað endurgreiddan eftir reikningi, er þingfararkaupsnefnd úrskurðar.

4. Við 3. gr. (verður 5. gr.) Greinin orðist svo:

Þeir alþingismenn, sem búsettir eru utan Reykjavíkur, eiga rétt á að fá endurgreiddan ferðakostnað eftir reikningi, er þingfararkaupsnefnd úrskurðar, svo og dvalarkostnað samkvæmt ákvörðun sömu nefndar. Þetta ákvæði gildir þó ekki um þá alþingismenn, sem fasta atvinnu hafa í Reykjavík við önnur störf, meðan Alþingi stendur yfir, þótt þeir eigi heimilisfang annars staðar.

Vilji alþingismaður ekki hlíta úrskurði þingfararkaupsnefndar samkv. lögum þessum, getur hann skotið honum til sameinaðs Alþingis, sem þá fellir endanlegan úrskurð um ágreiningsatriðin.

5. Við 4. gr. (verður 6. gr.) Í stað greinarinnar komi sjö nýjar greinar, er orðist svo:

a. (6. gr.) Alþingismenn skulu greiða í lífeyrissjóð 4% — fjóra af hundraði — af þingfararkaupi sínu, sbr. 1. gr., eins og það er á hverjum tíma. Skal upphæðin dragast frá kaupinu mánaðarlega og greiðast sjóðnum, ásamt mótframlagi, er greiðist af alþingiskostnaði, að upphæð 6% — sex af hundraði — af greiddu þingfararkaupi. Lífeyrissjóðinn skal ávaxta í sérstakri deild í Tryggingastofnun ríkisins, sem annast um allar greiðslur úr sjóðnum, innheimtir iðgjöldin og ávaxtar eignir hans. Tryggingastofnunin annast einnig bókhald fyrir sjóðinn. Forsetar Alþingis hafa með höndum stjórn sjóðsins ásamt Tryggingastofnun ríkisins.

b. (7. gr.) Þegar alþingismaður hefur látið af þingmennsku, og er 65 ára að aldri eða öryrki, á hann rétt á lífeyri úr sjóðnum eftir þeim reglum, sem fyrir er mælt í 8. gr. þessara laga. Sama gildir og um alla núverandi og fyrrverandi alþingismenn, sem á lífi eru, þegar lög þessi öðlast gildi, þótt þeir hafi ekki áður greitt iðgjöld til sjóðsins.

c. (8. gr.) Alþingismaður, sem uppfyllir ákvæði 7. gr. þessara laga, á rétt á lífeyri sem hér segir:

Fyrir þriggja kjörtímabila eða 10 til 20 ára þingsetu 50% — fimmtíu af hundraði. — Fyrir meira en 20 ára þingsetu 60% — sextíu af hundraði. —

Hundraðshluti miðast við dagkaup alþingismanns, eins og það er greitt á hverjum tíma, margfaldað með þeim dagafjölda, sem hlutaðeigandi alþingismaður sat á Alþingi síðustu fimm árin, deilt með tölunni 5. Þingár telst frá þeim degi, er alþingismaður er kosinn.

d. (9. gr.) Alþingismaður, sem setið hefur á Alþingi skemur en þrjú kjörtímabil eða 10 ár, á ekki rétt á lífeyri, þótt hann hafi greitt í lífeyrissjóð alþingismanna. Hins vegar á hann rétt á að fá endurgreidd úr sjóðnum iðgjöld sín öll, þegar hann lætur af þingstörfum.

e. (10. gr.) Halli sá, sem verða kann á lífeyrissjóðnum vegna lífeyrisgreiðslna samkvæmt lögum þessum, skal greiddur úr ríkissjóði, og telst hann með alþingiskostnaði.

f. (11. gr.) Maki alþingismanns, sem rétt hefur til lífeyris samkvæmt lögum þessum, á rétt á að fá 50% — fimmtíu af hundraði — af lífeyri maka síns að honum látnum.

Sé maki látins fyrrverandi alþingismanns á lífi, þegar lög þessi öðlast gildi, á hann sama rétt til lífeyris og hann hefði öðlazt, ef maki hans hefði þá verið á lífi.

g. (12. gr.) Lífeyrir samkv. lögum þessum skerðir ekki rétt til greiðslna úr öðrum lífeyrissjóðum, enda helzt greiðsluskylda til þeirra óbreytt.

6. Við 5. gr. Greinin falli niður.
7. Við 6. gr. Greinin falli niður.
8. Fyrirsögn orðist svo: Frv. til l. um þingfararkaup alþingismanna, lífeyrissjóð o. fl.

Alþingi, 13. des. 1953.

Bernh. Stefánsson, form.	Lárus Jóhannesson, fundaskr.	Gísli Jónsson, frsm.
Karl Kristjánsson.	H. Guðmundsson.	

Nd. 322. Nefndarálit [87. mál]

um frv. til laga um löggilta endurskoðendur.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur einróma til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 15. des. 1953.

Björn Ólafsson, form.	Ásgeir Bjarnason, fundaskr.	Jörundur Brynjólfsson, frsm.
Einar Ingimundarson.	Eggert G. Þorsteinsson.	

Ed. **323. Frumvarp til laga** [101. mál]

um þingfararkaup alþingismanna, lífeyrissjóð o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Greiða skal alþingismönnum í grunnlaun kr. 130.00 á dag, meðan Alþingi stendur yfir. Verðlagsuppbót skal greiða á þingfararkaup eftir reglum, er gilda um verðlagsuppbætur á laun starfsmanna ríkisins á hverjum tíma.

Nú getur alþingismaður ekki gegnt þingstörfum vegna veikinda, og skal honum eigi að síður greitt þingfararkaup, þó eigi lengur en til loka þess þings, er hann hefur verið kvaddur til setu á.

Ráðherra, sem ekki er alþingismaður, á rétt á sama þingfararkaupi sem alþingismaður og nýtur að öllu leyti þeirra réttinda, sem alþingismönnum eru ákveðin í lögum þessum.

Þingmenn halda kaupi sínu að fullu, þótt Alþingi sé frestað um stundarsakir, þó eigi lengur en 30 daga auk fría um hátíðar, svo og þann tíma, sem þeir þurfa til þess að komast frá heimili sínu til þings og aftur heim frá þingi.

Sameinað Alþingi kýs hlutfallskosningu í byrjun hvers þings 5 manna nefnd, þingfararkaupsnefnd, er úrskurðar þingfararkaupsreikninga alþingismanna, en forsetar ávísa fjárhæðunum úr ríkissjóði.

2. gr.

Reisa skal þingmannabústað svo fljótt sem því verður við komið. Skal undirbúningur, svo sem staðarval, uppdráttur o. s. frv., hafinn nú þegar og honum lokið á árinu 1954. Kostnaður við bygginguna greiðist úr ríkissjóði. Rekstur bústaðarins telst með alþingiskostnaði.

Þar til lokið hefur verið byggingu þingmannabústaðar, er ríkisstjórninni heimilt að leigja húsnæði til þessara nota.

3. gr.

Þegar komið hefur verið upp þingmannabústað samkv. 2. gr. þessara laga, eiga þeir alþingismenn, sem verða að hafa dvalarstað í Reykjavík vegna fjarlægðar frá heimili sínu, rétt á að fá hæfilegt húsnæði ásamt húsgögnum til íbúðar í bústaðnum endurgjaldslaust þann tíma, er Alþingi stendur yfir.

4. gr.

Meðan ákvæði 3. gr. þessara laga koma ekki til framkvæmdar, skal ríkisstjórnin sjá þeim alþingismönnum, sem þar um ræðir, fyrir hæfilegu húsnæði til íbúðar, meðan Alþingi stendur yfir, þeim að kostnaðarlausu. Kjósi alþingismaður að sjá sér sjálfur fyrir húsnæði, er það heimilt, og fær hann þá þann kostnað endurgreiddan eftir reikningi, er þingfararkaupsnefnd úrskurðar.

5. gr.

Þeir alþingismenn, sem búsettir eru utan Reykjavíkur, eiga rétt á að fá endurgreiddan ferðakostnað eftir reikningi, er þingfararkaupsnefnd úrskurðar, svo og dvalarkostnað samkvæmt ákvörðun sömu nefndar. Þetta ákvæði gildir þó ekki um þá alþingismenn, sem fasta atvinnu hafa í Reykjavík við önnur störf, meðan Alþingi stendur yfir, þótt þeir eigi heimilisfang annars staðar.

Vilji alþingismaður ekki hlíta úrskurði þingfararkaupsnefndar samkv. lögum þessum, getur hann skotið honum til sameinaðs Alþingis, sem þá fellir endanlegan úrskurð um ágreiningsatriðin.

6. gr.

Alþingismenn skulu greiða í lífeyrissjóð 4% — fjóra af hundraði — af þingfararkaupi sínu, sbr. 1. gr., eins og það er á hverjum tíma. Skal upphæðin dragast frá kaupinu mánaðarlega og greiðast sjóðnum, ásamt mótframlagi, er greiðist af alþingiskostnaði, að upphæð 6% — sex af hundraði — af greiddu þingfararkaupi. Lífeyrissjóðinn skal ávaxta í sérstakri deild í Tryggingastofnun ríkisins, sem annast um allar greiðslur úr sjóðnum, innheimtir iðgjöldin og ávaxtar eignir hans. Tryggingastofnunin annast einnig bókhald fyrir sjóðinn. Forsetar Alþingis hafa með höndum stjórn sjóðsins ásamt Tryggingastofnun ríkisins.

7. gr.

Þegar alþingismaður hefur látið af þingmennsku, og er 65 ára að aldri eða öryrki, á hann rétt á lífeyri úr sjóðnum eftir þeim reglum, sem fyrir er mælt í 8. gr. þessara laga. Sama gildir og um alla núverandi og fyrrverandi alþingismenn, sem á lífi eru, þegar lög þessi öðlast gildi, þótt þeir hafi ekki áður greitt iðgjöld til sjóðsins.

8. gr.

Alþingismaður, sem uppfyllir ákvæði 7. gr. þessara laga, á rétt á lífeyri sem hér segir:

Fyrir þriggja kjörtímabila eða 10 til 20 ára þingsetu 50% — fimmtíu af hundraði. — Fyrir meira en 20 ára þingsetu 60% — sextíu af hundraði. —

Hundraðshluti miðast við dagkaup alþingismanns, eins og það er greitt á hverjum tíma, margfaldað með þeim dagafjölda, sem hlutaðeigandi alþingismaður sat á Alþingi síðustu fimm árin, deilt með tölunni 5. Þingár telst frá þeim degi, er alþingismaður er kosinn.

9. gr.

Alþingismaður, sem setið hefur á Alþingi skemur en þrjú kjörtímabil eða 10 ár, á ekki rétt á lífeyri, þótt hann hafi greitt í lífeyrissjóð alþingismanna. Hins vegar á hann rétt á að fá endurgreidd úr sjóðnum iðgjöld sín öll, þegar hann lætur af þingstörfum.

10. gr.

Halli sá, sem verða kann á lífeyrissjóðnum vegna lífeyrisgreiðslna samkvæmt lögum þessum, skal greiddur úr ríkissjóði, og telst hann með alþingiskostnaði.

11. gr.

Maki alþingismanns, sem rétt hefur til lífeyris samkvæmt lögum þessum, á rétt á að fá 50% — fimmtíu af hundraði — af lífeyri maka síns að honum látnum.

Sé maki látins fyrrverandi alþingismanns á lífi, þegar lög þessi öðlast gildi, á hann sama rétt til lífeyris og hann hefði öðlazt, ef maki hans hefði þá verið á lífi.

12. gr.

Lífeyrir samkv. lögum þessum skerðir ekki rétt til greiðslna úr öðrum lífeyrissjóðum, enda helzt greiðsluskylda til þeirra óbreytt.

13. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 36 28. nóv. 1919, um þingfararkaup alþingismanna, og lög nr. 9 13. febr. 1943, um breyting á þeim lögum.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal reikna kaup alþingismanna samkvæmt þeim á reglulegu Alþingi árið 1953.

Sþ. 324. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1954.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

1. Við 16. gr. B. 9. Nýr liður:
   Til varnar gegn skemmdum á reknetjum í Faxaflóa af völdum háhyrninga, skv. ráðstöfun Fiskifélags Íslands 50 000
2. — 17. — 9. Nýr liður:
   Til dvalarheimilis á vegum mæðrastyrksnefndarinnar í Reykjavík, byggingarstyrkur 100 000
3. — 18. — II. a. Niður falla þessir liðir:
   a. Halldór Benediktsson.
   b. Sumarliði Guðmundsson.
4. — 22. — X. (Hlutafé í Skallagrími h/f í Borgarnesi).
   Fyrir „200 þús. kr. (endurveiting)“ kemur: 600 þús. kr.
5. — 22. — XII. Nýr liður:
   Að ábyrgjast fyrir Slippfélagið h/f í Reykjavík allt að 6 millj. kr. lán til byggingar nýrrar dráttarbrautar gegn tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar (endurveiting).
6. — 22. — XXIII. Nýr liður:
   Að greiða síldarútvegsnefnd allt að 1 millj. kr. vegna ábyrgðar á söluverði sunnanlandssíldar, sem framleidd er á árinu 1953.
7. — 22. — XXVIII. Nýr liður:
   Að afhenda sambandslýðveldi Þýzkalands húseignina Túngötu 18 í Reykjavík.

Ed. 325. Frumvarp til laga [90. mál]

um breyting á lögum nr. 55 25. maí 1949, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

3. mgr. 8. gr. laganna orðast svo:

Fyrir fé gæzluvistarsjóðs skal reisa og reka gæzluvistarhæli fyrir drykkjusjúka menn, er fyrst og fremst sé miðað við þarfir þeirra sjúklinga, sem ætla má að þarfnist vistar og umönnunar í slíku hæli um langan tíma.

2. gr.

13. gr. laganna orðast svo:

Um greiðslu kostnaðar vegna hælisvistar fer eftir lögum nr. 78 1936, um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla.

3. gr.

Í stað orðanna „reisa eða hjálpa til að reisa gæzluvistarhæli“ í 15. gr. laganna kemur: reisa og reka gæzluvistarhæli.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. 326. Lög [103. mál]

um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 15. des.)

Samhljóða þskj. 296.

Nd. 327. Lög [17. mál]

um breyting á lögum nr. 66/1944, um breyting á og viðauka við lög nr. 36/1909, um laun háskólakennara, og um breyting á lögum nr. 21/1936, um Háskóla Íslands.

(Afgreidd frá Nd. 15. des.)

Samhljóða þskj. 17.

Nd. 328. Lög [7. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1954 með viðauka.

(Afgreidd frá Nd. 15. des.)

Samhljóða þskj. 7.

Nd. 329. Frumvarp til laga [122. mál]

um breyting á lögum nr. 36 1. apríl 1948, um sóknargjöld.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Fyrsta málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Hver maður, karl eða kona, á aldrinum 16—67 ára, sem er heimilisfastur hér á landi eða lögskráður á íslenzkt skip og er í þjóðkirkjusöfnuði, skal árlega greiða gjald til kirkju þeirrar, er hann á sókn að, kr. 9.00—36.00 á ári eftir nánari ákvörðun safnaðarfundar í hverri sókn. Gjaldskyldualdur miðast við áramót.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 330. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1954.

I. Frá *Jóni Pálmasyni.*
Við 12. gr. IX. (Læknisbústaðir, sjúkrahús).
Fyrir „1 500 000“ kemur 1 800 000

II. Frá *samvinnunefnd samgöngumála.*
Við 13. gr. B. II. (Til flóabáta og vöruflutninga).
Fyrir „1 250 000“ kemur 1 607 500

III. Frá *Karli Guðjónssyni.*
Við 13. gr. C. VIII. 47. (Vestmannaeyjar).
Fyrir „250 000“ kemur 750 000

IV. Frá *Gunnari Jóhannssyni.*
Við 13. gr. C. VIII. 61. Nýr liður:
Til sjóvarnargarðs norðan Siglufjarðareyrar 100 000

V. Frá *Bergi Sigurbjörnssyni* og *Gils Guðmundssyni.*
Við 14. gr. B. XVII. 2. (Íþróttasjóður).
Fyrir „600 000“ kemur 1 250 000

VI. Frá *Gunnari Jóhannssyni.*
Við 15. gr. A. VIII. 6. (Bókasafn Siglufjarðar).
Fyrir „6 250“ kemur 10 000

VII. Frá *Karli Guðjónssyni.*
Við 15. gr. A. VIII. 9. (Bókasafn Vestmannaeyja).
Fyrir „6 250“ kemur 13 000

VIII. Frá *Gils Guðmundssyni.*
1. Við 15. gr. A. IX. 15. Liðurinn orðist svo:
Til samningar íslenzkrar orðabókar, gegn a. m. k. 75 þús. kr. framlagi frá Sáttmálasjóði 150 000
2. Við 15. gr. A. IX. 16. Nýr liður:
Til undirbúnings alfræðiorðabókar um íslenzk efni 75 000
3. Við 15. gr. A. X. (Skáld, rithöfundar og listamenn).
a. Fyrir „630 000“ kemur 750 000
b. Fyrri málsgr. aths. orðist svo:
Af fé þessu skulu Gunnar skáld Gunnarsson og Ásmundur myndhöggvari Sveinsson hvor um sig njóta 21 600 kr. heiðurslauna.

IX. Frá *Karli Guðjónssyni.*
Við 15. gr. A. XXVI. 9. (Leikfélag Vestmannaeyja).
Fyrir „3 000“ kemur 5 000

X. Frá *Gunnari Jóhannssyni.*
1. Við 15. gr. A. XXVI. 10.
a. Liðurinn orðist svo:
Til leikfélags Siglufjarðar 3 000
b. Nýr liður:
Til leikstarfsemi stúkunnar Framsókn, Siglufirði ... 3 000
2. Við 15. gr. A. XXVIII. 4. (Tónlistarskóli Siglufjarðar).
Fyrir „10 000“ kemur 20 000

XI. Frá *Gunnari Jóhannssyni* og *Sigurði Guðnasyni.*
1. Við 16. gr. A. 27. c. (Skógræktarfélög).
Fyrir „250 000“ kemur 400 000
2. Við 16. gr. A. 27. d. (Skóggræðsla).
Fyrir „900 000“ kemur 1 200 000

XII. Frá *Jóni Pálmasyni* og *Haraldi Guðmundssyni.*
Við 18. gr. II. b. Sigríður Arnljótsdóttir.
Fyrir „4 485.00“ kemur 7 000.00

XIII. Frá *Sigurði Bjarnasyni, Emil Jónssyni, Jóhanni Jósefssyni, Bernharð Stefánssyni, Jörundi Brynjólfssyni* og *Sigurði Guðnasyni.*
Við 22. gr. V. Nýr liður:
Að greiða Jóni Björnssyni rithöfundi 25 þús. kr. styrk vegna húsbyggingar.

XIV. Frá *Sigurði Ó. Ólafssyni, Ásgeiri Bjarnasyni* og *Gunnari Jóhannssyni.*
Við 22. gr. IX. Nýr liður:
Að greiða Skógræktarfélagi Íslands allt að 50 þús. kr. vegna væntanlegrar heimsóknar norskra skógræktarmanna til Íslands.

XV. Frá *Eysteini Jónssyni* og *Bjarna Benediktssyni.*
Við 22. gr. XVI. Nýr liður:
Að greiða allt að 700 þús. kr. upp í áfallnar rekstrarskuldir þjóðleikhússins.

XVI. Frá *Jóni Pálmasyni.*
Við 22. gr. XXI. Nýr liður:
Að láta gera við hafnarbryggjuna á Skagaströnd þannig, að henni sé engin hætta búin.

XVII. Frá *Jörundi Brynjólfssyni, Ingólfi Jónssyni, Sigurði Ó. Ólafssyni, Birni Björnssyni* og *Jóni Kjartanssyni.*
Við 22. gr. XXII. Nýr liður:
Að kaupa jarðirnar Kirkjubæ vestri og eystri á Rangárvöllum ásamt bústofni og leigja landssambandi hestamannafélaga fyrir hrossaræktarbú.

Til vara:
Að kaupa jarðirnar Kirkjubæ vestri og eystri á Rangárvöllum og leigja þær landssambandi hestamannafélaga fyrir hrossaræktarbú.

XVIII. Frá *Gunnari Jóhannssyni.*
Við 22. gr. XXVII. Nýr liður:
Að lána Siglufjarðarkaupstað, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar, allt að 2 millj. kr. til kaupa á fiskibátum, 30 rúmlesta brúttó eða stærri, og til annarrar atvinnuaukningar í kaupstaðnum. — Til frádráttar þessari fjárhæð komi það fé, sem Siglufjarðarkaupstaður kann að fá til atvinnubóta samkv. XXIV. lið þessarar greinar.

Sþ. 331. Fyrirspurn [131. mál]

til ríkisstjórnarinnar um lækkun álagningar á nauðsynjavörur.

Frá Eggert Þorsteinssyni.

Hvað hefur ríkisstjórnin gert til þess að tryggja það, að áfram haldist álagningarlækkun sú á ýmsum nauðsynjavörum, er lofað var í samkomulagi verkalýðsfélaganna og vinnuveitenda frá 19. des. 1952?

Nd. 332. Nefndarálit [123. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 81 5. júní 1947, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nú hrökkva greiðslur frá síldarútvegsnefnd og síldarverksmiðjum ekki til þess að standa undir ⅔ síldarleitarkostnaðar, og skal þá ríkissjóður greiða það, sem á vantar.

5. gr.

Þegar síldarleitargjöld eru fallin í gjalddaga samkvæmt 4. gr., má innheimta þau með sama hætti og opinber gjöld, og skal sýslumönnum og bæjarfógetum skylt að gera það, ef síldarleitarstjóri beiðist þess.

6. gr.

Atvinnumálaráðherra ákveður samkvæmt tillögum síldarleitarnefndar, hvort nota skuli dulmálslykla við fréttasendingar síldarleitarinnar.

7. gr.

Nú hefur atvinnumálaráðherra ákveðið, að fréttasendingar síldarleitarinnar skuli fara fram á dulmáli, og skal síldarleitarstjóri þá semja dulmálslykil, einn eða fleiri, og afhenda hann starfsmönnum síldarleitarinnar, stjórn Landssíma Íslands, landhelgisgæzlunni og skipstjórum á íslenzkum síldveiðiskipum. Kostnaður vegna dulmálslykla telst til síldarleitarkostnaðar.

Þeim aðilum, sem fá dulmálslykla eða fréttir á dulmáli frá síldarleitinni, skal skylt að fara með það sem trúnaðarmál.

8. gr.

Brot gegn ákvæðum 7. gr. varða sektum til ríkissjóðs frá 500 til 10000 krónum. Ef miklar sakir eru eða brot er margítrekað, er heimilt að svipta hinn brotlega dulmálslykli og innsigla tæki hans.

Mál út af brotum gegn 7. gr. skulu sæta meðferð opinberra mála.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 356. Breytingartillaga [107. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 87 frá 5. júní 1947, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

Frá Birni Björnssyni.

Við 1. gr.

a. Í stað „erlendra hernaðaraðila“ í 1. efnismálsgr. komi: hins erlenda varnarliðs.
b. Á eftir orðunum „og getur hún þá“ í sömu efnismálsgr. komi: að undangengnum árangurslausum tilraunum, að mati dómara, til öflunar faðernissönnunar á venjulegan hátt.

Nd. 357. Frumvarp til laga [107. mál]

um breyting á lögum nr. 87 frá 5. júní 1947, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Ákvæði laganna til bráðabirgða orðist svo:

Nú telur kona, sem óskilgetið barn elur eftir 1. janúar 1948, að faðir barnsins sé erlendur maður, sem verið hefur hér á landi í þjónustu eða á vegum hins erlenda varnarliðs, og getur hún þá, að undangengnum árangurslausum tilraunum, að mati dómara, til öflunar faðernissönnunar á venjulegan hátt, snúið sér til dómara á varnarþingi sínu og krafizt rannsóknar um faðernið með sama hætti og þá er varnaraðili er farinn af landi burt. Dómari getur með rökstuddum úrskurði heimilað barnsmóður að staðfesta framburð sinn með eiði eða drengskaparheiti, ef hún hefur líkur með sér.

Þegar slíkur eiður hefur verið unninn, er valdsmanni skylt að úrskurða móður barnsins meðlag og kostnað á hendur Tryggingastofnun ríkisins, eins og segir í 12. gr.

Ríkissjóður endurgreiðir þessar upphæðir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 358. Breytingartillaga [78. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jarðir í opinberri eigu.

Frá Eiríki Þorsteinssyni.

3. málsgr. 1. gr. orðist svo:

Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að selja:

1. Jörðina Grísará í Hrafnagilshreppi í Eyjafjarðarsýslu Hreiðari Eiríkssyni og Moshlíð í Barðastrandarhreppi í Barðastrandarsýslu ábúandanum Reyni Hjartarsyni, enda verði jarðirnar gerðar að ættaróðulum.
2. Kirkjujörðina Betaníu (Kot) í Mosvallahreppi í Önundarfirði ábúandanum Guðmundi Arasyni.
3. Kirkjujörðina Mosvelli í Mosvallahreppi í Önundarfirði ábúandanum Birni Hjálmarssyni.
4. Kirkjujörðina Selárdal í Suðureyrarhreppi í Súgandafirði Garðari Þorfinnssyni bónda á Norðureyri í sama hreppi.

Nd. 359. Frumvarp til laga [137. mál]

um breyting á lögum nr. 119 28. des. 1950, um stjórn flugmála.

Frá samgöngumálanefnd.

1. gr.

Í stað orðanna „flugvallastjóra ríkisins“ á fjórum stöðum í 2. gr. laganna komi: flugmála- og flugvallastjóra.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt beiðni flugmálaráðherra, og fylgdu því svo hljóðandi athugasemdir:

Með lögum nr. 119 28. des. 1950 var lagt niður embætti flugmálastjóra sem sérstakt embætti. Jafnframt voru störf þess embættis sameinuð embætti flugvallastjóra, en embættisheiti hans þó ekki breytt.

Með því að núverandi embættisheiti gefur engan veginn rétta hugmynd um störf þessa embættismanns, þykir rétt að breyta heitinu svo sem greinir í frumvarpinu.

Sþ. 360. Tillaga til þingsályktunar [138. mál]

um skipun nefndar til að gera tillögur um takmörkun á heimild stjórnmálaflokka til þess að nota fé í sambandi við kosningar og kosningarundirbúning.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason, Haraldur Guðmundsson, Gils Guðmundsson, Eiríkur Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa eftir tilnefningu þingflokkanna fimm manna nefnd til þess að athuga og gera tillögur um, hvort rétt sé að taka í gildandi lög um kosningar til Alþingis og sveitarstjórna ákvæði, er takmarki heimild stjórnmálaflokka til notkunar fjár í sambandi við kosningar og kosningaundirbúning og skyldi þá til að gera opinbera grein fyrir, hversu miklu fé hver þeirra ver í þessu skyni.

Nefndin skal hafa lokið störfum svo snemma, að hægt sé að leggja tillögur hennar fyrir næsta Alþingi. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Í 139. gr. laga um kosningar til Alþingis eru ákvæði um, hvað teljast skuli óleyfilegur kosningaáróður og kosningaspjöll, en til slíks telst þar m. a. að safna undirskriftum undir áskoranir um framboð eða loforð um kjörfylgi, að bera á menn fé eða fríðindi til þess að hafa áhrif á, hvort þeir greiða atkvæði eða hvernig, og að hafa í frammi áróður á kjörstað. Tilgangur þessara ákvæða er að sjálfsögðu sá að stuðla að því, að kjósandinn sé sem óháðastur, er hann greiðir atkvæði sitt, og hafi skilyrði til þess að gera það á grundvelli heilbrigðrar dómgreindar sinnar. En nú, á tímum mikillar áróðurstækni, hafa margs konar óheilbrigð skilyrði skapazt til þess að reyna að hafa áhrif á skoðanir kjósenda og atkvæði þeirra á kjördegi, ef nægu fé er til þess varið. Það hefur t. d. færzt mjög í vöxt á síðari árum, að stjórnmálaflokkar noti bifreiðar í ríkum mæli til þess að flytja kjósendur til kjörstaðar á kjördegi. Kveður nú orðið svo mikið að þessu, að ástæða er til að telja slíkt til óleyfilegs kosningaáróðurs. Á ýmsan annan hátt má og með beitingu fjármagns leitast við að hafa áhrif á niðurstöðu kosninga. En um það ætti ekki að geta verið ágreiningur, að fé það, sem stjórnmálaflokkar hafa yfir að ráða, á ekki að hafa áhrif á vígstöðu þeirra í kosningum og má engu ráða um niðurstöðu þeirra. Í nágrannalöndum hafa því verið gerðar ráðstafanir til þess að takmarka heimild stjórnmálaflokka til að verja fé í sambandi við kosningar og skylda þá til að gera opinbera grein fyrir fjárreiðum sínum þar að lútandi. Virðist fyllsta ástæða til þess að taka slík ákvæði upp í íslenzk lög. Er tillaga þessi fram borin í því skyni, að slík lagasetning verði undirbúin.

Ed. 361. Lög [136. mál]

um samkomudag reglulegs Alþingis 1954.

(Afgreidd frá Ed. 11. febr.).

Samhljóða þskj. 351.

Nd. **362. Frumvarp til laga** [139. mál]

um lögreglustjóra á Keflavíkurflugvelli.

(Lagt fyrir Alþingi á 73. löggjafarþing 1954).

1. gr.

Á Keflavíkurflugvelli skal vera lögreglustjóri. Umdæmi Keflavíkurflugvallar miðast við samningssvæði þau á Reykjanesi, sem varnarsamningur Íslands og Bandaríkjanna frá 5. maí 1951 tekur til og eru eign ríkisins.

Ráðherra sá, sem fer með varnarmál, veitir embættið lögfræðingi, sem fullnægir lögmæltum skilyrðum til skipunar í héraðsdómaraembætti.

2. gr.

Lögreglustjóri hefur á hendi dómarastörf, lögreglustjórn, innheimtu á sköttum og tollum til ríkissjóðs og eftir því sem við getur átt önnur þau störf, sem sýslumönnum og bæjarfógetum eru falin, hverjum í sínu umdæmi, gegn þeirri þóknun er ákveðin er að lögum.

Lögreglustjórinn tekur laun samkvæmt VI. flokki launalaga, nr. 60 1945.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi skv. 28. gr. stjórnarskrárinnar, skal tekið fram:

Um s. l. áramót tók utanríkisráðuneytið að öllu leyti við afgreiðslu dóms- og lögreglumála á Keflavíkurflugvelli. Var það gert í samráði við dóms- og kirkjumálaráðuneytið, enda ráð fyrir því gert í auglýsingu um skipan og skiptingu starfa ráðherra frá 11. september 1953.

Það varð fljótlega ljóst, að óhjákvæmilegt mundi reynast að skipa á Keflavíkurflugvelli sérstakan lögreglustjóra með dómsvaldi, er starfaði í nánu sambandi við utanríkisráðuneytið og bæri embættisábyrgð gagnvart því. Þar sem fundum Alþingis hafði um miðjan desember verið frestað þar til í febrúarbyrjun 1954, reyndist nauðsynlegt að gefa út bráðabirgðalög um lögreglustjóra á Keflavíkurflugvelli og voru þau undirrituð af forseta Íslands 19. janúar 1954.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að Alþingi staðfesti bráðabirgðalögin um lögreglustjóra á Keflavíkurflugvelli, en þau eru prentuð sem fylgiskjal með lagafrumvarpi þessu.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um lögreglustjóra á Keflavíkurflugvelli.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Utanríkisráðherra hefur tjáð mér, að á meðan varnarliðið dvelst á Keflavíkurflugvelli beri brýna nauðsyn til þess að skipa þar sérstakan lögreglustjóra.

Vegna þessa gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Á Keflavíkurflugvelli skal vera lögreglustjóri. Umdæmi Keflavíkurflugvallar miðast við samningssvæði þau á Reykjanesi, sem varnarsamningur Íslands og Bandaríkjanna frá 5. maí 1951 tekur til og eru eign ríkisins.

Ráðherra sá, sem fer með varnarmál, veitir embættið lögfræðingi, sem fullnægir lögmæltum skilyrðum til skipunar í héraðsdómaraembætti.

2. gr.

Lögreglustjórinn hefur á hendi dómarastörf, lögreglustjórn, innheimtu á sköttum og tollum til ríkissjóðs og eftir því sem við getur átt önnur þau störf, sem sýslumönnum og bæjarfógetum eru falin, hverjum í sínu umdæmi, gegn þeirri þóknun, er ákveðin er að lögum.

Lögreglustjórinn tekur laun samkvæmt VI. flokki launalaga, nr. 60 1945.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 19. janúar 1954.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Kristinn Guðmundsson.

Ed. 363. Nefndarálit [105. mál]

um frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1951.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin athugaði frv. og bar það tölulega saman við ríkisreikninginn, sem lagður var fyrir þingið samhliða frumvarpinu. Enn fremur kynnti nefndin sér athugasemdir yfirskoðunarmanna ríkisreikninganna, eins og þær liggja fyrir útgefnar með reikningnum, svo og svör ráðherra, er þar fylgja, ásamt ályktunum og tillögum yfirskoðunarmanna að fengnum þeim svörum.

Að því er snertir hina árlegu yfirskoðun ríkisreikninganna tekur nefndin fram, að hún lítur svo á, að yfirskoðunarmönnunum, sem Alþingi kýs sem trúnaðarmenn sína, beri skylda til þess að fylgjast með því frá ári til árs, að þær endanlegu tillögur, er þeir gera og hljóða að niðurstöðum „til eftirbreytni framvegis“ eða „til athugunar framvegis“, séu teknar til greina hverju sinni í framkvæmd.

Enn fremur telur nefndin, að það falli undir starf yfirskoðunarmanna ríkisreikninganna, þegar þeir sjá ástæðu til að vísa aðfinnslum sínum „til aðgerða Alþingis“, að láta þá jafnframt fylgja ákveðnar tillögur með greinargerð um þær aðgerðir, sem þeir telja nauðsynlegar af þingsins hálfu.

Loks lýsir nefndin yfir því, að hún telur rétt, að upp verði tekin sú regla, að fjármálaráðherra f. h. ríkisstjórnarinnar láti jafnan framvegis fylgja ríkisreikningnum greinargerð um það, hvernig fullnægt hafi verið þeim tillögum yfirskoðunarinnar, er átt hafa að koma til framkvæmda það ár, sem reikningurinn er fyrir.

Nefndin treystir því, að framanskráðar ábendingar verði teknar til greina, og leggur því einróma til, að frumvarp þetta verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 12. febr. 1954.

Bernh. Stefánsson, form.	Lárus Jóhannesson, fundaskr.	Karl Kristjánsson, frsm.
Gísli Jónsson.	H. Guðmundsson.	

Nd. 364. Breytingartillaga [63. mál]

við frv. til l. um síldarleit úr lofti.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við 4. gr. Síðasti málsl. 2. málsgr. og 4. málsgr. falli niður.

Sþ. 365. Tillaga til þingsályktunar [140. mál]

um gerð hagrænna landabréfa í þágu atvinnuveganna.

Flm.: Sigurður Bjarnason.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að verja allt að 20 þús. kr. á þessu ári til þess að hefja gerð hagrænna landabréfa af Íslandi í því skyni að auðvelda ráðstafanir til sköpunar jafnvægi í byggð landsins.

Greinargerð.

Hagræn landabréf eru bezta og gleggsta heimild um náttúruhagi landsins og atvinnuvegi og afkomu þjóðarinnar, sem hægt er að fá. Af þeim má sjá landslag og nýtilegt land, byggðarlög og samgöngur, yfirlit um landbúnað, útgerð og iðnað, fjárhagslega afkomu, aldursskiptingu og breytingar á fólksfjölda eftir byggðarlögum á síðustu áratugum.

Menningarþjóðir, eins og t. d. Norðurlandaþjóðirnar, Bretar og Bandaríkjamenn, hafa látið gera fjölda slíkra korta til hagsbóta fyrir atvinnuvegina. Hér á landi er einnig þörf fyrir hagræna landabréfagerð, því að með þeim skapast mjög aukin yfirsýn yfir þarfir og hagi sveita og bæja.

Jafnframt því, sem kortin eru gerð, eru samdar með þeim skýringar. Þar eru einnig raktar orsakir til breytinga, sem orðið hafa á síðari tímum. Á þann hátt skýrast vandamálin, og grundvöllur er lagður að þeim ráðstöfunum, sem æskilegar verða taldar til hagsbóta fyrir atvinnuvegina og sköpunar jafnvægi í byggð landsins.

Hagrænu landabréfin munu koma að margháttuðu beinu og óbeinu gagni. Þau eru ómetanleg hjálpargögn fyrir þá, sem vinna að almennri skipulagningu og stjórnarstörfum, og auk þess munu þau verða notuð í skólum og við fræðistörf af ýmsu tagi.

Með tillögu þessari er lagt til, að ríkisstjórninni verði heimilað að verja allt að 20 þús. kr. til að hefja gerð hagrænna landabréfa. Er það að vísu lág upphæð. En fyrir hana ætti að vera unnt að framkvæma nauðsynlegar byrjunarframkvæmdir á þessu sviði. Hér er um nýjung og tilraun að ræða, sem nauðsynlegt er að verði gerð.

Nd. 366. Nefndarálit [114. mál]

um frv. til l. um Sjóvinnuskóla Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin sendi frumvarpið til umsagnar Fiskifélagi Íslands og skólastjóra stýrimannaskólans, og eru svör þeirra prentuð með nál. sem fylgiskjöl.

Nefndin fellst í aðalatriðum á sjónarmið það, sem fram kemur í bréfi fiskimálastjóra. Hún telur rétt og nauðsynlegt að fræðsla sé veitt um þau störf, sem

snerta sjómennsku og fiskveiðar. Þá virðist henni eðlilegt, að Fiskifélagið haldi áfram þeirri viðleitni, sem það hefur haft uppi í þessu skyni, og að það verði styrkt til þess að auka hana eftir því, sem þörf gerist.

Loks er nefndin því mjög sammála, að fræðslumálastjórnin vinni að því, að upp verði tekin kennsla í verknámsdeildum gagnfræðaskólanna í þessum fræðum, eftir því sem við getur átt.

Hins vegar getur nefndin ekki fallizt á, að nauðsyn beri til að stofna í Reykjavík sérstakan skóla fyrir þessa kennslu að svo stöddu.

Nefndin leggur því til, að málið verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að Fiskifélagi Íslands verði gert kleift að halda framvegis uppi sjóvinnunámskeiðum sínum og auka þau, og enn fremur í trausti þess, að fræðslumálastjórnin vinni að því, að kennsla í sjóvinnu verði upp tekin í sem flestum verknámsdeildum gagnfræðaskólanna, svo víðtæk sem við getur átt á hverjum stað, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 12. febr. 1954.

Sigurður Ágústsson, form. — Gísli Guðmundsson, fundaskr. — Emil Jónsson, frsm.

Pétur Ottesen. — Eiríkur Þorsteinsson.

Fylgiskjal. I.

FISKIFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 11. febr. 1954.

Vér höfum haft til athugunar bréf hv. sjávarútvegsnefndar, dags. 11. des. s. l., þar sem óskað er umsagnar um frv. til laga um Sjóvinnuskóla Íslands á þskj. 222, og viljum í því sambandi taka fram eftirfarandi:

Vér teljum, að sú grundvallarhugsun, sem fram kemur í frumvarpi þessu, að veitt sé fræðsla í þeim störfum, sem snerta sjómennsku og fiskveiðar, sé rétt.

Út frá því hefur Fiskifélagið um mörg undanfarin ár haldið svonefnd sjóvinnunámskeið í fjölmörgum veiðistöðvum eftir því, sem óskir hafa fram komið, en takmörkuð geta fjárhagslega hefur þó á stundum sett þessari starfsemi þrengri skorður en æskilegt hefði verið. Hefur starfsemi þessi verið mjög vel séð af þeim, sem hér hafa átt hlut að máli, og munum vér að sjálfsögðu halda henni áfram.

Teljum vér, að með slíkum námskeiðum megi, ef vel er á haldið, veita þá fræðslu, sem nauðsynleg er talin í þessum efnum, án þess að settur sé upp fastur skóli, svo sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Þá viljum vér einnig benda á, að í sambandi við verknám gagnfræðaskólanna hefur það verið tekið upp á nokkrum stöðum að kenna nemendum ýmis atriði í sambandi við sjóvinnu, og væri æskilegt, að sú starfsemi yrði aukin, því að á þann hátt næst til allmikils fjölda nemenda, sem ella mundu ekki eiga þess kost eða hirða um að afla sér slíkrar fræðslu.

Virðingarfyllst,

Davíð Ólafsson.

Til sjávarútvegsnefndar Nd. Alþingis.

Fylgiskjal II.

STÝRIMANNASKÓLINN

Reykjavík, 28. desember 1953.

Með bréfi, dags. 11. þ. m., sendi háttvirt sjávarútvegsnefnd neðri deildar Alþingis mér til umsagnar frv. til l. um sjóvinnuskóla, þskj. 222, flm. Gils Guðmundsson. Skal ég vegna þessa leyfa mér að taka eftirfarandi fram:

Á því er enginn vafi, að vinnuskóli fyrir unglinga, sem ætla að gera sjómennsku að atvinnu sinni, væri hin þarflegasta stofnun hér á landi. Það mun vera svo um flesta, sem ráðast í skiprúm í fyrsta sinn, að þeir kunni lítið sem ekkert til algengrar sjóvinnu, og algengt er einnig, að jafnvel eftir tveggja til þriggja ára siglingatíma á skipum sé kunnáttu þeirra enn mjög ábótavant í þessum greinum. Að nokkru leyti getur það stafað af skorti á áhuga hjá þeim sjálfum, en oft stafar það af vöntun á tækifærum til æfinga, því að þegar nóg er að starfa fyrir alla, eru hin vandasamari störf, svo sem smeygingar á köðlum og vírum, netabætingar og vinna við segl og reiða, falin vönum mönnum, og unglingarnir koma þar þá lítið nærri.

Á stýrimannaskólanum er á hverjum vetri haldið uppi nokkurri kennslu í verklegum efnum, og var sú kennsla á sínum tíma tekin upp fyrir áeggjan Sveinbjarnar heitins Egilssonar og af brýnni nauðsyn á að bæta um hirðusemi og verkkunnáttu skipstjórnarmanna, einkum á fiskiskipaflotanum. Nú er vitað, að ekki fer nema minni hluti ísl. sjómanna á stýrimannaskólann, en hins vegar æskilegt, að sem flestir læri þessi störf. Á stýrimannaskólanum eru heldur ekki tök á að kenna nema takmarkaðan hluta þess, sem t. d. fiskimenn þyrftu að kunna í gerð alls konar veiðarfæra, og væri starfandi skóli, sem veitti ungum sjómönnum alhliða kennslu í verklegum efnum, mætti að mínum dómi leggja niður þessa kennslu við stýrimannaskólann, en krefjast í þess stað af nemendunum kunnáttuvottorðs í þessum fræðum frá sjóvinnuskólanum. Þá sæi ég heldur ekkert því til fyrirstöðu, að námstími ásamt prófi frá sjóvinnuskólanum yrði látinn gilda sem hluti af þeim siglingatíma, sem krafizt er til inngöngu í stýrimannaskólann.

Ég tel því, að frumvarp þetta stefni í rétta átt, en að á því þurfi að gera breytingar, áður en það verður að lögum.

Skólanum er ætlað að starfa í þriggja mánaða námskeiðum, og finnst mér það eftir atvikum hæfilegur tími, a. m. k. meðan reynsla er ekki fengin um annað, enda tel ég, að á þeim tíma megi veita nemendum nægilega kunnáttu í þeim atriðum sjóvinnunnar, sem mestu máli skiptir fyrir þá að kunna til þess að vera hlutgengir til allra venjulegra starfa um borð í skipi. Skoðun mín er nefnilega sú, að það, sem mest þörf er fyrir hér heima, sé sjóvinnuskóli í þrengri merkinu, þ. e. skóli, sem kenni nemendum nauðsynlegustu vinnubrögð á þilfari, hvort heldur er á fiski- eða flutningaskipum, þar með talin helztu atriði fiskverkunar, sem þó vantar inn í frv., en reynslan hefur sýnt, að ekki er síður nauðsynlegt að kenna.

En þótt frv. geri ekki ráð fyrir lengri tíma en þetta, er hinn fyrirhugaði fjöldi námsgreina þar slíkur, að ég fæ ekki séð, hvernig komast má yfir að kenna á einu námskeiði allt, sem upp er talið, svo að verulegu gagni komi. Ég er því miður ókunnugur hliðstæðum skólum á Norðurlöndum, sem flm. hefur haft til hliðsjónar við samningu frv., og veit því eigi um tilhögun þar eða námsárangur, en sé farið á þremur mánuðum í öll atriði, sem talin eru upp, hlýtur kennslan að vera nokkuð yfirborðskennd, a. m. k. hvað sumar námsgreinar snertir. Ég tel vænlegra til árangurs að hafa námsgreinarnar færri, en leggja heldur meiri rækt við hverja.

Við ákvörðun námsefnisins verður að taka tillit til þess, að óhjákvæmilega hljóta unglingar að læra sumt af því, sem upp er talið, þegar á fyrstu dögum eða vikum sjómennskunnar, kunni þeir það ekki fyrir, svo sem róður, sem ég hygg að flestir unglingar, sem áhuga hafa á að fara á flot, læri þegar í æsku. Annars er róður eitt af atriðum bátaæfinga. Af öðrum hlutum má nefna notkun handlóðs, skrið-

mælis (á líklega að vera vegmælis) og djúpmælitækja. Þá er ýmislegt annað, sem ég tel litla nauðsyn á að kenna unglingum á þessu stigi, en mundi taka ærinn tíma og auka kostnað verulega, ætti kennslan að vera annað og meira en nafnið tómt. Af því má nefna fræðileg atriði, svo sem frumatriði um byggingu skips, máttarviði, aðalhluta og sundurhólfun, frumatriði siglingafræði (notkun kompáss væri þó sjálfsagt að kenna), bréfaskriftir, skeytasendingar, skýrslugerð og stöðuumsóknir, frumatriði þjóðfélagsfræði, lög og reglugerðir. Þá má og nefna fataþvott, fataviðgerðir, hirðingu herbergja og eldhússtörf, en þessi atriði munu miðast við dvöl nemenda í heimavist, sem hér mun ekki gert ráð fyrir. Þá tel ég, að sleppa megi síðari málsgr. 3. gr. með tilliti til þess, að unglingur, sem hefur nokkurn áhuga fyrir því, sem gerist í kringum hann, mun af sjálfsdáðum afla sér hjá skipsfélögum sínum meiri og haldbetri þekkingar á þeim hlutum, sem þar um ræðir og hann fær not fyrir, en þótt honum væri sýndir þeir í svip eða þeir kynntir honum lauslega á námskeiðinu. Þess ber og að gæta, að ungir drengir verða alls ekki látnir fást við ábyrgðarmikil störf varðandi stjórn og öryggi skipsins, því að það eru verk skipstjórnarmannanna, en hvert ónauðsynlegt atriði, sem fengizt er við á kennslutímanum, dreifir athygli og dregur úr afköstum við hin nauðsynlegri störf.

Vegna þess, er segir í 4. gr., leyfi ég mér að benda á, hvort eigi væri réttara, meðan engin reynsla er fengin fyrir þessari stofnun, að heimila aðeins ráðningu fastra aukakennara í stað þess að fastákveða hana í lögum.

Vegna hins mikla kostnaðar við námskeið sem þessi teldi ég rétt, að í 7. gr. væri sett ákvæði um, að námskeið verði því aðeins haldið á einhverjum stað, að næg þátttaka sé fyrir hendi. Í reglugerð yrði síðar kveðið nánar á um nemendafjölda. Einkum kæmi það ákvæði til greina, þegar um væri að ræða fleiri námskeið en eitt í sama landshluta. Í því sambandi má minna á, að á árunum 1950 til 1952 voru haldin sjóvinnunámskeið á vegum Reykjavíkurbæjar, sem komu að góðu gagni, en reynsla varð m. a. sú, að prófi luku aðeins ⅓ til ½ þeirra, sem innrituðust á námskeiðin í byrjun, og nær helmingi fleiri fyrra árið en hið síðara. Hinir misstu áhugann og heltust úr lestinni, og við slíku er ætíð hætt, þegar um er að ræða unglinga, sem nýsloppnir eru úr skólum og mega ráða sér sjálfir að meira eða minna leyti.

Loks finnst mér, að í stað orðanna „skulu hafa forgangsrétt“ í 11. gr. frv. ætti að standa „skulu að öðru jöfnu hafa forgangsrétt“.

Fr. Ólafsson.

Til sjávarútvegsnefndar neðri deildar Alþingis.

Nd. 367. Frumvarp til laga [141. mál]

um þjóðhátíðardag Íslendinga.

Flm.: Gils Guðmundsson, Bergur Sigurbjörnsson.

1. gr.

17. júní er þjóðhátíðardagur Íslendinga. Öll vinna er bönnuð þann dag nema óhjákvæmileg störf. Er bæjar- og sveitarstjórnum um land allt skylt að hafa forgöngu um hátíðahöld á þjóðhátíðardaginn og beita sér fyrir því, að dagurinn beri virðulegan og viðeigandi svip.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Um langt skeið hefur 17. júní, fæðingardagur Jóns Sigurðssonar, verið merkisdagur í augum Íslendinga. Öllum þótti fara vel á því, er sá dagur var valinn til stofnunar lýðveldis á Þingvöllum 1944. Síðan hefur dagurinn verið hátíðlegur haldinn til minningar um lýðveldisstofnunina, og mun eflaust verða svo á ókomnum tímum. Hátíðahöld þennan dag hafa orðið svo almenn, að 17. júní er í vitund allra Íslendinga orðinn ótvíræður þjóðhátíðardagur. Hins vegar hefur ekki verið um það hirt að gera hann að lögboðnum frídegi. Þess í stað hefur sá háttur verið hafður á, að í hvert sinn, er dagurinn nálgast, beinir ríkisstjórnin þeim tilmælum til þjóðarinnar, að almenn vinna falli niður þann dag og efnt verði til hátíðahalda um land allt. Virðist í alla staði eðlilegast, að 17. júní verði lögboðinn frídagur og bæjar- og sveitarstjórnum gert að skyldu að beita sér fyrir hátíðahöldum, sem hæfa þjóðhátíðardegi.

Nd. 368. Frumvarp til laga [142. mál]

um breyting á jarðræktarlögum, nr. 45 17. maí 1950.

Flm.: Bergur Sigurbjörnsson.

1. gr.

IV. liður 1. málsgr. 11. gr. laganna orðist svo:

Jarðrækt:

a. Vinnsla og jöfnun lands vegna akur- og túnræktar svo og til endurræktunar túna	kr.	200.00 pr. ha.
b. Skjólbelti í ræktunarlöndum	—	1800.00 — —

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Markmið viðaukans, sem felst í fyrri staflið 1. gr. frumvarps þessa, er að hindra þá öfugþróun, að bóndinn sjái sér hag í því (vegna styrksins) að brjóta mýrar og móa til nýræktar, en láta gamla túnið og illa gerðar sáðsléttur sitja á hakanum eða falla í órækt, þótt áður hafi verið greitt út á þær jarðabótaframlag.

Jöfnun gömlu túnanna og nýrri ræktunar er víða mjög ábótavant. Veldur það m. a. því, að öll vinna á túnunum er torveldari og því dýrari. Þar að auki eykur ófullkomin jöfnun stórlega kalhættu.

Meðan bændur áttu ekki kost fullkominna véla til jöfnunar og tilfærslu á jarðveginum í nýræktarlöndum, var eðlilegt, að kröfurnar væru minni í þessu efni, þótt nú sé skylt að gera fyllri kröfur, áður en nýrækt er tekin út til jarðabótaframlags.

Einhliða útþensla ræktaða landsins umfram það, sem efni standa til, er fráleit, bæði frá sjónarmiði bóndans og þó enn fremur frá þjóðhagslegu sjónarmiði, þar sem hið opinbera styrkir einhliða útþenslurræktunina með fjárframlögum (framræslu, grjótnám, girðingar).

Með þeim viðauka, sem hér er lagt til að bætt sé við lagagreinina, mundi ráðin nokkur bót á því, að ræktunin kæmi að sem beztum notum.

Því verður ekki unað lengur, að jarðræktarlögin geri ekki ráð fyrir framlagi úr ríkissjóði til skjólbelta í ræktunarlöndum, svo þýðingarmikill þáttur sem skjólbeltin eru í allri ræktun.

Náttúran sjálf er hér óyggjandi vegvísir, því að eins og öllum er ljóst, nær gróðurinn ætíð mestum þroska í skjólinu. Og þó að skógræktin hér á landi sé enn svo ung, að hún geti ekki svarað því til hlítar, að hve miklu leyti skjólbeltin bæta eða geta bætt vaxtarskilyrði annars gróðurs, hafa þau þegar sýnt þann vöxt og árangur, að ekki verður um deilt, að mikils má af vænta í framtíðinni. Við okkar óstöðugu veðurskilyrði er engin ástæða til að ætla, nema síður sé, að skjólbeltin hafi minna gildi fyrir annan gróður hér en erlendis, þ. e. a. s. að minnsta kosti 25% uppskeruaukningu. Þar að auki má gera ráð fyrir þroskaöryggi, sem aldrei verður nákvæmlega reiknað í tölum. Í þessu sambandi er rétt að geta þess, sem er mjög athyglisvert, að hinn merki tilraunamaður, Klemenz Kristjánsson á Sámsstöðum, hefur gerzt brautryðjandi um ræktun skjólbelta. Hefur hann ritað margt athyglisvert um gildi skjólbelta fyrir aðra ræktun. T. d. má nefna, að hveiti náði þroska á köldu sumri í skjólbelti, þegar það náði ekki meira en hálfum þroska á bersvæði.

Nú, þegar raddir eru sem háværastar um að auka ræktunarbúskap í landinu meira en verið hefur, er óafsakanlegt að loka augunum fyrir nauðsyn þess að hraða gróðursetningu skjólbelta. Í raun réttri þyrftu þau að ganga fyrir öðrum ræktunarframkvæmdum, ef vel á að vera og gildi þeirra er metið til árvissari og fjölbreyttari ræktunar og uppskeru.

Enginn skyldi sjá ofsjónum yfir því, þótt skjólbeltaræktuninni sé ætlað hærra framlag á ha, en t. d. túnrækt. Framlagið er hér miðað við það, að plönturnar fáist greiddar í byrjun.

Um þriggja ára skeið þarf skjólbeltið nokkra aðhlynningu og umhirðu. Einnig má gera ráð fyrir, að fyrstu árin þurfi bóndinn að kaupa plöntur í stað þeirra, er kunna að deyja.

Um marga hluti er tvennu ólíku saman að jafna túni og skjólbelti. Túnið skilar bóndanum arði strax, en skjólbeltin ekki verulega fyrsta áratuginn. En hver áratugur, sem líður, eykur gildi þess, og gagn þess verður meira fyrir næstu kynslóðir. Þess vegna verður öðrum þræði að líta á málið langsæjum augum og krefjast ekki fullra fórna af þeim, sem nú lifa. Aftur á móti verður skjólbeltið sparisjóður framtíðarinnar, sem þá skilar vöxtum til bóndans og þjóðfélagsins í fjölbreyttari og betri uppskeru.

Þótt skjólbeltin séu hér tekin til athugunar frá sjónarmiði ræktunar og búskapar, hljóta ýmsir þræðir þessara mála að liggja til Skógræktar ríkisins, og er Búnaðarfélagi Íslands og Skógrækt ríkisins vorkunnarlaust að semja um þá sín á milli, svo skyld sem verkefni þeirra stofnana eru, enda má telja, að þeim sé skylt að vinna saman að lausn þessa mikla hagsmunamáls þjóðarinnar allrar.

Sþ. 369. Tillaga til þingsályktunar [143. mál]

um staðfestingu samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um jöfn laun karla og kvenna.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Magnús Jónsson, Jóhann Hafstein, Gunnar Thoroddsen, Jónas Rafnar, Einar Ingimundarson, Kjartan J. Jóhannsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því, að samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um jöfn laun karla og kvenna verði staðfest að því er varðar Ísland. Jafnframt undirbúi ríkisstjórnin nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að samþykktin komizt í framkvæmd.

Greinargerð.

Þeirri skoðun hefur stöðugt aukizt fylgi undanfarin ár í lýðræðislöndum, að konum og körlum beri jöfn laun fyrir sömu vinnu. Í mörgum löndum hefur og sá háttur verið upp tekinn um launagreiðslur. Hér á Íslandi brestur nokkuð á um jafnrétti karla og kvenna í þessum efnum, enda þótt réttur kvenna hafi verið aukinn verulega frá því, sem áður var.

Eins og kunnugt er, hefur Ísland um skeið verið aðili að Alþjóðavinnumálastofnuninni, en á þingum hennar hefur jafnrétti karla og kvenna í launamálum verið rætt og gerðar um það ályktanir. Með samþykkt, sem gerð var á þingi stofnunarinnar árið 1951, var lagt til við aðildarríkin, að þau tryggi það, að reglan um jöfn laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf komi til framkvæmda hjá þeim og taki til alls starfsfólks.

Síðan hafa nokkur ríki staðfest þessa ályktun þingsins og tekið að vinna að framkvæmd hennar heima fyrir. Efnahags- og félagsmálanefnd Sameinuðu þjóðanna hefur einnig tekið hana til meðferðar og beint þeirri áskorun til aðildarríkja sinna að staðfesta hana og tryggja jöfn laun karla og kvenna í framkvæmd.

Að öllu þessu athuguðu og eðli málsins samkvæmt virðist sjálfsagt og eðlilegt, að Alþingi Íslendinga staðfesti fyrrgreinda samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Flutningsmenn þessarar tillögu leggja þess vegna til, að ríkisstjórnin beiti sér fyrir því, að svo verði gert. Á grundvelli samþykktarinnar verði síðan unnið að því með góðri samvinnu verkalýðssamtaka, opinberra starfsmanna, vinnuveitendasamtaka og ríkis og bæja að koma algeru jafnrétti karla og kvenna í launamálum í framkvæmd.

Fylgiskjal.

Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 100, um jöfn laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem stjórn Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar hefur kvatt til funda í Genf og kom saman til þrítugustu og fjórðu þingsetu sinnar 6. júní 1951, og hefur ákveðið að gera ákveðnar tillögur varðandi regluna um jöfn laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf, sem er sjöunda málið á dagskrá þingsins, og hefur ákveðið, að þessar tillögur skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar, gerir í dag, tuttugasta og níunda júní árið nítján hundruð fimmtíu og eitt, eftirfarandi samþykkt, sem nefna má Jafnlaunasamþykktina frá 1951.

1. gr.

Í þessari samþykkt —

a. tekur orðið „laun“ yfir hið venjulega grunn- eða lágmarkskaup og hvers konar frekari þóknun, sem greidd er beint eða óbeint, hvort heldur í fé eða fríðu, og vinnuveitandinn greiðir starfsmanninum fyrir vinnu hans;

b. eiga orðin „jöfn laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf“ við launataxta, sem settir eru án þess að gerður sé greinarmunur á kynjum.

2. gr.

1. Með þeim ráðum, er hæfa þeim aðferðum, sem hafðar eru við ákvörðun launataxta, skal hvert aðildarríki stuðla að því og tryggja það, að svo miklu leyti sem það samrýmist þessum aðferðum, að reglan um jöfn laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf taki til alls starfsfólks.

2. Þessari reglu skal komið til framkvæmda með:
   a. landslögum eða reglugerðum;
   b. ráðstöfunum, sem komið er á eða viðurkenndar eru með lögum, til ákvörðunar á launum;
   c. heildarsamningum milli vinnuveitenda og verkamanna, eða
   d. með þessum mismunandi aðferðum sameiginlega.

3. gr.

1. Þar, sem slíkt mundi greiða fyrir því, að ákvæðum samþykktarinnar sé framfylgt, skal gera ráðstafanir til þess að koma á óvilhöllu mati á störfum, sem byggist á því, að metin sé sú vinna, sem inna skal af hendi.
2. Reglur þær, sem fara ber eftir við þetta mat, geta stjórnvöld þau, sem hafa með höndum ákvörðun launataxta, ákveðið, en þegar taxtarnir eru ákveðnir með heildarsamningum, geta aðilar þeirra ákveðið þær.
3. Mismunur á launatöxtum, er samsvarar mismun, sem ákveðinn er með slíku óhlutdrægu mati á vinnu þeirri, sem leysa ber af hendi, skal ekki talinn fara í bága við regluna um jöfn laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf, enda sé ekki greint á milli kynja.

4. gr.

Eftir því, sem við á, ætti hvert aðildarríki að hafa samvinnu við hlutaðeigandi vinnuveitenda- og verkamannafélög með það fyrir augum að koma ákvæðum þessarar samþykktar í framkvæmd.

Ed. 370. Nefndarálit [115. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í alþjóðasamningi frá 5. apríl 1946, um möskvastærð fiskinetja og lágmarksstærðir fisktegunda, ásamt ákvæðum viðbætis við samninginn frá 2. apríl 1953.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað þetta mál og leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 16. febrúar 1954.

Jóhann Þ. Jósefsson, form., frsm.
Vilhjálmur Hjálmarsson, fundaskr.
Ingólfur Flygenring.
Bernh. Stefánsson.
Guðm. Í. Guðmundsson.

Nd. 371. Frumvarp til laga [144. mál]

um orkuver Vestfjarða.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Eiríkur Þorsteinsson, Kjartan J. Jóhannsson, Sigurður Bjarnason.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að fela rafmagnsveitum ríkisins að virkja Dynjandisá í Arnarfirði til raforkuvinnslu í allt að 7000 hestafla orkuveri og leggja þaðan

aðalorkuveitu vestur á bóginn til Bíldudals, Tálknafjarðar og Patreksfjarðar og norður á bóginn til Þingeyrar, Flateyrar, Suðureyrar, Bolungavíkur, Súðavíkur og Hnífsdals og Ísafjarðar.

2. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs eða ábyrgjast lán, sem rafmagnsveitur ríkisins taka, allt að 60 milljónum króna, eða jafngildi þeirrar upphæðar í erlendri mynt, til greiðslu stofnkostnaðar þeirra mannvirkja, sem um getur í 1. gr. Af þeirri upphæð má taka sem lán úr raforkusjóði samkvæmt 1. lið 35. gr. raforkulaganna allt að 20 milljónum króna, þó eigi meira en nemur ⅓ hluta af stofnkostnaði mannvirkjanna.

3. gr.

Framkvæmdir samkv. 1. gr. mega ekki hefjast, nema fyrir liggi nákvæmar kostnaðaráætlanir um virkjunarframkvæmdir samkv. ákvæðum raforkulaga.

4. gr.

Ríkissjóður geri þegar ráðstafanir til að tryggja sér vatnsréttindi í Dynjandisá, ef það mál hefur ekki enn þá fengið fulla lausn.

5. gr.

Kostnaður sá, sem sveitarfélögin á Vestfjörðum hafa lagt fram til undirbúnings Vestfjarðavirkjunar, verði þeim endurgreiddur og talinn með stofnkostnaði, enda öðlist rafmagnsveitur ríkisins þá eignarrétt á öllum uppdráttum og áætlunum um Dynjandisvirkjun, sem Orkuver Vestfjarða h/f lét gera.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það eru nú rúm 40 ár síðan farið var að athuga og undirbúa virkjun vatnsfallanna fyrir botni Arnarfjarðar, þó að aldrei hafi orðið af framkvæmdum.


Það mun hafa verið árið 1912, sem Páll Torfason á Flateyri stofnaði félag, sem ætlað var að vinna að eflingu iðnaðar hér á landi. Þetta félag eignaðist vatnsréttindin þarna og hóf undirbúning að stórvirkjun.

Árið 1916 fékk félagið hingað til lands danskan verkfræðing, F. H. Krebs, og vann hann að virkjunarrannsóknum við Dynjanda þá um sumarið. Síðan var verkinu haldið áfram af norskum verkfræðingi, Hout að nafni, og vann hann að mælingum á vatnasvæðinu fyrir botni Arnarfjarðar í tvö sumur. Gerði hann síðan áætlun og ákveðnar tillögur um, hvernig virkja skyldi allt vatnsafl fyrir Arnarfjarðarbotni, eða nánar tiltekið orku Dynjandisár og Svínár, sem falla í Dynjandisvog, og Mjólkár og Hofsár, sem falla ofan í botn Borgarfjarðar.

Allar þessar áætlanir voru miðaðar við orkuframleiðslu vegna stóriðju (aluminiumvinnslu í Eyrarfjalli hjá Flateyri), og voru aðaldrættirnir í virkjunartillhögun samkvæmt tillögum Hout verkfræðings þessir:

Árnar fjórar, sem áður voru nefndar, Dynjandisá, Svíná, Mjólká og Hofsá, skyldu leiddar saman uppi á hálendisbrúninni. Orkuverið átti að byggja við Mjólká, þar eð leiða átti Dynjandisá, Svíná og Hofsá í hana. Fallhæðin, sem með þessari tilhögun notaðist, var 300 m, og þrýstivatnspípan ekki nema 900—1000 m.

Mætti ætla, að þessi virkjunartilhögun væri ekki síður heppileg nú, vegna þeirra stórstígu framfara, sem orðið hafa í graftartækni og sprengingum. — Úrkomusvæði ánna allra er um 56 km² (sjá meðfylgjandi uppdrátt um vatnasvæðin).



Með þessari virkjunartilhögun taldi norski verkfræðingurinn að hægt væri að fá þarna 30 þúsund hestöfl fimm mánuði ársins, en rúmlega 50 þúsund hestöfl sjö mánuði ársins.

En það sat við undirbúninginn einn. Af framkvæmdum varð aldrei neitt vegna fjárskorts.

Síðan er þetta það helzta, sem gerzt hefur í raforkuframkvæmdum á Vestfjörðum:

Á Bíldudal var haustið 1918 lokið við að byggja 40 kw vatnsaflsstöð, sem seldi orku til ljósa og einnig talsvert til suðu og hitunar í þorpinu. En langt er síðan hún var orðin allt of lítil.

Ísafjarðarbær lauk við byggingu raforkuvers við Fossaá í Skutulsfirði haustið 1937 og nokkrum árum síðar (1946) við Nónvatnsvirkjun, og eru þessar virkjanir báðar rúmlega 1000 hestöfl. Var þegar sýnt, að þær yrðu of litlar innan fárra ára.

Á þessu árabili var það, að Ísafjarðarbær og önnur sveitarfélög á Vestfjörðum stofnuðu til félagsskapar um að undirbúa samvirkjun fyrir Vestfirði í Dynjandisá í Arnarfirði í von um, að það mundi verða til að hraða framkvæmdum. Þessi samtök hlutu nafnið „Orkuver Vestfjarða h/f.“ Réð félagið Finnboga R. Þorvaldsson verkfræðing, nú prófessor, í þjónustu sína, og vann hann að virkjunarrannsóknum, uppdráttum og áætlunum um Dynjandisvirkjun á árunum 1942, 1943 og 1944. Lögðu sveitarfélögin á Vestfjörðum allmikið fé í þessar undirbúningsframkvæmdir og væntu þess, að ríkið rétti síðan hjálparhönd til að koma upp orkuveri og aðalveitu frá því. En í því efni hafa Vestfirðingar orðið fyrir miklum vonbrigðum fram til þessa.

Á árinu 1945 gaf þó þáverandi samgöngumálaráðherra vegamálaskrifstofunni og rafmagnseftirliti ríkisins fyrirmæli um að gera ýtarlega frumáætlun um virkjun vatnsfalla í Arnarfirði og um aðalorkuveitu um Vestfirði, byggðar á rannsóknum Finnboga R. Þorvaldssonar prófessors.

Fól vegamálaskrifstofan danska firmanu Höjgaard & Schultz að annast rannsóknir og gera áætlun um sjálfa virkjunina. Varð það nú niðurstaðan að miða allar rannsóknir og áætlanir við Dynjandisá eina, þar eð ekki væri fyrirsjáanlegt, að raforkuþörf Vestfjarða yrði meiri en svo í náinni framtíð, að henni mætti fullnægja með virkjun annarrar hvorrar árinnar, Dynjandisár eða Mjólkurár.

Gáfu Höjgaard & Schultz, rafmagnseftirlitið og vegamálastjórnin út sameiginlega áætlun um virkjun Dynjandisár í marzmánuði 1946. Aðalatriði hennar voru þessi:

Stífla verði byggð, þar sem Dynjandisá rennur úr Litla-Eyjavatni, og myndast við það 800000 m^3 vatnsgeymir. Reiknað er með 355 m fallhæð og 7000 hestafla eða 5150 kw. afli í orkuveri. Háspennulína var talin verða 127 km á lengd samtals vestur á Patreksfjörð og norður til Bolungavíkur og auk þess 10 km sæstrengur. Lengd háspennulínu til beggja handa frá orkuveri er þannig 137 km (sjá kortið).


Í þessari áætlun var stofnkostnaður talinn verða þessi:

Sjálft orkuverið 16½ millj., háspennulínur með sæstreng 8.4 millj. og aðalspennistöðvar 1.2 millj. Heildarvirkjunarkostnaður 7000 hestafla orkuvers við Dynjandisá var þannig í ársbyrjun 1946 talinn verða 26.1 millj. kr.

Nú er öllum ljóst, að það hefði verið mikið happ fyrir atvinnulífið á Vestfjörðum, ef framkvæmdir hefðu hafizt þá, en svo varð ekki, því miður. — Það var talið allt of dýrt.

Sérfræðingarnir lögðu til, að framkvæmdum yrði slegið á frest. Þeir töldu þá eðlilegustu lausnina á raforkumálum Vestfjarða að byrja á því að byggja dieselstöðvar í öllum kauptúnum Vestfjarða og endurbyggja innanbæjarkerfin með hliðsjón af því, að þau gætu síðar tekið við orku frá væntanlegri samvirkjun, án þess að verulegra breytinga þyrfti þá með. Bentu þeir á, að með þessu móti væri hægt að vinna upp orkunotkunina og venja fólk á að nota raforku til margvíslegra hluta, áður en orkuver Vestfjarða tæki til starfa. Er það að vísu alveg rétt, en dýr hefur þessi aukaráðstöfun orðið, þótt ekki sé tekið tillit til annars en þeirrar margföldunar, sem orðið hefur á virkjunarkostnaði síðan.

En þar við bættist stofnkostnaður 7 dieselrafstöðva í kauptúnunum á Vestfjörðum. Á Þingeyri er búið að byggja 130 kw mótorstöð, er tók til starfa 1946, stækkuð 1949. Á Flateyri er 109 kw. stöð, er tók til starfa 1947. Í Súðavík er 60 kw. stöð, er tók til starfa sama ár. Á Bíldudal er 300 kw. stöð, er tók til starfa 1948. Á Patreksfirði er 480 kw. stöð, er tók til starfa 1950. Í Bolungavík er 180 kw. stöð, er tók til starfa í janúar 1951, og á Suðureyri 164 kw. stöð, er tók til starfa



í árslok 1951. Þá hefur rafveita Ísafjarðar og Eyrarhrepps byggt 250 kw. dieselstöð í viðbót við 850 kw. vatnsaflsstöð sína. Þannig eru sveitarfélögin á Vestfjörðum búin að byggja mótorstöðvar þær, er sérfræðingar ríkisins lögðu til að yrðu fyrsta undirbúningsskref að stórvirkjun fyrir Vestfirði. Einnig hafa öll sveitarfélögin, sem ekki höfðu fullkomið innanbæjarkerfi, endurbyggt lágspennukerfið hjá sér, og eru þannig nú, einnig að því leyti, við því búin að taka við raforkunni

frá samvirkjun Vestfjarða. Það er því hlutur ríkisins, sem eftir liggur, en ekki sveitarfélaganna á Vestfjörðum.

Álitsgerð sérfræðinga ríkisins 1946 lauk með þessum orðum:

„Meðan verið er að byggja varastöðvarnar, leggja innanbæjarkerfin og vinna upp orkunotkunina, verður að halda áfram skipulögðum rannsóknum á vatnsvirkjunarmöguleikum í Arnarfirði eða annars staðar þar, sem fá mætti nægilegt vatnsafl fyrir semeiginlega virkjun eða virkjanir fyrir Vestfirði."

Og ef þessar skipulögðu rannsóknir hafa nú farið fram, ætti ekki neitt að standa í vegi fyrir því, að hinn 40 ára gamli draumur Vestfirðinga um Dynjandisvirkjun gæti rætzt og orðið að veruleika.

Þessi bráðabirgðaúrlausn raforkumálanna, sem sérfræðingarnir töldu eðlilegustu lausnina til að byrja með, hefur reynzt Vestfirðingum harla dýrkeypt. Rafmagn til ljósa hefur verið selt (skv. staðfestri gjaldskrá í ágúst 1952 á Patreksfirði á kr. 2.00 kw., á Bíldudal kr. 2.40, á Þingeyri kr. 2.00, á Flateyri kr. 2.60, á Suðureyri kr. 2.50, í Bolungavík kr. 2.08, og aðrir taxtar eru í samræmi við það.

Í erindi, sem Axel Tulinius lögreglustjóri í Bolungavík flutti á 10. aðalfundi Sambands íslenzkra rafveitna sumarið 1952 um rafveitu Bolungavíkur, gaf hann m. a. þessar upplýsingar um raforkuverð og fjárhagsafkomu rafveitunnar í þessu næst-fjölmennasta kauptúni Vestfjarða:

Ljósarafmagnið er kr. 2.08 kw. Raforka til almennra heimilisnota er seld á kr. 1.00 kw. Raforka til smáiðnaðar er kr. 0.60 á kwst. Herbergjagjald er 4 kr. á mánuði.

Síðan sagði lögreglustjórinn:

„Nú er ráðgert að hækka ljósaverð frá næstu áramótum í kr. 3.00 á kwst. og herbergjagjald í samræmi við það. .... Þrátt fyrir þessa háu gjaldskrá varð rekstrarhalli 1951 kr. 71392.58, og búizt er við, að hann verði um 111 þús. kr. í ár (þ. e. 1952). Verður þá orðinn samanlagður rekstrarhalli í árslok 1952 (á rúmum tveimur árum) um kr. 200 000.00. Til að ná jöfnuði þyrfti að hækka gjaldskrána um 50%."

Þessu lík er auðvitað niðurstaðan í hinum kauptúnunum á Vestfjörðum. Um það þarf því ekki að fara fleiri orðum: Kauptún Vestfjarða búa við ónóga, ótrygga og rándýra raforku, og þó verða sveitarfélögin árlega að taka á sig lítt bærilegan halla af rekstri mótorrafstöðvanna í ofanálag.

Samkvæmt manntalinu 1950 voru íbúar Vestfjarða sem hér segir, þegar Strandasýsla er ekki tekin með:

Staðir	Íbúatala
Patreksfjörður	857
Bíldudalur	397
Þingeyri	317
Flateyri	428
Suðureyri	349
Bolungavík	704
Hnífsdalur	300
Súðavík	238
Íbúar kauptúnanna samtals	3590
Ísafjarðarkaupstaður	2826
Íbúar kaupstaðar og kauptúna	6416
Íbúar sveitanna	2959
Íbúar Barðastrandarsýslu, Ísafjarðarsýslna og kaupstaðar	9375

Samkvæmt þessu eru íbúar kaupstaðar og kauptúna á þeim hluta Vestfjarða, sem til mála kemur að tengja inn á eina orkuveitu, um 6400 manns. Auk þess mundi slík samveita ná til ca. 600 manns í vestfirzkum sveitum.

Um sveitarafveitur á þessum hluta Vestfjarða segir Jakob Gíslason raforkumálastjóri eftirfarandi:

„Samkvæmt athugun raforkumálaskrifstofunnar eru það aðeins eftirfarandi svæði, sem hugsanlegt er að leggja sveitarafveitur um út frá væntanlegri Vestfjarðarafveitu eða út frá orkuverum einstakra kauptúna, það eru: í Tálknafirði, utan og innan Sveinseyrar, um það bil 17 býli; við Bíldudal aðeins 2 býli; við Rafnseyri 3 býli; í námunda Þingeyrar sunnan Dýrafjarðar 13 býli; norðan fjarðarins kringum Núp og Gemlufall 20 býli; við Önundarfjörð sunnanverðan 23 býli; við Suðureyri 2 býli (þar við mætti bæta jörðum í Staðardal); við Bolungavík 14 býli; og loks inn af Skutulsfirði 15 býli, sem þegar eru raflýst frá Ísafirði. Allt eru þetta um það bil 120 býli, og er íbúatala þeirra talin vera um 600 manns (sjá uppdrátt). Á Sveinseyri í Tálknafirði búa auk þess nokkrir tugir manna.

Samtals verða því taldir á orkuveitusvæði rafveitu Vestfjarða um 7000 manns.“

Þess má geta, að íbúatala á þessu svæði hefur ekki hækkað á seinustu 40 árum.

Aflþörfina hefur raforkumálastjóri nýlega gert þannig upp með hliðsjón af reynslutölum um orkunotkun og orkusölu á ýmsum stöðum, sem fengu orku frá Sogsvirkjuninni og öðrum virkjunum 1945—1949:

„Til almennra nota, þ. e. lýsingar, heimilisnotkunar og smáiðnaðar, er aflþörfin um 300 wött á mann“ eða um 2100 kw. miðað við 7000 manns.

Aflþörfina til hraðfrystihúsa, fiskimjölsverksmiðja og meiri háttar verkstæða telur raforkumálastjóri vera um 1300 kw. Samkvæmt þessu væri þá aflþörfin til almennra nota og iðnaðar ca. 3400 kw.

Þegar þess er gætt, að áætlað afl Dynjandisár er 5150 kw. og orka rafveitu Ísafjarðar ca. 850 kw. eða samtals 6000 kw., virðist svo sem Vestfirðingar yrðu sæmilega settir með raforku, þó að notkunin ykist um 70—80% frá því, sem nú er reiknað með. Þá má gera ráð fyrir, að virkjun Fossár í Hólshreppi, sem nú má heita fullráðin, bætist þar við sem ein af vara- og toppstöðvum heildarkerfisins.

Því fer þó fjarri, að virkjun Dynjandisár sé einasti möguleikinn til samvirkjunar fyrir Vestfirði. Mjólká ein gæti einnig komið til greina (fallhæð 490 m), og ýmsir eru þeirrar skoðunar, að hagkvæmara væri að virkja Dynjandisá og Mjólká í einu lagi. Gæti þá komið til greina stórfelld ársmiðlun í Stóra-Eyjavatni. Er áætluð orka beggja ánna með því fyrirkomulagi talin varlega áætluð 10—12 þús. kw.


Seinustu árin hefur Húsadalsá í Mjóafirði verið athuguð nokkuð með Vestfjarðavirkjun fyrir augum. Telja sérfræðingar rafmagnseftirlits ríkisins, að þar megi virkja um 4000 kw., enda eru skilyrði til meiri háttar vatnsmiðlunar þar góð. Afl hennar er þó tæplega nógu mikið.

Að flestra áliti eru samt einna álitlegust virkjunarskilyrðin við Þverá í Nauteyrarhreppi. Þar hafa vatnsmælingar farið fram síðan 1942. Þverá hefur upptök sín á hálendinu sunnan Drangajökuls, og er vatnasvæði hennar um 45 km². Byggist virkjun hennar aðallega á glæsilegum vatnsmiðlunarskilyrðum í Skúfnavötnum.

Um Þverárvirkjun lét Jakob Gíslason raforkumálastjóri svo um mælt í erindi, er hann flutti á aðalfundi Sambands íslenzkra rafveitna á Ísafirði sumarið 1952:

„Við Þverá kemur til mála að virkja 360 m brúttófallhæð af 45 km² úrkomusvæði. Minnsta rennsli var talið 270 l/sek., sem svara til tæplega 700 kw. afls, en með stórfelldri miðlun var gert ráð fyrir, að virkja mætti um 15000 kw. — Stífla virkjunarinnar yrði um 680 m löng og mesta hæð 19 m. — Vatnið yrði leitt frá inntaki um 2.8 km löng jarðgöng og í framhaldi þeirra 1.4 km langa stálpípu. — Þrýstivatnsleiðsla yrði því alls 4.2 km. — Stöðvarstæði er ráðgert hjá bænum Tungu og gert ráð fyrir 2 vélasamstæðum, 7500 kw. hvor. — Stofnkostnaður þessarar virkjunar áætlast 90 millj. kr. eða 6000 kr./kw., og er þá ekki talinn með kostnaður orkuveitu frá virkjuninni. Miðað við aflið er virkjunarkostnaðurinn hagstæður, en þess ber að gæta, að virkjuninni verður ekki komið upp í áföngum nema að litlu leyti, og enn fremur yrði mjög dýrt að leggja þaðan samveitu um Vestfirði.“

Virkjunaraðstaða er hagstæð við Þverá, en þar sem hún liggur á enda virkjunarsvæðisins (ekki miðsvæðis eins og Dynjandisá og Mjólká), má nú telja víst,



að erfiðleikar við að leggja orkuveitu þaðan alla leið til Patreksfjarðar ráði því, að Dynjandi verði fremur fyrir valinu.

Sérfræðingar rafmagnseftirlits ríkisins hafa nú haft langan tíma fyrir sér til að velta því fyrir sér, með hvaða hætti hagkvæmast væri að leysa raforkuvandamál Vestfjarða.

Aðallega hefur verið bollalagt um þrjár leiðir:

1. Samvirkjun fyrir Vestfirði.
2. Litlar sérvirkjanir á ýmsum stöðum.
3. Dieselrafstöðvar.

Þriðja leiðin, dieselrafstöðvarnar, hefur þegar við fengna reynslu fengið sinn dauðadóm sem framtíðarlausn málsins. — Hún er því úr sögunni.

Þá er um það að ræða, hvort heldur eigi að fara út í margar smáar sérvirkjanir eða í samvirkjun.

Eini kostur smávirkjananna er sá, að þeim má, þar sem skilyrði eru fyrir hendi, koma upp á lengri tíma, smám saman, og eru þær þannig fjárhagslega viðráðanlegri í bili, að því er stofnkostnað snertir.

Helztu rökin með samvirkjun eru aftur þessi, eins og raforkumálastjóri hefur réttilega bent á:

„1. Með samvirkjun fá allir staðirnir á Vestfjörðum vatnsorku, sérvirkjanir virðast ekki koma til greina alls staðar.
2. Auðveldara að virkja til viðbótar, ef heildaraflþörfin vex.
3. Ef sérstök orkuþörf verður á einhverjum stað, t. d. vegna iðjurekstrar, er auðvelt að beina þangað orku frá samvirkjuninni. Þetta er mjög þýðingarmikið atriði, t. d. iðja, sem gæti nýtt sumarorku. Tenging við aðra landshluta gæti einnig komið til greina með tímanum.
4. Tæknileg þjónusta betri, völ á tæknifróðari mönnum til samvirkjunar en sérvirkjana."

Þetta eru þung og mikilvæg rök, sem varla verður unnt að ganga fram hjá, þegar teningunum verður nú loks kastað í virkjunarmálum Vestfjarða. Þau benda öll ákveðið í þá átt, að samvirkjunarleiðin sé sú eina rétta.

Síðan ríkið tók við framhaldsundirbúningi Dynjandivirkjunar af Orkuveri Vestfjarða h.f., eru liðin 10 ár, og er árangurinn harla lítill. En á þessu tímabili hafa orkuver verið stækkuð, ný orkuver verið byggð og orkuveitur lagðar fyrir hundruð milljóna króna.

Vestfjarðabyggðir eiga bókstaflega tilveru sína undir því, að raforkumál þeirra verði nú leyst hið bráðasta á þann hátt, að atvinnulífið þar, ekki sízt fiskiðnaðurinn, sem hefur sívaxandi áhrif á rekstur þjóðarbúsins, eigi kost á nægilegri raforku við sama verði og hún er seld í öðrum landshlutum frá hinum stóru raforkuverum.

Og þegar stjórnarflokkarnir hafa nú gert það að höfuðatriði í stjórnarsamningi sínum að leggja fram 100 millj. kr. til nýrra raforkuframkvæmda, getum við, flutningsmenn þessa frumvarps, ekki trúað öðru en að hinar vanræktu Vestfjarðabyggðir verði loks látnar ná rétti sínum og 40 ára draumur Vestfirðinga um Dynjandisvirkjun þannig gerður að veruleika. — Þetta frumvarp hlýtur því að fá skjóta og góða afgreiðslu á þessu þingi.

Sþ. 372. Tillaga til þingsályktunar [145. mál]

um Grænlandsmál.

Flm.: Pétur Ottesen.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að bera nú þegar fram við ríkisstjórn Danmerkur kröfu um, að hún viðurkenni full yfirráð Íslendinga yfir Grænlandi. Ef danska stjórnin fellst ekki á þá kröfu, lýsir Alþingi yfir þeim vilja sínum, að leitað verði um málið úrskurðar alþjóðadómstólsins í Haag.

Greinargerð.

Þingsályktunartillögu samhljóða þeirri, sem hér birtist, flutti ég á síðasta þingi. Hún hlaut þá ekki afgreiðslu. Greinargerð þá, sem henni fylgdi og meðal annars skýrir frá gangi þessa máls á Alþingi að undanförnu, tek ég hér upp af nýju. Er hún svo hljóðandi:

„Það hefur nú um meira en hálfrar aldar skeið verið um það rætt af Íslendingum, að vér ættum rétt til Grænlands og að oss bæri að hefja baráttu fyrir endurheimt þessa réttar. Hefur margt um mál þetta verið ritað. Meðal annars ritaði skáldið og hugsjónamaðurinn Einar Benediktsson fjölda þróttmikilla og rökfastra blaðagreina um rétt vorn til Grænlands.

Fram til ársins 1918 var Íslendingum óhægt um vik í þessu efni. Stöðu Íslands var svo háttað til þess tíma, að vér Íslendingar þurftum fyrst að leita réttar sjálfra vor til fullra yfirráða í landi voru. Eftir 1918 fær málið byr undir báða vængi og er þá tekið upp á nýjum grundvelli, með tilliti til þeirrar breytingar, sem þá var orðin á stöðu Íslands til sóknar í málinu. Árið 1924 gengust stúdentar fyrir því, að haldinn var borgarafundur um mál þetta í Rvík. Meðal ræðumanna á fundi þessum voru Einar skáld Benediktsson, sem var frummælandi, Benedikt Sveinsson, fyrrv. forseti Alþingis, og Bjarni Jónsson frá Vogi. Var á fundi þessum gerð ályktun um málið, þar sem skorað var á stjórnina að láta ekkert ógert til þess að halda uppi réttmætum kröfum vorum til Grænlands, hinnar fornu nýlendu Íslendinga. Árið eftir kom Grænlandsmálið til kasta Alþingis. Var þar kosin þriggja manna nefnd, er falin skyldi athugun á Grænlandsmálinu. Síðari hluta ársins 1926 voru haldnir tveir fundir í Stúdentafélagi Reykjavíkur um Grænlandsmálið. Voru þar gerðar ályktanir um málið, er gengu mjög í sömu átt og ályktun sú, sem getið er um hér að framan.

Árið 1931 var svo komið deilu þeirri, sem upp hafði risið milli Norðmanna og Dana út af yfirráðum á Austur-Grænlandi, að Danir höfðu skotið ágreiningsmáli þessu til alþjóðadómstólsins í Haag. Í tilefni af þessum viðburðum flutti Jón Þorlákssson svo hljóðandi þingsályktunartillögu:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gæta hagsmuna Íslands út af deilu þeirri, sem nú er risin milli stjórna Noregs og Danmerkur um réttindi til yfirráða á Grænlandi.“

Var tillaga þessi rökstudd með því, að Íslendingar hefðu réttar og hagsmuna að gæta á Grænlandi, og að Íslendingar telji sig hafa rétt umfram aðrar þjóðir til landsnytja á þessu landi. Endar Jón Þorlákssson greinargerð sína fyrir tillögunni með þessum orðum: „Ég hef fyrir mitt leyti ekki ástæðu til að vænta annars en að Íslendingar geti í þessu efni haft góða aðstöðu til þess að halda öllum sínum rétti.“

Þessari tillögu Jóns Þorlákssonar var vísað til utanríkismálanefndar, sem mælti einróma með samþykkt hennar. Í nefndinni áttu þá sæti: Ásgeir Ásgeirsson, Jón Þorlákssson, Bjarni Ásgeirsson, Magnús Torfason, Ólafur Thors, Jónas Þorbergsson og Einar Arnórsson. Tillagan var svo afgreidd frá Alþingi með samhljóða atkvæðum.

Þá er og þess að geta, að sjómenn og útgerðarmenn hafa þrásinnis samþykkt skorinorðar ályktanir, þar sem því er beint til ríkisstjórnar og Alþingis, að einskis sé látið ófreistað til þess að réttur vor til atvinnurekstrar á Grænlandi og yfirráða þar verði viðurkenndur. Hefur fiskiþing samþykkt mjög ákveðnar tillögur í þessa átt, sömuleiðis Farmanna- og fiskimannasambandið. Enn fremur hafa ýmis önnur félagssamtök gert samþykktir, sem ganga í sömu átt.

Þá er enn ótalinn sá þáttur þessa máls, sem ekki er ómerkastur, en það er fræðirit þau um sögulegan rétt Íslands til Grænlands, sem hinn kunni mennta- og fræðimaður Jón Dúason, dr. phil, hefur ritað og nú er verið að gefa út. Hefur Jón Dúason varið til þessa verks miklum hluta af ævistarfi sínu. Hefur Alþingi, svo sem verðugt er, viðurkennt þetta merka starf með því að veita nú um nokkurt árabil fé á fjárlögum til útgáfu þessara rita. Enn fremur hefur Alþingi veitt fé til þess að þýða rit þessi á enska tungu. Er það fátítt á síðari tímum, að fræðimenn vorir inni af hendi í svo ríkum mæli jafnóeigingjarnt starf sem Jón Dúason hefur hér gert. Sýnir það gleggst áhuga hans á þessu máli og trú hans á þýðingu og gagnsemi þessa einstæða afreks fyrir þjóð vora.

Annar fræðimaður, Benedikt Sveinsson, fyrrverandi forseti Alþingis, var um langt skeið mjög framarla í flokki þeirra manna hérlendra, er gerðu kröfu til, að gangskör yrði að því gerð, að krafizt yrði réttar vors til yfirráða á Grænlandi. Þannig flutti hann á Alþingi 1925 skarplega og rökfasta ræðu um sögulegan rétt Íslands til Grænlands.

Hinn kunni sænski þjóðréttarfræðingur Ragnar Lundborg hefur skýrt og skorinort tekið í strenginn með Íslendingum um sögulegan rétt þeirra til Grænlands, og heldur hann því óhikað fram, að ekkert hafi það gerzt á síðari öldum, þjóðréttarlega séð, er raskað hafi þessum rétti vorum. Ragnar Lundborg er Íslendingum að góðu kunnur fyrir drengilegt liðsinni hans við málstað Íslendinga, er þeir háðu lokaþáttinn í baráttu sinni fyrir því, að Danir viðurkenndu sjálfstæði vort og fullveldi.

Ég hef hér í stuttu máli drepið á nokkra þætti þessa máls, og þar á meðal meðferð Alþingis á því fram til þess tíma, að lýðveldið var stofnað. Árið eftir að gengið var frá lýðveldisstofnuninni, flutti ég á Alþingi 1945 þingsályktunartillögu um Grænlandsmálið, þar sem skorað var á ríkisstjórnina að gera nú þegar gangskör að því, að réttur Íslendinga til atvinnurekstrar og yfirráða á Grænlandi yrði viðurkenndur. Ég endurtók svo flutning þingsályktunartillagna um þetta efni á þingunum 1947 og 1948, án þess að mál þetta fengi nokkurn tíma endanlega afgreiðslu. Var tillögunum í öll skiptin vísað til utanríkismálanefndar, sem hliðraði sér jafnan hjá að skila áliti um málið. Á árinu 1948 tilkynnti utanríkisráðherra, að hann hefði skipað þriggja manna nefnd, er skyldi rannsaka réttarstöðu vora að þessu leyti. Átti hæstiréttur að tilnefna einn nefndarmanna, lagadeild háskólans annan, en þriðji nefndarmaðurinn skyldi vera þjóðréttarfræðingur utanríkisráðuneytisins. Nokkur dráttur mun hafa orðið á því, að nefndin tæki til starfa. Er ég á þingunum 1949 og 1950 spurðist fyrir um það, hvað liði störfum nefndarinnar, fékk ég þau svör hjá utanríkisráðherra, að ekkert væri um það vitað, hvenær vonast mætti eftir, að fyrir lægi álit hennar. Þar sem búið var af utanríkisráðherra að tengja aðgerðir í Grænlandsmálinu við starf þessarar nefndar og ég leit svo á, að tómlæti það, sem ríkt hafði um, að hafin yrði sókn og aðgerðir í málinu, væri oss til ófyrirsjáanlegs tjóns og vanvirðu, þá flutti ég á þinginu 1950 þingsályktunartillögu, sem meðal annars miðaði að því að greiða fyrir nefndarmönnum um rannsókn málsins. Lagði ég þar til, að létt skyldi af þeim skyldustörfum þeirra, meðan á rannsókninni stæði. Var því meiri ástæða til þess, að þetta væri gert, þar sem nefndarmenn voru allir bundnir embættisstörfum, sumir afar tímafrekum. Þessu var ekki sinnt. Er því sízt að undra, þótt verk þetta gengi seint, auk þess sem hætta gat verið á, að eigi ynnist tóm til að kryfja mál þetta til mergjar, ef að því var unnið á hlaupum sem algeru aukastarfi. Hér gat verið mikið í húfi. Enn hafa ekki verið lagðar fram opinberlega neinar niðurstöður af starfi þessarar nefndar.

Eins og að er vikið hér að framan, lít ég svo á, að dráttur á því að láta til skarar skríða um réttarkröfur vorar til Grænlands, sé orðinn óhæfilega langur. Tjón það, sem af því getur hlotizt, eykst og margfaldast með hverju árinu, sem líður. Mikill hluti hins trausta og góða fiskibátaflota Íslendinga hefur verið óvirkur tímunum saman, m. a. sökum þess, að eigi var fyrir hendi aðstaða til hagnýtingar hans til veiða við Grænlandsstrendur. Þá hefði og mátt margfalda veiðiafköst togaraflota vors við Grænland, ef Danir sætu þar ekki yfir rétti vorum. Og svona mætti lengi telja. En meðan ekkert er aðhafzt, situr allt í sama farinu. Tjónið, sem vér bíðum af þessum sökum, verður oss í vaxandi mæli fjötur um fót og manndómsleysi vort hvað þetta snertir æ berara og berara.

Ég hef verið að vonast eftir því, að ríkisstjórnin hefði, áður en þingi lyki, frumkvæði að því að bera fram tillögur um aðgerðir í máli þessu, svo sem hún hefur gert um ýmis önnur óleyst vandamál þings og þjóðar. En svo er ekki enn sem komið er. Þess vegna er það, að ég freista þess enn á ný að koma hreyfingu á málið, þótt seint sé. Eru tillögur mínar í þessu máli hinar sömu og áður: að

krafizt sé viðurkenningar dönsku stjórnarinnar á fullum yfirráðarétti Íslendinga yfir Grænlandi, og ef dönsk stjórnarvöld vilja eigi á kröfu vora fallast, þá verði leitað um málið úrskurðar alþjóðadómstólsins í Haag.

Það er í rauninni óþarft að taka það fram, að það er gersamlega ósamræmanlegt þessum kröfum vorum, að Íslendingar, meðan ekki er gert út um þetta mál, færu að hefja samninga um einhver réttindi á Grænlandi sér til handa, nema þá því aðeins, að skýrt væri fram tekið, að þeir hefðu þann fyrirvara, að þeir afsöluðu sér á engan hátt með samningnum sögulegum og þjóðréttarlegum eignarrétti til Grænlands.“

Til viðbótar því, sem í þessari greinargerð felst, vil ég taka þetta fram:

Eftir að Alþingi lauk, birtist opinberlega á prenti álit nefndar þeirrar, sem skipuð var árið 1948 til rannsóknar á því, hvort Íslendingar ættu réttarkröfur til Grænlands. Eins og þeim er kunnugt, sem kynnt hafa sér álitsgerð þessa og niðurstöður þær, sem rannsókn þessa máls leiddi til, þá urðu þær neikvæðar að því er snertir rétt og málstað Íslendinga.

Það, sem fyrst vekur athygli manna við lestur þessarar álitsgerðar, auk þeirrar niðurstöðu, sem þar er komizt að, er sú málsmeðferð, sem hefur verið viðhöfð.

Í eftirmála, sem álitsgerðinni fylgir, er frá því skýrt, sem var raunar öllum vitanlegt, að menn þeir, sem skipaðir voru til að rannsaka og láta í ljós álit sitt á réttarstöðu Grænlands, hafi allir verið hlaðnir margvíslegum störfum og þeim því óhægt um setu á löngum fundum. Það hafi því orðið að ráði, er nefndarmenn höfðu kynnt sér efnið nokkuð, að fela einum nefndarmanna að semja um það álitsgerð, eins og það kom honum fyrir sjónir, en hinir legðu svo sinn dóm á það síðar. Er frá því skýrt, að hann hafi unnið að þessu verkefni heima, er hann hafði stundir frá öðrum störfum. Og loks segir svo, að með þessum vinnubrögðum vannst það, að nefndarmenn hurfu ekki frá öðrum störfum vegna þessa verks.

Þetta eru mjög athyglisverðar upplýsingar, ekki sízt þar sem um var að ræða jafnþýðingarmikið stórmál og það, sem hér var á baugi. Þegar þess er og gætt, hve rannsóknarefni það, sem hér um ræðir, er víðtækt og umfangsmikið, er augljóst mál, að starfsskilyrði þau, sem nefnd þessi hefur átt við að búa, hafa verið gersamlega óviðhlítandi. Vakti ég athygli á þessu á Alþingi 1950. Lagði ég þar til, að létt yrði af nefndarmönnum embættisstörfum þeirra, meðan á rannsókninni stæði. Lagði ég þetta til í því skyni fyrst og fremst, að nefndarmönnum gæfist í fyllsta mæli tóm og tækifæri til þess að kryfja mál þetta til mergjar. Brýndi ég fyrir þingheimi, að hér gæti verið mikið í húfi og því fylgdi mikil ábyrgð að búa þannig að nefndarmönnum, að þeir yrðu að vinna verk þetta á hlaupum sem algert ígripa- og aukastarf. Þessum aðvörunum mínum var þá ekki sinnt.

Endirinn varð svo sá, að nefndin skilaði frá sér áliti sínu og tillögum með þeim afsökunum, sem í eftirmála þeim felst, er ég nú hef lýst.

Þessi rannsókn stingur mjög í stúf við það, hvernig til dæmis frændur vorir, Norðmenn, fóru að, þegar þeir undirbjuggu réttarstöðu sína, er þeir reistu á úrslitaákvörðun um fjögurra mílna landhelgi við strendur Noregs. Áður en Norðmenn, vegna deilu þeirrar, sem þeir áttu í við Englendinga út af þessu máli, lögðu það fyrir alþjóðadómstólinn í Haag, höfðu þeir látið beztu sérfræðinga sína á þessu sviði, þjóðréttarfræðinga, lögfræðinga og siglingarfróða menn, vinna um langt árabil eingöngu að rannsóknum á öllu, er snerti landhelgismál og sjálfsákvörðunarrétt þjóðanna á þessu sviði fyrr og síðar. Báru Norðmenn, svo sem alkunnugt er, úr býtum í þessari viðureign við Englendinga, glæsilegan sigur, sem var í því fólginn, að réttur þeirra var viðurkenndur. Megum vér Íslendingar minnast þess með þakklæti, hversu Norðmenn höfðu vandað til undirbúnings þess máls, svo mjög sem úrslit þess skutu styrkum stoðum undir þá ákvörðun okkar að færa út landhelgina við strendur lands vors.

Þá er það og annað í meðferð og starfsháttum nefndarinnar, sem nokkra undrun vekur. Utanríkisráðherra, sem skipaði nefnd þessa, lagði fyrir hana að fram-

kvæma sjálfstæða rannsókn á rétti Íslands til Grænlands. En hér skeður það furðulega fyrirbrigði, að í stað þess, að gengið sé beint til verks í því að draga sjálfstæðar ályktanir af rannsókn þeirra frumheimilda, er hér þurfti að kanna, og að það væri gert alveg óháð því, hvað um málið hefði áður verið ritað með eða móti, þá hefur nefndin, eða sá nefndarmanna, sem hér kemur helzt við sögu, þann hátt á að beina höfuðröksemdafærslunni fyrir réttleysi Íslendinga að því að vefengja, gera tortryggilegar og leitast við að rífa niður ályktanir dr. Jóns Dúasonar um rétt Íslendinga til Grænlands í hinu mikla riti hans um þetta efni. En það rit er eins og kunnugt er árangur af áratuga rannsóknum hans á réttarstöðu Grænlands.

Sú aðferð, sem hér hefur að þessu leyti verið valin í álitinu, er í sannleika sagt mjög einkennileg og sérstæð og að formi til, að ætla má, á allt annan veg en ætlazt hefur verið til af þeim, er áttu að því frumkvæði, að þessari rannsókn var hrundið af stað. Hitt vekti enga undrun, og engum þætti það tiltökumál, þótt Danir viðhefðu þessu líka starfsháttu, ef þeir færu að berja í brestina til varnar því og málsbóta, að þeir hafa svo öldum skiptir setið yfir rétti Íslendinga í Grænlandi.

Þótt ég hafi hér að framan einkum gagnrýnt þá málsmeðferð, sem hér hefur verið viðhöfð, ber engan veginn svo að skilja, að ég telji, að rétti Íslands sé hnekkt með tilraunum nefndarinnar til að afsanna kenningar dr. Jóns Dúasonar um réttarstöðu Grænlands og öðru því í álitinu, sem hnígur á sömu sveif. Því fer mjög fjarri. Það, sem í þessu efni er haldið fram í hinu stórbrotna fræðiriti dr. Jóns Dúasonar, er að mínum dómi í gildi eftir sem áður. Enn ljósara og ótvíræðara verður þetta við lestur rits þess, sem dr. Jón Dúason hefur samið og gefið út undir heitinu: „Á Ísland ekkert réttartilkall til Grænlands? Nokkur svör við Grænlandsnefndaráliti Gizurar Bergsteinssonar.“ Er svarrit þetta hið merkasta. Tæplega verður hjá því komizt, að manni finnist af svörum dr. Jóns Dúasonar, að sumar ályktanir nefndarinnar um haldleysi réttar vors megi beint og óbeint rekja til þess, hversu illa og óforsvaranlega var að nefndinni búið, meðan hún hafði málið með höndum. Í svari dr. Jóns Dúasonar er vissulega svo á málum haldið, að aðstaða Íslendinga er nú jafnsterk og áður, ef ekki sterkari, til þess að skjóta málinu til úrskurðar alþjóðadómstóls, svo rækilega er þar gengið milli bols og höfuðs á réttleysiskenningum nefndarinnar.

Með skírskotun til alls þessa árétta ég nú enn einu sinni tilraun mína til þess, að Alþingi geri um það ályktun, að málið verði lagt fyrir alþjóðadómstólinn í Haag, ef Danir verða ekki við réttarkröfum vorum til Grænlands. Og loks vil ég enn ítreka það, að ekki má til þess koma, að farið verði af hálfu þess opinbera að gera neina samninga við dönsk stjórnarvöld varðandi Grænland, meðan óútkljáð er um réttarstöðu landsins. Hefur fyrrverandi utanríkisráðherra, Bjarni Benediktsson, og tekið óhikað í sama streng.

Ed. 373. Nefndarálit [128. mál]

um frv. til l. um verðlagsskrár.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er sammála um, að frv. verði samþykkt með breytingu þeirri, er flutningsmenn flytja till. um á þskj. 354, og eftirtöldum tveim

BREYTINGUM:

1. Við 3. gr. Í stað orðanna „innkaupsverð til grundvallar“ í lok 1. málsgr. komi: til grundvallar það verð, sem framleiðendur fá fyrir vöru sína.

2. Við 4. gr. Síðari málsgr. orðist svo:
Þyki fjármálaráðuneytinu ástæða til, getur það sent verðlagsskrána til ríkisskattanefndar til athugunar og staðfestir hana síðan með þeim breytingum, sem ríkisskattanefnd leggur til, að á henni verði gerðar.

Alþingi, 16. febr. 1954.

Hermann Jónasson, form. Lárus Jóhannesson, fundaskr. Páll Zóphóníasson, frsm.
Sigurður Ó. Ólafsson. Guðm. Í. Guðmundsson.

Sþ. 374. Nefndarálit [108. mál]

um till. til þál. um athugun á hentugu vegarstæði milli Siglufjarðar og Skagafjarðar.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað till. og leitað umsagnar vegamálastjóra um hana. Leggur nefndin til, að till. verði samþykkt.

Alþingi, 17. febrúar 1954.

Pétur Ottesen, form. Björn Björnsson, fundaskr. Magnús Jónsson, frsm.
Jónas G. Rafnar. Lúðvík Jósefsson. Halldór Ásgrímsson.
Hannibal Valdimarsson. Jón Kjartansson. Karl Kristjánsson.

Sþ. 375. Nefndarálit [80. mál]

um till. til þál. um varnir gegn landspjöllum af völdum Dyrhólaóss í Mýrdal.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin sendi vegamálastjóra tillöguna til umsagnar, og mælir hann með því, að þessi rannsókn fari fram. Leggur nefndin til, að þáltill. verði samþykkt.

Alþingi, 17. febrúar 1954.

Pétur Ottesen, form. Björn Björnsson, fundaskr. Jón Kjartansson, frsm.
Lúðvík Jósefsson. Halldór Ásgrímsson. Hannibal Valdimarsson.
Karl Kristjánsson. Jónas G. Rafnar. Magnús Jónsson.

Sþ. 376. Nefndarálit [75. mál]

um till. til þál. um rannsókn á brúarstæði á Hornafjarðarfljótum.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin sendi vegamálastjóra tillögu þessa til umsagnar, og mælir hann með því, að þessi rannsókn fari fram. Leggur nefndin til, að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 17. febrúar 1954.

Pétur Ottesen, form.	Björn Björnsson, fundaskr.	Jón Kjartansson, frsm.
Lúðvík Jósefsson.	Halldór Ásgrímsson.	Hannibal Valdimarsson.
Karl Kristjánsson.	Jónas G. Rafnar.	Magnús Jónsson.

Nd. 377. Frumvarp til laga [146. mál]

um breyting á lögum nr. 34 18. febr. 1953, um verðjöfnun á olíu og benzíni.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Í stað orðanna „missiri í senn“ í 2. gr. laganna komi: þrjá mánuði í senn.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er fram borið eftir beiðni viðskiptamálaráðherra, og áskilja nefndarmenn sér rétt til að bera fram eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Svo hljóðandi athugasemdir fylgdu frv.:

Þegar lögin um verðjöfnun á olíu og benzíni komu til framkvæmda, skipaði ráðuneytið verðjöfnunarsjóðnum stjórn, sem sér um framkvæmd verðjöfnunarinnar í umboði ráðuneytisins og undir yfirstjórn ráðherra. Stjórn verðjöfnunarsjóðsins hefur tjáð ráðuneytinu, að komið hafi í ljós, að nauðsynlegt sé, á meðan verðjöfnunin er á byrjunarstigi og reynsla er að fást um framkvæmdina, að heimilt verði að ákveða verðjöfnunargjaldið fyrir skemmri tíma en missiri í senn til þess að forðast að óeðlilega háar innstæður eða skuldir á einstökum olíutegundum myndist í verðjöfnunarsjóði, og er tilgangur frumvarps þessa að bæta úr því.

Í frumvarpinu felst sú breyting, að hægt verður að ákveða verðjöfnunargjaldið fyrir 3 mánuði í senn í stað 6 mánaða áður. Í þessu sambandi má á það benda, að samkv. niðurlagi 2. gr. laganna er gert ráð fyrir, að greiðslur í verðjöfnunarsjóð og úr honum skuli fara fram ársfjórðungslega, og má því segja, að eðlilegt sé, að verðjöfnunargjaldið sé miðað við sama tímabil, enda verður ákvörðun þess að byggjast á afkomu sjóðsins á næsta tímabili eða tímabilinu á undan.

Sþ. 378. Fyrirspurn [147. mál]

til ríkisstjórnarinnar um eftirgjöf á aðflutningsgjöldum af bifreiðum.

Frá Bergi Sigurbjörnssyni.

1. Samkvæmt hvaða lagaheimild hafa samtals tíu ráðherrar úr fjórum stjórnmálaflokkum fengið eftirgefin aðflutningsgjöld (tolla og söluskatt) af bifreiðum síðasta áratug, sbr. upplýsingar í grein eftir Hermann Jónasson alþm. í dagblaðinu Tímanum hinn 26. jan. s. l.?
2. Hvernig hljóðaði bréfið, sem fjármálaráðuneytið skrifaði tollstjóranum í Reykjavík hinn 17. des. 1953 um tollafgreiðslu á bifreið fyrir Hermann Jónasson alþm. og við hvaða lagaheimild var stuðzt í sambandi við fyrirmælin um þá tollafgreiðslu?

Nd. 379. Frumvarp til laga [148. mál]

um lántökuheimild og ríkisábyrgð til virkjunar Efri-Fossa í Sogi.

Flm.: Einar Olgeirsson, Sigurður Guðnason.

1. gr.

Stjórn Sogsvirkjunarinnar er heimilt að taka lán innanlands og utan, að upphæð allt að 100 milljónum króna, til virkjunar Efri-Fossa í Sogi. Ríkið ábyrgist greiðslu lánanna, enda hafi Reykjavíkurbær einnig samþykkt ábyrgð að sínu leyti. Vextir mega ekki vera hærri en bankavextir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er brýn nauðsyn fyrir Reykjavík og allt Suðvesturland, að hafizt sé handa í vor við virkjun Efri-Fossa í Sogi. Áætlun um virkjunina gerir ráð fyrir, að hún kosti 90—100 millj. kr. Sé hafizt handa hið bráðasta, getur þessi virkjun verið tilbúin til notkunar í síðasta lagi 1957. Vegna áburðarverksmiðjunnar og þess mikla rafmagns, er hún fær, þolir virkjun Efri-Fossa engan drátt, ella kemur á ný til skömmtunar rafmagns og kostnaðarsams rekstrar olíustöðvarinnar við Elliðaár.

Ríkisstjórnin hefur lofað að útvega lán til þessa nauðsynlega mannvirkis, en að hennar áliti mun útvegun á 100 millj. kr. láni til raforkuframleiðslu þurfa að ganga á undan og lán til sementsverksmiðju. Meðan slík lán eru ekki fengin, mundi því ríkisstjórnin láta lán til Sogsvirkjunarinnar sitja á hakanum. Fyrri flm. þessa frv. hefur áður flutt frv. á þessu þingi, þar sem ríkisstjórninni var heimilað að taka lán til virkjunar Efri-Fossa. Nú þykir sýnt, að með því að veita ríkisstjórninni slíka heimild mundi lántakan dragast. Slíkt getur ekki gengið.

Virkjun Efri-Fossa Sogsins er fjárhagslega séð mjög gott fyrirtæki. Það ætti því að vera auðvelt að útvega lán til þessa fyrirtækis, a. m. k. auðveldara en til ýmislegs annars. Reynslan af lántöku til virkjunar Ljósafoss var sú, að á miklu erfiðari tímum en nú eru gat Reykjavíkurbær einn án ríkisábyrgðar fengið lán til þess mannvirkis. Það er því vitanlegt, að mun auðveldara ætti að vera að fá lán nú til virkjunar Efri-Fossa.

Ríkisstjórnin hefur undanfarin ár haft byggingu Írafossstöðvarinnar að féþúfu. Ríkisstjórnin hefur tekið yfir 20 millj. kr. í söluskatt og tolla af vélum til virkjunarinnar. Ríkisstjórnin hefur með lögum látið ríkisstofnanir taka yfir 9 millj. kr. í vexti og bankakostnað eingöngu í sambandi við byggingu stöðvarinnar. Afskipti ríkisstjórnarinnar af virkjuninni hafa því orðið rafmagnsnotendum mjög dýr. Það minnsta, sem hægt er að ætlast til, er því, að ríkisstjórnin bregði ekki fæti fyrir það, að hafizt verði handa um virkjun Efri-Fossa í sumar.

Stjórn Sogsvirkjunarinnar og Reykjavíkurbær mundu áreiðanlega geta útvegað lán erlendis (og jafnvel innanlands að einhverju leyti), ef réttur til lántöku og ríkisábyrgð er fenginn. Slíkt ætti og að gera ríkisstjórninni léttara að útvega lánin til raforkuveranna úti um land, til sementsverksmiðjunnar og annarra nauðsynlegra fyrirtækja.

Eins og kunnugt er, er ríkið meðeigandi að Sogsvirkjuninni, þótt það hafi aldrei sjálft lagt fram eyri til hennar, heldur aðeins haft af henni tugmilljóna tekjur, meðan hún hafði engar tekjur sjálf. Það minnsta, sem ríkið getur gert fyrir áframhaldandi virkjun Sogsins, er því að láta ríkisábyrgð í té og standa ekki í vegi virkjunarinnar. Það er það, sem farið er fram á með þessu frumvarpi.

Sþ. 380. Nefndarálit [104. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1951.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin athugaði frumvarpið og bar það saman við ríkisreikninginn 1951 og fjárlög fyrir það ár.

Við athugun þessa kom í ljós:

1. að upphæðin „kr. 114 074 990.29“ í 1. gr. er vantalin um kr. 76 017.11. Stafar þetta af því, að síðasti liður á undan samtölu 2. gr. („Til eignaaukningar skv. 20. gr. Út eru veittar“) er vantalinn um þessa upphæð;
2. að 3. og 4. liður 2. gr. eru ekki rétt orðaðir;
3. að upphæðin í seinni málsgr. síðasta liðar á undan samtölu 2. gr. „kr. 149 887 412.65“ er oftalin um kr. 126 151 455.25. Þessi tala er aðeins skýringartala, en hefur engin áhrif á niðurstöðu frumvarpsins. Skekkjan stafar af því, að með hafa verið talin lán, sem ríkið útvegaði, og einnig geymslufé. Gerir það skýringuna villandi.

Að öðru leyti en að framan getur hefur nefndin ekkert við frumvarpið að athuga og leggur þar af leiðandi til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Í stað „kr. 114 074 990.29“ komi: kr. 114 151 007,40.
2. Við 2. gr.
   a. Í stað orðanna í 3. lið „af kr. 8 130 282.73 nettótekjum umfram fjárlagaætlun“ komi: en nettótekjur urðu kr. 8 130 282.73 umfram fjárlagaáætlun.
   b. Í stað orðanna í 4. lið „af kr. 9 858 242.35 nettótekjum umfram fjárlagaáætlun“ komi: en nettótekjur urðu kr. 9 858 242.35 umfram fjárlagaáætlun.
   c. Síðasti liður á undan samtölunni orðist svo:
      Til eignaaukningar samkv. 20. gr. Út eru veittar kr. 44 863 339.83
      Inn fóru kr. 23 735 957.40 fram úr fjárlagaáætlun.

d. Í stað „Samtals kr. 114 074 990.29“ í lok greinarinnar komi: Samtals kr. 114 151 007.40.

Einn nefndarmaður (HÁ) var fjarstaddur við afgreiðslu málsins í nefndinni.

Alþingi, 18. febrúar 1954.

Pétur Ottesen, form.	Björn Björnsson, fundaskr.	Karl Kristjánsson, frsm.
Lúðvík Jósefsson.	Magnús Jónsson.	Jón Kjartansson.
Jónas G. Rafnar.	Hannibal Valdimarsson.	

Sþ. 381. Tillaga til þingsályktunar [149. mál]

um undirbúning að byggingu þurrkvíar.

Flm.: Gísli Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa tvo menn til þess að ræða við bæjaryfirvöld Reykjavíkur og Hafnarfjarðar um möguleika á því að byggja sem fyrst þurrkví, er rúmað geti 6 þúsund smálesta skip, en síðar mætti stækka svo, að hún tæki 18 þús. smál. skip, samkvæmt fram komnum tillögum nefndar, sem skipuð var samkvæmt þingsályktun samþykktri á Alþingi 1951, til undirbúnings þessu máli, enda verði þegar tryggð með samningum hæfilegt landrými fyrir mannvirkið og skipulagning þess.

Niðurstöður umræðnanna ásamt tillögum um framkvæmdir, staðarval og fjáröflun skulu sendar ríkisstjórninni fyrir 1. okt. n. k., en hún leggur þær síðan fyrir næsta reglulegt Alþingi til afgreiðslu.

Greinargerð.

Á Alþingi 1951 var samþykkt að fela ríkisstjórninni að láta gera athugun á því, hvar á landinu væri hentugast og ódýrast að koma upp þurrkví til hreinsunar og viðgerðar á skipum, og láta að lokinni þeirri athugun semja kostnaðaráætlun um byggingu þurrkvíar þar, sem hagkvæmast þætti að koma henni upp. Skyldi miða við þurrkví, er tekið gæti 18 þús. smálesta skip, en jafnframt athuga kostnað við byggingu þurrkvíar, sem aðeins rúmaði 6 þús. smálesta skip.

Eftir ýtarlega athugun á mörgum stöðum á landinu komst nefnd sú, er ríkisstjórnin skipaði til að athuga og undirbúa þessi mál, samkvæmt framanritaðri samþykkt, að þeirri niðurstöðu, að um fjóra staði væri að ræða, er rannsaka þyrfti, áður en að hægt væri að gera tillögur um staðsetningu kvíarinnar. Þessir staðir voru: Vatnagarðar við Reykjavík, Hafnarfjörður, Njarðvíkur og Patreksfjörður. Nefnd, sem skipuð hafði verið af Alþingi 1943, til að gera tillögur um staðsetningu þurrkvíar og skipasmíðastöðvar, hafði áður athugað þessi mál og lagt til, að þurrkvíin yrði byggð rétt innan við Klepp, en við nánari athugun á botnlagi þar og dýpi kom í ljós, að heppilegra mundi að koma kvínni fyrir nokkru utar við voginn en þá var gert ráð fyrir.

Jafnskjótt og nefndin hafði komizt að þeirri niðurstöðu, er að framan greinir, réð hún verkfræðinga til þess að athuga byggingarmöguleika á fjórum fyrrnefndum stöðum og til þess jafnframt að gera kostnaðaráætlun um byggingu þurrkvíar, ásamt teikningum og verklýsingum. Þegar framanritaðar áætlanir höfðu verið gerðar kom í ljós, að gerlegt var að koma fyrir þurrkví fyrir 6 þús. smálesta skip á öllum fyrrnefndum stöðum, og var kostnaður áætlaður sem hér segir: Á Patreksfirði 27.7 millj. kr., í Njarðvíkum 26.44 millj. kr., í Vatnagörðum 18.74 millj. og í

Hafnarfirði 17.98 millj. En auk þess lágu fyrir eldri áætlanir um byggingu þurrkvíar fyrir 6 þús. smál. skip sem hér segir: Innan við Klepp fyrir 20.5 millj. kr. og í Reykjavíkurhöfn fyrir 24.5 millj. Við þessar athuganir var upplýst, að engir stækkunarmöguleikar voru fyrir hendi á Patreksfirði, í Njarðvíkum og í Reykjavíkurhöfn, og með því að bygging þurrkvíar fyrir 6 þús. smálesta skip var auk þess allmiklu dýrari á þessum stöðum en bæði í Vatnagörðum og í Hafnarfirði, þótti sýnt, að annar hvor þeirra staða kæmi aðeins til greina fyrir hina væntanlegu þurrkví. Að fengnum þessum upplýsingum lét nefndin gera kostnaðaráætlun um byggingu þurrkvíar fyrir 18 þús. smálesta skip, þannig að byggð yrði í fyrri áfanga þurrkví, er rúmaði 6 þús. smálesta skip, en síðar mætti stækka fyrir 18 þús. smálesta skip. Var fyrri áfangi áætlaður kosta 22.62 millj. kr. í Hafnarfirði, en 23.5 millj. við Vatnagarða, en síðari áfanginn 7.5 millj. kr. í Hafnarfirði, en 7.74 millj. við Vatnagarða. Af þessu varð ljóst, að kostnaðurinn einn gat ekki haft úrslitaáhrif á það, hvor staðurinn yrði valinn, heldur gæti þar um ráðið margvíslegar aðrar aðstæður.

Áætlanir þær, sem að framan greinir, voru sendar ráðuneytinu síðari hluta ársins 1952. En vegna þess, hversu mörg og stór fyrirtæki voru þá í framkvæmd eða í undirbúningi, svo sem áburðarverksmiðjan, Sogs- og Laxárvirkjanir, sementsverksmiðja o. fl., þótti ráðuneytinu ekki gerlegt að leggja til, að hafnar yrðu þá þegar framkvæmdir á verki, sem sýnt var að kosta mundi milljónatugi og engar líkur væru til að gæti beinlínis staðið fjárhagslega undir sér, a. m. k. ekki fyrst um sinn. Hefur máli þessu því ekkert þokað áfram umfram það, sem að framan er getið.

Ljóst er, að hér er um svo aðkallandi og alvarlegt mál að ræða, ekki aðeins fyrir allar siglingar landsmanna, heldur og fyrir þann hluta iðnaðarins, sem lýtur að skipaviðgerðum og skipasmíði, að óverjandi er, að ekki sé gert allt, sem mögulegt er, til þess að hrinda því í framkvæmd sem allra fyrst. Skipastóll landsmanna fer stækkandi ár frá ári, en ekkert af þeim skipum, sem eru yfir 1500 smálestir, hefur nokkra aðstöðu til þess að fá hér botnviðgerðir eða botnhreinsun eins og stendur, auk þess sem fjöldi skipa undir þessari stærð verður að leita til útlanda til þess að fá þar slíka þjónustu, ef ekki á að eyða hér löngum og dýrmætum tíma til þess að bíða eftir henni vegna vantandi þurrkvíar. Má m. a. benda á, að skip, sem nýlega strandaði við Engey og náð hefur verið á flot, hefur ekki getað fengið hér viðgerð beinlínis vegna skorts á þurrkví og liggur hér enn öllum aðilum til mikils tjóns. Er augljóst hvílíkt feiknatjón er fyrir þjóðina að búa enn um langan aldur við slík skilyrði í sambandi við skipaiðnaðinn. Það er því aðkallandi mál að hefjast þegar handa um víðtækari undirbúning á þessu máli, og er þá mest aðkallandi að fá sem allra fyrst ákveðið, hvar þurrkvíin skuli byggjast, og tryggja henni þar nægilegt land fyrir athafnasvæði og fá það skipulagt, einkum þegar vitað er, að lönd, sem henta bezt undir þessar athafnir, eru í mikilli hættu fyrir því að verða numin undir aðra starfsemi til ómetanlegs tjóns fyrir þetta mál. Þá er einnig aðkallandi að gera sér ljóst, á hvern hátt unnt er að tryggja nægilegt fé til þess að koma mannvirkinu upp og ákveða jafnframt, hvaða aðilar skuli hafa um það forustu, svo og hvernig unnt er að tryggja almenningi sem hagkvæmust not af mannvirkinu í framtíðinni. Mun allur sá undirbúningur taka nokkurn tíma, en þarf hins vegar ekki að hafa mikil útgjöld í för með sér. Hins vegar er óhjákvæmilegt, að slíkur undirbúningur fari fram, áður en hafizt er handa um frekari framkvæmdir.

Með þáltill. þessari er ekki ætlazt til annars en að málið fái þann undirbúning, sem nauðsynlegur er, til þess að ljóst liggi fyrir, hvort unnt sé í náinni framtíð að hrinda í framkvæmd þessu aðkallandi máli og þá á hvern hátt, svo og að tryggja mannvirkinu þann stað, sem heppilegastur þykir til byggingar þurrkvínni. Er þess vænzt, að þingmenn samþykki þáltill. og ríkisstjórnin skipi síðan hæfa menn til að leita samninga við hlutaðeigandi aðila um framkvæmd þeirra atriða, sem þáltill. tekur til.

Ed. **382. Frumvarp til laga** [128. mál]

um verðlagsskrár.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Verðlagsskrárumdæmi skulu vera þessi:

1. Norður-Múlasýsla og Seyðisfjarðarkaupstaður.
2. Suður-Múlasýsla og Neskaupstaður.
3. Skaftafellssýslur.
4. Vestmannaeyjakaupstaður.
5. Rangárvallasýsla.
6. Árnessýsla.
7. Gullbringu- og Kjósarsýsla, Keflavíkur-, Hafnarfjarðar- og Reykjavíkurkaupstaðir.
8. Mýra- og Borgarfjarðarsýsla og Akraneskaupstaður.
9. Snæfellsness- og Hnappadalssýsla.
10. Dalasýsla.
11. Barðastrandarsýslur.
12. Ísafjarðarsýslur og Ísafjarðarkaupstaður.
13. Strandasýsla.
14. Húnavatnssýslur.
15. Skagafjarðarsýsla og Sauðárkrókskaupstaður.
16. Eyjafjarðarsýsla, Akureyrar-, Siglufjarðar- og Ólafsfjarðarkaupstaðir.
17. Þingeyjarsýslur og Húsavíkurkaupstaður.

2. gr.

Yfirskattanefnd hvers verðlagsskrárumdæmis skal í janúarmánuði ár hvert semja verðlagsskrá, er gildir fyrir allt verðlagsskrárumdæmið. Nú er fleiri en ein yfirskattanefnd í verðlagsskrárumdæmi, og skal þá sú yfirskattanefnd, sem sýslumaður skipar forsæti í, annast samningu verðlagsskrár samkvæmt 1. málslið þessarar greinar.

3. gr.

Yfirskattanefnd skal setja verðlag á búpening þann og innlenda vöru, sem venja er að taka í verðlagsskrá, eftir því peningaverði, sem henni er kunnugt um, að á þeim hafi verið á síðastliðnu ári. Við verðlagningu búpenings skal hún fara eftir því, á hvaða verði búfé hverrar tegundar hefur gengið kaupum og sölum manna á milli á verðlagsskrársvæðinu, og miða við meðalverð. Við verðskráningu innlendra framleiðsluvara skal hún fara eftir skýrslum, er hún aflar sér frá verzlunum þeim, er íbúar viðkomandi verðlagsskrárumdæmis hafa aðalviðskipti við, og skal leggja til grundvallar það verð, sem framleiðendur fá fyrir vöru sína.

Ef yfirskattanefnd er kunnugt um, að einhver tegund landaura, önnur en búfé, hafi eigi verið verzlunarvara í umdæminu á síðasta ári, skal hún eigi setja verðlag á þá tegund.

Verði yfirskattanefnd eigi á eitt sátt um verðlag, skal meðaltal ráða.

4. gr.

Er yfirskattanefnd hefur samið verðlagsskrá, skal sýslumaður senda hana fjármálaráðuneytinu, sem staðfestir hana og sér um, að hún verði birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Þyki fjármálaráðuneytinu ástæða til, getur það sent verðlagsskrána til ríkisskattanefndar til athugunar og staðfestir hana síðan með þeim breytingum, sem ríkisskattanefnd leggur til, að á henni verði gerðar.

5. gr.

Verðlagsskrá skal gilda frá 16. degi maímánaðar, næst eftir að hún er samin, til jafnlengdar næsta árs, og skal birta hana á manntalsþingum það ár, er hún gengur í gildi.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi numin lög nr. 16 6. nóv. 1897, um undirbúning verðlagsskráa, svo og önnur þau lagaákvæði, sem koma kunna í bága við lög þessi.

Ed. 383. Nefndarálit [13. mál]

um frv. til l. um vátryggingarsamninga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Inn í 128. gr. frv. hefur í lok greinarinnar slæðzt sem prentvilla orðið „en“, sem leiðrétta þarf í hreinprentun laganna og þingtíðindum, og verður niðurlag greinarinnar þá svo hljóðandi: „enda hafi fyrning eigi fullnazt fyrr eftir lögum þeim, sem gilt hafa hingað til“. Nokkrar aðrar prentvillur hafa áður verið leiðréttar.

Alþingi, 19. febrúar 1954.

Hermann Jónasson, form. Lárus Jóhannesson, fundaskr., frsm. Sigurður Ó. Ólafsson.

Guðm. Í. Guðmundsson. Páll Zóphóníasson.

Ed. 384. Lög [115. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í alþjóðasamningi frá 5. apríl 1946, um möskvastærð fiskinetja og lágmarksstærðir fisktegunda, ásamt ákvæðum viðbætis við samninginn frá 2. apríl 1953.

(Afgreidd frá Ed. 19. febr.).

Samhljóða þskj. 223 með þeirri leiðréttingu, að í stað orðanna „með frumvarpi að lögum þessum“ í 2. málsgr. 1. gr. kemur: með lögum þessum.

Ed. 385. Breytingartillögur [12. mál]

við frv. til áfengislaga.

Frá Lárusi Jóhannessyni, Bernharð Stefánssyni, Sigurði Ó. Ólafssyni og Andrési Eyjólfssyni.

1. Við 2. gr. Í stað „2¼% af vínanda að rúmmáli“ í fyrri málsgr. komi: 3½% af vínanda að þunga.
2. Við 3. gr. Í stað „2¼% af vínanda að rúmmáli“ komi: 3½% af vínanda að þunga.

3. Við 7. gr. Í stað „2¼% af vínanda að rúmmáli“ í síðari málsgr. komi 3½% af vínanda að þunga.
4. Við 10. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkisstjórninni er heimilt að setja á stofn útsölustaði áfengis, en leita skal hún álits viðkomandi bæjarstjórnar eða hreppsnefndar, áður en útsala er sett á stofn. Synji hlutaðeigandi sveitarstjórn með einföldum meiri hluta atkvæða, að útsala áfengis sé sett á stofn í því bæjar- eða sveitarfélagi, skal það ekki gert og ekki leitað um það atkvæða í næstu tvö ár.
5. Við 12. gr. Greinin orðist svo:
   Dómsmálaráðherra getur veitt veitingahúsum, einu eða fleirum á hverjum stað, leyfi til vínveitinga, þegar eftirtalin skilyrði eru fyrir hendi:
   a. að veitingahúsið hafi á boðstólum mat og fjölbreytta óáfenga drykki;
   b. að veitingahúsið sé að dómi hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar fyrsta flokks.
   Veitingaleyfi skulu eigi veitt til lengri tíma en fjögurra ára í senn. Veitingaleyfi skal bundið við nafn og veitir leyfishafa aðeins rétt til veitinga í því húsnæði, er hann hefur, þegar honum er veitt leyfið.
   Veitingaleyfi má binda þeim skilyrðum, sem dómsmálaráðherra telur nauðsynleg. Ef veitingamaður brýtur gegn settum skilyrðum eða uppfyllir þau ekki lengur, skal hann missa veitingaleyfi sitt. Fyrir veitingaleyfi skal greiða í hvert sinn kr. 4000.00 í ríkissjóð.
   Nánari fyrirmæli um vínveitingar, þar á meðal um veitingatíma, eftirlit á veitingastað og álagningu, skulu sett í reglugerð.

Ed. 386. Nefndarálit [12. mál]

um frv. til áfengislaga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað mál þetta og rætt það á mörgum fundum, og eru skoðanir nefndarmanna mjög skiptar um frv. í heild og einstakar greinar þess.

Nefndin ber sameiginlega fram þær breytingartillögur, sem meiri hluti hefur fengizt fyrir í nefndinni, en einstakir nefndarmenn hafa óbundnar hendur um einstakar greinar frv. og áskilja sér rétt til að fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma, og bera fram breytingartillögur.

Nánari grein verður gerð fyrir málinu í framsögu.

Alþingi, 19. febrúar 1954.

Hermann Jónasson, form. Lárus Jóhannesson, fundaskr. Sigurður Ó. Ólafsson, frsm.
Guðm. Í. Guðmundsson. Páll Zóphóníasson.

Ed. 387. Breytingartillögur [12. mál]

við frv. til áfengislaga.

Frá allsherjarnefnd.

1. 1. gr. fellur niður.
2. Við 4. gr.
   a. Fyrir orðin „selja af þeim forða né flytja hann í land“ í niðurlagi 3. mgr. kemur: gefa öðrum né selja af þeim forða.

b. Síðasta mgr. orðist svo:
Fyrirmæli þessarar greinar taka til flugvéla, eftir því sem við á, en ná ekki til herskipa eða skemmtiferðaskipa.

3. Við 12. gr.
a. Orðið „áfengisvarnaráðs“ í 2. mgr. fellur niður.
b. Orðin „enda mæli áfengisvarnaráð með leyfisveitingunni“ í niðurlagi 3. mgr. falla niður.
c. Fyrir orðin „dómsmálaráðherra og áfengisvarnaráð telja nauðsynlegt“ í 1. málsl. 6. mgr. kemur: dómsmálaráðherra telur nauðsynlegt.
d. Síðari málsl. síðustu mgr. fellur niður.

4. Við 13. gr. 2. mgr. fellur niður.
5. Við 14. gr. Orðin „og áfengisvarnanefnd á staðnum mælir með“ í niðurlagi 1. málsl. 2. mgr. falla niður.
6. Við 15. gr. Síðari málsl. 2. mgr. fellur niður.
7. Fyrir 26.—28. gr. kemur ein gr., svo hljóðandi:
Ríkisstjórnin skipar sér til aðstoðar ráðunaut í áfengismálum. Skal hann skipaður að fengnum tillögum frá stjórnum þeirra bindindisfélaga, sem styrks njóta af opinberu fé til bindindisstarfsemi.
8. 29. gr. orðist svo:
Áfengisvarnanefndir skulu vera í öllum hreppum og kaupstöðum landsins, þriggja manna í hreppum, sjö manna í kaupstöðum, öðrum en Reykjavík, þar sem nefndin er skipuð níu mönnum. Ráðherra skipar formann nefndanna, en að öðru leyti skulu nefndarmenn kosnir hlutfallskosningu af hlutaðeigandi hreppsnefndum og bæjarstjórnum. Kjörtími nefndarmanna er fjögur ár. Kostnaður af störfum nefndanna greiðist úr hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóði.
Áfengisvarnanefndir skulu vera ráðgefandi um öll bindindis- og áfengismál fyrir sveitastjórnir, lögreglustjóra, ríkisstjórn og aðra þá aðila, sem komið geta til greina í því sambandi. Verksvið nefndanna skal að öðru leyti ákveðið í reglugerð, sem ráðherra gefur út.
9. 31. gr. fellur niður.
10. 32. gr. fellur niður.

Nd. 388. Tillaga til þingsályktunar [150. mál]

um kjarnfóðurframleiðslu.

Flm.: Bergur Sigurbjörnsson, Gils Guðmundsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að láta sérfræðinga athuga og gera tillögur um það, ríkissjóði að kostnaðarlausu, hvernig megi á hagkvæmastan hátt framleiða hér á landi allt það kjarnfóður (skepnufóður), sem búvöruframleiðendur þarfnast.

Skal þeirri athugun og tillögum sérfræðinganna, sem hér um ræðir, hraðað svo, að unnt sé að leggja fyrir næsta reglulegt Alþingi frumvarp um stofnun hlutafélags til kjarnfóðurframleiðslu, og sé við það miðað að hefja framkvæmdir eigi síðar en sumarið 1955.

Greinargerð.

Það ætti vart að þurfa að taka það fram, sem vitað er, að um alllangt skeið höfum við Íslendingar eytt verulegum fúlgum af torfengnum erlendum gjaldeyri til kaupa á erlendu fóðri handa búsmala landsmanna. Var í því skyni einnig varið verulegum upphæðum af gjafafé því, sem ríkisstjórnir síðustu ára báðu um og þágu úr höndum erlendra valdhafa, sbr. skýrslur, sem stjórnarblöðin hafa öðru hverju birt um ráðstöfun þess fjár.

Sem dæmi um þennan innflutning á kjarnfóðri má nefna, að árið 1951 voru fluttar til landsins rúmlega 12 þúsund smálestir af fóðurvörum fyrir 20 millj. kr., en árið 1952 voru fluttar inn um 14400 smálestir fyrir rúmlega 24.5 millj. kr.

Það ætti ekki heldur að vera þörf á að rökstyðja það nákvæmlega, sem öllum ætti að vera ljóst, að það er algerlega rangt mat á þeim lífsskilyrðum, sem Ísland hefur að bjóða, að telja óhjákvæmilegt og nauðsynlegt að flytja inn fóðurvörur í þeim mæli, sem að framan greinir, til að halda lífinu í kvikfénaði á Íslandi og hafa af því sæmilegan arð. Sérfróðir menn íslenzkir hafa birt um það margar fróðlegar ritgerðir, hvernig auðveldast og með beztum árangri mætti rækta hér grænfóður og ýmsar gras- og korntegundir, sem fyllilega gætu komið í staðinn fyrir innflutt maísmjöl til framleiðslu á fóðurblöndum í kjarnfóður.

Það er ljóst af tilraunum íslenzkra búnaðarfrömuða, að ræktun sandanna er miklum mun ódýrari en sú ræktun mýrlendis, sem til þessa hefur verið talin sjálfsögðust. Hefur þá og í ljós komið, að uppskera af sandræktinni hefur verið sízt minni en af mýrlendi, og mundi þó vafalaust stóraukast og verða árvissari, ef gróðursett væru skjólbelti í slíkum ræktunarlöndum. Benda öll rök til, að með þessu móti sé fundin leið til að framleiða innlent kjarnfóður, sem að gæðum og verði gæti verið a. m. k. fyllilega sambærilegt við erlent kjarnfóður, ef um framleiðslu í stórum stíl væri að ræða, eða svipað magn og að framan greinir um innflutning síðustu ára.

Kjarnfóður það, sem flutt er til landsins, er fyrst og fremst gefið mjólkurkúm, eins og vitað er, en ekki kindum, nema um heyleysi og harðindi sé að ræða.

Nú háttar svo til hér á landi, að aðalmjólkurframleiðslusvæðið nær frá Austur-Skaftafellssýslu til Mýrasýslu. Á þessu svæði eru stór óræktuð sandasvæði, t. d. í Rangárvallasýslu og víðar, sem vel væru fallin til þeirrar ræktunar, sem hér um ræðir. Þá er í flestum fiskiverum við Faxaflóa framleitt fiski- og síldarmjöl, sem nota má í fóðurblöndur með þeim gras- og korntegundum, sem rækta mætti á þessu svæði, en einmitt slíkar fóðurblöndur eru eitt hið bezta kjarnfóður, sem fáanlegt er. Skilyrðin til kjarnfóðurframleiðslu virðast því hin ákjósanlegustu á þessu svæði, ekki sízt þegar tekið er tillit til þess, hve flutningaleiðir á meginmagninu af kjarnfóðrinu yrðu stuttar, samanborið við flutninga frá Ameríku að viðbættri dreifingu frá Reykjavík um allt þetta svæði.

Fljótt á litið gæti því það eitt verið undrunar- og umhugsunarefni í sambandi við þetta mál, að ekki skuli þegar hafa verið hafizt handa um að hrinda því í framkvæmd, og þó alveg sérstaklega, ef hafðir eru í huga gjaldeyriserfiðleikar landsins nokkur undanfarin ár, sem m. a. hafa birzt í sárniðurlægjandi gjaldeyrissníkjum. Það er þó engin smáupphæð á okkar mælikvarða að spara um eða yfir 20 millj. kr. árlega í erlendum gjaldeyri, og mundi þó fyrst sjá verulega stað, ef slíkri upphæð væri árlega varið til eflingar atvinnulífi landsmanna og nýrra atvinnugreina í stað matgjafar handa búfé.

Hitt er svo jafnmikil nauðsyn, að menn geri sér grein fyrir því, að svo mikið fjármagn þarf til að hrinda af stað þeim framkvæmdum, sem hér um ræðir, að ósanngjarnt væri að ætlast til þess, að bændur landsins gætu einir lagt það fram úr eigin sjóðum. Er það og brýnt hagsmunamál og nauðsynjamál þjóðarinnar allrar, að fundin sé viðunandi lausn hvarvetna þar, sem rök virðast hníga að því, að spara mætti hinn torfengna og dýrmæta erlenda gjaldeyri, sem oft og tíðum er aflað með miklu erfiði og stórum fórnum.

Telja því flutningsmenn þessarar tillögu það eðlilegasta og æskilegasta lausn þessa máls, að ríkissjóður og stéttarsamtök bænda (Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda) myndu hlutafélag til framleiðslu kjarnfóðurs á sama hátt og flutningsmenn hafa lagt til um framleiðslu áburðar og legði ríkissjóður fram meiri hluta af hlutafé fyrirtækisins.

Eins og tillagan ber með sér, ætlumst við flutningsmenn hennar að sjálfsögðu til, að öll þau atriði, sem hér hefur verið drepið á, og raunar fleiri verði athuguð

gaumgæfilega af þeim sérfræðingum, sem falið væri að rannsaka málið og gera tillögur um það, en við viljum leggja ríka áherzlu á, að þeirri athugun verði hraðað af fremsta megni, vegna þess að sá háttur, sem nú er hafður um þessi mál, leiðir aðeins að nauðsynjalausu til aukinnar fátæktar þjóðarinnar.

Nd. 389. Frumvarp til laga [3. mál]

um hlutafélög.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

Samhljóða þskj. 3 með þessum breytingum:

9. gr. hljóðar svo:

Þegar fyrirhugað er, að hlutafélag taki við atvinnu annars aðila eða öðrum eingum en reiðufé, sbr. 8. og 9. tl. 7. gr., skulu dómkvaddir menn meta verðmæti þessi til fjár, áður en stofnsamningur er gerður. Héraðsdómari, þar sem mat á að fara fram, nefnir matsmennina. Skráningarstjóri getur þó veitt undanþágu frá því, að mat fari fram, þegar um minni háttar verðmæti er að ræða eða honum þykir ljóst af atvikum, að eign sé ekki of hátt verðlögð.

Veita skal matsmönnum óhindrað færi á að kynna sér það, er meta skal, svo og þau gögn, er þeir telja nauðsynleg til framkvæmdar matsins. Ef hlutafélag á að taka við atvinnu annars aðila, skal leggja fyrir matsmenn efnhags- og rekstrarreikninga um hana síðustu tvö ár, ef til eru, og veita þeim á annan hátt vitneskju um reksturinn að undanförnu. Um mat þetta fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum X. kafla laga nr. 85/1936, eftir því sem við á.

Leggja má kostnað af mati á félagið. Þó skal gætt hámarksákvæða 8. gr., þegar matskostnaður telst til stofnkostnaðar, sbr. 8. og 9. tl. 7. gr.

Matsmenn eru þagnarskyldir um þau efni, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt eiga að fara.

54. gr. hljóðar svo:

Félagsstjórn annast kvaðningu til funda. Kveðja skal til fundar með þeim fyrirvara og á þann hátt, er félagssamþykktir ákveða, þó eigi með skemmri en 7 daga fyrirvara.

Í kvaðningu til fundar skal greina í aðalatriðum málefni þau, sem þar á að taka til meðferðar. Að því leyti, sem dagskrá aðalfundar er ákveðin í félagssamþykktum, nægir þó að vísa til þeirra.

Nú vill hluthafi bera upp mál á hluthafafundi, og er félagsstjórn þá skylt að geta þess í fundarboði.

Ógildar eru ályktanir hluthafafundar, ef ekki er gætt ákvæða 1. málsgr. um kvaðningu, svo og ályktanir um málefni, sem ekki er getið í fundarboði samkvæmt 2. og 3. málsgr., nema allir hluthafar samþykki.

55. gr. hljóðar svo:

Félagsstjórn skal að minnsta kosti 7 dögum fyrir fund leggja fram í skrifstofu félagsins dagskrá fundarins og tillögur þær, er upp skal bera, ásamt greinargerð um þær. Með sama hætti skal leggja fram endurskoðaðan ársreikning og ársskýrslu félagsstjórnar, áður en aðalfundur er haldinn.

56. gr. hljóðar svo:

Aðalfund skal halda árlega og eigi síðar en innan sex mánaða frá lokun reikningsárs.

Nú lætur félagsstjórn hjá líða að kveðja til aðalfundar, og skal skráningarstjóri þá kveðja til fundarins, ef hluthafi krefst þess. Skýrir skráningarstjóri eða umboðsmaður hans fundi, og er félagsstjórn skylt að afhenda honum þær bækur félagsins og önnur gögn, er hann telur nauðsynleg. Skráningarstjóri getur krafið félagið um greiðslu kostnaðar af kvaðningu þessari og fundarhaldi.

84. gr. hljóðar svo:

Að reikningsári loknu semur og undirritar félagsstjórn og framkvæmdarstjóri ársreikning hlutafélags, ársskýrslu og tillögu um ráðstöfun á arði félagsins.

Ársreikningur og tillaga félagsstjórnar um ráðstöfun arðs skulu afhent endurskoðendum nógu tímanlega fyrir aðalfund.

Félagsstjórn leggur ársreikning, ársskýrslu og tillögu um ráðstöfun arðs fyrir aðalfund, eftir að endurskoðendur hafa áritað reikninginn og látið uppi álit um tillöguna og gætt hefur verið fyrirmæla 55. gr. um framlagningu gagna þessara.

89. gr. hljóðar svo:

Þegar varasjóður hefur náð 25% hlutafjár, mega framlög til hans samkvæmt 1. og 2. tl. 88. gr. lækka um helming. Þegar hann hefur náð 50% hlutafjár, mega framlög samkvæmt 1.—3. tl. 88. gr. falla niður. Greiðslur til varasjóðs samkvæmt 88. gr. skulu þó haldast, ef skuldir félagsins við lánardrottna þesss nema meira en samanlögðum fjárhæðum hlutafjár og varasjóðs. Til skulda í þessu sambandi teljast ekki föst lán, sem greiðast eiga á 5 árum eða lengri tíma, að því leyti, sem þau eru fulltryggð með veði.

Nú nemur varasjóður hærri fjárhæð en skylt er samkvæmt 1. málsgr., og má þá verja árlega úr sjóðnum allt að 50% af því, sem umfram er, til annarra nota en segir í 87. gr.

93. gr. hljóðar svo:

Félagsstjórn skal innan mánaðar frá aðalfundi senda skráningarstjóra ársreikning félags og ársskýrslu ásamt skýrslu um, hvernig arði hafi verið ráðstafað. Fylgja skal endurrit úr gerðabók varðandi atkvæðagreiðslu um ársreikning og ráðstöfun arðs. Farið skal með upplýsingar þessar sem algert trúnaðarmál.

121. gr. hljóðar svo:

Það er samstæða hlutafélaga, þegar félag (móðurfélag) á meira en helming hluta í öðru félagi eða félögum (dótturfélögum) eða, ef hlutir hafa misjafnt atkvæðagildi, sbr. 2. málsgr. 60. gr., svo marga hluti, að atkvæðagildi þeirra fari fram úr helmingi af samanlögðu atkvæðagildi allra hluta í dótturfélagi. Nú á dótturfélag sams konar hlutaeign í öðru félagi, og teljast þá bæði þau félög dótturfélög móðurfélagsins.

Þegar hlutafélag verður með framangreindum hætti móðurfélag annars félags, skulu stjórnendur móðurfélagsins þegar í stað tilkynna það stjórn dótturfélagsins svo og skráningarstjóra.

Nú þykir skráningarstjóra ljóst, að hlutafélag hafi vegna samnings, fjárframlags eða af öðrum ástæðum yfirráð annars félags eða félaga, og getur hann þá ákveðið, að 122.—127. gr. taki til félaga þessara.

128. gr. hljóðar svo:

Skráningarstjóri annast skráningu allra íslenzkra hlutafélaga.

Skráningarstjóri heldur hlutafélagaskrá. Ráðherra setur reglur um skipulag hennar.

Á hlutafélagaskrá skal taka tilkynningar samkvæmt 21. gr., 3. málsgr. 27. gr., 1. og 3. málsgr. 38. gr., 44. gr., 2. málsgr. 45. gr., 2. málsgr. 46. gr., 51. gr., 1.—3. og 5. tl. 1. málsgr. 82. gr., 100. gr., 1. málsgr. 103. gr., 106. gr., 1. og 3. málsgr. 114. gr., 1. málsgr. 116. gr., 120. gr., 138. gr., 2. málsgr. 139. gr., 140. gr. og 141. gr.

Almenningur á rétt til að kynna sér allt það, sem tekið hefur verið á hlutafélagsskrá, ásamt fylgiskjölum.

Nú telja stofnendur eða stjórnendur hlutafélaga, að birting tiltekinna atriða geti valdið félaginu tjóni og sker skráningarstjóri þá úr, hvort þau skuli sett á skrá.

133. gr. hljóðar svo:

Tilkynningum til skráningarstjóra skulu fylgja gjöld, er renna í ríkissjóð, og eru þau sem hér segir:

1. Fyrir rannsókn og staðfestingu stofnskjala 200 kr.
2. Fyrir staðfestingu útboðsskrár, þegar hlutafé er hækkað, 100 kr.
3. Fyrir skráningu nýs hlutafélags og útibús erlends hlutafélags 500 kr.
4. Fyrir skráningu á breytingum eða viðaukum við það, sem áður hefur verið skráð, 200 kr.

Fyrir endurrit, er skráningarstjóri lætur af hendi úr hlutafélagskrá eða af öðrum skjölum, skal greiða gjald samkvæmt 10. gr. laga nr. 85/1938, sbr. 2. gr. laga nr. 75/1947.

Skráningarstjóri lætur yfirvöldum ókeypis í té endurrit og munnlegar skýrslur, er þau þarfnast í embætti sínu.

151. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1954.

Ákvæði laganna taka og til hlutafélaga, sem áður hafa verið stofnuð, með þeim undantekningum, sem getur í 152.—154. gr.

Nd. 390. Nefndarálit [72. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 112/1941, um lax- og silungsveiði.

Frá landbúnaðarnefnd.

Í frumvarpi þessu felast tvö meginatriði: 1) að friða lax og göngusilung á hinu lögleyfða veiðitímabili fyrir allri veiði annarri en stangarveiði 84 stundir í viku í stað 60 stunda eins og nú er; 2) að takmarka að öðru leyti notkun fastra veiðivéla, svo sem nánar er til tekið í 2. og 3. gr. frv.

Nefndinni hafa borizt erindi með og móti frv. frá mörgum landeigendum í Borgarfirði, sem veiðirétt eiga. Er auðsætt, að þar í héraði er mikill ágreiningur um þetta mál milli þeirra annars vegar, sem netjaveiði stunda, og hins vegar þeirra, sem leigja ár til stangarveiði eða stunda hana. Nokkrir þeirra, sem þarna eiga í hlut, hafa rætt málið við nefndina. Gera má ráð fyrir, að sams konar ágreiningur sé uppi víðar á landinu.

Hinn 4. nóv. síðastl. ákvað nefndin að senda frv. til umsagnar veiðimáalstjóra og veiðimálanefndar. En umsögnin hefur ekki borizt nefndinni til þessa.

Að athuguðu máli telur nefndin ekki tímabært, að Alþingi taki að svo stöddu afstöðu til þeirra breytinga, sem í frv. felast. Raddir hafa verið uppi um aðrar breytingar á lögunum en frv. þetta gerir ráð fyrir, og fer vel á því, að sérfræðingum og öðrum gefist ráðrúm til að athuga ýmislegt, sem til greina kemur í þessu efni. Nefndin leggur því til, að frv. verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Einn nefndarmanna, Jón Sigurðsson, var fjarstaddur sakir sjúkleika, er málið var afgreitt.

Alþingi, 19. febr. 1954.

Ásgeir Bjarnason, form. Gísli Guðmundsson, frsm. Jón Pálmason.

Hannibal Valdimarsson.

Ed. 391. Frumvarp til laga [151. mál]

um breyting á lögum nr. 84 19. júní 1933, um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum.

Flm.: Hermann Jónasson.

Við 7. gr. laganna bætist ný málsgr., er hljóði svo:

Viðskiptamálaráðherra skal heimilt að veita þeim, er verzlunarleyfi hefur, leyfi til að selja sjálfur málverk, myndir, listmuni og bækur á frjálsu uppboði, enda fari um framkvæmd á þeim uppboðum eftir ákvæðum þessarar greinar.

Greinargerð.

Sala listaverka og annarra listmuna hefur til þessa verið með lítt viðunandi fyrirkomulagi hér á landi. Í flestum menningarlöndum heims, að Íslandi undanskildu, eru uppboð hvers konar listaverka mjög vinsælar og fjölsóttar kaupstefnur, og hafa margir Íslendingar, er utan hafa farið, kynnzt slíkum kaupstefnum. Hafa mörg víðkunnustu uppboðsfirmu í Evrópu starfað óslitið öldum saman, og hefur mesti sægur listaverka og listmuna verið seldur á kaupstefnum þessara fyrirtækja, áður en þau hafa fengið varanlegan samastað.

Hér á landi hefur söluform þetta á listaverkum ekki verið reynt, þar til á árinu 1953, að reynt var að koma því á hér. En við framkvæmd þess hefur komið í ljós, að það er talið koma í bága við tilskipun um uppboðsþing í Danmörku og Noregi frá 19. des. 1693, en tilskipun þessi hefur aldrei verið birt hér á landi, en þó verið fylgt.

Í 7. gr. laga nr. 84/1933 segir svo:

„Þegar boðnar eru á uppboði vörur, sem sagðar eru stafa að einhverju eða öllu leyti frá nafngreindum mönnum eða úr tilteknum búum, skal þess greinilega getið á uppboðinu um þessa muni, úr hvaða búi eða frá hvaða manni þeir stafi hver um sig. Ef haldið er uppboð á munum eða vörum frá nafngreindum manni eða úr tilteknu búi, skal þess getið greinilega í uppboðsauglýsingunni, ef á uppboðinu á jafnframt að selja aðra muni. — Í hverri uppboðsauglýsingu skal þess getið, hvort það, sem selja á, er selt fyrir reikning uppboðsbeiðanda eða annars manns."

Framsögumaður frumvarpsins viðhafði svofelld ummæli um þessa grein í framsöguræðu sinni:

„Í 7. gr. eru ákvæði, sem eiga að tryggja það, að rétt sé skýrt frá um það, hvaðan þeir munir eru, sem boðnir eru upp. Ef t. d. selja á bækur eftir merkan bókamann, dregur það að sér ýmsa þá, sem áhuga hafa fyrir góðum bókum. En ef ætti að nota sér það til að koma út einhverju ómerkilegu rusli um leið, undir því yfirskini, að það væri allt frá þessum þekkta bókamanni, þá kæmi það í bága við þessi ákvæði, ef frv. verður að lögum." (Alþt. 1933 — B., bls. 2306.)

Í lagagreininni eru sett skýr ákvæði um framkvæmd uppboða, sem jafnt geta átt við frjáls uppboð og opinber uppboð, lögin sjálf eru um verzlunarhætti, og á því viðbót sú, sem felst í þessu frumvarpi heima í þessum lögum. Virðist eðlilegt og sjálfsagt að leyfa einstaklingum að halda frjáls uppboð á listmunum hér á landi eins og tíðkast erlendis og gefizt hefur vel þar, en þó er lagt til, þar sem þetta söluform er hér á byrjunarstigi, að viðskiptamálaráðherra veiti leyfi til þess og að það verði einungis veitt aðilum, er verzlunarleyfi hafa.

Ed. 392. Lög [13. mál]

um vátryggingarsamninga.

(Afgreidd frá Ed. 23. febr.)

Samhljóða þskj. 13 með þeirri leiðréttingu á prentvillu, að niðurlag 128. gr. á að hljóða svo: enda hafi fyrning eigi fullnazt fyrr eftir lögum þeim, er gilt hafa hingað til.

Sþ. 393. Tillaga til þingsályktunar [152. mál]

um skil bátagjaldeyriságóða til hlutarsjómanna.

Flm.: Karl Guðjónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa og framkvæma svo fljótt sem verða má leiðréttingu þeirra mistaka, að sjómenn hafa ekki fengið greiddan hlut sinn úr andvirði þeirra innflutningsréttinda, sem fjárhagsráð auglýsti að boði ríkisstjórnarinnar í Lögbirtingablaðinu 8. marz 1951 og í meginatriðum hafa verið í gildi síðan — og almennt nefnast bátagjaldeyrisreglur.

Framkvæmd málsins verði í meginatriðum hagað þannig, að sjómannafélögunum verði falið að safna saman kröfum viðkomandi sjómanna, hverju á sínu félagssvæði, og frá þeim sjómönnum, sem samningar þeirra ná til. Leggi félögin síðan rökstuddar kröfur fyrir ríkisstjórnina, eða þá aðila, sem hún kann að tilnefna. Ríkissjóður greiði út hinn vangoldna hlut ásamt 6% ársvöxtum frá þeim tíma, þegar eðlileg greiðsla hlutarins hefði átt að fara fram. Ríkissjóður endurkrefji svo hlutaðeigandi útgerðarmenn eða útgerðarfélög um þá upphæð, er hann greiðir þeirra vegna.

Kostnaður allur við framkvæmd málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin greiðsla til sjómannafélaganna fyrir þeirra þátt í leiðréttingu þessari, og skal sú greiðsla ákveðin 5% af kröfum þeim, sem þau leggja fram og færa sönnur á, auk áfallins málskostnaðar eftir reikningi.

Greinargerð.

Í ársbyrjun 1951 bar þjóðarbúskap Íslendinga þann vanda að höndum, að vélbátaflotinn hóf ekki vertíðarveiðar, sökum þess að fiskverð var svo lágt, að fyrirsjáanlegur halli var á útgerðinni. Var það krafa útgerðarmanna, að fiskverð yrði hækkað til muna, og var kröfunni beint til stjórnarvaldanna.

Þá stóð svo á, að ríkisvaldið hafði framkvæmt mjög stórfelldar lækkanir á gengi íslenzkrar krónu haustið 1949 og á öndverðu ári 1950, og voru þær gengisfellingar kallaðar hjálp fyrir atvinnuvegina.

Þáverandi ríkisstjórn stóð því frammi fyrir þeim tvíþætta vanda, sem að nokkru var fólginn í því, að án útgerðar vélbátaflotans horfði harla báglega um þjóðarhag, og að hinu leytinu táknaði stöðvun flotans það, að aðalröksemdin fyrir gengisbreytingunni — fjárhagslegt öryggi og tryggur rekstur atvinnuveganna — var afsönnuð með því miskunnarleysi, sem staðreyndir einar geta sýnt liðsterkri ríkisstjórn.

Ekki verður með vissu séð, hvorn þátt vandans ríkisstjórnin taldi alvarlegri. Hún reyndi að koma flotanum af stað, þótt lítill væri viðbragðsflýtir hennar í því efni, og liðu margar vikur þar til veiðar hófust.

En með því að hinar fyrri ráðstafanir ríkisstjórnarinnar til að tryggja rekstur atvinnuveganna, þ. e. gengisbreytingarinnar, höfðu átt mestum andbyr að mæta hjá launþegum og samtökum þeirra, þá mun ríkisstjórnin ekki hafa talið sér til neinnar ánægju að bera ráð sín saman við þá aðila, eftir að svona var komið, enda fór þannig, að í ráðabruggi sínu um hækkun fiskverðsins hafði ríkisstjórnin ekkert samráð við sjómannastéttina, þótt hún sé sá aðilinn, sem er eigandi meira en þriðjungs alls sjávarafla, sem á land er dreginn.

Árangurinn af samningum útgerðarmanna og ríkisstjórnarinnar um hækkað fiskverð varð sá, að ríkisstjórnin lét fjárhagsráð gefa út bátagjaldeyrisreglurnar, eða reglur um innflutningsréttindi bátaútvegsmanna, eins og þær hétu í auglýsingunni í Lögbirtingablaðinu. Lögmæti þessarar ráðstöfunar hefur mjög verið dregið í efa, og ber ekki að skoða tillögu þessa sem neina viðurkenningu á lögmæti bátagjaldeyrisfyrirkomulagsins. Engu að síður er fyrirkomulag þetta staðreynd, sem taka verður fullt tillit til.

Af þeim mistökum fyrrverandi ríkisstjórnar að sniðganga í öllu sjómannastéttina leiðir það, að útgerðarmenn, sem einir stóðu í sambandi við stjórnina, töldu sig eina eiga þann ágóða, sem bátagjaldeyrisreglurnar færðu fiskeigendum.

Í samræmi við þetta gerist það, þegar til reikningsskila kom milli sjómanna og útgerðarmanna fyrir vertíðina 1951 og aðrar veiðar á því ári, að útgerðarmenn neita að greiða sjómönnum sama fiskverð og þeir fengu sjálfir. Neitun þessi byggðist á fyrirmælum forráðamanna Landssambands íslenzkra útvegsmanna, sem vafalaust hafa talið sig njóta fulltingis ríkisstjórnarinnar til þessarar rangsleitni gagnvart sjómannastéttinni.

En hafi það verið ætlun ríkisstjórnarinnar að varna íslenzkum hlutarsjómönnum réttar til sama fiskverðs og aðrir fiskeigendur fá, þá hefur henni ekki tekizt það, og er nú sannaður sá réttur sjómanna.

Í sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja var hinn 3. febr. s. l. kveðinn upp dómur í máli, sem fyrir tilstuðlan allra sjómannafélaganna í Eyjum: Vélstjórafélags Vestmannaeyja, sjómannafélagsins Jötuns og skipstjóra- og stýrimannafélagsins Verðandi — var rekið sem prófmál til að ná fram áliti dómsins um rétt sjómanna til hins endanlega fiskverðs. Í dómnum er viðkomandi sjómanni tildæmdur réttur til fullrar hlutdeildar í andvirði innflutningsréttindanna. Þannig er nú fengið dómsorð fyrir því, að ranglega hefur verið setið yfir hlut bátasjómanna síðastliðin þrjú ár.

Um dóm þennan skal ekki fjölyrt frekar í greinargerð þessari, enda er hann prentaður með henni sem fylgiskjal. Skal þess þó getið, að hann er lagður til grundvallar t. d. því ákvæði þingsályktunarinnar, sem fjallar um vaxtaupphæð.

Vel má vera, að dómi þessum verði skotið til hæstaréttar, og ef svo færi, gæti enn liðið langur tími, unz þar félli dómur í málinu. Vera má, að einhverjum þingmönnum kynni að þykja varlegast að bíða þess. En þar til er þrennu að svara: Í fyrsta lagi mun dómnum ekki enn hafa verið áfrýjað. Í öðru lagi er engin sjáanleg ástæða til að draga réttmæti dómsins í efa. Í þriðja lagi er augljóst, að mál sem þetta þolir ekki bið. Það er langur tími fyrir þær fjölskyldur, sem lifa eingöngu á handafla heimilisföðurins, að bíða 3 ár eftir greiðslu vinnulaunanna, og er sízt á þá bið bætandi. Þá er augljóst, að eftir því sem lengra líður, verður erfiðara að hafa uppi á viðkomandi gjaldanda og sömuleiðis hætt við, að eigendum umræddra aflahlutar gangi erfiðlega að færa sönnur á rétt sinn.

Í þingsályktunartillögunni er gert ráð fyrir, að sannaðar kröfur sjómanna verði greiddar úr ríkissjóði, sem síðan endurkrefji þær hjá viðkomandi útgerðarmanni. Þetta er hliðstætt því fordæmi, sem fyrir liggur um greiðslu barnalífeyris samkv. úrskurði hjá almannatryggingunum, og er að því leyti mjög sambærilegt, að aflahlutur þeirra sjómanna, sem eru heimilisfeður, er vissulega einnig lífeyrir barna. Hitt er þó mest um vert, að án fyrirgreiðslu hins opinbera og samvinnu þess við sjómannafélögin er hægt að gera rétt sjómanna lítils eða einskis virði, hvað margir dómstólar sem kveða á um réttindi hlutarsjómanna. Ef hver einstakur sjómaður

þyrfti að leita til lögfræðings og ef til vill dómstóls um sinn hlut, heyja síðan harða innheimtu með fjárnámi og uppboði, jafnvel hjá sínum aðilanum fyrir hverja vertíð, ætti hann þess litla von, að hluturinn yrði öllu meiri en kostnaðurinn. Þannig gæti hinn tildæmdi réttur orðið harla lítill á borði.

Ekki er þess að dyljast, að vart mun ríkissjóður sleppa skaðlaus frá því hlutverki, sem honum var ætlað í ályktuninni. Auk fyrirsjáanlegs kostnaðar við framkvæmd málsins má reikna með, að ekki takist að endurkrefja allt það fé, sem út yrði greitt í hinn vangoldna hlut. En öll þau mistök, sem orðið hafa í þessu máli, eru sök annarra aðila en sjómannanna, og því eiga þeir sízt að gjalda þeirra. Fyrrverandi ríkisstjórn fór rangt að, er hún sniðgekk sjómenn við samninga þá, sem ákvörðuðu fiskverðið, og rökrétt afleiðing þess er, að ríkissjóður gjaldi þess.

Kjör sjómanna eru nú lakari en flestra annarra þegna þessa þjóðfélags, enda sjást þess glögg merki, að þurrð er að bresta á um vinnuafl til fiskveiðanna, og væri það vissulega hyggilegast, að ríkisvaldið tæki upp vinsamlegri stefnu í málefnum sjómanna en ríkt hefur að undanförnu, og færi vel á því, að sú stefnubreyting hæfist á aðstoð ríkisins til að bæta sjómönnum upp þriggja ára misrétti, sem þeir hafa verið beittir í þessu máli.

Vart mun mögulegt að ná til alls þorra þeirra sjómanna, sem hér eiga hlut að máli, án þess að njóta til þess aðstoðar sjómannasamtakanna. Þau hafa sum hver þegar sýnt mikinn áhuga í því að ná fram leiðréttingu málsins og lagt fram verulegt fé og vinnu til málrekstrar þess, sem fyrr getur. Það verður því að teljast eðlilegt, að bæði sá kostnaður, sem þegar er á fallinn við leiðréttingu málsins, svo og væntanlegur kostnaður við að ná saman kröfum sjómanna og færa rök fyrir réttmæti þeirra, verði þeim að fullu bættur. Í ályktuninni er greiðslan ákveðin 5 af hundraði af kröfuupphæðunum. Telur flutningsmaður, að hlutur af kröfuupphæð mundi frekast tryggja það, að sem allra fæstir kröfuhafar verði af sinni réttmætu uppbót. Vera má, að annar háttur hentaði jafnvel um slíka greiðslu, og með því að skaðlaus greiðsla og ekki þar umfram er það, sem fyrir flutningsmanni vakir, þá er af hans hálfu ekki fast sótt að halda þessu atriði ályktunarinnar óbreyttu, ef rök hníga að öðru, og gegnir raunar sama máli um hvað eina í framkvæmd málsins, ef kjarni þess nær fram að ganga.

Ef Alþingi og ríkisstjórn kjósa ekki enn, eftir að réttindi sjómanna eru sönnuð með dómi, að bera ábyrgð á því, að þörfustu starfsmenn þjóðfélagsins séu beittir klækjum fyrir tilstuðlan ríkisvaldsins, þá gefst í þessu máli gott tækifæri til að sanna góðan vilja og raunhæft mat á gildi sjómannastéttarinnar. Það tækifæri ætti ekki hvað sízt að vera kærkomið þeim alþingismönnum og ráðherrum, sem jafnan liggja undir nokkrum grun um að tala fagurlegar á tyllidögum um sjómannastéttina en svarað geti til þess, sem þeir unna henni að njóta í lífskjörum.

Fylgiskjal.

Endurrit úr dómabók Vestmannaeyja.

Ár 1954, miðvikudaginn 3. febrúar, kl. 3 e. h., var sjó- og verzlunardómur Vestmannaeyja settur á skrifstofu embættisins að Tindastóli og haldinn af fulltrúa bæjarfógeta, Fr. Þorsteinssyni, sem dómsformanni, og samdómsmönnunum, Þorsteini Jónssyni og Lúðvíki N. Lúðvíkssyni.

Þá var tekið fyrir málið:

Guðjón Kr. Kristinsson

gegn

Erlingi h.f.

og í því uppkveðinn svolátandi

dómur:

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 26. f. m., er höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja af Guðjóni Kr. Kristinssyni, vélstjóra, Urðaveg 17, Vestmannaeyjum,

með stefnu, útgefinni 25. marz 1953, birtri sama dag, á hendur stjórn Erlings h.f., í Vestmannaeyjum, fyrir hönd félagsins, þeim Sighvati Bjarnasyni, Ási í Vestmannaeyjum, Guðmundu Torfadóttur, frú, sama stað og Torfa L. Torfasyni, Brekastíg 31, Vestmannaeyjum, til greiðslu á eftirstöðvum aflahlutar af m.b. Erlingi, Ve. 325, frá árinu 1951, að fjárhæð kr. 1377.00, ásamt 6% ársvöxtum frá 1. febrúar 1953 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu eftir mati réttarins.

Stefndur lét mæta í málinu og gerði þær réttarkröfur, aðallega að málinu yrði vísað frá réttinum, en til vara krafðist hann þess, að hann yrði algerlega sýknaður og honum tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda eftir mati réttarins. Frávísunarkröfunni var hrundið með úrskurði 1. apríl s. l. og síðan með dómi hæstaréttar 23. sama mánaðar.

Árið 1951 gegndi stefnandi vélstjórastörfum á m.b. Erlingi II, Ve. 325, eign hins stefnda félags. Var hann lögskráður samkvæmt kjarasamningi milli Útvegsbændafélags Vestmannaeyja og Vélstjórafélags Vestmannaeyja, dags. 29. janúar 1951. Samkvæmt þeim samningi bar stefnanda ákveðinn hundraðshlutur af afla, breytilegur eftir tölu skipverja og tegund veiðarfæra. Gert er ráð fyrir, að útgerðarmaður fái umráða- og ráðstöfunarrétt yfir hlut skipverja, enda hafði sá háttur tíðkazt, en tekið er fram, að við sölu aflans beri skipverja sama verð og útgerðarmanni, og verður vikið að því síðar.

Í upphafi umræddS árs, ársins 1951, var verð á fiski kr. 0.75 pr. kg af slægðum þorski með haus og tilsvarandi verð fyrir annan fisk. Útvegsmenn og sjómenn töldu verð þetta of lágt, og höfðu útvegsmenn á orði, að þeim mundu ekki hefja útgerð að óbreyttu fiskverði, þar eð fyrirsjáanlegt væri, að útgerðin yrði rekin með halla. Voru því horfur á um skeið, að bátaútvegurinn mundi stöðvast. Varð það til þess, að ríkisstjórnin tók mál þetta til meðferðar. Hafði bátaútvegurinn staðið höllum fæti í nokkur ár og stórar fjárhæðir verið greiddar úr ríkissjóði hans vegna, bæði vegna ábyrgðar á fiskverði og einnig til niðurgreiðslu á útgerðarkostnaði. Að undangengnum viðtölum við forsvarsmenn útvegsmanna ákvað ríkisstjórnin að leggja inn á nýjar leiðir. Skrifaði hún Landssambandi íslenzkra útvegsmanna bréf hinn 24. janúar 1951 og kvaðst mundu veita bátaútvegsmönnum ákveðin gjaldeyrishlunnindi gegn því, að útvegsmenn sæju sér fært að hefja útgerðina tafarlaust. Tveim dögum áður, eða hinn 26. janúar, samþykkti L. Í. Ú. á framhaldsaðalfundi, að fiskverðið skyldi hækka um 21 eyri, eða upp í kr. 0.96 pr. kg, af slægðum þorski með haus og tilsvarandi verð fyrir annan fisk. Hinn 29. janúar 1951 gaf L. Í. Ú. út tilkynningu, sem birt var í Þjóðviljanum 31. janúar s. á. Er þar vitnað til bréfs ríkisstjórnarinnar og mælzt til þess við útgerðarmenn, að þeir hefji veiðar þá þegar og kaupi aflann af skipverjum við því verði, sem samþykkt var á framhaldsaðalfundi L. Í. Ú. og áður er tilgreint. Um líkt leyti hófu bátaútvegsmenn veiðar. Tæpum mánuði síðar, eða hinn 24. febrúar 1951, gerði ríkisstjórnin skriflegt samkomulag við L. Í. Ú., byggt á þeim grundvelli, sem lagður var í bréfi ríkisstjórnarinnar frá 24. janúar. Var þar ákveðið, að fiskútflytjendur, hvort sem þeir væru umboðsmenn fiskframleiðenda eða hefðu fengið rétt sinn framseldan, skyldu fá til umráða helming þess gjaldeyris, er fengist fyrir útfluttar bátaafurðir, framleiddar á árinu 1951, að undanskildu þorskalýsi, síld og síldarafurðum. Gjaldeyrinn mátti nota til kaupa á ákveðnum vörutegundum, sem jafnframt voru undanþegnar verðlagsákvörðunum. Skyldi framkvæmdum hagað þannig, að við gjaldeyrisskil afhendir viðkomandi banki fiskútflytjanda skírteini um hinn frjálsa gjaldeyri, svonefnd A-skírteini. Handhafi A-skírteinisins gefur síðan út ný skírteini, sem hafa inni að halda ráðstöfun á gjaldeyri samkvæmt A-skírteininu. Síðarnefnd skírteini eru nefnd B-skírteini og veita rétt til innflutnings á ákveðnum vörum, og er bönkum skylt að selja handhöfum skírteinanna gjaldeyri í því skyni. Er samkomulag þetta var komið á, gaf fjárhagsráð út auglýsingu um innflutningsréttindi bátaútvegsmanna, dags. 7. marz 1951, birta í Lögbirtingablaðinu daginn eftir, hinn 8. marz 1951. Eins og fram er tekið í auglýsingunni, byggist hún á samkomulagi ríkisstjórnarinnar við L. Í. Ú., og er þar gerð grein

fyrir innflutningsréttindunum og jafnframt taldar upp þær vörur, sem handhafar B-skírteinanna mega flytja inn hindrunarlaust. Eins og áður er fram tekið, var hér aðeins að ræða um innflutningsréttindi af framleiðslu ársins 1951, en við hver áramót síðan hefur ríkisstjórnin og L. Í. Ú. framlengt samkomulagið með nokkrum breytingum til næsta árs og fjárhagsráð jafnframt gefið út tilsvarandi auglýsingu, þannig að fyrirkomulagið hefur í aðalatriðum haldizt óbreytt til þessa tíma. Fyrsta árið skyldi fiskútflytjandi, eins og áður er getið, veita A-skírteinunum móttöku, en þessu var breytt á árinu 1952. Frá byrjun þess árs skyldi L. Í. Ú. veita A-skírteinunum móttöku, að undanskildum skírteinum vegna útflutnings á vegum S. Í. S., en þeim skírteinum skyldi S. Í. S. veita móttöku. Hefur svo haldizt síðan. Hefur L. Í. Ú. gefið út B-skírteinin og ráðstafað þeim eða selt með álagi til innflytjenda og staðið fiskframleiðendum skil á andvirði þeirra. B-skírteinin sjálf hafa ekki verið afhent bátaútvegsmönnum, nema því aðeins að þeir greiddu þau með sama verði og aðrir.

Á vetrarvertíðinni 1951 var afli m.b. Erlings II lagður upp hjá Vinnslu- og sölumiðstöð fiskframleiðenda í Vestmannaeyjum. Tók Vinnslustöðin að sér að greiða aflann á hinu auglýsta verði og fékk jafnframt innflutningsréttindi bátsins framseld. Í vertíðarlok var hlutur stefnanda síðan gerður upp og greiddur með hinu ákveðna verði.

Á árinu 1952 ákvað Vinnslustöðin að færa félagsmönnum sínum til tekna 5% af viðskiptum þeirra á árinu 1951, að undanskildum niðurmetnum fiski. Samkvæmt greinargerð stjórnar Vinnslustöðvarinnar var þetta greiðsla fyrir andvirði innflutningsréttindanna í viðbót við kr. 0.21 pr. kg, er þegar hafði verið greitt. Stefndur var félagsmaður Vinnslustöðvarinnar, og kom í hans hlut kr. 24786.00. Taldi stefnandi sig eiga tilkall til vélstjórahlutar úr þessari fjárhæð, sem næmi hinni umstefndu upphæð. Byggir hann kröfu sína á 2. gr., fyrri málsgrein, áðurgreinds kjarasamnings frá 29. jan. 1951, er hljóðar svo:

„Sé um sölu á nýjum fiski að ræða til ísunar eða frystingar, ber vélamanni sama verð og útgerðarmanni fyrir hinn selda fisk, lifur og hrogn. Sama verð gildir, ef fiskur er seldur til sérverkunar."

Telur stefnandi, að ekki geti orkað tvímælis, að viðbótargreiðsla Vinnslustöðvarinnar til stefnds sé einn hluti af því, sem stefndum „bar" fyrir hinn selda fisk, og skipti ekki máli, hvort litið sé á greiðsluna sem venjulegar uppbætur eða sem andvirði innflutningsréttinda. Í báðum tilfellum eigi hann samningsbundinn rétt til nefndrar fjárhæðar.

Stefndur telur hins vegar, að í umræddu samningsákvæði felist ekki annað en að vélstjórar eigi rétt til raunverulegs fiskverðs, eins og það er á hverjum tíma. Til fiskverðsins teljist ekki innflutningsréttindin, sem séu allt annars eðlis og tilheyri bátaútvegsmönnum einum, og sé það algerlega á þeirra valdi að ákveða, hve miklum hluta af andvirði þeirra skuli varið til hækkunar fiskverðsins og hverjum hluta skuli varið til niðurgreiðslu á útgerðarkostnaði. Réttindi þessi séu veitt bátaútvegsmönnum til styrktar og séu sambærileg við eftirgjöf ríkisins á aðstoðarlánum 1946—1949 og beinum fjárstuðningi ríkisins til niðurgreiðslu á útgerðarkostnaði 1949 og 1950. Eigi því stefnandi aðeins rétt til hins raunverulega fiskverðs, að viðbættri þeirri upphæð, sem L. Í. Ú. hefur ákveðið, að greitt skyldi vegna innflutningsréttindanna. Til rökstuðnings fyrir þessum skilningi hefur stefndur vitnað til bréfs ríkisstjórnarinnar frá 24. janúar 1951, samkomulagsins milli ríkisstjórnarinnar og L. Í. Ú. og auglýsingar fjárhagsráðs. Telur hann, að allar þessar heimildir sýni það ljóslega, að innflutningsréttindin séu veitt í þágu útgerðarmanna einna. Í því sambandi hefur hann bent á, að auglýsingar fjárhagsráðs beri jafnan yfirskriftina: Auglýsing um innflutningsréttindi bátaútvegsmanna, og í samkomulaginu segi svo í 1. lið: „Eigendur bátanna fái umráðarétt yfir helmingi andvirðis útfluttra afurða bátanna" o. s. frv. Ýmis önnur ummæli

hefur hann einnig bent á í þessu sambandi. Þá kveður stefndur, að ljóst sé af tilkynningu L. Í. Ú. um fiskverðið, að þegar í upphafi hafi bátaútvegsmenn litið svo á, að réttindin tilheyrðu þeim einum, því að öðrum kosti mundi ekki hafa verið ákveðin hækkun fiskverðsins, eins og gert var, meðan alger óvissa var um, hvers virði innflutningsréttindin kynnu að reynast. Ef útvegsmenn hefðu hins vegar litið svo á, að sjómenn ættu innflutningsréttindin til jafns við þá, mundu þeir ekki hafa hlutazt til um hækkun fiskverðsins á þessum tíma, því að sjálfsögðu mundu sjómenn hafa orðið að hlíta því að fá sinn hluta innflutningsréttindanna þá fyrst greiddan, er andvirði þeirra væri komið í hendur útvegsmanna. Sjómönnum hafi einnig verið vel kunnugt um þennan skilning útvegsmanna, að hið auglýsta fiskverð væri endanlegt verð í skiptum þeirra við útgerðina, og engum andmælum hreyft og ráðið sig á bátana fyrirvaralaust að því er þetta atriði snerti.

2. grein kjarasamningsins frá 29. janúar 1951, sem hér að framan er tilfærð, var ekki deiluefni milli aðila, áður en kjarasamningurinn var gerður. Ákvæði þetta var tekið óbreytt upp úr eldra samningi. Kom það fyrst inn í stéttarsamning vélstjóra og sjómanna við útvegsmenn hinn 5. febrúar 1947, og að því er segir í vitnaframburðum samningamanna vélstjórafélagsins, var það ekki sízt fyrir tilstilli útvegsmanna. Í fyrri kjarasamningum var ákveðið, að útgerðarmaður skyldi kaupa eða tryggja aflahlut skipverja með ákveðnu verði, og hafði ágreiningur um fiskverðið oft orðið tilefni að kjaradeilum. Önnur regla var þó um lifrar- og hrognahlut skipverja, skyldi hann vera eign skipverja, en útgerðarmanni þó skylt að annast sölu hans og verkun, ef skipverji krefðist þess. Ákvæði 2. greinar virðist því ekki hafa verið nýmæli að því er lifrar- og hrognahlut snerti, heldur aðeins um annan aflahlut. Framkvæmdin hefur verið þannig, eftir að grein þessi tók gildi, að útgerðarmaður hefur algerlega annazt um sölu og ráðstöfun á aflahlut sjómanna ásamt sínum eigin aflahlut. Nýr fiskur til ísunar og frystingar var seldur strax á ákveðnu verði, sem ríkissjóður ábyrgðist, og var verðið hærra en það, sem fékkst fyrir fiskinn á erlendum markaði. Kom því aldrei til, að útvegsmenn þyrftu að greiða meira en hið ákveðna fiskverð á hverjum tíma. Verð á lifur og hrognum var háð verðsveiflum, og sala dróst oft á langinn, og var þá sá háttur tekinn upp að greiða ákveðið lágmarksverð út á þessar fiskafurðir, en er varan seldist, voru uppbætur greiddar. Fengu sjómenn hlut sinn fyrst greiddan með lágmarksverðinu og síðan af uppbótum, og leið oft langur tími á milli.

Lagt hefur verið fram í málinu endurrit af bréfi ríkisstjórnarinnar til L. Í. Ú. hinn 24. janúar 1951 og einnig endurrit af samkomulaginu frá 24. febrúar 1951 milli sömu aðila. Enn fremur liggur fyrir endurrit af framhaldssamkomulagi um sama efni hinn 31. desember 1951 og 4. febrúar 1953, svo og auglýsingar fjárhagsráðs frá 7. marz 1951, 17. apríl 1951, 5. janúar 1952 og 10. febrúar 1953. Í samkomulagi ríkisstjórnarinnar við L. Í. Ú. frá 24. febrúar 1951 er ekki að finna nein ummæli, er varpa ljósi á það ágreiningsefni, sem hér liggur fyrir. Sama er að segja um síðari samkomulög og allar auglýsingar fjárhagsráðs. Þó er það svo, að allar auglýsingar fjárhagsráðs bera yfirskriftina: „Auglýsing um innflutningsréttindi bátaútvegsmanna“, eins og þegar hefur verið tekið fram. En af þessum orðum einum er hæpið að draga ályktanir varðandi ágreiningsatriði þessa máls. M. a. er yfirskriftin eðlileg af þeirri ástæðu einni, að auglýsingarnar byggjast á samkomulagi hins opinbera við útvegsmenn. Í bréfi ríkisstjórnarinnar frá 24. janúar 1951 er hins vegar að finna ýmis ummæli, sem hér kunna að skipta máli, og verða þau rakin hér á eftir. Í upphafi bréfsins segir svo orðrétt:

„Í því skyni og að því tilskildu, að takast megi að skapa það verðlag á afurðum bátaflotans, að eigendur hans sjái sér fært að hefja útgerðina tafarlaust, hefur ríkisstjórnin ákveðið að gera eftirfarandi ráðstafanir.“

Síðar segir svo:

„Eigendur bátanna fái umráðarétt yfir helmingi andvirðis útfluttra afurða bátanna, ...“

Og enn fremur:
„til þess er ætlazt, að öllum gjaldeyri bátaútvegsins sé skilað til bankanna, en útvegsmenn fái aftur greiðsluleyfi fyrir sínum hluta.“

Síðar er talað um „gjaldeyri, sem útvegsmenn fái til umráða“, og að lokum er tekið fram, að ríkisstjórnin muni hlutast til um, „að létt verði undir með bátaútveginum eftir öðrum leiðum“, ef forsendur framangreindra úrræða kynnu að bregðast.

Ummælin í upphafi bréfsins sýna ljóslega, að tilgangur ríkisstjórnarinnar með hinum fyrirhuguðu ráðstöfunum er að skapa hærra verðlag á bátaafurðum. Hækkun á verðlagi bátaafurðanna leiðir að sjálfsögðu til betri afkomu útgerðarmanna, en um leið einnig til betri kjara sjómanna, sem við útveginn vinna og eru ráðnir upp á hlut, eins og tíðast er. Tilgangur hins opinbera virðist því hvort tveggja að tryggja hag útgerðarinnar og einnig hag þeirra manna, sem við útveginn vinna. Önnur ummæli bréfsins virðist bera að skilja með hliðsjón af þessu. Af orðum bréfsins: „eigendur fái umráðarétt yfir helming gjaldeyris“ o. s. frv., sem stefndur vitnar sérstaklega til, má leiða, að útgerðarmenn skuli eða hafi rétt til að annast sölu og ráðstöfun gjaldeyrisins án íhlutunar sjómanna, en heldur ekki meira. Í því sambandi er rétt að hafa í huga, að samkvæmt þeim kjarasamningi, sem gilti um ráðningu stefnanda, virðist útgerðarmaður hafa fullan umráðarétt yfir hlut skipverja. — Um sama leyti og ráðstafanir þessar, bátagjaldeyrisfyrirkomulagið, komust á, féllu niður opinberir styrkir til útvegsmanna. Hvergi er þó að því vikið, í bréfi ríkisstjórnarinnar né í samkomulaginu frá 24. febr. 1951, að vissum hluta af andvirði gjaldeyrisréttindanna skuli varið til niðurgreiðslu á útgerðarkostnaði, og samkvæmt því, sem þegar er tekið fram, verður innflutningsréttindunum ekki jafnað til opinberra styrkja. Með tilvísun til ofanritaðs lítur rétturinn svo á, að sá skilningur útvegsmanna, að þeir eigi einir andvirði innflutningsréttindanna, eigi sér ekki stoð í hinum opinberu heimildum.

Eins og fyrr segir, kemur fram í tilkynningu L. Í. Ú., frá 29. janúar 1951, að L. Í. Ú. ætlast til, að útvegsmenn kaupi aflahlut sjómanna við því verði, sem þar er tilgreint. Stefndur telur, að slík kaup hafi farið fram, eða að minnsta kosti hafi stefnandi, eins og sjómenn almennt, samþykkt hið auglýsta fiskverð sem endanlegt verð í skiptum sínum við útgerðina með því að ráða sig á bátinn athugasemdalaust. Þessu hvoru tveggja er ákveðið andmælt af stefnanda. Kaup útgerðarmanns á aflahlut sjómanns er í algerri andstöðu við ákvæði 2. gr. kjarasamningsins og var því óheimilt nema með samþykki viðkomandi stéttarfélags, en ljóst virðist, að samþykki þess kom ekki til. Ekki liggur heldur fyrir, að viðkomandi stéttarfélag né stefnandi hafi samþykkt hið auglýsta fiskverð sem endanlegt verð, en afskiptaleysi verður eigi talið nægjanlegt, þar sem fordæmi var fyrir hendi um fyrirframgreiðslur upp í óseldan aflahlut, sbr. það, sem áður segir um lifrar- og hrognahlut. Verður því ekki heldur unnt að fallast á, að stefnandi hafi með fyrirvaralausri ráðningu á bátinn firrt sig rétti til frekari greiðslna fyrir aflahlut sinn.

Greiðsla Vinnslustöðvarinnar til stefnds, kr. 24786.00, sem stefnandi krefst hluta af í máli þessu, byggist á prósenttölu af viðskiptum, og að því er virðist af andvirði alls afla m.b. Erlings II og þar á meðal af hlut sjómanna. Stefnandi hefur vefengt, að greiðslu þessa beri að telja til andvirðis innflutningsréttinda, og hallast frekar að því, að hér sé aðeins um venjulegar uppbætur að ræða. Vinnslustöðin telur hins vegar greiðslu þessa vera hluta af andvirði innflutningsréttindanna, og virðist ekki sérstök ástæða til að draga það í efa, þótt upphæðin sé fengin út á þann hátt, sem fyrr segir. Verulegu máli skiptir það ekki, hvernig á þetta er litið, úrslit málsins yrðu hin sömu, þótt litið yrði á þessa greiðslu sem venjulegar uppbætur.

Niðurstaða málsins verður því sú, að ekki verður hjá því komizt að líta svo á, að stefnandi eigi rétt til hluta úr áðurgreindri greiðslu Vinnslustöðvarinnar til stefnds, samkvæmt ákvæði 2. greinar fyrrgreinds kjarasamnings.

Stefnandi hefur upplýst, að upphæð stefnukröfunnar væri ekki alls kostar rétt,

þar eð ekki væri tekið tillit til þess tíma, er báturinn var á togveiðum, en sá tími hafi verið skammur. Væri því upphæðin lítið eitt lægri en vera ætti, en hins vegar gerði hann ekki kröfu til þess, er á kynni að vanta. Stefndur hefur engar athugasemdir gert við kröfuupphæðina, og verður hún því tekin til greina og stefndur dæmdur til að greiða hana ásamt 6% ársvöxtum frá 1. febrúar 1953 til greiðsludags, eins og krafizt hefur verið.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndur greiði stefnandanum kr. 400.00 í málskostnað.

Dómsorð:

Stefndu, Sighvatur Bjarnason, Guðmunda Torfadóttir og Torfi L. Torfason f. h. Erlings h.f., greiði stefnandanum, Guðjóni Kr. Kristinssyni, kr. 1377.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. febrúar 1953 til greiðsludags og kr. 400.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fr. Þorsteinsson,
ftr.
Lúðv. N. Lúðvíksson. Þorst. Jónsson.

Dómurinn var lesinn upp í réttinum og voru hvorki aðilar málsins né umboðsmenn þeirra viðstaddir.

Rétti slitið.

Fr. Þorsteinsson.
Lúðv. N. Lúðvíksson. Þorst. Jónsson.

Nd. 394. Frumvarp til laga [153. mál]

um breyting á lögum nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Flm.: Björn Ólafsson og Pétur Ottesen.

1. gr.

Við 23. gr. A. í lögunum bætist (aftan við upptalningu um vörur undanþegnar söluskatti): Mótorvélar fyrir fiskiskip og einstakir hlutar til þeirra, dráttarvélar (taktorar).

2. gr.

Undanþágan gildir fyrir mótorvélar og dráttarvélar, sem tollafgreiddar eru eftir að lög þessi ganga í gildi, án tillits til þess, hvenær vélarnar komu til landsins.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt 23. gr. laga um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna eru sérstakar undanþágur gerðar fyrir sjávarútveg og landbúnað, til þess að söluskatturinn leggist ekki með of miklum þunga á þessa atvinnuvegi. Þó hafa mótorvélar og dráttarvélar ekki verið undanþegnar skattinum í samræmi við anda 23. gr. Mótorvélar fyrir fiskiskip þarf að endurnýja með nokkurra ára millibili, og kosta þær ærið fé. Söluskattur á slíkar vélar getur numið tugum þúsunda, og veitist mörgum erfitt að greiða skattinn til viðbótar hinu háa verði vélanna. Virðist og sjálfsagt, að dráttarvélar séu undanþegnar skattinum til þess að létta bændum öflun slíkra véla, og það því fremur sem tollur af þeim er hærri en af öðrum landbúnaðarvélum.

Er það í fullu samræmi við anda laganna, að framangreind tæki séu undanþegin söluskattinum.

Sþ. 395. Tillaga til þingsályktunar [154. mál]

um stækkun friðunarsvæðis fyrir Vestfjörðum.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Eiríkur Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að breyta 1. gr. reglugerðar nr. 21 19. marz 1952, um verndun fiskimiða umhverfis Ísland, sem hér segir:

Friðunarlínan fyrir Vestfjörðum á svæðinu milli Bjargtanga og Kögurs skal dregin þannig, að hún liggi 16 sjómílum utar en grunnlínupunktar þeir, sem hún er miðuð við, nr. 43—47 í reglugerðinni, þó þannig, að aðliggjandi takmarkalínur núverandi friðunarsvæðis að norðan og sunnan framlengjast í beina stefnu, þangað til þær ná þessari nýju línu.

Greinargerð.

Tillaga þessi er fram borin af brýnni nauðsyn og eftir sameiginlegum óskum vestfirzkra sjómanna og útgerðarmanna. Reynslan hefur nefnilega sýnt, að við ákvörðun nýju friðunarlínunnar hefur ágengni togbáta og togara stóraukizt fyrir Vestfjörðum. Er það bein afleiðing þess, að sunnan- og vestanlands lokuðust með hinum nýju friðunarsvæðum víðáttumikil togveiðisvæði, sem botnvörpuskip, erlend og innlend, áttu áður aðgang að. Nú stefna þau til Vestfjarðamiða með margföldum þunga.


Svo hagar til, eins og kunnugt er, að úti fyrir Vestfjörðum eru einhver fiskisælustu togaramið í heimi, „Halamið“. Á þau leitar nú miklu meiri fjöldi skipa en nokkru sinni fyrr, og stunda þau, einkum útlendu skipin, oft veiðiskap allt utan af Hala og upp að nýju friðunarlínunni, sem nálega alls staðar fyrir Vestfjörðum færðist aðeins út um eina sjómílu. Hefur reynslan sýnt, að fiskgöngur upp á grunnmiðin virðast bókstaflega stöðvast við þessa margföldu girðingu botnvörpuskipanna fyrir utan. Segja togaraskipstjórar t. d., að í haust hafi verið slík fiskgengd úti fyrir Djúpál, að þeir muni tæpast annað eins. En staðreynd er það, að þær fiskgöngur hafa ekki komið inn á bátamiðin, og hafa vélbátar búið við sama tregfiskið og verið hefur, síðan línunni var breytt.

Er nú svo komið, að útgerðarmenn og sjómenn á Vestfjörðum eru að gefast upp á vélbátaútgerð, sem þó hefur lengstum verið aðallífsbjargarvegur fólksins í þessum landshluta.

Um þessar mundir er algengt að heyra vonleysið brjótast fram hjá vestfirzkum útgerðarmönnum og sjómönnum í þessum og þvílíkum setningum: „Vélbátaútgerðin á Vestfjörðum virðist vera dauðadæmd, ef ekkert verður að gert. Ef til vill verður þetta seinasta vertíðin, sem við reynum að gera út, nema friðunarsvæðið fáist verulega stækkað.“ Uppgjöfin hefur mjög almennt gripið um sig, og er hér því mjög alvarlegt mál á ferðinni.

Þessi mál hafa mikið verið rædd af útgerðarmönnum og sjómönnum á Vestfjörðum. Einnig tók seinasti þing- og héraðsmálafundur Vestur-Ísafjarðarsýslu málið til umræðu og gerði um það ályktun. Var þar látin í ljós ánægja yfir rýmkun friðunarsvæðisins, þegar á heildina væri litið, en jafnframt skorað á Alþingi og ríkisstjórn að halda fast á rétti þjóðarinnar til landgrunnsins til fiskveiða og verndar fiskstofninum. „Einnig telur fundurinn brýna nauðsyn á, að landhelgisgæzlan verði aukin, og þá sérstaklega við Vestfirði, þar sem vitað er, að eftir að hin nýja friðunarlína var sett, hefur ágengni botnvörpuskipa stóraukizt þar.“

Það er mikilsvert, að þingmenn geri sér ljóst, að með ákvörðun hinnar nýju friðunarlínu urðu línuveiðaslóðir vélbátanna víðast hvar fyrir innan friðunarlínuna. En á Vestfjörðum er því ekki þannig farið. Þar eru flest hin gömlu hefðbundnu mið vélbátaflotans 10—20 sjómílur undan yztu andnesjum.



Aðalveiðislóðir vélbátanna fyrir Vestfjörðum liggja þannig svo að segja allar fyrir utan núverandi friðunarlínu og ná að vísu einnig verulega út fyrir þá línu, sem hér er farið fram á að ákveða. Hins vegar liggja Halamið — gullkista togveiðiskipanna — 50 sjómílur frá yztu andnesjum, svo að nærri þeim er alls ekki höggvið með þeirri auknu friðun, sem hér er farið fram á fyrir vélbátaflotann.

Samkvæmt lögum nr. 44 frá 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, skal sjávarútvegsmálaráðuneytið ákvarða með reglugerð „takmörk verndarsvæða við strendur landsins innan endimarka landgrunnsins, þar sem allar

veiðar skuli háðar íslenzkum reglum og eftirliti, enda verði friðun á landgrunninu á engan hátt rýrð frá því, sem verið hefur".

Enn fremur segir í 1. gr. laganna:

„Ráðuneytið skal einnig ákvarða allar þær reglur, sem nauðsynlegar eru til verndar fiskimiðunum á ofangreindum svæðum."

Í þessari tillögu er farið fram á það, samkvæmt þessum skýru lagaheimildum, að takmörk friðunarsvæðisins fyrir Vestfjörðum verði ákveðin af sjávarútvegsmálaráðuneytinu 16 sjómílur utan við grunnlínupunktana 43—47 — þ. e. Bjargtanga, Kópanes, Barða, Straumnes og Kögur — í reglugerðinni um verndun fiskimiða umhverfis Ísland.

Hér er líka um það að ræða, að friðun landgrunnsins á Vestfjarðasvæðinu hefur orðið fyrir skerðingu vegna aukins ágangs innlendra og erlendra togveiðiskipa. Um nauðsynina á því að tryggja fiskimiðum vélbátaflotans á Vestfjörðum aukna friðun eða vernd, er ekki hægt að deila. Reynslan hefur þegar sýnt, að hér liggur við, að aðallífsbjargarvegur fólksins í heilum landshluta sé að leggjast í örtröð, ef ekkert verður að gert.

Þá stendur hér og alveg sérstaklega á: Hvergi hagar þannig til annars staðar við strendur landsins, að línuveiðasvæðin liggi öll utan friðunarlínu og auðug togaramið, eins og „Halinn", liggi þar fyrir utan og valdi því, að enginn friður er fyrir vélbátana að athafna sig á hinum hefðbundnu vélbátamiðum. Það má því segja, að hér sé um að ræða lífsnauðsynjamál, sem ekki getur skapað neitt almennt fordæmi annars staðar.

Þykir okkur flutningsmönnum mikið við liggja, að þingmenn kynni sér þetta mál gaumgæfilega, og þarf þá varla að efa, að þeir stuðla að því, að ríkisstjórninni verði falið að framkvæma þá breytingu á reglugerðinni frá 19. marz 1952 um verndun fiskimiða umhverfis Ísland, sem hér er farið fram á.

Til þess að gera mönnum auðveldara fyrir að átta sig á, hvaða breytingu er um að ræða á friðunarsvæðinu fyrir Vestfjörðum, ef tillagan er samþykkt, látum við fylgja kort af hinni hugsuðu friðunarlínu fyrir Vestfjörðum.

Nd. 396. Frumvarp til laga [155. mál]

um breyting á lögum nr. 41 28. nóv. 1919, um landamerki o. fl.

Flm.: Björn Björnsson, Einar Ingimundarson.

1. gr.

14. gr. laganna orðist svo:

Merkjamál sæta að öðru leyti en því, sem í lögum þessum greinir, hinni venjulegu meðferð einkamála í héraði.

2. gr.

15. gr. laganna orðist svo:

Um áfrýjun merkjamála til hæstaréttar og meðferð þeirra þar fer eftir almennum reglum.

3. gr.

Síðari málsl. 18. gr. laganna falli niður.

4. gr.

Með lögum þesum eru úr gildi numin lög nr. 40 31. maí 1927.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Merkjamál, sem þingfest hafa verið fyrir gildistökudag laganna, fara eftir eldri reglum.

Greinargerð.

Mál, sem rísa út af ágreiningi um merki landa eða ítaka, hafa um langan aldur verið og eru enn ærið tíð fyrir dómstólum hér á landi. Liggja að því ýmsar orsakir og eðlilegar, sem eigi er ástæða að rekja hér nánar. Mál þessi sæta sérstakri meðferð samkvæmt lögum nr. 41/1919, sbr. l. nr. 40/1927. Hin afbrigðilega tilhögun er byggð á séreðli þessa málaflokks. Úrslit í landamerkjamálum eru að jafnaði svo tengd staðháttum, örnefnum og fleiru slíku, að brýna nauðsyn hefur þótt til bera, að merkjadómur (þriggja manna dómur) gengi á vettvang sér til glöggvunar um staðfræðilegt efni máls. Samkvæmt fyrrnefndum lögum er merkjadómi skylt að ganga á merki, eins og það er kallað, og athuga um landsháttu, landsnytjar o. fl. þess háttar, sem mál varðar, eftir því sem kostur er. Þessi fyrirskipun um merkjagöngu ásamt þeirri ætlun löggjafans, að hæstarétti væri ókleift að koma á vettvang og þannig staðreyna um veigamestu þætti máls, hefur síðan haft í för með sér ákvæði í 15. gr. l. nr. 41/1919 áður og nú 1. gr. l. nr. 40/1927, að hæstiréttur gerir annað tveggja, ef landamerkjamáli er til hans skotið, að staðfesta ákvæði merkjadóms um landamerki eða ómerkir þau og vísar máli heim í hérað og leggur fyrir merkjadóm að taka málið fyrir af nýju til meðferðar og dómsálagningar, nema því sé vísað frá merkjadómi með öllu. Með öðrum orðum: hæstiréttur getur ekki breytt landamerkjadómi að efni að þessu leyti. Er því hér ólíkt farið sem annars er venjan, og þykir flutningsmönnum, að út af henni sé brugðið að þarflausu eins og nú háttar.

Í frv. er lagt til, að þessi sérstaka meðferð landamerkjamála fyrir hæstarétti verði felld niður og þau mál fari þar sem almenn einkamál, þannig að hæstiréttur hafi færi þess að breyta landamerkjadómi svo sem bezt þykir og réttlátlegast, eins og nú er um aðra dóma, sem til hæstaréttar ganga.

Vettvangsganga er hæstarétti auðveld, eins og komið er samgöngumálum, ef honum sýnist hennar þörf, og engu miður en merkjadómi, enda hefur hæstiréttur oftsinnis gengið á vettvang í seinni tíð. Höfuðástæðan fyrir gildandi sérreglu landamerkjalaganna er því eigi lengur til staðar. Landamerkjamál eru að jafnaði býsna þung í vöfum og tímafrek, og fylgir þeim því ærinn kostnaður, sem heimsending máls eykur að sjálfsögðu á. Fá mál eru sótt eða varin af meira kappi og tilfinningarhita en einmitt landamerkjamál. Fyrir sakir þessa m. a. eru fyllstu rök þess, að málum þessum sé eigi vísað heim í hérað af nýju framar en nauðsynlegt er, heldur haldið fram á efsta dómstigi til skjótra úrslita þar eins og tíðkast um önnur mál.

Þá er enn fremur lagt til, að ákvæði 14. gr. og síðari málsliðs 18. gr. l. nr. 41/1919, sem telja má úrelt orðin, verði færð til samræmis við gildandi fyrirmæli laga um meðferð einkamála í héraði.

Sþ. 397. Frumvarp til fjáraukalaga [104. mál]

fyrir árið 1951.

(Eftir 2. umr.)

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum fyrir árið 1951, eru veittar kr. 114 151 007.40 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2. gr.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 3. gr. A. er veitt:

1.	Póstmál	kr.	1 161 944.07
2.	Síminn	—	5 089 067.97
	en tekjur fóru kr. 3 781 493.60 fram úr fjárlagaáætlun.		
3.	Áfengisverzlun ríkisins	—	6 136 154.06
	en nettótekjur urðu kr. 8 130 282.73 umfram fjárlagaáætlun.		
4.	Tóbakseinkasala ríkisins	—	3 690 962.10
	en nettótekjur urðu kr. 9 858 242.35 umfram fjárlagaáætlun.		
5.	Ríkisútvarpið	—	1 212 358.54
	en tekjur fóru kr. 480 881.83 fram úr fjárlagaáætlun.		
	Viðtækjaverzlunin	—	122 140.75
	af kr. 641 382.55 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
6.	Ríkisprentsmiðjan Gutenberg	—	534 409.66
	af kr. 779 980.83 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
7.	Áburðarsala ríkisins	—	73 840.31
	af kr. 128 703.29 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
8.	Grænmetisverzlun ríkisins	—	268 946.52
	af kr. 343 554.57 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
9.	Landssmiðjan	—	586 217.23
	af kr. 784 417.99 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
10.	Tunnuverksmiðjur ríkisins	—	88 614.39
	en tekjur fóru kr. 88 614.39 fram úr fjárlagaáætlun.		
11.	Innkaupastofnun ríkisins	—	43 078.01
	af kr. 191 365.11 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
13.	Vífilsstaðabú	—	547 498.69
	af kr. 551 515.64 brúttótekjum.		
14.	Kleppsbú	—	357 227.29
	af kr. 363 549.80 brúttótekjum.		
15.	Kópavogsbú	—	75 157.12
	af kr. 80 951.61 brúttótekjum.		
16.	Skólabúið á Reykjum í Ölfusi	—	280 077.51
	af kr. 309 976.40 brúttótekjum.		
17.	Skólabúið á Hólum	—	329 679.46
	af kr. 351 931.57 brúttótekjum.		
18.	Skólabúið á Hvanneyri	—	698 237.12
	af kr. 702 053.18 brúttótekjum.		
		Kr.	21 295 610.80

Til viðbótar við gjöldin í 8. gr. eru veittar		kr.	194 688.37
— — — — - 10. — — —		—	2 366 428.70
— — — — - 11. — A. — —		—	3 722 428.61
— — — — - 11. — B. — —		—	654 066.48
— — — — - 11. — C. — —		—	1 718 427.70
— — — — - 11. — D. — —		—	170 747.78
— — — — - 12. — — —		—	2 436 582.40
— — — — - 13. — A. — —		—	7 478 265.47
— — — — - 13. — B. — —		—	2 962 966.86
— — — — - 13. — C. — —		—	2 180 571.24
— — — — - 14. — A. — —		—	243 968.45
— — — — - 14. — B. — —		—	6 288 434.59
— — — — - 15. — A. — —		—	769 973.36
— — — — - 15. — B. — —		—	471 187.80

Til viðbótar við gjöldin í 16. gr. A. eru veittar	kr.	6 940 432.84
— — — — - 16. — B. — —	—	938 122.51
— — — — - 16. — D. — —	—	1 200 575.55
— — — — - 17. — — —	—	6 246 556.47
— — — — - 18. — — —	—	1 859 138.79
— — — — - 19. — 3. — —	—	538.64
— — — — - 19. — 4. — —	—	4 147 963.16
	Kr.	74 287 667.57
Frá dragast launahækkanir, sbr. 19. gr. 2. fjárlaga 1951	—	5 000 000.00
	Kr.	69 287 667.57
Til eignaaukningar samkvæmt 20. gr. Út eru veittar	—	44 863 339.83
Inn fóru kr. 23 735 957.40 fram úr fjárlagaáætlun.		
Samtals kr.		114 151 007.40

Sþ. 398. Þingsályktun [75. mál]

um rannsókn á brúarstæði á Hornafjarðarfljótum.

(Afgreidd frá Sþ. 24. febr.)

Samhljóða þskj. 100.

Sþ. 399. Þingsályktun [80. mál]

um varnir gegn landspjöllum af völdum Dyrhólaóss í Mýrdal.

(Afgreidd frá Sþ. 24. febr.)

Samhljóða þskj. 109.

Sþ. 400. Þingsályktun [108. mál]

um athugun á hentugu vegarstæði milli Siglufjarðar og Skagafjarðar.

(Afgreidd frá Sþ. 24. febr.)

Samhljóða þskj. 190.

Sþ. 401. Tillaga til þingsályktunar [156. mál]

um aukna kennslu í jarðvinnslu og meðferð búvéla í búnaðarskólum.

Flm.: Bergur Sigurbjörnsson, Gils Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að fullkomin kennsla fari fram í bændaskólunum í jarðvinnslu og meðferð og viðgerðum landbúnaðarvéla.

Auk hinnar föstu kennslu við skólana í þessum greinum fari þar einnig fram kennsla í þeim greinum fyrir þá starfsmenn ræktunarsambandanna, sem fara með ýtur og aðrar stærri vélar og verkfæri á vegum sambandanna.

Greinargerð.

Það er alkunna, að mjög skortir á um kunnáttu manna til jarðvinnslustarfa svo og þekkingu á hagnýtingu stórvirkra véla við þau störf. Af slíkri vankunnáttu hljótast oft mörg og alvarleg mistök, sem birtast í ýmsum myndum, og má þar m. a. annars til nefna, að jarðvinnslan verður dýrari af þessum sökum en þyrfti að vera, notagildi jarðvinnslunnar verður ekki fullkomið og ending véla og verkfæra verður léleg.

Reynslan hefur sýnt, svo að ótvírætt er, að mjög víða vinna óvanir menn með takmarkaða þekkingu á jarðvinnslustörfum hjá ræktunarsamböndunum, efalaust vegna þess, að ekki er völ nægilega margra hæfra manna, sem kunna með vélarnar að fara og að haga störfum á þann veg, að þau nýtist sem bezt.

Er illt til þess að vita, að miklu fé er árlega varið til vélakaupa og ræktunar, en hins ekki gætt, að þeir, sem með vélarnar fara, eigi kost þeirra leiðbeininga, sem nauðsynlegar eru, svo að hinum dýru vélum sé vel borgið í höndum þeirra og starf þeirra komi að tilætluðum notum.

Jarðvinnsla með stórvirkum vélum er það nýr þáttur í búnaðarþróun Íslendinga, að vorkunn er, þó að bændur séu ekki allir fullkomlega dómbærir um það, hvernig unnt sé að skila fullkominni jarðvinnslu og ræktun með sem minnstum kostnaði né heldur, hvað sé fullkomið í því efni. En þeim mun nauðsynlegra er þá, að þeir menn, sem þessi störf vinna fyrir bændur, kunni sem bezt til verka. Er ætlunin með tillögu þessari að reyna að tryggja, að svo verði að svo miklu leyti, sem tök eru á.

Ed. 402. Frumvarp til áfengislaga. [12. mál]

(Eftir 2. umr. í Ed.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er sá að vinna gegn misnotkun áfengis í landinu og útrýma því böli, sem henni er samfara.

2. gr.

Áfengi telst samkvæmt lögum þessum hver sá vökvi, sem meira er í en 3½% af vínanda að þunga. Duft, kökur og annað, er þau efni eru í, sem sundur má leysa í vökva og hafa nefndan áfengisstyrkleika, skal fara með sem áfengan drykk.

Sterkir drykkir teljast samkvæmt lögum þessum þau vín, sem meira er í en 21% af vínanda að rúmmáli. Létt vín teljast þau vín, sem minna er í en 21% af vínanda að rúmmáli.

II. KAFLI
Innflutningur áfengis.

3. gr.

Ríkisstjórninni einni er heimilt að flytja hingað til lands áfenga drykki eða áfengisvökva, hverju nafni sem nefnast. Áfengisverzlun ríkisins annast innflutninginn. Þó skal óheimilt að flytja til landsins öl.

4. gr.

Nú kemur skip frá útlöndum, og er skipstjóra þá skylt að tilkynna löggæzlumanni þegar í stað, eða um leið og hann sýnir skipsskjölin, hvort nokkurt áfengi sé í skipinu og hve mikið.

Löggæzlumaður skal jafnan rannsaka á fyrstu höfn, er skip kemur frá útlöndum, hvort áfengi er í skipi, hvort heldur skipið er íslenzkt eða erlent. Hefur hann vald til að opna hirzlur skipverja og farþega og rannsaka aðra staði í skipinu til þess að ganga úr skugga um, hvort áfengi sé þar.

Nú hefur skipið áfengi frá útlöndum, sem ekki er flutt inn samkvæmt heimild í 3. gr., og skal þá löggæzlumaður á hinni fyrstu höfn, er skipið kemur til, setja embættisinnsigli sitt fyrir hið aðflutta áfengi, og ábyrgist skipstjóri, að engu áfengi sé skotið undan innsiglum og að innsigli séu ekki brotin eða af áfenginu tekið, fyrr en skipið er alfarið frá landinu, enda gangi löggæzlumaður úr skugga um það, áður en skip lætur úr síðustu höfn, að innsiglin séu heil og ekkert hafi verið tekið af áfenginu. Þó má skipið hafa hæfilegan skipsforða af áfengi, óinnsiglaðan, til neyzlu handa skipverjum, en aldrei má gefa öðrum né selja af þeim forða.

Skrá yfir innsiglað áfengi og óinnsiglaðan skipsforða áfengis skal fylgja skipinu og samrit af skránni liggja hjá þeim, er innsiglaði.

Dómsmálaráðherra ákveður með reglugerð, hvað teljast skuli hæfilegur skipsforði af vínum, svo og um varnir gegn misnotkun hans.

Skipstjóri ber ábyrgð á brotum skipverja gegn þessari grein, en farþegar á farangri sínum.

Fyrirmæli þessarar greinar taka til flugvéla, eftir því sem við á, en ná ekki til herskipa eða skemmtiferðaskipa.

5. gr.

Strandi skip hér við land og hafi meðferðis áfengi, eða berist þvílíkt vogrek á land, skal hreppstjóri í forföllum lögreglustjóra þá þegar taka áfengisílátin til varðveizlu og innsigla þau. Hann segir lögreglustjóra tafarlaust til áfengisins, og kemur lögreglustjóri því til geymslu á óhultum stað.

Sé eigandi kunnur, skal tilkynna honum með fyrstu ferð um björgun áfengisins, ella skal auglýsa það eftir reglum um vogrek. Kjósi eigandi innan 12 mánaða frá tilkynningu, að áfengið sé sent úr landi á hans kostnað eða selt Áfengisverzlun ríkisins fyrir það verð, er hún kann að bjóða, skal það gert, ella sé það eign ríkissjóðs. Sama er og ef eigandi gefur sig fram samkvæmt auglýsingu innan 6 mánaða frá birtingu hennar, og skal þá telja 12 mánaða frestinn frá því, að hann segir til sín.

Gefi enginn eigandi sig fram, áður en hinn lögskipaði auglýsingarfrestur er útrunninn, skal áfengið eign ríkissjóðs.

6. gr.

Enginn má taka við neins konar ólöglega aðfluttu áfengi úr skipi eða öðrum farkosti hér við land eða í íslenzkri landhelgi né heldur taka við áfengi á floti, hvort sem hann gerir það endurgjaldslaust eða gegn endurgjaldi.

Landhelgi telst samkvæmt þessum lögum 4 sjómílur á haf út frá stórstraumsfjöruborði, og sé talið frá yztu skerjum og hólmum, er upp úr sjó koma, enda teljast firðir og víkur í landhelgi, allt það, sem landmegin verður innan við beina línu, er dregin sé þar milli nesja, sem næst fjarðarmynni verða 12 sjómílur, og 4 sjómílur til hafs frá þeirri línu.

III. KAFLI
Tilbúningur áfengis.

7. gr.

Bannað er að brugga á Íslandi eða búa til áfenga drykki eða áfengisvökva og gera drykkhæft það áfengi, sem er eða gert hefur verið óhæft til drykkjar.

Heimilt skal ríkisstjórninni, þrátt fyrir ákvæði 1. málsgr., að leyfa tilbúning öls, sem hefur inni að halda meira en 3½% af vínanda að þunga, til að selja hinu erlenda varnarliði hér á landi, enda verði tollar og skattar greiddir af því öli eftir sömu reglum og gilda um annað öl, sem framleitt er í landinu. Nánari ákvæði um sölumeðferð þess öls skulu sett í reglugerð.

8. gr.

Upptæk skal gera og ónýta öll áhöld, sem notuð hafa verið við bruggun eða tilbúning áfengra drykkja eða til þess að gera drykkhæft það áfengi, sem ódrykkhæft var. Áfengi það, sem búið hefur verið til eða aftur gert drykkhæft, skal og upptækt ásamt ílátunum. Andvirðið rennur í Menningarsjóð.

IV. KAFLI
Sala og veitingar áfengis.

9. gr.

Áfengisverzlun ríkisins annast sölu áfengis þess, sem ríkið flytur inn samkvæmt 3. gr. Ríkisstjórnin ákveður álagningu með hliðsjón af áfengisstyrkleika og innkaupsverði. Óheimilt er að gefa veitingamönnum afslátt frá hinu ákveðna útsöluverði til almennings.

10. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja á stofn útsölustaði áfengis, en þó aðeins í kaupstöðum.

Áður en útsala er sett á stofn, skal fara fram atkvæðagreiðsla kosningarbærra manna í því bæjarfélagi, sem í hlut á, og þarf meiri hluta greiddra atkvæða til þess að útsala sé leyfð.

Áfengisútsala skal lögð niður, ef það er samþykkt með meiri hluta greiddra atkvæða í kaupstaðnum.

Atkvæðagreiðslur, sem um getur í 2. og 3. málsgr., skulu fara fram, er ⅓ hluti kjósenda eða meiri hluti bæjarstjórnar í viðkomandi bæjarfélagi krefst þess. — Nú hefur verið fellt með atkvæðagreiðslu að stofna útsölu eða loka útsölu, eða samþykkt að leggja niður útsölu samkvæmt 3. málsgr., og getur atkvæðagreiðsla þá ekki farið fram á ný, fyrr en að tveimur árum liðnum.

11. gr.

Heimild til að selja aftur áfengi, er keypt hefur verið af Áfengisverzlun ríkisins eða útsölum hennar, hafa þeir einir, er hér greinir:

1. Lyfsalar og læknar, sem rétt hafa til lyfjasölu, þó eingöngu þau vín, sem talin eru í lyfjaskrá, og aðeins til lyfja.

   Dómsmálaráðherra setur reglugerð um áfengislyfjasölu lyfsala og lækna, sem rétt hafa til lyfjasölu, og skal meðal annars ákveða, hve mikið áfengi megi á hverju ári eða um ákveðið tímabil láta af hendi til hverrar lyfjabúðar (lyfsala eða læknis). Í reglugerðinni skal greina á milli áfengislyfja, sem hæf eru til nautnar, og áfengislyfja, sem óhæf eru til nautnar. Enginn lyfsali má láta úti áfengislyf, sem hæft er til nautnar, nema eftir löglegum lyfseðli læknis. Enginn læknir má ávísa úr lyfjabúð áfengislyfi, sem hæft er til nautnar, nema

hann hafi fengið til þess sérstakt leyfi ráðherra, er ákveður, að fengnum tillögum landlæknis, hversu mikið áfengi viðkomandi læknir megi ávísa á ári, eða um ákveðið tímabil, og á hvern hátt. Landlæknir lætur lækni, sem sérstakt leyfi hefur fengið til áfengislyfjaávísana, í té hæfilega mörg eyðublöð undir slíkar ávísanir.

2. Veitingastaðir þeir, sem rétt hafa til veitingar áfengra drykkja, þó aðeins til neyzlu á staðnum og með þeim takmörkunum, er veitingaleyfið og reglugerð ákveður.
3. Dómsmálaráðherra setur reglugerð um sölu vínanda til eldsneytis, er gerður hefur verið óhæfur til drykkjar, svo og um vínanda til iðnþarfa, efnarannsókna, náttúrugripasafna og annarra verklegra nota.

12. gr.

Í kaupstöðum, þar sem áfengisútsala er, getur dómsmálaráðherra veitt veitingahúsum, einu eða fleirum, leyfi til vínveitinga, þegar eftirtalin skilyrði eru fyrir hendi:

a. Að veitingahúsið hafi á boðstólum mat og fjölbreytta óáfenga drykki.
b. Að veitingahúsið sé að dómi stjórnar Sambands gistihús- og veitingahúseigenda fyrsta flokks.
c. Að eigi sé greitt þjórfé (þjónustugjald) af sölu áfengra drykkja né veitingahúsið launi starfsfólk sitt með hundraðsgjaldi af sölu þeirra.

Áður en vínveitingaleyfi er veitt, skal leita umsagnar bæjarstjórnar og áfengisvarnanefndar í þeim kaupstað, sem í hlut á.

Utan kaupstaða er dómsmálaráðherra og heimilt, að uppfylltum skilyrðum a.—c.-liða 1. málsgr., að veita veitingahúsum leyfi til vínveitinga, ef telja má, að veitingahúsreksturinn sé aðallega fyrir erlenda ferðamenn.

Vínveitingaleyfi skulu eigi veitt lengur en til fjögurra ára í senn. Veitingaleyfi skal bundið við nafn og veitir leyfishafa aðeins rétt til veitinga í því húsnæði, er hann hefur, þegar honum er veitt leyfið.

Ef áfengisútsala er lögð niður í kaupstað samkvæmt ákvæðum 10. gr., verður vínveitingaleyfi veitingahúss í þeim kaupstað ekki framlengt að gildistíma þess loknum.

Veitingaleyfi má binda þeim skilyrðum, sem dómsmálaráðherra telur nauðsynleg, m. a. er heimilt að binda leyfið eingöngu við veitingar léttra vína, svo og að ákveða, að dans megi ekki fara fram í þeim salarkynnum vínveitingahúsa, þar sem vín er veitt. Ef veitingamaður brýtur gegn settum skilyrðum eða uppfyllir þau ekki lengur, skal hann þegar missa vínveitingaleyfi sitt. Fyrir vínveitingaleyfi skal greiða í hvert sinn kr. 4000.00 í ríkissjóð.

Nánari fyrirmæli um vínveitingar, þar á meðal um veitingatíma, eftirlit á veitingastað og álagningu, skulu sett í reglugerð.

13. gr.

Áfengisverzlun ríkisins, útsölur hennar og veitingastaðir, sem leyfi hafa til veitingar áfengra drykkja, mega aðeins afhenda áfengi gegn staðgreiðslu.

Ákvæði greinar þessarar gilda eigi um sölu vínanda til lyfsala og lækna, sem rétt hafa til lyfjasölu, sbr. 11. gr.

14. gr.

Áfengissölubúðir skulu vera lokaðar á helgidögum þjóðkirkjunnar og frá hádegi á laugardögum og aðfangadögum stórhátíða; einnig þá daga, er almennar kosningar til Alþingis og sveitarstjórna fara fram, svo og 1. maí, 17. júní, 1. desember og sumardaginn fyrsta.

Lögreglustjórum er heimilt að loka áfengisútsölu eða banna vínveitingar á veitingastöðum, sem leyfi hafa til áfengisveitinga, fyrirvaralaust um lengri eða

skemmri tíma, þegar sérstaklega stendur á. Áfengisverzlun ríkisins eða veitingamaður, sem í hlut á, getur skotið ákvörðun lögreglustjóra til dómsmálaráðherra. Ekki frestar málskot framkvæmd lokunarinnar eða bannsins.

15. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglugerð um sölu og veitingar vína samkvæmt þessum kafla.

Heimilt er að ákveða í þeirri reglugerð hámark þess áfengis, sem Áfengisverzlunin og útsölur hennar mega afhenda einstaklingum (mánaðarskammt, ársskammt), svo og setja nánari reglur um meðferð áfengis.

Brot gegn ákvæðum reglugerðarinnar varða refsingu samkvæmt lögum þessum.

V. KAFLI
Meðferð áfengis í landinu.

16. gr.

Áfengi má ekki afhenda né veita neinum, sem er bersýnilega ölvaður, og ekki heldur yngri mönnum en 21 árs. Kaupandi áfengis skal jafnan sanna aldur sinn með vegabréfi eða á annan fullnægjandi hátt. Óheimilt er að selja þeim manni áfengi, er sekur hefur gerzt um óleyfilega sölu eða bruggun áfengis.

Áfengisauglýsingar eru bannaðar.

Skylt er að tilkynna útsölustöðum Áfengisverzlunarinnar jafnóðum, hverjir gerzt hafa brotlegir samkvæmt þessari grein.

Nánari ákvæði skal setja í reglugerð.

17. gr.

Allt það áfengi, sem Áfengisverzlunin lætur af hendi, skal merkt innsigli hennar. Finnist í vörzlum manns áfengi, sem ekki er merkt innsigli Áfengisverzlunar ríkisins eða tollyfirvalda og ætla má að sé ólöglegt, skal honum skylt að færa sönnur á, hvernig hann hafi fengið það. Geri hann það ekki, skal hann sæta sektum samkvæmt 30. gr., ef ætla má, að áfengið sé innflutt, en ella eftir 33. gr.

18. gr.

Með þeirri undantekningu, sem í 10., 11. og 12. gr. segir, skal öllum óheimilt að veita, selja eða láta af hendi áfengi til annarra manna gegn því, að gjald eða annað verðmæti komi fyrir.

19. gr.

Láti nokkur viðgangast ólöglegan tilbúning áfengis, ólöglega sölu eða geymslu þess í húsum sínum eða á landi sínu, skal hann sekur samkvæmt 39. gr. Sama refsing liggur við, ef skip, bátar eða önnur flutningatæki eru með vitund og vilja eigandans notuð til geymslu, flutnings eða sölu ólöglegs áfengis.

Menn með lögregluvaldi, þar á meðal hreppstjórar og lögregluþjónar, hver í sínu umdæmi, eða sérstakir löggæzlumenn, hafa vald til að hefja lögregluranns6kn gegn þeim, sem staðnir eru að brotum á þessum lögum eða grunaðir um brot. Þeir hafa og vald til þess að rannsaka flutningatæki, svo sem skip, báta, bifreiðar, vagna o. s. frv., og stöðva þau, á meðan á rannsókn stendur. Skyldir eru þeir að senda viðkomandi dómara þegar í stað skýrslu um rannsóknina og staðfesta eftirrit af prófum, ef fram hafa farið, en dómarinn tekur málið til frekari meðferðar.

Enn fremur er þeim heimilt að rannsaka, hvort bifreiðar hafi áfengi meðferðis, þó að það sé löglega keypt, enda liggi fyrir rökstuddur grunur um, að áfengið sé ætlað til ólöglegrar sölu.

Nú finnst áfengi í bifreið, þegar svo stendur á sem í næstu málsgrein hér á undan segir, og skal þá refsa eiganda þess, sem hann væri sekur um ólöglega áfengissölu, nema leiddar séu að því sterkar líkur, að áfengið sé ekki ætlað til sölu.

20. gr.

Bannað er að neyta áfengis í veitingastofum, veitingatjöldum eða öðrum þeim stöðum, þar sem veitingar fara fram, sbr. þó 12. gr. og 2. málsgr. þessarar greinar. Sama gildir og um félagsherbergi.

Lögreglustjóri má þó veita félögum manna leyfi til áfengisveitinga í félagsherbergjum eða almennum veitingastöðum, öðrum en þeim, er um getur í 12. gr. Slík leyfi má einungis veita í veizlum, samsætum eða öðrum þess háttar samkvæmum innanfélagsmanna og félagsgesta, ef sýnt er, að félagsskapurinn í heild eða einstakir þátttakendur í honum hafi ekki hagnað af. Vínveitingaleyfi má ekki veita skemmtifélögum né til vinneyzlu í samkvæmum, sem ætla má að til sé stofnað í tekjuskyni fyrir veitingahús.

VI. KAFLI
Ölvun.

21. gr.

Hver sá, sem sökum ölvunar veldur óspektum, hættu eða hneyksli á almannafæri, opinberum samkomum, í bifreiðum eða öðrum farartækjum eða skipum, skal sæta ábyrgð samkvæmt lögum þessum.

22. gr.

Hver embættismaður eða starfsmaður ríkisins eða opinberra stofnana, sem er ölvaður, þegar hann er að gegna embætti sínu eða starfi, skal sæta refsingu. Sé um miklar sakir að ræða eða brot ítrekað, varðar það frávikningu úr stöðunni um stundarsakir eða að fullu og öllu. Eigi læknir í hlut, skal hann missa lækningaleyfi sitt ásamt embættinu.

Sömu refsingu skal hver sá læknir sæta, þótt hann sé ekki embættismaður, sem er ölvaður, þegar hann er að gegna læknisstörfum, og kemur þá missir lækningaleyfis um stundarsakir eða fyrir fullt og allt í stað embættis- eða sýslunarmissis.

23. gr.

Séu lyfsalar eða þjónar þeirra ölvaðir við störf sín, sæta þeir sömu refsingu og læknar.

24. gr.

Ef flugmenn, bifreiðarstjórar, skipstjórar, stýrimenn, bátsformenn eða vélstjórar eru undir áhrifum áfengis við flug, akstur, stjórn skips eða vélar, varðar það missi réttar til að stjórna flugvél, bifreið, skipi, bát eða vél um stundarsakir, þó eigi skemur en 3 mánuði, eða fyrir fullt og allt, ef miklar sakir eru eða brot er ítrekað.

Sömu refsingu skulu framangreindir menn sæta, þótt annar hafi haft með höndum starf þeirra í farartækinu, ef þeir eru sjálfir í því og áttu að annast starfið, en vanræktu það sökum ölvunar og verulegt slys hlauzt af því.

Það varðar refsingu að veita mönnum þeim, sem tilgreindir eru í 1. málsgr., áfengi, þegar þeir eru að störfum.

Ákveða skal í reglugerð, að flugmönnum, bifreiðarstjórum og stjórnendum hvers konar farartækja, sem annast mannflutninga, sé bannað að neyta áfengis vissan tíma, áður en þeir hefja störf sín.

25. gr.

Leiki vafi á, hvort sakborningur samkvæmt þessum kafla sé undir áhrifum áfengis, skal bæði dómara og sakborning heimilt að láta skera úr því með blóðrannsókn, sem læknir eða annar kunnáttumaður framkvæmir.

VII. KAFLI
Áfengisvarnir.

26. gr.

Ríkisstjórnin skipar sér til aðstoðar ráðunaut í áfengismálum. Skal hann skipaður að fengnum tillögum frá stjórnum þeirra bindindisfélaga, sem styrks njóta af opinberu fé til bindindisstarfsemi.

27. gr.

Áfengisvarnanefndir skulu vera í öllum hreppum og kaupstöðum landsins, þriggja manna í hreppum, sjö manna í kaupstöðum, öðrum en í Reykjavík, þar sem nefndin er skipuð níu mönnum. Ráðherra skipar formann nefndanna, en að öðru leyti skulu nefndarmenn kosnir hlutfallskosningu af hlutaðeigandi hreppsnefndum og bæjarstjórnum. Kjörtími nefndarmanna er fjögur ár. Kostnaður af störfum nefndanna greiðist úr hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóði.

Áfengisvarnanefndir skulu vera ráðgefandi um öll bindindis- og áfengismál fyrir sveitastjórnir, lögreglustjóra, ríkisstjórn og aðra þá aðila, sem komið geta til greina í því sambandi. Verksvið nefndanna skal að öðru leyti ákveðið í reglugerð, sem ráðherra gefur út.

28. gr.

Í öllum skólum, er opinbers styrks njóta, skal fara fram fræðsla um áhrif áfengisnautnar. Sérstaka áherzlu skal leggja á að upplýsa, hvaða áhrif ofnautn áfengis hefur á líkama mannsins, vinnuþrek, siðferðisþroska hans og sálarlíf, á heimili manna, umgengnisvenjur og almenna siðfágun, á fjárhag einstaklinga og þjóðarinnar, á öryggi í vandasömu starfi og atvinnu manna almennt. Enn fremur skal veita fræðslu um það, hver sé öruggasta leiðin til að forðast ofnautn áfengis.

29. gr.

Ríkisstjórnin skal láta auglýsa á skipum, sem annast farþegaflutning með ströndum landsins, á veitingahúsum, pósthúsum og símastöðvum og öðrum þeim stöðum, sem þurfa þykir, útdrátt úr lögum þessum.

VIII. KAFLI
Refsiákvæði.

30. gr.

Fyrir brot gegn 3. gr. skal refsa þannig:

1. Ef áfengi er flutt inn í því skyni að selja það eða veita fyrir borgun, þá varðar það sektum:

Fyrsta sinni	kr.	4 000—20 000
Öðru sinni	—	8 000—40 000
Þriðja sinni	—	16 000—80 000

Auk þess greiðist í sekt 400 kr. á hvern lítra þess áfengis, sem innflutt er.

Sé um verulegt brot að ræða, má enn fremur dæma sökunaut í fangelsi, og skal það jafnan gert, þegar um margítrekað brot er að ræða.

Skip skal ávallt vera að veði til tryggingar greiðslu á sektum og málskostnaði, og má kyrrsetja það og selja, að undangengnu fjárnámi, til lúkningar hvoru tveggja.

Flytji skip hingað ólöglega áfengi, svo að telja megi það verulegan hluta af farmi þess, skal skipið gert upptækt handa ríkissjóði með dómi.

Brot gegn 3. gr. telst fullframið, þegar áfengi það, sem til sölu eða veitinga er ætlað, er flutt inn í landhelgi.

2. Nú þykir eigi sannað, að áfengið sé flutt inn til sölu eða veitinga fyrir borgun, svo og þegar skipstjóri ber ábyrgð á broti skipverja, en er ekki við það riðinn að öðru leyti, þá varðar það sektum frá 400—12 000 krónum. Auk þess greiðist í sekt 400 kr. á hvern lítra þess áfengis, sem innflutt er.
Jafnan skal hið ólöglega aðflutta áfengi verða eign ríkissjóðs.

31. gr.

Skýri skipstjóri lögreglustjóra, hreppstjóra eða sérstökum löggæzlumanni rangt frá um áfengi það, er hann hefur meðferðis, eða dragi að skýra frá áfengisbirgðum samkvæmt 4. gr., skal hann sekur um 2000—20 000 kr., liggi ekki þyngri refsing við broti hans samkvæmt öðrum lagaákvæðum. Skip er að veði fyrir sektum og málskostnaði, eins og segir í 30. gr. 1., 3. málsgr.
Upptækt skal gert það áfengi, sem skotið var undan innsiglun eða vanrækt að skýra frá.

32. gr.

Brot gegn fyrri málsgrein 6. gr. varða refsingu samkvæmt 30. gr.
Sektarákvæði samkvæmt 30. og 31. gr. gilda einnig um flugvélar og annan farkost, formenn þeirra og áhafnir, ef þeir gerast brotlegir við fyrirmæli þessara laga.

33. gr.

Brot gegn 7. gr. og reglugerð samkvæmt 2. málsgr. sömu greinar varða sektum, 2000—20 000 kr., og skal sökunautur enn fremur sæta fangelsi, ef áfengið hefur verið ætlað til sölu eða veitinga fyrir borgun og brot er ítrekað, eða miklar sakir eru að öðru leyti.

34. gr.

Misbeiti læknir lækningaleyfi sínu til þess að útvega mönnum áfengi til neyzlu, með því að láta af hendi áfengi eða áfeng lyf eða lyfseðil á áfengi, án þess að áfengið sé nauðsynlegt til lækninga, skal hann við fyrsta brot sæta sektum, 800—8000 kr. Ítrekað brot varðar sektum, 1600—20 000 kr.
Sama gildir um lyfsala og þjóna þeirra, ef þeir misnota aðstöðu sína til þess að selja mönnum áfengi til neyzlu.
Sé brot margítrekað eða að öðru leyti stórfellt, skal auk sektar svipta sökunaut leyfi til þess að láta af hendi áfengi eða áfengisblöndur eða gefa út áfengisseðla. Lágmark leyfissviptingarinnar skal vera 2 ár. Sé brot svo vaxið, að það falli undir ákvæði 2. málsgr. 36. gr., skal beita refsingu samkvæmt þeirri grein.

35. gr.

Misnoti veitingamaður, sem leyfi hefur til áfengisveitinga, leyfi sitt með því að veita áfengi á öðrum tímum eða á annan hátt en honum er heimilt, eða aðrar vintegundir, svo og með því að selja áfengi án þess að neytt sé á staðnum, varðar það refsingu samkvæmt 36. gr. og leyfissviptingu samkvæmt 37. gr.

36. gr.

Brot gegn ákvæðum 18. gr. varða sektum, 800—8000 krónum. Sé brotið ítrekað, varðar það sektum frá 1600—20 000 krónum.
Brjóti nokkur oftar ákvæði þessarar greinar eða geri sér að atvinnu sölu eða veitingar áfengra drykkja, varðar það, auk sektar, fangelsi, allt að 3 mánuðum.

37. gr.

Verði maður, sem leyfi hefur til veitingasölu eða gistihúshalds samkvæmt lögum nr. 21 15. júní 1926, sekur um brot á ákvæðum 18. gr., varðar það refsingu samkvæmt 36. gr. Hafi brotið átt sér stað í sambandi við atvinnurekstur hans, skal hann auk refsingarinnar sviptur veitingaleyfi, í fyrsta sinn ekki skemur en

einn mánuð, í annað sinn ekki skemur en 3 mánuði og í þriðja sinn að fullu og öllu.

Þjónustumenn sæta sektum, 200—4000 krónum.

38. gr.

Brot gegn ákvæðum 16. gr. varða sektum frá 100—2000 krónum.

39. gr.

Brot gegn 1. málsgr. 19. gr. varða sektum, 200—8000 kr., og ítrekað brot 400—16 000 kr.

Brot gegn 4. málsgr. 19. gr. varða sektum, er nema í fyrsta sinn fimmföldu og í annað sinn tíföldu söluverði þess áfengis, sem ætlað er til ólöglegrar sölu. Brjóti nokkur oftar ákvæði þeirrar málsgreinar eða geri sér ólöglega áfengissölu að atvinnu, varðar það auk sektar fangelsi allt að 3 mánuðum. Hafi bifreiðarstjóri ítrekað gerzt sekur um ólöglega áfengissölu, varðar það hann missi réttar til að stjórna bifreið um stundarsakir, þó eigi skemur en 3 mánuði, eða fyrir fullt og allt, ef miklar sakir eru eða brot er margítrekað. Áfengi, sem flutt er eða geymt ólöglega í bifreið, skal gert upptækt.

Fjárnám fyrir sektum og kostnaði skal gera í bátum og flutningatækjum, sem notuð eru til ólöglegs áfengisflutnings.

40. gr.

Brjóti nokkur ákvæði 1. málsgr. 20. gr., varðar það veitingasala, ef það er með vitund hans, 200—4000 kr. sekt og neytanda 100—2000 kr. sekt. Þriðja brot varðar veitingasala missi veitingaleyfis.

Brot gegn 2. málsgr. 20. gr. varðar félagsstjórn, þjónustumenn og neytendur 200—8000 kr. sektum.

41. gr.

Brot gegn 21. gr. varða sektum frá 100—2000 kr., nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum.

42. gr.

Brot gegn 22.—24. gr. varða sektum: Fyrsta sinni 400—2000 kr. Öðru sinni 800—4000 kr. Auk sektanna kemur stöðu- og réttindamissir svo sem í þeim greinum segir.

43. gr.

Sá, sem kemur því til leiðar með fortölum eða fjárframlögum, heitum, hótunum eða ráðum sínum, að 3., 6. gr., 1. málsgr., eða 7. gr. þessara laga verði brotin, veitir til þess aðstoð í orði eða verki, tekur þátt í gróða af þeim brotum eða aðstoðar aðra til að halda þeim gróða, skal, þótt hann verði ekki talinn aðalmaður í verknaðinum, sæta sektum, 200—16 000 kr.

IX. KAFLI
Ýmis ákvæði.

44. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna allar í Menningarsjóð.

Gera skal aðför hjá hinum seku til lúkningar sektum samkvæmt lögum þessum, og því aðeins skulu þeir afplána sektir í fangelsi, að fé þeirra hrökkvi ekki fyrir þeim.

45. gr.

Vinnuskylda má vera samfara afplánun sekta samkvæmt lögum þessum.

46. gr.

Fara skal með mál út af brotum á lögum þessum og reglum að hætti opinberra mála.

47. gr.

Lög þessi skal prenta á íslenzku, dönsku, þýzku, ensku og frönsku, og svo mörg eintök, að nægi til að senda umboðsmönnum ríkisins í öðrum löndum.

48. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 33 9. jan. 1935, lög nr. 26 18. febr. 1943, lög nr. 47 16. marz 1951, lög nr. 11 29. jan. 1952, svo og öll þau lagaákvæði, sem brjóta í bága við þessi lög.

49. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1953.

Ed. 403. Breytingartillögur [84. mál]

við frv. til l. um Kirkjubyggingasjóð.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 3. gr. 2. málsl. fyrri málsgr. orðist svo: Árlegar tekjur kirkjunnar skulu vera til tryggingar láninu.
2. Á eftir 3. gr. komi ný gr., svo hljóðandi:
   Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1955.

Ed. 404. Nefndarálit [93. mál]

um frv. til laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.

Frá fjárhagsnefnd.

Frumvarpi þessu, sem er stjórnarfrumvarp, var vísað til fjárhagsnefndar 9. nóv. s. l. Eftir að nefndin hafði athugað frumvarpið og séð á því ýmsa misbresti, sendi hún það, 24. nóv., Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja til umsagnar. Stjórn bandalagsins sendi nefndinni umsögn, dags. 2. des., ásamt nokkrum tillögum um breytingar á frumvarpinu. Seinna komu svo að ósk nefndarinnar þrír fulltrúar frá bandalaginu á fund hjá henni til viðræðu um frumvarpið.

Alls hefur fjárhagsnefnd tekið málið fyrir á sjö fullskipuðum fundum. Einnig kaus hún tvo menn (GJ og KK) úr sínum hópi í undirnefnd, sem vann sérstaklega að því að gera tillögur um nauðsynlegar breytingar á frumvarpinu, er síðan voru ræddar í aðalnefndinni.

Áður en undirnefndin gekk frá tillögum sínum, ræddi hún um efni frumvarpsins og einstök atriði þess við tvo menn úr fjármálaráðuneytinu, er það vísaði til sem sinna fulltrúa við athugun málsins.

Fjárhagsnefnd hefur samkvæmt framansögðu varið allmikilli vinnu til þess að endurskoða frumvarpið og gefa bæði fulltrúum starfsmanna ríkisins og fulltrúum ríkisstjórnarinnar tækifæri til þess að lýsa sínum sjónarmiðum í málinu.

Nefndin telur nauðsynlegt, að gerðar verði á frumvarpinu margvíslegar breytingar, sumar til leiðréttingar á framsetningu, aðrar efnislegar. Margar breytingartillögur nefndarinnar skýra sig sjálfar, svo sem tillagan um breytingu á fyrirsögn frumvarpsins og allar þær mörgu tillögur, sem af þeirri breytingu leiðir. Það liggur í augum uppi, að miklu réttara er að kenna lögin við starfsmenn ríkisins heldur en „opinbera starfsmenn", af því að starfsmenn bæjar- og sveitarfélaga eru einnig opinberir starfsmenn, og til þeirra er þessum lögum ekki ætlað að ná, heldur eingöngu til þeirra manna, sem eru í þjónustu ríkisins.

Í framsögu mun verða gerð grein fyrir hverri einstakri breytingartillögu nefndarinnar.

Einn nefndarmanna (HG) skrifar undir þetta nefndarálit með fyrirvara. Hann er samþykkur meginstefnu frumvarpsins, en áskilur sér rétt til þess að bera fram sérstakar brtt. við það og einstakar tillögur nefndarinnar.

Að öðru leyti leggur nefndin ágreiningslaust til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr.
   a. Í stað orðanna „til hvers þess“ í 1. málsl. 1. málsgr. komi: til hvers manns.
   b. Orðið „opinberra“ í 2. málsl. 1. málsgr. falli niður.
   c. Orðið „opinber“ í seinni málsgr. falli niður.
2. Við fyrirsögn II. kafla. Orðið „opinberra“ falli niður.
3. Við 2. gr. Orðið „opinberar“ í 1. málsl. falli niður.
4. Við 3. gr.
   a. Orðið „opinbera“ í 1. málsl. falli niður.
   b. Í stað orðanna „um að tefla“ í niðurlagi 3. tölul. komi: um að ræða.
   c. Í stað orðanna „enda sé þá .... skilyrði er fullnægt“ í niðurlagi 4. tölul. komi: en eigi má skipa hann fyrr en hann hefur öðlazt íslenzkan ríkisborgararétt.
   d. Í stað orðanna „eða ef annars er svo mælt í lögum“ í 7. tölul. komi: eða ef svo er fyrir mælt í lögum.
5. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Nú er maður skipaður í stöðu, og ber þá að líta svo á, að hann skuli gegna stöðunni, þar til eitthvert eftirgreindra atriða kemur til:
   1. að hann brýtur af sér í starfinu, svo að honum beri að víkja úr því;
   2. að hann fullnægir ekki skilyrðum 3. gr. laga þessara;
   3. að hann fær lausn samkv. eigin beiðni;
   4. að hann hefur náð hámarksaldri, sbr. 13. gr.;
   5. að hann flyzt í aðra stöðu hjá ríkinu;
   6. að skipunartími hans samkv. tímabundnu skipunarbréfi er runninn út;
   7. að staðan er lögð niður, sbr. 14. gr.
6. Við 5. gr.
   a. Orðið „opinbera“ í upphafi greinarinnar falli niður.
   b. Upphaf 2. málsl. 1. málsgr. orðist svo: Heimilt er að taka til greina umsóknir, sem berast, eftir að liðinn er umsóknarfrestur, enda hafi o. s. frv.
   c. Orðið „opinber“ í upphafi 3. málsgr. falli niður.
7. Við 6. gr.
   a. Fyrri málsgr. falli niður.
   b. Í stað orðanna „Hvert það stjórnarvald, er opinberri stöðu ráðstafar“ í síðari málsgr. komi: Hver sá, er stöðu ráðstafar.
8. Við fyrirsögn III. kafla. Orðið „opinberri“ falli niður.
9. Við 7. gr.
   a. Í stað orðanna „Lausn um stundarsakir má veita opinberum starfsmanni“ í upphafi 2. mgr. komi: Rétt er að veita starfsmanni lausn um stundarsakir.
   b. Orðin „að marki“ í fyrri málsl. 2. málsgr. falli niður.
   c. Upphaf síðari málsl. 2. málsgr. orðist svo: Þó skal veita starfsmanni áminningu og gefa honum kost á að bæta ráð sitt, áður en honum o. s. frv.
   d. Orðið „opinber“ í fyrri málsl. 3. málsgr. falli niður.
   e. Orðið „opinber“ í síðari málsl. 3. málsgr. falli niður.
   f. Í stað orðanna „varða kunni“ í sama málslið komi: varða kynni.
10. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
    Nú hefur starfsmanni ríkisins verið veitt lausn um stundarsakir fyrir meintar misfellur í starfi, og skal þá þegar mál hans rannsakað af kunnáttu-

mönnum eða fyrir dómi að hætti opinberra mála, ef ástæða þykir til, svo að upplýst verði, hvort rétt er að veita honum lausn að fullu eða láta hann aftur taka við starfi sínu.

Úrslit um stöðuna skulu ráðin strax og lokaniðurstöður rannsóknar eru kunnar.

11. Við 9. gr.
    a. 2. málsl. 1. málsgr. orðist svo: Embættishúsnæði og jarðnæði, ef um er að ræða, heldur hann, enda komi þau fríðindi til reiknings samkv. mati í þeim launum, er hann fær.
    b. Í stað orðsins „endurgreiddan“ í 2. málsgr. komi: greiddan.
12. Við 10. gr.
    a. Orðið „opinbera“ í fyrri málsgr. falli niður.
    b. Í stað orðanna „sérstaklega mælt“ í sömu málsgr. komi: sérstaklega fyrir mælt.
    c. Í stað orðanna „svo sem um eftirlaun .... eftir því, sem við á“ í síðari málsgr. komi: svo sem um eftirlaun, sé um þau að ræða, lífeyri, hvenær starfsmaðurinn skuli sleppa íbúð, jarðnæði o. s. frv., eftir því sem við á.
13. Við 11. gr. Síðasta málsgr. orðist svo:

    Nú er stöðumissir úrskurðaður óréttmætur, og fer þá um bætur til aðila eftir úrskurði dómstóla, nema hlutaðeigendur hafi komið sér saman um annað. Þegar bætur eru metnar, skal hafa til hliðsjónar ástæður starfsmanns, svo sem aldur og atvinnumöguleika, svo og fram komnar málsbætur stöðuveitanda.
14. Við 12. gr. Orðið „opinberum“ falli niður.
15. Við 13. gr.
    a. Orðið „opinberum“ í 1. og 2. málsgr. falli niður á báðum stöðum.
    b. Í stað orðanna „með eftirlaunarétti“ í 2. málsgr. komi: með rétti til eftirlauna og/eða lífeyris.
16. Við 14. gr.
    a. Orðið „opinber“ í 1. málsgr. falli niður.
    b. Á eftir orðunum „greidd í 6 mánuði“ í sömu málsgr. komi: frá því að hann lét af starfi.
    c. Aftan við 1. málsgr. bætist: enda hafi hann þá ekki hafnað annarri sambærilegri stöðu á vegum ríkisins.
    d. Á eftir 2. málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:

        Nú hefur maður verið leystur frá starfi vegna þeirra orsaka, sem um getur í grein þessari, eða annarra atvika, sem honum verður ekki sök á gefin, og skal hann þá í 5 næstu ár að öðru jöfnu sitja fyrir um starf í þjónustu ríkisins, er losna kann, ef hann sækir um það.
17. Við 15. gr.
    a. Orðið „opinber“ í 1. málsl. 1. málsgr. falli niður.
    b. Síðari málsgr. orðist svo:

        Ákvæði ráðningarsamnings, sem gerður hefur verið fyrir gildistöku laga þessara, eða sérákvæði í lögum, er öðruvísi kveða á, skulu standa.
18. Við fyrirsögn IV. kafla. Orðin „opinberra starfsmanna“ falli niður.
19. Við 16. gr.
    a. Orðið „opinberir“ í upphafi greinarinnar falli niður.
    b. Orðið „opinberum“ í upphafi 3. málsl. 1. málsgr. falli niður.
    c. Orðið „opinberum“ í 5. málsgr. falli niður.
    d. Á eftir fyrri málsl. síðustu málsgr. komi: sbr. 15. gr.
20. Við 17. gr.
    a. Orðið „opinberra“ í fyrri málsgr. falli niður.
    b. Aftan við fyrri málsgr. bætist: svo og til kvenna í fjarvistum vegna barnsburðar.
    c. Síðari málsgr. falli niður.

21. Við 18. gr.
    a. Orðið „opinberir“ í upphafi fyrri málsgr. falli niður.
    b. Orðið „opinberum“ í upphafi síðari málsgr. falli niður.
    c. Fyrir orðið „standa“ í sömu málsgr. komi: standi.
22. Við 19. gr.
    a. Orðið „opinber“ í 1. málsgr. falli niður.
    b. Í stað orðanna „hinni gömlu“ á tveim stöðum í sömu málsgr. komi á báðum stöðum: hinni fyrri.
23. Við 20. gr. Orðið „opinberum“ í síðari málsgr. falli niður.
24. Við 21. gr.
    a. Orðið „opinber“ í 1. málsgr. falli niður.
    b. Orðið „opinberu“ á tveim stöðum í 2. málsgr. falli niður.
    c. Í stað orðsins „ekkju“ í 3. málsgr. komi: maka.
25. Við 23. gr. Orðið „opinberum“ falli niður.
26. Við 24. gr. Orðið „opinber“ falli niður.
27. Við 26. gr.
    a. Orðið „opinber“ falli niður.
    b. Orðið „opinberum“ falli niður.
28. Við 27. gr. Greinin orðist svo:
    Fjármálaráðherra ákveður með reglugerð daglegan vinnutíma starfsmanna svo og þóknun fyrir verk, sem unnin eru utan þess tíma.
29. Við 28. gr.
    a. Orðið „opinberum“ í upphafi greinarinnar falli niður.
    b. 2. málsl. orðist svo: Hann skal gæta kurteisi, lipurðar og réttsýni í starfi sínu.
30. Við 29. gr. Orðið „opinberum“ falli niður.
31. Við 30. gr. Orðið „verulega“ í síðustu málsgr. falli niður.
32. Við 31. gr. Greinin falli niður.
33. Við 32. gr. (verður 31. gr.). 2. málsl. orðist svo: Þó er engum starfsmanni, nema þeim, er gegnir lögreglustörfum eða annarri öryggisþjónustu, skylt að vinna meiri yfirvinnu í viku hverri en nemur þriðjungi af lögmæltum vikulegum vinnutíma.
34. Við fyrirsögn VII. kafla. Orðin „opinberra starfsmanna“ falli niður.
35. Við 35. gr. (verður 34. gr.).
    a. 1. málsgr. orðist svo:
    Heimilt er að fela starfsmanni að vinna fyrir sanngjarnt endurgjald aukastörf í þágu ríkisins, enda valdi það ekki vanrækslu á þeim störfum, er stöðu hans fylgja.
    b. Orðið „opinber“ í 2. málsgr. falli niður.
36. Á eftir 35. gr. komi nýr kafli (verður VIII. kafli) undir fyrirsögninni: **Starfsmenn Alþingis** — með einni grein (verður 35. gr.), svo hljóðandi:
    Forsetar Alþingis hafa aðild og úrskurðarvald um réttindi og skyldur starfsmanna þingsins samkvæmt lögum þessum.
37. Við fyrirsögn VIII. kafla (verður IX. kafli). Orðið „opinberra“ falli niður.
38. Við 38. gr. Í stað „1. janúar“ komi: 1. júlí.
39. Við fyrirsögn frumvarpsins: Í stað orðanna „opinberra starfsmanna“ komi: starfsmanna ríkisins.

Alþingi, 26. febr. 1954.

Bernh. Stefánsson, form. — Lárus Jóhannesson, fundaskr. — Karl Kristjánsson, frsm.

Gísli Jónsson. — Haraldur Guðmundsson, með fyrirvara.

Ed. 405. Breytingartillögur [12. mál]

við frv. til áfengislaga.

Frá Gísla Jónssyni og Lárusi Jóhannessyni.

1. Við 12. gr.
   a. Stafliður c. falli niður.
   b. Í stað „a—c-liða“ í 3. málsgr. komi: a—b-liða.
   c. Orðin „svo og að ákveða, að dans megi ekki fara fram í þeim salarkynnum vínveitingahúsa, þar sem vín er veitt“ í 6. málsgr. falli niður.
   d. Á eftir 6. málsgr. komi ný málsgr., er orðist svo:
      Dómsmálaráðherra skipar eftirlitsmann, einn eða fleiri, með öllum þeim veitingastöðum, er vínveitingaleyfi hafa, og skulu leyfishafar greiða laun eftirlitsmanns og allan kostnað af starfi hans eftir ákvörðun ráðherra. Eftirlitsmaðurinn skal gæta þess, að settum reglum sé í hvívetna fylgt um vínveitingar, og má stöðva þær, ef út af er brugðið, enda skal hann tafarlaust kæra öll brot, er hann verður áskynja um. Eftirlitsmaðurinn hefur heimild til aðgangs hvarvetna þar, sem vínveitingar fara fram samkvæmt þessari grein eða 20. gr. laga þessara.
2. Við 28. gr. Við greinina bætast 2 nýjar málsgr., svo hljóðandi:
   Fræðslumálastjórninni skal skylt að sjá svo um, að skólarnir eigi þess jafnan kost að fá hentugar kennslubækur og kennslukvikmyndir, eftir því sem við á á hverju skólastigi.
   Ráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um fræðslu samkvæmt þessari grein, þar á meðal um fjölda kennslustunda í hverjum skóla.
3. Við 49. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 406. Frumvarp til laga [157. mál]

um fiskveiðalandhelgi Íslands.

Flm.: Hannibal Valdimarsson.

1. gr.

Fiskveiðalandhelgi Íslands tekur til alls landgrunnsins.

Landgrunnið takmarkast af línu, sem dregin er 50 sjómílum utan yztu nesja, eyja og skerja við landið. Þar sem 200 metra dýptarlína landgrunnsins nær úr fyrir 50 sjómílna línuna, takmarkast landgrunnið af henni.

2. gr.

Með reglugerð skal kveða á um framkvæmd löggæzlu innan fiskveiðalandhelginnar, svo og um stærð gæzlusvæðisins. Þó skal það í samræmi við tilskipun frá 13. maí 1682 og síðari tilskipanir eigi vera minna en 12 sjómílna belti utan við friðunarlínuna frá 19. marz 1952. Á því svæði sé öllum erlendum fiskiskipum bannað að stunda hvers konar fiskveiðar.

Þar til ákveðið verður, að íslenzk lögsaga, að því er varðar fiskveiðar, taki til allrar fiskveiðalandhelginnar, skal ríkisstjórn Íslands tilkynna stjórnum þeirra ríkja, er fiskveiðar stunda við landið, um víðáttu þess svæðis, sem löggæzlan er látin taka til á hverjum tíma samkvæmt grein þessari.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 17. júní 1954.

Greinargerð.

Ákvæði um víðáttu fiskveiðalandhelginnar við Ísland er aðeins að finna í gömlum tilskipunum þar að lútandi, og má eigi lengur við það una, að ákvæði í lögum kveði ekki skýrt og skorinort á um rétt íslenzku þjóðarinnar til að búa ein að auðlindum þeim, lifrænum sem ólifrænum, sem finnast í hafi umhverfis landið.

Friðunarákvæðin, sem sett voru 19. marz 1952 í samræmi við lög nr. 44 frá 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, eru ekki ákvæði um fiskveiðalandhelgi og því varhugavert, þegar friðunarlínan er kölluð landhelgislína eða fiskveiðitakmörk. Svo sem kunnugt er, táknar landhelgislína endimörk yfirráðaréttar hlutaðeigandi ríkis um tiltekna hagsmuni, og getur sá yfirráðaréttur verið mismunandi mikill eftir því, hvaða hagsmuni er um að ræða, svo sem einkarétt til fiskveiða eða að því er tekur til tollgæzlu o. s. frv. Aftur á móti táknar friðunarlína endimörk þess svæðis, sem friðuð er í einhverjum ákveðnum tilgangi, t. d. vegna fiskstofnsins, og getur naumast náð út fyrir landhelgi þess ríkis, nema samþykki annarra ríkja, sem hagsmuna eiga að gæta, komi til. Mismunurinn kemur hvað ljósast fram í því, að samkvæmt eðli málsins getum við leyft fiskiskipum okkar að stunda hvers konar veiðar innan landhelgi, en slíkt kemur hins vegar ekki til greina um friðunarsvæðið.


Þegar reglugerðin frá 19. marz 1952 var birt, var þess sýnilega vandlega gætt, að ekki yrði á neinn hátt annan gefið í skyn en að hér væri einungis um friðunarlínu að ræða. Þessi afstaða var eftir atvikum mjög hyggileg, en nauðsynlegt hefði verið, að skarið hefði verið tekið af um það, að í landhelgismálum ættum við miklu víðtækari rétt en friðunarsvæðið benti til. Þó tókst svo til, að sum blöðin, sem birtu fréttatilkynninguna, kölluðu þær ráðstafanir, sem hún fjallaði um, aðgerðir í landhelgismálum og línuna landhelgislínu. Nauðsynlegt hefði verið, að þessi misskilningur hefði verið leiðréttur, helzt þegar í stað.

Fréttatilkynningar utanríkisráðuneytisins sumar hverjar og yfirlýsinagr einstakra starfsmanna þess hafa og verið varhugaverðar að þessu leyti, þar sem t. d. er talað um landhelgismál og landhelgislínu, þegar átt er við friðunarráðstafanir. Þess ber að minnast, að alþjóðadómstóllinn í Haag staðfesti með dómi sínum í deilumáli Norðmanna og Breta, að friðunarsvæðið við Noreg skyldi teljast landhelgi, enda þótt Norðmenn nefndu svæðið aldrei því nafni, heldur einungis fiskveiðitakmörk. Í því sambandi gæti einmitt verið sérstök ástæða til að leggja áherzlu á það, að friðunarlínan sé ekki landhelgislína, ella kynni svo að fara, að alþjóðadómstóllinn kveði einhvern daginn upp dóm þess efnis, að friðunarsvæðið frá 19. marz 1952 bæri að telja landhelgi Íslands. Og þá kann svo að fara, að vér glötum rétti vorum til frekari aðgerða og að þetta spor, sem að áliti svo margra, þar á meðal málgagns þess flokks, sem nú fer með utanríkismál, verði ekki aðeins spor í rétta átt, heldur lokasporið í þessu mikilvæga máli þjóðarinnar, en tilgangur þessa frumvarps er m. a. að koma í veg fyrir, að svo kunni að fara.

Um afmörkun landhelginnar segir í fyrrgreindum dómi, að hún hafi alltaf alþjóðlegt horf og að hún geti ekki eingöngu oltið á vilja strandríkisins, svo sem hann birtist í innanlandslöggjöf þess. Þótt framkvæmd afmörkunarinnar sé að vísu óhjákvæmilega einhliða gerningur, þar sem strandríkið eitt er bært til að framkvæma hana, lýtur gildi afmörkunarinnar gagnvart öðrum ríkjum alþjóðareglum. Þá segir enn fremur, að veita verði ríki því, er hlut eigi að máli, olnbogarúm til að afmarka landhelgina í samræmi við hagsmuni og aðstæður. Ljóst er og, að taka verður tillit til efnahagslegrar sérstöðu, svo og landfræðilegrar, enn fremur, að söguleg atriði varðandi landhelgina skipta verulegu máli.

Í öllum þessum atriðum hefur Ísland algera sérstöðu, og mun vera óþarfi að gera grein fyrir því, svo alkunn er hún.

Öllum má ljós vera nauðsyn þess, að íslenzka þjóðin búi ein að auðlindum sínum í hafinu umhverfis landið, en aðrar þjóðir hafa einnig gert sér grein fyrir



Á hinum lauslega uppdrætti, er sést hér að ofan, sjást fjórar línur. Innsta línan er landhelgislínan samkv. samningnum frá 1901. Önnur er núverandi friðunarlína. Þriðja línan er dregin 16 sjómílur utan við yztu annes, eyjar og sker. Yzt er lína 50 sjómílur utan sömu marka, en slitrótt, þar sem 200 m dýptarlínan fer utar.

hagsmunum sínum að þessu leyti, og hafa sumar þeirra helgað sér landgrunn sitt, nú síðast eitt brezku samveldislandanna, Ástralía.

Alþýðuflokkurinn telur, að ekki megi dragast öllu langur, að íslenzka þjóðin geri ráðstafanir til þess að tryggja rétt sinn í þessu mikilvæga máli, og því er frumvarp þetta flutt nú.

Þess skal getið, að lagafrumvarp þetta er samið með hliðsjón af þeim niðurstöðum, sem dr. Gunnlaugur Þórðarson hefur komizt að í doktorsritgerð sinni, sem sé, að Íslendingar eigi rétt til landgrunnsins alls, svo sem var á dögum þjóðveldisins, eða a. m. k. til 16 sjómílna landhelgi.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Varðandi takmörk landgrunnsins er stuðzt við kenningar dr. Gunnlaugs Þórðarsonar, en í doktorsritgerð sinni segir hann á bls. 119—120:

„Það er rannsóknarefni út af fyrir sig, hvernig ákveða skuli takmörk landgrunnsins. Eðlilegast væri að miða við ákveðið dýpi. Hentugra mun þó að miða við tiltekna fjarlægð undan landi. Þó virðist heppilegasta lausnin geta orðið sú, að taka tillit til dýptar og fjarlægðar í senn.

Um landgrunnið við Ísland hefur aðallega komið til tals að miða við ákveðið dýpi, 200 eða 400 metra. Telja verður eðlilegast, að miðað verði við hvort tveggja í senn, fjarlægð undan landi og jafnframt tekið tillit til sjávardýpis. Kæmi þá helzt til greina 50 sjómílna víðátta. Sú landgrunnslína mundi að mestu leyti falla á milli 200 og 400 metra dýptarlínanna. Hins vegar verði 200 metra dýptarlínan látin skera úr um víðáttu landhelginnar, þar sem hún nær út fyrir 50 sjómílna takmörkin. Á þeim slóðum, þar sem þessi landgrunnslína mundi liggja, eru dýptarlínurnar víða mjög þéttar og halli sjávarbotnsins því mikill, en það er einn helzti mælikvarðinn til að miða takmörk landgrunnsins við.

Önnur ástæða er og til þess, að 50 sjómílna línan er sett fram, nefnilega sú, að sögulegar líkur eru fyrir því, að um það bil, er fiskveiðar erlendra manna hófust við Ísland, hafi fyrsta „landhelgin“, þ. e. svæðið, þar sem erlendum skipum var með tilskipunum bannað að fiska, náð allt að 50 sjómílum undan landi.

Þá er þess og að geta, að öll helztu fiskimið við landið mundu lenda innan 50 sjómílna takmarksins, svo sem hin alkunnu Halamið að mestu.

Loks er þess getið í sambandi við landgrunnskenninguna, að dr. Hermann Einarsson fiskifræðingur telur Íslendinga alveg einfæra um að veiða þann fisk, sem æskilegt er, að verði veiddur á landgrunninu, án þess að fiskistofninum sé ofboðið.

Kenningin um landgrunnshelgi, eða eignarrétt hlutaðeigandi þjóða á landgrunni sínu, er nær alveg ný, eða frá því eftir aldamótin 1900, og var fyrst sett fram, að því er höf. bezt veit, af Spánverjanum Odon de Bureu á fiskveiðaráðstefnu í Madrid 1916. Hefði sú kenning verið komin fram árið 1859 eða 1901, hefði þjóðin án efa haldið þeirra kröfu fram, einkum ef hana hefði órað fyrir þeim framförum, sem síðar urðu í veiðitækni.

Íslenzka þjóðin verður að hugsa fyrir framtíðinni. Ef til vill verður 16 sjómílna landhelgi orðin ónóg eftir 20 ár og 50 sjómílna landhelgi ein talin nægja vegna framfara í veiðitækjagerð. Ef til vill verður botnvarpan orðin úrelt þá, fiskur aðallega veiddur með rafmagnsveiðarfærum. Því er Íslendingum nauðsyn að gera nú þegar hinar ýtrustu kröfur.“

Tilgangur lagagreinar þessarar er að tryggja íslenzku þjóðinni þann rétt, sem hún átti fyrir gildistöku samnings Stóra-Bretlands og Danmerkur frá 24. maí 1901, varðandi landhelgi Íslands, og helga Íslandi landgrunnið allt, enda þótt lögsaga verði ekki látin taka til þess alls þegar í stað, sbr. 2. gr.

Um 2. gr.

Það er Íslandi e. t. v. ofviða að hafa á hendi löggæzlu með allri landgrunnshelginni með þeim varðskipastól, sem við höfum yfir að ráða, enda eru nokkur svæði innan hennar, sem ástæðulaust er að hafa eftirlit með, en önnur svæði eru fiskiauðug, og því er þessi leið valin, að leggja það í vald ríkisstjórnarinnar, hvernig löggæzlunni skuli hagað í því efni. Hins vegar þykir ekki rétt, að ríkisstjórnin hafi algerlega óbundnar hendur í þessu efni, og því er sett ákveðið lágmark og miðað við þá landhelgi, sem þjóðin bjó við áður fyrr, 16 sjómílur, og um leið er gömlum tilskipunum gefið nýtt og aukið gildi í samræmi við álit Alþingis um rétt Íslands í landhelgismálum, er fram kom í bænarskrá Alþingis 9. sept. 1869. Gert er ráð fyrir, að friðunarákvæðin haldist óbreytt þannig, að á þessu svæði, sem er a. m. k. 12 sjómílur, geti aðeins íslenzkt fiskiskip stundað hvers konar veiðar.

Um 3. gr.

Það þykir vel við eiga, að 10 ára afmælis lýðveldisins sé minnzt með því að helga Íslandi allt landgrunnið um ókominn tíma.

Nd. 407. Nefndarálit [111. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 16 12. marz 1947, um menntun kennara.

Frá menntamálanefnd.

Samkvæmt gildandi lögum skal húsmæðrakennaraskólinn starfa í Reykjavík eða nágrenni hennar. Með frv. er lagt til að fella þetta ákvæði niður, svo að fræðslumálastjórnin geti ákveðið skólanum stað utan Reykjavíkur, ef æskilegt teldist.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „Stofna skal húsmæðrakennaraskóla“ komi: Húsmæðrakennaraskóli skal starfa á Íslandi.
2. Við 2. gr. Í stað orðanna „skal þar vera heimavist“ komi: skal, svo fljótt sem auðið er, koma þar upp heimavist.

Alþingi, 27. febr. 1954.

Gunnar Thoroddsen, form., með fyrirvara. Páll Þorsteinsson, fundaskr., frsm. Hannibal Valdimarsson.
Halldór Ásgrímsson. Kjartan J. Jóhannsson.

Sþ. 408. Nefndarálit [126. mál]

um till. til þál. um að fela ríkisstjórninni að gera gagnkvæman höfundaréttarsamning við Bandaríki Ameríku.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað þessa þingsályktunartillögu og leggur til, að hún verði samþykkt.

Einn nefndarmanna (JS) var ekki viðstaddur, þegar nefndin afgreiddi málið, og skrifar því ekki undir nefndarálitið.

Alþingi, 1. marz 1954.

Bernharð Stefánsson, form., frsm. Jóhann Þ. Jósefsson. Sig. Ágústsson.
Emil Jónsson. Karl Guðjónsson. Eiríkur Þorsteinsson.

Sþ. 409. Nefndarálit [149. mál]

um till. til þál. um undirbúning að byggingu þurrkvíar.

Frá allsherjarnefnd.

Nú þegar hefur farið fram töluverð athugun á því, hvað kosta mundi að byggja þurrkví, er tekið gæti 18 þús. smálesta skip, enn fremur hvar hentast mundi

að staðsetja slíkt mannvirki. Virðist svo, samkvæmt þeirri athugun, að tveir staðir komi einkum til greina: í landi Reykjavíkur eða í Hafnarfirði.

Hins vegar hafa ekki verið undirbúnir neinir samningar við bæjaryfirvöldin á þessum stöðum um aðild þeirra að þessu fyrirhugaða mannvirki né afhendingu nauðsynlegs lands til framkvæmdanna. Með þingsályktunartillögu þessari er lagt til, að sá undirbúningur verði látinn fara fram. Telur nefndin það nauðsynlegt, áður en frekari framkvæmdir hefjast, og leggur því til, að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Einn nefndarmanna (JS) var fjarstaddur sökum veikinda, þegar nefndin afgreiddi málið, og skrifar því ekki undir.

Alþingi, 1. marz 1954.

Bernharð Stefánsson, form., frsm. Jóhann Þ. Jósefsson. Sig. Ágústsson.
Emil Jónsson. Karl Guðjónsson. Eiríkur Þorsteinsson.

Ed. 410. Breytingartillögur [93. mál]

við frv. til laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.

Frá Haraldi Guðmundssyni.

1. Við 14. gr. Á eftir „sama“ í 2. málsgr. bætist: eða sams konar.
2. Við 34. gr. Aftan við fyrri málsl. bætist: enda hafi breytingin ekki áhrif til skerðingar á launakjörum hans eða réttindum.
3. Við 36. gr. Á eftir greininni komi ný grein, svolátandi:
   Starfsmenn, sem við gildistöku laga þessara hafa með samningum eða reglugerðum öðlazt fyllri réttindi á þeim sviðum, sem lög þessi taka til, en í lögunum er ákveðið, skulu halda þeim.

Ed. 411. Frumvarp til laga [93. mál]

um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

I. KAFLI
Til hverra lög þessi taka.

1. gr.

Lög þessi taka til hvers manns, sem er skipaður, settur eða ráðinn í þjónustu ríkisins með föstum launum, meðan hann gegnir starfanum, enda verði starf hans talið aðalstarf. Ákvæði í lögum, sem öðruvísi mæla um einstaka flokka starfsmanna, skulu haldast. Rétt er og að setja í ráðningarsamninga forstjóra atvinnufyrirtækja, er ríkið rekur, ákvæði um uppsögn og annað, er kann að vera nauðsynlegt eða heppilegt starfans vegna.

Nú verður ágreiningur um það, hvort starfsmaður skal sæta ákvæðum laga þessara, og sker þá fjármálaráðherra úr. Ef starfsmaður vill eigi hlíta úrskurði ráðherra, getur hann borið málið undir dómstóla, og skal þá höfða mál á hendur fjármálaráðherra.

II. KAFLI
Um veitingu starfa.

2. gr.

Það fer eftir ákvæðum laga um hverja starfsgrein, hver veita skuli, setja í eða ráða í stöður. Nú er eigi um það mælt í lögum, og skal þá svo meta sem sá ráðherra, er starfinn lýtur, geri þá ráðstöfun, en geti þó veitt forstjóra viðkomandi starfsgreinar heimild til að gera það, ef ráðstafa skal hinum vandaminni og ábyrgðarminni stöðum í grein hans.

3. gr.

Almenn skilyrði til þess að fá skipun, setningu eða ráðningu í stöðu eru þessi:

1. 21 árs aldur. Þó má víkja frá þessu aldurslágmarki um vélritunar-, afgreiðslu- og sendilsstörf eða önnur svipuð störf.

Einstök ákvæði í lögum, þar sem annað aldurstakmark er sett, skulu haldast.

2. Lögræði. Þó gildir lögræðiskrafan ekki, þegar undanþága er gerð samkvæmt 1. tölulið.

3. Nauðsynleg heilbrigði, andleg og líkamleg, til þess að gegna þeim starfa, sem hverju sinni er um að ræða.

4. Íslenzkur ríkisborgararéttur. Víkja má þó frá þessu ákvæði, ef telja má sérstaklega eftirsóknarvert að fá erlendan ríkisborgara til að gegna starfa til bráðabirgða, en eigi má skipa hann fyrr en hann hefur öðlazt íslenzkan ríkisborgararétt.

5. Óflekkað mannorð, enda sé þess gætt, að umsækjandi sé ekki að öðru leyti haldinn þeim annmörkum, er gera mundu hann óverðugan til að gegna slíkri stöðu.

6. Almenn menntun og þar að auki sú sérmenntun, sem lögum samkvæmt er krafizt eða eðli málsins samkvæmt verður að heimta til óaðfinnanlegrar rækslu starfans.

7. Fjárforræði, ef stöðu fylgja fjárreiður, svo sem gjaldkera- eða innheimtustörf eða ef svo er fyrir mælt í lögum eða sérstök ástæða þykir til að gera þá kröfu.

Konur og karlar hafa jafnan rétt til opinberra starfa og til sömu launa fyrir sömu störf.

4. gr.

Nú er maður skipaður í stöðu, og ber þá að líta svo á, að hann skuli gegna stöðunni, þar til eitthvert eftirgreindra atriða kemur til:

1. að hann brýtur af sér í starfinu, svo að honum beri að víkja úr því;
2. að hann fullnægir ekki skilyrðum 3. gr. laga þessara;
3. að hann fær lausn samkv. eigin beiðni;
4. að hann hefur náð hámarksaldri, sbr. 13. gr.;
5. að hann flyzt í aðra stöðu hjá ríkinu;
6. að skipunartími hans samkv. tímabundnu skipunarbréfi er runninn út;
7. að staðan er lögð niður, sbr. 14. gr.

5. gr.

Lausa stöðu skal auglýsa í Lögbirtingablaði, venjulega með 4 vikna fyrirvara. Heimilt er að taka til greina umsóknir, sem berast, eftir að liðinn er umsóknarfrestur, enda hafi staðan ekki þegar verið veitt eða í hana sett eða maður í hana ráðinn, eftir að frestur var liðinn.

Veita skal umsækjendum og viðurkenndum félögum opinberra starfsmanna kost á að fá vitneskju um það, hverjir sótt hafa.

Nú hefur staða verið auglýst, en eigi þykir rétt að skipa nokkurn umsækjanda í hana, og má þá setja þann umsækjanda, er næst þykir standa til þess að fá skipun. Veita má slíkum manni stöðu án auglýsingar að nýju, eftir að hann hefur gegnt henni óaðfinnanlega eitt ár eða lengur, enda á hann þá rétt á að fá úr því skorið, hvort hann eigi að fá veitingu.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til starfa í þágu utanríkisþjónustunnar.

6. gr.

Hver sá, er stöðu ráðstafar, getur sett starfsmanni erindisbréf, enda skal að jafnaði setja starfsmanni slík fyrirmæli, ef hann óskar þess, hvort sem það varðar starf hans almennt eða einstaka grein þess eða greinar.

III. KAFLI
Um lausn úr stöðu.

7. gr.

Það stjórnarvald, er veitir stöðu, veitir og lausn frá henni um stundarsakir. Forstjóri starfsgreinar getur þó veitt starfsmanni í þeirri grein lausn um stundarsakir, þótt hann hafi ekki veitt þá stöðu, ef bið þykir hættuleg, en tilkynna skal þá þeim, er stöðu veitir, tafarlaust þá ráðstöfun með skýringu á málavöxtum, enda tekur hann fullnaðarákvörðun um lausnarveitinguna.

Rétt er að veita starfsmanni lausn um stundarsakir, ef hann hefur sýnt í starfi sínu óstundvísi eða aðra vanrækslu, óhlýðni við löglegt boð eða bann yfirmanns síns, vankunnáttu eða óvandvirkni í starfi sínu, hefur verið ölvaður að starfi eða framkoma hans eða athafnir í því eða utan þess þykir að öðru leyti ósæmileg, óhæfileg eða ósamrýmanleg því starfi. Þó skal veita starfsmanni áminningu og gefa honum kost á að bæta ráð sitt, áður en honum er veitt lausn um stundarsakir samkvæmt þessari málsgrein.

Nú hefur starfsmaður fjárreiður eða bókhald með höndum, og má þá veita honum lausn um stundarsakir án áminningar, ef ætla má eða víst þykir, að óreiða sé á bókhaldi eða fjárreiðum, bú hans tekið til gjaldþrotaskipta eða hann leitar nauðasamninga. Sama er, ef starfsmaður er grunaður eða sannur orðinn að háttsemi, er varða kynni sviptingu réttinda samkvæmt 68. gr. almennra hegningarlaga eða heilsu hans er svo farið, að eigi þyki gerlegt að láta hann gegna starfa lengur.

Lausn um stundarsakir skal jafnan vera skrifleg með tilgreindum ástæðum.

8. gr.

Nú hefur starfsmanni ríkisins verið veitt lausn um stundarsakir fyrir meintar misfellur í starfi, og skal þá þegar mál hans rannsakað af kunnáttumönnum eða fyrir dómi að hætti opinberra mála, ef ástæða þykir til, svo að upplýst verði, hvort rétt er að veita honum lausn að fullu eða láta hann aftur taka við starfi sínu.

Úrslit um stöðuna skulu ráðin strax og lokaniðurstöður rannsóknar eru kunnar.

9. gr.

Meðan lausn um stundarsakir stendur, nýtur starfsmaður hálfra fastra launa þeirra, sem stöðu hans fylgja. Embættishúsnæði og jarðnæði, ef um er að ræða, heldur hann, enda komi þau fríðindi til reiknings samkvæmt mati í þeim launum, er hann fær.

Nú fellur niður lausn um stundarsakir, og skal starfsmaður þá fá greiddan þann helming hinna föstu launa, er hann hefur verið sviptur.

Nú tekur sá, sem lausn hefur fengið um stundarsakir, aftur við starfa sínum, og skal þá líta svo á um starfsaldur sem hann hefði gegnt starfanum óslitið.

10. gr.

Hver sá, er skipar starfsmann í stöðu, veitir og lausn úr henni, nema öðruvísi sé sérstaklega fyrir mælt í lögum. Lausn skal veita skriflega og jafnan greindar orsakir, svo sem vegna umsóknar, heilsubrests, tiltekinna ávirðinga o. s. frv.

Í lausnarbréfi skal jafnan kveðið á um það, frá hvaða degi starfsmaður skuli

lausn taka og með hvaða kjörum, svo sem um eftirlaun, sé um þau að ræða, lífeyri, hvenær starfsmaðurinn skuli sleppa íbúð, jarðnæði o. s. frv., eftir því sem við á.

11. gr.

Jafnan skal starfsmanni, sem víkja skal úr stöðu, veittur kostur á að tala máli sínu, áður en ákvörðun er tekin, ef þess er kostur.

Rétt er þeim, er vikið er úr stöðu, að bera málið undir úrlausn dómstóla, enda fari rannsókn slíks máls að hætti opinberra mála. Stefna skal fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs.

Nú er stöðumissir úrskurðaður óréttmætur, og fer þá um bætur til aðila eftir úrskurði dómstóla, nema hlutaðeigendur hafi komið sér saman um annað. Þegar bætur eru metnar, skal hafa til hliðsjónar ástæður starfsmanns, svo sem aldur og atvinnumöguleika, svo og fram komnar málsbætur stöðuveitanda.

12. gr.

Starfsmanni skal víkja úr stöðu að fullu, ef hann hefur verið sviptur með fullnaðardómi rétti til að gegna stöðu þeirri. Nú hefur starfsmaður verið sviptur þeim rétti með dómi í héraði, og skal þá í þeim dómi kveða á um það, hvort það ákvæði hans skuli þegar koma til framkvæmdar eða fresta því, þar til ráðið verður, hvort honum skuli skjóta til æðra dóms, eða þar til úrlausn æðra dóms er fengin.

13. gr.

Starfsmanni skal veita lausn, þegar hann er fullra 70 ára að aldri.

Heimilt er þó starfsmanni að láta af störfum með rétti til eftirlauna og/eða lífeyris, hvenær sem er, eftir að hann er orðinn 65 ára, eða fyrr, ef hann hefur unnið sér þann rétt samkvæmt öðrum lögum.

Ákvæði 1. mgr. þessarar greinar ná ekki til ráðherra og opinberra fulltrúa í þjónustu ríkisins, sem kosnir eru almennri kosningu.

Ef embættismaður, sem hlotið, hefur embætti sitt með almennri kosningu, fer frá samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, skal honum heimilt að sækja um embættið af nýju. Hljóti hann kosningu, skal hann fá veitingu fyrir embættinu um 5 ár.

Halda skulu gildi sínu sérákvæði þau um dómara, er um ræðir í lögum nr. 32 1. apríl 1948.

14. gr.

Nú er staða lögð niður, og skal þá starfsmaður jafnan fá föst laun, er starfanum fylgdu, greidd í 6 mánuði frá því að hann lét af starfi, ef hann hefur verið í þjónustu ríkisins skemur en 15 ár, en í 12 mánuði, eigi hann að baki lengri þjónustualdur, enda hafi hann þá ekki hafnað annarri sambærilegri stöðu á vegum ríkisins.

Ef sama staða er aftur stofnuð innan 5 ára, á starfsmaður að öðru jöfnu rétt til hennar.

Nú hefur maður verið leystur frá starfi vegna þeirra orsaka, sem um getur í grein þessari, eða annarra atvika, sem honum verður ekki sök á gefin, og skal hann þá í 5 næstu ár að öðru jöfnu sitja fyrir um starf í þjónustu ríkisins, er losna kann, ef hann sækir um það.

Starfsaldur hans áður og eftir skal þá saman lagður og veitir þá sömu réttindi sem óslitin þjónusta.

Nú tekur maður, er launagreiðslna nýtur samkvæmt 1. mgr., við starfi í þjónustu ríkisins, áður en liðinn er 6 eða 12 mánaða tíminn, og skulu þá launagreiðslur samkvæmt þessari grein falla niður, ef laun þau, er nýja starfinu fylgja, eru jöfn eða hærri en þau, er hann naut í fyrri stöðunni. Ef launin í nýju stöðunni eru lægri, skal greiða starfsmanni launamismuninn til loka 6 eða 12 mánaða tímabilsins.

15. gr.

Nú vill starfsmaður beiðast lausnar, og skal hann þá gera það skriflega og með þriggja mánaða fyrirvara, nema ófyrirsjáanleg atvik hafi gert starfsmann ófæran til að gegna stöðu sinni eða viðkomandi stjórnvöld samþykki skemmri frest. Skylt er að veita lausn, ef hennar er löglega beiðzt. Þó er óskylt að veita starfsmönnum lausn frá þeim tíma, sem beiðzt er, ef svo margir leita lausnar samtímis eða um líkt leyti í sömu starfsgrein, að til auðnar um starfrækslu þar mundi horfa, ef beiðni hvers um sig væri veitt. Getur stjórnvald þá áskilið lengri uppsagnarfrest, allt að sex mánuðum.

Ákvæði ráðningarsamnings, sem gerður hefur verið fyrir gildistöku laga þessara, eða sérákvæði í lögum, er öðruvísi kveða á, skulu standa.

IV. KAFLI
Um orlof og veikindaleyfi.

16. gr.

Starfsmenn skulu árlega fá orlof í 15 virka daga og einskis í missa af föstum launum. Ef sérstaklega stendur á, má orlof þó vera allt að 18 virkum dögum. Starfsmönnum, er verið hafa í þjónustu ríkisins lengur en 15 ár, má veita orlof allt að 24 virkum dögum. Nánari reglur um orlof skal setja með reglugerð, og skal enn fremur í þeirri reglugerð ákveðið, eftir hvaða reglum þeir taki orlof, er verið hafa í þjónustu ríkisins skemur en eitt ár.

Forstjóri hverrar starfsgreinar eða skrifstofu ákveður í samráði við starfsmenn í hverri röð þeir fái orlof.

Nú tekur starfsmaður ekki orlof tiltekið ár, og er honum þá rétt, með samþykki yfirmanns, að leggja saman orlof þess árs og hins næsta til orlofstöku síðara árið.

Nú tekur starfsmaður ekki orlof samkvæmt beiðni yfirmanns síns, og ber honum þá aukagreiðsla fyrir starf sitt þann tíma. Annars er starfsmönnum óheimilt að taka vinnu í stað orlofs í starfsgrein sinni fyrir endurgjald.

Skylt er starfsmanni að taka orlof, ef yfirmaður hans skipar svo.

Haldast skulu sérreglur í lögum og ráðningarsamningum um orlof starfsmanna í tilteknum greinum eða tilteknum störfum, sbr. 15. gr. Þó sé það aldrei skemmra en lágmark það, sem ákveðið er í 1. mgr. þessarar greinar.

17. gr.

Ákveða skal með reglugerð, hvernig fari um launagreiðslur til starfsmanna í veikindaforföllum svo og til kvenna í fjarvistum vegna barnsburðar.

V. KAFLI
Um launagreiðslur og hlunnindi.

18. gr.

Starfsmenn taka laun samkvæmt lögum eða ráðningarsamningum.

Starfsmönnum er skylt að hlíta breytingum á launakjörum sínum samkvæmt lögum eða reglugerðum, staðfestum af hlutaðeigandi ráðherra, þar sem heimild er til slíks að lögum, enda standi ráðningarsamningar því eigi í gegn.

19. gr.

Þegar laun fara stighækkandi eftir starfsaldri, skal svo fara sem hér segir:

Nú fær starfsmaður launahærri stöðu en hann hafði áður, og tekur hann þá lægstu laun í hinni nýju stöðu, ef þau eru hærri en hæstu laun í hinni fyrri. En ef byrjunarlaun í nýju stöðunni eru jöfn eða lægri en þau, er hann hafði þá í hinni

fyrri, tekur hann næstu laun fyrir ofan þau, er hann hafði þar. Starfsaldur til launahækkunar í nýju stöðunni telst frá því, er hann fékk skipun eða setningu í hana.

Nú tekur starfsmaður við sams konar stöðu og hann hafði áður, og telst starfsaldur hans þá frá skipun eða setningu í hina eldri stöðuna.

Nú tekur maður verr launaða stöðu í sömu starfsgrein en hann hafði áður, og fær hann þá laun í nýju stöðunni, sem næst eru þeim launum eða hærri en þau laun, er hann hafði í fyrri stöðunni. Ef hann tekur stöðu í annarri starfsgrein, þá fær hann hæstu laun þar, ef þau eru lægri eða jafn há þeim, er hann hafði. En ef þau eru hærri, þá tekur hann þau, er hann hafði í eldri stöðunni.

Nú tekur starfsmaður við stöðu aftur, sem hann hafði farið úr, og er þá rétt að telja saman allan starfstímann.

20. gr.

Föst laun greiðast fyrir fram mánaðarlega fyrsta starfsdag hvers mánaðar. Greidd laun eru óafturkræf, þótt starfsmaður andist eða verði leystur frá starfa, áður en mánuður er liðinn.

Nú tekur maður við starfa eftir fyrsta dag mánaðar, og fær hann þá laun í réttu hlutfalli við tölu þeirra daga, sem eftir eru af þeim mánuði.

21. gr.

Nú er starfsmaður leystur frá starfa vegna vanheilsu eða slysa, sem honum verður ekki með skynsamlegu mati gefin sök á, og ber þá að greiða honum þau föstu laun, er stöðu hans fylgja, í þrjá mánuði.

Nú tekur maður, sem látið hefur af starfi vegna vanheilsu, aftur við starfi í starfsgrein sinni, og skal þá starfsaldur hans áður og eftir lagður saman og veitir þá sama rétt og óslitin þjónusta.

Um greiðslu til maka látins starfsmanns fer eftir ákvæðum 1. mgr.

22. gr.

Þegar einhver hluti launa er greiddur í fríðu, svo sem jarðarafnotum, húsnæði, ljósi, hita, fæði og öðru, skulu þessi hlunnindi metin árlega af yfirskattanefnd í því umdæmi, sem starfsmaður er búsettur í, og matsverðið dregið frá heildarlaununum.

Ákvörðun yfirskattanefndar má skjóta til ríkisskattanefndar, sem fellir fullnaðarúrskurð í málinu. Húsnæði ráðherra og risnufé, sem ákveðið er í fjárlögum, telst ekki til embættislauna.

23. gr.

Óheimilt er starfsmanni að gefa út ávísanir á laun, sem ekki eru í gjalddaga komin, nema fjármálaráðuneytið veiti til þess samþykki sitt hverju sinni. Sú heimild má þó ekki fara fram úr fjórðungi árslauna. Enginn vinnur rétt samkvæmt slíkri ávísun, nema samþykki sé fengið.

24. gr.

Nú þykir hlýða, að dómi ráðherra, að starfsmaður beri einkennisbúning eða einkennismerki önnur í starfi sínu, og ber ríkissjóði að leggja hann eða þau merki til starfsmanni að kostnaðarlausu eftir þeim reglum, er ráðherra setur.

25. gr.

Konur, er veita heimili forstöðu, eiga rétt til þess að vinna tvo þriðju hluta ákveðins vinnutíma gegn samsvarandi frádrætti í launum, enda megi slíkt verða að skaðlausu.

Samsvarandi ívilnun má og öðrum veita, er sérstaklega er farið, svo sem vegna heilsuveilu.

26. gr.

Nú gegnir starfsmaður samkvæmt ákvörðun stjórnvalds jafnhliða sínum starfa öðrum starfa, og fær hann þá hálf þau föstu byrjunarlaun, er þeim starfa fylgja, og aukatekjur allar. Ef slíkum starfa er skipt milli tveggja eða fleiri starfsmanna, kveður ráðherra á um þóknun hvers þeirra með hliðsjón af vinnu og aðstöðu að öðru leyti.

27. gr.

Fjármálaráðherra ákveður með reglugerð daglegan vinnutíma starfsmanna svo og þóknun fyrir verk, sem unnin eru utan þess tíma.

VI. KAFLI
Skyldur starfsmanna.

28. gr.

Starfsmanni er skylt að rækja starf sitt með alúð og samviskusemi í hvívetna. Hann skal gæta kurteisi, lipurðar og réttsýni í starfi sínu. Hann skal forðast að hafast nokkuð það að í starfi sínu eða utan þess, sem er honum til vanvirðu eða álitshnekkis eða varpað getur rýrð á það starf eða starfsgrein, er hann vinnur við.

29. gr.

Skylt er starfsmanni að hlýða löglegum fyrirskipunum yfirmanna um starf sitt.

30. gr.

Starfsmenn skulu koma stundvíslega til starfa, hvort heldur er að morgni eða eftir hlé. Skrifstofustjórar og aðrir yfirmenn skulu fylgjast með stundvísi starfsmanna. Hafa skal stimpilklukkur í skrifstofum og vinnustofum, þar sem því verður við komið, og halda skrá um hvernig starfsmenn koma til vinnu.

Starfsmanni er skylt að vinna án endurgjalds yfirvinnu allt að tvöföldum þeim tíma, er hann hefur verið frá starfi án gildra forfalla, eða hlíta því, að dregið sé af launum sem því nemur.

Nú sýnir starfsmaður óstundvísi og vanrækslu í starfi sínu og lætur ekki skipast við áminningu yfirboðara, og varðar það brottvikningu um stundarsakir eða fyrir fullt og allt, ef miklar sakir eru.

31. gr.

Skylt er starfsmönnum að vinna yfirvinnu, sem yfirboðarar telja nauðsynlega. Þó er engum starfsmanni, nema þeim, er gegnir lögreglustörfum eða annarri öryggisþjónustu, skylt að vinna meiri yfirvinnu í viku hverri en nemur þriðjungi af lögmæltum vikulegum vinnutíma.

32. gr.

Hverjum starfsmanni er skylt að gæta þagmælsku um atriði, er hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkv. lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli málsins. Þagnarskyldan helzt, þótt látið sé af starfi.

33. gr.

Skylt er starfsmanni að hlíta breytingum lögum samkvæmt á störfum hans og verkahring frá því, er hann tók við starfi, enda hafi breytingin ekki áhrif til skerðingar á launakjörum hans eða réttindum. Sama er um breytingar, er yfirmaður ákveður, en þeirri ákvörðun má skjóta til ráðherra.

VII. KAFLI
Um aukastörf.

34. gr.

Heimilt er að fela starfsmanni að vinna fyrir sanngjarnt endurgjald aukastörf í þágu ríkisins, enda valdi það ekki vanrækslu á þeim störfum, er stöðu hans fylgja.

Áður en starfsmaður stofnar til atvinnurekstrar, hyggst að taka við starfi í þjónustu annars aðila en ríkisins gegn varanlegu kaupi eða ganga í stjórn atvinnufyrirtækis, ber honum að skýra því stjórnvaldi, er veitti stöðuna, frá því. Innan tveggja vikna skal starfsmanni skýrt frá því, ef áðurnefnd starfsemi telst ósamrýmanleg stöðu hans, og honum bannað að hafa hana með höndum. Bera má slíkt bann undir ráðherra.

Rétt er að banna starfsmanni slíka starfsemi sem í 2. málsgrein segir, ef það er síðar leitt í ljós, að hún megi ekki saman fara starfi hans í þjónustu ríkisins.

VIII. KAFLI
Starfsmenn Alþingis.

35. gr.

Forsetar Alþingis hafa aðild og úrskurðarvald um réttindi og skyldur starfsmanna þingsins samkvæmt lögum þessum.

IX. KAFLI
Um félagsskap starfsmanna.

36. gr.

Við samning reglugerða samkvæmt lögum þessum svo og við endurskoðun þeirra skal jafnan gefa Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja kost á að fylgjast með og fjalla fyrir hönd félaga sinna um ágreiningsatriði þau, sem upp kunna að koma.

X. KAFLI
Um gildistöku, afnám laga o. fl.

37. gr.

Með gildistöku laga þessara falla úr gildi eftirfarandi fyrirmæli:

1. Tilskipun 3. febr. 1836, IV.
2. Konungsbréf 8. apríl 1844 um íslenzkukunnáttu þeirra, er sækja um embætti á Íslandi.
3. Opið bréf 31. maí 1855 um ávísanir embættislauna og þess konar, sem og um borgun slíkra launa fyrirfram.
4. Konungsúrskurður 27. maí 1857 um íslenzkukunnáttu embætismannaefna.
5. Konungsúrskurður 8. febr. 1863 um próf í íslenzku.
6. Lög nr. 37 11. júlí 1911, um rétt kvenna til embættisnáms, námsstyrks og embætta, 3. gr.
7. Lög nr. 71 28. nóv. 1919, um laun embættismanna, 1.—7. gr.
8. Lög nr. 27 9. jan. 1935, um aldurshámark opinberra embættis- og starfsmanna, og lög nr. 5 31. jan. 1947, um breyting á þeim lögum, að því er snertir þá opinbera starfsmenn, er lög þessi taka til.
9. Lög nr. 60 12. marz 1945, um laun starfsmanna ríkisins, 34. gr., 40. gr. (Bráðabirgðaákvæði).
10. Önnur fyrirmæli, er fara kunna í bág við ákvæði laga þessara.

38. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1954.

Ed. 412. Breytingartillögur [12. mál]

við frv. til áfengislaga.

Frá Haraldi Guðmundssyni.

1. Við 2. gr. Í stað orðanna „3½% af vínanda að þunga“ komi 2¼% af vínanda að rúmmáli.
2. Við 28. gr. Á eftir greininni komi ný grein, svolátandi:

   Á árunum 1955—1964 skal leggja til hliðar ákveðinn hundraðshluta af hreinum ágóða Áfengisverzlunar ríkisins. Árið 1955 skal þessi hundraðshluti nema 10% af hreinum ágóða verzlunarinnar, en síðan skal hann hækka árlega um 10% af ágóðanum, þar til árið 1964, að allar tekjurnar eru lagðar til hliðar.

   Fé því, er þannig aflast, skal ráðstafa sem hér segir:

   Helmingi fjárins skal varið til byggingar drykkjumannahæla og lækningastöðva handa drykkjumönnum, sjúkrahúsa, lækninga- og heilsuverndarstöðva, elliheimila og hæla og vinnuheimila fyrir öryrkja. Hinum helmingnum skal varið til þess að veita hagkvæm og ódýr lán til byggingar verkamannabústaða, smáíbúða, félagsheimila og gistihúsa, sem ekki hafa vínveitingaleyfi.

   Ríkisstjórnin setur nánari reglur um styrki og lánveitingar samkvæmt þessari grein.

Sþ. 413. Tillaga til þingsályktunar [158. mál]

um undirbúning sjónvarps.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að verja í samráði við ríkisútvarpið allt að 100000 kr. til þess að rannsaka skilyrði til sjónvarps hér á landi og til undirbúnings framkvæmdum, ef rannsóknin leiðir í ljós, að þær séu tímabærar og viðráðanlegar.

Greinargerð.

Sjónvarp er nú orðið almenningseign í mörgum löndum, og breiðist notkun þess mjög út. Í fyrstu voru sjónvarpssendingar afar dýrar og ýmsum tæknivandkvæðum bundnar. En undanfarið hafa framfarir í sjónvarpstækni verið geysiörar, og sjálft sjónvarpið og móttaka þess hefur orðið miklu einfaldari og viðráðanlegri en áður. Fyrir rúmu ári höfðu 13 þjóðir þegar hafið reglulegar sjónvarpssendingar, 11 höfðu hafið tilraunir með sjónvarp og 30 voru að undirbúa starfsemi eða tilraunir á þessu sviði. Á síðasta ári hafa án efa ýmsar þjóðir bætzt við, svo að tölur þessar eru nú vafalaust allar hærri.

Fram til þessa hefur verið talið, að sjónvarp sé svo dýrt, að Íslendingum yrði um megn að efna til þess. Nú er hins vegar full ástæða til þess að ætla, að kostnaður við sjónvarp sé að lækka svo mikið og svo ört, að tímabært sé fyrir Íslendinga að hefja athugun á því, hver skilyrði væru hér til slíkrar starfsemi. Fyrsta sporið ætti auðvitað að vera að afla sérþekkingar í nýjustu sjónvarpstækni og athuga skilyrði hér, bæði frá tæknilegu og fjárhagslegu sjónarmiði. Er því í tillögu þessari lagt til, að ríkisstjórninni verði heimilað að verja allt að 100000 kr. í þessu skyni. Eðlilegt er, að ríkisútvarpinu verði falin þessi athugun, og er því í tillögunni gert ráð fyrir því, að fénu sé varið í samráði við við það.

Nd. 414. Frumvarp til laga [159. mál]

um breyting á lögum nr. 61/1947, um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Í stað orðanna „allt að 100 rúmlestir brúttó“ í 1. málsgr. 2. gr. laganna komi: allt að 150 rúmlestir brúttó.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir beiðni stjórnar Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum, og fylgdi því svo hljóðandi athugasemd:

„Á þeim 16 árum, sem liðin eru síðan sett voru lög um vátryggingarfélög fyrir vélbáta, hefur orðið stórfelld breyting á stærð vélabáta, svo að ákvæði laganna um hámarksstærð skyldutryggðra skipa eru algerlega úrelt.“

Nefndarmenn áskilja sér óbundna afstöðu til frumvarpsins.

Nd. 415. Nefndarálit [122. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 1. apríl 1948, um sóknargjöld.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta, sem komið er frá Ed. og flutt að tilhlutun kirkjumálaráðherra. Nefndin er á einu máli um nauðsyn þess að rýmka heimild til hækkunar sóknargjalda og leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 1. marz 1954.

Gunnar Thoroddsen, form., frsm. Páll Þorsteinsson, fundaskr. Halldór Ásgrímsson.
Hannibal Valdimarsson. Kjartan J. Jóhannsson.

Nd. 416. Frumvarp til laga [160. mál]

um breyting á lögum nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla.

Flm.: Jón Pálmason.

1. gr.

90. tölul. í 1. gr. laganna orðist svo:
Höfðakaupstaður: Höskuldsstaða-, Höfða- og Hofssóknir.
Prestssetur: Höfðakaupstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði.

Kirkjumálaráðherra er heimilt að taka á leigu eða kaupa prestssetur hús í Höfðakaupstað og leigja eða selja jörðina Höskuldsstaði.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni prestsins á Höskuldsstöðum og í samráði við kirkjumálaráðherra.

Um það bil ⅔ af safnaðarfólki í prestakallinu eru í Höfðasókn, en núverandi prestssetur er nálega á endamörkum prestakallsins.

Sþ. 417. Nefndarálit [112. mál]

um till. til þál. um rannsókn byggingarefna.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna og sent hana til umsagnar teiknistofu landbúnaðarins, sem mælir eindregið með henni. Nefndin leggur einróma til, að tillagan verið samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta í samráði við teiknistofu landbúnaðarins rannsaka, hvaða byggingarefni í heyhlöður, peningshús, verkfærageymslur o. fl. muni bezt henta og vera ódýrast með tilliti til notagildis. Skal lögð á það sérstök áherzla að afla vitneskju um erlendar nýjungar í þessu efni.

Leiði rannsókn í ljós, að til þessara hluta sé fáanlegt erlendis hentugra og ódýrara byggingarefni en notað er hér eða völ er á innanlands, skal gera ráðstafanir, ef með þarf, til að greiða fyrir innflutningi á því.

Alþingi, 1. marz 1954.

Pétur Ottesen, form.	Björn Björnsson, fundaskr.	Halldór Ásgrímsson, frsm.
Hannibal Valdimarsson.	Karl Kristjánsson.	Magnús Jónsson.
Jón Kjartansson.	Jónas G. Rafnar.	Lúðvík Jósefsson.

Nd. 418. Frumvarp til laga [111. mál]

um breyting á lögum nr. 16 12. marz 1947, um menntun kennara.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

1. málsl. 38. gr. laganna orðist svo:

Húsmæðrakennaraskóli skal starfa á Íslandi.

2. gr.

39. gr. laganna orðist svo:

Þegar skólinn fær eigið húsnæði, skal, svo fljótt sem auðið er, koma þar upp heimavist fyrir nemendur, er búa sig undir kennarastörf við húsmæðraskóla.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 419. Breytingartillaga [12. mál]

við frv. til áfengislaga.

Frá Haraldi Guðmundssyni.

Við 7. gr. Í stað „3½% af vínanda að þunga“ í 2. málsgr. komi: 2¼% af vínanda að rúmmáli.

Ed. 420. Breytingartillaga [12. mál]

við frv. til áfengislaga.

Frá Bernharð Stefánssyni, Sigurði Ó. Ólafssyni, Lárusi Jóhannessyni og Andrési Eyjólfssyni.

Við 12. gr. Orðin „ef telja má, að veitingahúsreksturinn sé aðallega fyrir erlenda ferðamenn“ í 3. málsgr. falli niður.

Ed. 421. Breytingartillögur [12. mál]

við frv. til áfengislaga.

Frá Páli Zóphóníassyni.

1. Við 9. gr.
   a. 2. málsl: orðist svo: Ríkisstjórnin ákveður jafna álagningu til allra með hliðsjón af áfengisstyrkleika og innkaupsverði.
   b. Síðasti málsl. falli niður.
2. Við 12. gr.
   a. C-liður í 1. málsgr. falli niður.
   b. Í stað „a—c-liða“ í 3. málsgr. komi: a—b-liða.
3. Við 18. gr. Í stað orðanna „10., 11. og 12. gr. segir“ komi: 10., 11., 12. og 20. gr. segir.

Ed. 422. Breytingartillaga [12. mál]

við frv. til áfengislaga.

Frá Bernharð Stefánssyni.

Við 10. gr. 2., 3. og 4. málsgr. greinarinnar falli niður.

Nd. 423. Frumvarp til áfengislaga. [12. mál]

(Eftir 3. umr. í Ed.)

Samhljóða þskj. 402 með þessum breytingum:

12. gr. hljóðar svo:

Í kaupstöðum, þar sem áfengisútsala er, getur dómsmálaráðherra veitt veitingahúsum, einu eða fleirum, leyfi til vínveitinga, þegar eftirtalin skilyrði eru fyrir hendi:

a. Að veitingahúsið hafi á boðstólum mat og fjölbreytta óáfenga drykki.
b. Að veitingahúsið sé að dómi stjórnar Sambands gistihús- og veitingahúseigenda fyrsta flokks.

Áður en vínveitingaleyfi er veitt, skal leita umsagnar bæjarstjórnar og áfengisvarnanefndar í þeim kaupstað, sem í hlut á.

Utan kaupstaða er dómsmálaráðherra og heimilt, að uppfylltum skilyrðum a.—b.-liða 1. málsgr., að veita veitingahúsum leyfi til vínveitinga, ef telja má, að veitingahúsreksturinn sé aðallega fyrir erlenda ferðamenn.

Vínveitingaleyfi skulu eigi veitt lengur en til fjögurra ára í senn. Veitingaleyfi skal bundið við nafn og veitir leyfishafa aðeins rétt til veitinga í því húsnæði, er hann hefur, þegar honum er veitt leyfið.

Ef áfengisútsala er lögð niður í kaupstað samkvæmt ákvæðum 10. gr., verður vínveitingaleyfi veitingahúss í þeim kaupstað ekki framlengt að gildistíma þess loknum.

Veitingaleyfi má binda þeim skilyrðum, sem dómsmálaráðherra telur nauðsynleg, m. a. er heimilt að binda leyfið eingöngu við veitingar léttra vína. Ef veitingamaður brýtur gegn settum skilyrðum eða uppfyllir þau ekki lengur, skal hann þegar missa vínveitingaleyfi sitt. Fyrir vínveitingaleyfi skal greiða í hvert sinn kr. 4000.00 í ríkissjóð.

Dómsmálaráðherra skipar eftirlitsmann, einn eða fleiri, með öllum þeim veitingastöðum, er vínveitingaleyfi hafa, og skulu leyfishafar greiða laun eftirlitsmanns og allan kostnað af starfi hans eftir ákvörðun ráðherra. Eftirlitsmaðurinn skal gæta þess, að settum reglum sé í hvívetna fylgt um vínveitingar, og má stöðva þær, ef út af er brugðið, enda skal hann tafarlaust kæra öll brot, er hann verður áskynja um. Eftirlitsmaðurinn hefur heimild til aðgangs hvarvetna þar, sem vínveitingar fara fram samkvæmt þessari grein eða 20. gr. laga þessara.

Nánari fyrirmæli um vínveitingar, þar á meðal um veitingatíma, eftirlit á veitingastað og álagningu, skulu sett í reglugerð.

18. gr. hljóðar svo:

Með þeirri undantekningu, sem í 10., 11., 12. og 20. gr. segir, skal öllum óheimilt að veita, selja eða láta af hendi áfengi til annarra manna gegn því, að gjald eða annað verðmæti komi fyrir.

28. gr. hljóðar svo:

Í öllum skólum, er opinbers styrks njóta, skal fara fram fræðsla um áhrif áfengisnautnar. Sérstaka áherzlu skal leggja á að upplýsa, hvaða áhrif ofnautn áfengis hefur á líkama mannsins, vinnuþrek, siðferðisþroska hans og sálarlíf, á heimili manna, umgengnisvenjur og almenna siðfágun, á fjárhag einstaklinga og þjóðarinnar, á öryggi í vandasömu starfi og atvinnu manna almennt. Enn fremur skal veita fræðslu um það, hver sé öruggasta leiðin til að forðast ofnautn áfengis.

Fræðslumálastjórninni skal skylt að sjá svo um, að skólarnir eigi þess jafnan kost að fá hentugar kennslubækur og kennslukvikmyndir, eftir því sem við á á hverju skólastigi.

Ráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um fræðslu samkvæmt þessari grein, þar á meðal um fjölda kennslustunda í hverjum skóla.

49. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 424. Breytingartillaga [137. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 119 28. des. 1950, um stjórn flugmála.

Frá Bjarna Benediktssyni.

Í stað „flugmála- og flugvallastjóra“ í 1. gr. komi: flugmálastjóra.

Ed. 425. Frumvarp til laga [84. mál]

um Kirkjubyggingasjóð.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Kirkjubyggingasjóður. Hlutverk sjóðsins er að veita þjóðkirkjusöfnuðunum vaxtalaus lán til kirkjubygginga í sóknum landsins og til varanlegra endurbóta á eldri kirkjum.

2. gr.

Ríkissjóður skal greiða í Kirkjubyggingasjóð kr. 500000.00 á ári næstu 20 ár.

Biskup landsins hefur á hendi stjórn og reikningshald Kirkjubyggingasjóðs, og skulu reikningar sjóðsins árlega birtir í Stjórnartíðindum.

3. gr.

Ekki má veita lán úr sjóðnum samkv. 1. gr., nema teikning að kirkjubyggingu eða endurbót eldri kirkju hafi verið samþykkt af þriggja manna nefnd, er í skulu eiga sæti biskup landsins, húsameistari ríkisins og þriðji maður, sem kirkjumálaráðherra skipar. Árlegar tekjur kirkjunnar skulu vera til tryggingar láninu. Lánsupphæðin miðast við stærð kirkju og má nema allt að kr. 200.00 á hvern teningsmetra, þó aldrei meiru en kr. 1000.00 á hvern fermetra gólfflatar. Byggingarlánin endurgreiðast með jöfnum árlegum afborgunum á 50 árum.

Til endurbóta eldri kirkna má eigi veita hærri lán en sem svarar ¼ kostnaðar, samkvæmt reikningum, sem biskup úrskurðar. Lánin endurgreiðast á 20 árum með jöfnum afborgunum.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1955.

Bráðabirgðaákvæði.

Endurgreiða skal úr Kirkjubyggingasjóði vexti af lánum þeim til kirkjubygginga og endurbóta eldri kirkna, er tekin hafa verið eftir árslok 1945, enda sanni kirkjureikningar, að lánin nemi ekki stærri hluta af byggingar- og viðgerðarkostnaði en sagt er í 3. gr.

Sþ. 426. Fyrirspurnir. [161. mál]

I. Til ríkisstjórnarinnar um kostnað vegna verndar hugverka o. fl.

Frá Lárusi Jóhannessyni.

1. Hve miklar gjaldeyristekjur hafa íslenzka þjóðarbúinu hlotnazt frá öðrum löndum fyrir þýðingarrétt íslenzkra bóka og flutningsrétt íslenzkra tónverka og leikrita, síðan Ísland gekk í Bernarsambandið?

2. Hversu mikið fé hefur ríkisútvarpið greitt erlendum réttareigendum fyrir flutningsrétt erlendrar hljómlistar og erlendra leikrita og skáldsagna á sama tíma?
3. Hversu mikið fé hefur þjóðleikhúsið greitt fyrir hið sama?
4. Hversu mikinn erlendan gjaldeyri hafa gjaldeyrisyfirvöldin veitt bóka- og blaðaútgefendum á sama tíma til greiðslu fyrir þýðingarrétt erlendra bóka og blaðagreina?
5. Hversu mörgum beiðnum um sams konar gjaldeyrisleyfi hafa gjaldeyrisyfirvöldin synjað á sama tíma?

II. Til ríkisstjórnarinnar um lán til sementsverksmiðju.

Frá Gils Guðmundssyni.

Hvað hefur verið gert af hálfu ríkisstjórnarinnar í því skyni að afla lánsfjár til byggingar sementsverksmiðju?

Hverjar vonir standa til þess, að nauðsynlegt fé fáist, svo að byggingarframkvæmdir geti hafizt?

III. Til ríkisstjórnarinnar um rannsókn á greiðslugetu atvinnuveganna.

Frá Gils Guðmundssyni.

Hefur ríkisstjórnin látið framkvæma rannsókn þá á greiðslugetu og afkomu atvinnuvega þjóðarinnar, sem samþykkt var í sameinuðu Alþingi 17. des. 1952 að fram skyldi fara og lokið fyrir 1. nóv. 1953?

Sé rannsókn þessari lokið: Hver varð í megindráttum niðurstaða hennar?

Sé rannsókninni enn ekki lokið: Hvenær má vænta þess, að henni ljúki og gerð verði grein fyrir niðurstöðu hennar?

Sþ. 427. Fjáraukalög [104. mál]

fyrir árið 1951.

(Afgreidd frá Sþ. 3. marz.)

Samhljóða þskj. 397.

Sþ. 428. Þingsályktun [126. mál]

um að fela ríkisstjórninni að gera gagnkvæman höfundaréttarsamning við Bandaríki Ameríku.

(Afgreidd frá Sþ. 3. marz.)

Samhljóða þskj. 307.

Sþ. 429. Þingsályktun [149. mál]

um undirbúning að byggingu þurrkvíar.

(Afgreidd frá Sþ. 3. marz.)

Samhljóða þskj. 381.

Sþ. 430. Þingsályktun [112. mál]

um rannsókn byggingarefna.

(Afgreidd frá Sþ. 3. marz.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta í samráði við teiknistofu landbúnaðarins rannsaka, hvaða byggingarefni í heyhlöður, peningshús, verkfærageymslur o. fl. muni bezt henta og vera ódýrast með tilliti til notagildis. Skal lögð á það sérstök áherzla að afla vitneskju um erlendar nýjungar í þessu efni.

Leiði rannsókn í ljós, að til þessara hluta sé fáanlegt erlendis hentugra og ódýrara byggingarefni en notað er hér eða völ er á innanlands, skal gera ráðstafanir, ef með þarf, til að greiða fyrir innflutningi á því.

Nd. 431. Nefndarálit [79. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur einróma til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 3. marz 1954.

Björn Björnsson, form. Kjartan J. Jóhannsson, fundaskr. Jónas G. Rafnar, frsm.
Gylfi Þ. Gíslason. Páll Þorsteinsson.

Ed. 432. Lög [105. mál]

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1951.

(Afgreidd frá Ed. 4. marz.)

Samhljóða þskj. 179.

Ed. 433. Nefndarálit [146. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 34 18. febr. 1953, um verðjöfnun á olíu og benzíni.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur einróma til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 4. marz 1954.

Hermann Jónasson, form., frsm. Lárus Jóhannesson, fundaskr. Guðm. Í. Guðmundsson.
Sigurður Ó. Ólafsson. Páll Zóphóníasson.

Nd. 434. Frumvarp til laga [162. mál]

um breyting á lögum nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis.

Flm.: Gils Guðmundsson, Bergur Sigurbjörnsson.

1. gr.

Aftan við 33. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Umboðsmenn eiga ekki kröfu til þess að skoða meðmælendaskrár annarra frambjóðenda eða annarra framboðslista, nema vafi leiki á, að meðmælendur séu allir á kjörskrá eða tala þeirra nægileg. Skulu umboðsmenn, er slík athugun meðmælendaskránna fer fram, gefa skriflegt drengskaparheit um að skýra engum frá, hvaða nöfn séu á þeim meðmælendaskrám, sem þeir þannig fá að sjá frá hinum frambjóðendunum.

2. gr.

84. gr. laganna orðist þannig:

Er kjósandi kemur inn í kjörfundarstofuna, gengur hann fyrir oddvita. Áður en kjósanda er fenginn kjörseðill, skal hann sanna kjörstjóra, hver hann sé, á þann hátt, er kjörstjórn telur fullnægjandi.

Telji kjörstjórn vafa á, að nægilega sé sannað, hver maðurinn sé, er honum kostur ger að fá inn með sér tvo kjósendur, sem kjörstjórnin þekkir, og ef þeir vilja lýsa yfir, að viðlögðum drengskap, að maðurinn sé sá, sem hann kveðst vera, telst það næg sönnun, en geta skal þessa í kjörbókinni. Að því búnu ganga vitni þessi út, en kjósandi verður eftir.

Í Reykjavík og annars staðar, þar sem nauðsyn ber til að dómi yfirkjörstjórnar, skal kjósandi leggja fram nafnskírteini, er sanni, hver hann er. Um útgáfu slíkra nafnskírteina skal ákveða nánar með reglugerð.

Er kjósandi hefur þannig sannað, hver hann er, skal oddviti fá honum kjörseðil, ef hann á rétt til að greiða atkvæði samkvæmt kjörskránni.

3. gr.

97. gr. laganna orðist þannig:

Atkvæðagreiðslu má ekki slíta, fyrr en 8 klukkustundir eru liðnar frá því að kjörfundur hófst, og ekki fyrr en hálf klukkustund er liðin frá því að kjósandi gaf sig síðast fram. Atkvæðagreiðslu má þó slíta, er allir, sem á kjörskrá standa, hafa greitt atkvæði, og eftir 5 klukkustundir, ef öll kjörstjórnin og umboðsmenn eru sammála um það, enda sé þá hálf klukkustund liðin frá því kjósandi gaf sig síðast fram. Nú hefur kjörfundur staðið í 12 klukkustundir, og má þá slíta honum, þegar fjórðungur stundar er liðinn frá því að kjósandi gaf sig síðast fram.

Kjörfundi skal þó aldrei slíta síðar en kl. 24 á kjördag.

4. gr.

Aftan við 103. gr. bætist nýjar málsgr., svo hljóðandi:

Frambjóðendum og umboðsmönnum þeirra er óheimilt að senda frá sér upplýsingar af kjörfundi um það, hvaða kjósendur koma og neyta atkvæðisréttar síns. Enn fremur er frambjóðendum og umboðsmönnum þeirra á kjörfundi óheimilt að skrifa hjá sér, hverjir greiða atkvæði, og óheimilt að hafa með sér á kjörfundi aðrar skrár eða spjaldskrár en kjörskrána óbreytta.

Skal oddviti kjörstjórnar hafa eftirlit með því, að frambjóðendur og umboðsmenn þeirra hafist ekki annað að á kjörfundi en að fylgjast með því, að kosning fari fram lögum samkvæmt.

5. gr.

4. tölul. 110. gr. laganna orðist þannig:

ef kross er markaður annars staðar en fyrir er mælt í 87.—89. gr., áletrun er á seðlinum fram yfir það, sem fyrir er mælt í lögum þessum, eða annarleg merki, sem til þess eru fallin að gera seðilinn auðkennilegan, svo sem ef fleiri en einn kross er markaður, þótt við sama frambjóðanda eða listabókstaf sé, kross markaður utan þeirrar skákar á seðlinum, þar sem nafn frambjóðanda eða listabókstafur er skráður, eða ef eitthvað er innan í utankjörstaðarseðli, sem til þess er fallið að auðkenna hann sérstaklega.

6. gr.

3. tölul. 139. gr. orðist þannig:

Að reyna að hafa áhrif á atkvæðagreiðslu, hvort sem er með ræðuhöldum, prentuðum eða skrifuðum ávörpum, með því að bera eða hafa uppi flokksmerki eða merki lista eða með auglýsingum á sjálfum kjörstaðnum, þ. e. í kjörfundarstofu, kjörklefa eða annars staðar í eða á þeim húsakynnum, þar sem kosning fer fram, svo og í næsta nágrenni.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Kosningalög þau, sem nú gilda hér á landi, eru í meginatriðum frá árinu 1942. Þá var um þetta mikilvæga efni sett löggjöf, sem var í ýmsum efnum víðtækari en eldri lög um kosningar til Alþingis. Svo sem eðlilegt má teljast um jafnumfangsmikla og að mörgu leyti vandasama löggjöf sem kosningalög eru, hefur reynslan leitt í ljós nokkra agnúa á lagasetningu þessari, sem full ástæða virðist til að sníða af lögunum, einkum með því að kveða skýrar á um einstök atriði en þar er gert.

Frumvarp það, sem hér er flutt, miðar að því að breyta nokkrum þeim ákvæðum kosningalaganna, sem reynsla undanfarinna ára bendir ótvírætt til að lagfæra þurfi eða setja um ákveðnari fyrirmæli en áður hafa gilt.

Um einstakar greinar frumvarpsins vilja flm. einkum taka þetta fram:

Um 1. gr.

Umboðsmenn frambjóðenda eða framboðslista hafa haft aðstöðu til að athuga og jafnvel afrita að einhverju eða öllu leyti meðmælendaskrár frambjóðenda og framboðslista, án þess að þeim sé gert að skyldu að fara með slíka vitneskju sem trúnaðarmál. Hefur sterkur orðrómur leikið á um það, að sú vitneskja, sem þannig er fengin, hafi verið notuð til að þröngva mönnum með ýmsum hætti vegna skoðana þeirra. Það er að sjálfsögðu andstætt tilgangi lýðræðislegrar kosningalöggjafar að fá óhlutvöndum mönnum gögn í hendur, sem þeir gætu notað til skoðanakúgunar. Til þess að fyrirbyggja þessa hættu, eftir því sem við verður komið, leggjum við til, að aftan við 33. gr. kosningalaganna bætist ákvæði, er takmarkar rétt umboðsmanna til að kanna meðmælendaskrár annarra frambjóðenda og framboðslista.

Um 2. gr.

Helzta nýmæli hennar er það, að í Reykjavík og annars staðar, þar sem nauðsyn þykir bera til að dómi yfirkjörstjórnar, skuli kjósandi leggja fram nafnskírteini, er sanni, hver hann er. Þetta ákvæði virðist nauðsynlegt í jafnstórri borg og Reykjavík er orðin. Það er með öllu útilokað, að kjörstjórar þekki nema lítinn hluta kjósenda í svo fjölmennum bæ. Verður því, þar sem svo háttar, að leggja þá skyldu á kjósandann, að hann færi á það sönnur, að hann sé sá, sem hann segist vera.

Þetta verður naumast gert, svo að viðhlítandi sé, með öðrum hætti en þeim, sem hér er lagt til. Ákvæði um þetta atriði mega ekki vera svo rúm, að þau gefi óhlutvöndum mönnum tækifæri til kosningasvika.

Um 3. gr.

Helztu nýmæli þessarar greinar er það, að kjörfundur megi aldrei standa lengur en til miðnættis. Verður að líta svo á, að þá sé hinn ákveðni kjördagur liðinn. Hins vegar hafa ákvæði kosningalaganna um þetta atriði ekki verið ótvíræð. Hefur því kosning, a. m. k. í Reykjavík, verið látin dragast langt fram yfir miðnætti, án þess að nokkur rök mæli með því. Eðlilegast virðist, að um þetta séu skýr ákvæði í lögum.

Um 4. gr.

Í þessari grein er lagt bann við því, að umboðsmenn flokka og frambjóðenda í kjördeildum sendi frá sér upplýsingar um það, hverjir neyta atkvæðisréttar síns. Hefur það farið mjög í vöxt hin síðari ár, a. m. k. í kaupstöðum, að flokkarnir noti rétt sinn til að hafa umboðsmenn í kjördeildum fyrst og fremst til að fylgjast með því, hverjir hafa kosið og hverjir ekki. Á þeirri vitneskju, sem þannig fæst, er síðan byggð hin miður skemmtilega kosningasmölun. Ónæði það, sem kosningasmalarnir valda á flestum heimilum, a. m. k. í bæjum, er alkunnugt og óþarft að lýsa því rækilega. Hver sá kjósandi, sem einhverra hluta vegna hefur ekki farið á kjörstað, er eltur uppi, þegar líður á kjördag. Má svo að orði kveða, að henn eigi sér naumast undankomu auðið fyrir ásókn kosningasmalanna, sem telja ekki eftir sér að koma hvað eftir annað á sama heimilið. Láta þeir kjósandann engan frið hafa, fyrr en hann hefur gert annað tveggja: farið á kjörstað eða lýst yfir því, að hann fari hvergi. Þegar kjósandi hefur margneitað að fara á kjörstað og lýst yfir, að hann muni ekki neyta kosningarréttar síns, opnast óneitanlega möguleikar til kosningasvika, sem ella væru ekki fyrir hendi. En þó að engu slíku væri til að dreifa, ættu menn að geta orðið sammála um það, að ekki beri að veita stjórnmálaflokkum sérstaka aðstöðu til að reka þá gegndarlausu smalamennsku, sem nú er farin að tíðkast við hverjar kosningar. Er tæpast hægt að kalla þær kosningar fullkomlega lýðræðislegar, þar sem kjósendur fá ekki sjálfir ráðið því án íhlutunar stjórnmálaflokka, hvenær eða hvort þeir neyta atkvæðisréttar síns. Virðist öll rök mæla með því, að stjórnmálaflokkum sé meinað að fylgjast með kosningum á þann hátt, sem verið hefur. Í því efni eiga að nægja þær upplýsingar um kjörsókn, sem kjörstjórn lætur í té.

Um 5. gr.

Hér er kveðið nokkru skýrar á um það en gert er í núgildandi kosningalögum, hvenær atkvæði skal talið ógilt. Nú er svo að orði kveðið í 4. tölul. 110. gr. kosningalaga, að atkvæði skuli talið ógilt, „ef áletrun er á kjörseðli fram yfir það, sem fyrir er mælt, eða annarleg merki, sem ætla má, að sett séu af ásettu ráði til að gera seðilinn auðkennilegan“. Þetta orðalag er ekki svo greinilegt sem skyldi, eins og alloft hefur komið í ljós í sambandi við kosningar. Með þeirri orðalagsbreytingu, sem hér er lagt til að gerð verði á þessari grein laganna, er leitazt við að setja um þetta atriði gleggri ákvæði en nú gilda.

Um 6. gr.

Þessi grein felur í sér, að greinilegar sé kveðið á um það en gert er í gildandi kosningalögum, hvað teljast skuli óleyfilegur kosningaáróður á kjörstað. Er hér lagt til, að bannað sé að bera eða hafa uppi flokksmerki eða merki lista á kjörstað.

Nd. 435. Nefndarálit [121. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 8 24. marz 1944, um breyt. á l. nr. 46 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Í frv. þessu er lagt til, að Egilsstaðalæknishéraði sé skipt í tvö læknishéruð. Á undanförnum þingum hefur verið um það nokkur ágreiningur, hvernig skipa skuli læknamálum í því héraði. Á síðasta þingi var flutt frv. samhljóða þessu. Neðri deild breytti frv. í það horf, að skipa skyldi fastan aukalækni í héraðið, en efri deild felldi frv.

Í nefndinni hefur verið frá því skýrt, að landlæknir hafi samið frv. til nýrra læknaskipunarlaga og sé það nú til athugunar hjá ríkisstjórninni. Með hliðsjón af því tel ég rétt, að þing það, sem nú situr, afgreiði ekki það deilumál, sem hér er um að ræða, heldur sé afgreiðsla þess látin bíða heildarfrumvarpsins.

Ég legg því, til, að málið sé afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar eð ríkisstjórnin hefur til athugunar frv. til nýrra læknaskipunarlaga, telur deildin ekki rétt að afgreiða þetta frv. að sinni og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 4. marz 1954.

Gylfi Þ. Gíslason.

Nd. 436. Nefndarálit [121. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 8 24. marz 1944, um breyt. á l. nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Við 4. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Alþingi, 4. marz 1954.

Björn Björnsson, form.	Kjartan J. Jóhannsson, fundaskr.	Páll Þorsteinsson, frsm.

Jónas G. Rafnar.

Nd. **437. Frumvarp til laga** [163. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til kaupa á tveimur olíuflutningaskipum.

(Lagt fyrir Alþingi á 73. löggjafarþingi, 1954.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast:

1. Lán fyrir Samband íslenzkra samvinnufélaga og Olíufélagið h.f. sameiginlega til kaupa á olíuflutningaskipi allt að 50 milljónum króna eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
2. Lán fyrir H.f. Eimskipafélag Íslands, H.f. Shell á Íslandi og Olíuverzlun Íslands h.f. sameiginlega til kaupa á olíuflutningaskipi allt að 50 millj. króna eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

Félög þau, er um ræðir í 1. tölulið þessarar greinar, ábyrgist bæði fyrir annað og annað fyrir bæði greiðslu láns þess, er þau kunna að taka. Svo skulu og félög þau, er nefnd eru í 2. tölulið, vera eitt fyrir öll og öll fyrir eitt ábyrg fyrir því láni, er þau kunna að taka.

Þá er það og skilyrði fyrir ábyrgðum þessum, að ríkissjóði verði settar þær tryggingar, er ríkisstjórnin metur gildar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þótt kaupskipastóll landsmanna hafi aukizt mjög hin síðari ár, hefur þó um alla olíuflutninga til landsins eingöngu orðið að treysta á erlend leiguskip, þar eð íslenzkir aðilar hafa enn eigi eignazt skip, er annazt gætu slíka flutninga. Hefur hin síðari ár verið varið tugum milljóna króna í erlendum gjaldeyri á ári hverju til greiðslu á leigum fyrir olíuflutningaskip. Þegar þetta er haft í huga, svo og að olíumagn það, er til landsins er flutt, vex ár frá ári, má ljóst vera, hve mikilsvert er þjóðhagslega, að landsmenn sjálfir geti tekið olíuflutningana í sínar hendur. Auk þessa ættu Íslendingar sem eyþjóð, með auknum skipakosti, að hafa aðstöðu til í vaxandi mæli að afla verðmæta með siglingum í þágu annarra þjóða.

Af framangreindum ástæðum telur ríkisstjórnin sjálfsagt að greiða fyrir því, að Íslendingar geti sjálfir eignazt skip til að bæta úr þessari brýnu þörf, og fer því fram á heimild Alþingis til þess að mega veita ríkisábyrgð fyrir lánum til kaupa á tveimur olíuflutningaskipum, svo sem nánar greinir í frumvarpinu sjálfu.

Um það getur ekki orðið deilt, að áhættulaust mun verða fyrir ríkissjóð að ábyrgjast lán þau til skipakaupa, sem frumvarpið fjallar um. Þar eiga þeir hlut að, sem fyllilega eru færir um að standa við skuldbindingar sínar.

Raddir hafa heyrzt um það, að óþarfi mundi og jafnvel rangt að gefa kost á ábyrgð til kaupa á tveimur olíuflutningaskipum, þar sem eitt skip mundi geta flutt mikinn hluta þeirrar olíu, er landið þarfnast nú. Það er rétt, að þessi tvö skip mundu geta annast mun meiri flutninga en þá, sem landsmenn þarfnast nú fyrir sjálfa sig.

Íslendingar verða að stefna að því að koma upp stærri kaupskipaflota en aðeins fyrir eigin flutninga. Stefna ber hiklaust að því, að Íslendingar hafi atvinnu af siglingum fyrir aðrar þjóðir.

Það mundu þessi olíuskip gera jöfnum höndum, og væri þá merkilegt spor stigið í siglingasögu landsins.

Sumir mundu ef til vill vilja spyrja, hvort stórlán til skipakaupa mundu ekki

draga úr möguleikum til útvegunar þeirra lána í öðru skyni, sem þegar hefur verið ákveðið að leita eftir og láta sitja fyrir öðru.

Lán til kaupa á skipum og flugvélum eru sér í flokki í þessu tilliti og ekki litið á þau sömu augum og lán til öflunar fastra verðmæta. Getur því hæglega svo á staðið, að hægt sé að fá lánsfé til skipakaupa, sem ekki er fáanlegt til annars og án þess að slík lántaka dragi nokkuð úr möguleikum til fjárútvegunar vegna annarra framkvæmda.

Ed. 438. Lög [146. mál]

um breyting á lögum nr. 34 18. febr. 1953, um verðjöfnun á olíu og benzíni.

(Afgreidd frá Ed. 5. marz.)

Samhljóða þskj. 377.

Nd. 439. Nefndarálit [56. mál]

um frv. til laga um fjáröflun til byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum o. fl.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur eigi orðið sammála um afgreiðslu þessa frv. Mun minni hl. (GÞG) skila sérstöku áliti, en meiri hl. tekur þetta fram:

Í frv. eru settar fram reglur um það, með hverjum hætti flm. telja bezt komið af opinberri hálfu til móts við einstaklinga og sveitarfélög að því er varðar byggingar íbúðarhúsa í þéttbýli.

Það mun flestum ljóst vera, að mikill vandi er að höndum borinn, þar sem eru íbúðarhúsabyggingarmál bæjanna, og eigi síður hitt, að þeim vanda verður að greiða úr svo fljótt og örugglega sem unnt er. Þegar til stjórnarsamstarfs var gengið á síðastl. hausti, gerðu stuðningsflokkar ríkisstjórnarinnar með sér málefnasamning, þar sem þessi mál eru talin meðal þeirra verkefna, sem þeir og ríkisstjórnin telja sér skylt að leysa, eða eins og þar greinir, að tryggt verði aukið fjármagn til íbúðarhúsabygginga í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum, sérstök áherzla verði lögð á hvers konar fyrirgreiðslur aðrar um slíkar byggingar og lagður grundvöllur að lausn þessa vandamáls til frambúðar. Í samræmi við þessa stefnuyfirlýsingu vinnur ríkisstj. nú að þessu mikilvæga verkefni, þó að ekki hafi henni enn unnizt tími til að búa tillögur sínar í hendur Alþingis þess, er nú situr.

Af þessum sökum þykir meiri hl. nefndarinnar eigi tímabært, að Alþingi taki að svo stöddu afstöðu til frv. heldur eðlilegast, að ríkisstjórnin fá það til athugunar.

Leggur meiri hl. þannig til, að frv. verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 4. marz 1954.

Björn Björnsson, form., frsm.	Kjartan J. Jóhannsson, fundaskr.	Jónas G. Rafnar.
	Páll Þorsteinsson.	

Sþ. 440. Nefndarálit [50. mál]

um till. til þál. um ráðstafanir til öryggis handritum, skjölum og forngripum.

Frá fjárveitinganefnd.

Íslendingar eiga margt fágætra og merkilegra dýrgripa í söfnum sínum í Reykjavík. Hafa verið reistar yfir söfnin byggingar, þar sem undir venjulegum kringum-

stæðum er vel séð fyrir varðveizlu þeirra. Þá eru og í safnahúsinu salarkynni, sem hver og einn á aðgang að til rannsókna á handrita- og skjalasöfnum. Í hinu nýja þjóðminjasafnshúsi er af mikilli smekkvísi fyrir því séð, að menn eigi að því greiðan aðgang að skoða og kynna sér forngripasafnið.

En þrátt fyrir þetta hefur þótt nauðsyn til bera í tveimur heimsstyrjöldum á fyrri helmingi þessarar aldar að gera sérstakar ráðstafanir til frekara öryggis í varðveizlu þessara óbætanlegu dýrgripa þjóðarinnar. Hefur þá verið gripið til þess ráðs að flytja þá þeirra, sem verðmætastir eru, burt úr bænum á staði, þar sem talið var að þeir væru óhultari. En það er augljóst mál, að þótt það sjónarmið að gæta hins fyllsta öryggis í þessu efni verði að sitja fyrir öllu öðru, er harla óhagkvæmt og hlýtur að valda truflunum við vísindalega störf og fleira að hafa ekki nauðsynleg gögn úr handrita- og skjalasöfnum tiltæk til notkunar, ef til vill um langan tíma, eða þá með svo óhagkvæmum hætti, að teljast mætti frágangssök. Það hefur þess vegna mjög komið til álita við umræður og athuganir á aðgerðum til frekara öryggis í þessu efni, að slíkri geymslu yrði komið fyrir neðanjarðar í námunda við t. d. safnahúsið. Með því móti mætti vinna það tvennt, að varðveita söfnin örugglega, en hafa þó tiltölulega greiðan aðgang að þeim til daglegrar notkunar.

Í umsögn landsbókavarðar um tillögu þessa leggur hann áherzlu á þetta atriði. Vekur hann athygli á því, að það mundi verða mjög erfitt í framkvæmd að nota söfnin þar, sem þau væru geymd utanbæjar, en þeir, sem vinna að rannsókn og útgáfu handrita, þurfi samtímis að hafa aðgang að góðu bókasafni. Niðurstaða hans er því sú, að hagkvæmast væri, að hafizt yrði handa um að koma upp öryggisgeymslu í sambandi við Landsbókasafnið, sem rúmaði þá dýrgripi, sem í söfnum eru geymdir og vér sízt vildum missa. Þá gæti þessi öryggisgeymsla og tekið við handritum úr Árnasafni á sínum tíma.

Auk landsbókavarðar leitaði nefndin umsagnar þjóðskjalavarðar, þjóðminjavarðar og rektors háskólans. Hvetja þeir allir einnig til þess, að gætt sé alls öryggis í þessu efni.

Fjárveitinganefnd er sammála um að leggja til við ríkisstjórnina, að hún beiti sér fyrir því, að hafin verði undirbúningur að því að koma upp slíkri öryggisgeymslu, og tekur undir þá tillögu landsbókavarðar, að athugað verði gaumgæfilega, hvort takast mætti að ná þeim tilgangi með því að láta gera neðanjarðargeymslu við safnahúsið, þannig að helzt væri innangengt úr henni í kjallara hússins.

Nefndin leggur því til, að tillagan verði samþykkt með orðalagsbreytingu, sem hnígur í þessa átt.

BREYTINGARTILLAGA:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta hefja undirbúning að því, að gerð verði öryggisgeymsla fyrir handritasafn og merkustu skjöl og forngripi þjóðarinnar. Áður en til slíkra framkvæmda kemur, skal athuga sérstaklega, hvort eigi mætti svo til haga, að slíkri geymslu yrði komið fyrir neðanjarðar í sem nánustum tengslum við safnahúsið í Reykjavík.

Heimilt er ríkisstjórninni að verja fé úr ríkissjóði vegna þessara ráðstafana.

Alþingi, 3. marz 1954.

Pétur Ottesen, form., frsm.	Björn Björnsson, fundaskr.	Hannibal Valdimarsson.
Halldór Ásgrímsson.	Karl Krisjánsson.	Lúðvík Jósefsson.
Jónas G. Rafnar.	Magnús Jónsson.	Jón Kjartansson.

Nd. 441. Breytingartillögur [93. mál]

við frv. til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Frá Gils Guðmundssyni og Bergi Sigurbjörnssyni.

1. Við 2. gr. Í stað „forstjóra“ komi: forstöðunefnd (forstjóra).
2. Við 5. gr. Á eftir greininni komi ný grein, svo hljóðandi:

Velja skal úr umsækjendum um stöðu eftir því, hver umsækjendanna verður með rökum talinn hafa til að bera mesta hæfileika, þekkingu, dugnað, reglusemi og samvizkusemi til að rækja stöðuna og aðra verðleika til að hljóta hana. Til verðleika skulu teljast námsafrek, einkum þegar valið er á milli ungra og að öðru leyti lítt reyndra umsækjenda, en síðan skal framar öðru litið til þess, hverrar reynslu umsækjandi hefur aflað sér í sams konar eða sambærilegu starfi, einkum í opinberri þjónustu, og við hvern orðstír hann hefur gegnt slíku starfi. Ef engum tillöguaðila er til að dreifa, skal sá, er veitir stöðuna, gera úr garði skriflega rökstudda grein fyrir veitingunni.

Nú er ákveðið, að stöðu skuli veita að fenginni tillögu um veitinguna, og gerir þá ráðherra (forstöðunefnd, forstjóri) úr garði skriflega rökstudda grein fyrir þeirri ráðstöfun sinni.

Umsækjendur um stöðu eiga rétt á að fá vitneskju um, hver tillaga hefur verið gerð um veitingu hennar, og sé staðan veitt öðrum umsækjanda en þeim, sem tillaga hefur verið gerð um að veita hana, á sá umsækjandi, sem þannig hefur verið gengið fram hjá, rétt á að fá í hendur eftirrit tillögunnar um veitingu stöðunnar, að svo miklu leyti sem hann sjálfan varðar, svo og rökstuðning ráðherra (forstöðunefndar, forstjóra) fyrir veitingunni. Þegar staða er veitt án fenginnar tillögu um veitingu hennar, eiga þeir umsækjendur, sem fram hjá hefur verið gengið, rétt á að fá í hendur eftirrit greinargerðar aðila um veitinguna.

Nd. 442. Frumvarp til laga [164. mál]

um brúargerðir.

Frá samgöngumálanefnd.

1. gr.

Framkvæma skal, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum eða úr brúasjóði (sbr. lög nr. 33/1949, um bifreiðaskatt o. fl.), byggingu brúa þeirra, sem 2. gr. ákveður.

Allar brýr, er gerðar verða samkvæmt lögum þessum, skulu gerðar úr varanlegu efni, svo sem járni eða járnbentri steypu, eftir því sem hagkvæmt þykir.

2. gr.

Brýr þær, sem gera skal, eru yfir vatnsföll þau, sem hér greinir:

A. *Brýr yfir 10 metra haf og lengri.*

I. *Nýjar brýr á þjóðvegum.*

a. Vesturland.

1. Leirvogsá á Kjalarnesvegi innri.
2. Drageyrará í Skorradal.
3. Kaldá í Skorradal.
4. Hornsá í Skorradal.

5. Deildargil í Hálsasveit.
6. Árkvarnarlækur á Hraunhreppsvegi á Mýrum.
7. Hvítá hjá Bjarnarstöðum í Hvítársíðu.
8. Norðlingafljót í Hvítársíðu.
9. Hraunholtsá í Hnappadal.
10. Mjósund á Eyrarsveitarvegi á Snæfellsnesi.
11. Gljúfurá á Skógarströnd.
12. Skeggjagil í Laxárdal í Dalasýslu.
13. Krossá á Skarðsströnd.
14. Fagradalsá á Skarðsströnd.
15. Sælingsdalsá í Hvammssveit.
16. Flekkudalsá á Fellsströnd.
17. Galtará á Fellsströnd.
18. Bakkaá í Gautsdal.
19. Gautsdalsá í Gautsdal.
20. Múlaá í Kollafirði í Barðastrandarsýslu.
21. Fjarðarhornsá í Kollafirði í Barðastrandarsýslu.
22. Skálmardalsá.
23. Þverá í Vattarfirði.
24. Kjálkafjarðará á Þingmannaheiði.
25. Þverá í Vatnsfirði.
26. Hvestuvaðall í Arnarfirði.
27. Fífustaðaá í Arnarfirði.
28. Selárdalsá í Arnarfirði.
29. Otradalsá í Arnarfirði.
30. Fossá í Arnarfirði.
31. Hrafnseyrará í Arnarfirði.
32. Botnsá í Dýrafirði.
33. Langá á Ingjaldssandi.
34. Ísafjarðará.
35. Vatnsfjarðarós við Ísafjarðardjúp.
36. Botnsá í Mjóafirði.
37. Heydalsá í Mjóafirði.
38. Gljúfurá í Mjóafirði.
39. Hattardalsá í Álftafirði.
40. Seljalandsós í Álftafirði.
41. Mórilla í Kaldalóni.
42. Laxá á Laxárdalsheiði í Strandasýslu.
43. Steinadalsá í Strandasýslu.
44. Kaldbaksós í Strandasýslu.
45. Kjósará í Strandasýslu.
46. Reykjarfjarðará í Strandasýslu.

b. Norðurland.

1. Núpsá á Austursíðuvegi í Húnavatnssýslu.
2. Víðidalsá innan við Víðidalstungu.
3. Vatnsdalsá hjá Grímstungu.
4. Svínadalsá hjá Auðkúlu í Húnavatnssýslu.
5. Sléttuá í Svínadal í Húnavatnssýslu.
6. Laxá hjá Kálfshamarsvík.
7. Laxá á Gönguskarðavegi í Skagafjarðarsýslu.
8. Gauksstaðaá á Skaga í Skagafjarðarsýslu.
9. Hörtná á Skaga í Skagafjarðarsýslu.
10. Héraðsvötn hjá Tyrfingsstöðum.

11. Norðurá á Skagafjarðarvegi.
12. Hjaltadalsá á Hólavegi.
13. Hofsá ofan við Hofsós.
14. Skjálfandafljót í Bárðardal.
15. Ormarsá sunnan Raufarhafnar.

c. *Austurland.*

1. Skarðsá á Fjöllum.
2. Lindará á Möðrudalsöræfum.
3. Lónakíll á Möðrudalsöræfum.
4. Fuglabjargaá á Sandvíkurheiði.
5. Selá í Vopnafirði.
6. Kvíslá í Vopnafirði.
7. Njarðvíkurá.
8. Staðará á Hjaltastaðavegi.
9. Bjarglandsá á Hjaltastaðavegi.
10. Jökulsá á Hjaltastaðavegi.
11. Lagarfljót hjá Fossi.
12. Lagarfljót á Steinboga.
13. Gilsá í Fljótsdal.
14. Haugá í Skriðdal.
15. Berufjarðará í Berufirði.
16. Fossá í Berufirði.
17. Búlandsá í Berufirði.
18. Hofsá í Álftafirði.
19. Selá í Álftafirði.
20. Eyrará innri á Sléttuströnd.
21. Dalsá í Fáskrúðsfirði.
22. Tunguá í Stöðvarfriði.
23. Stöðvará í Stöðvarfirði.
24. Fagradalsá í Breiðdal.
25. Gilsá á Norðurdalsvegi í Breiðdal.

d. *Suðurland.*

1. Reyðará í Lóni.
2. Karlsá í Lóni.
3. Gjádalsá í Lóni.
4. Fjarðará í Lóni.
5. Hoffellsá í Nesjum.
6. Hólmsá á Mýrum.
7. Smyrlabjargaá í Suðursveit.
8. Staðará í Suðursveit.
9. Steinavötn í Suðursveit.
10. Fellsá í Suðursveit.
11. Stemma í Suðursveit.
12. Breiðá í Öræfum.
13. Fjallsá í Öræfum.
14. Virkisá í Öræfum.
15. Kotá í Öræfum.
16. Svínafellsá í Öræfum.
17. Skaftafellsá í Öræfum.
18. Múlakvísl á Mýrdalssandi.
19. Langholtsskurður í Meðallandi.
20. Laxá í Fljótshverfi.

21. Fjarðará á Síðu.
22. Hólsá hjá Ártúni í Landeyjum.
23. Litla-Laxá á Auðsholtsvegi.
24. Hvítá hjá Iðu.
25. Andalækur í Biskupstungum.
26. Brúará á Laugardalsvegi.
27. Hvítá hjá Kiðjabergi.
28. Villingavatnsá í Grafningi.
29. Ölvesvatnsá í Grafningi.

II. *Endurbygging brúa á þjóðvegum.*

a. Vesturland.

1. Fossá í Hvalfirði.
2. Þverá í Svínadal á Draghálsvegi.
3. Andakílsá við Skorradalsvatn.
4. Reykjadalsá í Dalasýslu.
5. Hvammsá í Dalasýslu.
6. Þambá í Strandasýslu.

b. Norðurland.

1. Djúpadalsá í Blönduhlíð í Skagafirði.
2. Kotá í Skagafirði á Norðurlandsvegi.
3. Valagilsá í Skagafirði á Norðurlandsvegi.
4. Hrolleifsdalsá á Siglufjarðarvegi.
5. Eyjardalsá á Bárðardalsvegi vestri.
6. Jökulsá í Axarfirði.
7. Tunguá í Þistilfirði.

c. Austurland.

1. Stafdalsá á Fjarðarheiði.
2. Lagarfljót hjá Egilsstöðum.
3. Gilsá á Völlum.
4. Eyvindará á Völlum.
5. Fagradalsá (neðsta brú).

d. Suðurland.

1. Tungufljót í Skaftártungu.
2. Skógaá undir Eyjafjöllum.

III. Aðrar brýr.

a. Brýr á fjallvegum og sýsluvegum má gera að öllu fyrir fé úr ríkissjóði.
b. Brýr á öðrum vegum má kosta að helmingi af ríkissjóði, gegn því, sem á vantar, annars staðar frá.

B. *Brýr yfir 4 metra haf eða lengra, allt að 10 metra.*

Á þjóðvegum og fjallvegum skal greiða kostnað við slíkar brýr að öllu úr ríkissjóði.

Á öðrum vegum má greiða allt að helmingi kostnaðar úr ríkissjóði gegn framlagi frá hlutaðeigendum að öðru leyti.

C. *Brýr yfir styttra en 4 metra haf.*

Kostnað við slíkar brýr skal telja með kostnaði við veg þann, sem brúin er á.

3. gr.

Viðhald brúa, sem gerðar verða samkvæmt 2. gr., skal telja með viðhaldskostnaði þess vegar, sem brúin er á.

4. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir, ásamt breytingum á þeim með lögum nr. 30 2. apríl 1943 og nr. 53 17. maí 1947.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er samið af vegamálastjóra. Hafa samgöngumálanefndir beggja þingdeilda rætt það sameiginlega og orðið ásáttar um flutning þess.

Frv. fylgdi svo hljóðandi greinargerð af hálfu vegamálastjóra:

„Fyrstu lög um brúargerðir voru sett 1919 og önnur lög 1932, og gilda þau enn með nokkrum breytingum frá 1943 og 1947.

Aðalbreytingarnar hafa verið á 2. gr., þar sem taldar eru fyrirhugaðar brúargerðir á þjóðvegum. Hefur þar verið bætt við óbrúuðum ám í stað þeirra, sem lokið var við að brúa. Þá hefur og 1943 og 1947 verið sett ákvæði um aukið framlag ríkissjóðs til brúa á sýsluvegum, og var 1947 ákveðið, að brýr, 10 metra og lengri, á sýsluvegum megi gera að öllu fyrir fé úr ríkissjóði.

Skal hér gert nokkurt yfirlit yfir framkvæmd laganna.

Í lögunum frá 1919 voru taldar 36 óbrúaðar ár og 34 gamlar brýr, sem skyldu endurbyggðar. Lokið er nú öllum þessum brúargerðum, nema á Norðurá hjá Króki í Borgarfirði og endurbyggingu brúar á Tungufljót á Gullfossvegi, en á báðum þessum leiðum var lagður niður þjóðvegur fyrir mörgum árum. Á Tungufljóti er nú reiðfær hengibrú á þessari leið.

Í brúalögum 1932, með síðari breytingum, hafa verið taldar samtals 285 fyrirhugaðar brýr. Af þeim hafa verið byggðar 206 og gerðar 11 bráðabirgðabrýr, en 68 ár eru óbrúaðar. Hér við bætast nokkrar brýr á þjóðvegum, sem ekki hafa verið taldar í brúalögum, svo og allmargar brýr á sýsluvegum.

Samtals eru nú 467 brýr 10 metra og lengri, og eru þar af:

6 hengibrýr: á Ölfusá, Jökulsá á Fjöllum, Örnólfsdalsá í Borgarfirði, Jökulsá í Axarfirði, Hvítá hjá Hvítárvatni (gamla Sogsbrúin) og Blöndu.
118 járnbita- og járngrindabrýr.
343 steinsteyptar brýr, járnbentar.

Samt. 467 brýr.

Samtals er lengd þessara brúa um 13,5 km.

Auk þessara brúa hafa verið gerðar 22 brýr, sem síðar hafa verið endurbyggðar eða umferð um þær lagzt niður. Eru þær þessar:

4 hengibrýr: á Ölfusá, Þjórsá og Hörgá, svo og á Sog, en sú brú var flutt á Hvítá hjá Hvítárvatni og er talin þar.
5 járnbrýr: á Mýrarkvísl, Uxastaðakvísl og Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu (þessar 3 brýr er fyrirhugað að nota á öðrum vegum í sýslunni). Ferjukotssíki í Borgarfirði (2 smábrýr notaðar á aðrar ár, 1 geymd) og á Skaftá hjá Kirkjubæjarklaustri (2 brýr, sem fyrirhugað er að nota síðar á smáár þar nálægt).
13 steyptar brýr: á Kattarhryggsgil í Norðurárdal, Hvassá hjá Fornahvammi (þjóðvegurinn var fluttur, og urðu þá brýrnar óþarfar á Norðurlandsvegi), Hölkná í Þistilfirði (tók af í jakaflóði og var endurbyggð), Kaldakvísl í Mosfellssveit (byggð ný brú), Elliðaár vestri,

Elliðaár eystri (byggðar nýjar brýr), Norðurá í Skagafirði (þjóðvegurinn fluttur neðar í dalinn), Torfdalsá á Þingvallavegi (þjóðvegurinn fluttur), Ártúnsá á Kjalarnesi (endurbyggð á sama stað), Litlaá og Bjarnadalsá í Norðurárdal (tók báðar af í flóði og voru endurbyggðar stærri), Hjaltadalsá í Skagafirði (brotnaði í jakahlaupi og var endurbyggð skammt ofar), Hróarslækur á Rangárvöllum (byggð ný brú neðar).

Samt. 22 brýr.

Brýrnar hafa verið gerðar á þessum árum, er hér greinir, og er þá sleppt þeim brúm, sem lagðar hafa verið niður:

	Hengibrýr	Járnbrýr	Steyptar brýr	Samt.
1890—1910	2	6	3	11
1911—1920	0	4	36	40
1921—1930	0	21	85	106
1931—1940	1	23	82	106
1941—1950	3	42	95	140
1951—1953	0	22	42	64
Samtals	6	118	343	467

Hér við bætast allmargar bráðabirgðabrýr, sumar með járnbitum, en aðrar úr timbri eingöngu.

Þar sem margir nýir vegir hafa verið teknir í þjóðvegatölu, nú síðast 1951, hafa bætzt við allmargar óbrúaðar ár á þjóðvegum. Eru nú gerðar kröfur um, að allar ár á þjóðvegum verði brúaðar, þar sem það þykir gerlegt vegna aðstæðna. Þykir því rétt að koma ekki fram með nýjar breytingartillögur við brúalögin, heldur með frv. til nýrra brúalaga, er sendist hér með.

Athugasemdir við einstakar greinar frv.

Um 1. gr.

Þar sem fyrir allmörgum árum var tekin upp sú regla, að Alþingi veitir sérstaklega fé til hverrar einstakrar brúar, er fellt úr ákvæðið um, að ríkisstjórnin, með ráðum vegamálastjóra, ákveði, í hvaða röð þær skuli gerðar, svo sem var hin fyrstu ár, er lögin voru í gildi.

Um 2. gr.

A. Brýr yfir 10 metra haf og lengri.

Taldar eru upp allar óbrúaðar ár á þjóðvegum, þar sem fyrirhugaðar eru brýr 10 metra og lengri og fært þykir að byggja, svo og gamlar brýr ófullnægjandi, er þarf að endurbyggja:

Samtals verða þessar fyrirhuguðu brýr:

1. Á Vesturlandi	nýjar	46,	endurbyggðar	6
2. Á Norðurlandi	—	15	—	7
3. Á Austurlandi	—	25	—	5
4. Á Suðurlandi	—	29	—	2
	Nýjar 115, endurbyggðar 20			

Hér eru meðtaldar þær brýr, sem nú eru í smíðum, á Hvítá hjá Iðu og á Skjálfandafljót, svo og þær 22 brýr á þjóðvegum, sem fé er veitt til í fjárlögum 1954, að upphæð tæplega 3.7 millj. kr.

Taldar eru allar óbrúaðar ár á þjóðvegum, nema stórárnar í Austur-Skaftafellssýslu, Núpsvötn, Skeiðará, Jökulsá á Breiðamerkursandi og Hornafjarðarfljót. Hinar 3 fyrstnefndu verða naumast brúaðar, og Hornafjarðarfljóti má bæta í skrána síðar, ef rannsókn leiðir í ljós, að fært þyki að brúa þau. Mætti jafnvel bæta þeirri brú í frv. nú, með fyrirvara.

Samtals eru taldar 135 nýjar brýr. Allnákvæmar áætlanir eru til um margar þessara brúa, en um flestar þeirra aðeins lauslegar. Nemur lausleg heildaráætlun samtals um 55 millj. kr. Hér af eru 13 stærstu brýrnar áætlaðar að kosta um helming, eða 27.5 millj. kr.

Eru það þessar:

Á Vesturlandi:		
Hvítá hjá Bjarnarstöðum		
Mjósund í Eyrarsveit		
Á Norðurlandi:		
Héraðsvötn hjá Tyrfingsstöðum		
Skjálfandafljót, ógert verk	kr.	600.000
Jökulsá í Axarfirði, endurbygging	—	2.600.000
Á Austurlandi:		
Lagarfljót hjá Egilsstöðum, endurbygging	—	3.800.000
Lagarfljót hjá Kirkjubæ		
Lagarfljót á Steinboga		
Hofsá í Álftafirði	—	1.600.000
Á Suðurlandi:		
Hvítá hjá Iðu, ógert verk	—	3.500.000
Hvítá hjá Kiðjabergi		
Hólsá í Landeyjum		
Múlakvísl á Mýrdalssandi		

Hef ég gert ráð fyrir, að þessar 13 brýr verði gerðar fyrir fé úr brúasjóði. Liggur næst fyrir að ljúka brúnum á Hvítá hjá Iðu og á Skjálfandafljót, og þarf til þess um 4.1 millj., eða sem næst tveggja ára tekjur brúasjóðs, eins og þær eru nú.

Næst kemur brú á Hofsá og endurbygging Lagarfljótsbrúar og Jökulsárbrúar í Axarfirði. Er lauslega áætlað, að þessar 3 brýr kosti um 8 millj. kr., eða nær fjögurra ára tekjur brúasjóðs. Þá kemur að Héraðsvötnum hjá Tyrfingsstöðum, Múlakvísl á Mýrdalssandi og síðan að hinum 6 brúnum, sem þá eru ógerðar.

Er því sýnt, að með tekjum brúasjóðs, svipuðum og þær eru nú, muni taka um 13—14 ár að fá fé til að gera þessar 13 brýr. Er þannig bersýnilegt, hver þörf er að leggja brúasjóði til meiri tekjur, nema fé verði að miklu leyti veitt til brúa þessara í fjárlögum. En ég hef þegar áður lagt til, að framlag til brúasjóðs verði tvöfaldað.

Hér við má bæta, að enn eru nokkrar stórbrýr, sem þörf er að gera, svo sem á Tungnaá á Sprengisandsvegi, Þjórsá hjá Þjórsárholti og jafnvel Hornafjarðarfljót, sem vænta má að kosti samtals ekki undir 8 millj. kr. Þá verður og þörf á endurbyggingu nokkurra stórbrúa, sem jafnvel nú þegar eru orðnar of mjóar eða ótraustar eða hvort tveggja fyrir þá umferð, sem nú er. Má þar nefna brýrnar á Ytri-Rangá, Þverá og Affall í Landeyjum, Hólmsá í Skaftártungu, Blöndu á Blönduósi.

Allmargar hinna eldri brúa, sérstaklega þeirra, sem byggðar voru á aðalleiðum fram til 1930, verður einnig að breikka og styrkja.

Ekki eru taldar með 4 frekar ódýrar brýr í Ölfusi á Austurvegi, enda er hann enn ekki beinlínis í tölu þjóðvega.

Aðrar allkostnaðarsamar brýr eru þessar 9 á hér greindar ár, og hver þeirra áætluð að kosta frá 500—900 þús. kr.: Ísafjarðará (verður gerð í ár), Mórilla í Kaldalóni, Víðidalsá, Norðurá í Skagafirði (2 síðartaldar verða líklega gerðar

í ár). Hjaltadalsá á Hólavegi, Hólmsá á Mýrum, Steinavötn í Suðursveit, Breiðá og Fjallsá í Suðursveit. Samtals kosta þessar brýr samkvæmt mjög lauslegri áætlun 5.6 millj. kr. Aðrar brýr, sem taldar eru í frv., eru samtals 113, og er heildarum 21.9 millj. kr. Eru þær flestar frekar litlar, enda áætlað að kosti að meðaltali aðeins tæpar 200 þús. kr. hver brú.

Hér við bætast brýr á sýsluvegum og fjallvegum, sem síðar verður gerð grein fyrir.

Brýr á öðrum vegum en þjóðvegum:

Þar sem haldið er því ákveðið óbreyttu, að heimilt sé að kosta að öllu úr ríkissjóði brýr á sýsluvegum eins og á fjallvegum, eru þær settar hér í sama flokk.

a. Brýr á sýsluvegum:

Flestir innansveitarvegir eru nú komnir í tölu þjóðvega, nema heimreiðir á einn eða fáa bæi, og verða þó allmargar brýr á sýsluvegum, sem þarf að byggja. Hefur verið tekin saman eftirfarandi skrá yfir þær, og eru að vísu meðtaldar nokkrar brýr á vegum, sem enn eru ekki sýsluvegir:

1. *Kjósarsýsla:* Engar.
2. *Borgarfjarðarsýsla:* Hvítá á Barnafossi (er í smíðum).
3. *Mýrasýsla:* Norðurá hjá Glitstöðum, Norðurá hjá Króki, Litla-Þverá, Litla-Fljót í Hvítársíðu.
4. *Snæfellsnessýsla:* Engar.
5. *Dalasýsla:* Haukadalsá innra.
6. *Barðastrandarsýsla:* Holtsá á Barðaströnd, Sunnudalsá og Norðdalsá í Trostansfirði, Botnsá í Geirþjófsfirði.
7. *Vestur-Ísafjarðarsýsla:* Dynjandisá, Hofsá, Mjólká í Arnarfirði.
8. *Norður-Ísafjarðarsýsla:* Engar.
9. *Strandasýsla:* Þverá í Staðardal, Staðará undir Steingrímsfjarðarheiði.
10. *Vestur-Húnavatnssýsla:* Víðidalsá hjá Stóru-Borg, Faxalækur í Vesturhópi, Katadalsá og Tunguá á Vatnsnesi, Vesturá nálægt Kollufossi, Austurá hjá Aðalbóli, Fitjaá á Valdarásvegi.
11. *Austur-Húnavatnssýsla:* Laxá hjá Skrapatungu.
12. *Skagafjarðarsýsla:* Sæmundará í Sæmundarhlíð, Svartá hjá Reykjum, Egilsá í Norðurárdal, Jökulsá í Austurdal, Flókadalsá í Fljótum.
13. *Eyjafjarðarsýsla:* Engar.
14. *Suður-Þingeyjarsýsla:* Halldórsstaðaá, Reykjadalsá hjá Ökrum, Laxá hjá Núpufossi.
15. *Norður-Þingeyjarsýsla:* Engar.
16. *Norður-Múlasýsla:* Sunnudalsá og Hofsá í Vopnafirði innra, Fjarðará í Loðmundarfirði, Jökulsá í Borgarfirði, Víkurá í Húsavík, Fuglabjargaá sunnan Sandvíkurheiðar, Jökulsá í Jökuldal hjá Merki.
17. *Suður-Múlasýsla:* Norðurdalsá í Breiðdal, Starmýrará í Álftafirði.
18. *Austur-Skaftafellssýsla:* Engar.
19. *Vestur-Skaftafellssýsla:* Þverá á Síðu, Skaftárdalsvatn.
20. *Rangárvallasýsla:* Háfsósar í Þykkvabæ, Ytri-Rangá og Eystri-Rangá, báðar á vegi um efri byggðina, Þjórsá hjá Þjórsárholti.
21. *Árnessýsla:* Tungufljót á Gullfossvegi, Fossá og Dalsá á Tungufellsvegi, Litla-Laxá hjá Gröf.

Brýr þessar eru samtals 50, og mjög lauslega má gera ráð fyrir, að þær kosti um 12 millj. kr., auk brúar á Þjórsá hjá Þjórsárholti 2.5 millj. kr.

Í frumvarpinu segir, að brýr á sýsluvegum megi gera að öllu fyrir fé úr ríkissjóði, og er það skilið svo, að einnig sé heimilt að gera hlutaðeigandi sýslu að greiða nokkurn hluta kostnaðar, svo sem gert hefur verið nokkrum sinnum. Í heildarupphæðinni þykir þó ekki ástæða að gera neinn frádrátt fyrir slíku fram-

lagi. Sennilegt er, að einhverjar brýr geti bætzt við á næsta áratug. Ég hygg þó, að það muni lítinn mun gera í þessu heildaryfirliti.

Af þessum brúm mun liggja næst fyrir að gera brýr á þessar ár:

Hvítá á Barnafossi (brúin er í smíðum), Faxalækur og Katadalsá í Vestur-Húnavatnssýslu, Laxá hjá Skrapatungu, Svartá og Egilsá í Skagafjarðarsýslu. Halldórsstaðaá, Reykjadalsá og Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu (á þessar 3 ár er fyrirhugað að setja 3 járnbrýrnar, sem teknar voru af Mýrakvísl, Uxastaðakvísl og Laxá, er nýju brýrnar voru byggðar þar 1952, Litla-Laxá í Árnessýslu.

b. Brýr á fjallvegum:

Ár á fjallvegum eru enn eðlilega flestar óbrúaðar. Brýr eru nú aðeins á þessum ám: Hvítá hjá Hvítárvatni, Svartá á Hvítárvatnsvegi og Jökulfall á Kerlingafjallavegi.

Á næstu 1—2 áratugum má væntanlega gera ráð fyrir, að byggðar verði nokkrar brýr á helztu fjallvegum, svo sem á þessar ár:

Á Kjalvegi: Sandá, Seyðisá, Blanda, Svartakvísl, Strangakvísl, Haugakvísl, Galtará, enn fremur Svartá á Kerlingafjallaleið.

Á Fjallabaksleið nyrðri: Jökulgilskvísl, Kirkjufellsós, Jökuldalakvísl, Strangakvísl, Syðri Ófæra, Hánípufitjarkvísl.

Á Þjórsárdalsleið: Sandá, Fossá.

Á Sprengisandsleið: Tungnaá.

Í Norður-Þingeyjarsýslu: Jökulsá hjá Vígabergi (gangbrú).

Sjálfsagt munu fleiri brýr koma til greina, er tímar líða, sérstaklega á stórárnar norðan Hofsjökuls og Vatnajökuls.

Af þeim brúm, sem hér voru taldar, eru brýr á Blöndu og Tungnaá mjög dýrar og ekki tel ég hagkvæmt að flytja gömlu brúna af Þjórsá á Tungnaá, svo sem ýmsir hafa stungið upp á. Brúarstæði hafa verið mæld á aðeins fáar árnar, og er því ekki til nein lausleg áætlun um kostnað.

B. Brýr yfir 4 metra haf og lengra, allt að 10 metra.

Samtals hafa verið byggðar smábrýr í þessum stærðarflokki um 260. Til er skrá yfir tæplega 300 smáár og læki óbrúaða, þar sem brýr koma í þennan flokk.

Kostnaðaryfirlit um brýr þessar er ekki til, en þær kosta naumast undir 60—70 þús. kr. að meðaltali og því samtals nær 20 millj. kr.

Margar þessara brúa eru mjög aðkallandi. Er því sýnt, að með 750—850 þús. kr. fjárveitingu, eins og verið hefur næst undanfarin ár, muni sækjast mjög seint að gera þessar brýr. Að vísu hefur venjulega verið heimiluð umframeyðsla til smábrúnna og sum árin allveruleg. Ef ljúka ætti brúargerðum þessum á næstu 10 árum, þyrfti 2 millj. fjárveitingu á ári.

Yfirlit:

1. *Brýr á þjóðvegum.*			
a. 13 stórbrýr, áætl.	27.5 millj. kr.		
b. 9 brýr í miðflokki	5.6 — —		
c. 113 aðrar brýr	21.9 — —		
		55.0	millj. kr.
2. *Brýr á sýsluvegum:*			
50 brýr		14.5	— —
3. *Brýr á fjallvegum:*			
4 brýr (Sandá á Kjalvegi, Sandá og Fossá í Þjórsárdal, Jökulsá á Fjöllum hjá Vígabergi (gangbrú)		0.8	— —
1 brú, Tungnaá		1.7	— —

4. *Smábrýr:*
   300 smábrýr ..... 20.0 millj. kr.
5. Breikkun og endurbygging brúa, ótaldar annars staðar .. 8.0 — —

Samtals 100.0 millj. kr.

Hér hafa aðeins verið taldar fáar brýr á fjallvegum, því að frekar er búizt við, að brúm á þeim leiðum verði skotið á frest, nema e. t. v. einstaka þeirra, sem ekki eru kostnaðarsamar.

Brýr, sem mun þurfa að breikka eða endurbyggja á næsta áratug eða svo, sérstaklega vegna þess að bifreiðar verða breiðari og þyngri, eru allmargar eldri brýrnar á aðalleiðum, en upphæð, sem til þess er ætluð, má heita að sé nær ágizkun.

Til brúagerða hefur verið varið þessum upphæðum á næstu undanförnum árum:

Fjárlög.

		Brýr alm.	Smá-brýr	Samtals	Brúa-sjóður	Alls til brúa
1946	þús. kr.	2.421	560	2.981	1.589	4.570
1947	— —	1.472	656	2.808	588	3.396
1948	— —	1.497	404	1.901	0	1.901
1949	— —	3.963	730	4.693	0	4.693
1950	— —	2.393	763	3.156	997	4.153
1951	— —	2.635	1.255	3.890	1.980	5.870
1952	— —	3.970	1.398	5.368	1.633	7.001
1953[1])	— —	6.050	1.350	7.400[2])	2.285	9.685
Samtals	þús. kr.	24.401	7.116	32.197	9.072	41.269

Verði árstekjur brúasjóðs tvöfaldaðar, þannig að þær verði um 4 millj. kr., þyrfti 6.0 millj. kr. árlegar fjárveitingar til þess að ljúka á næstu 10 árum, þ. e. 1963, framkvæmdum þeim, sem fyrrgreind heildaráætlun miðast við, en vitanlega er þá miðað við, að verðlag haldist svipað og nú er.

Ekki má þó vænta, að ekki þurfi áfram að verja allmiklu fé árlega til brúargerða, því að kröfur um bættar samgöngur, breiðari og traustari brýr, munu væntanlega enn vaxa, en að framkvæmdum þeim loknum, sem hér hefur verið gerð grein fyrir, mun miklum áfanga náð.

Virðingarfyllst,

Geir G. Zoëga.

Samgöngumálanefnd neðri deildar Alþingis.

1) Tölur þessa árs eru ekki nákvæmar.
2) Hér er meðtalin greiðsla úr ríkissjóði til brúnna á Sog og Laxá og Mýrarkvísl vegna Sogs- og Laxárvirkjana, um 1.16 millj. kr.

Ed. 443. Frumvarp til laga [165. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Lagt fyrir Alþingi á 73. löggjafarþingi, 1954.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Berta Emma Machnitzky, ráðskona að Sveinsstöðum í Lýtingsstaðahreppi, fædd 8. ágúst 1904 í Þýzkalandi.
2. Ejvil Walin Christensen, bifreiðastjóri í Reykjavík, fæddur 6. febrúar 1917 í Danmörku.
3. Else Marie Christine Krog Sigurðsson, húsmóðir í Reykjavík, fædd 13. júlí 1914 í Færeyjum.
4. Flemming Thorberg, sjómaður í Reykjavík, fæddur 29. janúar 1933 í Danmörku.
5. Fridtjov Johannes Lambrechts, sjómaður í Kópavogi, fæddur 29. júní 1917 í Noregi.
6. Kári Guðjónsson, sjómaður í Reykjavík, fæddur 30. október 1927 í Noregi.
7. Trönd Jacobsen, verkamaður í Stykkishólmi, fæddur 21. febrúar 1922 í Færeyjum.

2. gr.

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgararétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum nr. 54 27. júní 1925, um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Allir þeir umsækjendur, er teknir hafa verið í lagafrumvarp þetta, hafa dvalið hér á landi í 10 ár eða lengri tíma.

Nd. 444. Breytingartillögur [84. mál]

við frv. til l. um Kirkjubyggingasjóð.

Frá Gísla Guðmundssyni.

1. Við 2. gr. Síðari málsgr. orðist svo:
   Stjórn sjóðsins skal skipuð 5 mönnum. Biskup landsins á sæti í stjórninni og er formaður hennar, en fjórir stjórnarmenn skulu kosnir í landsfjórðungunum til þriggja ára í senn, þannig, að sóknarprestar og formenn sóknarnefnda í hverjum landsfjórðungi kjósa einn mann í sjóðsstjórnina samkvæmt reglugerð, er ráðherra setur. Reikningar sjóðsins skulu birtir í Stjórnartíðindum.
2. Við 3. gr. Síðari málsgrein orðist svo:
   Lán til endurbóta eldri kirkna, að meðtöldum upphitunartækjum, skulu veitt með hliðsjón af kostnaðarreikningum, sem sjóðsstjórnin úrskurðar.

Nd. 445. Frumvarp til laga [137. mál]

um breyting á lögum nr. 119 28. des. 1950, um stjórn flugmála.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Í stað orðanna „flugvallastjóra ríkisins“ á fjórum stöðum í 2. gr. laganna komi: flugmálastjóra.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. 446. Lög [122. mál]

um breyting á lögum nr. 36 1. apríl 1948, um sóknargjöld.

(Afgreidd frá Nd. 9. marz).

Samhljóða þskj. 329.

Nd. 447. Nefndarálit [78. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jarðir í opinberri eigu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Til nefndarinnar hefur verið vísað tveim frumvörpum um sölu jarða, en þau eru:

1) Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja þjóðjörðina Hanahól í Norður-Ísafjarðarsýslu (66. mál).

2) Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jarðir í opinberri eigu (78. mál), komið frá efri deild.

Enn fremur hefur nefndin haft til meðferðar brtt. á þskj. 358, sem felur í sér heimild til sölu á jörðunum Betaníu, Mosvöllum og Selárdal í Vestur-Ísafjarðarsýslu, — svo og erindi, er henni hafa borizt um sölu Hrafnkelsstaða í Eyrarsveit og hluta af Þingey í Skjálfandafljóti.

Nefndin hefur fengið umsögn hlutaðeigandi ráðuneytis og landnámsstjóra um þessi jarðasölumál, eftir því sem efni stóðu til, og umsögn biskups um sum þeirra. Hafa henni og borizt erindi frá ýmsum, er hér telja sig eiga hlut að máli.

Að athuguðu máli telur nefndin ekki ástæðu til að afgreiða frv. á þskj. 83 (66. mál), en leggur til, að frv. á þskj. 181 (78. mál) verði samþykkt með breytingum, sem prentaðar eru á öðru þingskjali.

Einn nefndarmanna (JS) gat sakir sjúkleika ekki tekið þátt í afgreiðslu málsins.

Alþingi, 9. marz 1954.

Ásgeir Bjarnason, form. Gísli Guðmundsson, frsm. Jón Pálmason.

Hannibal Valdimarsson, með fyrirvara.

Nd. 448. Breytingartillaga [78. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jarðir í opinberri eigu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að selja eftirtaldar jarðir, enda verði þær gerðar að ættaróðulum:

1. Grísará í Hrafnagilshreppi í Eyjafjarðarsýslu Hreiðari Eiríkssyni.
2. Betaníu (Kot) í Mosvallahreppi ábúandanum Guðmundi Arasyni.
3. Mosvelli í Mosvallahreppi ábúandanum Birni Hjálmarssyni.

Náma- og jarðhitaréttindi skulu undanskilin við söluna.

Nd. 449. Nefndarálit [124. mál]

um frv. til l. um fuglaveiðar og fuglafriðun.

Frá menntamálanefnd.

Frv. þetta er samið af fimm manna nefnd, er menntamálaráðuneytið skipaði og fól það verkefni að endurskoða lagaákvæði þau, er nú gilda um friðun fugla. Eftir að sú nefnd hafði lokið störfum og samið frumvarp til laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, var það sent öllum sýslunefndum í landinu til athugunar og umsagnar. Svör sýslunefnda hafa síðan verið tekin til athugunar af nefnd þeirri, er frv. samdi, og menntamálaráðuneytinu.

Með frv. þessu er stefnt að því að samræma lagaákvæði um friðun fugla alþjóðasamþykkt um fuglaverndun, en Ísland er aðili að alþjóða-fuglaverndunarsambandinu. Jafnframt er stefnt að því að auka friðun fugla hér á landi frá því, sem verið hefur.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt, en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að flytja brtt. eða fylgja brtt. við frv., ef fram koma. — Einn nefndarmanna (HV) var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 8. marz 1954.

Gunnar Thoroddsen, form. Páll Þorsteinsson, fundaskr., frsm. Halldór Ásgrímsson.
Kjartan J. Jóhannsson.

Ed. 450. Nefndarálit [119. mál]

um frv. til l. um viðauka við l. nr. 115 7. nóv. 1941, um Búnaðarbanka Íslands.

Frá landbúnaðarnefnd.

Landbúnaðarnefnd hefur athugað frumvarpið og rætt það við ríkisstjórn og bankastjóra Búnaðarbankans. Nefndin leggur til, að frumvarpið verið samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. Í stað „800 þúsund krónum“ komi: 1200.000 krónum.

Alþingi, 9. marz 1954.

Páll Zóphóníasson, form., frsm. Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskr. Jón Kjartansson.
Andrés Eyjólfsson. Guðmundur Í. Guðmundsson.

Sþ. 451. Þingsályktun [50. mál]

um ráðstafanir til öryggis handritum, skjölum og forngripum.

(Afgreidd frá Sþ. 10. marz.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta hefja undirbúning að því, að gerð verði öryggisgeymsla fyrir handritasafn og merkustu skjöl og forngripi þjóðarinnar. Áður en til slíkra framkvæmda kemur, skal athuga sérstaklega, hvort eigi mætti svo til haga, að slíkri geymslu yrði komið fyrir neðanjarðar í sem nánustum tengslum við safnahúsið í Reykjavík.

Heimilt er ríkisstjórninni að verja fé úr ríkissjóði vegna þessara ráðstafana.

Nd. 452. Breytingartillaga [79. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

2. gr. frv. orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 453. Frumvarp til laga [79. mál]

um breyting á lögum nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Upphaflegur 22. liður (fyrir áorðnar breytingar 25. liður) 1. gr. laganna verði tveir liðir, svo hljóðandi:

25. *Blönduóshérað:* Áshreppur, Sveinsstaðahreppur, Torfalækjarhreppur, Blönduóshreppur, Svínavatnshreppur, Bólstaðarhlíðarhreppur, Engihlíðarhreppur og Vindhælishreppur. Læknissetur á Blönduósi.
Íbúar Vindhælishrepps utan Hafursstaðaár eiga þó jöfnum höndum tilkall til læknisþjónustu af hendi héraðslæknis í Höfðahéraði.
26. *Höfðahérað:* Höfðahreppur og Skagahreppur. Læknissetur í Höfðakaupstað.
Liðatala greinarinnar breytist samkvæmt þessu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 454. Frumvarp til laga [121. mál]

um breyting á lögum nr. 8 24. marz 1944, um breyting á lögum nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Í staðinn fyrir Egilsstaðahérað í 3. gr. laga nr. 8 1944 komi tvö ný héruð, þannig:

a. **Egilsstaðahérað vestra:** Jökuldalshreppur, Hlíðarhreppur, Hróarstunguhreppur, Fellahreppur, Fljótsdalshreppur. Læknissetur á Egilsstöðum.
b. **Egilsstaðahérað eystra:** Hjaltastaðahreppur, Eiðahreppur, Egilsstaðahreppur, Vallahreppur og Skriðdalshreppur. Læknissetur á Egilsstöðum.

2. gr.

Læknishéruðin starfrækja í félagi sjúkrahúsið á Egilsstöðum, og annast læknar beggja héraðanna læknisstörfin, enda hafa báðir rétt á sjúkrahúsvist þar fyrir sjúklinga sína.

Sá læknirinn, sem á hverjum tíma hefur verið lengur starfandi héraðslæknir á Egilsstöðum, skal vera yfirlæknir við sjúkrahúsið. Landlæknir getur ákveðið, að lyfjabúð sé sameiginleg fyrir bæði læknishéruðin, og setur hann þá reglur þar um.

3. gr.

Síðasti málsliður 7. gr. laga nr. 8 1944 fellur niður.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði.

Núverandi héraðslæknir Egilsstaðahéraðs skal eiga rétt á að kjósa, hvoru læknishéraðinu hann vill þjóna, og heldur hann þeirri íbúð, sem hann hefur nú í læknisbústaðnum.

Nd. 455. Lög [137. mál]

um breyting á lögum nr. 119 28. des. 1950, um stjórn flugmála.

(Afgreidd frá Nd. 11. marz.)

Samhljóða þskj. 445.

Nd. 456. Nefndarálit [30. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 77 5. júní 1947, um félagsheimili.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Samkvæmt gildandi lögum um félagsheimili eiga félög, sem hafa menningarstarfsemi að aðalviðfangsefni, þess kost að fá hluta af stofnkostnaði félagsheimila greiddan úr félagsheimilasjóði. Sama gildir um sveitarfélög.

Fé það, er félagsheimilasjóður fær til umráða, er svo takmarkað, að lítill stuðningur yrði að framlögum úr sjóðnum, ef dreifa ætti fé hans til flestra eða allra félaga, sem hefðu hug á að reisa samkomuhús. Mörg félög, svo sem stéttarfélög, samvinnufélög og búnaðarfélög, njóta því ekki stuðnings úr félagsheimilasjóði, þótt þau reisi félagsheimili, þar sem þau hafa ekki menningarstarfsemi að aðalviðfangsefni.

En framkvæmd laganna um félagsheimili hefur verið hagað þannig, að verkalýðsfélög geta verið aðilar að stofnun og rekstri félagsheimila með samstarfi við önnur félög. Reynslan sýnir einnig, að bezt fer á því, að félög sameinist um að koma upp félagsheimilum, sem eru vel úr garði gerð. Þá er betri aðstaða en ella með viðhald þeirra og rekstur, enda er fullnægjandi í flestum sveitarfélögum að reisa þar eitt slíkt hús.

Með frv. þessu er stefnt að því að veita verkalýðsfélögum rétt til framlaga úr félagsheimilasjóði, ef þau reisa félagsheimili ein sér. Meiri hl. nefndarinnar telur ekki fært að breyta þeim grundvelli, sem gildandi lög ákveða í þessu efni, nema tryggt sé um leið, að félagsheimilasjóður fái meira fé til umráða en hann hefur nú. Meiri hl. nefndarinnar leggur því til, að frv. þetta verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem fyrir liggur, að framkvæmd laga nr. 77 1947, um félagsheimili, er hagað þannig, að verkalýðsfélög geta með samstarfi við önnur félög verið aðilar að stofnun og rekstri félagsheimila, er stuðnings njóta úr félagsheimilasjóði, og með því að ekki er fært að ganga lengra í því efni, nema félagsheimilasjóði verði jafnframt tryggt meira fé til ráðstöfunar en hann hefur nú, telur deildin ekki rétt að lögfesta þetta frumvarp og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 8. marz 1954.

Björn Björnsson, form.	Kjartan J. Jóhannsson, fundaskr.	Páll Þorsteinsson, frsm.
	Jónas G. Rafnar.	

Fylgiskjal.

Fræðslumálastjóri og íþróttanefnd ríkisins hafa á fundi sínum 17. nóv. tekið til athugunar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 77 5. júní 1947, um félagsheimili, og vilja í því sambandi taka fram eftirfarandi:

Fræðslumálastjóri og íþróttanefnd hafa fallizt á, að verkalýðsfélög fengju aðild að byggingu félagsheimilis í byggðarlögum, þar sem stofnað er til samvinnu annarra aðila, er ótvíræðan rétt hafa samkv. 1. gr. laga nr. 77 1947, um félagsheimili, til styrks úr félagsheimilasjóði. Á þessa aðild verkalýðsfélaga var fallizt með tilliti til þess, er fram kom í umræðum á Alþingi 1947, þegar frumvarp um félagsheimili var til umræðu. Í samvinnusamninga um byggingu og rekstur slíkra félagsheimila hafa verið sett ákvæði, sem tryggja, að verkalýðsfélög fari ekki með meiri hluta atkvæða í málefnum félagsheimilanna. Má í því sambandi benda á félagsheimilin í Bolungavík og á Sauðárkróki. Hins vegar getur fræðslumálastjóri og meiri hluti stjórnar íþróttasjóðs ekki fallizt á að veita verkalýðsfélögum — eða hliðstæðum félagssamtökum — styrk úr félagsheimilasjóði til þess að byggja félagsheimili út af fyrir sig.

Fræðslumálastjóri og meiri hluti íþróttanefndar líta svo á, að verkalýðsfélög séu fyrst og fremst hagsmuna- og stéttarfélög og að þótt stjórnmálaskoðanir takmarki ekki þátttöku, þá séu þau annars eðlis en þau félög, sem upp eru talin og við mun átt í 1. gr. laga um félagsheimili. Telja báðir aðilar, að tekjur félagsheimilasjóðs mundu hrökkva skammt, ef fara ætti inn á þá braut að veita verkalýðsfélög-

um styrk úr sjóðnum, til þess að byggja félagsheimili út af fyrir sig. Yrði þeim veitt aðstaða til sérbygginga félagsheimila með styrk úr félagsheimilasjóði, hlytu önnur hagsmunasamtök launþega að fylgja á eftir, svo sem iðnaðarmannafélög, félög verzlunarfólks, starfsmannafélag ríkis og bæja o. fl. o. fl. Fræðslumálastjóri og meiri hluti íþróttanefndar geta því ekki mælt með því, að umrædd breytingartillaga verði að lögum.

Minni hluti íþróttanefndar, Hermann Guðmundsson, telur, að verkalýðsfélög séu samkv. núverandi lögum styrkhæfir aðilar, en til að taka af öll tvímæli, telur hann, að lagabreytingin eigi fram að ganga.

Helgi Elíasson. Þorsteinn Bernharðsson.
Hermann Guðmundsson. Daníel Ágústínusson.

Þorsteinn Einarsson.

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd neðri deildar Alþingis, Reykjavík.

Nd. 457. Nefndarálit [125. mál]

um frv. til l. um húsaleigu.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Frumvarp þetta er samið að tilhlutun félagsmálaráðuneytisins og flutt eftir beiðni hæstv. félagsmálaráðherra. Minni hl. nefndarinnar, sem gefur út þetta álit, mælir með því, að frv. verði samþykkt án breytinga. Tveir aðrir nefndarmenn (JR og KJJ) munu skila sérstöku nefndaráliti. Einn nefndarmanna (GÞG) var fjarstaddur sökum veikinda, þegar málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 11. marz 1954.

Björn Björnsson, form. Páll Þorsteinsson, frsm.

Nd. 458. Nefndarálit [129. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Leggur meiri hl. n. til, að frv. verði fellt, en ég legg til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 12. marz 1954.

Emil Jónsson.

Nd. 459. Frumvarp til laga

um eignarnámsheimild fyrir Dalvíkurhrepp á erfðafesturéttindum í eignarlandi Dalvíkurhrepps.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. gr.

Hreppsnefnd Dalvíkurhrepps er heimilt að taka eignarnámi öll erfðafesturéttindi í eignarlandi Dalvíkurhrepps.

2. gr.

Um framkvæmd eignarnámsins skal fara eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta flytur nefndin samkv. beiðni félagsmálaráðuneytisins. Fylgdu því svolátandi athugasemdir:

„Frumvarp þetta er borið fram samkvæmt ósk hreppsnefndar Dalvíkurhrepps, en almennur hreppsfundur í Dalvíkurhreppi, haldinn 14. júní 1953, skoraði á hreppsnefndina að afla sér heimildar til að láta leigunám fara fram á lóðum og lendum í landi hreppsins, eftir því sem hreppsnefndinni þætti ástæða til.

Hinn 13. des. 1947 keypti Dalvíkurhreppur jörðina Böggvisstaði af ríkissjóði, með tilliti til þess, að meginhluti Dalvíkurþorps var í Böggvisstaðalandi. Þegar kaup þessi fóru fram, hafði miklum hluta af umræddu landi þegar verið ráðstafað af fyrri landeiganda með erfðafestuleigum til langs tíma og með mjög lágum leigukjörum, eða mest kr. 10.00 pr. ha í ársleigu fyrir ræktunarland og ekki talið mögulegt að hækka þá leigu, nema lagaheimild kæmi til. Þess má og geta, að leiguhafar umræddra erfðafestulanda hafa selt Dalvíkurhreppi og einstaklingum hluta af leigulöndum sínum fyrir matsverð, sem numið hefur allt að kr. 2.40 á ferm. í ræktuðu landi, sem tekið var undir veg, og kr. 2.50 í sams konar landi til lóðasölu undir íbúðarhús.

Samkvæmt framansögðu verður að telja, að brýna nauðsyn beri til þess að skapa Dalvíkurhreppi rétt til að taka öll erfðafesturéttindi í eignarlandi hreppsins eignarnámi, þannig að unnt verði að gera nýja samninga við leigutaka um þau lönd, sem hreppsnefndin telur fært að leigja áfram.“

Nd. 460. Nefndarálit [129. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur rætt frv. á fundum sínum og sent það Eimskipafélagi Íslands h.f., Skipaútgerð ríkisins, skipadeild Sambands ísl. samvinnufélaga, Vélstjórafélagi Íslands og Félagi ísl. rafvirkja til umsagnar.

Allir hafa þessir aðilar sent nefndinni umsagnir sínar um frv. Fjórir þeirra eru andvígir því, að frv. verði samþykkt, og telja það óþarft, þegar þess er gætt, að vélstjórar, sem lokið hafa námi í Vélstjóraskóla Íslands, hafa notið þeirrar menntunar í rafmagnsfræði, sem telja verði fullnægjandi. Einn þessara aðila, Félag ísl. rafvirkja, mælir hins vegar með því, að frv. verði samþykkt.

Nefndin ræddi frv. síðast á fundi sínum í dag og gat ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hluti nefndarinnar mælir gegn því, að frv. verði samþykkt, en minni hluti hennar (EmJ), sem mun skila sérstöku nefndaráliti, mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 12. marz 1954.

Sigurður Ágústsson, form., frsm. Gísli Guðmundsson, fundaskr. Eiríkur Þorsteinsson.

Pétur Ottesen.

Nd. 461. Breytingartillögur [124. mál]

við frv. til l. um fuglaveiðar og fuglafriðun.

Frá Karli Guðjónssyni.

1. Við 9. gr.
   a. 1. málsgr. orðist svo:
   Frá og með 15. apríl til 14. júlí ár hvert eru öll skot bönnuð nær friðlýstum varpstöðvum nytjafugla en 3 km, nema brýna nauðsyn beri til, svo sem vegna útrýmingar ófriðaðra ránfugla. Á sama tímabili má eigi án leyfis varpeiganda leggja net nær friðlýstu æðarvarpi en 1/4 km frá stórstraumsfjörumáli.
   b. Á undan orðinu „sýslumenn" í 2. málsgr. komi: bæjarfógetar og.
2. Við 10. gr. Á eftir 2. málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:
   Í Vestmannaeyjum skal svartfugl, þ. e. langvía, stuttnefja, álka og lundi, vera algerlega friðaður fyrir öðrum veiðitækjum en háf, enda skulu öll skot bönnuð þar frá 15. apríl til 1. sept. nema til aflífunar búpenings eða gegn ófriðuðum ránfuglum í nytjuðum fuglabjörgum.
3. Við 21. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
   Eftirtalin tæki eða útbúnað má eigi nota til fuglaveiða: fleka (snörufleka), svartfuglasnöru, stingi eða króka (gogga) o. s. frv.

Ed. 462. Frumvarp til laga [167. mál]

um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 73. löggjafarþingi, 1954.)

1. gr.

Á tollskránni í 1. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

	Toll-eining	Vörumagns-tollur Aurar	Verð-tollur %
1. Nr. 4 í 5. kafla orðast svo:			
4 Svínshár			2
2. Nr. 19 í 11. kafla orðast svo:			
19 Sterkja, ót. a.	1 kg	7	8
3. Nr. 1—8 í 13. kafla orðast svo:			
1 Jurtir og jurtahlutar, svo sem börkur, til litunar eða sútunar			2
Gúmmí, gúmmíharpix, annað harpix og náttúrlegt balsam, ót. a.:			
2 — gúmmí arabikum			2
3 — skellakk			2

		Toll-eining	Vöru-magns-tollur Aurar	Verð-tollur %
	4 — kólófóníum			2
	5 — benzoëharpix			2
	6 — myrra			2
	7 — annað			2
	8 Kamfóra, einnig tilbúin			2
4.	Nr. 1—7 í 14. kafla orðast svo:			
	Efni úr jurtaríkinu til bursta- og körfugerðar o. þ. h. iðnaðar, ót. a.:			
	1 — bast			2
	2 — greinar, kókostægjur og aðrar jurtatrefjar, ót. a.			2
	3 — spanskreyr og annar reyr, svo og bambus, ót. a.			2
	4 — strá og sef			2
	5 — annað			2
	Húsgagnatróð og annað tróð úr jurtaríkinu, ót. a.:			
	6 — kapok			2
	7 — viðarhár			2
5.	Nr. 9—10 í sama kafla orðast svo:			
	9 — annað			2
	10 Hráefni og úrgangsefni úr jurtaríkinu, ót. a.			2
6.	Á eftir nr. 5 í 15. kafla kemur nýtt nr., svo hljóðandi:			
	5a — lanólín	1 kg	2	8
7.	Nr. 11 í sama kafla orðast svo:			
	11 — ólívuolía (viðsmjör)			2
8.	Nr. 13 og 13a í sama kafla orðast svo:			
	13 — línolía			5
	13a— tréolía			5
9.	Í staðinn fyrir nr. 19 í sama kafla koma tvö nr., svo hljóðandi:			
	19 — pálmaolía			2
	20 — önnur jurtafeiti, ót. a.	—	2	8
10.	Nr. 22 og 23 í 15. kafla orðast svo:			
	Olein og aðrar feitisýrur:			
	22 — súrfeiti			5
	23 — feitisýra			5
11.	Nr. 26 í sama kafla orðast svo:			
	26 Vax úr jurta- og dýraríkinu, ót. a.	—	7	8
12.	Nr. 12—16 í 17. kafla orðast svo:			
	Sykurvörur:			
	12 — marzipan, sykrað	N —	630	35
	13 — brjóstsykur	N —	630	35
	14 — munngúmmí (tyggigúmmí)	N —	630	35
	15 — töggur (karamellur)	N —	630	35
	16 — aðrar	N —	630	35
13.	Nr. 18 í sama kafla orðast svo:			
	18 Lakkrísvörur og sykraður lakkrís	N —	630	35
14.	Nr. 3 í 18. kafla orðast svo:			
	3 Kakódeig	N —	70	8
15.	Nr. 7—10 í sama kafla orðast svo:			
	7 Suðusúkkulaði	N —	315	35
	8 Átsúkkulaði alls konar, svo sem súkkulaðihúðað munngæti (kremsúkkulaði, krókantsúkkulaði, marzipansúkkulaði, núgatsúkkulaði og konfekt),			

		Toll-eining	Vörumagns-tollur Aurar	Verð-tollur %
	ávaxtasúkkulaði, hnotsúkkulaði og möndlusúkkulaði	N 1 kg	630	35
	9 Súkkulaðihúð	N —	315	35
	10 Aðrar vörur úr kakó, ót. a.	N —	630	35
16.	Nr. 3 í 20. kafla orðast svo:			
	3 — — aðrir	N —	630	35
17.	Nr. 8 í sama kafla orðast svo:			
	8 Pectin (sultuhleypir)	—	7	8
18.	Nr. 1—5 í 22. kafla orðast svo:			
	Gosdrykkir:			
	1 — límonaði og sítrónuvatn	N 1 l	100	10
	2 — sódavatn	N —	100	10
	3 — aðrir	N —	100	10
	Öl alls konar:			
	4 — maltöl	N —	170	10
	5 — annað	N —	210	10
19.	Nr. 8 í 25. kafla orðast svo:			
	8 Grafít, óunnið, malað eða þvegið, svo og grafít tilbúið	1 kg	2	8
20.	Nr. 12 í sama kafla orðast svo:			
	Steinefni til fágunar, eða slípunar, svo sem smergill, vikur (pimpsteinn), trípel o. þ. h., óunnin, mulin eða þvegin:			
	12 — smergilduft	—	2	8
21.	Nr. 9—13 í 27. kafla orðast svo:			
	Olíur og önnur efni eimd úr háhitatjöru og hydrerað fenól, kresól og naftalín:			
	9 — benzól			2
	10 — fenól			2
	11 — kresól			2
	12 — naftalín			2
	13 — annað			2
22.	Á eftir 19 í 27. kafla kemur nýtt nr., svo hljóðandi:			
	19a — lakkbenzín (white spirit)			5
23.	Nr. 23 í sama kafla orðast svo:			
	23 Parafín (parafínvax), ceresín (jarðvax), montanvax, ósókerít og annað tilbúið vax, ót. a., einnig þótt þessar vörur séu blandaðar með steríni eða vaxi úr jurta- og dýraríkinu			5
24.	Nr. 7 í 28. kafla orðast svo:			
	7 — brennisteinssýra			2
25.	Nr. 15 í sama kafla orðast svo:			
	15 — kalíumhydroxyd			2
26.	Nr. 24 í sama kafla orðast svo:			
	24 — kvikasilfuroxyd			2
27.	Nr. 29 í sama kafla orðast svo:			
	29 — pottaska (kalíumkarbónat)			2
28.	Nr. 31 í sama kafla orðast svo:			
	31 — sódi (natríumkarbónat)			2
29.	Nr. 34 í sama kafla orðast svo:			
	34 — salmíak (ammóníumklórid)	—	7	8
30.	Nr. 36 í sama kafla orðast svo:			
	36 — vatnsglas (kalíum- og natríumsílíkat)			5
31.	Nr. 47 í sama kafla orðast svo:			
	47 — terpentínuolía (terpentína)			5

	Toll-eining	Vöru-magns-tollur Aurar	Verð-tollur %
32. Nr. 49 í sama kafla orðast svo:			
49 — aceton			2
33. Nr. 51 og 52 í sama kafla orðast svo:			
51 — metylalkóhól			5
52 — ísóprópylalkóhól			5
34. Nr. 54—55 í sama kafla orðast svo:			
54 — alkóhól, ót. a.			5
55 — ostahleypir og annað enzym			2
35. Nr. 60b í sama kafla orðast svo:			
60b Lecithin	1 kg	7	8
36. Á eftir nr. 60c í sama kafla kemur nýtt nr., svo hljóðandi:			
60d Hvetjandi efni til kemískrar framleiðslu, ót. a.			8
37. Nr. 7—8 í 29. kafla orðast svo:			
7 — aðrar	—	7	15
8 Ljósmyndapappír	—	7	15
38. Nr. 1, 1a, 2, 2a og 3 í 30. kafla orðast svo:			
1 Quebrachoextrakt			2
1a Annar sútunarextrakt og önnur efni til sútunar, ót. a., einnig þótt þau séu tilbúin			2
Litarextrakt úr jurtaríkinu:			
2 — barkarlitur		tollfrjáls	
2a— annar			2
3 Indígó, einnig tilbúið			2
39. Nr. 5 í sama kafla orðast svo:			
5 — aðrir			2
40. Nr. 7—12 í sama kafla orðast svo:			
7 Kinrok (sót) og aðrir þvílíkir svartir litir, ót a.			2
8 Krít, möluð eða þvegin			2
9 Þungspat, malað eða þvegið			2
10 Baryumsúlfat tilbúið (blanc fix)			2
11 Jarðlitir, malaðir eða þvegnir, svo sem okkur, umbra o. þ. h.			2
Bronslitir, ót. a.:			
12 — duft			2
41. Nr. 13—21 í 30. kafla orðast svo:			
Þurrir málningarlitir, ót. a.:			
13 — blýhvíta			2
14 — zinkhvíta			2
15 — títanhvíta			2
16 — últramarín			2
17 — kóboltlitur			2
18 — menja			2
19 — aðrir			2
Prentlitir:			
20 — svartir		tollfrjálsir	
21 — aðrir		tollfrjálsir	
42. Nr. 34 í sama kafla orðast svo:			
34 — þurrkefni, fast eða fljótandi	—	7	8
43. Nr. 4a í 32. kafla (Súlfórísinöt o. fl.). Liðurinn fellur niður.			

		Toll-eining	Vöru-magns-tollur Aurar	Verð-tollur %
44.	Nr. 1—2 í 33. kafla orðast svo:			
	1 Ostaefni (kasein)	1 kg	7	15
	2 Albúmín			2
45.	Nr. 1 í 34. kafla (Skotbómull og kollodíumull). Liðurinn fellur niður.			
46.	Nr. 6—9 í 36. kafla orðast svo:			
	6 Lakkleður og lakkleðurlíki	—	7	15
	Skinn af slöngum, krókódílum og strútum, óunnið og unnið, svo og líki þeirra efna:			
	7 — slönguskinn	—	7	20
	8 — krókódílaskinn og strútaskinn	—	7	20
	9 — annað	—	7	20
47.	Nr. 13 í sama kafla orðast svo:			
	13 Leðurlíki, sem í eru leðurþræðir	—	7	20
48.	Nr. 10 í 37. kafla orðast svo:			
	10 Bakpokar og fatapokar	—	7	50
49.	Fyrirsögn VIII. flokks orðast svo:			
	Plast, kátsjúk og vörur úr hvoru tveggja.			
50.	Framan við 39. kafla kemur nýr kafli, svo hljóðandi:			
	39. kafli A.			
	Plast og vörur úr því, ót. a.			
	Gerviharpixar og plastisk efni, cellulósaester og eter:			
	1 — duft eða deig			2
	2 — umbúðablöð og hólkar, ólitað, einnig áletrað, ef áletrunin ber það með sér, að það sé ætlað utan um íslenzkar afurðir til útflutnings			2
	3 — umbúðablöð, ót. a.	—	7	15
	— plötur eða þynnur, ót. a.:			
	4 — — einlitaðar og ómunstraðar	—	7	8
	5 — — aðrar	—	7	15
	6 — rör og stengur	—	7	15
	7 Plastdúkur	—	7	15
	8 Fatnaður, ót. a.	—	20	50
	9 Búsáhöld	—	7	30
	10 Þvottaskálar, vaskar og önnur hreinlætis- og snyrtitæki	—	7	30
	11 Aðrar vörur, ót. a.	—	7	30
	Aths. Nú er flutt inn vara úr tilbúnum mótanlegum efnum (plasti) og vara þessi á að koma í hærri tolla en tilsvarandi vara úr kátsjúki, trjávið, pappa, steini, steinkenndum efnum, leir, gleri eða ódýrum málmum, og má þá fjármálaráðuneytið færa tollana niður í samræmi við tollana á vörum úr nefndum efnum. Allar slíkar lækkanir skulu þegar birtar í B-deild Stjórnartíðinda.			
51.	39. kafli verður 39. kafli B.			
52.	Nr. 2—3 í 39. kafla orðast svo:			
	2 Latex, einnig konsentrerað			2
	3 Kátsjúk, ót. a., uppleyst eða deig	—	7	8
53.	Nr. 15—16 í sama kafla orðast svo:			
	15 — sólar, hælar, húfuskyggni, húfugjarðir og svitagjarðir			8
	Kátsjúkfatnaður, nema skófatnaður:			
	16 — belti	—	20	40

		Toll-eining	Vöru-magns-tollur Aurar	Verð-tollur %
54.	Nr. 18 í sama kafla orðast svo:			
	18 — annað		20	50
55.	Á eftir nr. 19b í sama kafla kemur nýtt nr., svo hljóðandi:			
	19c Gúmmíhringir í niðursuðudósir			8
56.	Síðari málsliður aths. aftan við 39. kafla orðast svo:			
	Hins vegar er ebonit (harðgúmmí) vulkaniserað með um 30% af brennisteini talið í 39. kafla A.			
57.	Nr. 15 í 40. kafla orðast svo:			
	15 — krossviður og aðrar límdar plötur („gabon") ..	1 fet³	10	8
58.	Nr. 17 í sama kafla orðast svo:			
	17 — spónn	—	10	8
59.	Nr. 5 í 41. kafla orðast svo:			
	5 Pressaðar korkplötur með eða án bindiefna til einangrunar	1 kg	7	15
	Aths. Ráðuneytinu er heimilt að lækka verðtoll á einangrunarkorki til frystihúsa í 8%.			
60.	Í staðinn fyrir nr. 7 í sama kafla koma tvö nr., svo hljóðandi:			
	7 Korkvörur til skógerðar			8
	8 Aðrar vörur, ót. a.	—	7	30
61.	Nr. 1 í 43. kafla orðast svo:			
	1 Pappírsmassi og pappírsúrgangur			2
62.	Nr. 5—6 í 44. kafla orðast svo:			
	5 Pergamentpappi og pergamentpappír, ót. a.	—	7	15
	6 Pappi, ót. a., yfirdreginn með litum, lakki, bronsi og þvílíkum efnum, eða lagður lit- eða skrautpappír	—	7	30
63.	Í staðinn fyrir nr. 8 í sama kafla koma tvö nr., svo hljóðandi:			
	Bókbandspappi:			
	8 — sem vegur allt að 700 g/m²			5
	8a — annar	—	2	8
64.	Í staðinn fyrir nr. 10 í 44. kafla koma tvö nr., svo hljóðandi:			
	Venjulegur umbúðapappír, áprentaður eða óáprentaður, og annar þess háttar pappír, enda sé hann ekki þannig gerður, að hann falli undir annað tollskrárnúmer með hærri tolli:			
	10 — sem vegur allt að 130 g/m²			8
	10a — annar			5
65.	Nr. 17 í sama kafla orðast svo:			
	17 Smjörpappír og hvítur pergamentpappír, áprentaður eða óáprentaður, sem vegur allt að 100 g/m²			2
66.	Í staðinn fyrir nr. 22 í sama kafla koma tvö nr., svo hljóðandi:			
	21a Marmarapappír	—	7	15
	22 Annar pappír, ót. a.	—	7	30
67.	Í staðinn fyrir nr. 25 í sama kafla koma tvö nr., svo hljóðandi:			
	25 — nafnspjöld, matseðlar og bréfspjöld, skilti, merkispjöld, flöskumiðar og önnur þess háttar spjöld og miðar án áletrunar, svo og spjöld í spjald-			

		Toll-eining	Vörumagns-tollur Aurar	Verð-tollur %
	skrár eða til notkunar við vélabókhald, þótt þau séu með áletrun	1 kg	7	30
	25a — húfuskyggni og hattagjarðir	—	7	8
68.	Í staðinn fyrir nr. 36 í sama kafla koma tvö nr., svo hljóðandi:			
	36 Frímerkjapappír, límborinn, svo og flugnaveiðarar	—	7	30
	36a Pappírsræmur, límbornar til umbúða	—	7	15
69.	Nr. 18 í 45. kafla orðast svo:			
	18 Spil, einnig þótt þau séu úr öðrum efnum en pappa, pappír o. s. frv.	1 stk.	100	30
70.	Nr. 20a í sama kafla (Áprentaðar fiskumbúðir o. fl.). Liðurinn fellur niður.			
71.	Nr. 1 í 46. kafla A. orðast svo:			
	1 Silkiormahylki (kókónar), óspunnið byssússilki og silkiúrgangur			2
72.	Nr. 4—8 í sama kafla orðast svo:			
	4 Tvinni	1 kg	7	8
	5 Flauel og flos (plyds)	—	20	50
	6 Gólfábreiður, gólfmottur og gólfdreglar	—	20	60
	7 Laufaborðar (blúndur), laufaborðaefni, knipplingar, tyll og önnur þess konar netofin efni	—	20	45
	8 Leggingar, snúrur og aðrar þess konar dregilvörur (possement)	—	20	45
73.	Nr. 10—11 í sama kafla orðast svo:			
	10 Bönd og borðar úr silki, sem ekki geta talizt dregilvörur eða laufaborðar	—	20	60
	Aths. Borði telst í þessu sambandi sú ofin vara, sem ekki er breiðari en 30 cm.			
	11. Silkivefnaður, ót. a.	—	20	50
74.	Nr. 1 í 46. kafla B. orðast svo:			
	1 Gervisilkiúrgangur, óspunnir gervisilkiþræðir og aðrir þess konar gerviþræðir			5
75.	Nr. 4, 5 og 5a í 46. kafla B. orðast svo:			
	Garn:			
	4 — tvinni	—	7	8
	5 — netjagarn, einlitt	tollfrjálst		
	5a — annað			5
76.	Nr. 8—9 í sama kafla orðast svo:			
	8 Laufaborðar, laufaborðaefni, knipplingar, tyll, „curtain nets“ og önnur þess konar netofin efni	—	20	45
	9 Leggingar, snúrur og aðrar þess konar dregilvörur	—	20	45
77.	Nr. 11 í sama kafla orðast svo:			
	11 Bönd og borðar, sem ekki geta talizt dregilvörur eða laufaborðar	—	20	30
78.	Nr. 1—2 í 47. kafla orðast svo:			
	1 Ull			5
	2 Ullarúrgangur og ótó (shoddy)			2
79.	Í staðinn fyrir nr. 1a og 2 í 48. kafla kemur eitt nr., svo hljóðandi:			
	Baðmull og baðmullarúrgangur:			
	2 — baðmull, ót. a.			2

		Toll-eining	Vöru-magns-tollur Aurar	Verð-tollur %
80.	Nr. 5—6 í sama kafla orðast svo:			
	Garn:			
	5 — tvinni	1 kg	7	8
	6 — netjagarn tollfrjálst			
81.	Nr. 8a í sama kafla orðast svo:			
	8a — annað	—	20	35
82.	Nr. 12—13 í sama kafla orðast svo:			
	12 Laufaborðar, laufaborðaefni, knipplingar, tyll, „curtain nets“ og önnur þess konar netofin efni	—	20	45
	13 Leggingar, snúrur og aðrar þess konar dregilvörur	—	20	45
83.	Nr. 1 í 49. kafla orðast svo:			
	Hör, hampur, júta, kínagras (ramie) og önnur spunaefni úr jurtaríkinu, ót. a.:			
	1 — hör			2
84.	Nr. 3—6 í sama kafla orðast svo:			
	3 — júta			2
	4 — annað			2
	Garn, ót. a.:			
	— úr hör eða ramí:			
	5 — — netjagarn tollfrjálst			
	6 — — tvinni	—	7	8
85.	Nr. 8 í sama kafla orðast svo:			
	8 — — netjagarn tollfrjálst			
86.	Nr. 17—18 í sama kafla orðast svo:			
	17 Laufaborðar, laufaborðaefni, knipplingar, tyll, „curtain nets“ og önnur þess konar netofin efni	—	20	45
	18 Leggingar, snúrur og aðrar þess konar dregilvörur	—	20	45
87.	Nr. 27 í 50. kafla orðast svo:			
	27 Bókbandsléreft			5
88.	Í staðinn fyrir nr. 32 í sama kafla koma tvö nr., svo hljóðandi:			
	32 — vaxdúkur	—	7	30
	32a— leðurlíkisdúkur	—	7	15
89.	Á eftir 33a í sama kafla koma tvö nr., svo hljóðandi:			
	33b — skóstrigi	—	7	8
	33c — ræmur, límbornar til umbúða	—	7	8
90.	Í staðinn fyrir nr. 34 í 50. kafla koma tvö nr., svo hljóðandi:			
	— annað:			
	34 — — úr silki	—	20	50
	34a— — úr gervisilki og öðrum gerviþráðum	—	20	30
91.	Nr. 39 í sama kafla orðast svo:			
	Vefnaðarvara, bönd og dregilvörur, sem í er ofinn kátsjúkþráður, náttúrlegur eða tilbúinn (teygjubönd), ót. a.:			
	39 — ef vefnaðurinn er úr silki	—	20	35
92.	Nr. 43 í sama kafla orðast svo:			
	Kveikir:			
	43 — kertakveikir	—	7	8
93.	Nr. 1—6 í 51. kafla orðast svo:			
	Prjónavörur úr silki:			
	1 — prjónavoð (metravara)	—	20	50
	2 — sokkar og leistar	—	20	50

		Toll-eining	Vöru-magns-tollur Aurar	Verð-tollur %
	3 — ytri fatnaður	1 kg	20	60
	4 — nærfatnaður	—	20	60
	5 — vettlingar	—	20	60
	6 — aðrar	—	20	60
94.	Nr. 4—5 í 52. kafla orðast svo:			
	— úr öðrum efnum:			
	— — silki:			
	4 — — — nærfatnaður	—	20	60
	5 — — — annar	—	20	60
95.	Nr. 14 í sama kafla orðast svo:			
	Borðdúkar, pentudúkar, vasaklútar, höfuðklútar, hálsklútar, handklæði, rúmábreiður, dívanteppi, veggteppi og þess konar:			
	14 — úr silki	—	20	60
96.	Nr. 20 í sama kafla orðast svo:			
	Sjöl, slör og slæður:			
	20 — úr silki	—	20	60
97.	Nr. 23 í sama kafla orðast svo:			
	Hálsbindi, kvenslifsi og slaufur, hnýttar og óhnýttar:			
	23 — úr silki	—	20	60
98.	Nr. 32 í sama kafla orðast svo:			
	32 Skóreimar	—	7	20
99.	Nr. 36 í sama kafla orðast svo:			
	Flögg alls konar:			
	36 — úr silki	—	20	60
100.	Á eftir nr. 8 í 55. kafla kemur nýtt nr., svo hljóðandi:			
	8a Tilsniðin hattaefni	—	20	30
101.	Athugasemd aftan við 55. kafla fellur niður.			
102.	Nr. 11 í 58. kafla orðast svo:			
	11 — smergill, einnig þótt hann sé með ás, svo og vikur og karborundum			8
103.	Á eftir nr. 19 í sama kafla kemur nýtt nr., svo hljóðandi:			
	19a — hús og hlutar til þeirra, ót. a.	—	7	30
104.	Nr. 3 í 59. kafla orðast svo:			
	3 Eldfastir steinar og aðrir brenndir hlutir til tekniskrar notkunar, ót. a.			2
105.	Nr. 1—2 í 63. kafla orðast svo:			
	1 Óunnið járn í klumpum	tollfrjálst		
	2 Stál- og járnsvarf	tollfrjálst		
106.	Í staðinn fyrir nr. 3 í sama kafla koma tvö nr., svo hljóðandi:			
	Járn og stál í stöngum:			
	3 — sívalar stengur 25 mm í þvermál eða grennri	—	2	8
	3a — annað	tollfrjálst		
107.	Nr. 4 í sama kafla orðast svo:			
	4 Prófíljárn alls konar, ót. a.	tollfrjálst		
108.	Nr. 8 í sama kafla orðast svo:			
	8 — — aðrar	tollfrjálsar		
109.	Nr. 8b í sama kafla orðast svo:			
	8b— — aðrar	tollfrjálsar		

		Toll-eining	Vöru-magns-tollur Aurar	Verð-tollur %
110.	Í staðinn fyrir nr. 9 í sama kafla koma tvö nr., svo hljóðandi:			
	9 Raf- og logsuðuvír ..... tollfrjáls			
	9a Vír úr járni og stáli, ót. a.	1 kg	2	8
	Aths. Vír er málmþráður 10 mm í þvermál eða grennri.			
111.	Nr. 11 í sama kafla orðast svo:			
	11 Gjarðajárn ..... tollfrjálst			
112.	Nr. 1 í 64. kafla orðast svo:			
	1 Kopar og koparblöndur, óunnið í klumpum eða sem duft ..... tollfrjálst			
113.	Nr. 3—4 í sama kafla orðast svo:			
	3 — lóðunarefni í stöngum, plötum eða sem duft .... tollfrjálst			
	4 — annað ..... tollfrjálst			
114.	Nr. 1 í 65. kafla orðast svo:			
	1 Nikkel, nikkelblöndur, óunnið í klumpum, svo og duft tollfrjálst			
115.	Nr. 1 í 66. kafla orðast svo:			
	1 Alúmínium og alúmíníumblöndur, óunnið í klumpum, svo og duft ..... tollfrjálst			
116.	Í staðinn fyrir nr. 2 í sama kafla koma tvö nr., svo hljóðandi:			
	2 Vír, ekki einangraður	—	7	8
	2a Stengur, þ. á m. prófílstengur ..... tollfrjálsar			
117.	Nr. 1 í 67. kafla orðast svo:			
	1 Blý og blýblöndur, ót. a., óunnið í klumpum, svo og blýspænir ..... tollfrjálst			
118.	Nr. 5 í sama kafla orðast svo:			
	5 Blýlóð (sökkur)			2
119.	Nr. 1 í 68. kafla orðast svo:			
	1 Zink og zinkblöndur, óunnið í klumpum, svo og zinkduft ..... tollfrjálst			
120.	Nr. 3 í sama kafla orðast svo:			
	3 Plötur ..... tollfrjálsar			
121.	Nr. 1 í 69. kafla orðast svo:			
	1 Tin og tinblöndur, óunnið í klumpum, svo og duft tollfrjálst			
122.	Í staðinn fyrir nr. 5 í sama kafla koma tvö nr., svo hljóðandi:			
	5 Lóðtin í stöngum eða öðru formi ..... tollfrjálst			
	5a Túbur úr tini	—	7	8
123.	Nr. 1—2 í 70. kafla orðast svo:			
	Málmar og blöndur þeirra, ót. a.:			
	1 — óunnir ..... tollfrjálst			
	2 — í stöngum, plötum eða sem vír ..... tollfrjálst			
124.	Á eftir nr. 5 í 71. kafla kemur nýtt nr., svo hljóðandi:			
	5a — hnífablöð	—	7	15
125.	Nr. 15 í sama kafla orðast svo:			
	15 Smávarningur til húsgagnagerðar (Möbelbeslag), ót. a.	—	7	15
126.	Nr. 17 í sama kafla orðast svo:			
	Hringjur, spennur óskreyttar, smellur, krókapör, skókössar og annar þess konar smávarningur til sauma, lífstykkjagerðar, pappírsvöruiðnaðar, skósmíða og söðlasmíða o. þ. h., ót. a.	—	7	15

		Toll-eining	Vöru-magns-tollur Aurar	Verð-tollur %
127.	Nr. 25 og 25a í sama kafla orðast svo:			
	Blaðtin (stanníól) og aðrar málmþynnur, sem eru minna en 0.25 mm að þykkt, þó ekki blaðgull og blaðsilfur og eftirlíkingar hvors tveggja:			
	25 — með áletrun, sem ber það með sér, að þynnurnar séu ætlaðar utan um íslenzkar afurðir			2
	25a — aðrar	1 kg	7	15
128.	Nr. 5 í 72. kafla orðast svo:			
	5 — vefjarskeiðar og skyttur til vefstóla	—	7	8
129.	Nr. 31 í sama kafla orðast svo:			
	31 Kúlu- og keflalegur			2
130.	Á eftir nr. 11 í 73. kafla kemur nýtt nr., svo hljóðandi:			
	11a Hlutar til rafmagnsgeyma	—	2	8
131.	Nr. 14 í 75. kafla orðast svo:			
	14 Reiðhjólahlutar, ót. a.	—	7	20
132.	Nr. 2 í 79. kafla orðast svo:			
	2 Hlutar til flygela og pianóa	—	7	15
133.	Nr. 4 í sama kafla orðast svo:			
	4 Hlutar til orgela og harmonía	—	7	15
134.	Nr. 8, 9, 9a, 9b, 9c og 10 ásamt athugasemd í 82. kafla falla niður.			
135.	Nr. 11 í sama kafla orðast svo:			
	8 Skraut- og glysvarningur úr plastiskum efnum og efnum þeim, sem talin eru í þessum kafla	—	120	80
136.	Nr. 1 í 85. kafla orðast svo:			
	1 Hnappar til fata, ót. a., þar með taldir ermahnappar og flibbahnappar, aðrir en úr góðmálmum	—	20	30

2. gr.

Á 3. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1. Fyrir orðið „hampgarn“ í h-lið kemur: garn.
2. æ-liður orðast svo:
   æ. Að innheimta ekki aðflutningsgjöld af vélum, sem eingöngu eru notaðar til veiðarfæragerðar.
3. Á eftir æ-lið kemur nýr stafliður, svo hljóðandi:
   ö. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af efni, vélum og tækjum í skip og báta, sem smíðaðir eru innanlands. Má miða endurgreiðsluna við tiltekna fjárhæð á hverja rúmlest.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numdir 1., 6., 21. og 24. tölul. 1. gr. laga nr. 96 1941, 1., 2., 3., 7., 9., 10., 13., 20., hluti af 25. (49/5, 6 og 8), hluti af 49. (63/8 og 8b) tölul. 1. gr. laga nr. 56 1942, 7., 9., fyrri hluti 23. (50/39) og 29. tölul. 1. gr. laga nr. 6 1945, fyrri hluti 8. (30/12) og 33. tölul. 1. gr. laga nr. 71 1947, niðurlag 2. (15/19), 7., 10., 12., 16., 18. og 40. tölul. 1. gr. laga nr. 49 1950, 2., 3., 8., 11. og 16. tölul. 1. gr. laga nr. 108 1951 og 4., 14., 15., 17., 24. og 29. tölul. 1. gr. og æ-liður 3. tölul. 2. gr. laga nr. 31 1953, allra um breyt. á l. nr. 62 1939, um tollskrá o. fl.

4. gr.

Þá er lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra, ásamt meginmáli eldri laga um breyt. á l. nr. 62 1939, um tollskrá o. fl., að því leyti sem þau eru enn í gildi, inn í lög nr. 62 1939, um tollskrá o. fl., og gefa þau út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi, dagsettu 18. apríl 1953, skipaði fjármálaráðherra, í samráði við iðnaðarmálaráðherra, nefnd til þess að endurskoða lög nr. 62/1939, um tollskrá o. fl., ásamt síðari breytingum, með tilliti til þess, að innlendur iðnaður hafi hæfilega og skynsamlega vernd gegn samkeppni erlendra iðnaðarvara. Enn fremur skyldi nefndin, í samráði við fjármálaráðuneytið, taka til athugunar önnur þau atriði, sem nauðsynlegt kynni að þykja að endurskoða í tollskrárlögunum. Í nefnd þessari áttu sæti:

1. Friðjón Sigurðsson, fulltrúi í skrifstofu Alþingis, og var hann formaður nefndarinnar,
2. Magnús Gíslason, fyrrv. skrifstofustjóri,
3. Pétur Sæmundsen, viðskiptafræðingur,
4. Sverrir Þorbjörnsson, hagfræðingur,
5. Harry Frederiksen, framkvæmdastjóri.

Síðar ákvað fjármálaráðherra, að framkvæmdastjóri Landssambands iðnaðarmanna, Eggert Jónsson, lögfræðingur, mætti taka þátt í störfum nefndarinnar með tillögurétti, þegar fjallað væri um mál, er sérstaklega snertu hagsmuni félaga Landssambandsins.

Nefndin átti samkvæmt fyrirmælum ráðherra að hafa lokið störfum fyrir 15. sept. 1953. Á hinn bóginn reyndist starf nefndarinnar og öflun nauðsynlegra gagna svo tímafrekt, að hún gat eigi skilað frumvarpi sínu um breytingar á tollskránni til fjármálaráðherra fyrr en 6. febrúar þ. á., útreikningum um áhrif tillagnanna á tolltekjur ríkisins 20. febrúar og áliti 8. marz s. á.

Fjármálaráðherra og iðnaðarmálaráðherra hafa í sameiningu látið athuga frv. nefndarinnar og orðið sammála um að gera á því nokkrar breytingar, sem einkum eru fólgnar í að fella burt tollahækkanir á ýmsum fullunnum vörum og víkja í nokkrum atriðum frá lækkunartillögum, sem nefndin hafði gert. Að öðru leyti er frumvarpið og athugasemdir um einstaka liði í megindráttum samhljóða frv. nefndarinnar.

Gera má ráð fyrir, að frv. þetta, ef að lögum verður, hafi í för með sér tekjumissi fyrir ríkissjóð, allt að 5 millj. króna.

Hér fer á eftir greinargerð um einstakar breytingartillögur:

Um 1. gr.

1. Svínshár er notað í ýmiss konar bursta og pensla, sem nú eru framleiddir í landinu. Er því lagt til, þar sem hér er um að ræða nauðsynlegt hráefni fyrir þessa iðngrein, að vmt., 7 aurar á kg, verði felldur niður og vt. lækkaður úr 8% í 2%.
2. Sterkja er notuð við framleiðslu á búðingsdufti og lyftidufti, en er nú með sama tolli og þessar vörur fullunnar, sbr. nr. 2 og 3 í 19. kafla. Er því lagt til, að vt. lækki úr 30% í 8%.
3. Nr. 1—8 í 13. kafla eru allt efni, sem eingöngu eru notuð til iðnaðar, svo sem litunar, sútunar, í málningu, lím og lyf. Er því lagt til, að vmt., 7 aurar á kg, falli niður og vt. lækka úr 8% í 2%.
4. Nr. 1—5 í 14. kafla eru hráefni til körfu- og burstagerðar og þess háttar iðnaðar. Nr. 6 og 7 í sama kafla eru hráefni til húsgagnabólstrunar. Er því lagt til, að 7 aura vmt. falli niður og vt. lækki úr 8% í 2%.
5. Um nr. 9 og 10 í 14. kafla vísast til greinargerðar um nr. 4.
6. Lanólín (ullarfeiti) hefur verið tollflokkað undir nr. 6 í 15. kafla með 7 aura vmt. og 30% vt. Lanólín er meðal annars notað til framleiðslu á ýmsum smyrslum, hér einkanlega júgursmyrslum, og er því talið eðlilegt, að tollar lækki í 2 aura vmt. og 8% vt.
7. Ólívuolía (viðsmjör) er hér á landi mest notuð við niðursuðu á fiski, og þykir því sanngjarnt að fella niður vmt., 2 aurar á kg, og lækka vt. úr 8% í 2%.

8. Línolía og tréolía eru mikilsverðastar af þornandi olíum og mest notaðar til framleiðslu á málningu, lökkum og fernís. Ósoðin línolía er einnig notuð í blautsápu. Er því lagt til, að vmt., 2 aurar á kg, falli niður og 8% vt. lækki í 5%.
9. Pálmaolía telst nú til nr. 19 í 15. kafla, „önnur jurtafeiti, ót. a.“. Þessi olía er mikið notuð í sápur og kerti, og er því lagt til, að einungis pálmaolía falli undir lið nr. 19 með 2% vt., en „önnur jurtafeiti, ót. a.“ verði með óbreyttum tolli, 2 aura vmt. og 8% vt., undir nýju tollskrárnr., 20.
10. Olein og aðrar feitisýrur eru mikilsverð hráefni til framleiðslu á sápum og öðrum hreinlætisvörum, og er því lagt til, að vmt., sem nú er (sbr. nr. 22 og 23 í 15. kafla) 7 aurar og 2 aurar á kg, falli niður og vt. lækki úr 8% í 5%.

    Samkvæmt tillögum dr. Jóns Vestdal er lagt til, að texta tollskrárinnar verði breytt eins og segir í frumvarpinu.
11. Til nr. 26 í 15. kafla telst alls vax úr jurta- og dýraríkinu, sem ekki fellur undir önnur tollskrárnúmer. Hér er eingöngu um efni að ræða, sem notuð eru til framleiðslu á kertum, lyfjum, ýmsum tegundum af lökkum og fernísum, bóni og ýmsum smyrslum. Enn fremur er vax notað til íburðar í vefnað. Lagt er til, að vt. lækki úr 15% í 8%.
12.—13. Þegar tollskráin gekk í gildi, var vmt. af sykurvörum og lakkrís 420 aurar af kg, en tollvörugjald af sams konar vörum framleiddum í landinu 210 aurar af kg. Vmt. var því helmingi hærri en tollvörugjaldið. Vmt. af þessum vörum er nú með 250% viðaukanum 1470 aurar, en tollvörugjaldið með 560% álagi 1386 aurar. Tollvernd sú, sem innlendu framleiðsluvörurnar nutu 1940, hefur því rýrnað verulega. Í k-lið 3. gr. tollskrárinnar er heimild til að hækka vmt. tilsvarandi við hækkanir á tollvörugjaldinu. Sú heimild hefur ekki verið notuð. Er því lagt til, að vmt. verði hækkaður um 50%, og er þá tekið tillit til þess, að tollar af hráefnum til sælgætisgerðar hafa lækkað hlutfallslega síðan 1939.
14. Kakódeig er hér eingöngu notað til framleiðslu á súkkulaði, og er því lagt til, að vmt. lækki úr 140 aurum í 70 aura á nettó kg til samræmis við brenndar kakóbaunir og kakósmjör til sömu nota.
15. Sjá greinargerð með nr. 12 og 13.
16. Sjá greinargerð með nr. 12 og 13.
17. Framleiðendur aldinsultu og aldinmauks hafa kvartað undan of háum tolli á pectin (sultuhleypi). Lagt er til, að vt. lækki úr 30% í 8%.
18. Þegar tollskráin gekk í gildi, var 45 aura vmt. á gosdrykkjum, en 15 aura framleiðslutollur. Vmt. er nú með 250% viðaukanum 157½ eyrir, en framleiðslutollurinn 117 aurar. Hér hefur tollverndin minnkað verulega, og er því lagt til, að vmt. af gosdrykkjum hækki í 100 aura af hverjum lítra.

    Á sama hátt var 90 aura vmt. á öli, en 10 aura framleiðslutollur á maltöli og 20 aurar af öðru öli. Vmt. með 250% viðauka er 315 aurar. Framleiðslutollurinn er 168 aurar á hvern lítra af öllu öli nema maltöli og hvítöli, en á því er hann 66 aurar og 78 aurar á hvern lítra. Lagt er til, að vmt. af maltöli hækki úr 90 aurum í 170 aura og af öðru öli úr 90 aurum í 210 aura af hverjum lítra.
19. Málmbræðslur hafa farið fram á lækkun á tollum á grafít, sem er notað í málmbræðsludeiglur. Grafít er einnig notað til málningargerðar, íblöndunar í smurningsolíu og í ofnsvertu. — Lagt er til, að vmt. lækki úr 7 aurum í 2 aura.
20. Smergilduft, nr. 12 í 25. kafla, er notað til slípunar og fágunar á svipaðan hátt og önnur þess konar steinefni. Smergilduft er einnig notað við loðsútun á gærum. Til samræmis við önnur slík steinefni þykir rétt að lækka vörumagnstollinn úr 7 aurum í 2 aura.
21. Af efnum þeim, sem teljast til nr. 9—13 í 27. kafla, eru höfð margvísleg not í kemískum iðnaði, s. s. til framleiðslu á óteljandi litarefnum, ilmefnum,

sprengiefnum, lyfjum, efnum til ljósmyndunar og sem upplausnarefni. Cyklohexanol (vetnað fenól) er, auk þess að vera mikilsvert upplausnarefni við olíur, harpixa og vax, einnig notað í þvottaefni, fægiefni og til framleiðslu ýmissa efnasambanda, einkum estera. Hér á landi eru efni þessi einkanlega notuð í málningariðnaðinum. Er lagt til, að 7 aura vmt. verði felldur niður og 8% vt. lækki í 2%.

22. Lakkbenzín (white spirit) telst nú til nr. 20 í 27. kafla með 2 aura vmt. og 8% vt. Efni þetta, sem er mikilsvert sem upplausnarefni við harpixa, feitar olíur, lökk og fernísa, hefur Lakk- og málningarverksmiðjan Harpa h.f. farið fram á að verði lækkað í tolli. Er því lagt til, að það teljist framvegis til sérstaks nr., 19a, með 5% verðtolli.
23. Vaxtegundir þær, sem teljast til nr. 23 í 27. kafla, eru aðallega notaðar til framleiðslu á kertum, skóáburði, bóni og öðru gljávaxi, einnig til íburðar í vefnað og leður. Er lagt til, að 7 aura vmt. falli niður og vt. lækki úr 8% í 5%.
24. Brennisteinssýra er eitt hið mikilsverðasta efni til margs konar kemísks iðnaðar. Er því lagt til, að 7 aura vmt. falli niður og vt. lækki úr 8% í 2%.
25. Kalíumhydroxyd (kalílútur) er allmikið notað til framleiðslu á blautsápu og einnig við ýmsa aðra kemíska framleiðslu. Er lagt til, að 7 aura vmt. falli niður og 8% vt. lækki í 2%.
26. Kvikasilfuroxyd er notað til málningarframleiðslu. — Lagt er til, að 7 aura vmt. falli niður og 8% vt. lækki í 2%.
27. Pottaska (kalíumkarbónat) er mikið notuð í sápu, en einnig er hún notuð við framleiðslu á gleri og við bleikingu og litun á vefnaði. Er lagt til, að 7 aura vmt. falli niður og 8% vt. lækki í 2%.
28. Sódi (natríumkarbónat) er mjög mikið notaður við framleiðslu á sápum og þvottadufti, einnig til framleiðslu á gleri o. fl. Er notkun fárra efna jafnmargbreytileg og sódans. Er lagt til, að 2 aura vmt. falli niður og 8% vt. lækki í 2%.
29. Salmíak er einkum notað við lóðun, málmhúðun, litun á vefnaði og til lyfja. Er lagt til, að 30% vt. lækki í 8%.
30. Vatnsglas (kalíum- og natríumsílíkat) er mikið notað sem lím til að líma pappa, enn fremur í sápur, þvottaduft, kítti og við litun vefnaðar. Kassagerð Reykjavíkur notar þetta efni mikið við framleiðslu á umbúðum um útflutningsvörur. Er lagt til, að vmt., 7 aurar á kg, falli niður og verðtollur lækki úr 8% í 5%.
31. Terpentínuolía er mikilvægt efni við upplausn á harpixum til framleiðslu á fernísum og til lyfja. Er lagt til, að 7 aura vmt. falli niður og 8% vt. lækki í 5%.
32. Aceton er hér notað til framleiðslu á sellulósalökkum o. fl. Er lagt til, að 7 aura vmt. falli niður og 8% vt. lækki í 2%.
33. Alkóhól þau, er teljast til nr. 51 og 52 í 28. kafla, eru nauðsynleg til málningargerðar. Lagt er til, að 7 aura vmt. falli niður og 8% vt. lækki í 5%.
34. Um alkóhól, ót. a., vísast til greinargerðar um nr. 33. Ostahleypir er nauðsynlegt efni til ostagerðar. Lagt er til, að 7 aura vmt. falli niður og 8% vt. af alkóhóli lækki í 5% og í 2% vt. af ostahleypi og öðru enzymi.
35. Lecithin telst nú til nr. 61 í 28. kafla, „kemísk framleiðsla, ót. a.“, með 7 aura vmt. og 30% vt. Efni þetta er notað til smjörlíkisgerðar, og er því lagt til, að það verði í sérstökum lið, 60b, með 7 aura vmt. og 8% vt. — Sellulósaderívatar, ót. a., sem nú falla undir lið 60b, koma samkvæmt frumvarpinu undir nýjan kafla, 39A (Plastefni).
36. Á s. l. ári var hafin hér framleiðsla á svampgúmmíi, sem notað er sem setur í bifreiðar og húsgögn og enn fremur í rúmdýnur. — Ýmiss konar hvetjandi efni eru nauðsynleg til framleiðslu á svampgúmmíi. Efni þessi hafa ekki verið flutt inn áður, sem nokkru nemi, og hafa þau verið tollflokkuð í nr. 61 í 28.

kafla með 7 aura vmt. og 30% vt. Þar sem hér er um að ræða nauðsynlegt hráefni til þessa iðnaðar, þykir rétt að setja nýtt nr., 60d, fyrir þessi efni með 8% vt.

Erfitt er að skilgreina efnafræðilega efni þau, er hér um ræðir, þar eð þau skipta tugum og jafnvel hundruðum. Í stórum dráttum má skýra verkun umræddra efna sem hjálparefna, sem gera mögulegar, örva eða fullkomna efnabreytingu milli tiltekinna hráefna við kemiska framleiðslu á iðnaðarvörum.

37. Samtök ljósmyndara hafa farið fram á lækkun á tollum af ýmsum efnum og tækjum til ljósmyndagerðar. Rétt þykir að koma til móts við óskir þessara aðila með lækkun á vt. á óframkölluðum ljósmyndaplötum og ljósmyndapappír úr 30% í 15%.
38. Litunar- og sútunarefni þau, sem hér um ræðir, eru þýðingarmikil fyrir málningarframleiðslu, sútun skinna, veiðarfæraframleiðslu og litun vefnaðar. Er því lagt til, að 3,36 aura vmt. af quebrachoextract falli niður og 4,48% vt. lækki í 2%, og 7 aura vmt. af litarefnunum, öðrum en barkarlit, falli niður, og vt. lækki úr 8% í 2%, en barkarlitur verði tollfrjáls.
39. Sjá greinargerð um liti í nr. 38.
40. Efni þau, sem teljast til nr. 7—12 í 30. kafla, eru mikið notuð í málningarvörur. Er lagt til, að 7 og 1 eyris vmt. falli niður og 8% vt. lækki í 2%.
41. Sjá greinargerð um málningarliti í nr. 40. Bækur og blöð eru tollfrjáls, en öll efni til prentunar og bókagerðar hafa verið tollud. Þykir sanngjarnt, að prentlitir verði tollfrjálsir.
42. Lagt er til, að vt. á þurrkefni lækki úr 15% í 8%.
43. Efni þau, sem teljast til nr. 4a í 32. kafla, með 8% vt., eru sápulíki, en svo eru öll þau efni nefnd, sem nota má í staðinn fyrir sápu til þvotta. Er því lagt til, að liðurinn falli niður, og falla þá umrædd efni til nr. 4 í sama kafla með 30% vt. og sama vmt., 7 aura.
44. Kasein (ostaefni) er framleitt í mjólkurbúum hér á landi. Lagt er til, að vt. hækki úr 8% í 15%.

Albúmín er hér notað til framleiðslu á límí og kítti o. fl. Lagt er til, að 7 aura vmt. falli niður og 8% vt. lækki í 2%.

45. Lagt er til, að liðurinn falli niður, þar sem í frumvarpinu er ætlazt til, að umrædd efni komi undir nýjan kafla, 39A.
46. Leðurtegundir þær og skinn, sem teljast til nr. 6—9 í 36. kafla, eru ekki framleidd hér á landi, en talsvert notuð við skóframleiðslu. Vegna innflutnings á skófatnaði úr þessum skinnategundum þykir rétt að gefa íslenzkum skóverksmiðjum aðstöðu til að auka fjölbreytni í skóframleiðslu sinni. Lagt er til, að vt. á lakkleðri og lakkleðurlíki lækki úr 20% í 15% og vt. á sams konar skinnum af slöngum, krókódílum og strútum og líki þeirra efna lækki úr 30% í 20%.
47. Leðurlíki er notað til töskugerðar og í skófatnað, og er því lagt til, að 30% vt. lækki í 20%.
48. Lagt er til, að vt. á bakpokum og fatapokum úr leðri hækki úr 40% í 50% til samræmis við aðra bakpoka, sbr. nr. 39 í 52. kafla.
49.—50. Á síðari árum hefur farið mjög í vöxt innflutningur ýmiss konar plastefna. Jafnframt hefur fjöldi tegundanna smám saman aukizt. Ákvæði tollskrárinnar voru ekki miðuð við þennan fjölbreytta innflutning, og komu því oft óskyldar vörur í sömu tollflokka. Með breytingum á tollskránni hefur smám saman verið aukin sundurgreining plastefnanna, en þó hefur þessi tollflokkun ekki verið fullnægjandi. Rétt þykir því að setja í tollskrána nýjan kafla um þessar vörur, þar sem hægt er að flokka þær eftir vinnslustigi og notkun, eins og gert er í öðrum köflum tollskrárinnar. Efni þau, sem ætlazt er til að falli undir 39. kafla A, teljast nú til nr. 60b í 28. kafla, nr. 1 í 34. kafla og nr. 8, 9, 9a, 9b, 9c og 10 í 82. kafla. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir, að til kaflans teljist

vörur til ljósmyndunar (29. kafli), fernis og málning (30. kafli), lím (33. kafli), syntetískt gúmmí og vörur úr því (39. kafli B), gervisilki, gerviþræðir og vörur úr þeim efnum (11. flokkur), skófatnaður, hattar, húfur, regnhlífar, sólhlífar og tízkuvörur (12. flokkur), vörur, er eðli sínu samkvæmt teljast til 16., 17. eða 18. flokks, tæki, sem eingöngu verða notuð til hjúkrunar eða lækninga (nr. 35 í 77. kafla), tilbúnar perlur, perlufestar og annar varningur úr tilbúnum perlum (82. kafli) og annar skraut- og glysvarningur (nú nr. 11 í 82. kafla), burstagerðarvörur, sigti og sáldir (83. kafli), tennistæki og önnur þvílík tæki, leikföng, samkvæmisspil o. fl. (84. kafli), hnappar, sjálfblekungar, skrúfblýantar, reykjarpípur o. fl. (85. kafli).

Við skipun plastefna í tollflokka hefur nefndin fylgt sömu meginreglu og annars staðar í tillögum sínum, að tolla hráefni lágt og unnar vörur í samræmi við það, sem sams konar vörur úr öðrum efnum eru tollaðar.

51. Þarf ekki skýringar við.
52. Efni þau, sem teljast til nr. 2—3 í 39. kafla B, eru hráefni til ýmiss konar iðnaðar, s. s. svampgúmmíframleiðslu, hjólbarðasólunar, gúmmímálningarframleiðslu. Lagt er til, að 7 aura vmt. af latexi falli niður, en 8% vt. lækki í 2% og 30% vt. af nr. 3 lækki í 8%.
53. Lagt er til, að 7 aura vmt. á sólum og hælum falli niður. — Auk þess er lagt til, að undir númerið falli húfuskyggni, húfugjarðir og svitagjarðir, sem nú teljast til nr. 18 í sama kafla með 20 aura vmt. og 40% vt. — Að öðru leyti er um leiðréttingu að ræða.
54. Til nr. 18 í 39. kafla B teljast alls konar fatnaðarvörur úr kátsjúk. Er lagt til, að vt. hækki úr 40% í 50% til samræmis við annan ytri fatnað.
55. Gúmmíhringir í niðursuðudósir teljast nú til nr. 20 í 39. kafla með 7 aura vmt. og 30% vt. Vegna dósaframleiðslu þykir rétt að lækka tollinn, og er lagt til, að hringir þessir falli undir sérstakt nr., 19c, með 8% vt.
56. Efni þau, sem hér um ræðir, falla nú undir 82. kafla tollskrárinnar, en lagt er til, að þau komi undir nýjan kafla, 39A.
57. Krossviður og aðrar límdar plötur eru jafnþýðingarmiklar og annar viður til innréttingar húsa og húsgagnaframleiðslu. Lagt er til, að vt. lækki úr 15% í 8%.
58. Spónn er mikið notaður við húsgagnaframleiðslu. Er lagt til, að 15% vt. lækki í 8%.
59. Framleiðsla á innlendum einangrunarefnum hefur farið mjög í vöxt síðan tollskráin var samin. Er hér um að ræða steinull og vikur. Framleiðsla þessara einangrunarefna hefur átt í erfiðleikum vegna aukins innflutnings á einangrunarkorki. Lagt er til, að 8% vt. af korki hækki í 15% með heimild fyrir ráðuneytið til að undanþiggja einangrunarkork til frystihúsa þessari hækkun, vegna þess að enn þykir ekki vera fengin full reynsla fyrir því, að innlendu einangrunarefnin henti eins vel til frystihúsa.
60. Korkvörur til skóframleiðslu teljast nú til nr. 7 í 41. kafla, en notkun þeirra hefur farið mikið vaxandi í þessum iðnaði. Lagt er til, að vörur þessar falli undir sérstakt nr., 7, með 8% vt., en aðrar vörur ót. a. teljist til nr. 8 (nýtt nr.) með óbreyttum tolli, 7 aura vmt. og 30% vt.
61. Frumhráefni. Þarf ekki skýringar við.
62. Pappa- og pappírstegundir þær, sem teljast til nr. 5 og 6 í 44. kafla, eru mikið notaðar til öskjugerðar, bókbands og bókagerðar. Lagt er til, að 30% vt. á nr. 5 lækki í 15% og 50% vt. á nr. 6 lækki í 30%.
63. Til nr. 8 telst nú ýmiss konar pappi, sem notaður er til pappakassaframleiðslu og öskjugerðar. Lagt er til, að 2 aura vmt. falli niður og 8% vt. lækki í 5% af pappa, sem vegur allt að 700 g/m^2, en þyngri pappi teljist til nýs nr., 8a, með óbreyttum tolli, því að slíkur bókbandspappi er framleiddur hér á landi.
64. Til nr. 10 í 44. kafla teljast þynnstu tegundirnar af karton, sem eru mjög mikið notaðar í svo kallaðar kartonöskjur, sem aðallega hafa verið notaðar um fisk

til útflutnings, en eru nú notaðar á fleiri sviðum. Samkvæmt i-lið 3. gr. tollskrárinnar er heimilt að endurgreiða aðflutningsgjöld eða hluta af þeim af efni í umbúðir um innlendar framleiðsluvörur, sem fluttar eru til útlanda til sölu þar. Hins vegar er engin heimild til endurgreiðslu, sé efnið notað í umbúðir um innlendar framleiðsluvörur til sölu innanlands. Er því lagt til, vegna þess hvað þýðingarmikið er fyrir sölu margra iðnaðarvara að hafa ódýrar og hentugar umbúðir, að 8% vt. á pappír, sem er þyngri en 130 g/m², lækki í 5% og verði í nýjum lið, 10a.

65. Til nr. 17 í 44. kafla með 2% vt. telst nú aðeins óáprentaður smjör- og pergamentpappír, en áprentaður pappír telst til nr. 20a í 45. kafla, ef um er að ræða fiskumbúðir til útflutnings, með sama tolli. Allur annar áprentaður pappír af þessu tagi telst til nr. 21 í 45. kafla með 7 aura vmt. og 30 vt. — Lagt er til, að framvegis teljist bæði prentaður og óáprentaður smjör- og pergamentpappír til nr. 17 í 44. kafla, með 2% vt., en nr. 20a í 45. kafla falli niður.
66. Marmarapappír, sem er mikið notaður til bókbands, telst nú til nr. 22 í 44. kafla, með 7 aura vmt. og 30% vt. Lagt er til, að marmarapappír verði sér í nr., 21a með sama vmt. og 15% vt.
67. Húfuskyggni og hattgjarðir teljast nú til nr. 25 í 44. kafla með 7 aura vmt. og 30% vt. Lagt er til, að þessar vörur verði í nýju nr., 25a, í sama kafla með sama vmt. og 8% vt.
68. Pappírsræmur límbornar til umbúða teljast nú til nr. 36 í 44. kafla með 7 aura vmt. og 30% vt. Límbornar pappírsræmur eru mikið notaðar til framleiðslu á pappakössum og öskjum um fisk og ýmsar innlendar iðnaðarvörur. Lagt er til, að límbornar pappírsræmur verði í nýju nr., 36a, í sama kafla með sama vmt., en 15% vt.
69. Vegna þeirra miklu verðhækkana, sem orðið hafa á síðustu árum, hefur tollur á spilum, sem eingöngu er vmt., lækkað mikið hlutfallslega, þrátt fyrir vörumagnstollsviðaukann. Er því lagt til, með tilliti til innlendrar framleiðslu á spilum, að vmt. verði óbreyttur, en vt. verði 30%.
70. Vísast til greinargerðar um nr. 65.
71. Silkiormahylki (kókónar), óspunnið byssússilki og silkiúrgangur eru hráefni til framleiðslu á vörum úr silki. Nefndin leggur til, að 7 aura vmt. falli niður og 8% vt. lækki í 2%.
72. Silkitvinni er mikið notaður við framleiðslu á fatnaði og skóm. Er því lagt til, að 20 aura vmt. lækki í 7 aura. — Tollar á silkivörum hafa verið svo háir, að þeir hafa að mestu hindrað innflutning á slíkum vörum. Virðist vera óeðlilega mikill tollmunur á vörum úr silki og gervisilki. Er því talið rétt að lækka tolla á vörum úr silki, þannig að þeir séu ekki verulega hærri en á gervisilki. — Vt. af flaueli og flosi, í nr. 5, lækki úr 70% í 50%. Vt. af gólfábreiðum, gólfmottum og gólfdreglum, í nr. 6, lækki úr 80% í 60%. Nr. 7 og 8, laufaborðar og leggingar, sem mikið eru notaðar til nærfataframleiðslu, lækki úr 80% vt. í 45%.
73. Vt. af böndum og borðum lækki úr 80% í 60%. Vt. af silkivefnaði í nr. 11 lækki úr 70% í 50%, sbr. greinargerð með nr. 72.
74. Til nr. 1 í 46. kafla B teljast allar tegundir gerviþráða, sem notaðir eru við framleiðslu á alls konar voðum úr gerviþráðum, prjónuðum og ofnum. Hér á landi er hafin framleiðsla á voð úr gerviþræði, en notkun voða úr nylon, rayon, gervisilki o. fl. hefur mjög rutt sér til rúms í heiminum hin síðari ár. Ástæðan til þessa er meðal annars sú, að gerviefnin hafa lækkað mikið í verði og eru því almennt notuð, enda eru þau til ýmissa nota hentugri en ullar- og baðmullardúkar vegna styrkleika. Er lagt til, að 7 aura vmt. falli niður.
75. Lagt er til, að 20 aura vmt. á tvinna lækki í 7 aura, sbr. grg. með nr. 72, og 2 aura vmt. af netjagarni falli niður. Veiðarfæraframleiðslan hefur svo að segja enga tollvernd, því að vt. á netjum er aðeins 2% eða 5%. — Enn fremur

er lagt til, að 7 aura vmt. af öðru garni úr gerviþráðum (5a) falli niður, en garnið spunnið og óspunnið (nr. 1 í 46. kafla B) er notað til svipaðrar framleiðslu, sjá grg. um nr. 74.

76. Nærfatnaður úr voð úr gerviþræði er með 40% vt., sbr. nr. 10 í 51. kafla og nr. 6 í 52. kafla, og lífstykki og þess konar vörur með 50% vt., sbr. nr. 26 í 52. kafla, en laufaborðar og leggingar, sem eru verulegur liður við framleiðslu á þessum vörum og teljast til nr. 8 og 9 í 46. kafla B, eru með 60% vt. Er því lagt til, að vt. á laufaborðum og leggingum lækki í 45%.
77. Um bönd og borða, sem teljast til nr. 11 í 46. kafla B, gildir sama og um nr. 8 og 9 í sama kafla, sbr. grg. nr. 76. Er lagt til, að 40% vt. lækki í 30%.
78. Íslenzku ullarverksmiðjurnar geta nú unnið erlenda ull í ullargarn og með því fullnægt eftirspurn prjónaverksmiðjanna og þörf heimilisiðnaðarins á ullargarni úr fíngerðri ull. En vegna hinna háu tolla, sem eru á ullinni, 7 aura vmt. og 30% vt., sbr. nr. 1 í 47. kafla, er ullarverksmiðjunum ókleift að keppa við innflutta garnið. Jafnframt því að vinna prjónagarn úr erlendri ull hafa verksmiðjurnar einnig aðstöðu til að vinna vefnaðargarn í dúka, sem eru fyllilega sambærilegir að gæðum við góða innflutta dúka. Hinn hái tollur á ullinni hefur einnig hér svo að segja komið í veg fyrir innflutning á ull, og afleiðingin hefur orðið sú, að miklu meira er flutt inn af erlendum dúkum en þyrfti að vera. Að því ber að keppa, að framleiðsla á dúkum í fatnað landsmanna flytjist að mestu leyti inn í landið. Einnig er hagkvæmt að nota erlenda ull til blöndunar í íslenzka ull og á þann hátt auka notagildi íslenzku ullarinnar með meiri fjölbreytni. — Er því lagt til, að vmt. falli niður og vt. lækki í 5%.

    Ullarúrgangur er notaður í húsgagnatróð, ódýr teppi og ódýra dúka. Lagt er til, að 7 aura vmt. falli niður og 8% vt. lækki í 2%.
79. Lagt er til, að 7 aura vmt. af baðmull falli niður og 8% vt. lækki í 2%. Hins vegar þótti ekki ástæða til að gera greinarmun á trefjabaðmull, sem nú telst til nr. 1a í 48. kafla með 3,36 aura vmt. og 15,12% vt., og annarri baðmull, og er því lagt til, að nr. 1a falli niður.
80. Lagt er til, að tolli á nr. 5 og 6 í 48. kafla verði háttað eins og á hliðstæðum nr. í 46. kafla B. Vísast til grg. með nr. 75.
81. Til nr. 8a í 48. kafla telst m. a. húsgagnaáklæði úr baðmull. Lagt er til, að 50% vt. lækki í 35%.
82. Lagt er til, að 60% vt. á laufaborðum og leggingum, sem teljast til nr. 12 og 13 í 48. kafla, lækki í 45%. Nærfatnaður úr baðmull er nú með 25% vt., sbr. nr. 22 í 51. kafla og nr. 10a í 52. kafla. Sjá enn fremur grg. með nr. 76.
83. Hér er um að ræða frumhráefni til iðnaðar, og er því lagt til, að 7 aura vmt. falli niður og 8% vt. lækki í 2%.
84. Sjá greinargerð með nr. 83 varðandi nr. 3 og nr. 4.

    Lagt er til, að 2 aura vmt. af netjagarni (nr. 5) falli niður og 20 aura vmt. á tvinna lækki í 7 aura, sbr. greinargerð með nr. 72, 76 og 80.
85. Lagt er til, að 2 aura vmt. af netjagarni falli niður.
86. Laufaborðar þeir og leggingar, sem teljast til nr. 17 og 18 í 49. kafla, eru notaðir á sama hátt og aðrir laufaborðar og leggingar. Er því lagt til, að 60% vt. lækki í 45%, sbr. grg. með nr. 72, 76 og 82.
87. Lagt er til, að 7 aura vmt. af bókbandslérefti falli niður og 8% vt. lækki í 2%, en innfluttar bækur, aðrar en fyrir íslenzka útgefendur, eru tollfrjálsar, hvort sem þær eru innbundnar eða óbundnar, sbr. gr. g. með nr. 41.
88. Lagt er til, að 30% vt. á leðurlíkisdúk lækki í 15% og verði í nýju nr., 32a. Leðurlíkisdúkur er meðal annars mikið notaður til bókbands, til framleiðslu á öskjum, töskum o. fl.
89. Skóstrigi telst nú til nr. 35 í 50. kafla með 15% vt. Með því að hér er um að ræða efnivöru til skógerðar, er lagt til, að skóstrigi verði í nýju nr., 33b, og vt. lækki í 8%.

Límbornar ræmur úr vefnaði til umbúða teljast nú til nr. 35 í 50. kafla með 15% vt. Límbornar ræmur úr striga eru nauðsynlegar við pappakassaframleiðslu, en eins og áður er sagt, telur nefndin nauðsynlegt að hlynna að umbúðaiðnaðinum til hagsbóta fyrir mjög margar greinar neyzluvöruiðnaðarins. Er lagt til, að vt. lækki í 8%.

90. Til nr. 34 í 50. kafla telst nú íborinn (gúmmíborinn, ferníseraður, lakkaður o. s. frv.) vefnaður, hvort sem hann er úr silki eða einhvers konar gerviþráðum. Hér er um að ræða mjög sterk efni, t. d. gúmmíborin nylon- og perlonefni, sem hentug eru í ýmiss konar skjól- og slitfatnað og ekkert dýrari en góð baðmullarefni, en miklu sterkari. Efni þessi hafa lítið sem ekkert verið notuð í fataiðnaðinum sökum hins háa vt., 60%. Er því lagt til, að íborin efni úr gerviþráðum verði í nýju nr., 34a, með 30% vt. Einnig er lagt til, að vt. á silki lækki úr 60% í 50%. Sjá grg. með nr. 72.

91. Lagt er til, að vt. á teygjuböndum með silkivefnaði lækki úr 40% í 35%. Sjá grg. með nr. 72. — Enn fremur er lagt til, að teygjubönd með gerviþráðavefnaði, sem nú teljast til nr. 39 með 40% vt., verði talin til nr. 40 með 30% vt., en undir þann lið falla teygjubönd úr öðrum efnum, og verði þau í óbreyttum vt., 30%.

92. Lagt er til, að 30% vt. á kertakveikjum lækki í 8%, en kerti eru með 30% vt.

93. Um nr. 1—6 í 51. kafla vísast til grg. með 72.

94. Lagt er til, að 70% vt. af fatnaði úr silki, sem telst til nr. 4 og 5 í 52. kafla, lækki í 60%, sbr. grg. með nr. 72.

95, 96. og 97. Lagt er til, að vt. af borðdúkum, sjölum, slörum, slæðum, hálsbindum og öðrum vörum úr silki, sem falla undir nr. 14, 20 og 23 í 52. kafla lækki úr 70% í 60%. — Sjá grg. með nr. 72.

98. Lagt er til, að 20 aura vmt. af skóreimum lækki í 7 aura og 50% vt. í 20% vegna skóframleiðslunnar í landinu.

99. Lagt er til, að 70% vt. af flöggum úr silki lækki í 60%. Sjá grg. með nr. 72.

100. og 101. Tilsniðin hattaefni teljast nú til nr. 9 í 55. kafla með 20 aura vmt. og 50% vt. Lagt er til, að hattaefni tilsniðið komi undir nýtt nr., 8a, með 20 aura vmt. og 30% vt., vegna þess að óeðlilegt þykir, að hattaefni sé í sama tolli og tilbúnir hattar, sbr. nr. 8 í 55. kafla. Athugasemd aftan við kaflann fellur því niður.

102. Lagt er til, að 7 aura vmt. af smergli, karborundum o. fl. falli niður. Karborundum er notað við sútun á gærum o. fl. og smergill mikið notaður í járniðnaðinum.

103. Hús og hlutar til þeirra úr steinlími, einnig í sambandi við önnur efni, telst nú til nr. 20 í 58. kafla með 2 aura vmt. og 8% vt. Lagt er til, að hús og húshlutar teljist til nýs nr., 19a, með 7 aura vmt. og 30% vt. til samræmis við hús og húshluta úr timbri.

104. Eldfastir steinar, sem teljast til nr. 3 í 59. kafla eru nauðsynlegir og mikið notaðir til einangrunar á kötlum og ýmiss konar bræðsluofnum. Ýmsir brenndir hlutir til tekniskrar notkunar, sem einnig teljast til nr. 3 í sama kafla, eru mikið notaðir í raftækjaiðnaðinum og til vísindalegra þarfa. Lagt er til, að 1 eyris vmt. falli niður og 8% vt. lækki í 2%.

105. Járn- og málmiðnaðurinn er orðinn ein af allra þýðingarmestu atvinnugreinum íslenzku þjóðarinnar. Í iðnaðarskýrslum fyrir árið 1950 er aðeins ein iðnaðargrein stærri, matvælaiðnaðurinn (þar með talin hraðfrysting fisks, slátrun o. fl.). Við matvælaiðnað vinna þetta ár 40.1% af þeim, sem vinna við iðnað í landinu, en við járn- og málmiðnað 22.6%. Auk þess að veita 2490 manns atvinnu, er járniðnaðurinn mjög þýðingarmikil hjálpargrein bæði sjávarútvegs og landbúnaðar og annarra iðnaðargreina, með tilliti til viðgerða og endurnýjunar framleiðslutækjanna. Þrátt fyrir mikilvægi þessa iðnaðar hefur hann átt við erfið tollkjör að búa. Skipasmíðar og skipaviðgerðir, sem fram-

kvæmdar eru erlendis, eru tollfrjálsar. Hins vegar verða smiðjurnar að greiða toll af öllu efni til smíða og viðgerða innanlands, en æskilegt verður að teljast, að þær skipaviðgerðir, sem hægt er að framkvæma innanlands, fari fram hér á landi. Skipasmíðastöðvarnar hafa einnig talið nauðsynlegt, að gerðar væru einhverjar ráðstafanir til þess, að unnt verði að smíða skip innanlands. Í fjárlögum fyrir árið 1953 og yfirstandandi ár er ríkisstjórninni heimilað að endurgreiða aðflutningsgjöld af efni í skip og báta, sem smíðaðir eru hér á landi.

Tillögurnar eru því við það miðaðar að fella niður og lækka tolla af efni til viðgerða og skipasmíða. Lagt er til, að óunnið járn í klumpum, sem er með 2 aura vt., verði tollfrjálst og stál og járnsvarf, sem er með 2 aura vmt. og 8% vt., verði tollfrjálst.

106. Til nr. 3 í 63. kafla telst nú bæði smíðajárn og steypustyrktarjárn með 2 aura vmt. og 8% vt. Lagt er til, að sívalar stengur úr járni og stáli 25 mm í þvermál eða grennri verði í óbreyttum tolli (undir þennan lið fellur næstum allt steypustyrktarjárn), en annað járn og stál í stöngum verði í nýju nr., 3a, tollfrjálst.
107. Lagt er til, að prófíljárn, sem er með 2 aura vmt., verði tollfrjálst.
108. og 109. Lagt er til, að óhúðaðar járnplötur, sem eru með 2 aura vmt., verði tollfrjálsar.
110. Lagt er til, að raf- og logsuðuvír, sem er með 2 aura vmt. og 8% vt., verði tollfrjáls, en annar vír verði í nýju nr., 9a, með óbreyttum tolli, 2 aura vmt. og 8% vt.
111. Lagt er til, að gjarðajárn, sem er með 2 aura vmt. og 8% vt., verði tollfrjálst.
112. Lagt er til, að kopar og koparblöndur, sem eru með 7 aura vmt. og 8% vt., verði tollfrjálsar.
113. Lagt er til, að lóðunarefni og plötur úr kopar, sem falla undir nr. 3 og 4 með 7 aura vmt. og 8% vt., verði tollfrjálst.
114. Lagt er til, að nikkel óunnið, sem er með 7 aura vmt. og 8% vt., verði tollfrjálst.
115. Lagt er til, að alúmíníum óunnið, sem er með 7 aura vmt. og 8% vt., verði tollfrjálst.
116. Lagt er til, að alúmíníumstengur, þ. á m. prófílstengur, sem nú teljast til nr. 2 og 11 í 66. kafla með 7 aura vmt. og 8% eða 30% vt., verði í nýju nr., 2a, tollfrjálsar.
117. Lagt er til, að blý og blýblöndur, sem eru með 2 aura vmt. og 8% vt., verði tollfrjálsar.
118. Lagt er til, að 2 aura vmt. af blýlóðum falli niður og 8% vt. lækki í 2%, en ef lóðin eru flutt inn á uppsettum netjum, eru þau með mjög lágum tolli, sbr. 50. kafla nr. 19, 19a og 21.
119. Lagt er til, að zink og zinkblöndur, sem eru með 7 aura vmt. og 8% vt., verði tollfrjálsar.
120. Lagt er til, að plötur úr zinki, sem eru með 7 aura vmt. og 8% vt., verði tollfrjálsar.
121. Lagt er til, að tin og tinblöndur óunnar, sem eru með 7 aura vmt. og 8% vt., verði tollfrjálsar.
122. Lagt er til, að lóðtin, sem er með 7 aura vmt, og 8% vt., verði tollfrjálst, enn fremur að túbur úr tini, sem nú teljast til nr. 7 í 69. kafla með 7 aura vmt. og 30% vt., verði í nýju nr., 5a, með 7 aura vmt. og 8% vt.
123. Lagt er til, að ódýrir málmar og blöndur þeirra, sem teljast til nr. 1—2 í 70. kafla með 7 aura vmt. og 8% vt., verði tollfrjálsir.
124. Hnífablöð, sem flutt eru inn til notkunar fyrir silfursmíðaiðnaðinn, teljast nú til nr. 6 í 71. kafla með 7 aura vmt. og 30% vt. Lagt er til, að hnífablöð verði í nýju nr., 5a, með sama vmt. og 15% vt.
125. Lagt er til, að 30% vt. af smávarningi til húsgagnaframleiðslu lækki í 15%.
126. Vörur þær, er teljast til nr. 17 í 71. kafla, eru allar mikið notaðar við ýmsa iðnaðarframleiðslu, sérstaklega fatnaðar- og skóframleiðslu, en einnig til heim-

ilisnotkunar. Lagt er til, að 30% vt. lækki í 15% og til númersins teljist einnig sams konar vörur til skósmíða, lífstykkja- og pappírsvöruiðnaðar, sem nú teljast til annarra númera, s. s. 104 í 63. kafla.

127. Til nr. 25 í 71. kafla telst nú blaðtin (stanniol), sem er áletrað þannig, að áletrunin ber það með sér, að þynnurnar séu ætlaðar utan um innlendar afurðir til útflutnings, með 2% vt., en annað blaðtin telst til nr. 25a með 7 aura vmt. og 30% vt. Af þessari skiptingu leiðir, að áletrað blaðtin, sem notað er um t. d. smjör og osta til sölu á innlendum markaði, og allt óáletrað blaðtin, hvort sem það er um vörur til sölu á innlendum markaði eða erlendum, fellur undir nr. 25a með 30% vt. Lagt er til, að blaðtin, sem er með áletrun, sem ber það með sér, að það sé notað um íslenzkar afurðir, sé með 2% vt., en annað blaðtin með 7 aura vmt, og 15% vt.
128. Lagt er til, að 30% vt. af vefjarskeiðum og skyttum til vefstóla lækki í 8% til samræmis við vélar og tæki til iðnaðar.
129. Lagt er til, að 2 aura vmt. af kúlu- og keflalegum falli niður.
130. Ýmsir hlutir til rafmagnsgeymaframleiðslu teljast nú til nr. 11 í 73. kafla, rafmagnsgeymar, með 7 aura vmt. og 10% vt. Lagt er til, að hlutar til rafmagnsgeyma verði í nýju nr., 11a, með 2 aura vmt. og 8% vt.
131. Lagt er til, að 30% vt. af reiðhjólahlutum lækki í 20%.
132. Samkvæmt tilmælum hljóðfærasmiða er lagt til, að 30% vt. á hlutum til flygela og pianóa lækki í 15%.
133. Lagt er til, að 30% vt. af hlutum til orgela og harmonía lækki í 15%, sbr. grg. með nr. 132.
134. Vísast til grg. með nr. 50.
135. Vísast til gr. g. með nr. 50. Breytingin er aðeins í því fólgin, að nr. 11 í 82. kafla verður nr. 8.
136. Með tilliti til fatnaðarframleiðslunnar er lagt til, að 40% vt. af hnöppum til fata lækki í 30%.

Um 2. gr.

1. Undanþáguheimildin í h-lið 3. gr. tekur aðeins til hampgarns, en talið er rétt, að heimild þessi nái til hvers konar garns til veiðarfæragerðar.
2. Endurgreiðsluheimildin í æ-lið nær nú aðeins til véla, sem eingöngu eru notaðar til netjagerðar. Þykir rétt, að heimildin nái einnig til véla, sem notaðar eru til framleiðslu á öðrum veiðarfærum.
3. Í 22. gr. fjárlaga fyrir árin 1953 og 1954 hefur ríkisstjórninni verið heimilað að endurgreiða innlendum skipasmíðastöðvum aðflutningsgjöld af efni í skip og báta, sem þær smíða. Talið er rétt, að slík heimild verði tekin upp í tollskrána og hún einnig látin ná til véla og tækja, og er því lagt til, að nýjum staflið, ö, þess efnis verði bætt í 3. gr.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Rétt þykir að ákveða, að meginmál laga um breytingar á tollskránni frá 1939 skuli, að því leyti sem þau eru enn í gildi, fellt inn í lög nr. 62 1939, um tollskrá o. fl.

Nd. 463. Frumvarp til laga [168. mál]

um breyting á lögum nr. 59 7. maí 1946, um sérstakar fyrningarafskriftir.

(Lagt fyrir Alþingi á 73. löggjafarþingi, 1954.)

1. gr.

Heimild 1. gr. laga nr. 59 7. maí 1946 til sérstakra afskrifta skal einnig ná til eigna af þeirri tegund, sem þar eru taldar og teknar í fyrstu notkun á árunum 1954, 1955 og 1956.

Öll önnur ákvæði fyrrgreindra laga gilda einnig um þessar eignir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 59 7. maí 1946, um sérstakar fyrningarafskriftir, var heimilað að hækka verulega afskriftir ýmissa framleiðslutækja, sem tekin voru í fyrstu notkun árin 1944—1948.

Með lögum nr. 15/1949 og lögum nr. 103/1950 var ákveðið, að þessi heimild til sérstakra afskrifta skyldi einnig ná til eigna, sem teknar yrðu í fyrstu notkun árin 1949—1953 incl.

Með þessu frumvarpi er lagt til, að ákvæði laganna frá 1946 verði einnig látin ná til sams konar eigna, sem teknar verða í fyrstu notkun á árunum 1954, 1955 og 1956.

Nd. 464. Breytingartillögur [164. mál]

við frv. til laga um brúargerðir.

Frá Jóni Pálmasyni.

Við 2. gr. A. I. b.

1. 5. liður orðist svo: Sléttuá við Auðkúlurétt í Húnavatnssýslu.
2. Á eftir 6. lið komi tveir nýir liðir, þannig:
   a. Laxá hjá Skrapatungu í Húnavatnssýslu.
   b. Svartá við Barkarstaði í Húnavatnssýslu.

Nd. 465. Frumvarp til laga [78. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jarðir í opinberri eigu.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja eftirtaldar jarðir, enda verði þær gerðar að ættaróðulum:

1. Grísará í Hrafnagilshreppi í Eyjafjarðarsýslu Hreiðari Eiríkssyni.
2. Betaníu (Kot) í Mosvallahreppi ábúandanum Guðmundi Arasyni.

3. Mosvelli í Mosvallahreppi ábúandanum Birni Hjálmarssyni.
Náma- og jarðhitaréttindi skulu undanskilin við söluna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 466. Frumvarp til laga [119. mál]

um viðauka við lög nr. 115 7. nóv. 1941, um Búnaðarbanka Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Meðan veðdeild Búnaðarbanka Íslands er ekki með frambúðarráðstöfunum séð fyrir því fé, sem henni er nauðsynlegt til að geta sinnt því margþætta hlutverki, sem deildinni er ætlað lögum samkvæmt, skal ríkisstjórnin tryggja henni með samningum við Landsbanka Íslands og aðrar peningastofnanir eða á annan hátt affallalausa sölu bankavaxtabréfa, er nemi árlega að minnsta kosti 1 200 000 krónum. Í því sambandi getur ríkisstjórnin ákveðið, að Tryggingastofnun ríkisins, Brunabótafélag Íslands og Söfnunarsjóður Íslands kaupi þessi bréf, og ákveður hún árlega upphæðina, eftir að hún hefur kynnt sér hag hlutaðeigandi stofnana og jafnframt leitað álits forstöðumanna þeirra.

2. gr.

Fé það, er um ræðir í 1. gr., ber veðdeildinni að lána eingöngu til jarðakaupa eftirgreindum aðilum:

1. Bændum, sem eru að byrja búskap og verða að kaupa sér jarðnæði af þeim sökum.
2. Bændum, sem verða að kaupa sér jarðnæði til þess að geta haldið áfram búskap.
3. Bændum, sem verða að innleysa til sín eignarhluta meðerfingja sinna í ábýlisjörð sinni.
4. Leiguliðum, sem eiga kost á að fá ábýlisjarðir sínar keyptar.

Engum lántakanda má veita hærra lán en 35 þúsund krónur.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 467. Nefndarálit [128. mál]

um frv. til l. um verðlagsskrár.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.
Einn nefndarmanna (JóhH) var fjarstaddur, þegar nefndin afgreiddi málið.

Alþingi, 15. marz 1954.

Skúli Guðmundsson, form. Páll Þorsteinsson, frsm. Jón Pálmason.
Gylfi Þ. Gíslason.

Sþ. 468. Tillaga til þingsályktunar [169. mál]

um stækkun þinghúslóðarinnar.

Flm.: Björn Ólafsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera á þessu ári ráðstafanir til, að lóð þinghússins verði stækkuð með því, að Alþingi verði látnar í té lóðirnar Kirkjustræti 12 og Templarasund 2. Jafnframt séu fluttar á brott, ekki síðar en í lok þessa árs, þær byggingar, sem nú standa á lóðum þessum. Heimilar Alþingi jafnframt ríkisstjórninni að verja úr ríkissjóði fé, sem þarf til að hreinsa og rækta lóðir þessar og tengja þær þinghúsgarðinum.

Greinargerð.

Lóð sú, er nú fylgir alþingishúsinu er of lítil til frambúðar, ef gert er ráð fyrir, að Alþingi fái einhvern tíma húsnæði, er fullnægi þörfum þess. Alþingishúsið hefur verið í mörg ár of lítið fyrir starfsemi þingsins, og verður ekki hjá því komizt á næstu árum að bæta úr húsnæðisþörf Alþingis.

Ríkissjóður á nú lóðirnar Kirkjustræti 12 og Templarasund 2, og voru þær á sínum tíma keyptar í því skyni að bæta þeim við þinghúslóðina. Á þessum lóðum standa nú byggingar, sem hægt er að flytja á brott með litlum fyrirvara. Í fjárlögum 1953, 22. gr., var heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að flytja á brott þær byggingar, sem standa á lóðinni Kirkjustræti 12, og láta Alþingi lóðina í té til stækkunar á þinghúsgarðinum eða til annarra nota. Þessi heimild var ekki notuð á árinu 1953, en hefur verið framlengd í fjárlögum yfirstandandi árs.

Í lögum nr. 84/1953, um þingfararkaup alþingismanna, lífeyrissjóð o. fl., er ákveðið í 2. gr., að reisa skuli þingmannabústað, svo fljótt sem því verður við komið, undirbúningi byggingarinnar skal lokið á þessu ári, þar á meðal ákvörðun um staðarval.

Að öllu þessu athuguðu virðist tímabært, að ráðstafanir séu nú gerðar til að tryggja það, að Alþingi geti í framtíðinni verið á sama stað og það er nú, með því að þinghúslóðin verði stækkuð svo, að þar geti rúmazt þær byggingar, sem þingið kann að þarfnast næstu mannsaldra.

Verði tillaga þessi samþykkt, er til þess ætlazt, að umræddar lóðir verði hreinsaðar, ræktaðar og sameinaðar þinghúsgarðinum, sem að sjálfsögðu yrði skipulagður að nýju með tilliti til væntanlegra bygginga, sem reistar yrðu á lóðinni.

Með ráðstöfunum þessum mundi fullnægt þörfum Alþingis fyrir byggingarlóðir um langa framtíð, en æskilegt væri þó, að við þinghúslóðina væri einnig bætt lóðinni Vonarstræti 8. Væri því rétt, að ríkisstjórnin léti athuga, hvort hægt sé að fá þá eign keypta við hæfilegu verði.

Ed. 469. Nefndarálit [167. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Aðalefni frv. er að bæta samkeppnisaðstöðu innlends iðnaðar við erlendar vörur. Þetta er fyrst og fremst gert með því að lækka hráefnatolla, þar sem því varð við komið. Er því mjög víða í frv. felldur niður 7 aura vörumagnstollur á kg og 8% verðtollur lækkaður í 2%, en á nokkrum hráefnum í 5%. Nokkur þýðingar-

mikil hráefni og efni í vörur, sem lítillar tollverndar njóta, eru gerð tollfrjáls. Hærra tolluð hráefni eru og lækkuð eftir mati hverju sinni. Vegna þróunar innlends iðnaðar, frá því að tollskráin frá 1939 var sett, eru settar í hráefnatoll ýmsar vörur, sem ekki voru þar áður. Við mat á því, hvað sé hæfileg tollvernd er haft í huga að íþyngja ekki öðrum aðalatvinnuvegum okkar, sjávarútvegi og landbúnaði. Í örfáum tilfellum er hin leiðin farin til að auka tollvernd innlends iðnaðar, þ. e. hækkaðir tollar á innfluttum iðnaðarvörum.

Breytingarnar á tollskránni eru við það miðaðar, að tollur verði að öðru jöfnu þeim mun lægri sem hin innflutta vara er minna unnin og að framleiðslukostnaður á aðalútflutningsvörum landsmanna verði eigi aukinn með tollum þeirra vara, sem flytja þarf inn þeirra vegna. Um leið hefur verið leitazt við að haga ákvæðum frv. þannig, að þau hafi ekki í för með sér verðhækkanir á aðalneyzluvörum landsmanna.

Áætluð hækkun á tolltekjum vegna hækkunartillagna mun nema tæplega 1/10 hluta af lækkun tolltekna samkvæmt lækkunartillögum. Áætluð lækkun tolltekna umfram hækkun mun nema allt að 5 millj. kr. á ári.

Frv. er verulegt spor í þá átt að efla innlendan iðnað.

Nefndin hefur athugað frv. og fellst öll á meginstefnu þess og mælir því með, að það verði samþykkt, en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að bera fram breytingartillögur eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 16. marz 1954.

Bernh. Stefánsson, form., frsm. Lárus Jóhannesson, fundaskr. Gísli Jónsson.
Karl Kristjánsson. H. Guðmundsson.

Nd. 470. Framhaldsnefndarálit [3. mál]

um frv. til l. um hlutafélög.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur tekið til athugunar tillögur, sem borizt hafa sameiginlega frá Verzlunarráði Íslands, Vinnuveitendasambandi Íslands, Félagi ísl. iðnrekenda og Sambandi smásöluverzlana. Nefndin leggur til, að samþykktar verði eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 26. gr. Fyrri málsl. orðist svo:
   Í hlutafélagi skulu jafnan vera sjö skráðir hluthafar hið fæsta, er fullnægi ákvæðum 4. gr.
2. Við 41. gr. 1. málsl. 1. málsgr. orðist svo:
   Ef hluthafar geta eigi komið sér saman um skiptingu hinna nýju hluta, skal áskrift gerð á áskriftarlista.
3. Við 56. gr. Í stað 1. málsl. síðari málsgr. komi:
   Nú lætur félagsstjórn undir höfuð leggjast að kveðja til aðalfundar, og skal þá skráningarstjóri, ef hluthafar, sem fara með 1/10 hluta atkvæða hið fæsta, krefjast þess, fyrirskipa stjórn félagsins að boða til fundarins innan eins mánaðar. Verði félagsstjórnin ekki við fyrirmælum skráningarstjóra, skal hann boða til fundarins með lögmæltum fyrirvara.
4. Við 72. gr. Síðari málsl. falli niður.

5. Við 76. gr. Fyrri málsgr. orðist svo:
Félagsstjórn ræður framkvæmdarstjóra, einn eða fleiri, eftir því sem henni þykir ástæða til.
6. Á eftir 155. gr. komi bráðabirgðaákvæði, svo hljóðandi:
Hlutafélög, sem við gildistöku laga þessara eiga eigin hlutabréf, skulu innan tveggja ára hafa fullnægt ákvæðum 27. gr.

Alþingi, 16. marz 1954.

Björn Ólafsson, form., frsm. Ásgeir Bjarnason, fundaskr. Jörundur Brynjólfsson.
Eggert G. Þorsteinsson. Einar Ingimundarson.

Nd. 471. Frumvarp til laga [124. mál]

um fuglaveiðar og fuglafriðun.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

Samhljóða þskj. 288 með þessum breytingum:

9. gr. hljóðar svo:
1. Frá og með 15. apríl til 14. júlí ár hvert eru öll skot bönnuð nær friðlýstum varpstöðvum nytjafugla en 3 km, nema brýna nauðsyn beri til, svo sem vegna útrýmingar ófriðaðra ránfugla. Á sama tímabili má eigi án leyfis varpeiganda leggja net nær friðlýstu æðarvarpi en 1/4 km frá stórstraumsfjörumáli.
2. Bæjarfógetar og sýslumenn skulu ár hvert á manntalsþingum, ótilkvaddir og ókeypis, friðlýsa öll æðarvörp í lögsagnarumdæmum sínum.
3. Nú vill einhver koma á fót æðarvarpi í landareign ábúðarjarðar sinnar, og skal hann þá senda sýslumanni skriflega yfirlýsingu um það. Skal þar skýrt frá legu varplandsins, afstöðu þess, ummerkjum og útbúnaði. Skýrslu þessari fylgi vottorð tveggja áreiðanlegra og óvilhallra manna, er kunnugir séu staðháttum, um, að hún sé rétt og þeir telji landið vænlegt til æðarvarps. Síðan friðlýsir sýslumaður varplandið ókeypis á næsta manntalsþingi.

10. gr. hljóðar svo:
1. Á takmörkuðum svæðum, þar sem veiði, eggja- eða ungataka þeirra sjófugla, sem taldir eru undir b- og e-liðum 2. málsgr. 8. gr., hefur talizt eða telst til hlunninda, skulu friðunarákvæði laga þessara ekki vera til fyrirstöðu því, að nytja megi þau hlunnindi eftirleiðis. Óheimilt skal þó að skjóta umræddar tegundir á þeim tíma, er þær eru friðaðar samkvæmt lögum þessum, og aldrei má skjóta fugla í fuglabjörgum.
2. Í Mývatnssveit og á öðrum takmörkuðum svæðum, þar sem andavarp er mikið (þar með talin æðarvörp), skal, þrátt fyrir ákvæði 8. gr., leyfilegt að taka andaregg (og æðaregg), en við eggjatökuna skal þeirri reglu fylgt, að ávallt séu skilin eftir minnst 4 egg í hreiðri hverju. Undanþágа þessi til eggjatöku tekur þó eigi til skeiðandar, álftar og gæsa, hverrar tegundar sem eru. Um æðaregg skulu gilda þau sérákvæði, að þau má hvorki bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa né þiggja að gjöf.
3. Í Vestmannaeyjum skal svartfugl, þ. e. langvía, stuttnefja, álka og lundi, vera algerlega friðaður fyrir öðrum veiðitækjum en háf, enda skulu öll skot bönnuð þar frá 15. apríl til 1. sept. nema til aflifunar búpenings eða gegn ófriðuðum ránfuglum í nytjuðum fuglabjörgum.

4. Í kríuvörpum skal heimilt að taka kríuegg, þrátt fyrir friðunarákvæði 8. gr., en þó aldrei nema fyrsta varp eða annað egg af tveimur.

21. gr. hljóðar svo:

Eftirtalin tæki eða útbúnað má eigi nota til fuglaveiða: fleka (snörufleka), svartfuglasnöru, stingi eða króka (gogga), öngla, boga, gildrur, blys eða annan ljósaútbúnað, svo og allar aðrar fastar veiðivélar, þótt hér hafi ekki verið taldar.

Nd. 472. Breytingartillögur [164. mál]

við frv. til laga um brúargerðir.

Frá Sigurði Ágústssyni.

Við 2. gr. A. II. a.

Á eftir 3. lið komi tveir nýir liðir, þannig:

a. Hítará á sýslumörkum Hnappadalssýslu og Mýrasýslu.
b. Haffjarðará í Hnappadalssýslu.

Nd. 473. Nefndarálit [30. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 77 5. júní 1947, um félagsheimili.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur rætt frv. á nokkrum fundum, en eigi getað orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. nefndarinnar vill afgreiða málið með rökstuddri dagskrá, en ég mæli með samþykkt þess.

Í frv. felst það, að verkalýðsfélög geti fengið styrk úr félagsheimilasjóði til byggingar félagsheimila fyrir sig með sama hætti og ungmennafélög, íþróttafélög, bindindisfélög og fleiri slík félög. Verkalýðsfélögin eru ein elztu og fjölmennustu félagssamtök, sem nú starfa hér á landi, og er félagatala þeirra nú um 26000 manns. Félög þessi eru að vísu fyrst og fremst hagsmunasamtök, en þau hafa þó gegnt og gegna mjög mikilsverðu menningarhlutverki. Þann þátt í starfi þeirra þarf þó mjög að auka frá því, sem verið hefur. En til þess að svo megi verða, er nauðsynlegt, að skilyrði verkalýðsfélaganna til félagsstarfsemi stórbatni frá því, sem verið hefur.

Árið 1947 voru sett merk lög um félagsheimili, þar sem kveðið er á um stuðning af hálfu ríkisvaldsins við ýmis almenningsfélög, sem byggja vilja samkomuhús. Meiri hluti íþróttanefndar og fræðslumálastjóri hafa ekki litið svo á, að verkalýðsfélög séu styrkhæfir aðilar til jafns við ungmennafélög, íþróttafélög o. s. frv., en telja hagsmunum fyrrnefndra félaga nægilega borgið með því, að þau geti orðið meðeigendur að slíkum félagsheimilum. Einn nefndarmaður íþróttanefndar telur hins vegar, að skilja beri gildandi lög þannig, að verkalýðsfélög séu styrkhæfir aðilar.

Ég tel verkalýðsfélögin eiga fullan rétt á því að verða viðurkennd sem fullkomlega jafngildur aðili við ungmennafélög, íþróttafélög, bindindisfélög og fleiri slík félög, að því er varðar rétt til styrks úr félagsheimilasjóði. Liggi engin rök til þess að skipa þeim á óæðri bekk í þessu sambandi. Fyrir því legg ég til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 16. marz 1954.

Gylfi Þ. Gíslason.

Ed. 474. Breytingartillaga [167. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Frá Gísla Jónssyni.

Á eftir 111. tölul. 1. gr. kemur nýr liður, svo hljóðandi:
Aftan við textann í nr. 85 í sama kafla bætist: svo og hálfunnar blikkdósir undir niðursuðuvörur.

Til vara: Á eftir 111. tölul. 1. gr. kemur nýr liður, svo hljóðandi:
Á eftir nr. 85 í sama kafla kemur nýtt nr., svo hljóðandi:

85a	— — hálfunnar blikkdósir undir niðursuðuvörur ..	1 kg	2	10

Ed. 475. Breytingartillögur [11. mál]

við frv. til l. um aukatekjur ríkissjóðs.

Frá fjárhagsnefnd.

Við 43. gr.
a. 1. málsl. greinarinnar orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.
b. Aftan við 1. málsgr. bætist:
Lög nr. 77/1953, 1. gr., b-liður.

Nd. 476. Breytingartillögur [164. mál]

við frv. til laga um brúargerðir.

Frá Birni Björnssyni og Ingólfi Jónssyni.

1. Við 2. gr. A. I. d.
a. 22. liður orðist þannig:
Hólsá við Þykkvabæ.
b. Á eftir 22. lið komi nýr liður, svo hljóðandi:
Þverá hjá Fróðholtshjáleigu gegnt Oddhólstanga.
2. Við 2. gr. A. II. d. Á eftir 2. lið komi 3 nýir liðir, svo hljóðandi:
a. Affall í Landeyjum.
b. Þverá við Dufþaksholt.
c. Ytri-Rangá hjá Hellu.
3. Við 2. gr. B. Í stað orðanna „má greiða allt að helmingi kostnaðar úr ríkissjóði“ í 2. málsgr. komi: skal greiða ¾ kostnaðar úr ríkissjóði.

Nd. 477. Breytingartillögur [124. mál]

við frv. til l. um fuglaveiðar og fuglafriðun.

Frá Gísla Guðmundssyni.

1. Við 3. gr. Aftan við 1. málsgr. bætist: í réttu hlutfalli við afnotarétt lands, nema samkomulag verði um aðra skipan.
2. Við 5. gr. 2. málsgr. orðist svo:
   Afréttir og almenningar, er liggja utan lögbýla og enginn getur sannað eignarrétt sinn til, skulu friðaðir fyrir allri fuglaveiði og eggjatöku. Þó getur ráðherra veitt valinkunnum mönnum veiðileyfi þar um takmarkaðan tíma og takmarkað leyfi til eggjatöku, enda komi meðmæli fuglafriðunarnefndar til hverju sinni.
3. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Föstum starfsmönnum við dýrafræðideild Náttúrugripasafns Íslands í Reykjavík skal heimilt hvar sem er að rannsaka fuglalíf, taka myndir og merkja fugla, en að skjóta fugla og taka egg þeirra aðeins í samráði við og með samþykki hlutaðeigandi landráðanda og í óbyggðum aðeins með leyfi ráðherra.
4. Við 8. gr.
   a. Í stað „20. ágúst“ í c- og d-liðum komi: 20. september.
   b. f-liður orðist svo:
      Frá 1. september til 20. apríl: lómur, litla toppönd.
   c. Í stað „15. október til 31. desember“ í g-lið komi: 1. nóvember til 22. desember.
5. Við 19. gr. Greinin orðist svo:
   Eigi má nota flugvélar, bifreiðar, vélbáta né önnur vélknúin farartæki á landi eða vötnum til fuglaveiða eða til að elta uppi fugla eða reka. Til fuglaveiða á sjó má eigi nota vélknúna báta, sem ganga meira en 9 sjómílur á klukkustund.
6. Við 20. gr.
   a. 1. málsgr. orðist svo:
      Eigi má nota net til fuglaveiða nema háfa.
   b. 3. málsgr. falli niður.

Nd. 478. Frumvarp til laga [170. mál]

um breyting á lögum nr. 38 27. febrúar 1953, um breyting á lögum nr. 50/1946, um almannatryggingar og viðauka við þau.

(Lagt fyrir Alþingi á 73. löggjafarþingi, 1954.)

1. gr.

Aftan við 18. gr. bætist ný grein svo hljóðandi:

Sé um að ræða dauðaslys lögskráðra sjómanna, skal auk bóta þeirra, sem greiddar eru í eitt skipti fyrir öll samkv. a., c. og d. lið 3. a. töluliðs 18. gr., greiða þessar viðbótarbætur:

1. Til ekkju eða ekkils skv. fyrri málslið a. liðs ..... kr. 14.000.00
2. Til uppkomins barns eða systkinis skv. c. lið, enda hafi hlutaðeigandi verið á framfæri hins látna vegna óvinnuhæfni (skorts á starfsgetu) kr. 2.000.00 til ..... — 6.000.00
3. Til foreldra skv. d. lið kr. 2.000.00 til ..... — 6.000.00

Ef viðbótarbætur þessar nema ekki fullum 6.400.00 krónum samtals fyrir hvert einstakt slys, skulu þær hækkaðar í þá upphæð.

Nú lætur hinn látni ekki eftir sig aðstandendur, sem rétt eiga til viðbótarbóta samkv. 1.—3. tölulið þessarar greinar, og skal þá bæta slysið með kr. 6.400.00, sem skiptist milli barna hins látna, er njóta lífeyris samkv. b. lið 3. töluliðs 18. gr., ef fyrir hendi eru, ella til dánarbús hans.

Viðbótardánarbætur samkv. þessari grein skal greiða fyrir dauðaslys lögskráðra sjómanna, sem orðið hafa, eftir 31. desember 1953, og skulu þær hækka til samræmis við vísitölu eftir sömu reglum og laun. Jafnframt skal ríkisstjórnin setja nýjar reglur um áhættuiðgjöld sjómanna samkv. 113. gr. laganna, og taka þau gildi 1. janúar 1954.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Til þess að greiða fyrir samkomulagi milli samtaka sjómanna og útvegsmanna í kjaradeilu þessara aðila um síðast liðin áramót, ákvað ríkisstjórnin að verða við ósk deiluaðila um að hækka dánarbætur vegna lögskráðra sjómanna, svo sem nánar greinir í frumvarpinu.

Sem dæmi um hækkun bóta samkvæmt frumvarpinu má geta þess, að ekkjubætur hækka úr kr. 14.220.00 í kr. 36.340.00, sé miðað við núgildandi vísitölu, sem er 58 stig.

Félagsmálaráðuneytið hefur leitað upplýsinga hjá Tryggingastofnun ríkisins um útgjaldaaukningu þá, sem frumvarp þetta hefur í för með sér.

Samkvæmt reynslu fjögurra síðustu ára virðist mega áætla, að annar hvor maður, sem ferst af sjóslysum, láti eftir sig ekkju, og að þrír foreldrar komi til uppjafnaðar á hverja tvo sjómenn, sem farast. Samkvæmt þessu mundu ekkjubætur hækka um ca. kr. 7.000.00 fyrir hvert slys og foreldrabætur um ca. kr. 6.000.00, eða þessar eingreiðslur samtals um ca. kr. 13.000.00. Við þá upphæð þarf að bæta hækkun á eingreiðslum til barna yfir 16 ára aldur og systkina og enn fremur því, sem á skortir, að hækkun eingreiðslna nemi fullum kr. 6.400.00. Sé gert ráð fyrir, að þessar hækkanir nemi samtals ca. kr. 1.500.00 pr. slys, verður aukning núgildandi eingreiðslna fyrir hvert bætt dánarslys um kr. 14.500.00 auk verðlagsuppbótar. Miðað við 58% verðlagsuppbót er þessi hækkun alls ca. 690 þús. krónur, ef gert er ráð fyrir 30 bættum dauðaslysum á ári til uppjafnaðar.

Sé enn fremur gert ráð fyrir, að allt að fjórðungi dauðaslysa sé nú ekki bætt, þarf að bæta við þessa upphæð ca. 64 þús. krónum, sem að meðtalinni verðlagsuppbót nemur ca. 100 þús. krónum.

Samkvæmt framansögðu virðist mega ætla, að útgjaldaaukning sjómannatryggingarinnar verði ekki undir kr. 790.000.00 á ári. Þar sem þessi niðurstaða styðst að ýmsu leyti við ónákvæmar áætlanir, verður óhjákvæmilegt að gera ráð fyrir nokkru meiri útgjaldahækkun og áætla aukninguna samtals ca. kr. 900.000.00.

Iðgjöld sjómannatryggingarinnar fyrir síðasta ár eru áætluð um 2.1 millj. kr. Vikuiðgjaldið var þá kr. 14.00, og samsvarar upphæðin því 150 þúsund tryggingavikum.

Samkvæmt framansögðu virðist því þurfa að hækka iðgjöld sjómannatryggginganna um ca. kr. 6.00 á viku, eða alls um ca. kr. 900.000.00 til þess að mæta áætlaðri útgjaldaaukningu vegna fyrrnefndra breytinga.

Iðgjöld sjómanna fyrir þetta ár hafa nú verið ákveðin kr. 16.00 pr. viku, en eiga samkvæmt frumvarpinu að hækka um kr. 6.00 í kr. 22..00, eða um 37,5%.

Nd. 479. Frumvarp til laga [171. mál]

um breyting á lögum nr. 36 16. febr. 1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Fyrirsögn IV. kafla laganna verði: Lánadeild smáíbúða.

2. gr.

Í stað orðanna „smárra íbúðarhúsa“ í 38. gr. laganna komi: smárra íbúða.

3. gr.

40. gr. laganna hljóði þannig:

Lán þau, sem lánadeild smáíbúða veitir, skulu tryggð með 2. veðrétti í íbúð þeirri, sem féð er lánað til. Ársvextir skulu vera 5½ af hundraði og lánstími allt að 15 ár. Eigi má veita hærri lán til hverrar smáíbúðar en 30 þúsund krónur, og eigi má hvíla hærri upphæð samanlagt á fyrsta og öðrum veðrétti, smáíbúðar, sem lán er veitt til samkvæmt lögum þessum, en 100 þúsund krónur.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir tilmælum félagsmálaráðuneytisins, og fylgdu því svo hljóðandi athugasemdir:

„Aðalatriðið í frumvarpi þessu er breyting sú, sem lagt er til, að gerð verði á 40. gr. laga nr. 36 frá 1952. Samkvæmt þessari grein má eigi hvíla hærri upphæð á fyrsta veðrétti smáíbúðar en 60 þúsund krónur. Þetta gildir jafnt, þótt um sé að ræða smáíbúðalán, sem ekki nær hámarki smáíbúðalána, sem vera má 30 þúsund krónur mest. Maður, sem t. d. hefur fengið 65 þúsund króna lán út á 1. veðrétt og ætti kost á 25 þúsund króna smáíbúðaláni, getur ekki fengið það vegna ákvæða greinarinnar um, að eigi megi hvíla meira á 1. veðrétti en 60 þúsund krónur. Þetta ákvæði þykir standa í vegi fyrir eðlilegri framkvæmd laganna. Væri því æskilegt að breyta ákvæðinu í þá átt að binda hámarkið við upphæð sá, sem samanlagt mætti hvíla á 1. og 2. veðrétti smáíbúðar. Er breytingin í 3. gr. frumvarpsins við þetta miðuð. Jafnframt þótti rétt að hækka hámarkið sem svarar 10 þúsund krónum út á 1. veðrétt, eða samanlagt á 1. og 2. veðrétti í 100 þúsund krónur. Er hækkun þessi gerð til samræmis við hækkandi byggingarkostnað.

Aðrar breytingar, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, miða að samræmingu við orðalag 40. gr. laganna. Þar er talað um lán til „hverrar smáíbúðar“ og upphæð á fyrsta veðrétti „smáíbúðar“, en fyrirsögn IV. kafla hljóðar um „Lánadeild smáíbúðarhúsa“, og í 38. gr. er einungis rætt um lán til byggingar „smárra íbúðarhúsa“. Þetta óljósa orðalag hefur valdið ágreiningi um það, hvort smáíbúðalán megi lána til smáíbúða, sem eru fleiri saman í einni byggingu. Þegar umrædd lög voru sett á Alþingi, var gerð breyting á 40. gr., sem tryggja átti það, eftir því sem segir í greinargerð fjárhagsnefndar, sem flutti breytingartillöguna, að veita mætti smáíbúðalán til smáíbúða, þótt fleiri væru en ein í sömu byggingu. En þess var þá ekki jafnframt gætt að breyta fyrirsögn kaflans og orðalaginu í 38. gr., sem vitanlega hefði þó þurft að gera, til þess að fullt samræmi væri í þessum ákvæðum. Til þess að taka nú af allan vafa í þessu efni er lagt til, að gerðar verði þær orðalagsbreytingar, sem um getur í 1. og 2. gr. frumvarpsins.“

Ed. 480. Frumvarp til laga [172. mál]

um breyting á lögum nr. 101 30. des. 1943, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Flm.: Haraldur Guðmundsson.

1. gr.

Aftan við 10. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í 30 ár, falla iðgjaldagreiðslur hans niður svo og iðgjaldagreiðslur launagreiðanda hans vegna.

2. gr.

Á eftir 14. gr. laganna komi ný grein, er verður 15. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkvæmt því):

Nú frestar sjóðfélagi að taka ellilífeyri og gegnir starfi sínu áfram, eftir að iðgjaldagreiðslu hans er lokið og hann hefur öðlazt rétt til að hætta störfum og fá ellilífeyri, og hækkar þá réttur hans til ellilífeyris um 2% af meðalárslaunum hans síðustu 10 starfsárin fyrir hvert ár, er hann frestar að taka ellilífeyri. Á tilsvarandi hátt hækkar lífeyrisréttur maka hans um 1% af meðalárslaununum fyrir hvert ár.

Nú frestar sjóðfélagi að taka ellilífeyri og tekur jafnframt við öðru starfi hjá ríkinu eða ríkisstofnun, lægra launuðu en því, er hann gegndi áður, og gilda þá reglur 1. málsgr. óbreyttar að öðru en því, að ellilífeyrir og makalífeyrir skulu reiknaðir af meðallaunum síðustu 10 ára í því starfinu, sem hærra var launað, ef það meðaltal er hærra en meðaltal launa síðustu 10 starfsárin.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samið af stjórn lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og flutt samkvæmt tilmælum hennar. Skýringar sjóðstjórnarinnar á efni frv. fara hér á eftir:

Um 1. gr.

Í lögunum um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins er ekkert tekið fram um það, hvort sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld í 30 ár og þar með öðlazt hámarksréttindi í sjóðnum, skuli halda áfram iðgjaldagreiðslu eftir það, ef hann gegnir starfi sínu áfram. En það getur auðveldlega komið fyrir, að sjóðfélagi sé búinn að greiða iðgjöld í 30 ár þó nokkrum árum áður en hann hefur rétt til að hætta starfi og fara á eftirlaun. T. d. hefur sjóðfélagi, sem byrjaði starf 25 ára, lokið 30 ára iðgjaldagreiðslu 55 ára, en rétt til þess að hætta starfi og fá eftirlaun fær hann sextugur (samanlagður aldur og þjónustualdur 95 ár). Það mundi valda mikilli óánægju hjá sjóðfélögum, ef þeir væru látnir greiða iðgjöld, eftir að þeir hafa náð hámarksréttindum, enda væri slík iðgjaldagreiðsla, sem engin réttindi gæfi, óeðlileg. En nauðsynlegt er, að ákvæði laganna um þetta atriði séu ótvíræð.

Það skal tekið fram, að ákvæðum þessarar greinar verður ekki beitt til að fella niður iðgjaldagreiðslur þeirra sjóðfélaga, sem keypt hafa sér réttindi samkvæmt 3. gr. laga nr. 40/1945, fyrr en raunverulegur iðgjaldagreiðslutími þeirra er orðinn 30 ár.

Um 2. gr.

Af ákvæðum 1. málsgr. 12. gr. laga nr. 101/1943 um, að sjóðfélagi megi hætta störfum og fara á eftirlaun, þegar samanlagður aldur hans og starfsaldur er orðinn 95 ár, leiðir, að margir sjóðfélagar geta farið á eftirlaun löngu fyrir 65 ára aldur og þótt þeir hafi fulla starfsgetu. Til dæmis getur sjóðfélagi, sem byrjar starf 20 ára að aldri, farið á eftirlaun, þegar hann er 57½ árs. Gera má ráð fyrir, að sjóðfélagar, sem fara á eftirlaun svo ungir og meðan þeir eru enn fullhraustir, verði sjóðnum mjög dýrir. Á hinn bóginn getur það oft komið sér illa fyrir ríkið að missa fullvinn-

andi menn úr starfi svo unga. Ákvæðum þessarar greinar er ætlað að vera mönnum hvöt til þess að gegna störfum sínum svo lengi sem þeir eru fullfærir til þess, enda þótt þeir hafi öðlazt rétt til þess að hætta og fá eftirlaun samkv. 95 ára ákvæðinu.

Réttindaaukningunni er stillt svo í hóf, að það er sjóðnum hagur, að hún sé notuð.

Ákvæði þessarar greinar breyta að sjálfsögðu ekki ákvæðum 1. gr. laga nr. 40 1945.

Nd. 481. Nefndarálit [139. mál]

um frv. til l. um lögreglustjóra á Keflavíkurflugvelli.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 18. marz 1954.

Björn Ólafsson, form. Ásg. Bjarnason, fundaskr. Jörundur Brynjólfsson, frsm.

Eggert G. Þorsteinsson. Einar Ingimundarson.

Nd. 482. Nefndarálit [76. mál]

um frv. til l. um togaraútgerð ríkisins til atvinnujöfnunar.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Frumvarp þetta er flutt af þeim HV og EirÞ, og er efni þess það, að ríkið kaupi og geri út eigi færri en fjóra togara til öflunar hráefnis á heimamiðum fyrir hraðfrystihús og önnur fiskiðjuver, sem illa eru hagnýtt vegna hráefnisskorts.

Tveir nefndarmanna (EmJ og EirÞ) fallast á rök þau, sem flutt eru fyrir málinu og mæla því með samþykkt frv. Einn nefndarmanna (GíslG) kveðst geta fylgt frv. með ákveðnum breytingum og mun gefa út sérstakt nefndarálit. Tveir nefndarmanna (PO og SÁ) voru andvígir málinu.

Alþingi, 17. marz 1954.

Eiríkur Þorsteinsson, frsm. Emil Jónsson.

Ed. 483. Breytingartillögur [119. mál]

við frv. til l. um viðauka við l. nr. 115 7. nóv. 1941, um Búnaðarbanka Íslands.

Frá Bjarna Benediktssyni.

Við 1. gr.

a. Orðin „Landsbanka Íslands og aðrar“ í fyrri málsl. falli niður.

b. Á undan „Tryggingastofnun ríkisins“ komi: sparisjóðsdeild Búnaðarbankans.

Nd. 484. Breytingartillaga [3. mál]

um frv. til laga um hlutafélög.

Frá Einari Olgeirssyni.

Við 60. gr. Við 3. málsgr. bætast þessi orð: nema eigendur hlutabréfanna séu ríkið eða ríkisstofnanir, bæjar- eða sveitarfélög og samvinnufélög.

Nd. 485. Frumvarp til laga [173. mál]

um brunatryggingar í Reykjavík.

Flm.: Gunnar Thoroddsen, Jóhann Hafstein, Sigurður Guðnason, Björn Ólafsson, Bergur Sigurbjörnsson, Gylfi Þ. Gíslason, Einar Olgeirsson, Gils Guðmundsson.

1. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur er heimilt að taka í eigin hendur brunatryggingar allra húseigna í lögsagnarumdæminu eða semja við eitt vátryggingarfélag eða fleiri um slíkar tryggingar eða um endurtryggingar á áhættu bæjarins.

Tekjur vátryggingarfélags af starfsemi samkvæmt samningi um slíkar tryggingar eru undanþegnar sköttum til bæjarsjóðs og ríkissjóðs.

Tekjur, sem bæjarstjórn kann að hafa af starfsemi samkv. 1. málsgr., skal leggja í sjóð til eflingar brunavörnum og tryggingarstarfsemi og lækkunar á iðgjöldum húseigenda eftir ákvörðun bæjarstjórnar.

2. gr.

Áður en bæjarstjórn gerir samning samkv. 1. málsgr. 1. gr., skal leita álits Fasteignaeigendafélags Reykjavíkur um málið. Enn fremur skal fulltrúa, er stjórn félagsins tilnefnir, heimilt að fylgjast með ráðstöfun sjóðs þess, er um ræðir í 3. málsgr. 1. gr.

3. gr.

Skylt er að hafa öll hús í lögsagnarumdæminu brunatryggð hjá þeim aðila, er tryggingar annast samkv. 1. gr., og með því vátryggingarverði, er dómkvaddir menn meta, og meta þeir jafnframt brunatjón. Ef annar hvor aðili vill ekki una því mati, getur hann óskað yfirmats.

Ný hús skal meta eigi síðar en 4 vikum eftir að þau eru tekin í notkun.

Bæjarstjórn er heimilt að breyta árlegu brunabótaverði húsa til samræmis við breytingar, er verða á byggingarkostnaði húsa í bænum.

4. gr.

Öll iðgjöld og matskostnaður hvíla á húseignum þeim, sem tryggðar eru, með forgangsrétti fyrir öðrum skuldbindingum, sem á eignunum hvíla.

Ef iðgjöld eru ekki greidd á réttum gjalddaga, má innheimta þau með lögtaki.

5. gr.

Bæjarstjórn setur nánari reglur um vátryggingarkjör, iðgjöld og annað það, er máli skiptir í sambandi við framkvæmd laga þessara.

6. gr.

Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 1 26. marz 1924, um brunatryggingar í Reykjavík, og lög nr. 87 16. des. 1943, um breyting á þeim lögum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir einróma ósk bæjarráðs Reykjavíkur.

Í frv. er gert ráð fyrir, að Reykjavíkurbær geti tekið í eigin hendur rekstur brunatrygginganna inn á við, sem kallað er, þ. e. hann annist útreikning og innheimtu iðgjalda, bókhald og sjái um breytingar á brunabótaverði húsa, sbr. reglur nr. 61/1947. Tilgangurinn er sá að sameina þessa innheimtu sambærilegri starfsemi bæjarins við innheimtu fasteignagjalda. Kostnaðarauki af þeirri sameiningu ætti að verða tiltölulega lítill, en yrði hins vegar til hagræðis fyrir húseigendur og sparnaðar fyrir heildina. Þess má geta, að sérstök stofnun, skrifstofa brunamálastjóra, annaðist þessi störf áður fyrr undir eftirliti bæjarstjórnar.

Þá gerir frv. enn fremur ráð fyrir, að bæjarstjórn sé heimilt að hafa nokkurn hluta trygginganna í eigin áhættu, sem að sjálfsögðu yrði takmörkuð með endurtryggingum hjá tryggingafyrirtækjum. Í sambandi við þetta er gert ráð fyrir, að myndaður verði sjóður til eflingar brunavörnum, tryggingastarfsemi og til lækkunar á iðgjöldum þeim, sem húseigendur greiða, eftir því sem bæjarstjórn ákveður.

Þá er það nýmæli í 2. gr. frv., að gert er ráð fyrir, að húseigendur séu með í ráðum um ýmislegt, er tryggingarnar varðar, og virðist það eðlilegt fyrirkomulag.

Í frv. eru felld niður ákvæði um, að bæjarstjórn samþykki virðingargerðir, enda er hér um einungis formsatriði að ræða.

Breytingum á brunabótaverði vegna breytinga á byggingarkostnaði skal samkv. frv. haga þannig, að brunabótaverðinu skal breytt eftir sérstökum reglum, sbr. áðurnefndar reglur, nr. 61/1947, en frá því horfið að leggja til grundvallar vísitölu hagstofunnar um byggingarkostnað, enda hefur það fyrirkomulag ekki reynzt heppilegt að öllu leyti.

Enn fremur er lagt til, að felld verði niður ákvæði 4. gr. núgildandi laga, enda er að finna sams konar ákvæði í l. nr. 28/1945, um brunamál í Reykjavík, sbr. og brunamálasamþykkt, nr. 144/1953.

Til frekari skýringar á málinu í heild þykir rétt að prenta hér greinargerð dr. Björns Björnssonar, hagfræðings Reykjavíkurbæjar, um brunatryggingar húsa í Reykjavík.

Greinargerðin er samin í síðastliðnum mánuði, og er á þessa leið:

Um brunatryggingar húsa í Reykjavík.

Í enskum bæklingi (Fire Insurance of Houses in Reykjavík), er bæjarstjórnin gaf út 1938, og viðbæti við hann, sem út kom 1943, gerði undirritaður allýtarlega grein fyrir öllum þáttum brunamála bæjarins, eldvörnum, brunavörnum og brunatryggingum, fram að þeim tíma. Voru þessi yfirlit samin í sambandi við útboð á brunatryggingunum á þeim árum. Þykir ekki ástæða til að endurtaka það, sem þar er sagt, og er eftirfarandi greinargerð framhald af þeim yfirlitum um þau helztu atriði, er máli skipta í þessu sambandi. Um önnur atriði, sem ástæða þykir ekki til að fjalla hér um aftur, svo sem slökkvilið, vatnsveitu og hitaveitu, vísast til Árbóka Reykjavíkurbæjar.

Með lögum nr. 87/1943 var bæjarstjórn Reykjavíkur veitt heimild til að breyta árlega brunabótaverði húsa í bænum eftir vísitölu byggingarkostnaðar í Reykjavík. Vísitöluna skyldi Hagstofa Íslands reikna árlega í janúarmánuði samkvæmt verðlagi næstliðins árs, miðað við byggingarkostnað 1939, og skyldi hún lögð til grundvallar við ákvörðun brunabótaverðsins næsta tryggingarár. Samkvæmt nánari reglum, er giltu um breytingu brunabótaverðsins, skyldi því þó aðeins breytt, að vísitalan sýndi minnst 5% breytingu byggingarkostnaðar.

Hinn útreiknaði byggingarkostnaður Hagstofunnar reyndist lægri en raunverulegur byggingarkostnaður, enda var byggingarkostnaður á stríðsárunum og síðar almennt óeðlilega hár vegna mikillar eftirspurnar eftir vinnuafli, efnisskorts o. s.

frv. Auk þess var allmiklð innbyrðis ósamræmi í brunabótamati húsanna, sem var frá ýmsum tímum með nokkuð mismunandi verðlagi.

Vísitala Hagstofunnar var sem hér segir:

	Stig:	Hækkun f. f. ári:
1940	133	33.0 %
1941	197	48.1 —
1942	286	45.0 —
1943	340	19.0 —
1944	356	4.0 —
1945	357	0.3 —
1946	388	8.5 —

Við ákvörðun brunabótaverðsins fyrir reikningsárið 1944/45 var notuð vísitalan 340 sem og næstu tvö reikningsár, þar eð vísitala tveggja næstu ára sýndi minni hækkun en tilskilið var til að hafa áhrif á brunabótaverðið. Fyrir tryggingarárið 1947/48 var notuð vísitalan 388.

Árið 1948 var hætt að nota vísitölu Hagstofunnar og horfið að því ráði að finna aðra vísitölu, er væri í fyllra samræmi við raunverulegan byggingarkostnað. Jafnframt var ákveðið að koma á innbyrðis samræmi brunabótamatsins með allsherjar endurskoðun þess. Vísitölur þær, er giltu fyrir reikningsárið 1948/49, voru reiknaðar af hinum lögskipuðu matsmönnum, að undangenginni athugun og samanburði á brunabótamötunum. Lögðu þeir til, að brunabótamöt frá árunum 1946 og 1947 skyldi vera óbreytt, en eldri möt reiknast með mismunandi álagi þannig:

Fyrir 1940 með vísitölu	600
Árið 1940 — —	415
— 1941 — —	345
— 1942 — —	260
— 1943 — —	180
— 1944 — —	135
— 1945 — —	110

Voru reglur þessar samþykktar af bæjarráði og staðfestar af ráðuneytinu. Var ætlunin, að þær giltu aðeins fyrir reikningsárið 1948/49, en þá yrði allsherjar endurskoðun brunabótamatsins lokið. Sú endurskoðun reyndist hins vegar svo umfangsmikil og tafsöm, að hún tók mun lengri tíma en ráð var fyrir gert, og voru sömu reglur um vísitöluálag á brunabótamötin einnig notaðar næstu tvö ár með þeim viðauka, að á brunabótamöt, framkvæmd 1948 og 1949, kæmi engin vísitöluhækkun, fremur en matsgerðir frá 1946 og 1947. Á árinu 1950 var brunabótaverð allra húseigna í bænum reiknað eftir framangreindum reglum, svo og nývirðingar á árinu fram að 1. júní. En vegna gengislækkunarinnar á því ári var brunabótaverðið hækkað um 27% á síðari helmingi tryggingarársins 1950/51, frá 1. okt. 1950 að telja, og aukaiðgjöld innheimt samkvæmt því.

Endurskoðun brunabótamatsins var lokið nægjanlega snemma til þess, að hægt væri að leggja það til grundvallar fyrir tryggingarárið 1951/52, og hafði þá jafnframt verið tekið tillit til þeirrar hækkunar byggingarkostnaðarins, sem leiddi af gengislækkuninni vorið 1950. Á næsta tryggingarári, 1952/53, reyndist vegna áframhaldandi hækkunar byggingarkostnaðarins nauðsynlegt að hækka enn brunabótaverðið. Nam hækkunin 25% á hin samræmdu möt, er gengu í gildi 1. apríl 1951, en 18% á síðari möt. Var þessi hækkun ákveðin samkvæmt tillögum hinna dómkvöddu virðingarmanna. Ástæða þótti ekki til frekari hækkunar brunabótaverðsins á næsta ári, og hélzt það því óbreytt fyrir tryggingarárið 1953/54, og hafa virðingarmennirnir lagt til, að það haldist einnig óbreytt fyrir tryggingarárið 1954/55.

Eftirfarandi yfirlit sýnir **vátryggingarupphæð** húseigna í bænum pr. 1. apríl árlega, reiknað eftir þeim reglum, er að framan greinir, sem og nývirðingar árlega:

Tryggingarár	Vátryggingar-upphæð pr. 1. apríl kr.	Nývirðingar 1. apr.—31. marz kr.
1944/45	485 369.614	21 920 600
1945/46	523 892 854	34 234 800
1946/47	577 615 552	59 979 152
1947/48	748 124 547	91 577 400
1948/49	1 197 790 850	75 690 500
1949/50	1 288 006 622	78 126 100
1950/51	1 378 523 290	104 737 500
1951/52	2 056 244 600	96 744 600
1952/53	2 716 596 500	72 326 900
1953/54	2 795 491 900	

Mismunur á tryggingarupphæð hvers árs, að viðbættum nývirðingum á árinu, og tryggingarupphæð í byrjun næsta reikningsárs stafar af hækkun vegna endurmata á árinu svo og framangreindum hækkunum á brunabótaverðinu vegna verðlagsbreytinga.

Iðgjöldin hafa verið sem hér segir (kr.):

Tryggingarár	Iðgjöld pr. 1. apríl	Iðgj. vegna nývirðinga	Iðgj. vegna endurmata	Iðgjöld Samtals
1944/45	644 028	14 018	8 966	667 012
1945/46	692 142	21 695	13 749	727 586
1946/47	737 544	38 598	46 225	822 367
1947/48	951 282	70 794	32 348	1 054 424
1948/49	1 483 148	66 408	6 108	1 555 664
1949/50	1 588 363	69 614	17 843	1 675 820
1950/51	1 700 494	95 487	65 168	2 092 039
1951/52	2 604 596	50 393	32 470	2 687 459
1952/53	3 438 154	31 441	10 187	3 479 782
Samtals	14 070 641	458 448	233 064	14 762 153

Iðgjaldaupphæðin pr. 1. apríl til 1953 var kr. 3 518 920. Í samanlagðri iðgjaldaupphæð ársins 1950/51 eru innifalin, auk þeirra upphæða, sem tilgreindar eru, viðbótariðgjöld þau, sem innheimt voru í okt. 1950, kr. 230 890, og að framan getur.

Eftirfarandi yfirlit sýnir samanlögð **brunatjón**, eins og þau hafa komið til greiðslu á þessum árum, rekstrarkostnað félagsins samkvæmt samningi (6% af iðgj.) og eftirlitsþóknun til bæjarins, sem gilt hefur um sérstakt samkomulag, kr.:

Tryggingarár	Brunatjón, greidd	Rekstrar-kostnaður	Eftirlits-þóknun	Samtals
1944/45	236 047	40 021	26 783	302 851
1945/46	366 185	43 655	27 725	437 565
1946/47	1 156 892	49 342	29 275	1 235 509
1947/48	510 119	63 265	31 250	604 634
1948/49	836 764	93 340	30 000	960 104
1949/50	1 663 941	100 549	30 000	1 794 490
1950/51	897 104	125 522	34 225	1 056 851
1951/52	447 113	161 247	39 884	648 244
1952/53	1 156 020	208 787	45 000	1 409 807
Samtals	7 270 185	885 728	294 142	8 450 055
Af iðgjöldum	% 49.2	6.0	2.0	57.2

Í samningi bæjarins við félagið var **bæjarsjóði tilskilin hlutdeild** í hreinum ágóða félagsins af tryggingunum (27.5%), samkvæmt 6. gr. samningsins. Ágóðahlutdeildin hefur numið þessum upphæðum:

1944/45	kr.	99 512
1945/46	—	74 748
1948/49	—	177 710
1950/51	—	248 330
1951/52	—	566 284
1952/53	—	569 243
Samtals	kr.	1 735 827
Af iðgjöldum	%	11.75

Á síðastl. sumri var gerð athugun á því, hvernig **brunatryggingaupphæðin og iðgjöldin skiptast milli steinhúsa og timburhúsa**. Var skiptingin pr. 1. ágúst þannig:

	Tryggingarupphæð 1000 kr.	%	Iðgjaldaupphæð p.a. 1000 kr.	%
Steinhús	2 272 847	79.9	2 222	62.6
Timburhús	572 519	20.1	1 329	37.4
Samtals	2 845 366	100.0	3 551	100.0

Meðaliðgjöld steinhúsa verða samkvæmt því 0.977653‰, timburhúsa 2.321070‰, eða meðaliðgjöld 1.247948‰ af öllum húsum í bænum.

Á undanförnum 5 árum hefur tala **brunatjóna** verið sem hér segir:

	Steinhús	Timburhús	Samtals
1948/49	49	25	74
1949/50	54	25	79
1950/51	38	28	66
1951/52	47	35	82
1952/53	73	33	106
Meðaltal	52.2	29.2	81.4
Hlutfall	64.1	35.9	100.0

Á sama tíma **skiptust fjárhæðir brunatjónanna þannig hlutfallslega** milli steinhúsa og timburhúsa:

	Steinhús	Timburhús	Samtals
1948/49	76.5	23.5	100.0
1949/50	40.7	59.3	100.0
1950/51	25.2	74.8	100.0
1951/52	52.9	47.1	100.0
1952/53	50.6	49.4	100.0
Meðaltal	44.9	55.1	100.0

Á undanförnum árum hafa **brunavarnirnar** í bænum stöðugt verið efldar og endurbættar og slökkvitæknin tekið allmiklum framförum. Eru fleiri endurbætur á því sviði í vændum á næstunni.

Nýlega gekk í gildi ný **brunamálareglugerð** fyrir Reykjavík. Eru þar gerðar mun strangari kröfur en áður um fjölmörg atriði, er að **eldvörnum** lúta. Gert er

m. a. ráð fyrir auknu eldfæraeftirliti, sérstaklega varðandi olíukynditæki, sem að undanförnu hafa mjög rutt sér til rúms við upphitun húsa. Er þess að vænta, að ákvæði reglugerðarinnar þar að lútandi komi innan skamms til framkvæmda og brátt verði hafizt handa um fleiri og fleiri endurbætur á sviði eldvarnanna, eftir því sem ástæður frekast leyfa. — Varðandi nánari upplýsingar um öll þessi mál í einstökum atriðum vísast til slökkviliðsstjóra.

Hér skal að lokum í stórum dráttum gefið yfirlit yfir **húsbyggingar** (tölu húsa og rúmmál) í bænum á árunum 1941—1953, en þær upplýsingar er einnig að finna í Árbókum Reykjavíkurbæjar. Er þar sýnd meiri sundurliðun en hér þykir ástæða til að færa. — Á þessu tímabili hefur hlutdeild timburhúsa í rúmmáli allra nýbygginga aðeins numið 8%, en að tölunni til 14%.

Tala húsa.

	Íbúðarhús		Önnur hús		
	Steinh.	Timburh.	Steinh	Timburh.	Alls
1941	75	43	55	13	186
1942	101	60	102	16	279
1943	115	26	105	5	251
1944	117	7	80	–	204
1945	173	28	128	14	343
1946	181	20	171	5	377
1947	121	54	44	1	220
1948	114	59	34	–	207
1949	120	11	19	2	152
1950	129	11	27	8	175
1951	118	–	38	7	163
1952	143	21	14	–	178
1953	215	6	32	1	254
1941—1953	1722	346	849	72	2989
%	57.6	11.6	28.4	2.4	100.0

Rúmmál húsa (ásamt viðaukum).

Rúmmál	Íbúðarhús		Önnur hús		
í 1000 m³	Steinh.	Timburh.	Steinh.	Timburh.	Alls
1941	64.4	20.7	29.7	3.9	118.7
1942	78.4	25.8	86.6	19.0	209.8
1943	99.7	7.7	71.2	2.4	181.0
1944	96.4	3.0	78.6	–	178.0
1945	157.6	10.5	58.5	3.0	229.6
1946	199.1	9.7	151.9	3.0	363.7
1947	138.7	28.8	51.7	1.6	220.8
1948	138.6	33.4	56.6	–	228.6
1949	112.4	7.0	8.3	0.9	128.6
1950	133.1	8.4	74.7	5.1	221.3
1951	97.6	0.7	101.0	3.6	202.9
1952	95.5	8.6	61.0	–	165.1
1953	120.9	3.3	52.9	0.2	177.3
1941—1953	1532.4	167.6	882.7	42.7	2625.4

Hlutfallslega skipt. %	Íbúðarhús Steinh.	Timburh.	Önnur hús Steinh.	Timburh.	Alls
1941	54.3	17.4	25.0	3.3	100.0
1942	37.4	12.3	41.3	9.0	100.0
1943	55.1	4.3	39.3	1.3	100.0
1944	54.1	1.7	44.2	–	100.0
1945	68.6	4.6	25.5	1.3	100.0
1946	54.7	2.7	41.8	0.8	100.0
1947	62.8	13.1	23.4	0.7	100.0
1948	60.6	14.6	24.8	–	100.0
1949	87.4	5.4	6.5	0.7	100.0
1950	60.1	3.8	33.8	2.3	100.0
1951	48.1	0.3	49.8	1.8	100.0
1952	57.8	5.2	37.0	–	100.0
1953	68.2	1.9	29.8	0.1	100.0
1941—1953	58.4	6.4	33.6	1.6	100.0

Reykjavík, í febrúar 1954.

Björn Björnsson.

Ed. 486. Breytingartillaga [11. mál]

við frv. til l. um aukatekjur ríkissjóðs.

Frá fjárhagsnefnd.

Við 23. gr. Aftan við 2. málsgr. bætist: Fyrir þinglestur skjala með veði í framleiðsluvörum sjávarútvegs, landbúnaðar eða iðnaðar skal þó eigi greiða nema kr. 2.40 fyrir hvert þúsund umfram fyrstu 5 þúsundin.

Nd. 487. Breytingartillögur [164. mál]

við frv. til l. um brúargerðir.

Frá samgöngumálanefnd.

Við 2. gr. A.

1. Við I. b. Á eftir 13. tölul. kemur nýr liður, svo hljóðandi:
   Fnjóská fremra.
2. Við I. c. 22. Liðurinn orðist svo:
   Tunguá í Fáskrúðsfirði.
3. Við I. d. Á eftir 5. tölul. kemur nýr liður, svo hljóðandi:
   Hornafjarðarfljót (ef fært þykir að undangenginni rannsókn).
4. Við II. a. Á eftir 3. tölul. kemur nýr liður, svo hljóðandi:
   Hítará á Stykkishólmsvegi.
5. Við II. d.
   a. Á undan 1. tölul. kemur nýr liður, svo hljóðandi:
      Hverfisfljót í Fljótshverfi.
   b. Á eftir 1. tölul. kemur nýr liður, svo hljóðandi:
      Hólmsá á Mýrdalssandi.
   c. Á eftir 2. tölul. kemur nýr liður, svo hljóðandi:
      Ytri Rangá á Suðurlandsvegi.

Nd. 488. Breytingartillögur [124. mál]

við frv. til laga um fuglaveiðar og fuglafriðun.

Frá Jóni Pálmasyni.

1. Við 8. gr. Aftan við c-lið í 2. málsgr. bætist: álft.
2. Við 13. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
   Sýslunefndum og bæjarstjórnum veitist heimild til, hverri sér eða fleirum saman, að gera samþykktir o. s. frv.
3. Við 14. gr.
   a. 1. málsgr. orðist svo:
      Þegar sýslunefnd (eða sýslunefndir og bæjarstjórnir) hefur gert frumvarp til samþykktar samkvæmt 13. gr., skal oddviti sýslunefndar (eða oddvitar sýslunefnda og bæjarstjórna) kveðja til samþykktarfundar. Sé ein sýslunefnd aðili að samþykktinni, stjórnar oddviti hennar fundinum, en sé um fleiri að ræða, þá sá maður, er til þess er kosinn af öllum aðilum. Sé samþykktinni ætlað að ná til eins hrepps eða eins bæjarfélags, skal boða á fundinn alla eigendur og umráðamenn landa og lóða á svæðinu. En sé samþykktinni ætlað að ná til stærra svæðis, skal boða á fundinn hreppsnefndarmenn og bæjarfulltrúa á samþykktarsvæðinu. Atkvæðisréttur á samþykktarfundi er bundinn við þá, sem boðaðir eru á fundinn, og er fundurinn því aðeins lögmætur, að meira en helmingur þeirra sé á fundi.
   b. Á eftir orðinu „sýslunefnd“ á þrem stöðum í 2. málsgr. komi á öllum stöðum: eða sýslunefndir.

Nd. 489. Nefndarálit [12. mál]

um frv. til áfengislaga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur tekið frv. til athugunar á nokkrum fundum. Telur hún, að ýmsar breytingar, sem gerðar hafa verið á frv. í efri deild, séu ekki til bóta, og leggur því til, að það verði að ýmsu leyti fært í það fyrra horf, en nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Nefndin er sammála um að leggja fram eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 2. gr. Í stað orðanna „3½% af vínanda að þunga“ í 1. málsl. 1. málsgr. komi: 2¼% af vínanda að rúmmáli.
2. Við 7. gr. 2. málsgr. orðist svo:
   Heimilt er ríkisstjórninni, þrátt fyrir ákvæði 1. málsgr., að leyfa tilbúning öls, sem hefur inni að halda meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli, vegna sölu til erlends varnarliðs, er hér dvelur, eða til útflutnings. Framleiðslugjald af slíku öli skal ákveðið í lögum um gjald af innlendum tollvörutegundum. Nánari ákvæði um meðferð og sölu þess skulu sett í reglugerð.
3. Við 9. gr. Síðasti málsl. fellur burt.
4. Við 12. gr. Greinin orðist svo:
   Í kaupstöðum, þar sem áfengisútsala er, getur dómsmálaráðherra veitt veitingahúsum leyfi til vínveitinga, þegar eftirtalin skilyrði eru fyrir hendi:
   a. Að veitingahúsið hafi á boðstólum mat og fjölbreytta óáfenga drykki við hóflegu verði.

b. Að veitingahúsið sé fyrsta flokks, að því er snertir húsakynni, veitingar og þjónustu.

Þriggja manna nefnd skal dæma um, hvaða veitingahús fullnægja ákvæðum b-liðar 1. málsgr. Nefndin skal þannig skipuð, að áfengisvarnaráð tilnefnir einn mann, annar sé tilnefndur af Sambandi gistihús- og veitingahúseigenda og hinn þriðji af ráðherra.

Áður en vínveitingaleyfi er veitt, skal leita umsagnar bæjarstjórnar og áfengisvarnanefndar í þeim kaupstað, er í hlut á.

Utan kaupstaða er dómsmálaráðherra og heimilt, að uppfylltum skilyrðum a—b-liða 1. málsgr. og eftir að leitað hefur verið umsagnar hlutaðeigandi sýslunefndar, að veita veitingahúsum leyfi til vínveitinga, ef telja má, að veitingahúsreksturinn sé aðallega fyrir erlenda ferðamenn.

Vínveitingaleyfi skulu ekki veitt lengur en til fjögurra ára í senn. Veitingaleyfi skal bundið við nafn og veitir leyfishafa aðeins rétt til veitinga í því húsnæði, er hann hefur, þegar leyfið er veitt. Öll leyfi skulu gefin út með fyrirvara um, að stytta megi leyfistímann án skaðabótaskyldu fyrir ríkissjóð, ef sérstakar ástæður mæla með því að dómi ráðherra.

Ef áfengisútsala er lögð niður í kaupstað samkvæmt ákvæðum 10. gr., verður vínveitingaleyfi veitingahúss í þeim kaupstað ekki framlengt að gildistíma þess loknum.

Veitingaleyfi má binda þeim skilyrðum, sem dómsmálaráðherra telur nauðsynleg, m. a. er heimilt að binda leyfið eingöngu við veitingar léttra vína, svo og að ákveða, að dans megi ekki fara fram þar, sem vínveitingar eru. Ef veitingamaður brýtur gegn settum skilyrðum eða uppfyllir þau ekki lengur, skal hann þegar missa vínveitingaleyfi sitt. Fyrir vínveitingaleyfi skal greiða í hvert sinn kr. 4000.00 í ríkissjóð.

Skylt er löggæzlumönnum að gefa sérstakar gætur að starfsemi þeirra veitingahúsa, sem vínveitingaleyfi hafa.

Nánari fyrirmæli um vínveitingar, þar á meðal um veitingatíma, álagningu og lögreglueftirlit með veitingastöðum, skulu sett í reglugerð. Áður en slík reglugerð er sett, skal leitað umsagnar áfengisvarnaráðs.

5. Við 13. gr. Á eftir 1. málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Bannað er að senda áfengi gegn póstkröfu.

6. Við 20. gr. 2. málsgr. orðist svo:

Lögreglustjóri má þó veita félögum manna leyfi til áfengisveitinga í félagsherbergjum eða almennum veitingastöðum, öðrum en þeim, er um getur í 12. gr. Slík leyfi má þó einungis veita stjórnum félaganna, þegar um er að ræða árshátíðir félaganna eða samkvæmi innanfélagsmanna og gesta þeirra, sem haldin eru af sérstöku tilefni. Eigi má þó veita leyfi, nema sýnt sé, að félagsskapurinn í heild eða einstakir félagsmenn hafi ekki hagnað af. Slík vínveitingaleyfi má ekki veita skemmtifélögum. Ekki má heldur veita leyfi samkvæmum félaga, sem ætla má að til sé stofnað í tekjuskyni fyrir veitinga- eða skemmtistaði. Sannist það, að félög misnoti áfengisveitingaleyfi eða afli þess undir fölsku yfirskini, missa þau rétt til að fá slík leyfi í tvö ár.

7. Við 26. gr. Greinin orðist svo:

Ríkisstjórnin skipar sér til aðstoðar áfengisvarnaráðunaut. Skal hann skipaður að fengnum tillögum frá stjórnum þeirra bindindisfélaga, sem styrks njóta af opinberu fé til bindindisstarfsemi.

Áfengisvarnaráðunautur starfar samkvæmt erindisbréfi, sem ríkisstjórnin setur honum. Hann skal taka laun samkvæmt VI. fl. launalaga.

8. Á eftir 26. gr. koma tvær nýjar greinar, svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkvæmt því):

a. (27. gr.) Áfengisvarnaráð skal skipað fimm mönnum. Áfengisvarnaráðunauturinn er sjálfkjörinn formaður ráðsins, en hinir fjórir, ásamt jafn-

mörgum varamönnum, skulu kosnir hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi að afstöðnum hverjum almennum alþingiskosningum. Dómsmálaráðherra skipar varaformann ráðsins, að fengnum tillögum frá stjórnum þeirra bindindisfélaga, sem styrks njóta af opinberu fé. Áfengisvarnaráð skal hafa skrifstofu í Reykjavík. Veitir áfengisvarnaráðunautur henni forstöðu. Kostnaður við störf áfengisvarnaráðs greiðist úr ríkissjóði.

b. (28. gr.) Áfengisvarnaráð fer með yfirstjórn allra áfengisvarna í landinu. Það skal stuðla að bindindissemi, vinna gegn ofnautn áfengra drykkja og reyna í samráði við ríkisstjórn, áfengisvarnanefndir og bindindissamtök að afstýra skaðlegum áhrifum áfengisneyzlu.

Áfengisvarnaráð skal hafa umsjón með áfengisvarnanefndum, samræma störf þeirra og vera þeim til aðstoðar og leiðbeiningar í hvívetna. Það skal fylgjast sem bezt með í áfengis- og bindindismálum og veita hlutlausar upplýsingar um þau til blaða og annarra aðila, er óska þeirra.

Umsagnar áfengisvarnaráðs skal jafnan leita, áður en reglugerðir samkvæmt lögum þessum eru settar. Álits þess skal einnig leita varðandi verðlagningu áfengis.

Að öðru leyti fer áfengisvarnaráð með þau störf, sem lög þessi ákveða. Nánari ákvæði um störf áfengisvarnaráðs skulu sett í reglugerð.

9. Við 27. gr. (verður 29. gr.). Greinin orðist svo:

Áfengisvarnanefndir skulu vera í öllum hreppum og kaupstöðum landsins, þriggja manna í hreppum, sjö manna í kaupstöðum, öðrum en í Reykjavík, þar sem nefndin er skipuð níu mönnum. Ráðherra skipar formenn nefndanna, að fengnum tillögum áfengisvarnaráðs, en að öðru leyti skulu nefndarmenn kosnir af hlutaðeigandi hreppsnefndum og bæjarstjórnum. Skylt er að viðhafa hlutfallskosningu, ef óskað er. Kjörtími nefndarmanna er fjögur ár. Kostnaður við störf nefndanna greiðist úr ríkissjóði að öðru leyti en því, að hlutaðeigandi hreppur eða kaupstaður greiðir fyrir nauðsynlegt húsnæði handa þeim.

Áfengisvarnanefndir skulu vera ráðgefandi um öll bindindis- og áfengismál fyrir sveitarstjórnir, lögreglustjóra, áfengisvarnaráð, ríkisstjórn og aðra þá aðila, sem komið geta til greina í því sambandi. Verksvið nefndanna skal að öðru leyti ákveðið í reglugerð, sem ráðherra gefur út, að fengnum tillögum áfengisvarnaráðs.

Alþingi, 18. marz 1954.

Björn Ólafsson, form., frsm. Ásgeir Bjarnason, fundaskr. Jörundur Brynjólfsson.

Einar Ingimundarson. Eggert G. Þorsteinsson.

Nd. 490. Frumvarp til laga [174. mál]

um breyting á lögum nr. 80 11. júní 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

Frá iðnaðarnefnd.

1. gr.

Á eftir 44. gr. laganna kemur ný grein, svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkvæmt því):

Heimilt skal stéttarfélögum, félögum meistara og iðnrekenda og einstökum atvinnurekendum að leita úrskurðar Félagsdóms um það, hvort starfsemi falli undir I. eða II. kafla laga um iðju og iðnað, svo og um það, til hvaða löggiltrar iðngreinar hún taki.

Þegar mál þau, sem um ræðir í 1. málsgr., koma til meðferðar í Félagsdómi, skulu dómendur þeir, sem tilnefndir eru af Vinnuveitendasambandi Íslands og Alþýðusambandi Íslands, víkja sæti, en í þeirra stað tilnefna stefnandi og stefndur hvor sinn mann úr hópi 12 manna, sem tilnefndir eru í því skyni af Landssambandi iðnaðarmanna og Félagi íslenzkra iðnrekenda til þriggja ára í senn, sex og sex til vara af hvorum samtökum. Nú óskar aðili ekki að tilnefna dómara eða ekki næst samkomulag um tilnefninguna, og tilnefnir forseti Félagsdóms þá dómara í hans stað úr hópi sömu manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt ósk iðnaðarmálaráðherra, en nefndinni þótti þó réttara að fella þau ákvæði, er í frv. felast, inn í lög um stéttarfélög og vinnudeilur heldur en inn í lög um iðju og iðnað. Áskilja nefndarmenn sér rétt til að bera fram eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma. Frv. fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Síðasta þing fékk til meðferðar frumvarp til iðnaðarlaga, sem samið var af stjórnskipaðri nefnd, er í áttu sæti fulltrúar frá Landssambandi iðnaðarmanna og Félagi íslenzkra iðnrekenda. Frumvarpi þessu var vísað frá Alþingi með rökstuddri dagskrá. Fól þá ríkisstjórnin hinni sömu nefnd að endurskoða frumvarpið. Nefndin varð ekki sammála. Meiri hluti nefndarinnar, fulltrúar Landssambands iðnaðarmanna, Einar Gíslason og Snæbjörn Jónsson, ásamt formanni nefndarinnar, Ragnari Jónssyni hrl., samdi nýtt frumvarp til laga um iðju og iðnað. Minni hlutinn, fulltrúar Félags íslenzkra iðnrekenda, Páll S. Pálsson og H. J. Hólmjárn, lýsti sig í ýmsum atriðum ósamþykkan því frumvarpi.

Eitt af ákvæðum hins nýja frumvarps fól í sér breytingu á réttarfarsmeðferð iðnaðarmála. Minni hluti nefndarinnar var samþykkur tillögu meiri hlutans að þessu leyti. Bæði Landssamband iðnaðarmanna og Félag íslenzkra iðnrekenda hafa lýst sig fylgjandi því ákvæði og talið nauðsyn á að fá það staðfest sem fyrst. Í greinargerð meiri hluta nefndarinnar með frumvarpi hennar var svo hljóðandi greinargerð um þessa breytingartillögu:

„Greining íslenzkrar iðnaðarstarfsemi í iðju annars vegar og sérstakar löggiltar iðngreinar hins vegar hefur byggzt á venjum, eðlilegri iðnþróun og ákvörðunum framkvæmdavaldsins. Eðlilega hefur oft komið til ágreinings um starfssvið hvorrar tveggja svo og einstakra iðngreina innbyrðis. Slíkur ágreiningur hefur hingað til einungis orðið borinn undir dómstóla með refsiákæru á hendur einstökum mönnum, er taldir hafa verið brjóta ákvæði iðnlöggjafarinnar. Slík úrlausn ágreiningsmála, er fyrst og fremst varða almenn mörk milli iðnaðar og annarra starfsgreina eða milli einstakra iðngreina innbyrðis, er bæði óheppileg og ófullnægjandi. Refsiaðgerðir gegn einstaklingum fyrir brot gegn iðnaðarlöggjöfinni eru í mörgum tilfellum alóþarfar.

Í frumvarpi þessu er lagt til, að Félagsdómi sé falin úrlausn slíkra mála. Má ætla, að í flutningi þessara mála fyrir Félagsdómi fái almennari og faglegri sjónarmið notið sín betur en í kærumálum á hendur einstaklingum um brot gegn lögum. Auk þess fá félagssamtök iðnaðarmanna færi á því að hlutast til um, að dómsúrlausn verði fengin, en það verður ávallt nokkuð undir tilviljun komið eða geðþótta einstaklinga, hvaða brot eru kærð til refsingar og hver ekki. Er þess því að vænta, að með þessu fyrirkomulagi myndist sterkari og heilsteyptari hefð um mörk þessara starfsgreina.

Hér er um að ræða verkefni, sem mjög er hliðstætt starfssviði því, er félagsdómur þegar hefur. Réttarfarsákvæði laga nr. 80 1938 virðast eiga vel við í þessum málum og vera hagkvæm. Í þessum málum er gert ráð fyrir, að fulltrúar, tilnefndir

af Landssambandi iðnaðarmanna og Félagi ísl. iðnrekenda, taki sæti í dóminum við hlið hinna föstu dómenda í stað þeirra, er Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands nefna í dóminn í málum þeim, er hann nú fjallar um.“

Ed. 491. Frumvarp til laga [3. mál]

um hlutafélög.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

Samhljóða þskj. 3 með þessum breytingum:

9. gr. hljóðar svo:

Þegar fyrirhugað er, að hlutafélag taki við atvinnu annars aðila eða öðrum eingum en reiðufé, sbr. 8. og 9. tl. 7. gr., skulu dómkvaddir menn meta verðmæti þessi til fjár, áður en stofnsamningur er gerður. Héraðsdómari, þar sem mat á að fara fram, nefnir matsmennina. Skráningarstjóri getur þó veitt undanþágu frá því, að mat fari fram, þegar um minni háttar verðmæti er að ræða eða honum þykir ljóst af atvikum, að eign sé ekki of hátt verðlögð.

Veita skal matsmönnum óhindrað færi á að kynna sér það, er meta skal, svo og þau gögn, er þeir telja nauðsynleg til framkvæmdar matsins. Ef hlutafélag á að taka við atvinnu annars aðila, skal leggja fyrir matsmenn efnhags- og rekstrarreikninga um hana síðustu tvö ár, ef til eru, og veita þeim á annan hátt vitneskju um reksturinn að undanförnu. Um mat þetta fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum X. kafla laga nr. 85/1936, eftir því sem við á.

Leggja má kostnað af mati á félagið. Þó skal gætt hámarksákvæða 8. gr., þegar matskostnaður telst til stofnkostnaðar, sbr. 8. og 9. tl. 7. gr.

Matsmenn eru þagnarskyldir um þau efni, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt eiga að fara.

26. gr. hljóðar svo:

Í hlutafélagi skulu jafnan vera sjö skráðir hluthafar hið fæsta, er fullnægi ákvæðum 4. gr. Um ákvörðun þeirrar tölu gilda ákvæði 1. málsgr. 5. gr.

41. gr. hljóðar svo:

Ef hluthafar geta eigi komið sér saman um skiptingu hinna nýju hluta, skal áskrift gerð á áskriftarlista. Áskriftarlisti skal hefjast á útboðsskrá, sem félagsstjórn gerir og skráningarstjóri hefur staðfest. Ákvæði 12. gr. gilda hér, eftir því sem við á.

Í útboðsskrá skal greina:

a. Heiti félags og heimilisfang.
2. Samþykkt hluthafafundar um hækkun hlutafjár, sbr. 39. gr.
3. Útboðsfjárhæð. Skal hún annaðhvort ákveðin með tiltekinni fjárhæð eða innan tiltekinna marka, enda sé lágmarksfjárhæð ekki lægri en ⅔ hlutar hámarksfjárhæðar.
4. Nafnverð hluta og útboðsgengi þeirra.
5. Ákvæði um greiðslu nýrra hluta, þar á meðal um gjalddaga.
6. Hvort hluti skuli greiða með öðru verðmæti en reiðufé eða með skuldajöfnuði. Ef svo er, skulu fylgja skilríki þau, sem áskilin eru í 2.—4. málsgr. 36. gr.
7. Reglur um úthlutun nýrra hluta.
8. Hámarksfjárhæð þess kostnaðar af hækkuninni, sem félaginu er skylt að bera, svo og þau atriði önnur, sem getur í 15. tl. 7. gr., eftir því sem við á.
9. Frest til áskriftar, sem ekki má vera skemmri en 14 dagar frá framlengingu áskriftarlista.

Með áskriftarlistum skulu liggja frammi eftirrit félagssamþykkta og reikningar félagsins um síðasta reikningsár.

Ákvæði 14. gr. gilda um útboð og áskrift nýrra hluta, eftir því sem við á.

Aldrei má kostnaður, sem félagi er skylt að bera vegna hækkunar á hlutafé, fara fram úr 5% hlutafjáraukans, að undanteknum stimpilgjöldum og þinglýsingar.

54. gr. hljóðar svo:

Félagsstjórn annast kvaðningu til funda. Kveðja skal til fundar með þeim fyrirvara og á þann hátt, er félagssamþykktir ákveða, þó eigi með skemmri en 7 daga fyrirvara.

Í kvaðningu til fundar skal greina í aðalatriðum málefni þau, sem þar á að taka til meðferðar. Að því leyti, sem dagskrá aðalfundar er ákveðin í félagssamþykktum, nægir þó að vísa til þeirra.

Nú vill hluthafi bera upp mál á hluthafafundi, og er félagsstjórn þá skylt að geta þess í fundarboði.

Ógildar eru ályktanir hluthafafundar, ef ekki er gætt ákvæða 1. málsgr. um kvaðningu, svo og ályktanir um málefni, sem ekki er getið í fundarboði samkvæmt 2. og 3. málsgr., nema allir hluthafar samþykki.

55. gr. hljóðar svo:

Félagsstjórn skal að minnsta kosti 7 dögum fyrir fund leggja fram í skrifstofu félagsins dagskrá fundarins og tillögur þær, er upp skal bera, ásamt greinargerð um þær. Með sama hætti skal leggja fram endurskoðaðan ársreikning og ársskýrslu félagsstjórnar, áður en aðalfundur er haldinn.

56. gr. hljóðar svo:

Aðalfund skal halda árlega og eigi síðar en innan sex mánaða frá lokun reikningsárs.

Nú lætur félagsstjórn undir höfuð leggjast að kveðja til aðalfundar, og skal þá skráningarstjóri, ef hluthafar, sem fara með 1/10 hluta atkvæða hið fæsta, krefjast þess, fyrirskipa stjórn félagsins að boða til fundarins innan eins mánaðar. Verði félagsstjórnin ekki við fyrirmælum skráningarstjóra, skal hann boða til fundarins með lögmæltum fyrirvara. Stýrir skráningarstjóri eða umboðsmaður hans fundi, og er félagsstjórn skylt að afhenda honum þær bækur félagsins og önnur gögn, er hann telur nauðsynleg. Skráningarstjóri getur krafið félagið um greiðslu kostnaðar af kvaðningu þessari og fundarhaldi.

72. gr. hljóðar svo:

Ef félagsfundur hefur ekki ákveðið, hver vera skuli formaður félagsstjórnar, kjósa stjórnendur hann úr sínum hópi.

76. gr. hljóðar svo:

Félagsstjórn ræður framkvæmdarstjóra, einn eða fleiri, eftir því sem henni þykir ástæða til.

Framkvæmdarstjóri skal vera íslenzkur ríkisborgari, lögráða, fjár síns ráðandi og hafa óflekkað mannorð. Hann skal og vera heimilisfastur hér á landi, nema hann veiti forstöðu útibúi félagsins erlendis. Ráðherra getur veitt undanþágu frá skilyrðinu um íslenzkan ríkisborgararétt.

84. gr. hljóðar svo:

Að reikningsári loknu semur og undirritar félagsstjórn og framkvæmdarstjóri ársreikning hlutafélags, ársskýrslu og tillögu um ráðstöfun á arði félagsins.

Ársreikningur og tillaga félagsstjórnar um ráðstöfun arðs skulu afhent endurskoðendum nógu tímanlega fyrir aðalfund.

Félagsstjórn leggur ársreikning, ársskýrslu og tillögu um ráðstöfun arðs fyrir aðalfund, eftir að endurskoðendur hafa áritað reikninginn og látið uppi álit um tillöguna og gætt hefur verið fyrirmæla 55. gr. um framlagningu gagna þessara.

89. gr. hljóðar svo:

Þegar varasjóður hefur náð 25% hlutafjár, mega framlög til hans samkvæmt 1. og 2. tl. 88. gr. lækka um helming. Þegar hann hefur náð 50% hlutafjár, mega framlög samkvæmt 1.—3. tl. 88. gr. falla niður. Greiðslur til varasjóðs samkvæmt 88. gr. skulu þó haldast, ef skuldir félagsins við lánardrottna þesss nema meira en samanlögðum fjárhæðum hlutafjár og varasjóðs. Til skulda í þessu sambandi teljast ekki föst lán, sem greiðast eiga á 5 árum eða lengri tíma, að því leyti, sem þau eru fulltryggð með veði.

Nú nemur varasjóður hærri fjárhæð en skylt er samkvæmt 1. málsgr., og má þá verja árlega úr sjóðnum allt að 50% af því, sem umfram er, til annarra nota en segir í 87. gr.

93. gr. hljóðar svo:

Félagsstjórn skal innan mánaðar frá aðalfundi senda skráningarstjóra ársreikning félags og ársskýrslu ásamt skýrslu um, hvernig arði hafi verið ráðstafað. Fylgja skal endurrit úr gerðabók varðandi atkvæðagreiðslu um ársreikning og ráðstöfun arðs. Farið skal með upplýsingar þessar sem algert trúnaðarmál.

121. gr. hljóðar svo:

Það er samstæða hlutafélaga, þegar félag (móðurfélag) á meira en helming hluta í öðru félagi eða félögum (dótturfélögum) eða, ef hlutir hafa misjafnt atkvæðagildi, sbr. 2. málsgr. 60. gr., svo marga hluti, að atkvæðagildi þeirra fari fram úr helmingi af samanlögðu atkvæðagildi allra hluta í dótturfélagi. Nú á dótturfélag sams konar hlutaeign í öðru félagi, og teljast þá bæði þau félög dótturfélög móðurfélagsins.

Þegar hlutafélag verður með framangreindum hætti móðurfélag annars félags, skulu stjórnendur móðurfélagsins þegar í stað tilkynna það stjórn dótturfélagsins svo og skráningarstjóra.

Nú þykir skráningarstjóra ljóst, að hlutafélag hafi vegna samnings, fjárframlags eða af öðrum ástæðum yfirráð annars félags eða félaga, og getur hann þá ákveðið, að 122.—127. gr. taki til félaga þessara.

128. gr. hljóðar svo:

Skráningarstjóri annast skráningu allra íslenzkra hlutafélaga.

Skráningarstjóri heldur hlutafélagaskrá. Ráðherra setur reglur um skipulag hennar.

Á hlutafélagaskrá skal taka tilkynningar samkvæmt 21. gr., 3. málsgr. 27. gr., 1. og 3. málsgr. 38. gr., 44. gr., 2. málsgr. 45. gr., 2. málsgr. 46. gr., 51. gr., 1.—3. og 5. tl. 1. málsgr. 82. gr., 100. gr., 1. málsgr. 103. gr., 106. gr., 1. og 3. málsgr. 114. gr., 1. málsgr. 116. gr., 120. gr., 138. gr., 2. málsgr. 139. gr., 140. gr. og 141. gr.

Almenningur á rétt til að kynna sér allt það, sem tekið hefur verið á hlutafélagsskrá, ásamt fylgiskjölum.

Nú telja stofnendur eða stjórnendur hlutafélaga, að birting tiltekinna atriða geti valdið félaginu tjóni og sker skráningarstjóri þá úr, hvort þau skuli sett á skrá.

133. gr. hljóðar svo:

Tilkynningum til skráningarstjóra skulu fylgja gjöld, er renna í ríkissjóð, og eru þau sem hér segir:

1. Fyrir rannsókn og staðfestingu stofnskjala 200 kr.
2. Fyrir staðfestingu útboðsskrár, þegar hlutafé er hækkað, 100 kr.

3. Fyrir skráningu nýs hlutafélags og útibús erlends hlutafélags 500 kr.
4. Fyrir skráningu á breytingum eða viðaukum við það, sem áður hefur verið skráð, 200 kr.

Fyrir endurrit, er skráningarstjóri lætur af hendi úr hlutafélagskrá eða af öðrum skjölum, skal greiða gjald samkvæmt 10. gr. laga nr. 85/1938, sbr. 2. gr. laga nr. 75/1947.

Skráningarstjóri lætur yfirvöldum ókeypis í té endurrit og munnlegar skýrslur, er þau þarfnast í embætti sínu.

151. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1954.

Ákvæði laganna taka og til hlutafélaga, sem áður hafa verið stofnuð, með þeim undantekningum, sem getur í 152.—154. gr.

Á eftir 155. gr. kemur svo hljóðandi

Bráðabirgðaákvæði.

Hlutafélög, sem við gildistöku laga þessara eiga eigin hlutabréf, skulu innan tveggja ára hafa fullnægt ákvæðum 27. gr.

Nd. 492. Lög [128. mál]

um verðlagsskrár.

(Afgreidd frá Nd. 19. marz.)

Samhljóða þskj. 382.

Nd. 493. Breytingartillaga [54. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 116 1951, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Einari Ingimundarsyni og Gunnari Jóhannssyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina komi nýr stafliður, svo hljóðandi:

Aftan við C. 29 bætist: með álmu inn fyrir botn Siglufjarðar, yfir Fjarðará, Saurbæjarás, út með Siglufirði að austan, yfir Nesskriður að Siglunesi.

Nd. 494. Nefndarálit [93. mál]

um frv. til l. um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur rætt um frv. á nokkrum fundum og átt viðræður um það við fulltrúa Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og þá starfsmenn stjórnarráðsins, sem unnu að undirbúningi málsins.

Nefndarmenn eru sammála um að mæla með samþykkt frv., en áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Alþingi, 19. marz 1954.

Skúli Guðmundsson, form. Jóhann Hafstein, frsm., fundaskr. Gylfi Þ. Gíslason.

Jón Pálmason. Páll Þorsteinsson.

Ed. 495. Breytingartillögur [119. mál]

við frv. til l. um viðauka við l. nr. 115 7. nóv. 1941, um Búnaðarbanka Íslands.

Frá Haraldi Guðmundssyni.

Við 1. gr.

a. Á undan „Landsbanka Íslands“ í fyrri málsl. komi: sparisjóðsdeild Búnaðarbanka Íslands.
b. Síðari málsl. greinarinnar falli niður.

Nd. 496. Breytingartillögur [12. mál]

við frv. til áfengislaga og brtt. á þskj. 489.

Frá Pétri Ottesen.

1. Við 4. gr. Í stað síðasta málsl. 3. málsgr. kemur: Þó má skipið hafa hæfilegan skipsforða af áfengi óinnsiglaðan til neyzlu handa skipverjum á fyrstu afgreiðsluhöfn, en aldrei má selja, gefa eða flytja í land af þeim forða. Allt slíkt óinnsiglað áfengi skal greinilega merkt tollyfirvöldum.
2. Við 6. gr. Seinni málsgr. orðast svo:
   Landhelgi samkvæmt þessum lögum skal vera hið friðlýsta svæði innan línu sem dregin er 4 sjómílur utan við línur þær, sem ákveðnar eru í reglugerð nr. 21 1952, um verndun fiskimiða umhverfis Ísland.
3. Við 11. gr. 2. tölul. fellur niður.
4. Við 12. gr. Greinin fellur niður.
5. Við 13. gr. Fyrri málsgr. orðast svo:
   Áfengisverzlun ríkisins og útsölur hennar mega aðeins afhenda áfengi gegn staðgreiðslu.
6. Við 14. gr. Síðari málsgr. orðast svo:
   Lögreglustjórum er heimilt að loka áfengisútsölu fyrirvaralaust um lengri eða skemmri tíma, þegar sérstaklega stendur á og áfengisvarnanefnd á staðnum mælir með. Áfengisverzlun ríkisins getur skotið ákvörðun lögreglustjóra til dómsmálaráðherra. Ekki frestar málskot framkvæmd lokunarinnar.
7. Við 15. gr. 1. málsgr. orðast svo:
   Dómsmálaráðherra setur reglugerð um sölu áfengis samkvæmt þessum kafla.
8. Við 18. gr. Upphaf greinarinnar orðast svo:
   Með þeirri undantekningu, sem í 10. og 11. gr. segir, skal öllum óheimilt að selja o. s. frv.
9. Við 20. gr. Greinin orðast svo:
   Bannað er að neyta áfengis í veitingastofum, veitingatjöldum eða öðrum þeim stöðum, þar sem veitingar fara fram. Sama gildir og um félagsherbergi.
10. Við brtt. 489,8.a. Fyrir orðin „greiðist úr ríkissjóði“ í niðurlagi greinarinnar kemur: greiðist úr áfengisvarnasjóði.
11. Við brtt. 489,8.b. Fyrir orðið „ofnautn“ í 2. málsl. 1. málsgr. kemur: neyzlu.
12. Við brtt. 489,9. Fyrir orðin „greiðist úr ríkissjóði“ í síðasta málsl. fyrri málsgr. kemur: greiðist úr áfengisvarnasjóði.
13. Á eftir 28. gr. koma þrjár nýjar greinar, svo hljóðandi:
   a. Stofna skal áfengisvarnasjóð. Er hlutverk hans að standa straum af kostnaði við áfengisvarnir, bindindisfræðslu og bindindisútbreiðslu. Skulu í hann renna árlega 4% af hagnaði Áfengisverzlunar ríkisins.
      Áfengisvarnaráð fer með stjórn og reikningshald sjóðsins.
      Nánari fyrirmæli um áfengisvarnasjóð skulu sett í reglugerð.

b. Úr áfengisvarnasjóði skal greiða Stórstúku Íslands árlega 500 þús. kr. til bindindisstarfsemi og til bindindisfélaga í skólum 50 þús. kr. á ári í sama skyni.

c. Á næstu 10 árum skal árlega leggja til hliðar 6% af hreinum ágóða Áfengisverzlunar ríkisins.

Skal helmingi þeirrar upphæðar varið til byggingar drykkjumannahæla og lækningastöðva handa drykkjumönnum, sjúkrahúsa og elliheimila eftir nánari ákvörðun heilbrigðismálaráðherra.

Einum sjötta hluta upphæðarinnar skal varið til húsbygginga fyrir bindindis- og hjálparstarfsemi á vegum Góðtemplarareglunnar, þar af helmingi til byggingar í Reykjavík.

Afganginn skal lána til byggingar félagsheimila og gistihúsa. Veitir menntamálaráðherra lánin að fengnum tillögum áfengisvarnaráðs. Lánin eru vaxtalaus, og ákveður menntamálaráðherra lánstíma.

Nd. 497. Breytingartillaga [164. mál]

við frv. til l. um brúargerðir.

Frá Jörundi Brynjólfssyni.

Við 2. gr. A. Á eftir tölul. I kemur nýr rómv. liður (verður tölul. II), svolátandi (og breytist liðatalan á eftir samkvæmt því):

Ölfusá hjá Óseyrarnesi (enda leiði rannsókn í ljós, að brúarstæðið sé öruggt og brúarsmíðin sé mikill þáttur í að tryggja afkomu íbúanna í sjávarþorpunum austan fjalls).

Nd. 498. Breytingartillögur [93. mál]

við frv. til l. um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Frá Jóni Pálmasyni.

1. Við 5. gr. Síðari málsl. 1. málsgr. falli niður.
2. Við 18. gr. Síðari málsgr. orðist svo:

Starfsmönnum er skylt að hlíta þeim breytingum á launakjörum sínum og réttindum, sem ákveðnar eru með breytingum á launalögum og þeim reglugerðum, sem settar hafa verið um réttindi og skyldur starfsmanna, enda standi þeir ráðningarsamningar, sem í gildi eru, þegar lög þessi ganga í gildi. Eftir það er skylt að taka fram í ráðningarsamningum, að þeir megi taka breytingum með breyttum launakjörum.

Nd. 499. Nefndarálit [168. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 59 7. maí 1946, um sérstakar fyrningarafskriftir.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt. Einn nefndarmanna (GÞG) skrifar undir álitið með fyrirvara.

Alþingi, 19. marz 1954.

Skúli Guðmundsson, form., frsm. Jóhann Hafstein, fundaskr. Páll Þorsteinsson.
Gylfi Þ. Gíslason. Jón Pálmason.

Nd. 500. Breytingartillaga [124. mál]

við frv. til l. um fuglaveiðar og fuglafriðun.

Frá menntamálanefnd.

Við 21. gr. Við greinina bætist nýr málsl., svo hljóðandi: Þó má með ákvæðum í fuglaveiðasamþykkt heimila að nota fleka (snörufleka) til fuglaveiða á takmörkuðum svæðum.


Sþ. 501. Breytingartillögur [154. mál]

við till. til þál. um stækkun friðunarsvæðis fyrir Vestfjörðum.

Frá Halldóri Ásgrímssyni, Vilhjálmi Hjálmarssyni, Lárusi Jóhannessyni, Páli Þorsteinssyni, Páli Zóphóníassyni, Lúðvík Jósefssyni og Eggert Þorsteinssyni.

1. Við tillgr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Enn fremur skal friðunarlínan fyrir Austfjörðum og Suðausturlandi á svæðinu milli Langaness og Ingólfshöfða dregin þannig, að takmarkalína núverandi friðunarsvæðis, þar sem hún er dregin utan við grunnlínupunkt nr. 12 í reglugerðinni (Langanes), framlengist í beina línu og liggi 16 sjómílum utar en grunnlínupunktar nr. 15 og 16. Þaðan skal línan dregin þannig, að hún liggi 16 sjómílum utar en grunnlínupunktar nr. 17—19 og í útlínu núverandi friðunarsvæðis við Hvalbak (grunnlínupunkt 50). Þaðan sé línan framlengd og liggi 16 sjómílum utar en grunnlínupunktar nr. 24 og 25, þangað til hún nær línu, sem framlengist í beina stefnu frá takmarkalínu núverandi friðunarsvæðis utan við grunnlínupunkt nr. 28 (Ingólfshöfða).
2. Fyrirsögn till. orðist þannig: Tillaga til þingsályktunar um stækkun friðunarsvæða fyrir Vestfjörðum, Austfjörðum og Suðausturlandi.

Sjá uppdrátt á bls. 1010.


15°
13°
66°
65°
64°
LANGANES
GLETTINGANES
GERPIR
HVALBAKUR
STOKKSNES
INGÓLFSHÖFÐI
GRUNNLÍNUSTAÐIR
FISKVEIÐITAKMÖRK
TILLAGA UM FRIÐUNARLÍNU

Nd. 502. Breytingartillögur [12. mál]

við frv. til áfengislaga.

Frá Páli Þorsteinssyni.

1. Við 12. gr. Greinin orðist þannig:
   Einu veitingahúsi í Reykjavík (Hótel Borg) skal heimilt að veita áfenga drykki, sem til landsins er heimilt að flytja, enda sé þar eigi greitt þjórfé (þjónustugjald) af sölu áfengra drykkja né veitingahúsið launi starfsfólk sitt með hundraðsgjaldi af sölu þeirra. Nánari fyrirmæli um vínveitingar, þar á meðal um veitingatíma, álagningu og lögreglueftirlit á veitingastað, skulu sett í reglugerð.
2. Við 18. gr. Í stað orðanna „sem í 10., 11., 12. og 20. gr. segir“ komi sem í 10., 11. og 12. gr. segir.
3. Við 20. gr.
   a. Orðin „og 2. málsgr. þessarar greinar“ falli burt.
   b. 2. málsgr. falli burt.
4. Við 28. gr. Í stað orðanna „kennslubækur og kennslukvikmyndir, eftir því sem við á“ í 2. málsgr. komi: kennslubækur og kennslukvikmyndir til fræðslu um áhrif áfengisnautnar, eftir því sem við á.

Sþ. 503. Nefndarálit [138. mál]

um till. til þál. um skipun nefndar til að gera tillögur um takmörkun á heimild stjórnmálaflokka til þess að nota fé í sambandi við kosningar og kosningaundirbúning.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna. Virðist henni, að ef á að skipa milliþinganefnd á annað borð út af kosningalögunum, þá sé henni hér ætlað of þröngt verkefni. Fyrir Alþingi liggja nú auk þessarar tillögu tvö frumvörp til laga um breytingu á kosningalögunum. Auk þess hefur verið rætt um víðtækari breytingar í blöðum og á mannfundum. Nefndinni virðist því rétt að fela milliþinganefnd almenna endurskoðun laganna um kosningar til Alþingis, en binda ekki starf hennar við eitt atriði þeirra.

Ágreiningur um kjördæmaskipunina virðist mjög hafa tafið fyrir því, að ný stjórnarskrá væri sett. Er vel hugsanlegt, að nefnd, sem hefði það sérstaka verkefni að endurskoða kosningalögin og kjördæmaskipunina, gæti fundið þá lausn, er menn gætu fallizt á.

Samkvæmt þessu leggur nefndin til, að tillagan verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Fyrri málsgr. tillgr. orðist svo:
   Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa eftir tilnefningu þingflokkanna fimm manna nefnd til þess að endurskoða lög um kosningar til Alþingis og til þess að athuga og gera tillögur um kjördæmaskipunina.
2. Fyrirsögn till. verði: Tillaga til þingsályktunar um skipun nefndar til að endurskoða lög um kosningar til Alþingis og athuga og gera tillögur um kjördæmaskipunina.

Alþingi, 22. marz 1954.

Bernh. Stefánsson, form., frsm.	Karl Guðjónsson.	Jóhann Þ. Jósefsson.
Eiríkur Þorsteinsson.	Emil Jónsson.	Sigurður Ágústsson.

Nd. 504. Frumvarp til laga [11. mál]

um aukatekjur ríkissjóðs.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

Samhljóða þskj. 11 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Í gagnsökum, framhaldssökum, meðalgöngumálum og sakaukamálum skal greiða gjald samkvæmt 1. gr.

Í barnsfaðernismálum og í málum þeim, sem um ræðir í 24. gr. laga nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis, skal engin réttargjöld greiða. Í gjafsóknarmálum skal gjafsóknarhafi engin réttargjöld greiða.

Í málum, þar sem fjárhæð nemur ekki 1000 kr., greiðast hálf réttargjöld.

23. gr. hljóðar svo:

Fyrir að þinglesa skjöl, sem eru eignarheimild fyrir eða leggja haft á fasteignir eða lausafé, skal gjalda í hlutfalli við fjárhæð þá, er skjalið hljóðar um, eins og hér segir:

Þegar fjárhæðin er 5000 kr. eða minni, 50 kr., og síðan 5 kr. fyrir hvert þúsund eða brot úr þúsundi, sem fram yfir er. Fyrir þinglestur skjala með veði í framleiðsluvörum sjávarútvegs, landbúnaðar eða iðnaðar skal þó eigi greiða nema kr. 2.40 fyrir hvert þúsund umfram fyrstu 5 þúsundin.

Þegar fjárhæð sú er óákveðin, sem skjalið greinir um, og eigi er hægt að ákveða verðmætið, skal gjalda 100 kr. Þegar veð er sett fyrir skuldum, er síðar verða stofnaðar, skal ákveða gjaldið eftir hæstu fjárhæðinni, sem veðið á að gilda fyrir, og skal taka hana fram í skjalinu.

Nú er fjárhæðin ákveðin í öðru en peningum, og skal þá meta verðmætið til peningaverðs.

Nú er árlegt afgjald áskilið um óákveðinn tíma, og skal þá gjalda sem fyrir 25 sinnum hærri fjárhæð. Sé ártal tiltekið, skal afgjaldið talið saman fyrir öll árin, en þó skal aldrei af meiru gjalda en af afgjaldinu 25-földu.

Nú er eign seld af hendi, án þess að fyrir hana sé greitt andvirði, eða henni makaskipt gegn annarri eign, og verður þá að tiltaka verð hennar í skjalinu eða rita það á skjalið, svo að ákveða megi eftir því þinglýsingargjaldið.

Nú hefur embættismaður ákveðið stimpilskylda fjárhæð kaupsamnings eða afsals, og skal þá greiða þinglýsingargjald af þeirri upphæð.

26. gr. hljóðar svo:

Nú krefst einhver vottorðs úr afsals- og veðmálaskrám um eignarheimild á fasteign og um höft þau, er á henni hvíla, og skal hann gjalda fyrir það 15 kr.

43. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin þessi lagaákvæði:

Lög um aukatekjur, dagpeninga og ferðakostnað sýslumanna og bæjarfógeta, nr. 2/1894.

Lög um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 27/1921.

Lög nr. 112/1935, 52. gr.

Lög nr. 85/1938, 2., 3., 10. og 11. gr.

Lög nr. 10/1928, 54. gr.

Lög nr. 62/1928, 2. gr., síðasta málsgr.

Lög nr. 34/1943, 16. gr., síðasta málsgr.

Lög nr. 41/1946. 18. gr., síðasta málsgr.

Lög nr. 120/1950. 30. gr., síðasta málsgr.

Lög nr. 61/1942, 11. og 16. gr.
Lög nr. 77/1953. 1. gr., b-liður.

Enn fremur er breytt ákvæðum eftirtaldra laga, að því er gjöld til ríkissjóðs snertir:

Lög nr. 112/1935, 54. gr.
Lög nr. 85/1936, 199. gr.
Lög nr. 52/1925, 13. gr.
Lög nr. 21/1926, 13. gr.
Lög nr. 18/1927, 26. gr.
Lög nr. 12/1923, 7. gr.
Lög nr. 66/1946, 50. gr.
Lög nr. 77/1921, 60. gr.
Lög nr. 42/1903, 36. gr.
Lög nr. 43/1903, 3. gr.
Lög nr. 17/1948, 21. gr.
Lög nr. 33/1951, 13. gr.

Svo eru og úr gildi numin önnur þau lagafyrirmæli, er koma í bága við lög þessi.

Sþ. 505. Nefndarálit [154. mál]

um till. til þál. um stækkun friðunarsvæðis fyrir Vestfjörðum.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Tillaga þessi til þingsályktunar miðar að því, að friðunarlínan fyrir Vestfjörðum milli Bjargtanga og Kögurs sé færð út um 16 sjómílur frá grunnlínupunktum þeim, er hún nú miðast við.

Í greinargerð er talið, að tillagan sé fram borin af brýnni nauðsyn og eftir sameiginlegum óskum vestfirzkra sjómanna og útvegsmanna.

Á það er bent, að friðunarlínan, eins og hún er nú, nái aðeins einni sjómílu lengra út en áður nálega alls staðar fyrir Vestfjörðum. Þá er það og fram tekið, að hin gömlu, hefðbundnu fiskimið vélbátaflotans séu 10—20 sjómílur undan yztu andnesjum og þar af leiðandi liggi aðalveiðistöðvar vélbátaflotans eftir sem áður utan friðunarlínunnar. Enn er að því vikið í greinargerðinni, að samkv. l. nr. 44 frá 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, skuli sjávarútvegsmálaráðuneytið ákvarða með reglugerð takmörk verndunarsvæða við strendur landsins innan endimarka landgrunnsins, þar sem allar veiðar skuli háðar íslenzkum reglum og eftirliti, enda verði friðun á landgrunninu á engan hátt rýrð frá því, sem verið hefur.

Og enn segir í nefndri greinargerð, að í 1. gr. nefndra laga sé ákveðið, að ráðuneytið skuli einnig ákvarða allar þær reglur, sem nauðsynlegar eru til verndar fiskimiðunum á ofangreindum svæðum.

Telja flutningsmenn, með tilvísun til þess, er hér hefur verið fram dregið, að skýrar lagaheimildir standi að baki þessari tillögu þeirra til þingsályktunar. Auk þess telja flutningsmenn, að ágangur erlendra togara og innlendra aukist fyrir Vestfjörðum, og benda á það sérstaka ástand, sem á þessum slóðum sé fyrir hendi, nefnilega að línuveiðasvæðin liggi utan friðunarlínunnar, en hins vegar auðug togaramið eins og „Halinn“ liggi þar fyrir utan og valdi því, að enginn friður sé fyrir vélbátana að athafna sig á hinum hefðbundnu vélbátamiðum; vegna þess sé hér um lífsnauðsynjamál að ræða, sem ekki geti skapað neitt almennt fordæmi annars staðar.

Meiri hl. allsherjarnefndar telur sig ekki hafa nægа aðstöðu til að dæma um það til fullnustu, hvort ástandið sé að öllu leyti eins og flutningsmenn lýsa því í greinargerð þeirri, er hér hefur verið rakin í stórum dráttum, né heldur hvort 16 sjómílna krafan eigi fullan rétt á sér og nægа stoð í gildandi lögum og alþjóðareglum. Vitað er og, að núgildandi friðunarlínur voru á sínum tíma settar með aðstoð hinna færustu manna, þótt sumar þeirra hafi verið umdeildar, jafnvel annars staðar en á Vestfjörðum, og telur meiri hl. n. engan veginn tryggt, að breyting friðunarlínunnar á umræddum slóðum yrði ekki talin fordæmi, er réttlætti kröfur um breytingar á sömu línu víðs vegar annars staðar við strendur landsins. Helzt er á valdi ráðuneytisins og þeirra sérfróðu manna, sem það kann að hafa sér til aðstoðar, að rannsaka í ljósi þeirrar reynslu, sem fengizt hefur, síðan friðunarlínurnar, er nú gilda, voru ákveðnar, réttmæti þeirra óska um breytingu á þessum línum, sem fram hafa komið bæði á Alþingi og utan þess. Er hér átt við hvort tveggja, þörf þeirra, er breytinga óska, og hverja stoð þær óskir eigi í þeim lögum, er sú reglugerð byggist á, sem hér er óskað breytinga á, og alþjóðalögum. Er það vilji meiri hl. allsherjarnefndar, að sá háttur sé á hafður, og á þeim forsendum leggur hann til, að þessu máli sé **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Við afgreiðslu málsins voru nefndarmenn ekki allir viðstaddir, og mun minni hl. skila sérstöku áliti.

Alþingi, 19. marz 1954.

Bernh. Stefánsson, form.	Jóhann Þ. Jósefsson, frsm.	Karl Guðjónsson, með fyrirvara.
	Sigurður Ágústsson.	

Sþ. 506. Nefndarálit [154. mál]

um till. til þál. um stækkun friðunarsvæðis fyrir Vestfjörðum.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur athugað till. þessa, en ekki getað orðið sammála um afgreiðslu hennar. Vill meiri hl. n. leggja til, að till. verði vísað til ríkisstjórnarinnar, en minni hl. leggur til, að till. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Aftan við tillgr. bætist: enda hafi ríkisstjórnin áður gengið úr skugga um, eftir því sem unnt er, með aðstoð sérfræðinga sinna í þessum málum, að breyting þessi komi ekki í bága við lög þau, sem reglugerðin byggist á, og alþjóðareglur.

Alþingi, 22. marz 1954.

Emil Jónsson, frsm.	Eiríkur Þorsteinsson.

Ed. 507. Breytingartillögur [167. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Frá Haraldi Guðmundssyni.

	Toll-eining	Vörumagns-tollur Aurar	Verðtollur %
1. Við 1. gr. Á eftir 129. tölul. kemur nýr liður, svo hljóðandi: Á eftir nr. 6 í 73. kafla kemur nýtt nr., svo hljóðandi: 6b Efni í spenna (hluta til spenna)			2
2. Við 2. gr. Á eftir 3. tölul. kemur nýr liður, svo hljóðandi: Á eftir ö-lið kemur nýr stafliður, svo hljóðandi: aa. Að endurgreiða verksmiðjum, sem framleiða rafmagnstæki, aðflutningsgjöld eða hluta af þeim af efnivörum til þeirra.			

Nd. 508. Breytingartillaga [163. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til kaupa á tveimur olíuflutningaskipum.

Frá Hannibal Valdimarssyni.

Við 1. gr. Síðasta málsgr. orðist svo:

Þá er það og skilyrði fyrir ábyrgðum þessum, að félögin skuldbindi sig til að taka aldrei hærri farmgjöld en skráð eru á heimsmarkaðinum á hverjum tíma. Einnig verði ríkissjóði settar þær tryggingar fyrir ábyrgðunum, sem ríkisstjórnin metur gildar.

Sþ. 509. Tillaga til þingsályktunar [175. mál]

um rannsókn á hagnýtingu brotajárns.

Flm.: Gils Guðmundsson, Bergur Sigurbjörnsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta framkvæma rannsókn á því, hvort ekki muni arðvænlegt að hefja hér á landi hagnýtingu brotajárns, t. d. með því að framleiða úr því steypustyrktarjárn. Kostnaður við rannsóknina greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Undanfarin fjögur ár hafa Íslendingar flutt út um 13700 smálestir af brotajárni. Á sama tíma hafa verið fluttar inn um 9000 smálestir af steypustyrktarjárni fyrir um það bil 20 millj. kr. Hefur þó innflutningur á steypustyrktarjárni verið óvenjulega lítill á þessu tímabili, þar eð byggingar hafa verið með minna móti. Má gera ráð fyrir, að eftirspurn eftir þessari vöru fari vaxandi, og mun varla ofreiknað, að árleg notkun steypustyrktarjárns verði á næstu árum 4000 smálestir. Með núverandi verðlagi kostar það magn af steypustyrktarjárni 12 millj. kr., miðað við útsöluverð.

Þegar hafin verður framleiðsla á sementi innanlands, má telja víst, að byrjað verði að steypa helztu þjóðvegi. Mun þá notkun steypustyrktarjárns aukast til muna. Steypustyrktarjárn má framleiða úr brotajárni, en til þess þarf bræðsluofn og mót-

unarvélar (valseværk). Tæki þessi eru alldýr, en miðað við reynslu víða erlendis benda allar líkur til þess, að slík framleiðsla gæti svarað kostnaði hér á landi. Að vísu verður að teljast hæpið, að hér falli til nægilegt brotajárn til að standa undir rekstri slíkrar verksmiðju að staðaldri. En sá möguleiki er ávallt fyrir hendi að kaupa erlendis gömul skip, sem seld eru til niðurrifs, draga þau hingað og nota sem hráefni fyrir verksmiðjuna, að svo miklu leyti sem innlent hráefni hrekkur ekki til.

Hér er fyrst og fremst gert ráð fyrir framleiðslu steypustyrktarjárns, enda einfaldast og kostnaðarminnst að byrja á því. Þegar sú framleiðsla hefur komizt á góðan rekspöl, væri hugsanlegt að auka starfsemina, framleiða gjarðajárn, saum, girðingavír o. fl. Loks væri sá möguleiki fyrir hendi að framleiða dýrari tegundir stáls og auka þannig til muna verðgildi framleiðslunnar.

Af framansögðu ætti að vera ljóst, að það er fyllilega tímabært, að rannsakaðir verði möguleikar á hagnýtingu brotajárns hér á landi og gerð áætlun þar að lútandi. Búast má við, að slík rannsókn mundi kosta nokkurt fé, þar eð vafalaust yrði að leita til erlendra sérfræðinga um upplýsingar og aðstoð. Þess er varla að vænta, að einstaklingar vilji leggja fram það fé, sem þarf til undirbúnings þessa fyrirtækis. Leiði rannsókn hins vegar í ljós, að hér geti verið um arðvænlegt fyrirtæki að ræða, yrði án efa vandalaust að afla fjár til að koma því á laggirnar, hvort sem það yrði á vegum ríkisins (í sambandi við Landssmiðjuna?) eða annarra aðila. Þó að ríkið verði til rannsóknar þessarar nokkrum fjármunum — og um háa upphæð gæti naumast verið að ræða — mundi járnbræðslan á skömmum tíma endurgreiða í sköttum, beint og óbeint, margfalda þá fjárhæð, sem rannsóknin kostaði.

Flutningsmenn þingsályktunartillögu þessarar telja rétt, að á meðan hin fyrirhugaða rannsókn fer fram, verði bannaður allur útflutningur á brotajárni. Slík ráðstöfun yrði til þess, að safnast mundu fyrir nokkrar birgðir af brotajárni, sem væru til taks, þegar vinnslan hæfist. Ef rannsóknin leiddi til jákvæðrar niðurstöðu og hafizt yrði handa um vinnslu járnsins hér á landi, mundi bann við útflutningi brotajárns að sjálfsögðu verða látið gilda áfram. Þætti hins vegar ekki ráðlegt að efna til þeirrar vinnslu, sem hér um ræðir, mundi að sjálfsögðu leyft að flytja út það brotajárn, sem safnazt hefði fyrir, meðan útflutningur þess var bannaður. Rýrnun á þeirri vöru er ekki svo mikil, að um verulegt tap þeirra hluta vegna yrði að ræða.

Af þessum sökum munu flutningsmenn tillögunnar leggja fram í neðri deild Alþingis frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna útflutning á brotajárni.

Nd. 510. Frumvarp til laga [176. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna útflutning á brotajárni.

Flm.: Gils Guðmundsson, Bergur Sigurbjörnsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að banna útflutning úr landinu á brotajárni svo og járnskipum, sem ætluð eru til niðurrifs.

2. gr.

Brot gegn banni samkv. 1. gr. varða sektum frá 1000—100000 kr., og renna þær í ríkissjóð. Ólöglega útflutt brotajárn skal gert upptækt og andvirði þess renna í ríkissjóð.

3. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Flutningsmenn þessa frumvarps hafa lagt fram í sameinuðu Alþingi tillögu til þingsályktunar um rannsókn á hagnýtingu brotajárns með það fyrir augum, að komið verði á fót fyrirtæki, er framleitt gæti úr því steypustyrktarjárn o. fl. Telja flm. eðlilegt, að ekki verði leyft að selja brotajárn úr landi, meðan sú athugun fer fram. Þess vegna er frv. flutt. — Að öðru leyti vísast til greinargerðar með fyrrgreindri þingsályktunartillögu, sem prentuð er á þingskjali 509.

Nd. 511. Nefndarálit [56. mál]

um frv. til l. um fjáröflun til byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum o. fl.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þessa frv. Meiri hl. nefndarinnar vill vísa því til ríkisstjórnarinnar með tilliti til þess, að hún hafi nú í undirbúningi tillögur varðandi húsnæðismálin. Ég legg hins vegar til, að frv. verði samþykkt.

Um það getur ekki orðið ágreiningur, að fá úrlausnarefni eru nú brýnni í íslenzku þjóðfélagi en húsnæðisskortur sá, sem almenningur í kaupstöðum og kauptúnum á við að búa.

Á síðast liðnum áratug var of lítið byggt hér á landi. Á árunum 1941—50 voru byggð að meðaltali aðeins 156 hús í Reykjavík. Það var ekki einu sinni nóg til þess að fullnægja húsnæðisþörfinni vegna vaxandi fólksfjölgunar í bænum, hvað þá að það hafi nægt til þess að útrýma því ófullkomna og jafnvel heilsuspillandi húsnæði, sem í bænum er. Árið 1946 fór fram gagnger skoðun á húsnæði í Reykjavík, og kom þá í ljós, að 1303 menn bjuggu í bröggum, þar af 926 konur og börn. Af þessum braggaíbúðum voru 228 dæmdar algerlega óíbúðarhæfar, en í þeim bjuggu 906 manns, þar af 645 konur og börn. Þrátt fyrir þessar staðreyndir fjölgaði íbúum bragganna á næstu árum og munu á síðasta ári hafa verið um 2400.

Við húsnæðisathugunina 1946 kom í ljós, að íbúar kjallara voru 6085. Í kjallaraíbúðum, sem skoðunarmenn töldu óíbúðarhæfar, bjuggu 2704. Síðan hefur kjallaraíbúðum fjölgið. Má nú gera ráð fyrir, að allt að 10000 Reykvíkingar búi í bröggum og kjöllurum, eða um það bil sjötti hver Reykvíkingur. Sumt af þessum íbúðum eru góðar vistarverur í nýjum og vönduðum húsum, en gera má ráð fyrir, að ⅔ hlutar þeirra séu mjög lélegar, þannig að 6000—7000 manns í Reykjavík skorti mjög viðunandi húsnæði.

Mannfjölgun í kaupstöðum og kauptúnum er nú um 1600 manns á ári. Til þess að fullnægja íbúðarþörfinni vegna fólksfjölgunar þarf því árlega um 400 íbúðir. Auk þess þarf að byggja a. m. k. 1600 íbúðir til þess að útrýma lélegu húsnæði. Sé gert ráð fyrir, að það verði gert á næstu 4 árum, þarf að byggja um 800 íbúðir á ári í næstu 4 ár. Þetta er miklu hærri tala íbúða en byggt hefir verið undanfarið, en hér er þó engan veginn um óframkvæmanlegar hugmyndir að ræða, ef skynsamlega er á málinu tekið. Ef miðað er við 300 rúmmetra íbúðir, sem byggja má fyrir um 200 þús. kr., mundu 800 íbúðir kosta 160 millj. kr. Verðmæti þjóðarfram-

leiðslunnar var á síðasta ári talið um 2500 millj. kr. En auk þess hafði þjóðin til ráðstöfunar 200 millj. kr. erlent láns- og gjafafé, svo að alls hafði þjóðin úr að spila 2700 millj. kr. Kostnaðarverð 800 íbúða er aðeins 5.9% af því heildarverðmæti, sem þjóðin hafði til ráðstöfunar í fyrra, og verða slíkar byggingarframkvæmdir engan veginn taldar óframkvæmanlegar. Talið er, að fjárfesting hafi í fyrra numið um 500 millj. kr., og mun um 80 millj. af þessu fé hafa verið varið til bygginga íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum. Þyrfti því, miðað við reynslu síðasta árs, að útvega 80 millj. kr. viðbótarfé, til þess að unnt væri að hrinda nauðsynlegum byggingum í framkvæmd. Ef gert er ráð fyrir því, að þeir, sem byggja, leggi fram fimmtung byggingarkostnaðar, þarf 64 millj. kr. nýtt lánsfé til framkvæmdanna.

Í þessu frv. er bent á raunhæf úrræði til þess að tryggja útvegun nauðsynlegs lánsfjár. Er gert ráð fyrir því, að það verði sumpart gert á þann hátt, að stofunum og tryggingarfélögum, sem lán veita til framkvæmda, verði gert skylt að láta skuldabréf byggingarsjóðs verkamanna og byggingarsamvinnufélaga sitja fyrir verðbréfakaupum upp að vissu marki, og sumpart með því að setja reglur um lánveitingar banka og annarra peningastofnana til þess að tryggja samræmt átak af þeirra hálfu í þágu byggingarmálanna. Auk þess er gert ráð fyrir framlögum af ríkisfé og aukinni starfsemi veðdeildar Landsbanka Íslands og að síðustu fyrir innlendu eða erlendu láni allt að 50 millj. kr.

Ég tel, að þessu þingi megi ekki ljúka svo, að það afgreiði ekki lagasetningu, sem tryggi sómasamlega lausn húsnæðisvandamálsins. Enn sem komið er bólar ekki á neinum tillögum um það mál frá ríkisstjórninni. Ráðstafanir þær, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., mundu leysa höfuðvandann, sem þjóðinni er nú á höndum í húsnæðismálum sínum, á næstu 4 árum. Þess vegna tel ég nauðsynlegt, að það nái fram að ganga.

Alþingi, 20. marz 1954.

Gylfi Þ. Gíslason.

Nd. 512. Breytingartillögur [93. mál]

við frv. til l. um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

1. Á eftir 36. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Ákvæði reglugerða eða samninga stéttarfélaga ríkisstarfsmanna, sem við gildistöku laga þessara veita fyllri rétt er þann, sem kveðið er á um í lögum þessum, teljast ekki úr gildi fallin með samþykkt þessara laga.
2. Fyrirsögn IX. kafla verði: Um félagsskap starfsmanna o. fl.

Ed. 513. Frumvarp til laga [177. mál]

um framlengingu á heimild ríkisstjórnarinnar til að nota yfirdráttarheimild Íslands hjá Greiðslubandalagi Evrópu.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Af yfirdráttarheimild þeirri, sem Ísland hefur sem þátttakandi í Greiðslubandalagi Evrópu, að fjárhæð fimmtán milljónir dollara, heimilast ríkisstjórninni, ef hún telur nauðsynlegt, að nota allt að átta milljónum dollara.

Jafnóðum og heimildin er notuð, skal andvirðið í krónum greitt inn í sérstakan reikning í Landsbanka Íslands og því varið, þegar er gjaldeyrisástæður leyfa, til endurgreiðslu á yfirdráttarláninu, enda má ekki nota féð til annars.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni viðskiptamálaráðherra, en nefndarmenn áskilja sér óbundið atkvæði um málið.

Frv. fylgdu eftirfarandi athugasemdir.

Með lögum nr. 30/1951 veitti Alþingi ríkisstjórninni heimild til að nota yfirdráttarheimild Íslands hjá Greiðslubandalagi Evrópu, allt að fjórum milljónum dollara á fjárhagsárum Greiðslubandalagsins 1950—51 og 1951—52. Var sú heimild framlengd með lögum nr. 6 1953 fyrir fjárhagsár Greiðslubandalagsins 1952—53 og 1953—54.

Í frumvarpinu er heimildarnotkunin ekki tímabundin, þar eð ekki er vitað, hversu lengi Greiðslubandlag Evrópu heldur áfram störfum.

Önnur breyting frá lögum nr. 6 1953 er sú, að yfirdráttarheimildin er hækkuð úr 4 millj. dollara upp í 8 millj. dollara.

Í febrúarlok nam skuld Íslands við Greiðslubandalagið 3870000 dollurum. Fyrirsjáanlegt er, að á næstu mánuðum þurfa útgjöldin í EPU-gjaldeyri að vera miklu meiri en tekjurnar. Er þetta sama sagan sem endurtekur sig hvert ár, því að mikill meiri hluti framleiðslu hvers árs er ekki fluttur út fyrr en á seinna missirinu.

Halli sá, sem var á gjaldeyrisviðskiptum við Greiðslubandalagið á árunum 1950—1953, var að mestu greiddur með sérstökum gjöfum Bandaríkjastjórnar. Nú er þeirri efnahagsaðstoð lokið, og er að dómi ríkisstjórnarinnar óhjákvæmilegt að stofna til bráðabirgðaskuldar við Greiðslubandalagið næstu mánuðina. Að öðrum kosti yrði að takmarka verulega innflutning frá Vestur-Evrópu, t. d. til raforkuframkvæmda og bygginga.

Samtímis því, sem aðstaðan gagnvart Greiðslubandalagi Evrópu fer versnandi, hefur dollaraaðstaðan batnað. Nemur nú dollaraeign landsins hærri upphæð en þeirri, sem gert er ráð fyrir að nota þurfi af yfirdrætti Íslands hjá Greiðslubandalaginu.

Ed. 514. Breytingartillaga [167. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Frá Lárusi Jóhannessyni.

Við 1. gr. Á eftir 99. tölul. kemur nýr liður, svo hljóðandi: Nr. 8 í 54. kafla orðast svo:	Tolleining	Vörumagnstollur Aurar	Verðtollur %
8 — — annar	1 kg	20	25

Nd. 515. Breytingartillaga [12. mál]

við frv. til áfengislaga.

Frá Magnúsi Jónssyni.

Á eftir 28. gr. kemur ný grein, svo hljóðandi:

Stofna skal áfengisvarnasjóð. Skulu í hann renna árlega 5% af rekstrarhagnaði Áfengisverzlunar ríkisins. Tekjum áfengisvarnasjóðs skal þannig varið:

a. Til þess að standa straum af kostnaði við áfengisvarnir, bindindisfræðslu og bindindisútbreiðslu.
b. Til þess að koma upp drykkjumannahælum, lækningastöðvum fyrir drykkjumenn og uppeldisheimilum fyrir afvegaleidd börn og unglinga.
c. Til lánveitinga til byggingar félagsheimila og gistihúsa.

Menntamálaráðherra og heilbrigðismálaráðherra ákveða, eftir hvaða hlutföllum fé sjóðsins skiptist árlega milli hinna þriggja liða, að fengnum tillögum áfengisvarnaráðs.

Áfengisvarnaráð ráðstafar þeim hluta sjóðsins, sem fellur undir a-lið, heilbrigðismálaráðherra ákveður ráðstöfun þess hluta, er kemur undir b-lið, og menntamálaráðherra veitir lán þau, er um ræðir í c-lið, og ákveður lánstíma og lánskjör. Leita skal tillagna áfengisvarnaráðs um ráðstöfun fjár samkv. b- og c-lið.

Áfengisvarnaráð hefur vörzlu áfengisvarnasjóðs og annast reikningshald sjóðsins.

Nánari fyrirmæli um sjóðinn og ráðstöfun hans skulu sett með reglugerð.

Í fyrsta sinn skal greitt í áfengisvarnasjóð af tekjum Áfengisverzlunar ríkisins árið 1955.

Nd. 516. Breytingartillaga [12. mál]

við brtt. á þskj. 489 [Áfengislög].

Frá Magnúsi Jónssyni og Jóhanni Hafstein.

Við 4. tölulið. Næstsíðasta málsgr. orðist svo:

Dómsmálaráðherra skipar eftirlitsmann, einn eða fleiri, með öllum þeim veitingastöðum, er vínveitingaleyfi hafa, og skulu leyfishafar greiða laun eftirlitsmanns og allan kostnað af starfi hans, eftir ákvörðun ráðherra. Eftirlitsmaðurinn skal gæta þess, að settum reglum sé í hvívetna fylgt um vínveitingar, og má stöðva þær, ef út af er brugðið, enda skal hann tafarlaust kæra öll brot, er hann verður áskynja um. Eftirlitsmaðurinn hefur heimild til aðgangs hvarvetna þar, sem vínveitingar fara fram samkv. þessari grein eða 20. gr. laga þessara.

Nd. 517. Nefndarálit [173. mál]

við frv. til l. um brunatryggingar í Reykjavík.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur rætt frv., en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. nefndarinnar (BÓ, EI og EggÞ) leggur til, að frv. sé afgreitt óbreytt.

Alþingi, 23. marz 1954.

Björn Ólafsson, form., frsm. Einar Ingimundarson, Eggert G. Þorsteinsson.

Nd. 518. Nefndarálit [144. mál]

um frv. til laga um orkuver Vestfjarða.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með því, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Á eftir orðinu „Dynjandisá“ komi: eða Mjólká.
2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkisstjórninni heimilast að festa kaup á vatnsréttindum í ánum fyrir botni Arnarfjarðar, ef viðunandi kjör fást.
3. Við 5. gr. Upphaf greinarinnar verði þannig:
   Heimilt er að endurgreiða kostnað þann, sem sveitarfélögin á Vestfjörðum hafa greitt vegna undirbúnings Vestfjarðavirkjunar, og telja með stofnkostnaði, enda öðlist rafmagsveitur ríkisins o. s. frv.

Jóh. Hafstein og Jón Pálmason geta þess, að þeir leggja áherzlu á, að undirbúningur þeirrar raforkuvirkjunar, sem frumvarpið fjallar um, verði eigi látinn tefja þær sérvirkjanir, sem undirbúnar hafa verið á Vestfjörðum, svo sem Bolungavíkurvirkjunina.

Alþingi, 23. marz 1954.

Skúli Guðmundsson, form., frsm. Jóhann Hafstein, fundaskr. Páll Þorsteinsson.
Jón Pálmason. Gylfi Þ. Gíslason.

Nd. 519. Breytingartillaga [12. mál]

við frv. til áfengislaga.

Frá Sigurði Bjarnasyni, Steingrími Steinþórssyni, Jóhanni Hafstein, Birni Björnssyni og Einari Ingimundarsyni.

Við 7. gr. 2. málsgr. orðist svo:
Heimilt skal ríkisstjórninni þrátt fyrir ákvæði 1. málsgr. að leyfa tilbúning öls, sem hefur inni að halda allt að 3½% af vínanda að þunga. Nánari ákvæði um sölumeðferð þess skulu sett í reglugerð.

Nd. 520. Frumvarp til laga [178. mál]

um breyting á lögum nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör.

(Lagt fyrir Alþingi á 73. löggjafarþingi, 1954.)

1. gr.

Aftan við 3. tölul. 4. gr. laganna komi svo hljóðandi málsliður: Ekki má leggja útsvar á skattfrjálsar sparifjárinnstæður aðila né vexti af þeim innstæðum (sbr. III. kafla laga um tekju- og eignarskatt).

2. gr.

Aftan við 21. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Skylt er niðurjöfnunarnefnd að leggja fram með útsvarsskrá skýrslu um þær reglur, sem hún hefur farið eftir við álagningu útsvaranna, svo sundurliðaða og skilmerkilega, að hver gjaldandi eigi að geta reiknað út útsvar sitt. Einnig er niðurjöfnunarnefnd skylt að gefa sérstaklega hverjum gjaldanda, sem þess krefst nákvæmar, sundurliðaðar upplýsingar um það, hvernig útsvar hans er á lagt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu útsvara 1954.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ríkisstjórnin leggur frumvarpið fram að tilhlutun skattamálanefndar þeirrar, er skipuð var 1952 að fyrirmælum Alþingis.

Nefndin hefur haft til athugunar — auk löggjafarinnar um beina skatta til ríkissjóðs — löggjöf um tekjuöflun sveitarfélaga og verkaskiptingu milli ríkisins og sveitarfélaga.

Enn hefur nefndin hvorki skilað áliti né heildartillögum, en telur nauðsynlegt, að sett séu á þessu þingi lagaákvæði þau, er frumvarpið inniheldur, og hefur ríkisstjórnin fallizt á það.

Til skýringar á efni frumvarpsins skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Samhliða þessu frumvarpi er lagt fram frumvarp um breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt. Samkv. því frumvarpi eru tilteknar sparifjárinnstæður í bönkum, sparisjóðum og löglegum innlánsdeildum félaga, gerðar skattfrjálsar, svo og vextir af þeim innstæðum. Þetta er gert til þess að örva sparifjársöfnun. Ekki næði það skattfrelsi tilgangi sínum, ef útsvör mætti leggja á þessar eignir og tekjur eftir sem áður — eða jafnvel hækka útsvarsálagninguna vegna bættra „ástæðna“ gjaldenda fyrir það, að sköttum til ríkissjóðsins væri létt af innstæðum þeirra og vöxtum. Er þar af leiðandi lagt til í greininni að undanþiggja útsvarsálagningu skattfrjálsar sparifjárinnstæður og vexti af þeim og skírskotað til ákvæða tekju- og eignarskattslaga, er taka fram, hverjar innstæður og hvaða vextir þetta eru.

Um 2. gr.

II. kafli laga nr. 66 1945, um útsvör, er um útsvarsskyldu. 1. gr. hans (4. gr. laganna) hefst á þessari setningu: „Útsvar skal leggja á eftir efnum og ástæðum.“ Þessi setning er lagagrundvöllur sá, er gildir um álagningu útsvara.

Engar ákveðnar reglur eru lögskipaðar, sem niðurjöfnunarnefndir reikni útsvörin út eftir og gjaldendur geti prófað útsvör sín með. Kvarta margir gjaldendur að vonum yfir þessu og telja örðugt af þessum sökum að leita réttar síns um leiðréttingu útvara.

Útsvör eru yfirleitt orðin svo hár útgjaldaliður í seinni tíð, að gera verður kröfu til þess, að þeim sé ekki jafnað niður af handahófi. Gjaldendur verða að geta haft aðstöðu til þess að fylgjast með því, hvernig þau eru á lögð.

Í þessari frumvarpsgrein eru fyrirmæli, sem eiga að tryggja hvort tveggja: að niðurjöfnunarnefndir fari eftir föstum reglum og almenningur fái upplýsingar um, hverjar þær reglur eru.

Ákvæði greinarinnar falla bezt inn í efni útsvarslaganna með því að verða niðurlag 21. gr., af því að sú grein fjallar um framlagningu útsvarsskrár.

Um 3. gr.

Rétt þykir, að lög þessi öðlist þegar gildi og komi til framkvæmda við álagningu útsvara þetta ár, enda gert ráð fyrir, að ákvæði þau, er 1. gr. frumvarpsins miðast við, þ. e. skattfrelsi sparifjár, taki gildi með breyttum tekju- og eignarskattslögum samtímis.

Nd. 521. Frumvarp til laga [179. mál]

um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Lagt fyrir Alþingi á 73. löggjafarþingi, 1954.)

1. gr.

2. málsgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Sömuleiðis skal sá, er eigi hefur aðsetur hér á landi, en hefur laun, biðlaun eða styrk úr ríkissjóði, eða arð af hlutafé í innlendu hlutafélagi eða innborguðu stofnfé í öðrum atvinnufélögum eða fyrirtækjum, eða tekjur frá öðrum innlendum aðilum, gjalda skatt af þessum tekjum, og skal tekjuskattinum haldið eftir við greiðslu fjárins.

2. gr.

Upphaf 4. gr. laganna orðist svo:

Undanþágu frá öllum tekjuskatti hafa: Forseti Íslands, ríkissjóður, o. s. frv.

3. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Erlendir þjóðhöfðingjar, sendiherrar, sendiræðismenn og erlendir starfsmenn sendisveita annarra ríkja eru undanþegnir tekjuskatti, nema að því leyti, sem þeir njóta tekna frá innlendum aðilum, eiga hér fasteignir eða hafa tekjur af þeim, reka atvinnu eða eiga hlut í atvinnufyrirtæki hérlendis.

4. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

I. Skattgjald þeirra, sem um ræðir í 1. gr. og 2. gr., reiknast þannig:

a. **Skattgjald einstaklinga:**

Ef skattskyldar tekjur eru undir 1000 kr., greiðist enginn skattur.
Af 1—2 þús. kr. greiðist 1%.

Af	2—	5	þús.	kr.	greiðist	10	kr.	af	2	þús.	og	2	%	af afgangi
—	5—	9	—	—	—	70	—	—	5	—	—	3	%	— —
—	9—	20	—	—	—	190	—	—	9	—	—	4	%	— —
—	20—	30	—	—	—	630	—	—	20	—	—	6	%	— —
—	30—	40	—	—	—	1230	—	—	30	—	—	10	%	— —
—	40—	50	—	—	—	2230	—	—	40	—	—	15	%	— —
—	50—	60	—	—	—	3730	—	—	50	—	—	20	%	— —
—	60—	70	—	—	—	5730	—	—	60	—	—	25	%	— —
—	70—	100	—	—	—	8230	—	—	70	—	—	30	%	— —
—	100—	130	—	—	—	17230	—	—	100	—	—	35	%	— —
—	130	þús.	og	yfir	—	27730	—	—	130	—	—	40	%	— —

b. **Skattgjald hjóna:**

Ef skattskyldar tekjur eru undir 2 þús. kr., greiðist enginn skattur.
Af 2—3 þús. kr. greiðist 1%.

Af	3—	6	þús.	kr.	greiðist	10	kr.	af	3	þús.	og	2 %	af	afgangi
—	6—	13	—	—	—	70	—	—	6	—	—	3 %	—	—
—	13—	20	—	—	—	280	—	—	13	—	—	4 %	—	—
—	20—	25	—	—	—	560	—	—	20	—	—	5 %	—	—
—	25—	30	—	—	—	810	—	—	25	—	—	6 %	—	—
—	30—	35	—	—	—	1110	—	—	30	—	—	7 %	—	—
—	35—	45	—	—	—	1460	—	—	35	—	—	10 %	—	—
—	45—	50	—	—	—	2460	—	—	45	—	—	15 %	—	—
—	50—	60	—	—	—	3210	—	—	50	—	—	20 %	—	—
—	60—	70	—	—	—	5210	—	—	60	—	—	25 %	—	—
—	70—	100	—	—	—	7710	—	—	70	—	—	30 %	—	—
—	100—	130	—	—	—	16710	—	—	100	—	—	35 %	—	—
—	130	þús.	og	yfir	—	27210	—	—	130	—	—	40 %	—	—

Þeir, sem um ræðir í 2. gr., greiði þó aldrei lægri skatt en 5% af skattskyldum tekjum.

Nú breytist kaupgjaldsvísitala til hækkunar eða lækkunar frá því, sem hún var að meðaltali árið 1953, og skal þá tekjutölum framangreindra skattstiga breytt í réttu hlutfalli við það. Brot, sem nemur minna en hálfu þúsundi, falli niður við útreikning tekjutalna, en stærra brot hækki í þúsund. Hundraðshlutatölur (%) skattstiganna breytast ekki, þótt vísitala raskist.

Þeir gjaldendur, sem greiða tekjuskatt samkvæmt ákvæðum a- og b-liða hér á undan, skulu ekki greiða stríðsgróðaskatt samkvæmt lögum nr. 21 20. maí 1942.

II. Skattgjald þeirra, sem um ræðir í a- og c-liðum 3. gr., reiknast þannig:
Ef hinn skattskyldi hluti teknanna er undir 1000 kr., greiðist af honum 1%.

Af	1000—	2000	kr.	greiðist	10	kr.	af	1000	kr.	og	2 %	af	afgangi
—	2000—	3000	—	—	30	—	—	2000	—	—	3 %	—	—
—	3000—	4000	—	—	60	—	—	3000	—	—	4 %	—	—
—	4000—	5000	—	—	100	—	—	4000	—	—	5 %	—	—
—	5000—	6000	—	—	150	—	—	5000	—	—	6 %	—	—
—	6000—	7000	—	—	210	—	—	6000	—	—	7 %	—	—
—	7000—	8000	—	—	280	—	—	7000	—	—	8 %	—	—
—	8000—	9000	—	—	360	—	—	8000	—	—	9 %	—	—
—	9000—	10000	—	—	450	—	—	9000	—	—	10 %	—	—
—	10000—	12000	—	—	550	—	—	10000	—	—	11 ½%	—	—
—	12000—	14000	—	—	780	—	—	12000	—	—	13 %	—	—
—	14000—	17000	—	—	1040	—	—	14000	—	—	15 %	—	—
—	17000—	20000	—	—	1490	—	—	17000	—	—	17 %	—	—
—	20000—	25000	—	—	2000	—	—	20000	—	—	18 %	—	—
—	25000—	30000	—	—	2900	—	—	25000	—	—	19 %	—	—
—	30000—	40000	—	—	3850	—	—	30000	—	—	20 %	—	—
—	40000—	50000	—	—	5850	—	—	40000	—	—	21 %	—	—
—	50000—	60000	—	—	7950	—	—	50000	—	—	22 %	—	—

Félög þau og stofnanir, sem um ræðir í a-lið og c-lið 3. gr., þar með talin erlend félög og stofnanir, greiði þó aldrei lægri skatt en 5% af skattskyldum tekjum.

III. Af skattskyldum tekjum þeirra félaga, sem um ræðir í b-lið 3. gr., greiðist jafnan 8%.

5. gr.

Á 7. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1. Aftan við orðin „af sparisjóðsinnlögum og sérhverri annarri arðberandi innstæðu“ í d-lið 1. málsgr. komi: þó ekki vextir af skattfrjálsri innstæðu, sbr. III. kafla: Um skattfrelsi sparifjár (22. gr., 2. málsgr.).

2. Aftan við e-lið bætist:

Nú selur skattþegn fasteign, sem hefur verið í eigu hans skemur en 5 ár, en kaupir aðra innan árs eða byggir hús, áður en tvö ár eru liðin frá söludegi, og skal sölugróði þá ekki skattskyldur, ef hin keypta fasteign eða hið nýreista hús er að fasteignamati jafnhátt eða hærra hinu selda, en ef það er lægra að mati, skal sölugróði skattskyldur hlutfallslega. Undanþága þessi nær þó ekki til neinnar sölu, þar sem telja má, að um atvinnurekstur sé að ræða. Ákvæði þessi raska ekki fyrirmælum laga nr. 16/1949 um skattgreiðslu, þegar eigin vinna, sem ekki hefur verið skattlögð, fæst greidd í söluverði íbúðar.

Nú er eign önnur en fasteign og skip, sem hefur verið í eigu skattgreiðanda í 3 ár eða lengur og fyrning hefur verið reiknuð af, seld hærra verði heldur en nemur óafskrifuðum hluta hennar, og skal þá það, sem umfram er, teljast skattskyldar tekjur, þó ekki hærri fjárhæð en nemur öllum veittum fyrningarafskriftum. Skiptast tekjur þessar við útreikninga skatts á jafnmörg ár aftur í tímann og afskriftirnar hafa farið fram á, þó ekki á fleiri en 10 ár. Skatturinn greiðist í einu lagi.

6. gr.

Aftan við 9. gr. laganna bætist nýir stafliðir, svo hljóðandi:

e. Jarðræktarframlag ríkisins, samkvæmt II. kafla jarðræktarlaga, nr. 45 17. maí 1950.

f. Fæði sjómanns, er hann fær hjá atvinnurekanda.

7. gr.

Á 10. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1. d-liður orðist svo:

Iðgjöld af lífeyri, sem skattgreiðandi er skyldur lögum samkvæmt að tryggja sér eða maka sínum og börnum eftir sinn dag, svo og iðgjöld af hverri annarri lögboðinni persónutryggingu. Enn fremur skal draga frá tekjum þeirra skattgreiðenda, sem eigi eru að lögum skyldir að tryggja sér eða maka sínum og börnum lífeyri, iðgjöld af slíkum lífeyri, sem sannanlega hafa verið greidd á árinu, allt að 10% af launum eða nettótekjum skattgreiðandans, þó ekki hærri upphæð en kr. 7000.00 á ári. Heimilt er þó fjármálaráðherra að leyfa hærri iðgjaldagreiðslur til frádráttar tekjum, ef sérstakar ástæður mæla með því. Greiði vinnuveitandi hluta af frádráttarhæfu iðgjaldi eða það allt, dregst það frá tekjum hans sem rekstrargjöld, en telst ekki til tekna hjá launþega, og minnkar þá réttur hans til frádráttar á iðgjaldi sem því nemur og hverfur að fullu, ef vinnuveitandi greiðir allt iðgjaldið.

Ákvæði þessi gilda, þó að lífeyristrygging sé ekki bundin við lífstíð manns, heldur ákveðið árabil, enda sé það ekki skemmra en 10 ár („annuitetstrygging").

Heimilt er ráðherra að leyfa frádrátt á iðgjöldum, er atvinnufyrirtæki greiða sem stofnframlag til kaupa á lífeyristryggingum handa starfsmönnum sínum vegna liðins starfstíma, ef um er að ræða hliðstæðar reglur þeim, er gilda um tryggingar annarra aðila, enda sé iðgjaldaupphæðinni skipt með jöfnum greiðslum á það mörg ár, að frádráttarbærar iðgjaldagreiðslur verði ekki hærri en hjá öðrum hliðstæðum aðilum samkvæmt lögum þessum.

Skilyrði fyrir því, að iðgjöld fyrir ólögboðna lífeyristryggingu dragist frá tekjum samkvæmt framansögðu, er, að tryggingin sé keypt hjá lífeyrissjóði, tryggingarfélagi eða stofnun, sem starfar eftir reglum, er fjármálaráðuneytið samþykkir, og séu þar m. a. fyrirmæli um ávöxtun og vörzlu tryggingarfjárins og eftirlit með starfseminni.

Þá skal og draga frá tekjum iðgjald af lífsábyrgð, er skattgreiðandi hefur keypt sér, þó ekki hærra iðgjald en kr. 2000.00.

2. 2. málsl. e-liðar falli niður.

3. Í stað „keyptum verðbréfum“ í f-lið komi: seldum verðbréfum.
4. Á eftir g-lið komi nýir stafliðir, þannig:
   h. Fæðiskostnað sjómanna á fiskiskipum, ef þeir þurfa sjálfir að sjá sér fyrir fæði, og við ákvörðun þess kostnaðar sé farið eftir mati skattayfirvalda á fæði til tekna. Enn fremur skal draga frá tekjum háseta, bátsmanns og 2. stýrimanns á togara kr. 300.00 á mánuði og frá tekjum sjómanna á öðrum fiskiskipum kr. 200.00 á mánuði vegna sérstaks hlífðarfatakostnaðar, hvort tveggja miðað við þann tíma, sem þeir eru skráðir á fiskiskipin.
   i. Ferðakostnað þeirra skattgreiðenda, er fara langferðir vegna atvinnu sinnar, eftir mati skattayfirvalda. Nánari ákvæði skulu sett í reglugerð um þennan frádrátt.
   j. Nú vinnur gift kona, sem er samvistum við mann sinn, fyrir skattskyldum tekjum, en keypt er í staðinn heimilisaðstoð, og er þá heimilt að draga frá tekjum hjónanna, áður en skattur er á þær lagður, fjárhæð, er nemur persónufrádrætti konunnar samkvæmt 12. gr. og ⅓ af persónufrádrætti barna og annarra ómaga, sem hjónin hafa á framfæri á heimili sínu. Frádrátturinn í heild má þó aldrei vera meiri en nemur ⅔ af því, sem konan vinnur inn, og heldur ekki meiri en greitt hefur verið fyrir keypta heimilisaðstoð. Sama gildir um einstæðar mæður, ef þær framfæra börn sín eða aðra ómaga heima og kaupa heimilisaðstoð vegna eigin öflunar skattskyldra tekna. Ekklar og ógiftir menn, sem hafa börn eða aðra ómaga á framfæri á heimili sínu og hafa haft ráðskonu eða keypt heimilisaðstoð, mega draga frá skattskyldum tekjum fjárhæð, sem nemur persónufrádrætti konu og ⅓ af persónufrádrætti ómaga sinna á heimilinu, þó ekki meira en tilkostnaðinum nemur.
   k. Kostnaður við stofnun heimilis skal dreginn frá tekjum hjóna á því skattári, sem þau ganga í hjónaband, og skal sá frádráttur nema persónufrádrætti fyrir ómagalaus hjón samkvæmt 12. gr.
   l. Helming af björgunarlaunum, er skipverjar hljóta. Þetta gildir þó ekki um áhafnir skipa, sem eingöngu eru björgunarskip.
   m. Nú færir leigutaki í íbúðarhúsnæði sönnur á, að hann borgi hærri húsaleigu en því nemur, sem afnot húsnæðisins mundu talin til tekna, ef það væri sjálfsíbúð, og er honum þá heimilt að telja hálfan muninn til frádráttar tekjum, áður en skattur er á þær lagður. Frádráttarheimild þessi gildir þó ekki fyrir einhleypa, og húsaleigufrádrátturinn má ekki nema meiru en kr. 600.00 á ári á hvern mann, sem framteljandi hefur bæði á framfæri og í heimili.
5. Síðasta málsgr. greinarinnar orðist svo:
   Tekjur þær, sem koma til greina við ákvörðun skattsins, eru skattskyldar án tillits til þess, hvernig þeim er varið, hvort heldur gjaldandi hefur þær sér eða skylduliði sínu til framfæris, nytsemdar eða munaðar, til hjúahalds, nema til atvinnurekstrar sé, til þess að færa út bú sitt eða atvinnuveg, til umbóta á eignum sínum eða til þess að afla sér fjár, til gjafa eða hvers annars sem er.

8. gr.

2. málsgr. 11. gr. laganna orðist þannig:
Tekjur barna innan 16 ára (þar með talin stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn) teljast með tekjum foreldra. Séu tekjurnar meiri en sem nemur frádrætti fyrir börn samkvæmt 12. gr., er þó heimilt, að þau séu sjálfstæðir skattgreiðendur.

9. gr.

12. gr. laganna breytist þannig:
a. 1. málsgr. orðist svo:
   Frá hreinum tekjum heimilisfastra manna hér á landi, eins og þær eru ákveðnar samkvæmt lögum þessum, skal draga sem hér segir:

Fyrir einstakling kr. 6500.00.
Fyrir hjón kr. 12000.00 (6 þús. fyrir hvort).
Fyrir hvert barn kr. 4500.00.

Nú breytist kaupgjaldsvísitala til hækkunar eða lækkunar frá því, sem hún var að meðaltali árið 1953, og skal þá framangreindum frádráttarupphæðum breytt í réttu hlutfalli við vísitölubreytingarnar. Brot úr hundraði skal fella niður af útkomu, þegar reiknaðar eru út frádráttarupphæðir.

b. Síðasti málsl. 2. málsgr. falli niður.

10. gr.

Á eftir II. kafla laganna komi nýr kafli, svo hljóðandi (og breytist kafla- og greinatala laganna samkvæmt því):

III. KAFLI
Um skattfrelsi sparifjár.

22. gr.

Undanþegnar framtalsskyldu og eignarskatti eru innstæður í bönkum, sparisjóðum og löglegum innlánsdeildum félaga, svo sem hér segir:

a. Innstæður skattgreiðanda, sem ekkert skuldar.
b. Innstæður skattgreiðanda, er ekki skuldar meira en 120 þús. kr. samtals, enda séu þær skuldir fasteignaveðlán, tekin til 10 ára eða lengri tíma og sannanlega notuð til þess að afla fasteignanna eða endurbæta þær. Ákvæði þetta um frávik vegna fasteignaveðskulda nær ekki til félaga, sjóða eða stofnana.
c. Sá hluti innstæðna hjá öllum skattgreiðendum, sem er umfram skuldir. Innborgað hlutafé og stofnfé telst til skulda félaga í þessu sambandi.

Undanþegnir framtalsskyldu og tekjuskatti eru allir vextir af eignarskattfrjálsum innstæðum.

Þeir, sem bókhaldsskyldir eru, en njóta undanþágunnar, skulu með venjulegum hætti færa allar innstæður sínar og vexti af þeim í bækur sínar og ársreikninga.

Komi í ljós á framtölum gjaldenda ósamræmi milli ára, sem stafað getur af því, að innstæða hefur ekki verið framtalin vegna framangreindrar undanþágu, ber gjaldendum að leggja fyrir skattayfirvöld, þegar þess er krafizt, yfirlit frá innlánsstofnunum um allar innstæður sínar á tímabili því, sem um er að ræða, og einnig geta skattayfirvöld krafizt hjá innlánsstofnunum allra þeirra upplýsinga, sem þau telja þörf fyrir í þessu sambandi.

11. gr.

1. málsl. 1. málsgr. 31. gr. laganna orðist þannig:

Gjaldendur skulu skattlagðir þar, sem þeir eiga lögheimili samkv. allsherjarspjaldskrá Hagstofu Íslands hinn 1. desember á viðkomandi skattári.

12. gr.

2. málsgr. 32. gr. laganna falli niður.

13. gr.

Í stað orðanna „ófullnægjandi og óglögg og tortryggileg“ í 4. málsl. 1. málsgr. 34. gr. laganna komi: ófullnægjandi, óglögg eða tortryggileg.

14. gr.

35. gr. laganna orðist svo:

Þegar á skattgreiðanda hefur fallið vegna alvarlegra sjúkdóma tilfinnanlegur kostnaður, sem ekki er bættur samkvæmt lögum um almannatryggingar, eða veikindi, slys eða mannslát hafa skert gjaldþol hans verulega, má skattanefnd taka við umsókn hans um linun eða eftirgjöf á skattgreiðslunni og senda hana með umsögn sinni til yfirskattanefndar, er leggur úrskurð á beiðnina. Skattanefnd getur

og að eigin hvötum gert tillögu til lækkunar á skattgjaldi, þegar svo er ástatt sem segir í upphafi þessarar greinar. Yfirskattanefndir geta einnig, eftir tillögum undirskattanefnda, leyft persónufrádrátt fyrir ættingja eða vandamenn, sem vitað er um að skattþegn hefur á framfæri sínu, allt að þeirri upphæð, sem leyfð er til frádráttar fyrir skylduómaga samkvæmt 12. gr.

15. gr.

Aftan við 44. gr. laganna bætist:

Einnig er ráðuneytinu heimilt að kæra úrskurði skattanefnda með sama hætti og skattþegni sjálfum. Þó er ráðuneytið eigi bundið við kærufresti.

Ákvæði þessarar greinar skulu gilda um alla ríkisskatta, er skattanefndir fjalla um.

16. gr.

Á VI. kafla (sem verður VII. kafli) laganna, eru gerðar þessar breytingar:

1. 55. gr. laganna fellur niður.
2. 63. gr. laganna fellur niður.
3. Á eftir 62. gr. laganna komi nýjar greinar, svo hljóðandi:
   a. (63. gr.) Auk þess tekjuskatts, sem ákveðinn er í 6. gr., skulu þeir skattgreiðendur, sem taldir eru í 3. gr., greiða skattauka árið 1954 af tekjum ársins 1953 samkvæmt eftirfarandi reglum:

      Af skattskyldum tekjum lægri en 8000 kr. greiðist enginn skattauki.
      Af skattskyldum tekjum yfir 8000 kr., en undir 9000 kr., greiðist 2%.

Af	9—	10	þús.	kr.	greiðist	20	kr.	af	9	þús.	kr.	og	4	%	af afgangi
—	10—	12	—	—	—	60	—	—	10	—	—	—	5	%	— —
—	12—	14	—	—	—	160	—	—	12	—	—	—	6	%	— —
—	14—	17	—	—	—	280	—	—	14	—	—	—	7	%	— —
—	17—	20	—	—	—	490	—	—	17	—	—	—	8	%	— —
—	20—	25	—	—	—	730	—	—	20	—	—	—	9	%	— —
—	25—	30	—	—	—	1180	—	—	25	—	—	—	10	%	— —
—	30—	40	—	—	—	1680	—	—	30	—	—	—	11	%	— —
—	40—	100	—	—	—	2780	—	—	40	—	—	—	12	%	— —
—	100—	125	—	—	—	9980	—	—	100	—	—	—	10	%	— —
—	125—	150	—	—	—	12480	—	—	125	—	—	—	7	%	— —
—	150—	200	—	—	—	14230	—	—	150	—	—	—	5	%	— —
—	200		—	—	—	16730	—	—	200	—	—				

      Um álagningu, gjalddaga, dráttarvexti, lögtaksrétt, viðurlög og innheimtu þessa skatts gilda sömu reglur og um tekjuskatt og eignarskatt.
   b. (64. gr.) Þegar reiknaður hefur verið tekjuskattur þeirra, er um ræðir í 6. gr. II—III, og tekjuskattsviðauki samkvæmt 63. gr., skal árið 1954 skattupphæð hvers einstaks gjaldanda, af tekjum ársins 1953, lækkuð um 20% — tuttugu af hundraði.
   c. (65. gr.) Stríðsgróðaskattur samkvæmt lögum nr. 21/1942, sem árið 1954 er lagður á tekjur ársins 1953, skal lækkaður hjá hverjum einstökum gjaldanda um 20% — tuttugu af hundraði.
   d. (66. gr.) Eigi er heimilt að leggja tekjuútsvar á þann hluta hreinna tekna, sem er umfram 200 þús. kr. hjá þeim gjaldanda, er greiðir stríðsgróðaskatt.
   e. (67. gr.) Eignarskattur samkvæmt 14. gr., á lagður árið 1954, skal innheimtur með 50% álagi.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við skattaálagningu 1954 á tekjur ársins 1953.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ríkisstjórnin skipaði fyrir tveim árum fimm manna nefnd, samkvæmt ályktun Alþingis, til þess að gera „heildarendurskoðun á skattalögum og tekjuskiptingu og verkaskiptingu milli ríkisins og sveitarfélaga".

Frumvarp þetta er byggt á verki þessarar nefndar; það er þættir úr tillögum hennar, er ríkisstjórnin ákvað að leggja fyrir Alþingi að þessu sinni.

Gildandi skattalög eru að stofni til frá árinu 1935. Breytingar hafa verið gerðar á löggjöfinni síðan; veigamestar 1942.

Samkvæmt lögunum 1935 voru skatta- og útsvarsgreiðslur dregnar frá tekjum skattgreiðenda áður en tekjuskattur var á lagður og skattprósenta við þetta miðuð. En með breytingum laganna árið 1942 var niðurfellt að draga tekjuskatta og útsvör frá og skattprósentan lækkuð með hliðsjón af því.

Árið 1942 voru sett sérstök lög um stríðsgróðaskatt til viðbótar hinum almenna tekjuskatti. Hefur sá skattur gilt síðan og verið, svo sem upphaflega var ákveðið, lagður á skattskyldar tekjur eftir að kemur yfir 45 þús. kr. Hámark hans er 68% og gildir, þegar komið er yfir 200 þús. kr. skattskyldar tekjur. Af stríðsgróðaskattinum endurgreiðir ríkissjóður 45% til hlutaðeigandi sveitarfélags og 5% til sýslufélaga og þeirra bæjarfélaga, er engan stríðsgróðaskatt fá sem sveitarfélög. Hálfur stríðsgróðaskatturinn er tekjur fyrir ríkissjóð.

Árið 1945 voru sett lög um tekjuskattsviðauka. Samkvæmt þeim var lagður skattauki á tekjur ársins 1944, og reiknaðist hann af skattskyldum tekjum, sem voru yfir 8 þús. kr. og allt að 200 þús. kr., en ekki af tekjum ofan við þá upphæð, af því að þar er stríðsgróðaskatturinn kominn í hámark. Lögin um skatt þennan hafa síðan verið framlengd óbreytt árlega, fyrir eitt ár í senn. Skatturinn er frá 2—12%, hæstur á tekjubilinu 40—100 þús. kr.; þar er hann 12 af hundraði.

Með lögum, sem sett voru árið 1941, var ákveðinn svonefndur umreikningur tekna, þ. e. tekjurnar skuli færðar niður í grunntölur og skatturinn lagður á þær, en síðan hækkaður í samræmi við meðalvísitölu skattársins. Upphaflega giltu þessi ákvæði að fullu fyrir þá eina, er ekki höfðu hærri niðurfærðar hreinar tekjur en 12 þús. kr. Árið eftir var sú breyting gerð á lögunum, að þetta tekjumark var hækkað upp í 15 þús. kr. Sá skattgreiðandi, sem hefur hærri tekjur, fær skattlækkun jafnháa að krónutali þeirri lækkun, er umreikningurinn veitir þeim skattgreiðanda, sem er í hámarkinu, 15 þús. kr. tekjum, en enga lækkun á skatti af tekjum, sem eru þar fyrir ofan.

Löggjöf þessi var sett í þeim tilgangi að koma í veg fyrir, að verðbólga lyfti tekjum upp í hærri skattprósentur en áður giltu um sömu tekjur að verðmæti. Niðurfærslan gilti þó aldrei og gildir ekki enn um tekjur félaga og ekki heldur nema að vissu hámarki tekna hjá öðrum, eins og áður segir.

Árið 1950 voru sett lög um sérstaka lækkun skatts af lágtekjum, og hafa þau síðan verið framlengd til eins árs í senn. Samkv. þeim lögum er lækkaður tekjuskattur þeirra manna, er hafa ekki yfir 20 þús. kr. hreinar tekjur óumreiknaðar.

Ljóst er af yfirlitinu hér að framan um lagaákvæði þau, er gilt hafa, að sú verðlagsröskun, sem orðið hefur á síðari árum, hefur valdið því, að tekjuskattabyrðin hefur þyngzt á þeim, sem ekki hafa notið að fullu umreikningsins og niðurfærslunnar í sambandi við hann, og þó mest á félögum, af því að þau hafa að engu leyti notið niðurfærslu.

En engin ný skattahækkun hefur verið lögleidd síðan tekjuskattsviðaukinn 1945. Aftur á móti var 1950 skattur á lágtekjum lækkaður verulega, eins og áður segir, og hefur sú lækkun gilt síðan.

Þegar núverandi ríkisstjórn var mynduð í september fyrra ár, sömdu stuðningsflokkar hennar um, að gengið skyldi frá endurskoðun „skattalaga og útsvarslaga, m. a. með það fyrir augum að lækka beina skatta og færa með því til leiðréttingar misræmi vegna verðlagsbreytinga og stuðla að aukinni söfnun sparifjár".

Endurskoðun slíkra laga er mikið verk og vandasamt. Það tekur eðlilega langan tíma fyrir flokka, sem hafa allólík sjónarmið, að koma sér saman um viðtækar breytingartillögur á þess konar lögum. Þegar fjárlög fyrir árið 1954 voru afgreidd í desember síðastl., var endurskoðunin ekki svo langt á veg komin, að hægt væri að afgreiða ný skattalög áður eða samhliða fjárlögunum. Hins vegar varð að áætla tekjur af beinum sköttum á fjárlögunum. Varð samkomulag milli stuðningsflokka stjórnarinnar um að gera ráð fyrir að breyta skattalögunum þannig, að beinu skattarnir til ríkissjóðs lækkuðu — miðað við óbreytta löggjöf — um 20% til jafnaðar, og við það var svo áætlun fjárlaganna miðuð. Var opinberlega frá þessu skýrt í sambandi við afgreiðslu fjárlaganna.

Frumvarp þetta er miðað við, að framkvæmt sé áform það, sem fólst í stjórnarsamningnum í sept. síðastl. og þeirri yfirlýsingu, sem gefin var í sambandi við afgreiðslu fjárlaganna í desember.

Enn fremur miðar frumvarpið að því að gera skattlagningu tekna einfaldari en verið hefur seinni ár með því að lögbjóða einn tekjuskatt í stað þriggja, þ. e. tekjuskatts (samkv. lögunum frá 1935), tekjuskattsviðauka og stríðsgróðaskatts, svo og með því að afnema hið fyrirhafnarsama umreikningsform, en taka upp handhægari aðferð í þess stað.

Ýmis nýmæli og tillögur um breytingar á eldri ákvæðum eru í frumvarpinu, er miða að því að létta skattabyrðar og koma á betra samræmi í skattlagningu. Má þar til nefna: hækkun á persónufrádrætti, sérstakan skattstiga að því er snertir tekjur hjóna, nokkurn frádrátt hjá fjölskyldum, sem gjalda háa húsaleigu, aukinn frádrátt vegna keyptrar heimilisaðstoðar, frádrátt vegna kostnaðar við stofnun heimilis, frádrátt vegna sérstaks hlífðarfatakostnaðar og fæðiskostnaðar fiskimanna, frádrátt vegna kostnaðar við lengri ferðir til atvinnusóknar, undanþágu frá skattgreiðslu af framlagi ríkisins vegna jarðræktarlaga, aukningu heimildar til frádráttar iðgjalds til lífeyristryggingar og lífsábyrgðar. Loks má nefna skattfrelsi sparifjár, sem er alger nýlunda hérlendis. Verður nánar vikið að hverju þessu atriði síðar.

Skattstofan í Reykjavík hefur gert áætlun um það, hvaða áhrif þær tillögur, sem frumvarpið felur í sér, muni, ef að lögum verða, hafa á heildarútkomu skattanna. Örðugt er vitanlega að segja um þessi áhrif örugglega, þar sem suma liðina er torvelt að áætla. En skattstofan telur, að til jafnaðar verði lækkunin 29%, að því er skatta af tekjum snertir, hjá persónulegum skattgreiðendum.

Þeir, sem þessarar lækkunar njóta, eru fyrst og fremst fjölskyldufólk, og því meiri lækkunar sem ómagar eru fleiri, hjón, sem stofna heimili, fiskimenn, fólk, sem þarf að leita atvinnu lengra til, þeir, sem verja nokkru af tekjum sínum til þess að tryggja sér eða sínum lífeyri, og fólk, sem með sparnaði leggur til fé handa bönkum og sparisjóðum í útlán.

Ekki reyndist unnt að ganga frá frambúðarbreytingum á skattalöggjöfinni, að því er félög snertir, en frumvarpið tryggir þeim 20% lækkun á skattinum þetta ár með frádrætti á útkomu, eftir að hann hefur verið reiknaður samkv. óbreyttum lagaákvæðum.

Lagafyrirmæli um eignarskatt breytast ekki samkv. frumvarpinu, nema að því er sparifé snertir. Undan honum hefur ekki í öðrum efnum yfirleitt verið kvartað, og 20% lækkun á honum mundi nema miklu minnu en það, sem verður umfram fimmtapartslækkun á tekjusköttunum.

Til skýringar einstökum greinum frumvarpsins, skal þetta fram tekið:

Um 1. gr.

Hér er ekki um efnisbreytingu að ræða, en lagfæringar á orðalagi.

Um 2. gr.

Breytingin þarf ekki skýringar við.

Um 3. gr.

Í gildandi lögum segir, að „starfsmenn erlendra sendisveita“ skuli undanþegnir skatti af tekjum fyrir störf sín þar. Er þar að sjálfsögðu aðeins átt við erlenda starfsmenn sendisveitanna, en ekki íslenzka, og þykir réttara að setja það inn í lögin, svo að skýrt sé.

Um 4. gr.

1. Um I. a.

Einstaklingar þeir, sem hafa notið umreikningsins að fullu, greiða samkv. þessum skattstiga svipaðan skatt og áður var. Hins vegar fá lækkun þeir, sem ekki hafa notið umreiknings að fullu, og er með því „fært til leiðréttingar misræmi, sem orðið hefur vegna verðlagsbreytinga“.

2. Um I. b.

Samkvæmt gildandi skattalögum eru tekjur hjóna, sem samvistum eru, taldar saman til skattaálagningar og skattur reiknaður af þeim í einu lagi.

Á það hefur verið bent og að því fundið, að vegna samsköttunarinnar og stighækkunar tekjuskattanna borgi hjón hærri skatta en tveir einhleypir menn með samanlagt jafnmiklar tekjur. Í því skyni að breyta þessu hafa verið bornar fram tillögur um að heimila giftum konum að telja fram til sérstakrar skattaálagningar þær tekjur, sem þær vinna fyrir utan heimilis. Sá galli fylgir þessari aðferð, að þá yrðu léttari skattgreiðslur hjá þeim konum, sem vinna fyrir tekjum utan heimilis, en hjá hinum, sem vinna að öflun tekna innan heimila sinna. Tvö heimili með jafnmiklar tekjur og sömu fjölskyldustærð mundu þá t. d. greiða mismunandi mikla skatta, ef bæði maðurinn og konan ynnu í annarra þjónustu fyrir skattskyldum tekjum á öðru heimilinu, en aðeins annað þeirra á hinu. Þessi aðferð mundi þannig hafa í för með sér ósamræmi og misrétti.

Þá hafa einnig komið fram tillögur um að skipta tekjum allra hjóna að jöfnu og reikna skatt af þeim í tvennu lagi. Sú aðferð mundi valda mjög mikilli skattalækkun hjá hjónum, sem hafa háar tekjur. Þá skattalækkun væri ekki hægt að vinna upp með breytingu á skattstiganum, þar sem skattar hjá einhleypu fólki yrðu þá óeðlilega háir, enda verður ekki talið sanngjarnt, að einhleypingur borgi hlutfallslega jafnmikið og hjón, sem hafa helmingi hærri tekjur. Þessi leið, að skipta tekjum allra hjóna í tvo hluta og reikna skatt þeirra sem tveggja einstaklinga, þykir þess vegna ekki fær.

Hins vegar liggur ljóst fyrir, að skattgreiðslur hjóna eru nú of háar í samanburði við skattgreiðslur einhleypra.

Stungið hefur verið upp á því að skipta tekjum hjóna upp að vissu marki og reikna skatt af þeim í tvennu lagi, en á samanlagðar tekjur hjóna þar fram yfir yrði lagður jafnhár skattur og á tekjur einstaklinga. Tekjumarkið, sem skiptingin miðaðist við, yrði t. d. sett nokkru hærra en sem nemur meðaltekjum hjóna og tæki breytingum í samræmi við vísitölubreytingar.

Að athuguðu máli hefur sú niðurstaða orðið að leggja hér til, að lögleiddur verði sérstakur skattstigi, er farið verði eftir við útreikning á skatti af tekjum hjóna, og er það nýmæli í lögum. Eftir þessum skattstiga borga hjón lægri skatt en einstaklingar af allt að 45 þús. kr. skattskyldum tekjum, en það samsvarar 66 þús. kr. nettótekjum hjá hjónum með tvö börn á framfæri.

Dæmi um skattalækkun hjóna frá núgildandi reglum.

1. Ómagalaus hjón:
   Skattur af 20 þús. kr. nettótekjum lækkar um 39%.
   Skattur af 25—70 þús. kr. nettótekjum lækkar um 20—28%.
2. Hjón með tvö börn á framfæri:
   Skattur af 40—60 þús. kr. nettótekjum lækkar um 31—37%. Skattur af lægri tekjum lækkar hlutfallslega meira.

Orðið hjón í frumvarpi þessu merkir að sjálfsögðu eingöngu giftar persónur.

Skattar þeir, er um ræðir í I. a. og I. b., koma í staðinn fyrir núgildandi tekjuskatt, tekjuskattsviðauka og stríðsgróðaskatt.

Í stað þess umreiknings á tekjum, sem núgildandi lög mæla fyrir um, eru hér ákvæði í næstsíðustu málsgr. I. um einfaldari aðferð, þ. e. að láta skattstigann hreyfast, þegar almennar verðlagsbreytingar verða.

3. Um II.—III.

Eins og áður var getið, eru ekki í þessu frv. nein ný ákvæði um skatt félaga af tekjum. Verður því skattur þeirra reiknaður eftir eldri ákvæðum, en þó veittur 20% afsláttur á skattgjaldinu, sbr. 16. gr. 3. b.

Rétt þótti að taka 6. gr. laganna hér upp í heild, og er því settur hér sá skattstigi, sem nú er í þeirri lagagrein, og önnur gildandi ákvæði greinarinnar um skattgreiðslu félaga.

Um 5. gr.

1. Hér er fram tekið, að vextir af skattfrjálsri innstæðu teljist ekki með skattskyldum tekjum, sbr. 10. gr. frv., um skattfrelsi sparifjár.

2. Samkvæmt gildandi lagaákvæðum er skattskyldur sölugróði á fasteign, ef hún hefur verið skemur en 5 ár í eigu seljanda. Hér er lagt til, að sölugróðinn verði undanþeginn skatti, ef seljandinn kaupir aðra fasteign innan árs frá söludegi eða byggir hús áður en tvö ár eru liðin frá söludegi, enda sé hin keypta fasteign eða það hús, sem hann byggir, jafnhátt hinni seldu eign að fasteignamati. En ef hin nýja eign er lægri að matsverði en sú fasteign, sem seld var, er sölugróðinn skattskyldur hlutfallslega. Eins og fram er tekið í frumvarpsgreininni, nær þessi undanþága frá skattlagningu sölugróða að sjálfsögðu ekki til þess ágóða, sem fellur í skaut þeim aðilum, sem telja má að verzli með fasteignir í atvinnuskyni eða geri sér húsabyggingar að atvinnu. Einnig er fram tekið, að ákvæði þessi raski á engan hátt fyrirmælum laga nr. 16 frá 1949 um eignarauka vegna aukavinnu við byggingu eigin íbúðar.

Í síðari málsgreininni eru fyrirmæli um skattlagningu sölugróða, sem kann að koma fram, þegar seldar eru eignir, sem fyrning hefur verið reiknuð af. Ef slíkar eignir, aðrar en fasteignir og skip, eru seldar fyrir hærra verð en nemur óafskrifuðum hluta af verði þeirra, skal það, sem umfram er, teljast skattskyldar tekjur, en þó ekki hærri fjárhæð en nemur öllum veittum fyrningarafskriftum. Skal þá skipta hinni skattskyldu upphæð á jafnmörg ár aftur í tímann og afskriftirnar hafa farið fram á og reikna út skattviðbótina fyrir öll árin, en skatturinn greiðist í einu lagi. Hafi verið búið að reikna fyrningu af hinu selda lengur en 10 ár, skal allri afskriftarupphæðinni skipt til skattlagningar á 10 ár.

Um 6. gr.

Hér er lagt til, að hætt verði að telja jarðræktarframlag ríkisins með skattskyldum tekjum. Þetta framlag er þátttaka ríkisins í stofnkostnaði við landnám, en er ekki tekjur þeirra manna, sem við því taka.

Í þessari grein er einnig tekið upp ákvæði úr eldri lögum um dýrtíðarráðstafanir, sem mælir svo fyrir, að eigi skuli telja með skattskyldum tekjum sjómanns andvirði fæðis, sem hann fær hjá atvinnurekanda.

Um 7. gr.

1. liður.

Hér er lagt til, að mjög verði rýmkuð heimild til að draga frá tekjum iðgjöld vegna ólögboðinna lífeyristrygginga. Tekjufrádráttur vegna slíkrar iðgjaldagreiðslu má nema allt að 10% af launum eða nettótekjum skattgreiðandans, en þó ekki hærri fjárhæð hjá hverjum einstökum en 7000 kr. á ári. Fjármálaráðherra er þó

heimilt að leyfa hærri iðgjaldagreiðslur til frádráttar tekjum, ef sérstakar ástæður mæla með því. Ef vinnuveitandi greiðir iðgjald af lífeyristryggingu vegna starfsmanns síns að einhverju eða öllu leyti, kemur sú greiðsla til frádráttar tekjum vinnuveitandans, að sjálfsögðu innan þeirra takmarka, sem að framan greinir, og heimild starfsmannsins til frádráttar á iðgjaldi af lífeyristryggingu minnkar þá sem greiðslu vinnuveitandans nemur og hverfur að fullu, ef vinnuveitandinn greiðir allt frádráttarhæft iðgjald vegna starfsmannsins samkvæmt framansögðu.

Ákvæðin um frádrátt á iðgjöldum af lífeyristryggingum gilda eins, þó að tryggingin sé ekki bundin við lífstíð manns, heldur ákveðið árabil, er ekki sé þó skemmra en 10 ár.

Komið getur fyrir, að atvinnufyrirtæki kaupi lífeyristryggingar handa starfsmönnum sínum vegna liðins starfstíma, og er þá ráðherra heimilt að leyfa fyrirtækinu frádrátt á iðgjöldum fyrir slíkar tryggingar, ef hliðstæðar reglur gilda um þær og lífeyristryggingar annarra aðila, enda sé iðgjaldafrádrættinum skipt á það mörg ár, að árlegar frádráttarupphæðir verði ekki hærri en hjá öðrum hliðstæðum aðilum.

Það er skilyrði fyrir því, að iðgjöld fyrir ólögboðna lífeyristryggingu dragist frá tekjum, eftir því sem að framan greinir, að tryggingin sé keypt hjá lífeyrissjóði, tryggingarfélagi eða stofnun, sem starfar eftir reglum, er fjármálaráðuneytið samþykkir, og í þeim reglum séu m. a. fyrirmæli um ávöxtun og vörzlu tryggingarfjárins og eftirlit með starfseminni.

Starfsmönnum ríkisins er skylt að lögum að kaupa lífeyristryggingar, og nema tryggingariðgjöldin 10% af launum þeirra. Af iðgjöldum borgar ríkið ⅝ hluta, en starfsmennirnir sjálfir ⅜. Hæstu iðgjaldagreiðslur til lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins vegna einstakra starfsmanna munu nú nema um 7000 kr. Má því telja, að ákvæði þessa frv. um almennan rétt annarra þjóðfélagsþegna til frádráttar á iðgjöldum af lífeyristryggingum sé í samræmi við þau lagaákvæði, sem nú gilda um tryggingar ríkisstarfsmanna.

Lífeyristrygging er öryggisráðstöfun fyrir þann tryggða, og með almennri þátttöku í slíkum tryggingum mundi auk þess safnast saman allmikið fé, sem mætti ávaxta með þeim hætti, að það yrði lyftistöng framfara í þjóðfélaginu. Virðist því ráðlegt að hvetja menn til að kaupa lífeyristryggingar með því að heimila frádrátt iðgjalda að vissu marki fyrir slíkar tryggingar.

Í niðurlagi þessa tölul. er lagt til, að skattgreiðanda verði heimilað að draga frá tekjum iðgjald af lífsábyrgð, er hann hefur keypt sér, þó eigi hærra iðgjald en 2000 kr. á ári. Er þetta hærri iðgjaldaupphæð en nú er leyft að draga frá tekjum, áður en skattur er lagður á þær.

2. liður.

Ákvæði þau, sem hér um ræðir (kostnaður við sjúkrahúsvist o. þ. h.), eru flutt í 35. gr., sem fjallar um sama efni.

3. liður.

Hér er um leiðréttingu að ræða; áður rangt að orði komizt.

4. liður (h).

Sanngjarnt þykir að veita öllum sjómönnum á fiskiskipum rétt til þess að draga frá tekjum fæðiskostnað, ef þeir leggja sér fæðið til. Eðlilegt er, að fæði þeirra til frádráttar sé reiknað sama verði og skattayfirvöld meta fæði til tekna á sama stað.

Enn fremur þykir réttlátt að reikna fiskimönnum til frádráttar tekjum hlífðarfatakostnað, er þeir hafa miklu meiri en aðrar stéttir vegna atvinnu sinnar. Upphæðir þær, er frv. tiltekur, eru ákveðnar eftir tillögum manna, sem reynslu hafa í þessum efnum.

4. liður (i).
Margir kosta nú orðið miklu til ferðalaga vegna atvinnu sinnar. Verður að telja sanngjarnt að taka tillit til þessa, þegar um langferðir er að ræða. Hins vegar er ekki hægt að setja í lögin ákvæði, er nái yfir svo margháttuð atvik, er hér geta komið til greina. Verður þess vegna að gera ráð fyrir mati skattanefndar og fyrirmælum í reglugerð.

4. liður (j).
Samkvæmt gildandi lögum og reglum er ekklum og ógiftum mönnum heimilt að draga frá tekjum útlagðan kostnað við heimilisstjórn, ef þeir hafa börn á ómagaaldri á framfæri á heimilum sínum (ráðskonufrádráttur). Frádráttur þessi má þó ekki vera hærri en persónufrádráttur fyrir konu. Sama regla gildir fyrir ekkjur og ógiftar mæður, sem hafa börn á ómagaaldri á framfæri á heimilum sínum. Giftar konur, sem vinna fyrir tekjum utan heimilis, fá einnig að draga frá tekjum sínum útlagðan kostnað við ráðskonuhald, þó ekki hærri upphæð en konan vinnur sér inn og ekki meira en sem persónufrádrætti hennar nemur. Sé vinna konunnar aðeins hluta úr ári, lækkar ráðskonufrádrátturinn sem því svarar.
Það má teljast eðlilegt, að þeirri reglu verði haldið, að nokkur tekjufrádráttur sé leyfður vegna keyptrar heimilisaðstoðar í vissum tilfellum. Kemur þá til álita, hvenær megi veita slíkan frádrátt og hvað mikill hann eigi að vera.
Tekjur af vinnu konu við heimilisstjórn og heimilisstörf eru ekki taldar með við ákvörðun tekna til skatts. Ef gift kona aflar tekna með vinnu utan heimilis, en ræður aðra til þess að vinna heimilisstörfin, er því sanngjarnt, að hún fái nokkurn tekjufrádrátt vegna keyptrar heimilisþjónustu. Hafi konan engin börn á framfæri á heimilinu sýnist ekki ástæða til að leyfa hærri frádrátt en sem nemur persónufrádrætti konunnar. Hins vegar má búast við, að útlagður kostnaður við heimilisstjórn sé meiri hjá barnafjölskyldum en barnlausum hjónum, þegar konurnar vinna utan heimilanna, og er því sanngjarnt að veita nokkru meiri frádrátt í þeim tilfellum, þannig, að til viðbótar persónufrádrætti konu komi ⅓ af persónufrádrætti vegna barna á ómagaaldri, sem hjónin hafa á framfæri á heimilunum. Aldrei sé þó frádráttur þessi meiri en sem nemur ⅔ af þeim tekjum, sem konan hefur unnið fyrir, og ekki heldur meiri en sannanlega hefur verið borgað á skattárinu fyrir vinnu við heimilisstörf.
Ekkjur og ógiftar mæður, sem vinna utan heimilanna, en hafa börn eða aðra ómaga á framfæri á heimilum sínum, njóti sömu heimildar til tekjufrádráttar og giftar konur vegna útlagðs kostnaðar við heimilisstjórn.
Ókvæntir menn og ekklar, sem hafa börn á framfæri á heimilum sínum, mega nú draga frá tekjum útlagðan kostnað við heimilisstjórn, þó ekki hærri upphæð en sem nemur persónufrádrætti fyrir einstakling. En venjulega munu þeir þurfa að borga ráðskonu hærri laun en sem persónufrádrættinum nemur, og er því sanngjarnt, að þeir njóti sömu rýmkunar á frádráttarheimildinni og ráðgert er að veita konum samkvæmt framansögðu, þ. e., að frádráttarupphæð þeirra megi nema persónufrádrætti fyrir konu að viðbættum upphæðum, er nema ⅓ af persónufrádrætti barna og annarra ómaga, sem þeir hafa á framfæri sínu á heimilunum. Frádrátturinn sé þó aldrei meiri en sannanlega er borgað fyrir heimilisstjórnina.

4. liður (k).
Frumbýlingafrádráttur þessi er nýmæli. Með honum er tekið dálítið tillit til kostnaðar við að stofna heimili.

4. liður (l).
Oft hefur það komið fyrir, að sjómönnum hafa orðið björgunarlaun lítils virði, af því að þau hafa komið ofan á venjulegar tekjur þeirra og þar af leiðandi farið að verulegu leyti í skatta. Þetta er ósanngjarnt. Þess vegna er lagt til, að skattfrjáls séu hálf björgunarlaun, er falla í skaut þeirra, sem ekki eru á skipum,

sem eingöngu eru björgunarskip. Um hina, sem ráða sig í skiprúm einvörðungu til björgunarstarfa, gegnir vitanlega öðru máli.

4. liður (m).

Á sumum stöðum á landinu, þar sem er húsnæðisekla, er nú húsaleiga, sem leigutakar íbúðarhúsnæðis þurfa að borga, miklu hærri en því nemur, sem afnot sambærilegs húsnæðis eru metin til tekna hjá eigendum íbúðarhúsa. Veldur þetta ósamræmi í skattgreiðslum leigutaka og húseigenda.

Til nokkurrar leiðréttingar á þessu ósamræmi er hér lagt til, að fjölskyldumenn, sem búa í leiguíbúðum, fái að draga frá tekjum hluta af þeirri húsaleigu, sem þeir borga umfram það, sem afnot húsnæðisins mundu metin þeim til tekna, ef það væri þeirra eign.

5. liður.

Þarf engrar skýringar.

Um 8. gr.

Hér er sú breyting fram sett, að tekjur barna innan 16 ára aldurs skuli teljast með tekjum foreldra undantekningarlaust, ef þær fara ekki yfir persónufrádráttarupphæð þá, sem foreldrarnir njóta jafnframt vegna barnsins. Hins vegar er eftir sem áður heimilt, að börn séu sjálfstæðir skattgreiðendur, ef tekjur þeirra eru meiri en frádrætti fyrir þau nemur, eins og hann er samkv. 12. gr. laganna.

Þetta hefur engin áhrif á skattabyrðina, en auðveldar framkvæmd hins nýja vélræna bókhalds, sem skattstofan í Reykjavík er að taka upp til verksparnaðar.

Um 9. gr.

Persónufrádráttur er hækkaður verulega. Persónufrádráttur hefur, síðan umreikningur tekna var í lög leiddur, verið dreginn frá niðurfærðum tekjum. Samkv. frumvarpi þessu fellur umreikningurinn niður, og er þar af leiðandi ákveðið, að persónufrádráttarupphæðir breytist í réttu hlutfalli við vísitölubreytingar.

Í samræmi við breytingartillögur frumvarpsins á síðasti málsl. 2. málsgr. 12. gr. laganna að sjálfsögðu að falla niður.

Um 10. gr.

Þetta er nýmæli og snertir bæði eignar- og tekjuskatt.

Þjóðfélagið skortir fé til margs konar framkvæmda. Sama gildir um einstaklinga þess og félagsheildir. Lánsfé er af skornum skammti. Sparnaður er hin síðari ár vanrækt dyggð, enda hefur sú dyggð um skeið ekki verið virt sem skyldi; eyðslu þar af leiðandi oft ekki stillt í hóf eins og hægt væri. Sparifé hefur verið skattlagt fullu verði, en aðrar eignir ýmiss konar skattlagðar samkvæmt lágu mati og með því móti framið ranglæti, ekki sízt þegar tekið er tillit til þess, að peningar hafa fallið í verði.

Hér er lagt til, að innstæður í bönkum, sparisjóðum og löglegum innlánsdeildum félaga séu skattfrjálsar sem eignir og ekki framtalsskyldar. Hefði að sjálfsögðu verið hægt að hafa innstæðurnar skattfrjálsar, þótt þær væru framtalsskyldar, en margir telja, að undanþágan frá framtalsskyldunni sé nauðsynleg, til þess að skattfrelsið verði af sparifjáreigendum að fullu metið til hlunninda.

Ekki verður með réttu sagt, að sá auki sparifé til almenningsnota í þjóðfélagi sínu, sem skuldar jafnmikið ellegar meira en hann leggur í innlánsstofnanir. Það gerir sá einn, sem leggur þar meira inn heldur en hann fær að láni. Þess vegna er lagt til samkv. frv. þessu, að skattgreiðandi hafi eingöngu skattfrjálst það fé, sem hann á samtals í bönkum, sparisjóðum og löglegum innlánsdeildum félaga umfram þær upphæðir samanlagðar, sem hann skuldar. Sú undantekning er þó gerð, að fasteignaveðskuldir manns allt að 120 þús. kr. samtals, sem teknar hafa verið til 10 ára a. m. k. og sannanlega notaðar til þess að eignast fasteign eða endurbæta

hana, teljast ekki til mótvægisskulda hjá honum, þ. e. skerða ekki skattfrelsi innstæðu, sem hann kann að eiga. Er þetta frávik gert með tilliti til þess, að það má telja þjóðfélagslega nauðsyn, að menn eigi hæfilegar fasteignir, og lán, sem fylgja fasteignunum, eru síður persónubundin en önnur lán og oft til mikillar fyrirgreiðslu, þegar eigendaskipti þurfa að verða á fasteign. Er alls ekki óeðlilegt, en þvert á móti æskilegt frá hagrænu sjónarmiði, að einstaklingur safni innstæðu, þótt hann skuldi hóflega fasteignaveðskuld, sem ekki er gjaldfallin.

Ekki þykir ástæða til að láta þessi ákvæði um undantekningar vegna fasteignaveðskulda ná til ópersónulegra skattgreiðenda. Þeir eiga samkv. frumvarpinu aðeins að njóta eignarskattfrelsis fyrir innstæður, sem eru umfram allar skuldir þeirra. Til þess að útiloka misskilning er tekið fram, þótt raunar ætti að vera óþarft, að innborgað hlutafé og stofnfé telst til skulda félaga.

Undanþegnir framtalsskyldu og tekjuskatti eru samkv. frumvarpinu allir vextir af innstæðum þeim, sem eru eignarskattfrjálsar. Það er mjög einfalt í framkvæmd, en veruleg hlunnindi fyrir þá, er njóta.

Þótt tilteknar innstæður og vexti af þeim sé ekki skylt að telja fram til skatts, ber að sjálfsögðu bókhaldsskyldum aðilum eigi að síður að færa þessar innstæður og vextina af þeim í bækur sínar.

Komi í ljós í framtölum ósamræmi milli ára, geta skattyfirvöld krafizt allra nauðsynlegra upplýsinga af hlutaðeigandi skattgreiðanda og innlánsstofnunum um innstæður hans og vexti á tímabili því, er til greina kemur.

Um 11. gr.

Greinin þarf ekki skýringar.

Um 12. gr.

Hér er um að ræða, að frestur til þess að skila framtölum skuli ekki vera lengri fyrir þá, sem reka atvinnu á fleiri stöðum en einum. Er tillagan flutt eftir ábendingu skattstofunnar í Reykjavík, sem telur, að gildandi ákvæði tefji störf skattayfirvalda og sé skattgreiðendum ekki nauðsynlegt.

Um 13. gr.

Þetta er lagfæring á máli til þeirrar merkingar, sem átt hefur að vera — og látið hefur verið sem í orðunum fælist, þótt á hafi skort rétta framsetningu.

Um 14. gr.

Breytingartillagan felur í sér eftirfarandi:

Efni 2. málsl. e-liðar 10. gr. gildandi laga er flutt í 35. gr., af því að hér á það betur heima, enda eru fyrir í greininni ákvæði sama efnis.

Niðurlagi 35. gr. er breytt þannig, að ákveðin, úrelt fjárhæð er niður felld, en upp tekin regla í samræmi við lögin að öðru leyti.

Um 15. gr.

Skýringar óþarfar.

Um 16. gr.

Um 1. tölul.

Samkvæmt því, sem áður er fram tekið, eru felld niður ákvæði um svonefndan umreikning tekna, en þau eru í 55. gr. laganna.

Um 2. tölul.

63. gr. laganna hafði aðeins gildi árið 1942 og er því numin brott.

Um 3. tölul. a.
Þeir, sem taldir eru í 3. gr. skattalaganna (II—III í 4. gr. þessa frv.), þ. e. félög o. fl., eiga að greiða tekjuskattsviðauka árið 1954 eftir þeim reglum, sem undanfarandi ár hafa gilt um þann skatt. Ákvæði um þetta eru tekin hér upp.

Um 3. tölul. b.
Hér er ákveðin 20% lækkun á tekjuskatti og skattauka, er félög og aðrir, sem taldir eru í 3. gr. skattalaganna (II—III í 4. gr. þessa frv.), greiða 1954.

Um 3. tölul. c.
Þeir aðilar, sem nefndir eru í a-lið og b-lið hér að framan, greiða stríðsgróðaskatt samkv. lögum nr. 21/1942, en fá 20% lækkun á skattinum árið 1954.

Um 3. tölul. d.
Hér eru sett fyrirmæli um, að eigi sé heimilt nú frekar en áður að leggja tekjuútsvar á þann hluta af tekjum, sem er umfram 200 þús. kr., hjá þeim, er greiðir stríðsgróðaskatt.

Um 3. tölul. e.
Hér er svo fyrir mælt, að ákvæði um álag á eignarskatt, sem verið hafa í gildi undanfarandi ár, skuli einnig gilda árið 1954.

Nd. 522. Nefndarálit [27. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 23. maí 1949, um áburðarverksmiðju.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. og sent það til umsagnar Búnaðarfélagi Íslands, Stéttarsambandi bænda og stjórn Áburðarverksmiðjunnar h/f. Hefur borizt umsögn frá Búnaðarfélagi Íslands, en ekki frá hinum tveim. Búnaðarfélag Íslands óskar ekki eftir breytingum á verksmiðjunni að svo stöddu. Ekki hefur neitt það komið fram enn, sem bendi til þess, að bændasamtök landsins óski eftir, að verksmiðjan verði að öllu leyti ríkiseign. Að athuguðu máli leggur nefndin til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem verið er að leitast fyrir um söfnun hlutafjár í áburðarverksmiðjuna meðal bænda, en ekki er komið í ljós, hvernig sú söfnun gengur, telur deildin ekki rétt á þessu stigi að samþykkja gagngerðar breytingar á verksmiðjulögunum og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 23. marz 1954.

Ásg. Bjarnason, form., frsm.
Jón Sigurðsson, fundaskr.
Gísli Guðmundsson.
Jón Pálmason.

Nd. 523. Nefndarálit [58. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 23. maí 1949, um áburðarverksmiðju.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og sent það til umsagnar Búnaðarfélagi Íslands, Stéttarsambandi bænda og stjórn Áburðarverksmiðjunnar h/f. Hefur borizt umsögn frá Búnaðarfélagi Íslands, en ekki frá Stéttarsambandinu né stjórn Áburðarverksmiðjunnar h/f. Stjórn Búnaðarfélags Íslands er nú að láta fara fram athugun á því, hverra hlutafjárframlaga til verksmiðjunnar sé að vænta af hálfu bænda, ef til komi, en óskar ekki eftir breytingum á verksmiðjulögunum að svo stöddu. Að athuguðu máli leggur nefndin til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem áburðarverksmiðjumálið er nú til athugunar innan samtaka bændastéttarinnar, telur deildin ekki tímabært að afgreiða þetta frumvarp um breytingar á verksmiðjulögunum, en treystir því, að ríkisstjórnin hafi samráð við samtök bændastéttarinnar um málefni verksmiðjunnar, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 23. marz 1954.

Ásg. Bjarnason, form., frsm. Jón Sigurðsson, fundaskr. Gísli Guðmundsson.
Jón Pálmason. Hannibal Valdimarsson, með fyrirvara.

Nd. 524. Nefndarálit [27. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 23. maí 1949, um áburðarverksmiðju.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Landbúnaðarnefnd ræddi frumvarpið, en gat ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að frumvarpinu verði vísað frá með rökstuddri dagskrá, en undirritaður leggur til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 23. marz 1954.

Hannibal Valdimarsson.

Nd. 525. Frumvarp til laga [164. mál]

um brúargerðir.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Framkvæma skal, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum eða úr brúasjóði (sbr. lög nr. 33/1949, um bifreiðaskatt o. fl.), byggingu brúa þeirra, sem 2. gr. ákveður.

Allar brýr, er gerðar verða samkvæmt lögum þessum, skulu gerðar úr varanlegu efni, svo sem járni eða járnbentri steypu, eftir því sem hagkvæmt þykir.

2. gr.

Brýr þær, sem gera skal, eru yfir vatnsföll þau, sem hér greinir:

A. *Brýr yfir 10 metra haf og lengri.*

I. *Nýjar brýr á þjóðvegum.*

a. Vesturland.

1. Leirvogsá á Kjalarnesvegi innri.
2. Drageyrará í Skorradal.
3. Kaldá í Skorradal.
4. Hornsá í Skorradal.
5. Deildargil í Hálsasveit.
6. Árkvarnarlækur á Hraunhreppsvegi á Mýrum.
7. Hvítá hjá Bjarnarstöðum í Hvítársíðu.
8. Norðlingafljót í Hvítársíðu.
9. Hraunholtsá í Hnappadal.
10. Mjósund á Eyrarsveitarvegi á Snæfellsnesi.
11. Gljúfurá á Skógarströnd.
12. Skeggjagil í Laxárdal í Dalasýslu.
13. Krossá á Skarðsströnd.
14. Fagradalsá á Skarðsströnd.
15. Sælingsdalsá í Hvammssveit.
16. Flekkudalsá á Fellsströnd.
17. Galtará á Fellsströnd.
18. Bakkaá í Gautsdal.
19. Gautsdalsá í Gautsdal.
20. Múlaá í Kollafirði í Barðastrandarsýslu.
21. Fjarðarhornsá í Kollafirði í Barðastrandarsýslu.
22. Skálmardalsá.
23. Þverá í Vattarfirði.
24. Kjálkafjarðará á Þingmannaheiði.
25. Þverá í Vatnsfirði.
26. Hvestuvaðall í Arnarfirði.
27. Fífustaðaá í Arnarfirði.
28. Selárdalsá í Arnarfirði.
29. Otradalsá í Arnarfirði.
30. Fossá í Arnarfirði.
31. Hrafnseyrará í Arnarfirði.
32. Botnsá í Dýrafirði.
33. Langá á Ingjaldssandi.
34. Ísafjarðará.
35. Vatnsfjarðarós við Ísafjarðardjúp.
36. Botnsá í Mjóafirði.
37. Heydalsá í Mjóafirði.
38. Gljúfurá í Mjóafirði.
39. Hattardalsá í Álftafirði.
40. Seljalandsós í Álftafirði.
41. Mórilla í Kaldalóni.
42. Laxá á Laxárdalsheiði í Strandasýslu.
43. Steinadalsá í Strandasýslu.
44. Kaldbaksós í Strandasýslu.
45. Kjósará í Strandasýslu.
46. Reykjarfjarðará í Strandasýslu.

b. Norðurland.

1. Núpsá á Austursíðuvegi í Húnavatnssýslu.
2. Víðidalsá innan við Víðidalstungu.
3. Vatnsdalsá hjá Grímstungu.
4. Svínadalsá hjá Auðkúlu í Húnavatnssýslu.
5. Sléttá í Sléttárdal í Húnavatnssýslu.
6. Laxá hjá Kálfshamarsvík.
7. Laxá á Gönguskarðavegi í Skagafjarðarsýslu.
8. Gauksstaðaá á Skaga í Skagafjarðarsýslu.
9. Hörtná á Skaga í Skagafjarðarsýslu.
10. Héraðsvötn hjá Tyrfingsstöðum.
11. Norðurá á Skagafjarðarvegi.
12. Hjaltadalsá á Hólavegi.
13. Hofsá ofan við Hofsós.
14. Fnjóská fremra.
15. Skjálfandafljót í Bárðardal.
16. Ormarsá sunnan Raufarhafnar.

c. Austurland.

1. Skarðsá á Fjöllum.
2. Lindará á Möðrudalsöræfum.
3. Lónakíll á Möðrudalsöræfum.
4. Fuglabjargaá á Sandvíkurheiði.
5. Selá í Vopnafirði.
6. Kvíslá í Vopnafirði.
7. Njarðvíkurá.
8. Staðará á Hjaltastaðavegi.
9. Bjarglandsá á Hjaltastaðavegi.
10. Jökulsá á Hjaltastaðavegi.
11. Lagarfljót hjá Fossi.
12. Lagarfljót á Steinboga.
13. Gilsá í Fljótsdal.
14. Haugá í Skriðdal.
15. Berufjarðará í Berufirði.
16. Fossá í Berufirði.
17. Búlandsá í Berufirði.
18. Hofsá í Álftafirði.
19. Selá í Álftafirði.
20. Eyrará innri á Sléttuströnd.
21. Dalsá í Fáskrúðsfirði.
22. Tunguá í Fáskrúðsfirði.
23. Stöðvará í Stöðvarfirði.
24. Fagradalsá í Breiðdal.
25. Gilsá á Norðurdalsvegi í Breiðdal.

d. Suðurland.

1. Reyðará í Lóni.
2. Karlsá í Lóni.
3. Gjádalsá í Lóni.
4. Fjarðará í Lóni.
5. Hoffellsá í Nesjum.
6. Hornafjarðarfljót (ef fært þykir að undangenginni rannsókn).
7. Hólmsá á Mýrum.
8. Smyrlabjargaá í Suðursveit.

9. Staðará í Suðursveit.
10. Steinavötn í Suðursveit.
11. Fellsá í Suðursveit.
12. Stemma í Suðursveit.
13. Breiðá í Öræfum.
14. Fjallsá í Öræfum.
15. Virkisá í Öræfum.
16. Kotá í Öræfum.
17. Svínafellsá í Öræfum.
18. Skaftafellsá í Öræfum.
19. Múlakvísl á Mýrdalssandi.
20. Langholtsskurður í Meðallandi.
21. Laxá í Fljótshverfi.
22. Fjarðará á Síðu.
23. Hólsá í Landeyjum.
24. Litla-Laxá á Auðsholtsvegi.
25. Hvítá hjá Iðu.
26. Andalækur í Biskupstungum.
27. Brúará á Laugardalsvegi.
28. Hvítá hjá Kiðjabergi.
29. Villingavatnsá í Grafningi.
30. Ölvesvatnsá í Grafningi.

II. *Endurbygging brúa á þjóðvegum.*

a. Vesturland.

1. Fossá í Hvalfirði.
2. Þverá í Svínadal á Draghálsvegi.
3. Andakílsá við Skorradalsvatn.
4. Hítará á Stykkishólmsvegi.
5. Reykjadalsá í Dalasýslu.
6. Hvammsá í Dalasýslu.
7. Þambá í Strandasýslu.

b. Norðurland.

1. Djúpadalsá í Blönduhlíð í Skagafirði.
2. Kotá í Skagafirði á Norðurlandsvegi.
3. Valagilsá í Skagafirði á Norðurlandsvegi.
4. Hrolleifsdalsá á Siglufjarðarvegi.
5. Eyjardalsá á Bárðardalsvegi vestri.
6. Jökulsá í Axarfirði.
7. Tunguá í Þistilfirði.

c. Austurland.

1. Stafdalsá á Fjarðarheiði.
2. Lagarfljót hjá Egilsstöðum.
3. Gilsá á Völlum.
4. Eyvindará á Völlum.
5. Fagradalsá (neðsta brú).

d. Suðurland.

1. Hverfisfljót í Fljótshverfi.
2. Tungufljót í Skaftártungu.
3. Hólmsá á Mýrdalssandi.
4. Skógaá undir Eyjafjöllum.
5. Ytri-Rangá á Suðurlandsvegi.

III. Aðrar brýr.

a. Brýr á fjallvegum og sýsluvegum má gera að öllu fyrir fé úr ríkissjóði.

b. Brýr á öðrum vegum má kosta að helmingi af ríkissjóði, gegn því, sem á vantar, annars staðar frá.

B. *Brýr yfir 4 metra haf eða lengra, allt að 10 metra.*

Á þjóðvegum og fjallvegum skal greiða kostnað við slíkar brýr að öllu úr ríkissjóði.

Á öðrum vegum má greiða allt að helmingi kostnaðar úr ríkissjóði gegn framlagi frá hlutaðeigendum að öðru leyti.

C. *Brýr yfir styttra en 4 metra haf.*

Kostnað við slíkar brýr skal telja með kostnaði við veg þann, sem brúin er á.

3. gr.

Viðhald brúa, sem gerðar verða samkvæmt 2. gr., skal telja með viðhaldskostnaði þess vegar, sem brúin er á.

4. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir, ásamt breytingum á þeim með lögum nr. 30 2. apríl 1943 og nr. 53 17. maí 1947.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 526. Breytingartillaga [12. mál]

við frv. til áfengislaga.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Við 9. gr. Á eftir orðinu „veitingamönnum“ komi: eða öðrum.

Nd. 527. Breytingartillögur [164. mál]

við frv. til laga um brúargerðir.

Frá Jóni Pálmasyni.

1. Við 2. gr. A. I. b. 5. Fyrir „Sléttuá í Svínadal“ komi: Sléttá í Sléttárdal.
2. Við 2. gr. A. II. b. Á undan 1. lið komi nýr liður, þannig:
   Blanda um Blönduós.

Ed. **528. Frumvarp til laga** [124. mál]

um fuglaveiðar og fuglafriðun.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

Samhljóða þskj. 288 með þessum breytingum:

3. gr. hljóðar svo:

1. Nú er landareign í óskiptri sameign, og eru þá landeigendum öllum fuglaveiðar jafnheimilar í þeirri landareign í réttu hlutfalli við afnotarétt lands, nema samkomulag verði um aðra skipan.

2. Nú er landareign í sameign, en er skipt eftir merkjum, afnotaskiptum eða eignar, og á þá hver sameigandi fuglaveiðar á og fyrir sínum landshluta eða afnotasvæði, nema samkomulag hafi orðið um aðra lögmæta skipan.

6. gr. hljóðar svo:

Föstum starfsmönnum við dýrafræðideild Náttúrugripasafns Íslands í Reykjavík skal heimilt hvar sem er að rannsaka fuglalíf, taka myndir og merkja fugla, en að skjóta fugla og taka egg þeirra aðeins í samráði við og með samþykki hlutaðeigandi landráðanda og í óbyggðum aðeins með leyfi ráðherra.

9. gr. hljóðar svo:

1. Frá og með 15. apríl til 14. júlí ár hvert eru öll skot bönnuð nær friðlýstum varpstöðvum nytjafugla en 3 km, nema brýna nauðsyn beri til, svo sem vegna útrýmingar ófriðaðra ránfugla. Á sama tímabili má eigi án leyfis varpeiganda leggja net nær friðlýstu æðarvarpi en ¼ km frá stórstraumsfjörumáli.

2. Bæjarfógetar og sýslumenn skulu ár hvert á manntalsþingum, ótilkvaddir og ókeypis, friðlýsa öll æðarvörp í lögsagnarumdæmum sínum.

3. Nú vill einhver koma á fót æðarvarpi í landareign ábúðarjarðar sinnar, og skal hann þá senda sýslumanni skriflega yfirlýsingu um það. Skal þar skýrt frá legu varplandsins, afstöðu þess, ummerkjum og útbúnaði. Skýrslu þessari fylgi vottorð tveggja áreiðanlegra og óvilhallra manna, er kunnugir séu staðháttum, um, að hún sé rétt og þeir telji landið vænlegt til æðarvarps. Síðan friðlýsir sýslumaður varplandið ókeypis á næsta manntalsþingi.

10. gr. hljóðar svo:

1. Á takmörkuðum svæðum, þar sem veiði, eggja- eða ungataka þeirra sjófugla, sem taldir eru undir b- og e-liðum 2. málsgr. 8. gr., hefur talizt eða telst til hlunninda, skulu friðunarákvæði laga þessara ekki vera til fyrirstöðu því, að nytja megi þau hlunnindi eftirleiðis. Óheimilt skal þó að skjóta umræddar tegundir á þeim tíma, er þær eru friðaðar samkvæmt lögum þessum, og aldrei má skjóta fugla í fuglabjörgum.

2. Í Mývatnssveit og á öðrum takmörkuðum svæðum, þar sem andavarp er mikið (þar með talin æðarvörp), skal, þrátt fyrir ákvæði 8. gr., leyfilegt að taka andaregg (og æðaregg), en við eggjatökuna skal þeirri reglu fylgt, að ávallt séu skilin eftir minnst 4 egg í hreiðri hverju. Undanþága þessi til eggjatöku tekur þó eigi til skeiðandar, álftar og gæsa, hverrar tegundar sem eru. Um æðaregg skulu gilda þau sérákvæði, að þau má hvorki bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa né þiggja að gjöf.

3. Í Vestmannaeyjum skal svartfugl, þ. e. langvísa, stuttnefja, álka og lundi, vera algerlega friðaður fyrir öðrum veiðitækjum en háf, enda skulu öll skot bönn-

uð þar frá 15. apríl til 1. sept. nema til aflífunar búpenings eða gegn ófriðuðum ránfuglum í nytjuðum fuglabjörgum.

4. Í kríuvörpum skal heimilt að taka kríuegg, þrátt fyrir friðunarákvæði 8. gr., en þó aldrei nema fyrsta varp eða annað egg af tveimur.

13. gr. hljóðar svo:

Sýslunefndum og bæjarstjórnum veitist heimild til, hverri sér eða fleirum saman, að gera samþykktir um nytjun þeirra hlunninda, er um ræðir í 10. gr., á þann hátt og með þeim skilyrðum, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

14. gr. hljóðar svo:

1. Þegar sýslunefnd (eða sýslunefndir og bæjarstjórnir) hefur gert frumvarp til samþykktar samkvæmt 13. gr., skal oddviti sýslunefndar (eða oddvitar sýslunefnda og bæjarstjórna) kveðja til samþykktarfundar. Sé ein sýslunefnd aðili að samþykktinni, stjórnar oddviti hennar fundinum, en sé um fleiri að ræða, þá sá maður, er til þess er kosinn af öllum aðilum. Sé samþykktinni ætlað að ná til eins hrepps eða eins bæjarfélags, skal boða á fundinn alla eigendur og umráðamenn landa og lóða á svæðinu. En sé samþykktinni ætlað að ná til stærra svæðis, skal boða á fundinn hreppsnefndarmenn og bæjarfulltrúa á samþykktarsvæðinu. Atkvæðisréttur á samþykktarfundi er bundinn við þá, sem boðaðir eru á fundinn, og er fundurinn því aðeins lögmætur, að meira en helmingur þeirra sé á fundi.

2. Á fundinum leggur fundarstjóri fram frumvarp það til samþykktar, er sýslunefnd (eða sýslunefndir) hefur gert. Fallist fundarmenn á frumvarpið óbreytt að efni með ⅔ greiddra atkvæða, sendir sýslumaður það ráðherra til staðfestingar, og er þá öllum, er boðaðir voru á fundinn, skylt að gerast aðilar að samþykktinni. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri á því efnisbreytingar, ef sýslunefnd (eða sýslunefndir) fellst á þær. En ef sýslunefnd (eða sýslunefndir) vill ekki fallast á breytingartillögur, er fundurinn gerir, skal kveðja til nýs fundar. Fallist fundurinn þá á frumvarpið óbreytt að efni með ⅔ greiddra atkvæða, fer um það sem fyrr segir.

3. Nú er gerð samþykkt, eins og að framan er mælt, og send ráðherra til staðfestingar, og virðist ráðherra hún brjóta í bág við lög eða grundvallarreglur laga eða réttindi manna, og er samþykktin þá endursend án staðfestingar, ásamt synjunarástæðum ráðherra. Að öðrum kosti staðfestir ráðherra samþykktina, skipar fyrir um birtingu hennar og tiltekur, hvenær hún skuli öðlast gildi.

4. Staðfestri samþykkt má breyta á sama hátt og til hennar var stofnað.

19. gr. hljóðar svo:

Eigi má nota flugvélar, bifreiðar, vélbáta né önnur vélknúin farartæki á landi eða vötnum til fuglaveiða eða til að elta uppi fugla eða reka. Til fuglaveiða á sjó má eigi nota vélknúna báta, sem ganga meira en 9 sjómílur á klukkustund.

20. gr. hljóðar svo:

1. Eigi má nota net til fuglaveiða nema háfa.

2. Nú festast fuglar í netum, sem ætluð eru til annarra veiða (fisk- eða selveiða), og ber þá að greiða þá úr netunum og sleppa þeim, ef þeir eru lifandi, þegar netanna er vitjað. En fugla, sem finnast dauðir í slíkum netum, má hvorki hirða né nýta á nokkurn hátt.

21. gr. hljóðar svo:

Eftirtalin tæki eða útbúnað má eigi nota til fuglaveiða: fleka (snörufleka), svartfuglasnöru, stingi eða króka (gogga), öngla, boga, gildrur, blys eða annan

ljósaútbúnað, svo og allar aðrar fastar veiðivélar, þótt hér hafi ekki verið taldar. Þó má með ákvæðum í fuglaveiðasamþykkt heimila að nota fleka (snörufleka) til fuglaveiða á takmörkuðum svæðum.

Nd. 529. Frumvarp til laga [167. mál]

um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Á tollskránni í 1. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:	Toll-eining	Vörumagns-tollur Aurar	Verð-tollur %
1. Nr. 4 í 5. kafla orðast svo:			
4 Svínshár			2
2. Nr. 19 í 11. kafla orðast svo:			
19 Sterkja, ót. a.	1 kg	7	8
3. Nr. 1—8 í 13. kafla orðast svo:			
1 Jurtir og jurtahlutar, svo sem börkur, til litunar eða sútunar			2
Gúmmí, gúmmíharpix, annað harpix og náttúrlegt balsam, ót. a.:			
2 — gúmmí arabikum			2
3 — skellakk			2
4 — kólófóníum			2
5 — benzoëharpix			2
6 — myrra			2
7 — annað			2
8 Kamfóra, einnig tilbúin			2
4. Nr. 1—7 í 14. kafla orðast svo:			
Efni úr jurtaríkinu til bursta- og körfugerðar o. þ. h. iðnaðar, ót. a.:			
1 — bast			2
2 — greinar, kókostægjur og aðrar jurtatrefjar, ót. a.			2
3 — spanskreyr og annar reyr, svo og bambus, ót. a.			2
4 — strá og sef			2
5 — annað			2
Húsgagnatróð og annað tróð úr jurtaríkinu, ót. a.:			
6 — kapok			2
7 — viðarhár			2
5. Nr. 9—10 í sama kafla orðast svo:			
9 — annað			2
10 Hráefni og úrgangsefni úr jurtaríkinu, ót. a.			2
6. Á eftir nr. 5 í 15. kafla kemur nýtt nr., svo hljóðandi:			
5a — lanólín	—	2	8
7. Nr. 11 í sama kafla orðast svo:			
11 — ólívuolía (viðsmjör)			2
8. Nr. 13 og 13a í sama kafla orðast svo:			
13 — línolía			5
13a— tréolía			5
9. Í staðinn fyrir nr. 19 í sama kafla koma tvö nr., svo hljóðandi:			
19 — pálmaolía			2
20 — önnur jurtafeiti, ót. a.	—	2	8

		Toll-eining	Vöru-magns-tollur Aurar	Verð-tollur %
10.	Nr. 22 og 23 í 15. kafla orðast svo:			
	Olein og aðrar feitisýrur:			
	22 — súrfeiti			5
	23 — feitisýra			5
11.	Nr. 26 í sama kafla orðast svo:			
	26 Vax úr jurta- og dýraríkinu, ót. a.	1 kg	7	8
12.	Nr. 12—16 í 17. kafla orðast svo:			
	Sykurvörur:			
	12 — marzipan, sykrað	N —	630	35
	13 — brjóstsykur	N —	630	35
	14 — munngúmmí (tyggigúmmí)	N —	630	35
	15 — töggur (karamellur)	N —	630	35
	16 — aðrar	N —	630	35
13.	Nr. 18 í sama kafla orðast svo:			
	18 Lakkrísvörur og sykraður lakkrís	N —	630	35
14.	Nr. 3 í 18. kafla orðast svo:			
	3 Kakódeig	N —	70	8
15.	Nr. 7—10 í sama kafla orðast svo:			
	7 Suðusúkkulaði	N —	315	35
	8 Átsúkkulaði alls konar, svo sem súkkulaðihúðað munngæti (kremsúkkulaði, krókantsúkkulaði, marzipansúkkulaði, núgatsúkkulaði og konfekt), ávaxtasúkkulaði, hnotsúkkulaði og möndlusúkkulaði	N —	630	35
	9 Súkkulaðihúð	N —	315	35
	10 Aðrar vörur úr kakó, ót. a.	N —	630	35
16.	Nr. 3 í 20. kafla orðast svo:			
	3 — — aðrir	N —	630	35
17.	Nr. 8 í sama kafla orðast svo:			
	8 Pectin (sultuhleypir)	—	7	8
18.	Nr. 1—5 í 22. kafla orðast svo:			
	Gosdrykkir:			
	1 — límonaði og sítrónuvatn	N 1 l	100	10
	2 — sódavatn	N —	100	10
	3 — aðrir	N —	100	10
	Öl alls konar:			
	4 — maltöl	N —	170	10
	5 — annað	N —	210	10
19.	Nr. 8 í 25. kafla orðast svo:			
	8 Grafít, óunnið, malað eða þvegið, svo og grafít tilbúið	1 kg	2	8
20.	Nr. 12 í sama kafla orðast svo:			
	Steinefni til fágunar, eða slípunar, svo sem smergill, vikur (pimpsteinn), trípel o. þ. h., óunnin, mulin eða þvegin:			
	12 — smergilduft	—	2	8
21.	Nr. 9—13 í 27. kafla orðast svo:			
	Olíur og önnur efni eimd úr háhitatjöru og hydrerað fenól, kresól og naftalín:			
	9 — benzól			2
	10 — fenól			2
	11 — kresól			2
	12 — naftalín			2
	13 — annað			2
22.	Á eftir 19 í 27. kafla kemur nýtt nr., svo hljóðandi:			
	19a — lakkbenzín (white spirit)			5

		Toll-eining	Vöru-magns-tollur Aurar	Verð-tollur %
23.	Nr. 23 í sama kafla orðast svo:			
	23 Parafín (parafínvax), ceresín (jarðvax), montanvax, ósókerít og annað tilbúið vax, ót. a., einnig þótt þessar vörur séu blandaðar með steríni eða vaxi úr jurta- og dýraríkinu			5
24.	Nr. 7 í 28. kafla orðast svo:			
	7 — brennisteinssýra			2
25.	Nr. 15 í sama kafla orðast svo:			
	15 — kalíumhydroxyd			2
26.	Nr. 24 í sama kafla orðast svo:			
	24 — kvikasilfuroxyd			2
27.	Nr. 29 í sama kafla orðast svo:			
	29 — pottaska (kalíumkarbónat)			2
28.	Nr. 31 í sama kafla orðast svo:			
	31 — sódi (natríumkarbónat)			2
29.	Nr. 34 í sama kafla orðast svo:			
	34 — salmíak (ammóníumklórid)	1 kg	7	8
30.	Nr. 36 í sama kafla orðast svo:			
	36 — vatnsglas (kalíum- og natríumsílíkat)			5
31.	Nr. 47 í sama kafla orðast svo:			
	47 — terpentínuolía (terpentína)			5
32.	Nr. 49 í sama kafla orðast svo:			
	49 — aceton			2
33.	Nr. 51 og 52 í sama kafla orðast svo:			
	51 — metylalkóhól			5
	52 — ísóprópylalkóhól			5
34.	Nr. 54—55 í sama kafla orðast svo:			
	54 — alkóhól, ót. a.			5
	55 — ostahleypir og annað enzym			2
35.	Nr. 60b í sama kafla orðast svo:			
	60b Lecithin	—	7	8
36.	Á eftir nr. 60c í sama kafla kemur nýtt nr., svo hljóðandi:			
	60d Hvetjandi efni til kemískrar framleiðslu, ót. a.			8
37.	Nr. 7—8 í 29. kafla orðast svo:			
	7 — aðrar	—	7	15
	8 Ljósmyndapappír	—	7	15
38.	Nr. 1, 1a, 2, 2a og 3 í 30. kafla orðast svo:			
	1 Quebrachoextrakt			2
	1a Annar sútunarextrakt og önnur efni til sútunar, ót. a., einnig þótt þau séu tilbúin			2
	Litarextrakt úr jurtaríkinu:			
	2 — barkarlitur	tollfrjáls		
	2a— annar			2
	3 Indígó, einnig tilbúið			2
39.	Nr. 5 í sama kafla orðast svo:			
	5 — aðrir			2
40.	Nr. 7—12 í sama kafla orðast svo:			
	7 Kinrok (sót) og aðrir þvílíkir svartir litir, ót a.			2
	8 Krít, möluð eða þvegin			2
	9 Þungspat, malað eða þvegið			2
	10 Baryumsúlfat tilbúið (blanc fix)			2
	11 Jarðlitir, malaðir eða þvegnir, svo sem okkur, umbra o. þ. h.			2
	Bronslitir, ót. a.:			
	12 — duft			2

		Toll-eining	Vöru-magns-tollur Aurar	Verð-tollur %
41.	Nr. 13—21 í 30. kafla orðast svo:			
	Þurrir málningarlitir, ót. a.:			
	13 — blýhvíta			2
	14 — zinkhvíta			2
	15 — títanhvíta			2
	16 — últramarín			2
	17 — kóboltlitur			2
	18 — menja			2
	19 — aðrir			2
	Prentlitir:			
	20 — svartir ... tollfrjálsir			
	21 — aðrir ... tollfrjálsir			
42.	Nr. 34 í sama kafla orðast svo:			
	34 — þurrkefni, fast eða fljótandi	1 kg	7	8
43.	Nr. 4a í 32. kafla (Súlfórísinöt o. fl.). Liðurinn fellur niður.			
44.	Nr. 1—2 í 33. kafla orðast svo:			
	1 Ostaefni (kaseín)	—	7	15
	2 Albúmín			2
45.	Nr. 1 í 34. kafla (Skotbómull og kollodíumull). Liðurinn fellur niður.			
46.	Nr. 6—9 í 36. kafla orðast svo:			
	6 Lakkleður og lakkleðurlíki	—	7	15
	Skinn af slöngum, krókódílum og strútum, óunnið og unnið, svo og líki þeirra efna:			
	7 — slönguskinn	—	7	20
	8 — krókódílaskinn og strútaskinn	—	7	20
	9 — annað	—	7	20
47.	Nr. 13 í sama kafla orðast svo:			
	13 Leðurlíki, sem í eru leðurþræðir	—	7	20
48.	Nr. 10 í 37. kafla orðast svo:			
	10 Bakpokar og fatapokar	—	7	50
49.	Fyrirsögn VIII. flokks orðast svo:			
	Plast, kátsjúk og vörur úr hvoru tveggja.			
50.	Framan við 39. kafla kemur nýr kafli, svo hljóðandi:			

39. kafli A.

Plast og vörur úr því, ót. a.

	Gerviharpixar og plastisk efni, cellulósaester og eter:			
	1 — duft eða deig			2
	2 — umbúðablöð og hólkar, ólitað, einnig áletrað, ef áletrunin ber það með sér, að það sé ætlað utan um íslenzkar afurðir til útflutnings			2
	3 — umbúðablöð, ót. a.	—	7	15
	— plötur eða þynnur, ót. a.:			
	4 — — einlitaðar og ómunstraðar	—	7	8
	5 — — aðrar	—	7	15
	6 — rör og stengur	—	7	15
	7 Plastdúkur	—	7	15
	8 Fatnaður, ót. a.	—	20	50
	9 Búsáhöld	—	7	30
	10 Þvottaskálar, vaskar og önnur hreinlætis- og snyrtitæki	—	7	30

	Toll-eining	Vöru-magns-tollur Aurar	Verð-tollur %
11 Aðrar vörur, ót. a.	1 kg	7	30
Aths. Nú er flutt inn vara úr tilbúnum mótanlegum efnum (plasti) og vara þessi á að koma í hærri tolla en tilsvarandi vara úr kátsjúki, trjávið, pappa, steini, steinkenndum efnum, leir, gleri eða ódýrum málmum, og má þá fjármálaráðuneytið færa tollana niður í samræmi við tollana á vörum úr nefndum efnum. Allar slíkar lækkanir skulu þegar birtar í B-deild Stjórnartíðinda.			
51. 39. kafli verður 39. kafli B.			
52. Nr. 2—3 í 39. kafla orðast svo:			
2 Latex, einnig konsentrerað			2
3 Kátsjúk, ót. a., uppleyst eða deig	—	7	8
53. Nr. 15—16 í sama kafla orðast svo:			
15 — sólar, hælar, húfuskyggni, húfugjarðir og svitagjarðir			8
Kátsjúkfatnaður, nema skófatnaður:			
16 — belti	—	20	40
54. Nr. 18 í sama kafla orðast svo:			
18 — annað		20	50
55. Á eftir nr. 19b í sama kafla kemur nýtt nr., svo hljóðandi:			
19c Gúmmíhringir í niðursuðudósir			8
56. Síðari málsliður aths. aftan við 39. kafla orðast svo: Hins vegar er ebonit (harðgúmmí) vulkaniserað með um 30% af brennisteini talið í 39. kafla A.			
57. Nr. 15 í 40. kafla orðast svo:			
15 — krossviður og aðrar límdar plötur („gabon") ..	1 fet³	10	8
58. Nr. 17 í sama kafla orðast svo:			
17 — spónn	—	10	8
59. Nr. 5 í 41. kafla orðast svo:			
5 Pressaðar korkplötur með eða án bindiefna til einangrunar	1 kg	7	15
Aths. Ráðuneytinu er heimilt að lækka verðtoll á einangrunarkorki til frystihúsa í 8%.			
60. Í staðinn fyrir nr. 7 í sama kafla koma tvö nr., svo hljóðandi:			
7 Korkvörur til skógerðar			8
8 Aðrar vörur, ót. a.	—	7	30
61. Nr. 1 í 43. kafla orðast svo:			
1 Pappírsmassi og pappírsúrgangur			2
62. Nr. 5—6 í 44. kafla orðast svo:			
5 Pergamentpappi og pergamentpappír, ót. a.	—	7	15
6 Pappi, ót. a., yfirdreginn með litum, lakki, bronsi og þvílíkum efnum, eða lagður lit- eða skrautpappír	—	7	30
63. Í staðinn fyrir nr. 8 í sama kafla koma tvö nr., svo hljóðandi:			
Bókbandspappi:			
8 — sem vegur allt að 700 g/m²			5
8a — annar	—	2	8
64. Í staðinn fyrir nr. 10 í 44. kafla koma tvö nr., svo hljóðandi:			
Venjulegur umbúðapappír, áprentaður eða óáprentaður, og annar þess háttar pappír, enda sé hann ekki þannig gerður, að hann falli undir annað tollskrárnúmer með hærri tolli:			

		Toll-eining	Vöru-magns-tollur Aurar	Verð-tollur %
	10 — sem vegur allt að 130 g/m²			8
	10a — annar			5
65.	Nr. 17 í sama kafla orðast svo:			
	17 Smjörpappír og hvítur pergamentpappír, áprentaður eða óáprentaður, sem vegur allt að 100 g/m²			2
66.	Í stað inn fyrir nr. 22 í sama kafla koma tvö nr., svo hljóðandi:			
	21a Marmarapappír	1 kg	7	15
	22 Annar pappír, ót. a.	—	7	30
67.	Í stað inn fyrir nr. 25 í sama kafla koma tvö nr., svo hljóðandi:			
	25 — nafnspjöld, matseðlar og bréfspjöld, skilti, merkispjöld, flöskumiðar og önnur þess háttar spjöld og miðar án áletrunar, svo og spjöld í spjaldskrár eða til notkunar við vélabókhald, þótt þau séu með áletrun	—	7	30
	25a — húfuskyggni og hattagjarðir	—	7	8
68.	Í stað inn fyrir nr. 36 í sama kafla koma tvö nr., svo hljóðandi:			
	36 Frímerkjapappír, límborinn, svo og flugnaveiðarar	—	7	30
	36a Pappírsræmur, límbornar til umbúða	—	7	15
69.	Nr. 18 í 45. kafla orðast svo:			
	18 Spil, einnig þótt þau séu úr öðrum efnum en pappa, pappír o. s. frv.	1 stk.	100	30
70.	Nr. 20a í sama kafla (Áprentaðar fiskumbúðir o. fl.). Liðurinn fellur niður.			
71.	Nr. 1 í 46. kafla A. orðast svo:			
	1 Silkiormahylki (kókónar), óspunnið byssússilki og silkiúrgangur			2
72.	Nr. 4—8 í sama kafla orðast svo:			
	4 Tvinni	1 kg	7	8
	5 Flauel og flos (plyds)	—	20	50
	6 Gólfábreiður, gólfmottur og gólfdreglar	—	20	60
	7 Laufaborðar (blúndur), laufaborðaefni, knipplingar, tyll og önnur þess konar netofin efni	—	20	45
	8 Leggingar, snúrur og aðrar þess konar dregilvörur (possement)	—	20	45
73.	Nr. 10—11 í sama kafla orðast svo:			
	10 Bönd og borðar úr silki, sem ekki geta talizt dregilvörur eða laufaborðar	—	20	60
	Aths. Borði telst í þessu sambandi sú ofin vara, sem ekki er breiðari en 30 cm.			
	11. Silkivefnaður, ót. a.	—	20	50
74.	Nr. 1 í 46. kafla B. orðast svo:			
	1 Gervisilkiúrgangur, óspunnir gervisilkiþræðir og aðrir þess konar gerviþræðir			5
75.	Nr. 4, 5 og 5a í 46. kafla B. orðast svo:			
	Garn:			
	4 — tvinni	—	7	8
	5 — netjagarn, einlitt	tollfrjálst		
	5a — annað			5

		Toll-eining	Vöru-magns-tollur Aurar	Verð-tollur %
76.	Nr. 8—9 í sama kafla orðast svo:			
	8 Laufaborðar, laufaborðaefni, knipplingar, tyll, „curtain nets“ og önnur þess konar netofin efni	1 kg	20	45
	9 Leggingar, snúrur og aðrar þess konar dregilvörur	—	20	45
77.	Nr. 11 í sama kafla orðast svo:			
	11 Bönd og borðar, sem ekki geta talizt dregilvörur eða laufaborðar	—	20	30
78.	Nr. 1—2 í 47. kafla orðast svo:			
	1 Ull			5
	2 Ullarúrgangur og ótó (shoddy)			2
79.	Í staðinn fyrir nr. 1a og 2 í 48. kafla kemur eitt nr., svo hljóðandi:			
	Baðmull og baðmullarúrgangur:			
	2 — baðmull, ót. a.			2
80.	Nr. 5—6 í sama kafla orðast svo:			
	Garn:			
	5 — tvinni	—	7	8
	6 — netjagarn ..... tollfrjálst			
81.	Nr. 8a í sama kafla orðast svo:			
	8a — annað	—	20	35
82.	Nr. 12—13 í sama kafla orðast svo:			
	12 Laufaborðar, laufaborðaefni, knipplingar, tyll, „curtain nets“ og önnur þess konar netofin efni	—	20	45
	13 Leggingar, snúrur og aðrar þess konar dregilvörur ..	—	20	45
83.	Nr. 1 í 49. kafla orðast svo:			
	Hör, hampur, júta, kínagras (ramie) og önnur spunaefni úr jurtaríkinu, ót. a.:			
	1 — hör			2
84.	Nr. 3—6 í sama kafla orðast svo:			
	3 — júta			2
	4 — annað			2
	Garn, ót. a.:			
	— úr hör eða ramí:			
	5 — — netjagarn ..... tollfrjálst			
	6 — — tvinni	—	7	8
85.	Nr. 8 í sama kafla orðast svo:			
	8 — — netjagarn ..... tollfrjálst			
86.	Nr. 17—18 í sama kafla orðast svo:			
	17 Laufaborðar, laufaborðaefni, knipplingar, tyll, „curtain nets“ og önnur þess konar netofin efni	—	20	45
	18 Leggingar, snúrur og aðrar þess konar dregilvörur ..	—	20	45
87.	Nr. 27 í 50. kafla orðast svo:			
	27 Bókbandsléreft			5
88.	Í staðinn fyrir nr. 32 í sama kafla koma tvö nr., svo hljóðandi:			
	32 — vaxdúkur	—	7	30
	32a— leðurlíkisdúkur	—	7	15
89.	Á eftir 33a í sama kafla koma tvö nr., svo hljóðandi:			
	33b — skóstrigi	—	7	8
	33c — ræmur, límbornar til umbúða	—	7	8

		Toll-eining	Vörumagns-tollur Aurar	Verðtollur %
90.	Í staðinn fyrir nr. 34 í 50. kafla koma tvö nr., svo hljóðandi:			
	— annað:			
	34 — — úr silki	1 kg	20	50
	34a— — úr gervisilki og öðrum gerviþráðum	—	20	30
91.	Nr. 39 í sama kafla orðast svo:			
	Vefnaðarvara, bönd og dregilvörur, sem í er ofinn kátsjúkþráður, náttúrlegur eða tilbúinn (teygjubönd), ót. a.:			
	39 — ef vefnaðurinn er úr silki	—	20	35
92.	Nr. 43 í sama kafla orðast svo:			
	Kveikir:			
	43 — kertakveikir	—	7	8
93.	Nr. 1—6 í 51. kafla orðast svo:			
	Prjónavörur úr silki:			
	1 — prjónavoð (metravara)	—	20	50
	2 — sokkar og leistar	—	20	50
	3 — ytri fatnaður	—	20	60
	4 — nærfatnaður	—	20	60
	5 — vettlingar	—	20	60
	6 — aðrar	—	20	60
94.	Nr. 4—5 í 52. kafla orðast svo:			
	— úr öðrum efnum:			
	— — silki:			
	4 — — — nærfatnaður	—	20	60
	5 — — — annar	—	20	60
95.	Nr. 14 í sama kafla orðast svo:			
	Borðdúkar, pentudúkar, vasaklútar, höfuðklútar, hálsklútar, handklæði, rúmábreiður, dívanteppi, veggteppi og þess konar:			
	14 — úr silki	—	20	60
96.	Nr. 20 í sama kafla orðast svo:			
	Sjöl, slör og slæður:			
	20 — úr silki	—	20	60
97.	Nr. 23 í sama kafla orðast svo:			
	Hálsbindi, kvenslifsi og slaufur, hnýttar og óhnýttar:			
	23 — úr silki	—	20	60
98.	Nr. 32 í sama kafla orðast svo:			
	32 Skóreimar	—	7	20
99.	Nr. 36 í sama kafla orðast svo:			
	Flögg alls konar:			
	36 — úr silki	—	20	60
100.	Nr. 8 í 54. kafla orðast svo:			
	8 — — annar	—	20	25
101.	Á eftir nr. 8 í 55. kafla kemur nýtt nr., svo hljóðandi:			
	8a Tilsniðin hattaefni	—	20	30
102.	Athugasemd aftan við 55. kafla fellur niður.			
103.	Nr. 11 í 58. kafla orðast svo:			
	11 — smergill, einnig þótt hann sé með ás, svo og vikur og karborundum			8
104.	Á eftir nr. 19 í sama kafla kemur nýtt nr., svo hljóðandi:			
	19a — hús og hlutar til þeirra, ót. a.	—	7	30
105.	Nr. 3 í 59. kafla orðast svo:			
	3 Eldfastir steinar og aðrir brenndir hlutir til tekniskrar notkunar, ót. a.			2

		Toll-eining	Vörumagns-tollur Aurar	Verð-tollur %
106.	Nr. 1—2 í 63. kafla orðast svo:			
	1 Óunnið járn í klumpum ..... tollfrjálst			
	2 Stál- og járnsvarf ..... tollfrjálst			
107.	Í staðinn fyrir nr. 3 í sama kafla koma tvö nr., svo hljóðandi:			
	Járn og stál í stöngum:			
	3 — sívalar stengur 25 mm í þvermál eða grennri	1 kg	2	8
	3a — annað ..... tollfrjálst			
108.	Nr. 4 í sama kafla orðast svo:			
	4 Prófiljárn alls konar, ót. a. ..... tollfrjálst			
109.	Nr. 8 í sama kafla orðast svo:			
	8 — — aðrar ..... tollfrjálsar			
110.	Nr. 8b í sama kafla orðast svo:			
	8b— — aðrar ..... tollfrjálsar			
111.	Í staðinn fyrir nr. 9 í sama kafla koma tvö nr., svo hljóðandi:			
	9 Raf- og logsuðuvír ..... tollfrjáls			
	9a Vír úr járni og stáli, ót. a.	—	2	8
	Aths. Vír er málmþráður 10 mm í þvermál eða grennri.			
112.	Nr. 11 í sama kafla orðast svo:			
	11 Gjarðajárn ..... tollfrjálst			
113.	Á eftir nr. 85 í sama kafla kemur nýtt nr., svo hljóðandi:			
	85a — — hálfunnar blikkdósir undir niðursuðuvörur .	—	2	10
114.	Nr. 1 í 64. kafla orðast svo:			
	1 Kopar og koparblöndur, óunnið í klumpum eða sem duft ..... tollfrjálst			
115.	Nr. 3—4 í sama kafla orðast svo:			
	3 — lóðunarefni í stöngum, plötum eða sem duft .... tollfrjálst			
	4 — annað ..... tollfrjálst			
116.	Nr. 1 í 65. kafla orðast svo:			
	1 Nikkel, nikkelblöndur, óunnið í klumpum, svo og duft tollfrjálst			
117.	Nr. 1 í 66. kafla orðast svo:			
	1 Alúmínium og alúmíniumblöndur, óunnið í klumpum, svo og duft ..... tollfrjálst			
118.	Í staðinn fyrir nr. 2 í sama kafla koma tvö nr., svo hljóðandi:			
	2 Vír, ekki einangraður	—	7	8
	2a Stengur, þ. á m. prófílstengur ..... tollfrjálsar			
119.	Nr. 1 í 67. kafla orðast svo:			
	1 Blý og blýblöndur, ót. a., óunnið í klumpum, svo og blýspænir ..... tollfrjálst			
120.	Nr. 5 í sama kafla orðast svo:			
	5 Blýlóð (sökkur)			2
121.	Nr. 1 í 68. kafla orðast svo:			
	1 Zink og zinkblöndur, óunnið í klumpum, svo og zinkduft ..... tollfrjálst			
122.	Nr. 3 í sama kafla orðast svo:			
	3 Plötur ..... tollfrjálsar			
123.	Nr. 1 í 69. kafla orðast svo:			
	1 Tin og tinblöndur, óunnið í klumpum, svo og duft tollfrjálst			

		Toll-eining	Vöru-magns-tollur Aurar	Verð-tollur %
124.	Í staðinn fyrir nr. 5 í sama kafla koma tvö nr., svo hljóðandi:			
	5 Lóðtin í stöngum eða öðru formi ..... tollfrjálst			
	5a Túbur úr tini	1 kg	7	8
125.	Nr. 1—2 í 70. kafla orðast svo:			
	Málmar og blöndur þeirra, ót. a.:			
	1 — óunnir ..... tollfrjálst			
	2 — í stöngum, plötum eða sem vír ..... tollfrjálst			
126.	Á eftir nr. 5 í 71. kafla kemur nýtt nr., svo hljóðandi:			
	5a — hnífablöð	—	7	15
127.	Nr. 15 í sama kafla orðast svo:			
	15 Smávarningur til húsgagnagerðar (Möbelbeslag), ót. a.	—	7	15
128.	Nr. 17 í sama kafla orðast svo:			
	17 Hringjur, spennur óskreyttar, smellur, krókapör, skókóssar og annar þess konar smávarningur til sauma, lífstykkjagerðar, pappírsvöruiðnaðar, skósmíða og söðlasmíða o. þ. h., ót. a.	—	7	15
129.	Nr. 25 og 25a í sama kafla orðast svo:			
	Blaðtin (stanníól) og aðrar málmþynnur, sem eru minna en 0.25 mm að þykkt, þó ekki blaðgull og blaðsilfur og eftirlíkingar hvors tveggja:			
	25 — með áletrun, sem ber það með sér, að þynnurnar séu ætlaðar utan um íslenzkar afurðir			2
	25a — aðrar	—	7	15
130.	Nr. 5 í 72. kafla orðast svo:			
	5 — vefjarskeiðar og skyttur til vefstóla	—	7	8
131.	Nr. 31 í sama kafla orðast svo:			
	31 Kúlu- og keflalegur			2
132.	Á eftir nr. 11 í 73. kafla kemur nýtt nr., svo hljóðandi:			
	11a Hlutar til rafmagnsgeyma	—	2	8
133.	Nr. 14 í 75. kafla orðast svo:			
	14 Reiðhjólahlutar, ót. a.	—	7	20
134.	Nr. 2 í 79. kafla orðast svo:			
	2 Hlutar til flygela og pianóa	—	7	15
135.	Nr. 4 í sama kafla orðast svo:			
	4 Hlutar til orgela og harmonía	—	7	15
136.	Nr. 8, 9, 9a, 9b, 9c og 10 ásamt athugasemd í 82. kafla falla niður.			
137.	Nr. 11 í sama kafla orðast svo:			
	8 Skraut- og glysvarningur úr plastiskum efnum og efnum þeim, sem talin eru í þessum kafla	—	120	80
138.	Nr. 1 í 85. kafla orðast svo:			
	1 Hnappar til fata, ót. a., þar með taldir ermahnappar og flibbahnappar, aðrir en úr góðmálmum	—	20	30

2. gr.

Á 3. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1. Fyrir orðið „hampgarn“ í h-lið kemur: garn.
2. æ-liður orðast svo:
   æ. Að innheimta ekki aðflutningsgjöld af vélum, sem eingöngu eru notaðar til veiðarfæragerðar.
3. Á eftir æ-lið kemur nýr stafliður, svo hljóðandi:
   ö. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af efni, vélum og tækjum í skip og báta, sem smíðaðir eru innanlands. Má miða endurgreiðsluna við tiltekna fjárhæð á **hverja rúmlest.**

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numdir 1., 6., 21. og 24. tölul. 1. gr. laga nr. 96 1941, 1., 2., 3., 7., 9., 10., 13., 20., hluti af 25. (49/5, 6 og 8), hluti af 49. (63/8 og 8b) tölul. 1. gr. laga nr. 56 1942, 7., 9., fyrri hluti 23. (50/39) og 29. tölul. 1. gr. laga nr. 6 1945, fyrri hluti 8. (30/12) og 33. tölul. 1. gr. laga nr. 71 1947, niðurlag 2. (15/19), 7., 10., 12., 16., 18. og 40. tölul. 1. gr. laga nr. 49 1950, 2., 3., 8., 11. og 16. tölul. 1. gr. laga nr. 108 1951 og 4., 14., 15., 17., 24. og 29. tölul. 1. gr. og æ-liður 3. tölul. 2. gr. laga nr. 31 1953, allra um breyt. á l. nr. 62 1939, um tollskrá o. fl.

4. gr.

Þá er lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra, ásamt meginmáli eldri laga um breyt. á l. nr. 62 1939, um tollskrá o. fl., að því leyti sem þau eru enn í gildi, inn í lög nr. 62 1939, um tollskrá o. fl., og gefa þau út svo breytt.

Ed. 530. Lög [78. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jarðir í opinberri eigu.

(Afgreidd frá Ed. 23. marz.)

Samhljóða þskj. 465.

Sþ. 531. Fyrirspurn [180. mál]

til ríkisstjórnarinnar um ráðstafanir vegna erfiðleika togaraútgerðarinnar.

Frá Gils Guðmundssyni.

1. Hefur ríkisstjórnin hafizt handa um að leysa þau vandkvæði, sem steðja að togaraútgerð landsmanna og eru í þann veginn að stöðva þann atvinnurekstur?
2. Hverjar opinberar ráðstafanir telur ríkisstjórnin koma til greina til að bæta kjör togarasjómanna, rétta hlut útgerðarinnar og koma í veg fyrir algera stöðvun togaraflotans?

Nd. 532. Nefndarálit [173. mál]

um frv. til laga um brunatryggingar í Reykjavík.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Við undirritaðir höfum ekki getað átt samleið með samnefndarmönnum okkar um afgreiðslu þessa máls. Við teljum nauðsynlegt, að gerðar séu breytingar á frumvarpinu, en meiri hlutinn vill samþykkja það óbreytt. Við leggjum til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

I. *Aðaltillögur:*

a. 1. gr. orðist svo:

1. gr. laganna orðast þannig:

Öll hús í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, hvort sem þau eru almenningseign eða einstakra manna, skulu tryggð gegn eldsvoða með fullu verði þeirra eftir virðingu dómkvaddra manna. Bæjarstjórnin skal hafa eftirlit með virðingargerðum, og skal ekkert hús tekið í ábyrgð fyrir hærri upphæð en hún

álítur hæfilega. Ný hús skal virða ekki síðar en 4 vikum eftir að þau eru fullgerð eða tekin til afnota.

Heimilt er að breyta árlegu brunabótaverði húsa samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar í Reykjavík, eftir reglum, er bæjarstjórn setur með samþykki ráðherra.

Vísitölu byggingarkostnaðar reiknar Hagstofa Íslands árlega í janúarmánuði samkvæmt verðlagi næstliðins árs, miðað við byggingarkostnað 1939.

b. 2. gr. orðist svo:

2. gr. laganna orðast þannig:

Húseigendum er heimilt að tryggja hús sín hjá hverju því tryggingarfélagi, sem viðurkennt er af ráðherra þeim, sem fer með tryggingarmál.

c. 3. gr. orðist svo:

Aftan við 3. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Tryggingin fellur ekki niður, þótt dráttur verði á greiðslu iðgjalda.

d. 4.—6. gr. falla niður.

e. Aftan við 7. gr. bætist: og jafnframt er úr gildi 1. gr. l. nr. 87 1943.

f. Fyrirsögn orðist svo:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 26. marz 1924, um brunatryggingar í Reykjavík.

II. *Varatillögur:*

Við 1. gr.

a. Aftan við 1. málsgr. bætist: að undangengnum útboðum.

b. 3. málsgr. orðist svo:

Tekjur, sem bæjarstjórn kann að hafa af starfsemi samkv. 1. málsgr., skal leggja í sérstakan sjóð til lækkunar á iðgjöldum húseigenda og til eflingar brunatryggingum húsa í Reykjavík eftir ákvörðun bæjarstjórnar.

Alþingi, 23. marz 1954.

Jörundur Brynjólfsson, frsm. Ásgeir Bjarnason, fundaskr.

Nd. 533. Frumvarp til laga [181. mál]

um breyting á lögum nr. 22 1. febr. 1952, um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins.

Flm.: Eysteinn Jónsson, Halldór Ásgrímsson, Lúðvík Jósefsson, Eggert Þorsteinsson.

1. gr.

Á eftir tölulið 8 í 1. gr. laganna komi nýr töluliður, svo hljóðandi:

Að virkja Lagarfoss á Fljótsdalshéraði í allt að 5300 hestafla orkuveri og leggja frá orkuverinu aðalorkuveitu til Egilsstaða, Seyðisfjarðarkaupstaðar, Neskaupstaðar, Eskifjarðarkauptúns, Búðareyrar í Reyðarfirði og Búðakauptúns.

2. gr.

a. Í stað orðanna „74 millj. kr.“ í fyrri málslið 2. gr. laganna komi: 90 millj. kr.

b. Í stað orðanna „25 millj. kr.“ í síðari málslið sömu lagagr. komi: 30 millj. kr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Að frv. þessu standa auk flutningsmanna aðrir þingmenn af Austurlandi, þeir Lárus Jóhannesson, Páll Zóphóníasson og Vilhjálmur Hjálmarsson.

Alþingi setti á sínum tíma heimildarlöggjöf um virkjun Fjarðarár í Seyðisfirði eða Grímsár á Völlum.

Mikið hefur verið rætt um virkjun Lagarfoss, en fram að þessu hefur hún verið álitin svo kostnaðarsöm, að hún kæmi ekki til greina, a. m. k. að svo stöddu.

Nú í vetur hefur farið fram ýtarleg athugun og samanburður á virkjunarmöguleikum eystra og þá í því sambandi bent á nýja leið til virkjunar Lagarfoss, ódýrari en áður hefur til greina komið.

Af þessu tilefni þykir flutningsmönnum nú nauðsynlegt, að bætt verði inn í lög nr. 22 1. febr. 1952, um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins, heimild um virkjun Lagarfoss.

Ed. 534. Nefndarálit [166. mál]

um frv. til l. um eignarnámsheimild fyrir Dalvíkurhrepp á erfðafesturéttindum í eignarlandi Dalvíkurhrepps.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin athugaði frumvarpið og ræddi efni þess á fundi í dag. Mælir hún einróma með því, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 23. marz 1954.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form.	Ingólfur Flygenring, fundaskr.	Karl Kristjánsson, frsm.
Haraldur Guðmundsson.	Gísli Jónsson.	

Sþ. 535. Nefndarálit [156. mál]

um till. til þál. um aukna kennslu í jarðvinnslu og meðferð búvéla í búnaðarskólum.

Frá fjárveitinganefnd

Nefndin leitaði álits skólastjóra búnaðarskólanna um tillöguna, og fylgja umsagnir þeirra sem fylgiskjöl með áliti þessu. Leggur nefndin til, að tillagan verði afgreidd með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að kennsla sú, sem tillagan fjallar um, er þegar framkvæmd, sumpart í búnaðarskólunum og sumpart á vegum vélasjóðs ríkisins, og í trausti þess, að þeirri kennslu verði haldið áfram og hún aukin eftir því, sem þörf krefur og ástæður leyfa, sér Alþingi ekki ástæðu til að gera sérstaka ályktun í málinu og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 24. marz 1954.

Pétur Ottesen, form.	Björn Björnsson, fundaskr.	Jón Kjartansson, frsm.
Lúðvík Jósefsson.	Halldór Ásgrímsson.	Karl Kristjánsson.
Magnús Jónsson.	Hannibal Valdimarsson.	Jónas G. Rafnar.

Fylgiskjal I.

Reykjavík, 12. febr. 1954.

Hef í dag meðtekið bréf yðar varðandi tillögu til þingsályktunar um aukna kennslu í jarðvinnslu og meðferð búvéla í búnaðarskólum.

Í bréfi þessu óskið þér eftir, að ég gefi yður umsögn um málið.

Á árunum 1945 til 1947 var vöntun á mönnum, sem kunnu að fara með jarðýtur og skurðgröfur. Vélasjóður ríkisins reyndi að bæta úr þessu með því að halda námskeið, þar sem kennt var að vinna með skurðgröfum og jarðýtum. Þessi námskeið voru haldin árlega um nokkurt skeið. Frá því um 1950 hefur, í þeim ræktunarsamböndum, sem ég þekki til í, verið völ á nógu mörgum hæfum mönnum til þessara starfa, enda víðast hvar unnið þannig, að tveir menn hafa verið ráðnir til vinnu með sömu vélina, annar maðurinn verið vanur vinnunni og meðferð vélarinnar, en hinn oft óvanur og þá ráðinn fyrir lægra kaup fyrsta starfsárið. Þetta fyrirkomulag hefur reynzt mjög vel og tryggt það, að þeim mönnum, sem fengið hafa góða þjálfun í umferðavinnu, hefur alltaf farið fjölgandi. Umferðavinnan lærist ekki á annan hátt, svo að vel sé, því að unnið er við svo breytileg skilyrði.

Í vélakennslu bændaskólanna er aðallega lögð áherzla á kennslu í meðferð, notkun og aðgerðum heimilisdráttarvéla ásamt tilheyrandi vinnuvélum. Þetta sjónarmið hefur verið talið eðlilegt vegna þess, að mikill meiri hluti búfræðinganna verða bændur oft fáum árum eftir að námi lýkur. Það væri því algerlega ástæðulaust að búa alla búfræðinga sérstaklega undir störf hjá ræktunarsamböndunum. En á það má benda í þessu sambandi, að það er miklu heppilegra fyrir ræktunarsamböndin að ráða til sín búfræðinga heldur en aðra, vegna þess að þeir þekkja hin almennu undirstöðuatriði jarðræktarinnar. En vélaþjálfunina verða þeir eins og aðrir að fá að mestu leyti í starfinu sjálfu. Þar verður maður að kenna manni í sjálfri umferðavinnunni. Þeim ræktunarsamböndum, sem eru í erfiðleikum með að fá vana vélamenn til starfa, er því heppilegast, að mínum dómi, að koma óvönum mönnum til vinnu í öðrum ræktunarsamböndum, þar sem þeir geta fengið tækifæri til að vinna með vönum mönnum. Þessi aðferð mun að öllu leyti vera raunhæfari og gefa margfalt betri lausn á málinu heldur en staðbundin kennsla um þetta í skólum eða á námskeiðum.

Virðingarfyllst,

Kristján Karlsson.

Til fjárveitinganefndar Alþingis.

Fylgiskjal II.

BÆNDASKÓLINN Á HVANNEYRI

Hvanneyri, 15. marz 1954.

Hef móttekið bréf háttvirtrar fjárveitinganefndar Alþingis, þar sem beðið er um umsögn mína um tillögu til þingsályktunar um aukna kennslu í jarðvinnslu og meðferð búvéla í búnaðarskólum.

Mér er ekki ljóst, hvað flutningsmenn þessarar tillögu eiga við með, þar sem þeir leggja til, að „fullkomin“ kennsla skuli vera í búnaðarskólunum í jarðvinnslu og meðferð og viðgerðum landbúnaðarvéla. Mér er ekki kunnugt um, að flutningsmenn hafi kynnt sér starfsemi bændaskólanna, og í greinargerð kemur það ekki ljóst fram, í hverju þeir telja, að helzt sé áfátt þar.

Í verklegu námi við bændaskólana kennum við alla þá þætti, sem fram koma í tillögunni. En hvenær er hægt að segja um kennslu, að hún sé fullkomin? Við

kennum í þessum greinum undirstöðu, sem aðallega er miðuð við þarfir bóndans. Við teljum það ekki í okkar verkahring að gera nemendur okkar fyrst og fremst að vélaviðgerðarmönnum. Sennilega hafa flutningsmenn enga hugmynd um það, að verkfæranefnd ríkisins og síðar vélanefnd ríkisins hafa haldið uppi sérstökum námskeiðum fyrir þá menn, er vilja undirbúa sig undir það að verða starfsmenn ræktunarsambanda. Með þeirri aðstöðu, sem nú er, getum við ekki tekið að okkur slík námskeið á Hvanneyri.

Ég lít svo á, að hlutverk bændaskólanna sé fyrst og fremst það að búa nemendur undir stöðu bóndans. Það gerum við eftir beztu getu, en um fullkomleika í þeim efnum er að sjálfsögðu ekki að ræða. Flestar breytingar til bóta kosta verulegt fjárframlag. Væri mér kært að fá tækifæri til þess að ræða það mál við fjárveitinganefnd, ekki einhliða með tilliti til kennslu á dráttarvélar, heldur verknámið allt. Óski fjárveitinganefnd eftir sérstökum tillögum um verklega námið, skal ég með ánægju láta þær í té.

Virðingarfyllst,

Guðm. Jónsson.

Til fjárveitinganefndar Alþingis.

Nd. 536. Breytingartillaga [12. mál]

við frv. til áfengislaga.

Frá Magnúsi Jónssyni

Við 11. gr. Aftan við 2. málsgr. 1. tölul. bætist: Áfengi til lyfjagerðar skal Áfengisverzlun ríkisins selja lyfjabúðum við kostnaðarverði.

Nd. 537. Breytingartillaga [164. mál]

við frv. til l. um brúargerðir.

Frá Ingólfi Jónssyni og Birni Björnssyni.

Við 2. gr. A. I. d. 23. liður orðist þannig:
Hólsá í Landeyjum.

Nd. 538. Nefndarálit [76. mál]

um frv. til l. um togaraútgerð ríkisins til atvinnujöfnunar.

Frá 2. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsnefnd hefur rætt mál þetta á nokkrum fundum, en ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þess. Tveir nefndarmanna (EirÞ og EmJ) mæla með frv. eins og það liggur fyrir. Aðrir tveir (PÖ og SÁ) mæla gegn því. Undirritaður 2. minni hl. hefur þá sérstöðu í málinu, að hann vill gera allmiklar breytingar á efni frv. og mælir með því, að það verði samþykkt með þeim breytingum.

Þessi minni hl. getur fallizt á þá meginhugsun frv., að rétt sé, að þjóðfélagið stuðli að því, að sjávarafli sé lagður á land til verkunar og vinnslu í sjávarbyggðum, sem hafa komið sér upp verkunarstöðvum eða fiskiðjuverum, en skortir verk-

efni fyrir verkunarstöðvar þessar eða fiskiðjuver um lengri eða skemmri tíma ársins. Telur þessi minni hl., að með því að skjóta á þennan hátt stoðum undir atvinnurekstur þessara staða sé réttilega og á heilbrigðan hátt að því unnið að koma á og viðhalda jafnvægi í byggð landsins. Í þessu skyni telur hann það vel geta komið til greina, að stór veiðiskip séu látin afla fyrir tvo eða fleiri staði og leggja aflann á land til skiptis á þessum stöðum, eftir því sem nauðsyn krefur og hafnarskilyrði og önnur aðstaða leyfir. Hins vegar telur hann eðlilegast, að reynt sé að koma því til leiðar, að forráðamenn þeirra staða, er í hlut eiga, stofni til félagsskapar um útgerð af þessu tagi og eigi frumkvæði að henni, en eigi kost á tilteknu hlutafjárframlagi frá ríkinu og ríkisábyrgð á stofnkostnaði að tilteknu marki, enda hafi ríkið þá rétt til að sjá svo um, að framkvæmdastjórn sé í öruggum höndum. Þó getur þessi minni hl. fallizt á að veita með sérstökum skilyrðum heimild til takmarkaðrar ríkisútgerðar, ef knýjandi nauðsyn ber til og fullreynt þykir, að ekki takist að efna til félagsútgerðar.

Á það skal bent, að það hefur þegar komið fyrir hér á landi, að stofnað hefur verið til samvinnu nokkurra sjávarþorpa um sams konar útgerðarstarfsemi og hér er gert ráð fyrir — þó án hlutafjárframlaga frá ríkinu — og hefur þótt gefast vel. En ríkisútgerð fiskiskipa er óreynd og að ýmsu leyti miður heppilegt úrræði, þótt einstöku sinnum hafi verið uppi tillögur á Alþingi um slíkan rekstur og þær ástæður geti verið fyrir hendi, að til slíks úrræðis verði að grípa.

Þessi minni hl. er þeirrar skoðunar, að það mál, sem hér er um að ræða, þurfi að athuga gaumgæfilega, áður en ráðizt er í framkvæmdir, og telur sérstaklega nauðsynlegt, að heimamenn á hverjum stað geri sér grein fyrir aðstöðu allri og möguleikum. Í því sambandi þarf að athuga löndunarskilyrði á hverjum stað, hvaða fiskimið komi til greina á tilteknum tíma árs, skiptingu afla milli staða o. fl., svo og rekstrarmöguleika í heild. Má hvergi hrapa að svo stóru máli. Samt telur hann tímabært, að Alþingi sinni málinu og veiti þær heimildir, sem í brtt. hans felast.

Samkvæmt þessu leggur þessi minni hl. til, að frv. verði samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkisstjórninni er heimilt að verja allt að 5 milljónum króna til að kaupa hlutabréf í hlutafélögum, sem stofnuð eru með þátttöku tveggja eða fleiri bæjar- og sveitarfélaga og reka útgerð stórra veiðiskipa til að koma á og viðhalda jafnvægi í byggð landsins samkvæmt lögum þessum.
2. Á eftir 1. gr. komi sex nýjar greinar, svo hljóðandi:
   a. (2. gr.) Nú verða stjórnir tveggja eða fleiri bæjar- og sveitarélaga — þar sem atvinna er stopul og verkunarstöðvar eða fiskiðjuver skortir verkefni — sammála um að stofna félag til útgerðar samkvæmt 1. gr. og leggja fram hlutafé í því skyni, og skulu þær þá leita eftir hlutafjárframlögum þeirra aðila, er aðallega annast fiskverkun og verzlun í hlutaðeigandi kaupstað eða kauptúni. Þá skal og heimamönnum í bæjar- eða sveitarfélögunum gefinn kostur á að leggja fram hlutafé. Fáist þátttaka þessara aðila, svo að um muni, og nemi hlutafjárloforð samtals a. m. k. 10% af áætluðum stofnkostnaði útgerðar, er bæjar- eða sveitarstjórnunum rétt að snúa sér til félagsmálaráðuneytisins með beiðni um hlutafjárframlög af hálfu ríkisins, og er ríkisstjórninni þá heimilt að leggja fram hlutafé allt að 10% stofnkostnaðar, enda séu verkunarskilyrði afla fyrir hendi á þeim stöðum, er að félagsstofnuninni standa, og að öðru leyti svo ástatt sem um getur í 1. málsliðs þessarar greinar.
   b. (3. gr.) Um stofnun og stjórn félagsins fer eftir lögum um hlutafélög með þeim takmörkunum, er lög þessi ákveða. Val framkvæmdastjóra er þó háð samþykki ríkisstjórnarinnar.

c. Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast f. h. ríkissjóðs allt að 80% af kaupverði skips, sem gert er út samkv. lögum þessum.
d. (5. gr.) Skip þau, sem gerð eru út af félögum, sem stofnuð eru samkv. lögum þessum, skulu, eftir því sem nánar verður ákveðið, leggja afla sinn á land í kaupstöðum þeim og þorpum, er að stofnun útgerðarfélags standa samkv. lögum þessum.
e. (6. gr.) Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán til hlutabréfakaupa samkv. lögum þessum.
f. (7. gr.) Ef fullreynt þykir, að stofnun félagsútgerðar takist ekki samkvæmt lögum þessum, er ríkisstjórninni heimilt að gera út allt að fjórum stórum veiðiskipum til þess að leggja afla á land í verstöðvum, þar sem útgerð er lítil, en skortur á atvinnu og fiski til verkunar og vinnslu, enda séu líkur til, að reksturinn geti borið sig fjárhagslega, og um það samið fyrir fram, að þau byggðarlög, er sérstaklega njóta útgerðarinnar, beri a. m. k. helming ábyrgðar á rekstrinum og njóti tilsvarandi hagnaðar, ef til kemur. Útgerðarstjórn veiðiskips eða veiðiskipa, sem ríkið gerir út, skal falin síldarverksmiðjum ríkisins. Óheimilt er að gera út skip samkv. þessari grein til að leggja afla á land á einum útgerðarstað, enda skal útgerðin við það miðuð, að hún komi sem flestum útgerðarstöðvum að gagni til öflunar hráefnis og til atvinnujöfnunar.

3. 2.—6. gr. falli niður.
4. Fyrirsögn frv. verði: Frumvarp til laga um félagsútgerð stórra veiðiskipa til að koma á og viðhalda jafnvægi í byggð landsins.

Alþingi, 24. marz 1954.

Gísli Guðmundsson,
fundaskr.

Nd. 539. Breytingartillaga [12. mál]

við brtt. á þskj. 489 [Áfengislög].

Frá Jóhanni Hafstein og Kjartani J. Jóhannssyni.

Við 4. tölulið. Orðin „svo og að ákveða, að dans megi ekki fara fram þar, sem vínveitingar eru“ í 7. málsgr. falli niður.

Nd. 540. Breytingartillaga [12. mál]

við brtt. á þskj. 489 [Áfengislög].

Frá Skúla Guðmundssyni.

Við 9. tölul. Síðasti málsl. fyrri málgsr. orðist svo: Nefndirnar skulu vera ólaunaðar, en kostnaður við störf þeirra, ef einhver er, greiðist úr ríkissjóði að öðru leyti en því, að hlutaðeigandi hreppur eða kaupstaður greiðir fyrir nauðsynlegt húsnæði handa þeim.

Nd. 541. Nefndarálit [84. mál]

um frv. til laga um Kirkjubyggingasjóð.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og orðið sammála um að mæla með, að það verði samþykkt óbreytt. eins og það liggur nú fyrir.

Alþingi, 24. marz 1954.

Gunnar Thoroddsen, form. Páll Þorsteinsson, fundaskr. Kjartan J. Jóhannsson, frsm.
Halldór Ásgrímsson. Hannibal Valdimarsson.

Nd. 542. Nefndarálit [125. mál]

um frv. til laga um húsaleigu.

Frá 2. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Við undirritaðir leggjum til, að bæði 10. og 11. kafli frv. (heimildarákvæði fyrir sveitarstjórnir og um húsaleigumiðstöð) verði alveg felldir niður, einnig 12. kafli frv. Að öðru leyti mælum við með frv., en áskiljum okkur rétt til þess að flytja breytingartillögur og fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Frumvarp þetta er í meginatriðum samhljóða frv., er flutt var á þinginu 1951 og samið hafði verið af nefnd, sem félagsmálaráðherra skipaði á sínum tíma. Frv. náði þá ekki fram að ganga.

Um það getur ekki verið ágreiningur, að tímabært sé að setja almenna löggjöf um samskipti leigusala og leigutaka. Um þau viðskipti hefur engin löggjöf verið sett nema undir óvenjulegum kringumstæðum, eins og á ófriðartímum. Fullkomin löggjöf, sem næði yfir þessi algengu viðskipti, kæmi í veg fyrir óþarfa málarekstur og vandræði, sem hlotizt geta af óvissu um það, hvaða reglur skuli gilda í ýmsum tilvikum, sem ógerlegt er að hafa öll í huga við samningsgerð. Því erum við undirritaðir sammála samnefndarmönnum okkar um ákvæði 9 fyrstu kafla frv. Hins vegar erum við andvígir því að heimila sveitarstjórnum að innleiða á ný bindingarákvæði gömlu húsaleigulaganna, eins og gert er ráð fyrir í 10. kafla frv., og taka upp enn strangari þvingunarreglur en nokkru sinni giltu á stríðsárunum, svo sem heimilað er í 11. kaflanum. Við teljum, að hömlur þær á umráðarétti manna yfir húsum sínum, sem heimilaðar eru í nefndum köflum, verði sízt af öllu til þess að auka framboðið á leiguhúsnæði og stefni því í þveröfuga átt við þarfir þjóðfélagsins, eins og nú er háttað.

Leggjum við því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

48.—76. gr. ásamt fyrirsögnum X.—XII. kafla falli niður, og breytist greinatala samkvæmt því.

Alþingi, 24. marz 1954.

Jónas G. Rafnar, frsm. Kjartan J. Jóhannsson.

Nd. 543. Breytingartillaga [12. mál]

við brtt. á þskj. 516 [Áfengislög].

Frá Magnúsi Jónssyni og Jóhanni Hafstein.

Fyrir 1. málsl. koma tveir málsl., svo hljóðandi:
Dómsmálaráðherra skipar eftirlitsmann, einn eða fleiri, með öllum þeim veitingastöðum, er vínveitingaleyfi hafa. Ríkissjóður greiðir laun eftirlitsmanna, en leyfishafar skulu endurgreiða ríkissjóði kostnað við eftirlitið, eftir ákvörðun ráðherra.

Nd. 544. Breytingartillögur [173. mál]

við frv. til l. um brunatryggingar í Reykjavík.

Frá Lúðvík Jósefssyni og Karli Guðjónssyni.

1. Við 1. gr.
   a. 1. málsgr. orðist svo:
      Bæjar- og sveitarstjórnum er heimilt að taka í eigin hendur brunatryggingar allra húseigna í umdæmi sínu eða semja við eitt vátryggingarfélag eða fleiri um slíkar tryggingar eða um endurtryggingar á áhættu sveitarfélagsins. Þá er og einstökum bæjar- eða sveitarfélögum heimilt að mynda með sér félög um sameiginleg tryggingasvæði.
   b. Í stað orðanna „bæjarsjóðs“ í 2. málsgr. og „bæjarstjórn“ í 3. málsgr. og síðar í frv. komi: bæjar- eða sveitarsjóðs — og: bæjar- eða sveitarstjórn.
2. Við 2. gr. Aftan við orðin „Fasteignaeigendafélags Reykjavíkur“ komi: eða almennra samtaka iðgjaldagreiðenda.
3. Við 3. gr. Í stað orðanna „í bænum“ í lok síðustu málsgr. komi: á tryggingasvæðinu.
4. Fyrirsögn frv. verði: Frumvarp til laga um brunatryggingar bæjar- og sveitarfélaga.

Ed. 545. Frumvarp til laga [182. mál]

um stækkun lögsagnarumdæmis Húsavíkurkaupstaðar.

Flm.: Karl Kristjánsson.

1. gr.

Jörðin Kaldbakur í Reykjahreppi, sem er eign Húsavíkurkaupstaðar, skal lögð undir lögsagnarumdæmi Húsavíkurkaupstaðar frá 1. maí 1954.

2. gr.

Frá sama tíma tekur Húsavíkurkaupstaður að sér framfærslu allra þeirra, sem eru eða verða þurfamenn og framfærslurétt eiga eða mundu eignast í Reykjahreppi, ef lög þessi væru ekki sett, vegna dvalar eða fæðingar í Kaldbak.

3. gr.

Nú verður ekki, innan sex mánaða frá gildistöku laga þessara, samkomulag milli bæjarstjórnar Húsavíkurkaupstaðar og hreppsnefndar Reykjahrepps um bætur fyrir tekjurýrnun Reykjahrepps, er leiðir af ákvæðum 1. gr., og skulu þær þá ákveðnar af gerðardómi, skipuðum þrem mönnum. Nefna aðilarnir sinn manninn hvor í

dóminn, en félagsmálaráðherra skipar oddamann, sem skal vera formaður dómsins. Vanræki annar hvor aðili eða báðir að nefna mann í dóminn, skal félagsmálaráðherra skipa mann eða menn í staðinn, svo að dómurinn verði fullskipaður.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir beiðni bæjarstjórnar Húsavíkurkaupstaðar og hreppsnefndar Reykjahrepps. Augljóst er, að heppilegast er, að jörð sú, er um ræðir og Húsavíkurkaupstaður fékk til eignar og umráða 1949, verði lögð undir lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, svo að samfara verði eignarréttinum sveitarfélagsleg réttindi og skyldur.

Frumvarpið tryggir, svo sem skylt er, að bætur fyrir tekjurýrnun þess sveitarfélagsins, sem jörðin gengur undan, verði ákveðnar með gerðardómi, ef ekki takast samningar milli sveitarfélaganna um þær.

Útdrættir úr fundargerðum bæjarstjórnar Húsavíkur og sveitarstjórnar Reykjahrepps eru prentaðar hér með sem fylgiskjöl.

Fylgiskjal I.

BÆJARSTJÓRINN HÚSAVÍK

Útdráttur úr fundargerð bæjarstjórnar Húsavíkur 10. marz 1954.

....

6. Bæjarstjórn Húsavíkur samþykkir, að leitað sé samþykkis Reykjahrepps um að innlima býlið Kaldbak í lögsagnarumdæmi Húsavíkurkaupstaðar og að því fengnu sé þingmaður kjördæmisins beðinn að flytja málið á Alþingi.

....

Réttan útdrátt staðfestir.

Húsavík, 20. marz 1954,

Friðf. Árnason.

Fylgiskjal II.

Útdráttur úr fundargerð sveitarstjórnar Reykjahrepps 16. marz 1954.

....

1. Tekið fyrir erindi bæjarstjórnar Húsavíkurkaupstaðar frá 15. marz 1954 um, að býlið Kaldbakur í Reykjahreppi sé innlimað í lögsagnarumdæmi Húsavíkurkaupstaðar.

   Út af því samþykkti sveitarstjórnin eftirfarandi:

   Með því að býlið Kaldbakur í Reykjahreppi er orðið eign Húsavíkurkaupstaðar og er nytjað af honum, telur sveitarstjórn Reykjahrepps eðlilegt og er því samþykk, að það sé innlimað í lögsagnarumdæmi Húsavíkurkaupstaðar og að þingmaður kjördæmisins sé beðinn að flytja það mál á Alþingi.

....

Hveravöllum, 16. marz 1954.

Í sveitarstjórn Reykjahrepps,

Baldvin Friðlaugsson. Jón H. Þorbergsson. Jón Þórarinsson.

Ed. 546. Frumvarp til laga [183. mál]

um breyting á lögum um Framkvæmdabanka Íslands, nr. 17 10. febrúar 1953.

(Lagt fyrir Alþingi á 73. löggjafarþingi, 1954.)

1. gr.

Í stað orðanna „80 milljónir“ í 2. málsgr. 9. gr. laganna komi: 175 milljónir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Síðan lögin um Framkvæmdabankann voru sett, hefur hann tekið þrjú erlend lán, samtals rúmar 27 millj. króna. Þá er og nú ráðgert, að bankinn annist um lántöku erlendis til fyrirhugaðrar sementsverksmiðju. Fjárhæð þess láns mun væntanlega verða 40—50 millj. króna. Enn fremur mun bankanum verða falið að leita eftir erlendum lánum til raforkuframkvæmda þeirra, sem ráðizt verður í samkv. áætlun ríkisstjórnarinnar í raforkumálum. Auk þessa verður svo á hverjum tíma að vera fyrir hendi hæfileg ábyrgðarheimild í 9. gr. laganna um Framkvæmdabankann, til þess að bankanum sé unnt að gegna hlutverki sínu lögum samkvæmt.

Af framangreindum ástæðum hefur ríkisstjórnin talið nauðsynlegt að hækka ábyrgðarheimild þá, sem nú má samkvæmt 9. gr. laganna ekki vera hærri en 80 millj. króna, í 175 milljónir.

Rétt er að geta þess, að með lögum nr. 92/1952 er ríkisstjórninni heimilað að taka 22 millj. króna lán handa stofnlánadeildum Búnaðarbanka Íslands, Byggingarsjóði og Ræktunarsjóði. Þetta lán tók Framkvæmdabankinn með ábyrgð ríkissjóðs samkv. 2. málsgr. 9. gr. laganna um Framkvæmdabanka, og fellur því heimild laga nr. 92/1952 niður ónotuð. Enn fremur mun falla niður lántökuheimild ríkisstjórnarinnar að fjárhæð 46 millj. króna í lögum nr. 35/1948, um sementsverksmiðju, sbr. lög nr. 57/1950, ef Framkvæmdabankinn annast þá lántöku með ábyrgð ríkisstjórnarinnar samkv. 9. gr. laga nr. 17/1953.

Samanlagðar eldri lántökuheimildir, sem þannig falla niður, nema því 68 millj. króna.

Ed. 547. Frumvarp til laga [184. mál]

um breyting á lögum nr. 66 27. júní 1921, um fasteignaskatt.

(Lagt fyrir Alþingi á 73. löggjafarþingi, 1954.)

1. gr.

Upphaf 1. gr. laganna orðist svo:

Af öllum fasteignum á landinu, sem eru ekki sérstaklega undanþegnar, skal greiða árlega af fasteignamatsverði skatt í sveitarsjóð, þar sem fasteignirnar eru, eins og hér segir:

2. gr.

Í stað orðanna „í fyrsta sinn 1922“ í 8. gr. laganna komi: í fyrsta sinn 1954, og skila honum til gjaldkera hlutaðeigandi sveitarsjóða.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að ákveðið verði, að árið 1954 og framvegis skuli skattur sá, er ríkið hefur tekið af fasteignum síðan 1922, gangi til sveitarsjóðanna. Ef frumvarpið verður að lögum, fær sveitarsjóður hverrar sveitar — eða kaupstaðar — skattinn af fasteignum þar. Lögreglustjórar innheimta skattinn eins og áður, en skila nú fénu til sveitarfélaganna, en ekki ríkisins.

Ríkisstjórnin leggur frumvarpið fram vegna þess, að hún telur rétt, að sveitarfélögin hafi álöguréttinn á fasteignir.

Sþ. 548. Nefndarálit [68. mál]

um till. til þál. um breytingu á bátagjaldeyrislistanum.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur ekki getað orðið sammála um afgreiðslu málsins. Leggur meiri hluti n. til, að till. verði vísað til ríkisstjórnarinnar, en minni hl. leggur til, að hún verði samþykkt.

Sjálfsagt hefur það ekki verið meining þeirra, sem að bátagjaldeyrinum stóðu — og standa enn, að leggja um leið stein í götu annarra atvinnuvega í landinu, en það er þó gert nú með ýmsum þeim ákvæðum sem í gildi eru um bátagjaldeyrinn. Nokkur hráefni og vélar til iðnaðar eru með álagi þessu gerð svo óhóflega dýr, að sú framleiðsla, sem við slíkt á að búa, er sett til hliðar í eðlilegri samkeppni. Þetta vill minni hl. n. að lagað verði, eins og þáltill. gerir ráð fyrir.

Alþingi, 25. marz 1954.

Emil Jónsson.

Sþ. 549. Nefndarálit [96. mál]

um till. til þál. um ríkisútgáfu námsbóka.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur ekki getað orðið sammála um afgreiðslu málsins. Leggur meiri hl. til, að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar, en minni hl. leggur til, að tillagan verði samþykkt.

Það er að vísu ljóst, að ef ríkisútgáfa námsbóka á að taka að sér útgáfu námsbóka gagnfræðastigsins til viðbótar við þá útgáfustarfsemi, sem hún nú hefur með höndum, þá þarf til þess að útvega henni nýtt viðbótarstarfsfé. Þetta fé verður sjálfsagt ekki útvegað fyrr en við setningu næstu fjárlaga. Tímann þangað til mætti því nota til að undirbúa málið, og gæti þá útgáfan væntanlega tekið til starfa við þetta verkefni strax og fjárveitingin verður veitt.

Um það munu flestir sammála, að ríkisútgáfan hafi innt af höndum merkilegt verk og þarft við útgáfu námsbóka fyrir barnaskólana. Er ekki að efa, að svipað mundi verða, ef útgáfan tæki nú að sér til viðbótar útgáfu námsbóka gagnfræðastigsins. Eftir að gagnfræðanámið hefur verið gert að skyldunámi, er eðlilegt, og raunar einnig í mörgum tilfellum nauðsynlegt, að þessi háttur verði upp tekinn og nemendur þannig losaðir við mikil útgjöld til námsbókakaupa.

Alþingi, 25. marz 1954.

Emil Jónsson, frsm. Karl Guðjónsson.

Nd. 550. Nefndarálit [170. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 27. febr. 1953, um breyt. á l. nr. 50/1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin ræddi frv. á fundi sínum í dag og varð á einu máli um að mæla með samþykkt þess.

Alþingi, 25. marz 1954.

Björn Björnsson, form. Kjartan J. Jóhannsson, fundaskr. Gylfi Þ. Gíslason, frsm.
Páll Þorsteinsson. Jónas G. Rafnar.

Nd. 551. Nefndarálit [125. mál]

um frv. til laga um húsaleigu.

Frá 3. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Ég var fjarstaddur sökum lasleika, er mál þetta var afgreitt endanlega í nefndinni, og gat því ekki látið þar í ljós afstöðu mína til þess. Ég mæli með því, að frv. nái fram að ganga, en áskil mér þó rétt til þess að flytja breytingartillögur eða fylgja tillögum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 25. marz 1954.

Gylfi Þ. Gíslason.

Ed. 552. Breytingartillögur [121. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 8 24. marz 1944, um breyt. á l. nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

Frá Finnboga R. Valdimarssyni og Guðmundi Í. Guðmundssyni.

1. Á undan 1. gr. komi 3 nýjar greinar, svo hljóðandi:
   a. (1. gr.) 1. töluliður 1. gr. laga nr. 44 1932 orðist svo:
      Reykjavíkurhérað: Reykjavíkurkaupstaður og Seltjarnarneshreppur. Læknissetur í Reykjavík.
   b. (2. gr.) Á eftir 1. tölul. 1. gr. laga nr. 44 1932 kemur nýr liður, svo hljóðandi:
      Kópavogshérað: Kópavogshreppur. Læknissetur í Kópavogi.
   c. (3. gr.) Orðin „Seltjarnarneshreppur fyrir ofan Elliðaár“ í 3. gr. laga nr. 17 1945 (Álafosshérað) falli niður.
2. Fyrir orðið „fellur“ í 3. gr. kemur: og 4. gr. laga nr. 17 1945 falla.
3. Fyrirsögn orðist svo: Frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna, og l. nr. 8 1944, um breyt. á þeim lögum.

Sþ. 553. Tillaga til þingsályktunar [185. mál]

um athugun á brunatryggingum húseigna utan Reykjavíkur.

Flm.: Magnús Jónsson, Einar Ingimundarson, Jónas Rafnar, Kjartan J. Jóhannsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta rannsaka í samráði við sýslunefndir og bæjarstjórnir utan Reykjavíkur, hvernig brunatryggingum húsa í bæjum og sveitum verði hagkvæmast fyrir komið. Skal rannsókn þessari lokið það snemma, að auðið verði að gera á næsta þingi þær lagabreytingar, sem nauðsynlegar kunna að verða.

Greinargerð.

Samkvæmt lögum er skylt að brunatryggja allar húseignir á landinu, nema útihús í sveitum, ef þau eru nægilega aðgreind frá íbúðarhúsum. Húseignir utan Reykjavíkur eru samkv. l. nr. 73/1942 skyldutryggðar hjá Brunabótafélagi Íslands, sem er gagnkvæmt ábyrgðarfélag, en um brunatryggingar í Reykjavík gilda sérlög, nr. 1/1924. Er bæjarstjórn Reykjavíkur með þeim lögum veittur réttur til þess að leita tilboða tryggingafélaga um brunatryggingar í bænum og reyna þannig á samkeppnisgrundvelli að ná sem hagkvæmustum tryggingaskilmálum. Önnur sveitarfélög á landinu eru hins vegar bundin með lögum við ákveðið tryggingafélag og verða að hlíta skilmálum þess. Hefur orðið vart allmikillar óánægju og gagnrýni á þetta skipulag, einkum í kaupstöðunum, sem ýmsir telja sig mundu ná betri tryggingakjörum með frjálsu útboði.

Á þessu máli eru margar hliðar, og verður að teljast varhugavert að leggja niður Brunabótafélag Íslands, nema ýtarleg athugun á skipulagi trygginganna leiði í ljós, að önnur skipun mála sé hagkvæmari og ódýrari fyrir húseigendur í bæjum og sveitum landsins.

Bæjarstjórn Reykjavíkur hefur nú í hyggju að breyta nokkuð skipun brunatrygginga í bænum á grundvelli fenginnar reynslu. Ekki er fyrir hendi hliðstæð athugun á tilhögun brunatrygginga utan Reykjavíkur, þannig að nægilega hafi verið gerður samanburður á þeim ýmsu leiðum, sem til greina koma. Flutningsmenn þessarar tillögu telja ekki tímabært að kveða upp úr um það, að sama skipun henti sveitarfélögum úti um land og Reykjavík. En þar sem hér er um mikilvægt hagsmunamál allra húseigenda í sveitum og bæjum landsins að ræða og allmikillar gagnrýni hefur orðið vart á núverandi skipun brunatrygginganna, teljum við sjálfsagt, að heildarathugun fari nú fram á brunatryggingunum. Er nauðsynlegt, að ríkisstjórnin hafi forustu um þessa rannsókn, en að sjálfsögðu þarf að hafa samráð við hinar ýmsu bæjarstjórnir og sýslunefndir og leita álits þeirra, áður en gengið er frá endanlegum tillögum í málinu.

Ed. 554. Nefndarálit [107. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 87 frá 5. júní 1947, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi 26. marz 1954.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form., frsm.
Ingólfur Flygenring, fundaskr.
Gísli Jónsson.
Karl Kristjánsson.
Haraldur Guðmundsson.

Ed. 555. Lög [166. mál]

um eignarnámsheimild fyrir Dalvikurhrepp á erfðafesturéttindum í eignarlandi Dalvíkurhrepps.

(Afgreidd frá Ed. 26. marz.)

Samhljóða þskj. 459.

Nd. 556. Frumvarp til laga [173. mál]

um brunatryggingar bæjar- og sveitarfélaga.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Bæjar- og sveitarstjórnum er heimilt að taka í eigin hendur brunatryggingar allra húseigna í umdæmi sínu eða semja við eitt vátryggingarfélag eða fleiri um slíkar tryggingar eða um endurtryggingar á áhættu sveitarfélagsins. Þá er og einstökum bæjar- eða sveitarfélögum heimilt að mynda með sér félög um sameiginleg tryggingasvæði.

Tekjur vátryggingarfélags af starfsemi samkvæmt samningi um slíkar tryggingar eru undanþegnar sköttum til bæjar- eða sveitarsjóðs og ríkissjóðs.

Tekjur, sem bæjar- eða sveitarstjórn kann að hafa af starfsemi samkv. 1. málsgr., skal leggja í sjóð til eflingar brunavörnum og tryggingarstarfsemi og lækkunar á iðgjöldum húseiganda eftir ákvörðun bæjar- eða sveitarstjórnar.

2. gr.

Áður en bæjar- eða sveitarstjórn gerir samning samkv. 1. málsgr. 1. gr., skal leita álits Fasteignaeigendafélags Reykjavíkur eða almennra samtaka iðgjaldagreiðenda um málið. Enn fremur skal fulltrúa, er stjórn félagsins tilnefnir, heimilt að fylgjast með ráðstöfun sjóðs þess, er um ræðir í 3. málsgr. 1. gr.

3. gr.

Skylt er að hafa öll hús í lögsagnarumdæminu brunatryggð hjá þeim aðila, er tryggingar annast samkv. 1. gr., og með því vátryggingarverði, er dómkvaddir menn meta, og meta þeir jafnframt brunatjón. Ef annar hvor aðili vill ekki una því mati, getur hann óskað yfirmats.

Ný hús skal meta eigi síðar en 4 vikum eftir að þau eru tekin í notkun.

Bæjar- eða sveitarstjórn er heimilt að breyta árlega brunabótaverði húsa til samræmis við breytingar, er verða á byggingarkostnaði húsa á tryggingasvæðinu.

4. gr.

Öll iðgjöld og matskostnaður hvíla á húseignum þeim, sem tryggðar eru, með forgangsrétti fyrir öðrum skuldbindingum, sem á eignunum hvíla.

Ef iðgjöld eru ekki greidd á réttum gjalddaga, má innheimta þau með lögtaki.

5. gr.

Bæjar- eða sveitarstjórn setur nánari reglur um vátryggingarkjör, iðgjöld og annað það, er máli skiptir í sambandi við framkvæmd laga þessara.

6. gr.

Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 1 26. marz 1924, um brunatryggingar í Reykjavík, og lög nr. 87 16. des. 1943, um breyting á þeim lögum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 557. Frumvarp til læknaskipunarlaga. [186. mál]

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. gr.

Á Íslandi skulu vera læknishéruð, sem hér greinir:

1. *Reykjavíkurhérað:* Reykjavíkurkaupstaður og Seltjarnarneshreppur. Læknissetur í Reykjavík;
2. *Kópavogshérað:* Þingvallahreppur, Kópavogshreppur, Mosfellshreppur, Kjalarneshreppur og Kjósarhreppur. Læknissetur í Kópavogi;
3. *Akraneshérað:* Hvalfjarðarstrandarhreppur, Skilmannahreppur, Innri-Akraneshreppur, Akraneskaupstaður og Leirár- og Melahreppur. Læknissetur á Akranesi;
4. *Kleppjárnsreykjahérað:* Andakílshreppur, Skorradalshreppur, Lundarreykjadalshreppur, Reykholtsdalshreppur, Hálsahreppur, Hvítársíðuhreppur, Þverárhlíðarhreppur, Norðurárdalshreppur og Stafholtstungnahreppur. Læknissetur á Kleppjárnsreykjum;
5. *Borgarneshérað:* Borgarhreppur, Borgarneshreppur, Álftaneshreppur, Hraunhreppur, Kolbeinsstaðahreppur og Eyjahreppur. Læknissetur í Borgarnesi;
6. *Ólafsvíkurhérað:* Breiðuvíkurhreppur, Neshreppur, Ólafsvíkurhreppur og Fróðárhreppur. Læknissetur í Ólafsvík;
7. *Stykkishólmshérað:* Miklaholtshreppur, Staðarsveit, Eyrarsveit, Helgafellssveit, Stykkishólmshreppur og Skógarstrandarhreppur. Læknissetur í Stykkishólmi;
8. *Búðardalshérað:* Hörðudalshreppur, Miðdalahreppur, Haukadalshreppur, Laxárdalshreppur, Hvammshreppur, Fellsstrandarhreppur, Klofningshreppur, Skarðshreppur og Saurbæjarhreppur. Læknissetur í Búðardal;
9. *Reykhólahérað:* Geiradalshreppur, Reykhólahreppur og Gufudalshreppur. Læknissetur á Reykhólum;
10. *Flateyjarhérað:* Flateyjarhreppur, Múlahreppur og Barðastrandarhreppur. Læknissetur í Flatey;
11. *Patreksfjarðarhérað:* Rauðasandshreppur, Patrekshreppur og Tálknafjarðarhreppur. Læknissetur á Patreksfirði;
12. *Bíldudalshérað:* Ketildalahreppur, Suðurfjarðahreppur og Auðkúluhreppur. Læknissetur á Bíldudal;
13. *Þingeyrarhérað:* Þingeyrarhreppur og Mýrahreppur. Læknissetur á Þingeyri;
14. *Flateyrarhérað:* Mosvallahreppur, Flateyrarhreppur og Suðureyrarhreppur. Læknissetur á Flateyri;
15. *Bolungarvíkurhérað:* Hólshreppur. Læknissetur í Bolungarvík;

16. *Ísafjarðarhérað:* Ísafjarðarkaupstaður og Eyrarhreppur. Læknissetur á Ísafirði;
17. *Súðavíkurhérað:* Súðavíkurhreppur, Ögurhreppur, Reykjarfjarðarhreppur, Nauteyrarhreppur, Snæfjallahreppur, Grunnavíkurhreppur og Sléttuhreppur. Læknissetur í Súðavík;
18. *Djúpavíkurhérað:* Árneshreppur. Læknissetur á Djúpavík;
19. *Hólmavíkurhérað:* Kaldrananeshreppur, Hrófbergshreppur, Hólmavíkurhreppur, Kirkjubólshreppur, Fellshreppur og Óspakseyrarhreppur. Læknissetur á Hólmavík;
20. *Hvammstangahérað:* Bæjarhreppur, Staðarhreppur, Fremri-Torfustaðahreppur, Ytri-Torfustaðahreppur, Hvammstangahreppur, Kirkjuhvammshreppur, Þverárhreppur og Þorkelshólshreppur. Læknissetur á Hvammstanga;
21. *Blönduóshérað:* Áshreppur, Sveinsstaðahreppur, Torfalækjarhreppur, Blönduóshreppur, Svínavatnshreppur, Bólstaðarhlíðarhreppur, Engihlíðarhreppur og Vindhælishreppur. Læknissetur á Blönduósi;
22. *Höfðahérað:* Höfðahreppur og Skagahreppur. Læknissetur í Höfðakaupstað;
23. *Sauðárkrókshérað:* Skefilsstaðahreppur, Skarðshreppur, Sauðárkrókskaupstaður, Staðarhreppur, Seiluhreppur, Lýtingsstaðahreppur, Akrahreppur og Rípurhreppur. Læknissetur á Sauðárkróki;
24. *Hofsóshérað:* Viðvíkurhreppur, Hólahreppur, Hofshreppur, Hofsóshreppur, Fellshreppur, Haganeshreppur og Holtshreppur. Læknissetur á Hofsósi;
25. *Siglufjarðarhérað:* Siglufjarðarkaupstaður og Grímseyjarhreppur. Læknissetur á Siglufirði;
26. *Ólafsfjarðarhérað:* Ólafsfjarðarkaupstaður. Læknissetur í Ólafsfirði;
27. *Dalvíkurhérað:* Hríseyjarhreppur, Dalvíkurhreppur, Svarfaðardalshreppur og Árskógshreppur. Læknissetur á Dalvík;
28. *Akureyrarhérað:* Arnarneshreppur, Skriðuhreppur, Öxnadalshreppur, Glæsibæjarhreppur, Akureyrarkaupstaður, Hrafnagilshreppur, Saurbæjarhreppur og Öngulsstaðahreppur. Læknissetur á Akureyri;
29. *Grenivíkurhérað:* Svalbarðsstrandarhreppur, Grýtubakkahreppur og Hálshreppur. Læknissetur á Grenivík;
30. *Breiðumýrarhérað:* Ljósavatnshreppur, Bárðdælahreppur, Skútustaðahreppur og Reykdælahreppur. Læknissetur á Breiðumýri;
31. *Húsavíkurhérað:* Aðaldælahreppur, Reykjahreppur, Húsavíkurkaupstaður, Tjörneshreppur og Flateyjarhreppur. Læknissetur á Húsavík;
32. *Kópaskershérað:* Kelduneshreppur, Öxarfjarðarhreppur, Fjallahreppur, Presthólahreppur og Raufarhafnarhreppur. Læknissetur á Kópaskeri;
33. *Þórshafnarhérað:* Svalbarðshreppur, Þórshafnarhreppur, Sauðaneshreppur og Skeggjastaðahreppur. Læknissetur á Þórshöfn;
34. *Vopnafjarðarhérað:* Vopnafjarðarhreppur. Læknissetur á Vopnafirði;
35. *Egilsstaðahérað:* Hlíðarhreppur, Jökuldalshreppur, Hróarstunguhreppur, Fellahreppur, Fljótsdalshreppur, Eiðahreppur, Vallahreppur, Egilsstaðahreppur og Skriðdalshreppur. Læknissetur í Egilsstaðaþorpi;
36. *Bakkagerðishérað:* Hjaltastaðahreppur, Borgarfjarðarhreppur og Loðmundarfjarðarhreppur. Læknissetur í Bakkagerðisþorpi;
37. *Seyðisfjarðarhérað:* Seyðisfjarðarhreppur og Seyðisfjarðarkaupstaður. Læknissetur á Seyðisfirði;

38. *Neshérað:* Mjóafjarðarhreppur, Neskaupstaður og Norðfjarðarhreppur. Læknissetur í Neskaupstað;
39. *Eskifjarðarhérað:* Helgustaðahreppur, Eskifjarðarhreppur og Reyðarfjarðarhreppur. Læknissetur á Eskifirði;
40. *Búðahérað:* Fáskrúðsfjarðarhreppur, Búðahreppur og Stöðvarhreppur. Læknissetur í Búðaþorpi;
41. *Djúpavogshérað:* Breiðdalshreppur, Beruneshreppur, Búlandshreppur og Geithellnahreppur. Læknissetur á Djúpavogi;
42. *Hafnarhérað:* Bæjarhreppur, Hafnarhreppur, Nesjahreppur, Mýrahreppur, Borgarhafnarhreppur og Hofshreppur. Læknissetur á Höfn;
43. *Kirkjubæjarhérað:* Hörgslandshreppur, Kirkjubæjarhreppur, Skaftártunguhreppur, Leiðvallarhreppur og Álftavershreppur. Læknissetur á Kirkjubæjarklaustri;
44. *Víkurhérað:* Hvammshreppur, Dyrhólahreppur og Austur-Eyjafjallahreppur. Læknissetur í Vík;
45. *Vestmannaeyjahérað:* Vestmannaeyjakaupstaður. Læknissetur í Vestmannaeyjum;
46. *Hvolshérað:* Vestur-Eyjafjallahreppur, Austur-Landeyjahreppur, Vestur-Landeyjahreppur, Fljótshlíðarhreppur, Hvolhreppur, Rangárvallahreppur, Landmannahreppur, Holtahreppur, Ásahreppur og Djúpárhreppur. Læknissetur á Stórólfshvoli;
47. *Laugaráshérað:* Skeiðahreppur, Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Biskupstungnahreppur, Laugardalshreppur og Grímsneshreppur. Læknissetur í Laugarási;
48. *Selfosshérað:* Villingaholtshreppur, Hraungerðishreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Sandvíkurhreppur, Selfosshreppur og Grafningshreppur. Læknissetur á Selfossi;
49. *Eyrarbakkahérað:* Stokkseyrarhreppur og Eyrarbakkahreppur. Læknissetur á Eyrarbakka;
50. *Hveragerðishérað:* Ölfushreppur, Hveragerðishreppur og Selvogshreppur. Læknissetur í Hveragerði;
51. *Keflavíkurhérað:* Grindavíkurhreppur, Hafnahreppur, Miðneshreppur, Gerðahreppur, Keflavíkurkaupstaður og Njarðvíkurhreppur. Læknissetur í Keflavík;
52. *Hafnarfjarðarhérað:* Vatnsleysustrandarhreppur, Hafnarfjarðarkaupstaður, Garðahreppur og Bessastaðahreppur. Læknissetur í Hafnarfirði.

2. gr.

Í eftirgreindum læknishéruðum eiga íbúar einstakra hreppa og hreppshluta jöfnum höndum rétt á að vitja héraðslæknis í nágrannahéraði, eins og hér greinir:

1. Búðardalshérað: íbúar Rauðseyja og Rúfeyja til Flateyjar; aðrir íbúar Skarðshrepps og íbúar Klofningshrepps til Stykkishólms;
2. Flateyjarhérað: íbúar Barðastrandarhrepps vestan Vatnsdalsár til Patreksfjarðar;
3. Stykkishólmshérað: íbúar Miklaholtshrepps til Borgarness;
4. Bíldudalshérað: íbúar Auðkúluhrepps til Þingeyrar;
5. Þingeyrarhérað: íbúar Ingjaldssands til Flateyrar;
6. Súðavíkurhérað: íbúar héraðsins utan Súðavíkurhrepps til Ísafjarðar;

7. Hólmavíkurhérað: íbúar Kaldrananeshrepps norðan Kallbakskleifar til Djúpavíkur;
8. Blönduóshérað: íbúar Vindhælishrepps utan Hafursstaðaár til Höfðakaupstaðar;
9. Siglufjarðarhérað: íbúar Grímseyjar til Húsavíkur;
10. Grenivíkurhérað: íbúar Svalbarðsstrandarhrepps og Háls- og Illugastaðasókna í Hálshreppi til Akureyrar;
11. Breiðumýrarhérað: íbúar Ljósavatnshrepps neðan Þóroddsstaðar til Húsavíkur;
12. Bakkagerðishérað: íbúar Hjaltastaðahrepps til Egilsstaða og íbúar Loðmundarfjarðarhrepps til Seyðisfjarðar;
13. Búðahérað: íbúar Fáskrúðsfjarðarhrepps norðan Reyðarfjalls til Eskifjarðar;
14. Kirkjubæjarhérað: íbúar Álftavershrepps til Víkur.

3. gr.

Ráðherra getur, ef nauðsyn krefur og eftir tillögum hlutaðeigandi hreppsnefnda, leyft héraðslækni að sitja um stundarsakir annars staðar en á lögskipuðu læknissetri.

4. gr.

Forseti skipar landlækni og héraðslækna í öll þau læknishéruð, sem talin eru í 1. gr., önnur en Reykjavíkurhérað.

Reykjavíkurhéraði gegnir borgarlæknir, ráðinn af bæjarstjórn, en skipaður af forseta. Áður en borgarlæknir er ráðinn, skal leita umsagnar ráðherra um umsækjendur.

Landlæknir og héraðslæknar taka laun samkvæmt launalögum. Borgarlæknir í Reykjavík tekur laun úr bæjarsjóði. Þegar nauðsyn krefur, er héraðslækni skylt að taka við skipun um að annast, ásamt þjónustu héraðs síns, þjónustu nágrannalæknishéraðs gegn hálfum byrjunarlaunum þess héraðs.

Um skipun (ráðningu) annarra embættislækna og lækna ríkisstofnana fer eftir sérstökum lögum og venjum þar að lútandi.

5. gr.

Heimilt er að greiða úr ríkissjóði laun handa allt að sex aðstoðarlæknum héraðslækna í fjölmennum læknishéruðum, þar sem eru ekki starfandi læknar aðrir en héraðslæknir, svo og í fjölmennum kaupstaðarhéruðum, þar sem héraðslæknir gegnir umfangsmiklum embættisstörfum öðrum en lækningum. Hlutaðeigandi héraðslæknar ráða sér slíka aðstoðarlækna í samráði við landlækni, en ráðherra staðfestir ráðningu þeirra. Um laun aðstoðarlækna fer eftir ákvæðum launalaga.

Það skal vera kvöð á aðstoðarlæknum, sem ráðnir eru samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, að grípa megi til þeirra í allt að fjóra mánuði samtals á ári, þegar þeirra er þörf til að gegna læknishéruðum um stundarsakir sem settir héraðslæknar eða staðgöngumenn héraðslækna. Ráðherra er þó heimilt að undanþiggja aðstoðarlækna héraðslækna í einstökum héruðum slíkri kvöð.

Nú hefur læknir gegnt aðstoðarlæknisstarfi í sama héraði fimm ár eða lengur, og er þá ráðherra heimilt að skipa hann fastan aðstoðarlækni í því héraði.

Ef héraðslæknir forfallast frá störfum fyrir slysfarir, vanheilsu eða annað um stundarsakir, en þó lengur en svo, að henta þyki, að aðstoðarlæknir, ráðinn samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, gerist staðgöngumaður hans, eða sé um að ræða héraðslækni í héraði, sem á ekki rétt á slíkum aðstoðarlækni, er ráðherra heimilt að skipa héraðslækninum staðgöngumann, er gegni héraðinu á eigin ábyrgð, og greiða úr ríkissjóði laun hans, er nemi héraðslæknislaunum í hlutaðeigandi héraði. Þessara hlunninda njóta einkum héraðslæknar, er lengi hafa gegnt embætti. Ákvæði þetta tekur einnig til annarra embættislækna en héraðslækna.

6. gr.

Heimilt er að greiða úr ríkissjóði ⅔ launa handa allt að sex hjúkrunarkonum til starfa í læknishéruðum, þar sem eru fjölmenn afskekkt þorp eða byggðir, sem eiga langa eða erfiða leið til læknis að sækja, enda sitji þá hjúkrunarkonur þessar í þeim þorpum eða byggðum. Hlutaðeigandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnir ráða héraðshjúkrunarkonur með ráði hlutaðeigandi héraðslæknis og í samráði við landlækni, en ráðherra staðfestir ráðningu þeirra.

Miða skal við það, að héraðshjúkrunarkonur taki laun sem aðstoðarhjúkrunarkonur samkvæmt ákvæðum launalaga.

Ráðherra setur héraðshjúkrunarkonum erindisbréf.

7. gr.

Landlæknir er ráðunautur ráðherra um allt það, er varðar heilbrigðismál, og annast framkvæmdir þeirra mála fyrir hönd ráðherra samkvæmt lögum, reglum og venjum, er þar um gilda. Hann hefur eftirlit með öllum læknum og heilbrigðisstarfsmönnum, en einkum héraðslæknum (í Reykjavík borgarlækni), öðrum embættislæknum og opinberum heilbrigðisstarfsmönnum.

Landlæknir skipuleggur skýrslugerðir héraðslækna (í Reykjavík borgarlæknis), annarra lækna og heilbrigðisstofnana, innheimtir fyrirskipaðar skýrslur frá þessum aðilum og annast útgáfu heilbrigðisskýrslna landsins.

8. gr.

Héraðslæknar (í Reykjavík borgarlæknir) hafa, hver innan síns héraðs, eftirlit með heilbrigðismálum og annast þar framkvæmdir opinberra heilbrigðisráðstafana samkvæmt lögum og fyrirmælum ráðherra og undir eftirliti landlæknis.

Héraðslæknar stunda almennar lækningar hver í sínu héraði, annast lyfjasölu, þar sem er ekki sérstök lyfjabúð, og eru skyldir til að gegna aðkallandi sjúkravitjunum, hvenær sem þess er leitað, nema þeir séu hindraðir af öðrum embættisstörfum, sem eru meira aðkallandi, eða sjálfir sjúkir. Með þátttöku í læknaverði geta þeir og leyst sig undan gegningarskyldu á nánara tilteknum tímum.

Borgarlækni í Reykjavík er ekki skylt að sinna almennum lækningum. Í fjölmennum kaupstaðarhéruðum, þar sem er nægur fjöldi starfandi lækna, má ráðherra heimila héraðslækni að takmarka að meira eða minna leyti störf sín að almennum lækningum.

Nú er héraðslæknis vitjað úr öðru læknishéraði en sínu héraði til konu í barnsnauð eða í annarri mjög brýnni nauðsyn, fyrir þá sök að hægara er að ná til hans en hlutaðeigandi héraðslæknis, og er honum þá jafnskylt að vitja sjúklingsins sem héraðsbúi hans ætti í hlut.

Héraðslæknar (í Reykjavík borgarlæknir) mega ekki, nema með sérstöku leyfi ráðherra, takast á hendur önnur föst launuð störf en þau, er við koma embættisstörfum þeirra. Héraðslæknir má veita forstöðu eða starfa við almennt sjúkrahús við hæfi héraðs síns, en ekki gegna víðtækari sjúkrahúslæknisstörfum nema með sérstöku leyfi ráðherra.

Ráðherra setur héraðslæknum og aðstoðarlæknum héraðslækna erindisbréf og kveður þar nánara á um skyldur þeirra og réttindi.

Bæjarstjórn setur borgarlækni í Reykjavík erindisbréf, sem ráðherra staðfestir.

Um verksvið annarra embættislækna og lækna ríkisstofnana fer eftir sérstökum lögum og venjum þar að lútandi.

9. gr.

Nú sezt starfandi læknir að í læknishéraði, þar sem er ekki sérstök lyfjabúð, eða þar í héraði, sem langt er til lyfjabúðar að sækja, og fer þá um lyfjaafgreiðslu til

sjúklinga hans, eftir því sem um semur milli hans og hlutaðeigandi héraðslæknis (lyfsala) í samráði við landlækni. Náist ekki samkomulag, sker ráðherra úr. Telji ráðherra eftir atvikum eðlilegt, vegna nauðsynjar þeirra, sem viðskipti eiga við hinn starfandi lækni, að hann hafi sjálfur á hendi lyfjasölu, er ráðherra heimilt að úrskurða, að svo skuli vera, og er þá héraðslækni (lyfsala) skylt að una því bótalaust.

10. gr.

Verði héraðslæknir að takast ferð á hendur til þess að leysa af hendi störf sín í þarfir hins opinbera eða einstakra manna, ber að sjá honum fyrir svarlegum flutningi ókeypis og svo beina leið, sem hægt er, frá og til heimilis hans.

Um greiðslu fyrir störf héraðslækna og aðstoðarlækna og staðgöngumanna héraðslækna fer eftir gjaldskrá héraðslækna, er ráðherra setur.

11. gr.

Héraðslæknar þeir, sem nú eru í embættum, verða endurgjaldslaust að sætta sig við þær breytingar, sem verða á héruðum þeirra eða embættum eftir lögum þessum.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1955, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna, ásamt öllum lögum um breytingar á þeim lögum, sem síðan hafa verið sett og enn eru í gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni landlæknis. Nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Frv. fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Landlæknir hefur samið lagafrumvarp þetta og gerir fyrir því svolátandi grein:

Aðalmarkmið þessa frumvarps er að færa saman í ein lög síðustu heildarlög um skipun læknishéraða (lög nr. 44 23. júní 1932) og lög um breytingar á þeim lögum, sem síðan hafa verið sett, að svo miklu leyti sem þau eru enn í gildi. Slíkar lagabreytingar hafa verið gerðar ekki sjaldnar en átta sinnum (lög nr. 21 13. júní 1937, nr. 58 7. maí 1940, nr. 52 30. júní 1942, nr. 8 24. marz 1944, nr. 17 24. janúar 1945, nr. 51 25. maí 1949, nr. 111 30. desember 1949 og nr. 21 19. febrúar 1951), en sumar þeirra hafa aftur verið felldar úr gildi. Er löggjöf þessi fyrir löngu orðin erfið yfirlits og því tímabært að greiða úr flækjunni. Hér er ekki um að ræða neina heildarendurskoðun læknishéraðaskipunarinnar, er leiði til breytinga, er heitið geti, hvað þá byltingar á héraðaskipuninni, enda kallar ekkert eftir slíkri endurskoðun. Læknishéraðaskipunin er fyrir löngu komin í fast horf í öllu verulegu eftir óskum þeirra, sem við eiga að búa, og verður þar litlu haggað.

Að vísu má deila um grundvöll íslenzkrar læknishéraðaskipunar, sem mjög einhliða er miðuð við það, að landsmenn eigi sem jafngreiðast til læknis að sækja, án tillits til þess, hvar þeir eru búsettir, en það hefur aftur leitt til þess, að hér er ætlazt til, að læknar séu unnvörpum kúldaðir í svo fámennum læknishéruðum og við svo takmarkað verksvið, að þess eru engin dæmi í nálægum löndum og víst ekki annars staðar í veröldinni. Út af fyrir sig er slíkur jöfnuður góðra gjalda verður og sízt ástæða til að telja hann eftir, úr því að þjóðin telur sig hafa ráð á að standa undir kostnaði af honum. En honum fylgja óneitanlega annmarkar, svo að hætt er við, að í reynd verði hann öllu meiri á orði en á borði. Það er kunnara en frá þurfi að segja, hverjum erfiðleikum er bundið að skipa hin fámennustu læknishéruð, og því kann svo að fara, þegar læknishéraði, sem þykir fullvíðáttumikið, er í þessum lofsverða tilgangi skipt í tvö héruð eða fleiri, að það eitt vinnst, að misst sé af einum dugandi lækni, sem annars mætti hemja í þeim byggðum til nokkurrar frambúðar, og í staðinn komi tvö eða fleiri læknislaus héruð eða í bezta

lagi skrykkjótt og ófullkomin hlaupaþjónusta þeirra, sem þá er vísust til að bregðast, er sízt skyldi. Í þessu sambandi er og aðgætandi, að þó að læknir staðfestist í afskekktri byggð, gegnir allt öðru máli um hann en rammbyggða brú yfir vatnsfall í þeirri sömu byggð. Brúin heldur fullu gildi og svarar tilgangi sínum, á meðan hún hangir enn uppi og einn maður er eftir til að staulast eftir henni. Lækninum er miklu fremur hægt að líkja við viðkvæma vél, sem hætt er við að ryðgi sundur og grottni niður, ef hún er löngum og löngum ekki hreyfð, unz undir hælinn er lagt, að hún fáist í gang, þegar endrum og eins, en þá ef til vill í miklum vanda þarf til hennar að taka.

Vissulega mætti koma til álita sú tilhögun læknaskipunar í landinu, eins og samgöngum er nú að verða háttað, að fækka læknishéruðum verulega frá því sem nú er, en gera því betur úr garði lækningastöð í hverju héraði, skipa hverja slíka stöð tveimur eða fleiri læknum til sem fullkomnastrar samvinnu, en bæta fólki í fjarlægð frá stöðinni á þann hátt upp erfiðleika á að ná á hverri stundu til læknis með hvern hégóma, að sjá því fyrir hjúkrunarkonu til daglegs ráðuneytis og aðstoðar. Auðvitað yrði slíkri skipun ekki komið á í einni svipan um allt land, en beina mætti þróuninni í þessa átt, ef mönnum sýndist svo, en það sýnist mönnum einmitt ekki. Hin stefnan er alls ráðandi, jafnt meðal almennings og á Alþingi, eins og margoft hefur komið í ljós, að læknum skuli dreift um landið, svo sem nokkur tök eru á og jafnvel fram yfir það. Að sjálfsögðu hlaut frumvarp þetta í einu og öllu að verða undir merkjum þessarar síðar nefndu stefnu, enda er það, nema vera kynni, þar sem eru ákvæði þess um héraðshjúkrunarkonur (6. gr.).

Hinar smávægilegu breytingar á núgildandi læknishéraðaskipun, sem í frumvarpinu felast, eru þessar:

1) Læknishéruðum er fjölgað um eitt hérað, Höfðahérað (1. gr., 22). Um rök fyrir því vísast til greinargerðar með frumvarpi þar að lútandi, sem tvívegis hefur verið flutt á Alþingi (þingskj. 194/1951 og 225/1952). Áhuga sinn á málinu hafa hlutaðeigendur sýnt með því að ráða sérstakan lækni til Höfðakaupstaðar og kosta hann að öllu leyti af eigin fé.

2) Gagngerð skipulagsbreyting er gerð á einu læknishéraði, Álafosshéraði, sem hefur algera sérstöðu í hópi læknishéraða. Eru nú nærri 13 ár, síðan það hérað var stofnað og héraðslækninum ákveðinn aðsetursstaður á Álafossi. Áður hafði starfandi læknir í Reykjavík sinnt læknisvitjunum í héraðið samkvæmt sérstökum samningi fyrir litla þóknun, og var þeim lækni, er þeirri kvöð gegndi síðastur, veitt héraðið. En á það hafa héraðsbúar enga áherzlu lagt í verki að heimta héraðslækninn heim í héraðið, og hefur hann setið allan tímann kyrr í Reykjavík. Virðast héraðsbúar una þeirri búsetu hans bezt. Mun sannast mála, að þeir kunni því vel að eiga sem frjálsast val um viðskipti við lækna Reykjavíkur, en eiga þó kröfu á einn þeirra til læknisvitjana heim í héraðið, og því hlutverki vilja þeir láta héraðslækninn gegna fyrst og fremst. En það er fullsmátt hlutverk fyrir fullgildan héraðslækni, og víst gæti hann jafnframt gegnt drjúgum störfum í Reykjavík því hlutverki að meinalausu. Nú vill svo til, að Kópavogsbúar eru farnir að finna sárt til þeirrar þarfar að eiga aðgang að sérstökum embættislækni sér til fulltingis um heilbrigðismál, svo sem ekki er óeðlilegt um 2000—3000 manna byggð og sjálfstætt sveitarfélag í örum vexti með því nær allar aðkallandi heilbrigðislegar framkvæmdir jafnmikils þéttbýlis framundan. Skipulagsbreyting Álafosshéraðs er fólgin í því að sameina það Kópavogshreppi og gera úr eitt læknishérað, Kópavogshérað (1. gr., 2). Yrði það myndarlegt hérað, þegar með full 4000 íbúa, og þó engan veginn ofviða einum héraðslækni, eins og öllu hagar til. Kópavogsbúar munu eftir sem áður að verulegu leyti, líkt og Álafosshéraðsbúar, skipta sér á milli lækna Reykjavíkur, að því er tekur til

persónulegra læknisviðskipta, en starf héraðslæknisins yrði fyrst og fremst almenn embættislæknisstörf í þjónustu hreppsfélagsins. Íbúar Álafosshéraðs, eins og það er nú, þurfa því ekki að óttast, að hann anni því ekki að sinna þeirra þörfum líkt og áður. Og til þess ávinnings af skipulagsbreytingunni mega þeir horfa, að þetta fyrirhugaða embætti verður tæplega talið eftirsóknarvert af öðrum læknum en röskleikamönnum á góðum aldri, er ekki telja eftir sér nokkur umsvif og athafnir, í stað þess sem Álafosshérað, að öllu óbreyttu, mundi einkum verða athvarf aldraðra héraðslækna, sem farnir eru að letjast og kjósa sér sem minnstan eril. Þó að svo sé látið heita samræmis vegna, að héraðslæknir fyrirhugaðs Kópavogshéraðs skuli sitja í Kópavogi, má vel vera, að betur henti héraðsbúum í heild, að hann sitji í Reykjavík, og mun auðvitað ekki verða látið standa á heimild til þess. En sitji hann í Kópavogi, mun hann þó ekki komast hjá að hafa fasta viðtalstíma í Reykjavík.

Um þessa ráðgerðu héraðsstofnun hafa verið höfð samráð við oddvita Kópavogshrepps, sem telur hana eftir atvikum viðunandi lausn fyrir hreppinn, svo og núverandi héraðslækni Álafosshéraðs, er að sjálfsögðu tekur við hinu nýja héraði; sækist hann að vísu, sjálfs sín vegna, ekki eftir breytingunni, en hefur góðan skilning á nauðsyn hennar og telur sér skylt að sætta sig við hana.

3) Samkvæmt beinni ósk hlutaðeigenda eru tveir hreppar færðir á milli læknishéraða, þ. e. Auðkúluhreppur frá Þingeyrarhéraði (1. gr., 13) til Bíldudalshéraðs (1. gr., 12) og Vatnsleysustrandarhreppur frá Keflavíkurhéraði (1. gr., 51) til Hafnarfjarðarhéraðs (1. gr., 52). Í samráði við Grímseyinga er og Grímsey tekin undan Húsavíkurhéraði (1. gr., 31) og lögð undir Siglufjarðarhérað (1. gr., 25). Auðkúluhreppsbúum og Grímseyingum er þó eftir sem áður tryggður réttur til læknisvitjana í sín fyrri héruð (2. gr., 4 og 9).

4) Hagstofan telur það skipta verulegu máli vegna þjóðarspjaldskrár sinnar og Tryggingastofnun ríkisins sömuleiðis vegna skipulags almannatrygginganna, að hreppum sé ekki skipt á milli læknishéraða, og að sumu leyti stendur það einnig betur af sér, að því er tekur til heilbrigðisskýrslugerðar. Fyrir breyttar og bættar samgöngur háttar nú orðið langvíðast svo til, þar sem hreppi er skipt á milli læknishéraða, að minnstu munar, til hvorrar handar hreppshluta, sem stíað er frá meginhluta hrepps, er gert að vitja læknis, en muni einhverju, má gera betur en bæta hlutaðeigendum miskann með því að veita þeim jafnan rétt til læknisvitjana á hvorn veg sem er, án tillits til þess, hvoru héraðinu þeir teljast tilheyra. Í allmörgum læknishéruðum hefur þetta lengi verið tíðkað og hvarvetna svarað tilgangi sínum. Með tilliti til þess, sem hér hefur verið sagt, er svo til hagað í frumvarpinu, að hver hreppur í heild er í sínu læknishéraði, en þar sem hreppshluti hefur í þessu skyni verið færður milli læknishéraða, er hlutaðeigendum eftir sem áður áskilinn fullur réttur til persónulegrar læknisþjónustu af hendi síns fyrra héraðslæknis (2. gr., 1, 2, 4, 5, 7 og 10—13). Langvíðast hafa þessar breytingar verið bornar undir fyrirsvarsmenn hlutaðeigenda, sem yfirleitt hafa fallizt á þær eða láta þær sér a. m. k. lynda.

Þessar tilfærslur hreppshluta eru, sem hér greinir: 1) Vegna skipulagsbreytingar Álafosshéraðs, er verður Kópavogshérað (1. gr., 2), kemur af sjálfu sér, að um enga skiptingu hrepps verður lengur að ræða á milli þessa héraðs og Reykjavíkurhéraðs (1. gr., 1)og Hafnarfjarðarhéraðs (1. gr., 52), en takmörk þessara héraða hafa lengi verið bagalega óglögg; 2) Rauðseyjar og Rúfeyjar (báðar nú óbyggðar) í Flateyjarhéraði (1. gr. 10), sem tilheyra Skarðshreppi, falla undir Búðardalshérað (1. gr., 8); 3) Barðastrandarhreppur vestan Vatnsdalsár (180 íbúar, miðað við manntal í árslok 1951) í Patreksfjarðarhéraði (1. gr., 11) fellur undir Flateyjarhérað (1. gr., 10); 4) Ingjaldssandur í Mýrahreppi (46 íbúar) í Flateyrarhéraði (1. gr., 14) fellur undir Þingeyrarhérað (1. gr., 13); 5) Kaldrananeshreppur

norðan Kallbakskleifar (20 íbúar) í Árneshéraði, sem breytir nafni og verður Djúpavíkurhérað (1. gr., 18), fellur undir Hólmavíkurhérað (1. gr., 19); 6) Háls- og Illugastaðasóknir í Hálshreppi (163 íbúar) í Akureyrarhéraði (1. gr., 28) falla undir Grenivíkurhérað (1. gr., 29); 7) Ljósavatnshreppur neðan Þóroddsstaðar (49 íbúar) í Húsavíkurhéraði (1. gr., 31) fellur undir Breiðumýrarhérað (1. gr., 30); 8) Fáskrúðsfjarðarhreppur norðan Reyðarfjalls (þ. e. suðurströnd Reyðarfjarðar, 66 íbúar) í Eskifjarðarhéraði (1. gr., 39) fellur undir Búðahérað (1. gr., 40).

Falli einhverjum hlutaðeigenda miður tilfærsla hreppshluta á milli læknishéraða, sem vel má vera, að fyrir komi, mætti spyrja, hvort sá hreppshluti, sem á eindregna samleið til læknisvitjana með öðrum hreppi en þeim, er hann tilheyrir, eigi þá ekki samstöðu með honum yfirleitt og hvort hann ætti ekki að réttu lagi að færast á milli hreppa.

5) Seilzt hefur verið til að stækka lítils háttar nokkur minnstu læknishéruðin í landinu, sem fyrir fámennis sakir reynast að jafnaði svo fráfælandi fyrir lækna, að ætíð má gera ráð fyrir, að erfiðlega gangi að fá þau skipuð til nokkurrar frambúðar. Er við þau aukið á kostnað nágrannahéraða, sem vegna víðáttu, fjölmennis, sérstakra sjúkrahússtarfa, eða alls þessa í senn, eru meira eða minna ofviða einum héraðslækni, svo að jafnmikil nauðsyn er að létta á héraðslæknum þessara héraða sem það er æskilegt að færa út starfsvið læknis í hinum fámennari héruðum. En þar sem íbúar þeirra byggða, sem í þessu skyni eru færðar á milli héraða, munu yfirleitt ekki æskja þeirrar tilfærslu, þykir ekki verða komizt hjá að gera þeim frjálst að vitja eftir sem áður síns fyrra héraðslæknis til persónulegra þarfa sinna, og hefur það verið gert (2. gr., 2, 10 og 12). Mætti þá reyndar ætla, að lítið væri unnið. Hin almennu embættislæknisstörf, svo sem skólaeftirlit og ónæmisaðgerðir, færast þó í reyndinni til, og röskum lækni í hinu fámennara héraði er opin leið að keppa eftir því að gera þjónustu sína eftirsóknarverða þeim héraðsbúum sínum, sem rétt eiga á að vitja nágrannalæknis í hinu meira héraði, enda stendur að ýmsu leyti vel að vígi. Hann á að jafnaði að geta brugðið ólíkt fljótar við en hinn, þar sem hann hefur yfirleitt úr miklu meiri tíma að spila, og mun það í mörgum tilfellum fyllilega geta jafnað upp það, sem á hann kann að halla vegna að einhverju leyti greiðari leiðar á hinn veginn.

Þau héruð, sem hér um ræðir, eru: 1) Flateyjarhérað (1. gr., 10); réð þetta sjónarmið því, að sameinaður Barðastrandarhreppur er lagður undir það hérað, en ekki Patreksfjarðarhérað (1. gr., 11); fólksfjöldi í þessum héruðum fyrir breytinguna (miðað við manntal í árslok 1952) 288 og 1401, en eftir 468 og 1221; 2) Grenivíkurhérað (1. gr., 29); undir það fellur frá Akureyrarhéraði (1. gr., 28) auk Háls- og Illugastaðasókna í Hálshreppi allur Svalbarðsstrandarhreppur; fólksfjöldi í þessum héruðum fyrir breytinguna 452 og 10255, en eftir 842 og 9843; 3) Bakkagerðishérað (1. gr., 36); undir það fellur frá Egilsstaðahéraði (1. gr., 35) Hjaltastaðahreppur og frá Seyðisfjarðarhéraði (1. gr., 37) Loðmundarfjarðarhreppur; fólksfjöldi í þessum héruðum fyrir breytinguna 318, 1766 og 918, en eftir 524, 1589 og 889.

6) Heimilað er að ráða allt að sex aðstoðarlækna héraðslækna í stað fimm, eins og verið hefur (5. gr., 1. málsgr.). Jafnframt er rýmkuð heimildin um aðstoðarlæknaráðningar þannig, að þeirra megi einnig njóta héraðslæknar, sem gegna umfangsmiklum embættisstörfum öðrum en lækningum, þó að þeir séu ekki einir lækna í héraði. Hér er Akureyrarhérað ekki sízt haft í huga, því að þar mæða óvenjulega mikil embættisstörf á héraðslækni auk tíðra ferðalaga til venjulegra læknisvitjana um víðáttumiklar og þéttbýlar sveitir, sem tilheyra héraði hans. Veitist honum erfitt að fá störfum hlaðna Akureyrarlækna til að taka að sér hvor tveggja störfin, er hann þarf að bregða sér frá í orlofs- eða námsferðir.

Tilgangur þessarar aðstoðarlæknisþjónustu er fyrst og fremst sá að tryggja héraðslæknum staðgöngumenn í sumarorlofum og skyndilegum sjúkdómstilfellum, svo og ef þeir bregða sér frá í stuttar námsferðir. Til hins er ekki ætlazt, að héraðslækni, sem fyrir aldurs sakir eða af öðrum ástæðum kann að kjósa að létta af sér störfum til frambúðar, sé séð fyrir aðstoðarlækni í því skyni. Annað mál er það, að í einstökum tilfellum má hafa hliðsjón af slíkum persónulegum ástæðum héraðslækna, þegar aðstoðarlæknar eru staðsettir, ef það samrýmist höfuðhlutverki þeirra.

Heimild til að undanþiggja einstaka aðstoðarlækna þeirri hlaupaþjónustukvöð, sem hvílir á aðstoðarlæknum almennt (5. gr., 2. málsgr.) er ákveðin með sérstöku tilliti til Egilsstaðahéraðs, sem hér þykir eiga sér nokkra sérstöðu af þeim sögulegu rökum, að það er til orðið fyrir samsteypu tveggja læknishéraða. Hefur jafnan verið reynt að gæta þessa um aðstoðarlækna á Egilsstöðum, og er tilætlunin, að svo verði gert framvegis með stuðningi þessa heimildarákvæðis. Ákvæði það, sem fyrir er í lögum, að Egilsstaðahérað skuli „ganga fyrir öðrum héruðum um aðstoðarlækna“ (lög nr. 8 24. marz 1944, 7. gr.) hefur lítinn toga. Enginn læknir verður skikkaður nauðugur aðstoðarlæknir í hérað, og hvert hérað situr á hakanum eða gengur fyrir um að hreppa aðstoðarlækni, hlýtur óhjákvæmilega að fara eftir því, hve eftirsóknarverð héruðin reynast læknum þeim, er gera kost á sér til aðstoðarlæknisþjónustu, hvað sem í lögum kann að standa um það efni. Hins vegar er ekki undan því að kvarta, að erfiðara hafi reynzt að ráða aðstoðarlækni til Egilsstaðahéraðs en í önnur héruð, nema síður sé, og má fyrst og fremst þakka það þeim aðbúnaðarskilyrðum, sem aðstoðarlækni er séð fyrir á Egilsstöðum umfram það, sem annars staðar gerist.

Nýmæli er ákvæði um, að eftir fimm ára þjónustu í sama héraði megi skipa aðstoðarlækni fastan aðstoðarlækni í því héraði (5. gr., 3. málsgr.) og veita honum þar með öll embættismannaréttindi. Eftir svo langt samstarf héraðslæknis og aðstoðarlæknis ætti ekki að þurfa að kvíða sambúðarerfiðleikum þeirra á milli, og við héraðslæknaskipti veit sá héraðslæknir, er við tæki, að hverju er að ganga að þessu leyti. Ef hérað yrði síður eftirsótt fyrir þessar sakir, sem reyndar gæti komið til greina, ætti síður en svo að vera frágangssök að gera slíkan aðstoðarlækni að héraðslækni í héraðinu, og færi reyndar vel á að jafnaði, að vitað væri, að til þess gæti verið að vinna.

Hámarkstala heimilaðra aðstoðarlækna í héruðum getur ekki táknað það í framkvæmd, að aldrei megi vera fleiri en sex aðstoðarlæknar samtímis ráðnir til starfa. Eftirspurn héraðslækna eftir aðstoðarlæknum er misjöfn eftir árstímum og eðlilega mest að sumrinu. Hentar vel að mega þá ráða fleiri aðstoðarlækna en heimiluð hámarkstala segir til um, en jafna það á öðrum árstímum, þannig að til uppjafnaðar eyðist ekki meira á ári til þessarar þjónustu en nemi árslaunum sex aðstoðarlækna.

Heimildin, að ráðherra megi, þegar sérstaklega stendur á, skipa héraðslæknum og öðrum embættislæknum staðgöngumenn um stundarsakir á kostnað ríkissjóðs (5. gr., 4. mgr.) er miðuð við það, sem lengi hefur tíðkazt í því efni án þess að til lagaákvæðis yrði vísað um það, sem þykir andstætt góðri reglu.

7) Síðan 1934 hefur verið heimilað í fjárlögum að greiða lítils háttar styrk til hjúkrunarkvennahalds í afskekktum byggðum. Fyrst í stað var styrkur þessi bundinn við tiltekna byggð, Súgandafjörð, og var svar við ítrekuðum tilmælum Súgfirðinga um, að Súgandafjörður yrði gerður að sérstöku læknishéraði, sem þótti óráðlegt sakir fámennis þeirra og með tilliti til þó ekki verri aðstöðu til læknissóknar en þeir áttu við að búa. Frá og með árinu 1945 var heimildin gerð almenn og fjárveitingin hækkuð nokkuð. Lengi vel notuðu sér þetta ekki aðrir en Súgfirðingar, en þar hefur ráðin héraðshjúkrunarkona gefið mjög góða raun, leyst margan vanda sem meðalgangari milli læknis og sjúklinga, sparað skjól-

stæðingum sínum margar ónauðsynlegar læknisvitjanir og þar með ótalinn kostnað og fyrirhöfn, auk þess sem hún með hjúkrunarstörfum sínum veitir sjúklingum margvíslega aðstoð og aðhlynningu umfram það, sem er á færi læknis að veita. Enda hefur raunin orðið sú, að hjúkrunarkvennahald þetta hefur bætt Súgfirðingum að verulegu leyti upp læknisleysið og sætt þá við það. Á síðast liðnu ári réðu Grindvíkingar sér héraðshjúkrunarkonu, en víðar á landinu, þar sem líkt til hagar og í Súgandafirði og Grindavík, mundi slík skipan henta mun betur en ótímabær stofnun læknishéraðs, sem óhjákvæmilega hlyti að bíða stopul og ófullkomin þjónusta. Í viðurkenningu þessa er það ákvæði frumvarpsins (6. gr.), að allt að sex fjölmennum, afskekktum byggðum, sem eiga langa eða erfiða leið til læknis að sækja, standi til boða ríflegur styrkur úr ríkissjóði til að halda héraðshjúkrunarkonu, enda nemi styrkurinn ⅔ launakostnaðar.

8) Í núgildandi læknaskipunarlögum er svo fyrir mælt, að setja skuli landlækni erindisbréf í stað þess, sem gilt hefur, síðan það var gefið út í konunglegri tilskipun 25. febrúar 1824. En þetta hefur ekki verið gert, enda lítil ástæða til, svo föst skipun sem komin er á þetta gamla embætti fyrir ýtarlega lagasetningu um skipun heilbrigðismála og hefðbundnar venjur. Jafnvel algerlega ný, hliðstæð embætti eru ekki talin þarfnast slíkra erindisbréfa. Fyrir því er fellt niður lagaákvæði um setningu erindisbréfs handa landlækni, en fyrirmæli um verksvið hans jafnframt gerð nokkru fyllri skil en áður (7. gr.).

9) Tekið er upp í frumvarpið ákvæði um, að héraðslæknar geti með þátttöku í læknaverði leyst sig undan skyldu til sjúkravitjana á nánara tilteknum tímum (8. gr., 2. málsgr.), og er þetta í samræmi við það, sem gildir um lækna almennt samkvæmt ákvæðum síðari málsgreinar 9. greinar laga nr. 47 23. júní 1932 um lækningaleyfi o. s. frv., enda heimilað héraðslæknum í erindisbréfi þeirra (nr. 84 26. júlí 1934, 4. gr.). Auk þess sem borgarlæknir í Reykjavík er undanþeginn því að sinna almennum lækningum, þykir ástæða til að heimila, að takmarka megi slík störf héraðslækna í öðrum fjölmennum kaupstaðarhéruðum (8. gr., 3. mgr.), og kemur Akureyri þar fyrst og fremst til greina.

10) Það er nýmæli að skipa fyrir í lögum um lyfjasölu starfandi lækna, er sitja í héraði ásamt héraðslækni, sem hefur rétt og skyldu til lyfjasölu, eða bagalega fjarri lyfjabúð sérstaks lyfsala, ef um það er að ræða, sem reyndar eru ekki enn dæmi til um. Til þessa hefur ætíð samizt bróðurlega á milli héraðslæknis og starfandi læknis í héraði um tilhögun lyfjasölu, en þó hefur komið fyrir, að örlað hafi á ósamþykki, og þykir öruggara, að til séu lagaákvæði, er við megi styðjast til að setja niður deilur, ef upp kynnu að koma um þetta efni.

11) Breytt er um aðsetursstað læknis í einu héraði, Árneshéraði, og hann færður frá Árnesi til Djúpavíkur, enda breytist heiti héraðsins samkvæmt því og verður Djúpavíkurhérað (1. gr., 8). Þó að opinber læknisbústaður sé í Árnesi, hefur hlutaðeigandi héraðslæknir jafnan setið á Djúpavík nú í rúmlega áratug, þegar héraðslæknir hefur fengizt í héraðið, og virðist ekki annað geta komið til greina, eins og byggð er nú háttað á þessum slóðum. Að vísu voru þessi bústaðaskipti fyrst studd með verksmiðjurekstrinum á Djúpavík, er krafðist nálægðar læknis. En þó að lítið fari orðið fyrir honum, hefur hann leitt til þess, að á Djúpavík er nú helzt miðstöð héraðsins, ef um nokkra miðstöð þess er að ræða, og þar þéttbýlast. Auk þess hefur byggð mjög eyðzt um norðanvert héraðið, og réttlætir það með öðru færslu læknissetursins.

12) Niður er felld heimild til stofnunar tveggja nýrra læknishéraða: Staðarhéraðs á Snæfellsnesi (lög nr. 17 24. janúar 1945) og Borðeyrarhéraðs í Strandasýslu (lög nr. 8 24. marz 1944, sbr. lög nr. 17 24. janúar 1945). Er svo að sjá sem

hlutaðeigendur hafi ekki lengur verulegan áhuga á stofnun þessara héraða, enda mikið vafamál, að vel væri ráðið. Ef Alþingi vildi þó ekki fella niður þessa heimild, mætti bæta ákvæðum þar að lútandi við 1. gr. frumvarpsins aftast, svo hljóðandi:

Ráðherra er heimilt að stofna eftirtalin læknishéruð:

1. *Staðarhérað:* Miklaholtshreppur, Staðarsveit og Breiðuvíkurhreppur. Læknissetur á Staðastað;
2. *Borðeyrarhérað:* Bæjarhreppur, Óspakseyrarhreppur og Staðarhreppur. Læknissetur á Borðeyri.

Ólafsvíkurhérað, Stykkishólmshérað, Hólmavíkurhérað og Hvammstangahérað skerðast samsvarandi.

Mjög væri æskilegt, að einmitt þessi háttur væri hafður á, þegar Alþingi kýs að eiga frumkvæði að stofnun nýrra læknishéraða, þ. e. að heimila heilbrigðisstjórninni stofnunina, en fastákveða hana ekki þegar í stað. Er margs að gæta við framkvæmd slíkra ráðstafana, ef það á að vinnast í reynd, sem að er keppt. Ekki þarf að óttast, að heilbrigðisstjórninni haldist uppi að láta framkvæmdina dragast úr hömlu, svo fast mun verða eftir leitað af hlutaðeigendum, ef einsýnt er, að heimiluð héraðsstofnun miði þeim til raunhæfra hagsbóta. Sannfæri heilbrigðisstjórnin þá eftir atvikum um hið gagnstæða, ætti Alþingi sízt að misvirða, að ekki yrði rasað að framkvæmdinni.

13) Eðlilegt þykir, að bæjarstjórn Reykjavíkur njóti leiðbeininga um mat á umsækjendum, þegar hún velur borgarlækni (4. gr., 2. málsgr.), einnig með tilliti til þess, að borgarlækni er jöfnum höndum ætlað að vera trúnaðarmaður heilbrigðisstjórnarinnar, enda ber heilbrigðismálaráðherra ábyrgð á skipun hans.

14) Vegna fyrirhugaðs heitis laganna (læknaskipunarlög) þykir rétt að minna á, að læknaskipun ríkisins tekur til fleiri lækna en landlæknis og héraðslækna (í Reykjavík borgarlæknis); við það miðast síðustu málsgreinar 4. og 8. gr.

15) Ákvæði um skyldu héraðslæknis til að taka að sér ásamt þjónustu héraðs síns þjónustu nágrannalæknishéraðs gegn hálfum byrjunarlaunum þess héraðs (4. gr., 3. málsgr.) styðst við gamla hefð, enda fyrirmæli um það í erindisbréfi héraðslækna (nr. 84 26. júlí 1934, 20. gr.), en beina stoð mun þetta ekki eiga í lögum. Óbeinlínis er þessi skipun staðfest af löggjafanum með lögum nr. 98 19. júní 1933, um læknishéraða- og prestakallasjóði, og hefur framkvæmdin verið í samræmi við það.

16) Aðrar breytingar, sem felast í frumvarpinu, eru eingöngu formlegs eðlis. Af smekksástæðum er nafni eins læknishéraðs breytt, þ. e. nafni Stórólfshvolshéraðs, sem í frumvarpinu er nefnt Hvolshérað (1. gr., 46), og er þar stuðzt við daglega málvenju (sbr. Hvolhreppur, Hvolsvöllur), auk þess sem það er í samræmi við tilhögun annarra héraðsheita (sbr. 1. gr., 22, 35, 36, 38, 40 og 43).

Samræmis vegna eru allir hreppar (sveitarfélög) í hverju læknishéraði taldir upp, en ekki hirt um að greina takmörk héraða á umsvifaminni hátt, þó að hægt sé í einstökum tilfellum. Læknishéruð eru talin upp í kringum land frá Reykjavík í réttri röð vestur, norður, austur og suður um land, og ætlunin er, að taldir séu í sömu röð hreppar (sveitarfélög) innan hvers héraðs, en vera má, að álitamál geti orðið um röðina í sumum tilfellum.

Í stað þess að geta þess við hvert læknishérað í héraðaskránni í 1. gr. frumvarpsins, ef einhverjir íbúar héraðsins eiga jöfnum höndum rétt á að vitja læknis í annað læknishérað, eru allar slíkar undanþágur færðar saman í eina grein (2. gr.), og er það talið skýrara yfirlits.

Önnur atriði, er snerta form frumvarpsins, eru ekki umtalsverð.

Stjórn Læknafélags Íslands hefur haft frumvarp þetta til meðferðar án þess að gera við það athugasemdir, sem máli skipta (bréf, dags. 9. október 1953).

Umsögn hagstofustjóra um frumvarpið, að því er varðar afstöðu Hagstofu Íslands til málsins, fer hér á eftir:

„Í sambandi við frumvarp til nýrra læknaskipunarlaga, sem landlæknir hefur samið, óskar Hagstofan að taka þetta fram:

Við samningu mannfjöldaskýrslna Hagstofunnar og við heilbrigðisskýrslugerð almennt hefur það alla tíð komið sér mjög illa, að sumir hreppar hafa verið í tveimur læknishéruðum. En með stofnun allsherjarspjaldskrárinnar og eftir að vélar hafa verið teknar í notkun til skýrslugerðar um mannfjöldann fara þessi vandkvæði mikið í vöxt, og má raunar segja, að skilyrði hagkvæmrar vélanotkunar á þessu sviði sé það, að hver hreppur í heild sé í einu læknishéraði. Hagstofan fór því fram á það við landlækni á sínum tíma, að hann beitti sér fyrir endurbótum á núverandi skipun læknishéraða.

Í frumvarpi landlæknis til nýrra læknaskipunarlaga er þeirri reglu fylgt að skipta ekki hreppum milli læknishéraða. Hagstofan leyfir sér að mæla eindregið með því, að sú tilhögun á skipun læknishéraða verði tekin upp og látin koma til framkvæmda."

Ed. 558. Nefndarálit [182. mál]

um frv. til laga um stækkun lögsagnarumdæmis Húsavíkurkaupstaðar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir ágreiningslaust með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 26. marz 1954.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form. Ingólfur Flygenring, fundaskr. Karl Kristjánsson, frsm.

Haraldur Guðmundsson. Gísli Jónsson.

Ed. 559. Nefndarálit [139. mál]

um frv. til l. um lögreglustjóra á Keflavíkurflugvelli.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. Einn nefndarmanna (GÍG) tók ekki þátt í afgreiðslu málsins

Alþingi, 26. marz 1954.

Hermann Jónasson, form., frsm. Lárus Jóhannesson, fundaskr. Sigurður Ó. Ólafsson.

Páll Zóphóníasson.

Ed. 560. Nefndarálit [16. mál]

um frv. til sóttvarnarlaga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Frv. þetta er stjórnarfrumvarp. Það er samið af landlækni, er gerir þá grein fyrir því, að það sé flutt til þess, að sóttvarnarlög vor verði í fullu samræmi við

alþjóðlegan sóttvarnarsamning, sem Ísland hefur gerzt aðili að á vegum Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar.

Nefndin hefur rætt frv. og leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi 26. marz 1954.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form. Ingólfur Flygenring, fundaskr., frsm. Karl Kristjánsson.
Gísli Jónsson. Haraldur Guðmundsson.

Ed. 561. Nefndarálit [79. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur einróma til, að það verði samþykkt.

Alþingi 26. marz 1954.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form. Ingólfur Flygenring, fundaskr., frsm. Karl Kristjánsson.
Gísli Jónsson. Haraldur Guðmundsson.

Nd. 562. Breytingartillaga [125. mál]

við frv. til l. um húsaleigu.

Frá Páli Þorsteinssyni og Birni Björnssyni.

Við 59. gr. Í stað orðanna „greiðist úr ríkissjóði og ákveður sveitarstjórn“ komi: greiðist úr sveitarsjóði og ákveður sveitarstjórn.

Nd. 563. Breytingartillögur [173. mál]

við frv. til l. um brunatryggingar bæjar- og sveitarfélaga.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

1. Við 1. gr.
   a. 1. málsgr. orðist þannig:
      Bæjar- og sveitarstjórn er heimilt, að undangengnum útboðum, að semja við eitt eða fleiri vátryggingarfélög fyrir tvö til fimm ár í senn um tryggingar gegn eldsvoða á öllum húsum í umdæmi sínu. Sérhver lækkun brunabótagjalda eða endurgreiðsla skal renna til húseigenda.
   b. 3. málsgr. falli niður.
2. Við 2. gr. Greinina skal orða svo:
   Áður en bæjarstjórn Reykjavíkur gerir samning samkv. 1. málsgr. 1. gr., skal hún leita álits Fasteignaeigendafélags Reykjavíkur um málið. Utan Reykjavíkur skal á sama hátt leita álits almennra samtaka húseigenda.

3. Við 3. gr. Greinina skal orða svo:
   Nú notar bæjar- eða sveitarstjórn heimild 1. gr., og er þá skylt að brunatryggja öll hús í umdæminu hjá því félagi eða félögum, er tryggingarnar annast, og með fullu verði þeirra eftir virðingu dómkvaddra manna.
   Ný hús skal meta eigi síðar en 4 vikum eftir að þau eru tekin í notkun.
   Bæjar- og sveitarstjórn er heimilt að breyta á ári hverju brunabótaverði húsa til samræmis við breytingar, er verða á byggingarkostnaði í umdæminu.
4. Við 5. gr. Greinin falli niður.
5. Við 6. gr. Aftan við greinina bætist:
   Þar, sem lög þessi koma til framkvæmda, víkja ákvæði eldri laga, sem brjóta í bága við þau.

Nd. 564. Breytingartillögur [181. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 22 1. febr. 1952, um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins.

Frá Ásgeiri Bjarnasyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Á eftir 8. tölul. í 1. gr. laganna koma tveir nýir tölul., svo hljóðandi:
   a. Að virkja Lagarfoss á Fljótsdalshéraði í allt að 5300 hestafla orkuveri og leggja frá orkuverinu aðalorkuveitu til Egilsstaða, Seyðisfjarðarkaupstaðar, Neskaupstaðar, Eskifjarðarkauptúns, Búðareyrar í Reyðarfirði og Búðakauptúns.
   b. Að virkja Haukadalsá í Dalasýslu í allt að 500 hestafla orkuveri og leggja frá orkuverinu aðalorkuveitu um fimm syðstu hreppa Dalasýslu.
2. Við 2. gr.
   a. Fyrir „90 millj. kr.“ kemur: 96 millj. kr.
   b. Fyrir „30 millj. kr.“ kemur: 32 millj. kr.

Ed. 565. Nefndarálit [121. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 8 24. marz 1944, um breyt. á l. nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Mál þetta hefur tvívegis áður legið fyrir Alþingi til meðferðar og ekki náð fram að ganga. Hefur jafnan verið talið, að ekki væri rétt að stofna til þess kostnaðar, sem samþykkt frv. hefur í för með sér, með því að engar líkur séu fyrir því, að læknisþjónustan verði nokkuð betri með þeirri skipan málanna en með því fyrirkomulagi, sem nú er í héraðinu, nema síður sé. Auk þess hefur því nú verið lýst yfir, að ríkisstjórnin muni á næsta þingi bera fram frv. um heildarskipun þessara mála um land allt. Þykir því rétt að áliti minni hl., að beðið verði eftir því, að slíkt frv. komi fram á Alþingi, enda er það í samræmi við tillögur landlæknis í þessu máli. Minni hl. leggur því til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 26. marz 1954.

Gísli Jónsson, frsm. Haraldur Guðmundsson.

Ed. **566. Frumvarp til laga** [187. mál]

um breyting á lögum nr. 68 25. maí 1949, um bifreiðaskatt o. fl.

Flm.: Vilhjálmur Hjálmarsson, Jón Kjartansson.

1. gr.

Í stað orðanna „31 eyri“ í a-lið 1. gr. laganna komi: 36 aura.

2. gr.

Í stað orðanna „5 aura“ í a-lið 8. gr. laganna komi: 10 aura.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að þörf á endurbyggingu stórbrúa og byggingu nýrra er enn miklu meiri en svo, að núverandi tekjur brúasjóðs hrökkvi til viðunandi framkvæmda á því sviði. Hér er því lagt til, að tekjur sjóðsins verði auknar með því að hækka innflutningsgjald af benzíni um 5 aura á lítrann, og yrði það gjald þó ekki talið hátt hér á landi, miðað við það, sem tíðkast annars staðar í menningarlöndum, en verkefni hvergi meiri en hér hlutfallslega.

Fylgiskjal.

VEGAMÁLASKRIFSTOFA

Benzínskattur.

Samkvæmt nýjustu upplýsingum var verðlag á benzíni í nóv. 1953 í nokkrum Evrópulöndum sem hér greinir. Miðað er við verð í höfuðborgum landanna:

Ísland	ísl. kr. 1.72	
hér af skattur	kr. 0.65	
Danmörk	D. kr. 0.78 á 2/363	= kr. 1.84
hér af skattur	kr. 0.41 = ísl. kr. 0.97	
Noregur	N. kr. 0.94 á 2/285	= — 2.15
hér af skattur	N. kr. 0.46 = ísl. kr. 1.05	
Svíþjóð	S. kr. 0.59 á 3/155	= — 1.86
	ísl. 9.52 á 4.546 l.	
Bretland	4 sh. 2 d. pr. (imp. gl.)	= — 2.10
Finnland	F. mk. 35.00 á 0/071	= — 2.49
Þýzkaland	D. M. 0.63 á 3/883	= — 2.45
Belgía	b. frcs 6.40 á 0/3267	= — 2.09
Frakkland	fr. frcs. 64.10 á 0/466	= — 299
Holland	fls. 0.378 á 4/299	= — 1.63
Sviss	Sv. frcs 0.60 á 3/737	= — 2.24

Fjárveitinganefnd Alþingis.

Nd. **567. Frumvarp til laga** [188. mál]

um breyting á lögum nr. 40 23. maí 1949, um áburðarverksmiðju.

Flm.: Jón Pálmason, Sigurður Bjarnason.

1. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Frá 1. janúar 1955 öðlast áburðarverksmiðjan einkarétt til innflutnings á tilbúnum áburði, sem nota þarf til ræktunar á landi hér umfram þann áburð, er verksmiðjan framleiðir.

Áburðarverksmiðjan annast alla heildsölu þess áburðar, er hún framleiðir eða flytur inn. Áburðurinn skal ekki seldur öðrum en hreppsfélögum og bæjarfélögum, búnaðarfélögum og ræktunarfélögum, samvinnufélögum og kaupmönnum.

Eignir áburðarsölu ríkisins skulu afhentar áburðarverksmiðjunni til umráða og notast sem rekstrarfé vegna nauðsynlegs innflutnings tilbúins áburðar.

Innflutningi tilbúins áburðar og sölu þess áburðar, sem inn er fluttur, skal haldið reikningslega aðgreindum frá annarri starfrækslu og viðskiptum áburðarverksmiðjunnar og rekstrarfé það, sem verksmiðjan tekur við frá áburðarsölu ríkisins, reikningsfært og ávaxtað í samræmi við það.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1955, og eru þá jafnframt úr gildi felld lög nr. 51 28. janúar 1935, um verzlun með tilbúinn áburð.

Greinargerð.

Nú, þegar þeim mikla áfanga er náð, að Áburðarverksmiðjan í Gufunesi er tekin til starfa, svo að þar verður framleidd sú tegund tilbúins áburðar, sem dýrust er og dýrmætust, köfnunarefnið, er eðlilega lokið verkefni því, sem áburðarsala ríkisins hefur haft með höndum síðan 1929.

Ekkert er eðlilegra en að áburðarverksmiðjan hafi með höndum alla heildverzlun með tilbúinn áburð, fyrst og fremst þann áburð, sem framleiddur er í verksmiðjunni, og að hún taki enn fremur að sér að flytja inn það, sem þarf til viðbótar af öðrum tegundum tilbúins áburðar, og selja í heildsölu samhliða eigin framleiðslu.

Það fyrirkomulag, sem gert var ráð fyrir í 8. gr. laganna um áburðarverksmiðjuna, frá 23. maí 1949, hentar eigi. Það er óþarft með öllu, að áburðarsala ríkisins haldi áfram að starfa og sé verzlunarmilliliður á milli áburðarverksmiðjunnar og þeirra, sem áburðinn kaupa í heildsölu. Slíkt er aðeins óþarfur tilkostnaður, engum til gagns, en bændum til óþurftar.

Hve auðsætt og auðvelt það er, að áburðarverksmiðjan taki að sér þann innflutning tilbúins áburðar, sem nauðsynlegur er, má meðal annars sjá af því, að 1951 nam innflutningur köfnunarefnisáburðar nær 10 þúsund smálestum, en innflutningur af öðrum áburði — fosfórsýruáburði og kalíáburði — ekki nema um 5 þúsund smálestum. Verðmæti köfnunarefnisáburðarins nam rúmum 10 millj. kr., en annars áburðar 5.89 millj. kr. Gert er ráð fyrir, að áburðarverksmiðjan framleiði 18 þúsund smálestir af köfnunarefnisáburði. Hana munar því tiltölulega lítið um að hafa með höndum innflutning fosfórsýruáburðar og kalíáburðar.

En hin þyngstu rök í þessu máli er það, hvert hagræði er fyrir bændur, að áburðarverzlunin sé öll á einni hendi í Gufunesi, þar sé hægt að fá allar tegundir áburðar afgreiddar á einum stað. Á þetta við bæði um flutning landleiðis og sjóleiðis.

Hið eina eðlilega er því, að áburði þeim, er inn er fluttur, sé skipað upp í Gufunesi og þaðan sé hann afgreiddur samhliða þeim áburði, sem þar er framleiddur.

Um leið er sjálfsagt, að þessi innflutningur, framleiðsla, sala og afgreiðsla sé allt í höndum áburðarverksmiðjunnar.

Rekstrarsjóður áburðarsölu ríkisins nam 1.65 millj. kr. í árslok 1952. Auk þess á burðarsalan allmiklar aðrar eignir, þar eð hún á í raun og veru hálfa húseign þá og lóðarréttindi, sem áburðarsalan og grænmetisverzlun ríkisins nota nú í samlögum, þótt því sé svo hagað af bókfærslulegum ástæðum að telja grænmetisverzlunina eiganda eigna þessara og að áburðarsalan sé leigjandi hjá grænmetisverzluninni.

Eðlilegt er, að eignir þessar notist til að létta undir áframhaldandi innflutning tilbúins áburðar.

Eðlilegt er, að fjárreiðum varðandi innflutninginn sé haldið nokkuð aðskildum frá fjárreiðum verksmiðjunnar, enda aðeins lítið aukaómak í bókhaldi að haga því svo.

Helzt þyrfti lagabreyting þessi að ná fram að ganga á þessu þingi, ef hin umrædda breyting á að ná gildi 1. janúar 1955, svo að starfsfólk áburðarsölunnar og aðrir, er breytingin snertir, þurfi ekki að verða fyrir meiri óþægindum við, að sú stofnun leggist niður, heldur en nauðsyn krefur.

Sþ. 568. Nefndarálit [68. mál]

um till. til þál. um breytingu á bátagjaldeyrislistanum.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Tillaga þessi fjallar um breytingu á bátagjaldeyrislistanum, og hefur nefndin rætt þetta mál og leitað umsagnar hjá Landssambandi iðnaðarmanna og Landssambandi ísl. útvegsmanna. Vill Landssamband iðnaðarmanna, að till. sé samþykkt, en Landssamband ísl. útvegsmanna leggur eindregið móti framgangi hennar.

Meiri hlutinn telur þessu máli bezt borgið hjá ríkisstjórninni, eins og verið hefur frá því að bátagjaldeyrisfyrirkomulaginu var á komið, og vill því vísa málinu til ríkisstjórnarinnar.

Einn nefndarmanna (KGuðj)ritar undir með fyrirvara, er hann mun skýra við meðferð málsins.

Minni hl. (EmJ) vill samþykkja till. og skilar séráliti.

Alþingi, 26. marz 1954.

Bernh. Stefánsson, form.	Jón Sigurðsson, fundaskr.	Jóhann Þ. Jósefsson, frsm.
Karl Guðjónsson, með fyrirvara.	Eiríkur Þorsteinsson.	Sigurður Ágústsson.

Nd. 569. Breytingartillaga [173. mál]

við frv. til laga um brunatryggingar bæjar- og sveitarfélaga.

Frá Birni Ólafssyni.

Á eftir 1. gr. komi ný gr., er verði 2. gr. (og breytist greinatala samkv. því):

Skylt er bæjar- og sveitarstjórnum á fimm ára fresti að leita tilboða í tryggingarnar á frjálsum markaði. Sama gildir um endurtryggingar.

Bæjar- og sveitarfélög geta því aðeins tekið tryggingarnar í eigin hendur, að fjárhagsgrundvöllur þeirra sé tryggur og iðgjöldin séu sambærileg iðgjöldum viðurkenndra tryggingarfélaga, sem hagkvæmast tilboð gefa, að viðbættu gjaldi, sem ákveðið er að leggja í sérstakan tryggingarsjóð, sbr. 1. gr.

Ed. 570. Nefndarálit [121. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 8 24. marz 1944, um breyt. á l. nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur ekki orðið á eitt sátt um afgreiðslu þessa máls. Minni hlutinn leggur til, að frv. verði fellt, og mun skila sérstöku áliti, en meiri hlutinn mælir með samþykkt þess.

Fram til ársins 1945 voru tvö læknishéruð á Fljótsdalshéraði, en voru þá sameinuð. Íbúar héraðsins telja, að hin breytta skipun hafi gefizt illa. Liggja fyrir ítrekaðar samþykktir frá oddvitafundum hinna 10 sveitarfélaga, þar sem óskað er eftir því, að læknishéraðinu verði skipt að nýju.

Með hliðsjón af stærð byggðarlagsins, landsháttum og þeim verkefnum, er leiðir af rekstri sjúkraskýlis, virðist eðlilegt að samþykkja frv. það, er hér liggur fyrir.

Alþingi, 26. marz 1954.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form., frsm. Ingólfur Flygenring, fundaskr. Karl Kristjánsson.

Ed. 571. Nefndarálit [172. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 101 30. des. 1943, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Eins og tekið er fram í greinargerð með frv., er ekkert ákveðið um það í lögunum um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, hvort sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld í 30 ár og þar með öðlazt hámarksréttindi í sjóðnum, skuli halda áfram iðgjaldagreiðslu eftir þann tíma, ef hann heldur áfram starfi sínu, eða hvort iðgjaldagreiðslur af hans hendi sem og frá launagreiðanda skuli þá falla niður. Orðalag 10. gr. laganna bendir þó miklu frekar til þess, að iðgjaldagreiðslur skuli halda áfram, svo lengi sem hlutaðeigandi aðili er í starfi, enda mun þeirri reglu jafnan hafa verið fylgt. Með því að slík iðgjaldagreiðsla gefur ekki aukin réttindi til lífeyris, hefur framkvæmdin valdið nokkurri óánægju meðal sjóðfélaga. Er 1. gr. frv. ætlað að bæta úr því misræmi, sem talið er vera í því að greiða áframhaldandi iðgjöld án frekari réttinda til lífeyris.

Einstakir nefndarmenn voru því andvígir, að slík breyting yrði gerð, fyrr en athugað hefði verið, hvort ekki væri rétt og eðlilegt að breyta til hækkunar aldurstakmarki því, sem nú er í lögunum, þar sem sýnilegt er, að sjóðfélagi, sem á unga aldri — eins og nú er farið að tíðkast — gengur í þjónustu ríkisins, gæti náð 95 ára samanlögðum aldri og þjónustu aldri nokkru áður en hann næði 60 ára aldri og öðlazt þannig á bezta skeiði aldurs síns fullan rétt til lífeyris og greiddi þá eigi lengur iðgjöld, þótt hann héldi starfi sínu áfram. Þótti nefndinni rétt að ræða þetta

atriði sérstaklega við formann sjóðstjórnarinnar, hr. Ólaf Lárusson prófessor, og hr. Guðm. Kr. Guðmundsson tryggingafræðing, sem báðir komu á fund nefndarinnar. Voru allir aðilar sammála um, að rétt væri, að fram yrði látin fara endurskoðun á lögunum, m. a. vegna þeirra athugasemda, sem hér um ræðir. Vildi meiri hl. nefndarinnar (GJ, IF, og KK) fresta samþykkt 1. gr. frv., þar til niðurstöður slíkrar endurskoðunar lægju fyrir, en minni hl. var því andvígur. Nefndin var hins vegar öll sammála um að leggja til, að 2. gr. frv. yrði samþykkt, þar sem ljóst væri, að ákvæði hennar væru jafnt til hagsbóta fyrir sjóðinn sem fyrir sjóðsfélaga. Einnig var nefndin sammála um, að rétt væri að taka upp í frv. ákvæði um endurskoðun á lögunum á grundvelli þeirra ábendinga, sem fram höfðu komið í sambandi við ákvæði 1. gr.

Minni hl. n. (HG og VH) hefur fyrirvara um 1. brtt., en að öðru leyti leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin falli niður.
2. Á eftir 2. gr. komi ný grein og bráðabirgðaákvæði, er orðist svo:
   a. (3. gr.) Lög þessi öðlast þegar gildi.
   b. (bráðabirgðaákvæði.) Ríkisstjórnin lætur fara fram endurskoðun á lögum nr. 101 30. des. 1943, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, í samráði við stjórn sjóðsins. Verði m. a. athugað, hvort ekki sé rétt með hliðsjón af breyttum aðstæðum að hækka aldurstakmark frá því, sem nú er um rétt til fullrar lífeyrisgreiðslu, svo og annað það, sem af slíkri breytingu kann að leiða. Skal endurskoðuninni lokið á þessu ári.

Alþingi, 26. marz 1954.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form., með fyrirvara. Ingólfur Flygenring, fundaskr. Gísli Jónsson, frsm.

Haraldur Guðmundsson, með fyrirvara. Karl Kristjánsson.

Ed. 572. Lög [139. mál]

um lögreglustjóra á Keflavíkurflugvelli.

(Afgreidd frá Ed. 27. marz.)

Samhljóða þskj. 362.

Nd. 573. Nefndarálit [160. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi koma til framkvæmda, þegar notuð hefur verið heimild sú, er felst í bráðabirgðaákvæði laganna um prestssetursbús í Höfðakaupstað.

2. Bráðabirgðaákvæði orðist svo:
Kirkjumálaráðherra er heimilt að láta reisa eða kaupa prestsseturshús í Höfðakaupstað, enda fylgi því að minnsta kosti 5 hektara ræktunarland, og að því loknu að leigja eða selja jörðina Höskuldsstaði.

Alþingi, 27. marz 1954.

Gunnar Thoroddsen, form., frsm. Páll Þorsteinsson, fundaskr. Halldór Ásgrímsson. Kjartan J. Jóhannsson.

Sþ. 574. Nefndarálit [152. mál]

um till. til þál. um skil bátagjaldeyriságóða til hlutarsjómanna.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur athugað mál þetta, rætt það á nokkrum fundum og hefur ekki getað orðið á eitt sátt um afgreiðslu þess. Ágreiningi þeim, sem hér um ræðir, um skiptingu á bátagjaldeyriságóða milli hlutarsjómanna og útgerðarmanna, hefur verið skotið til dómstólanna. Undirréttardómi, sem fallið hefur í málinu, hefur verið áfrýjað til hæstaréttar, en dómur hefur enn ekki verið upp kveðinn þar. Meiri hluti fjárveitinganefndar lítur svo á, að einsætt sé, að beðið verði úrskurðar hæstaréttar í máli þessu, og að fyrst geti komið til athugunar fyrir Alþingi og ríkisstjórn að taka ákvörðun um, hvað rétt þætti að gera í málinu af hálfu þessara aðila, þegar endanlegur dómsúrskurður er í því fallinn.

Minni hluti nefndarinnar (HV og LJós) mun hins vegar skila séráliti.

Með skírskotun til þess, sem að framan segir, leggur meiri hl. nefndarinnar til, að málið verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að ágreiningi þeim um bátagjaldeyriságóða, sem hér um ræðir, hefur verið skotið til úrskurðar dómstólanna, en endanlegur dómur í málinu hefur enn ekki verið upp kveðinn, telur Alþingi ekki tímabært að taka mál þetta til meðferðar og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 26. marz 1954.

Pétur Ottesen, form. Halldór Ásgrímsson. Björn Björnsson, fundaskr. Jónas G. Rafnar. Karl Kristjánsson. Magnús Jónsson, frsm. Jón Kjartansson.

Nd. 575. Nefndarálit [181. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 22 1. febr. 1952, um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt.

Einn nefndarmanna (JóhH) var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 27. marz 1954.

Skúli Guðmundsson, form. Páll Þorsteinsson, frsm. Jón Pálmason. Gylfi Þ. Gíslason.

Nd. 576. Nefndarálit [179. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. og borið það saman við gildandi skattalög. Ágreiningur er innan nefndarinnar um afgreiðslu málsins, og mun minni hlutinn (GÞG) skila séráliti. Undirritaðir leggja til, að frv. verði samþykkt.

Síðan lagasafnið var gefið út, árið 1945, hafa verið gerðar nokkrar breytingar á skattalögunum. Af formsástæðum þykir henta að taka nokkrar af þeim breytingum inn í þetta frv., svo sem ákvæði laga nr. 16 frá 1949 um aukavinnu við byggingu íbúða til eigin nota, laga nr. 60 frá 1949 um breytingar á 45. gr. laganna og laga frá 1952 um dráttarvexti. Flytur nefndin brtt. um þetta á sérstöku þingskjali, og eru þar einnig gerðar tillögur um smávægilegar orðalagsbreytingar á nokkrum greinum frv. Er hér ekki um að ræða neinar efnisbreytingar á frv. eða lögunum.

Meiri hl. áskilur sér rétt til að flytja brtt. við 3. umr., ef ástæða þykir til að athuguðu máli.

Alþingi, 28. marz 1954.

Skúli Guðmundsson, form., frsm.
Jóhann Hafstein, fundaskr.
Páll Þorsteinsson.
Jón Pálmason.

Nd. 577. Breytingartillögur [179. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 5. gr.
   a. Fyrir „d-lið 1. málsgr.“ í 1. tölul. kemur: 1. málsgr. d-liðar.
   b. Fyrir orðin „sbr. III. kafla: Um skattfrelsi sparifjár (22. gr., 2. málsgr.)“ í 1. tölul. kemur: sbr. ákvæði laganna um skattfrelsi sparifjár.
   c. Fyrir orðin „laga nr. 16/1949“ í fyrri málsgr. 2. tölul. kemur: laganna.
2. Við 6. gr. Meginmál greinarinnar orðast svo:
   e. Eignarauki, er stafar af aukavinnu, sem einstaklingar leggja fram utan reglulegs vinnutíma við byggingu íbúða til eigin afnota. Þessi ívilnun fellur þó burt að því leyti, sem vinnan kann að fást endurgreidd með söluhagnaði af íbúðinni samkv. e-lið 7. gr. Fjármálaráðherra setur um þetta nánari reglur.
   f. Jarðræktarframlag ríkisins, samkvæmt II. kafla jarðræktarlaga, nr. 45 17. maí 1950.
   g. Fæði sjómanns, er hann fær hjá atvinnurekanda.
3. Við 7. gr. 2. tölul. orðast svo:
   e-liður orðist svo:
   Iðgjöld til stéttarfélaga, sjúkrasjóða, styrktarsjóða og atvinnuleysissjóða, þó ekki hærri en sem svarar 5% af hreinum tekjum aðila.
4. Við 9. gr. Greinin orðast svo:
   Fyrir 1. málsgr. 12. gr. laganna komi þrjár málsgreinar, þannig:
   Frá hreinum tekjum heimilisfastra manna hér á landi, eins og þær eru ákveðnar samkvæmt lögum þessum, skal draga sem hér segir:
   Fyrir einstakling kr. 6500.00.
   Fyrir hjón kr. 12000.00 (6 þús. fyrir hvort).
   Fyrir hvert barn kr. 4500.00.

Nú breytist kaupgjaldsvísitala til hækkunar eða lækkunar frá því, sem hún var að meðaltali árið 1953, og skal þá framangreindum frádráttarupphæðum breytt í réttu hlutfalli við vísitölubreytingarnar. Brot úr hundraði skal fella niður af útkomu, þegar reiknaðar eru út frádráttarupphæðir.

Frádráttur veitist fyrir þau börn, sem ekki eru fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs, þegar skattur er á lagður. Hér með teljast stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn, sem ekki er greitt meðlag með. Fyrir aðra skylduómaga, sem skattgreiðandi hefur á framfæri sínu, veitist sami frádráttur og fyrir börn.

5. Við 12. gr. Fyrir „2. málsgr.“ kemur: 3. málsgr.

6. Við 15. gr. Á eftir greininni kemur ný grein (verður 16. gr.), þannig:

45. gr. laganna orðist svo:

Lögreglustjórar — í Reykjavík tollstjóri — innheimta tekju- og eignarskatt á manntalsþingum ár hvert. Sé skatturinn eigi greiddur innan mánaðar frá gjalddaga, skal greiða dráttarvexti, ½% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem greiðsla dregst. Nú er skattur eigi greiddur fyrir næstu áramót, eftir að hann var á lagður, og skal þá greiða 1% dráttarvexti fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem greiðsla dregst frá þeim áramótum. Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett fyllri ákvæði um innheimtuna, svo sem að gjalddagar skuli vera fleiri en einn á ári, þar sem það þykir henta, um tilbúning og sölu skattmerkja og þess háttar. Einnig getur fjármálaráðherra með reglugerð skyldað kaupgreiðendur til að gefa skýrslur um mannahald og halda eftir og skila til innheimtumanns upp í þinggjöld manna hluta af kaupi þeirra til lúkningar gjöldunum, og má í reglugerðinni setja ýtarlegri ákvæði um allt, er að þessu lýtur. Kaupgreiðandi ábyrgist þá fé það, er hann hefur haldið eftir sem geymslufé. Fé þetta og gjöld, er ekki hefur verið haldið eftir vegna vanrækslu kaupgreiðanda, má taka lögtaki hjá honum sem eigin skattar væru. Nú vanrækir kaupgreiðandi að halda fé eftir upp í gjöldin, skila innheimtufé eða umkröfðum skýrslum, og má þá einnig beita sektum, ef eigi er úr bætt innan hæfilegs frests, er innheimtumaður ákveður.

Enn fremur getur ráðherra með reglugerð ákveðið, að innheimta skuli fyrir fram upp í væntanlega skatta yfirstandandi árs hjá hverjum gjaldanda fjárhæð, er nemi allt að helmingi þeirra þinggjalda, sem honum bar að greiða næstliðið ár.

Nú breytir ríkisskattanefnd skatti svo seint, að tilkynning um það hefur eigi náð innheimtumanni fyrir gjalddaga skattsins, og skal hann þá innheimta eða endurgreiða þann skatt síðar á árinu.

7. Við 16. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:

Á eftir 55. gr. laganna komi fimm nýjar greinar, svo hljóðandi.

a. (63. gr.) o. s. frv.

8. Við 17. gr. Aftan við greinina bætist nýr málsliður, svo hljóðandi:

Jafnframt er úr gildi numin 1. gr., hluti af 4. gr. (a- og b-liðir), 5. gr. og hluti af 14. gr. (a- og i-liðir) laga nr. 20 1942, lög nr. 16 1949 og lög nr. 60 1949, um breyt. á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Sþ. 578. Breytingartillaga [169. mál]

við till. til þál. um stækkun þinghúslóðarinnar.

Flm.: Pétur Ottesen.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera á þessu ári ráðstafanir til, að lóð þinghússins verði stækkuð með því, að Alþingi verði látin í té lóðin Kirkju-

stræti 12. Jafnframt séu fluttar á brott byggingar þær, sem á lóð þessari standa. Heimilar Alþingi jafnframt ríkisstjórninni að verja úr ríkissjóði fé, sem þarf til að lagfæra lóð þessa.

Ed. 579. Nefndarálit [184. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 27. júní 1921, um fasteignaskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin er samþykk aðalefni frumvarpsins um, að fasteignaskattur sá, sem ríkið hefur á lagt og innheimt til sinna þarfa, samkv. lögum nr. 66 frá 1921, verði á þessu ári og framvegis, meðan hann er tekinn, látinn koma í hlut sveitarfélaga. Lítur nefndin svo á, að rétt sé, að sveitarfélögin ein hafi álögurétt á fasteignir, og væntir þess, að endurskoðun sú, er nú stendur yfir á löggjöfinni um tekjuöflun sveitarfélaga, leiði af sér heppilegri skipun fasteignaskattsmálanna en nú er, og þá ekki sízt sameiningu skatta sveitarfélaganna af fasteignum.

Stjórn félags héraðsdómara hefur borið fram eindregnar óskir um það, að því ákvæði frumvarpsins verði breytt, að lögreglustjórar innheimti skattinn eins og áður. Eru óskirnar rökstuddar með því, að miklir bókhaldslegir annmarkar fylgi innheimtunni fyrir sýslumenn og bæjarfógeta, af því að skatturinn á ekki að renna í ríkissjóð. Skírskota málflytjendur í því sambandi sérstaklega til hins nýja vélabókhalds, sem verið er að taka upp hjá ríkinu, telja, að innheimta þessa skatts fyrir sveitarfélögin samrýmist því ekki og hljóti að valda verulegum aukakostnaði, en hins vegar þurfi mörg sveitarfélögin að innheimta sams konar skatt hjá sömu aðilum.

Nefndin telur að athuguðu máli ástæðu til þess að taka þessar óskir til greina. En jafnframt telur hún rétt, að lögreglustjórarnir, þ. e. þeir embættismenn, er að undanförnu hafa lagt fasteignaskattinn á og innheimt hann, láti á þessu ári sveitarfélögunum í té skrár yfir gjaldendur og útreiknaðan skatt þeirra fyrir þetta ár til þess að innheimta eftir. Verða með því byrjunarörðugleikar í verkinu sparaðir sveitarfélögunum og nýjum innheimtumönnum búið í hendur af hinum eldri.

Samkvæmt framansögðu leggur fjárhagsnefnd til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Á eftir 1. gr. komi 2 nýjar greinar (verða 2. og 3. gr), svo hljóðandi:
   a. (2. gr.).
      Í stað orðanna „lögreglustjóra, sem leggur það undir úrskurð stjórnarráðsins, ásamt tillögum sínum“ í niðurlagi 4. gr. laganna komi: sveitarstjórn, sem leggur úrskurð á beiðnina.
   b. (3. gr.).
      Í stað orðanna „lögsagnarumdæmi“ og „lögreglustjóri“ í 5. gr. laganna komi: sveitarfélagi, sveitarstjórn.
2. 2. gr. (verður 4. gr.) verði svo hljóðandi:
   8. gr. laganna orðist svo:
   Skatt þennan skulu sveitarstjórnir innheimta, og fellur hann í gjalddaga 1. júlí ár hvert, í fyrsta sinn 1954. Þó getur sveitarstjórn ákveðið annan gjalddaga fyrr á árinu.
3. Á eftir 3. gr. (verður 5. gr) kemur svo hljóðandi ákvæði til bráðabirgða:
   Lögreglustjórar, eða hver sá embættismaður, sem innheimta hefði átt fasteignaskattinn að óbreyttum þeim lögum, er um hann hafa gilt, afhendi hver í sínu umdæmi eigi síðar en 1. júní 1954 gjaldkera hvers sveitarsjóðs í umdæminu

skrá yfir fasteignaskattsgjaldendur í sveitarfélaginu, og sé á skránni tilgreindur skattur hvers gjaldanda fyrir árið 1954.

Alþingi, 29. marz 1954.

Bernharð Stefánsson, form. Lárus Jóhannesson, fundaskr. Karl Kristjánsson, frsm.
Gísli Jónsson. Haraldur Guðmundsson.

Sþ. 580. Nefndarálit [100. mál]

um till. til þál. um milliþinganefnd í heilbrigðismálum.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað þingsályktunartillögu þessa og sent hana heilbrigðisstjórninni til umsagnar. Nefndin leggur til, að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 29. marz 1954.

Pétur Ottesen, form. Björn Björnsson, fundaskr. Halldór Ásgrímsson, frsm.
Jónas G. Rafnar. Lúðvík Jósefsson. Karl Kristjánsson.
Jón Kjartansson. Hannibal Valdimarsson. Magnús Jónsson.

Nd. 581. Frumvarp til laga [84. mál]

um Kirkjubyggingasjóð.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Kirkjubyggingasjóður. Hlutverk sjóðsins er að veita þjóðkirkjusöfnuðunum vaxtalaus lán til kirkjubygginga í sóknum landsins og til varanlegra endurbóta á eldri kirkjum.

2. gr.

Ríkissjóður skal greiða í Kirkjubyggingasjóð kr. 500000.00 á ári næstu 20 ár.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 5 mönnum. Biskup landsins á sæti í stjórninni og er formaður hennar, en fjórir stjórnarmenn skulu kosnir í landsfjórðungunum til þriggja ára í senn, þannig, að sóknarprestar og formenn sóknarnefnda í hverjum landsfjórðungi kjósa einn mann í sjóðsstjórnina samkvæmt reglugerð, er ráðherra setur. Reikningar sjóðsins skulu birtir í Stjórnartíðindum.

3. gr.

Ekki má veita lán úr sjóðnum samkv. 1. gr., nema teikning að kirkjubyggingu eða endurbót eldri kirkju hafi verið samþykkt af þriggja manna nefnd, er í skulu eiga sæti biskup landsins, húsameistari ríkisins og þriðji maður, sem kirkjumálaráðherra skipar. Árlegar tekjur kirkjunnar skulu vera til tryggingar láninu. Lánsupphæðin miðast við stærð kirkju og má nema allt að kr. 200.00 á hvern teningsmetra, þó aldrei meiru en kr. 1000.00 á hvern fermetra gólfflatar. Byggingarlánin endurgreiðast með jöfnum árlegum afborgunum á 50 árum.

Til endurbóta eldri kirkna má eigi veita hærri lán en sem svarar ¼ kostnaðar, samkvæmt reikningum, sem biskup úrskurðar. Lánin endurgreiðast á 20 árum með jöfnum afborgunum.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1955.

Bráðabirgðaákvæði.

Endurgreiða skal úr Kirkjubyggingasjóði vexti af lánum þeim til kirkjubygginga og endurbóta eldri kirkna, er tekin hafa verið eftir árslok 1945, enda sanni kirkjureikningar, að lánin nemi ekki stærri hluta af byggingar- og viðgerðarkostnaði en sagt er í 3. gr.

Nd. 582. Frumvarp til laga [144. mál]

um orkuver Vestfjarða.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að fela rafmagnsveitum ríkisins að virkja Dynjandisá eða Mjólká í Arnarfirði til raforkuvinnslu í allt að 7000 hestafla orkuveri og leggja þaðan aðalorkuveitu vestur á bóginn til Bíldudals, Tálknafjarðar og Patreksfjarðar og norður á bóginn til Þingeyrar, Flateyrar, Suðureyrar, Bolungavíkur, Súðavíkur og Hnífsdals og Ísafjarðar.

2. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs eða ábyrgjast lán, sem rafmagnsveitur ríkisins taka, allt að 60 milljónum króna, eða jafngildi þeirrar upphæðar í erlendri mynt, til greiðslu stofnkostnaðar þeirra mannvirkja, sem um getur í 1. gr. Af þeirri upphæð má taka sem lán úr raforkusjóði samkvæmt 1. lið 35. gr. raforkulaganna allt að 20 milljónum króna, þó eigi meira en nemur ⅓ hluta af stofnkostnaði mannvirkjanna.

3. gr.

Framkvæmdir samkv. 1. gr. mega ekki hefjast, nema fyrir liggi nákvæmar kostnaðaráætlanir um virkjunarframkvæmdir samkv. ákvæðum raforkulaga.

4. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að festa kaup á vatnsréttindum í ánum fyrir botni Arnarfjarðar, ef viðunandi kjör fást.

5. gr.

Heimilt er að endurgreiða kostnað þann, sem sveitarfélögin á Vestfjörðum hafa greitt vegna undirbúnings Vestfjarðavirkjunar, og telja með stofnkostnaði, enda öðlist rafmagnsveitur ríkisins þá eignarrétt á öllum uppdráttum og áætlunum um Dynjandisvirkjun, sem Orkuver Vestfjarða h/f lét gera.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 583. Lög [119. mál]

um viðauka við lög nr. 115 7. nóv. 1941, um Búnaðarbanka Íslands.

(Afgreidd frá Nd. 29. marz.)

Samhljóða þskj. 466.

Nd. 584. Frumvarp til áfengislaga. [12. mál]

(Eftir 2. umr. í Nd.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er sá að vinna gegn misnotkun áfengis í landinu og útrýma því böli, sem henni er samfara.

2. gr.

Áfengi telst samkvæmt lögum þessum hver sá vökvi, sem meira er í en 2¼% af vínanda að rúmmáli. Duft, kökur og annað, er þau efni eru í, sem sundur má leysa í vökva og hafa nefndan áfengisstyrkleika, skal fara með sem áfengan drykk.

Sterkir drykkir teljast samkvæmt lögum þessum þau vín, sem meira er í en 21% af vínanda að rúmmáli. Létt vín teljast þau vín, sem minna er í en 21% af vínanda að rúmmáli.

II. KAFLI
Innflutningur áfengis.

3. gr.

Ríkisstjórninni einni er heimilt að flytja hingað til lands áfenga drykki eða áfengisvökva, hverju nafni sem nefnast. Áfengisverzlun ríkisins annast innflutninginn. Þó skal óheimilt að flytja til landsins öl.

4. gr.

Nú kemur skip frá útlöndum, og er skipstjóra þá skylt að tilkynna löggæzlumanni þegar í stað, eða um leið og hann sýnir skipsskjölin, hvort nokkurt áfengi sé í skipinu og hve mikið.

Löggæzlumaður skal jafnan rannsaka á fyrstu höfn, er skip kemur frá útlöndum, hvort áfengi er í skipi, hvort heldur skipið er íslenzkt eða erlent. Hefur hann vald til að opna hirzlur skipverja og farþega og rannsaka aðra staði í skipinu til þess að ganga úr skugga um, hvort áfengi sé þar.

Nú hefur skipið áfengi frá útlöndum, sem ekki er flutt inn samkvæmt heimild í 3. gr., og skal þá löggæzlumaður á hinni fyrstu höfn, er skipið kemur til, setja embættisinnsigli sitt fyrir hið aðflutta áfengi, og ábyrgist skipstjóri, að engu áfengi sé skotið undan innsiglum og að innsigli séu ekki brotin eða af áfenginu tekið, fyrr en skipið er alfarið frá landinu, enda gangi löggæzlumaður úr skugga um það, áður en skip lætur úr síðustu höfn, að innsiglin séu heil og ekkert hafi verið tekið af áfenginu. Þó má skipið hafa hæfilegan skipsforða af áfengi óinnsiglaðan til neyzlu handa skipverjum á fyrstu afgreiðsluhöfn, en aldrei má selja, gefa eða flytja í land af þeim forða. Allt slíkt óinnsiglað áfengi skal greinilega merkt tollyfirvöldum.

Skrá yfir innsiglað áfengi og óinnsiglaðan skipsforða áfengis skal fylgja skipinu og samrit af skránni liggja hjá þeim, er innsiglaði.

Dómsmálaráðherra ákveður með reglugerð, hvað teljast skuli hæfilegur skipsforði af vínum, svo og um varnir gegn misnotkun hans.

Skipstjóri ber ábyrgð á brotum skipverja gegn þessari grein, en farþegar á farangri sínum.

Fyrirmæli þessarar greinar taka til flugvéla, eftir því sem við á, en ná ekki til herskipa eða skemmtiferðaskipa.

5. gr.

Strandi skip hér við land og hafi meðferðis áfengi, eða berist þvílíkt vogrek á land, skal hreppstjóri í forföllum lögreglustjóra þá þegar taka áfengisílátin til varðveizlu og innsigla þau. Hann segir lögreglustjóra tafarlaust til áfengisins, og kemur lögreglustjóri því til geymslu á óhultum stað.

Sé eigandi kunnur, skal tilkynna honum með fyrstu ferð um björgun áfengisins, ella skal auglýsa það eftir reglum um vogrek. Kjósi eigandi innan 12 mánaða frá tilkynningu, að áfengið sé sent úr landi á hans kostnað eða selt Áfengisverzlun ríkisins fyrir það verð, er hún kann að bjóða, skal það gert, ella sé það eign ríkissjóðs. Sama er og ef eigandi gefur sig fram samkvæmt auglýsingu innan 6 mánaða frá birtingu hennar, og skal þá telja 12 mánaða frestinn frá því, að hann segir til sín.

Gefi enginn eigandi sig fram, áður en hinn lögskipaði auglýsingarfrestur er útrunninn, skal áfengið eign ríkissjóðs.

6. gr.

Enginn má taka við neins konar ólöglega aðfluttu áfengi úr skipi eða öðrum farkosti hér við land eða í íslenzkri landhelgi né heldur taka við áfengi á floti, hvort sem hann gerir það endurgjaldslaust eða gegn endurgjaldi.

Landhelgi telst samkvæmt þessum lögum 4 sjómílur á haf út frá stórstraumsfjöruborði, og sé talið frá yztu skerjum og hólmum, er upp úr sjó koma, enda teljast firðir og víkur í landhelgi, allt það, sem landmegin verður innan við beina línu, er dregin sé þar milli nesja, sem næst fjarðarmynni verða 12 sjómílur, og 4 sjómílur til hafs frá þeirri línu.

III. KAFLI
Tilbúningur áfengis.

7. gr.

Bannað er að brugga á Íslandi eða búa til áfenga drykki eða áfengisvökva og gera drykkhæft það áfengi, sem er eða gert hefur verið óhæft til drykkjar.

Heimilt er ríkisstjórninni, þrátt fyrir ákvæði 1. málsgr., að leyfa tilbúning öls, sem hefur inni að halda meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli, vegna sölu til erlends varnarliðs, er hér dvelur, eða til útflutnings. Framleiðslugjald af slíku öli skal ákveðið í lögum um gjald af innlendum tollvörutegundum. Nánari ákvæði um meðferð og sölu þess skulu sett í reglugerð.

8. gr.

Upptæk skal gera og ónýta öll áhöld, sem nota á eða hafa verið notuð við bruggun eða tilbúning áfengra drykkja eða til þess að gera drykkhæft það áfengi, sem ódrykkhæft var. Áfengi það, sem búið hefur verið til eða aftur gert drykkhæft, skal og upptækt ásamt ílátunum. Andvirðið rennur í Menningarsjóð.

IV. KAFLI
Sala og veitingar áfengis.

9. gr.

Áfengisverzlun ríkisins annast sölu áfengis þess, sem ríkið flytur inn samkvæmt 3. gr. Ríkisstjórnin ákveður álagningu með hliðsjón af áfengisstyrkleika og

innkaupsverði. Óheimilt er að gefa veitingamönnum afslátt frá hinu ákveðna útsöluverði til almennings.

10. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja á stofn útsölustaði áfengis, en þó aðeins í kaupstöðum.

Áður en útsala er sett á stofn, skal fara fram atkvæðagreiðsla kosningarbærra manna í því bæjarfélagi, sem í hlut á, og þarf meiri hluta greiddra atkvæða til þess að útsala sé leyfð.

Áfengisútsala skal lögð niður, ef það er samþykkt með meiri hluta greiddra atkvæða í kaupstaðnum.

Atkvæðagreiðslur, sem um getur í 2. og 3. málsgr., skulu fara fram, er ⅓ hluti kjósenda eða meiri hluti bæjarstjórnar í viðkomandi bæjarfélagi krefst þess. — Nú hefur verið fellt með atkvæðagreiðslu að stofna útsölu eða loka útsölu, eða samþykkt að leggja niður útsölu samkvæmt 3. málsgr., og getur atkvæðagreiðsla þá ekki farið fram á ný, fyrr en að tveimur árum liðnum.

11. gr.

Heimild til að selja aftur áfengi, er keypt hefur verið af Áfengisverzlun ríkisins eða útsölum hennar, hafa þeir einir, er hér greinir:

1. Lyfsalar og læknar, sem rétt hafa til lyfjasölu, þó eingöngu þau vín, sem talin eru í lyfjaskrá, og aðeins til lyfja.

   Dómsmálaráðherra setur reglugerð um áfengislyfjasölu lyfsala og lækna, sem rétt hafa til lyfjasölu, og skal meðal annars ákveða, hve mikið áfengi megi á hverju ári eða um ákveðið tímabil láta af hendi til hverrar lyfjabúðar (lyfsala eða læknis). Í reglugerðinni skal greina á milli áfengislyfja, sem hæf eru til nautnar, og áfengislyfja, sem óhæf eru til nautnar. Enginn lyfsali má láta úti áfengislyf, sem hæft er til nautnar, nema eftir löglegum lyfseðli læknis. Enginn læknir má ávísa úr lyfjabúð áfengislyfi, sem hæft er til nautnar, nema hann hafi fengið til þess sérstakt leyfi ráðherra, er ákveður, að fengnum tillögum landlæknis, hversu mikið áfengi viðkomandi læknir megi ávísa á ári, eða um ákveðið tímabil, og á hvern hátt. Landlæknir lætur lækni, sem sérstakt leyfi hefur fengið til áfengislyfjaávísana, í té hæfilega mörg eyðublöð undir slíkar ávísanir.
2. Veitingastaðir þeir, sem rétt hafa til veitingar áfengra drykkja, þó aðeins til neyzlu á staðnum og með þeim takmörkunum, er veitingaleyfið og reglugerð ákveður.
3. Dómsmálaráðherra setur reglugerð um sölu vínanda til eldsneytis, er gerður hefur verið óhæfur til drykkjar, svo og um vínanda til iðnþarfa, efnarannsókna, náttúrugripasafna og annarra verklegra nota.

12. gr.

Í kaupstöðum, þar sem áfengisútsala er, getur dómsmálaráðherra veitt veitingahúsum leyfi til vínveitinga, þegar eftirtalin skilyrði eru fyrir hendi:

a. Að veitingahúsið hafi á boðstólum mat og fjölbreytta óáfenga drykki við hóflegu verði.
b. Að veitingahúsið sé fyrsta flokks, að því er snertir húsakynni, veitingar og þjónustu.

Þriggja manna nefnd skal dæma um, hvaða veitingahús fullnægja ákvæðum b-liðar 1. málsgr. Nefndin skal þannig skipuð, að áfengisvarnaráð tilnefnir einn mann, annar sé tilnefndur af Sambandi gistihús- og veitingahúseigenda og hinn þriðji af ráðherra.

Áður en vínveitingaleyfi er veitt, skal leita umsagnar bæjarstjórnar og áfengisvarnanefndar í þeim kaupstað, er í hlut á.

Utan kaupstaða er dómsmálaráðherra og heimilt, að uppfylltum skilyrðum a—b-liða 1. málsgr. og eftir að leitað hefur verið umsagnar hlutaðeigandi sýslunefndar, að veita veitingahúsum leyfi til vínveitinga, ef telja má, að veitingahúsreksturinn sé aðallega fyrir erlenda ferðamenn.

Vínveitingaleyfi skulu ekki veitt lengur en til fjögurra ára í senn. Veitingaleyfi skal bundið við nafn og veitir leyfishafa aðeins rétt til veitinga í því húsnæði, er hann hefur, þegar leyfið er veitt. Öll leyfi skulu gefin út með fyrirvara um, að stytta megi leyfistímann án skaðabótaskyldu fyrir ríkissjóð, ef sérstakar ástæður mæla með því að dómi ráðherra.

Ef áfengisútsala er lögð niður í kaupstað samkvæmt ákvæðum 10. gr., verður vínveitingaleyfi veitingahúss í þeim kaupstað ekki framlengt að gildistíma þess loknum.

Veitingaleyfi má binda þeim skilyrðum, sem dómsmálaráðherra telur nauðsynleg, m. a. er heimilt að binda leyfið eingöngu við veitingar léttra vína. Ef veitingamaður brýtur gegn settum skilyrðum eða uppfyllir þau ekki lengur, skal hann þegar missa vínveitingaleyfi sitt. Fyrir vínveitingaleyfi skal greiða í hvert sinn kr. 4000.00 í ríkissjóð.

Skylt er löggæzlumönnum að gefa sérstakar gætur að starfsemi þeirra veitingahúsa, sem vínveitingaleyfi hafa.

Nánari fyrirmæli um vínveitingar, þar á meðal um veitingatíma, álagningu og lögreglueftirlit með veitingastöðum, skulu sett í reglugerð. Áður en slík reglugerð er sett, skal leitað umsagnar áfengisvarnaráðs.

13. gr.

Áfengisverzlun ríkisins, útsölur hennar og veitingastaðir, sem leyfi hafa til veitingar áfengra drykkja, mega aðeins afhenda áfengi gegn staðgreiðslu.

Ákvæði greinar þessarar gilda eigi um sölu vínanda til lyfsala og lækna, sem rétt hafa til lyfjasölu, sbr. 11. gr.

14. gr.

Áfengissölubúðir skulu vera lokaðar á helgidögum þjóðkirkjunnar og frá hádegi á laugardögum og aðfangadögum stórhátíða; einnig þá daga, er almennar kosningar til Alþingis og sveitarstjórna fara fram, svo og 1. maí, 17. júní, 1. desember og sumardaginn fyrsta.

Lögreglustjórum er heimilt að loka áfengisútsölu eða banna vínveitingar á veitingastöðum, sem leyfi hafa til áfengisveitinga, fyrirvaralaust um lengri eða skemmri tíma, þegar sérstaklega stendur á. Áfengisverzlun ríkisins eða veitingamaður, sem í hlut á, getur skotið ákvörðun lögreglustjóra til dómsmálaráðherra. Ekki frestar málskot framkvæmd lokunarinnar eða bannsins.

15. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglugerð um sölu og veitingar vína samkvæmt þessum kafla.

Heimilt er að ákveða í þeirri reglugerð hámark þess áfengis, sem Áfengisverzlunin og útsölur hennar mega afhenda einstaklingum (mánaðarskammt, ársskammt), svo og setja nánari reglur um meðferð áfengis.

Brot gegn ákvæðum reglugerðarinnar varða refsingu samkvæmt lögum þessum.

V. KAFLI

Meðferð áfengis í landinu.

16. gr.

Áfengi má ekki afhenda né veita neinum, sem er bersýnilega ölvaður, og ekki heldur yngri mönnum en 21 árs. Kaupandi áfengis skal jafnan sanna aldur sinn

með vegabréfi eða á annan fullnægjandi hátt. Óheimilt er að selja þeim manni áfengi, er sekur hefur gerzt um óleyfilega sölu eða bruggun áfengis.

Áfengisauglýsingar eru bannaðar.

Skylt er að tilkynna útsölustöðum Áfengisverzlunarinnar jafnóðum, hverjir gerzt hafa brotlegir samkvæmt þessari grein.

Nánari ákvæði skal setja í reglugerð.

17. gr.

Allt það áfengi, sem Áfengisverzlunin lætur af hendi, skal merkt innsigli hennar. Finnist í vörzlum manns áfengi, sem ekki er merkt innsigli Áfengisverzlunar ríkisins eða tollyfirvalda og ætla má að sé ólöglegt, skal honum skylt að færa sönnur á, hvernig hann hafi fengið það. Geri hann það ekki, skal hann sæta sektum samkvæmt 32. gr., ef ætla má, að áfengið sé innflutt, en ella eftir 35. gr.

18. gr.

Með þeirri undantekningu, sem í 10., 11., 12. og 20. gr. segir, skal öllum óheimilt að veita, selja eða láta af hendi áfengi til annarra manna gegn því, að gjald eða annað verðmæti komi fyrir.

19. gr.

Láti nokkur viðgangast ólöglegan tilbúning áfengis, ólöglega sölu eða geymslu þess í húsum sínum eða á landi sínu, skal hann sekur samkvæmt 41. gr. Sama refsing liggur við, ef skip, bátar eða önnur flutningatæki eru með vitund og vilja eigandans notuð til geymslu, flutnings eða sölu ólöglegs áfengis.

Menn með lögregluvaldi, þar á meðal hreppstjórar og lögregluþjónar, hver í sínu umdæmi, eða sérstakir löggæzlumenn, hafa vald til að hefja lögregluransókn gegn þeim, sem staðnir eru að brotum á þessum lögum eða grunaðir um brot. Þeir hafa og vald til þess að rannsaka flutningatæki, svo sem skip, báta, bifreiðar, vagna o. s. frv., og stöðva þau, á meðan á rannsókn stendur. Skyldir eru þeir að senda viðkomandi dómara þegar í stað skýrslu um rannsóknina og staðfesta eftirrit af prófum, ef fram hafa farið, en dómarinn tekur málið til frekari meðferðar.

Enn fremur er þeim heimilt að rannsaka, hvort bifreiðar hafi áfengi meðferðis, þó að það sé löglega keypt, enda liggi fyrir rökstuddur grunur um, að áfengið sé ætlað til ólöglegrar sölu.

Nú finnst áfengi í bifreið, þegar svo stendur á sem í næstu málsgrein hér á undan segir, og skal þá refsa eiganda þess, sem hann væri sekur um ólöglega áfengissölu, nema leiddar séu að því sterkar líkur, að áfengið sé ekki ætlað til sölu.

20. gr.

Bannað er að neyta áfengis í veitingastofum, veitingatjöldum eða öðrum þeim stöðum, þar sem veitingar fara fram, sbr. þó 12. gr. og 2. málsgr. þessarar greinar. Sama gildir og um félagsherbergi.

Lögreglustjóri má þó veita félögum manna leyfi til áfengisveitinga í félagsherbergjum eða almennum veitingastöðum, öðrum en þeim, er um getur í 12. gr. Slíkt leyfi má þó einungis veita stjórnum félaganna, þegar um er að ræða árshátíðir félaganna eða samkvæmi innanfélagsmanna og gesta þeirra, sem haldin eru af sérstöku tilefni. Eigi má þó veita leyfi, nema sýnt sé, að félagsskapurinn í heild eða einstakir félagsmenn hafi ekki hagnað af. Slík vínveitingaleyfi má ekki veita skemmtifélögum. Ekki má heldur veita leyfi samkvæmum félaga, sem ætla má að til sé stofnað í tekjuskyni fyrir veitinga- eða skemmtistaði. Sannist það, að félög misnoti áfengisveitingaleyfi eða afli þess undir fölsku yfirskini, missa þau rétt til að fá slík leyfi í tvö ár.

VI. KAFLI
Ölvun.

21. gr.

Hver sá, sem sökum ölvunar veldur óspektum, hættu eða hneyksli á almannafæri, opinberum samkomum, í bifreiðum eða öðrum farartækjum eða skipum, skal sæta ábyrgð samkvæmt lögum þessum.

22. gr.

Hver embættismaður eða starfsmaður ríkisins eða opinberra stofnana, sem er ölvaður, þegar hann er að gegna embætti sínu eða starfi, skal sæta refsingu. Sé um miklar sakir að ræða eða brot ítrekað, varðar það frávikningu úr stöðunni um stundarsakir eða að fullu og öllu. Eigi læknir í hlut, skal hann missa lækningaleyfi sitt ásamt embættinu.

Sömu refsingu skal hver sá læknir sæta, þótt hann sé ekki embættismaður, sem er ölvaður, þegar hann er að gegna læknisstörfum, og kemur þá missir lækningaleyfis um stundarsakir eða fyrir fullt og allt í stað embættis- eða sýslunarmissis.

23. gr.

Séu lyfsalar eða þjónar þeirra ölvaðir við störf sín, sæta þeir sömu refsingu og læknar.

24. gr.

Ef flugmenn, bifreiðarstjórar, skipstjórar, stýrimenn, bátsformenn eða vélstjórar eru undir áhrifum áfengis við flug, akstur, stjórn skips eða vélar, varðar það missi réttar til að stjórna flugvél, bifreið, skipi, bát eða vél um stundarsakir, þó eigi skemur en 3 mánuði, eða fyrir fullt og allt, ef miklar sakir eru eða brot er ítrekað.

Sömu refsingu skulu framangreindir menn sæta, þótt annar hafi haft með höndum starf þeirra í farartækinu, ef þeir eru sjálfir í því og áttu að annast starfið, en vanræktu það sökum ölvunar og verulegt slys hlauzt af því.

Það varðar refsingu að veita mönnum þeim, sem tilgreindir eru í 1. málsgr., áfengi, þegar þeir eru að störfum.

Ákveða skal í reglugerð, að flugmönnum, bifreiðarstjórum og stjórnendum hvers konar farartækja, sem annast mannflutninga, sé bannað að neyta áfengis vissan tíma, áður en þeir hefja störf sín.

25. gr.

Leiki vafi á, hvort sakborningur samkvæmt þessum kafla sé undir áhrifum áfengis, skal bæði dómara og sakborning heimilt að láta skera úr því með blóðrannsókn, sem læknir eða annar kunnáttumaður framkvæmir.

VII. KAFLI
Áfengisvarnir.

26. gr.

Ríkisstjórnin skipar sér til aðstoðar áfengisvarnaráðunaut. Skal hann skipaður að fengnum tillögum frá stjórnum þeirra bindindisfélaga, sem styrks njóta af opinberu fé til bindindisstarfsemi.

Áfengisvarnaráðunautur starfar samkvæmt erindisbréfi, sem ríkisstjórnin setur honum. Hann skal taka laun samkvæmt VI. fl. launalaga.

27. gr.

Áfengisvarnaráð skal skipað fimm mönnum. Áfengisvarnaráðunauturinn er sjálfkjörinn formaður ráðsins, en hinir fjórir, ásamt jafnmörgum varamönnum,

skulu kosnir hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi að afstöðum hverjum almennum alþingiskosningum. Dómsmálaráðherra skipar varaformann ráðsins, að fengnum tillögum frá stjórnum þeirra bindindisfélaga, sem styrks njóta af opinberu fé. Áfengisvarnaráð skal hafa skrifstofu í Reykjavík. Veitir áfengisvarnaráðunautur henni forstöðu. Kostnaður við störf áfengisvarnaráðs greiðist úr ríkissjóði.

28. gr.

Áfengisvarnaráð fer með yfirstjórn allra áfengisvarna í landinu. Það skal stuðla að bindindissemi, vinna gegn neyzlu áfengra drykkja og reyna í samráði við ríkisstjórn, áfengisvarnanefndir og bindindissamtök að afstýra skaðlegum áhrifum áfengisneyzlu.

Áfengisvarnaráð skal hafa umsjón með áfengisvarnanefndum, samræma störf þeirra og vera þeim til aðstoðar og leiðbeiningar í hvívetna. Það skal fylgjast sem bezt með áfengis- og bindindismálum og veita hlutlausar upplýsingar um þau til blaða og annarra aðila, er óska þeirra.

Umsagnar áfengisvarnaráðs skal jafnan leita, áður en reglugerðir samkvæmt lögum þessum eru settar. Álits þess skal einnig leita varðandi verðlagningu áfengis.

Að öðru leyti fer áfengisvarnaráð með þau störf, sem lög þessi ákveða.

Nánari ákvæði um störf áfengisvarnaráðs skulu sett í reglugerð.

29. gr.

Áfengisvarnanefndir skulu vera í öllum hreppum og kaupstöðum landsins, þriggja manna í hreppum, sjö manna í kaupstöðum, öðrum en í Reykjavík, þar sem nefndin er skipuð níu mönnum. Ráðherra skipar formenn nefndanna, að fengnum tillögum áfengisvarnaráðs, en að öðru leyti skulu nefndarmenn kosnir af hlutaðeigandi hreppsnefndum og bæjarstjórnum. Skylt er að viðhafa hlutfallskosningu, ef óskað er. Kjörtími nefndarmanna er fjögur ár. Nefndirnar skulu vera ólaunaðar, en kostnaður við störf þeirra, ef einhver er, greiðist úr ríkissjóði að öðru leyti en því, að hlutaðeigandi hreppur eða kaupstaður greiðir fyrir nauðsynlegt húsnæði handa þeim.

Áfengisvarnanefndir skulu vera ráðgefandi um öll bindindis- og áfengismál fyrir sveitarstjórnir, lögreglustjóra, áfengisvarnaráð, ríkisstjórn og aðra þá aðila, sem komið geta til greina í því sambandi. Verksvið nefndanna skal að öðru leyti ákveðið í reglugerð, sem ráðherra gefur út, að fengnum tillögum áfengisvarnaráðs.

30. gr.

Í öllum skólum, er opinbers styrks njóta, skal fara fram fræðsla um áhrif áfengisnautnar. Sérstaka áherzlu skal leggja á að upplýsa, hvaða áhrif ofnautn áfengis hefur á líkama mannsins, vinnuþrek, siðferðisþroska hans og sálarlíf, á heimili manna, umgengnisvenjur og almenna siðfágun, á fjárhag einstaklinga og þjóðarinnar, á öryggi í vandasömu starfi og atvinnu manna almennt. Enn fremur skal veita fræðslu um það, hver sé öruggasta leiðin til að forðast ofnautn áfengis.

Fræðslumálastjórninni skal skylt að sjá svo um, að skólarnir eigi þess jafnan kost að fá hentugar kennslubækur og kennslukvikmyndir til fræðslu um áhrif áfengisnautnar, eftir því sem við á á hverju skólastigi.

Ráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um fræðslu samkvæmt þessari grein, þar á meðal um fjölda kennslustunda í hverjum skóla.

31. gr.

Ríkisstjórnin skal láta auglýsa á skipum, sem annast farþegaflutning með ströndum landsins, á veitingahúsum, pósthúsum og símastöðvum og öðrum þeim stöðum, sem þurfa þykir, útdrátt úr lögum þessum.

VIII. KAFLI
Refsiákvæði.

32. gr.

Fyrir brot gegn 3. gr. skal refsa þannig:

1. Ef áfengi er flutt inn í því skyni að selja það eða veita fyrir borgun, þá varðar það sektum:

Fyrsta sinni	kr.	4 000—20 000
Öðru sinni	—	8 000—40 000
Þriðja sinni	—	16 000—80 000

Auk þess greiðist í sekt 400 kr. á hvern lítra þess áfengis, sem innflutt er.

Sé um verulegt brot að ræða, má enn fremur dæma sökunaut í fangelsi, og skal það jafnan gert, þegar um margítrekað brot er að ræða.

Skip skal ávallt vera að veði til tryggingar greiðslu á sektum og málskostnaði, og má kyrrsetja það og selja, að undangengnu fjárnámi, til lúkningar hvoru tveggja.

Flytji skip hingað ólöglega áfengi, svo að telja megi það verulegan hluta af farmi þess, skal skipið gert upptækt handa ríkissjóði með dómi.

Brot gegn 3. gr. telst fullframið, þegar áfengi það, sem til sölu eða veitinga er ætlað, er flutt inn í landhelgi.

2. Nú þykir eigi sannað, að áfengið sé flutt inn til sölu eða veitinga fyrir borgun, svo og þegar skipstjóri ber ábyrgð á broti skipverja, en er ekki við það riðinn að öðru leyti, þá varðar það sektum frá 400—12 000 krónum. Auk þess greiðist í sekt 400 kr. á hvern lítra þess áfengis, sem innflutt er.

Jafnan skal hið ólöglega aðflutta áfengi verða eign ríkissjóðs.

33. gr.

Skýri skipstjóri lögreglustjóra, hreppstjóra eða sérstökum löggæzlumanni rangt frá um áfengi það, er hann hefur meðferðis, eða dragi að skýra frá áfengisbirgðum samkvæmt 4. gr., skal hann sekur um 2000—20 000 kr., liggi ekki þyngri refsing við broti hans samkvæmt öðrum lagaákvæðum. Skip er að veði fyrir sektum og málskostnaði, eins og segir í 32. gr. 1., 3. málsgr.

Upptækt skal gert það áfengi, sem skotið var undan innsiglun eða vanrækt að skýra frá.

34. gr.

Brot gegn fyrri málsgrein 6. gr. varða refsingu samkvæmt 32. gr.

Sektarákvæði samkvæmt 32. og 33. gr. gilda einnig um flugvélar og annan farkost, formenn þeirra og áhafnir, ef þeir gerast brotlegir við fyrirmæli þessara laga.

35. gr.

Brot gegn 7. gr. og reglugerð samkvæmt 2. málsgr. sömu greinar varða sektum, 2000—20 000 kr., og skal sökunautur enn fremur sæta fangelsi, ef áfengið hefur verið ætlað til sölu eða veitinga fyrir borgun og brot er ítrekað, eða miklar sakir eru að öðru leyti.

36. gr.

Misbeiti læknir lækningaleyfi sínu til þess að útvega mönnum áfengi til neyzlu, með því að láta af hendi áfengi eða áfeng lyf eða lyfseðil á áfengi, án þess að áfengið sé nauðsynlegt til lækninga, skal hann við fyrsta brot sæta sektum, 800—8000 kr. Ítrekað brot varðar sektum, 1600—20 000 kr.

Sama gildir um lyfsala og þjóna þeirra, ef þeir misnota aðstöðu sína til þess að selja mönnum áfengi til neyzlu.

Sé brot margítrekað eða að öðru leyti stórfellt, skal auk sektar svipta sökunaut leyfi til þess að láta af hendi áfengi eða áfengisblöndur eða gefa út áfengis-

seðla. Lágmark leyfissviptingarinnar skal vera 2 ár. Sé brot svo vaxið, að það falli undir ákvæði 2. málsgr. 38. gr., skal beita refsingu samkvæmt þeirri grein.

37. gr.

Misnoti veitingamaður, sem leyfi hefur til áfengisveitinga, leyfi sitt með því að veita áfengi á öðrum tímum eða á annan hátt en honum er heimilt, eða aðrar vintegundir, svo og með því að selja áfengi án þess að neytt sé á staðnum, varðar það refsingu samkvæmt 38. gr. og leyfissviptingu samkvæmt 39. gr.

38. gr.

Brot gegn ákvæðum 18. gr. varða sektum, 800—8000 krónum. Sé brotið ítrekað, varðar það sektum frá 1600—20 000 krónum.

Brjóti nokkur oftar ákvæði þessarar greinar eða geri sér að atvinnu sölu eða veitingar áfengra drykkja, varðar það, auk sektar, fangelsi, allt að 3 mánuðum.

39. gr.

Verði maður, sem leyfi hefur til veitingasölu eða gistihúshalds samkvæmt lögum nr. 21 15. júní 1926, sekur um brot á ákvæðum 18. gr., varðar það refsingu samkvæmt 38. gr. Hafi brotið átt sér stað í sambandi við atvinnurekstur hans, skal hann auk refsingarinnar sviptur veitingaleyfi, í fyrsta sinn ekki skemur en einn mánuð, í annað sinn ekki skemur en 3 mánuði og í þriðja sinn að fullu og öllu.

Þjónustumenn sæta sektum, 200—4000 krónum.

40. gr.

Brot gegn ákvæðum 16. gr. varða sektum frá 100—2000 krónum.

41. gr.

Brot gegn 1. málsgr. 19. gr. varða sektum, 200—8000 kr., og ítrekað brot 400—16 000 kr.

Brot gegn 4. málsgr. 19. gr. varða sektum, er nema í fyrsta sinn fimmföldu og í annað sinn tíföldu söluverði þess áfengis, sem ætlað er til ólöglegrar sölu. Brjóti nokkur oftar ákvæði þeirrar málsgreinar eða geri sér ólöglega áfengissölu að atvinnu, varðar það auk sektar fangelsi allt að 3 mánuðum. Hafi bifreiðarstjóri ítrekað gerzt sekur um ólöglega áfengissölu, varðar það hann missi réttar til að stjórna bifreið um stundarsakir, þó eigi skemur en 3 mánuði, eða fyrir fullt og allt, ef miklar sakir eru eða brot er margítrekað. Áfengi, sem flutt er eða geymt ólöglega í bifreið, skal gert upptækt.

Fjárnám fyrir sektum og kostnaði skal gera í bátum og flutningatækjum, sem notuð eru til ólöglegs áfengisflutnings.

42. gr.

Brjóti nokkur ákvæði 1. málsgr. 20. gr., varðar það veitingasala, ef það er með vitund hans, 200—4000 kr. sekt og neytanda 100—2000 kr. sekt. Þriðja brot varðar veitingasala missi veitingaleyfis.

Brot gegn 2. málsgr. 20. gr. varðar félagsstjórn, þjónustumenn og neytendur 200—8000 kr. sektum.

43. gr.

Brot gegn 21. gr. varða sektum frá 100—2000 kr., nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum.

44. gr.

Brot gegn 22.—24. gr. varða sektum: Fyrsta sinni 400—2000 kr. Öðru sinni 800—4000 kr. Auk sektanna kemur stöðu- og réttindamissir svo sem í þeim greinum segir.

45. gr.

Sá, sem kemur því til leiðar með fortölum eða fjárframlögum, heitum, hótunum eða ráðum sínum, að 3., 6. gr., 1. málsgr., eða 7. gr. þessara laga verði brotin, veitir til þess aðstoð í orði eða verki, tekur þátt í gróða af þeim brotum eða aðstoðar aðra til að halda þeim gróða, skal, þótt hann verði ekki talinn aðalmaður í verknaðinum, sæta sektum, 200—16 000 kr.

IX. KAFLI
Ýmis ákvæði.

46. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna allar í Menningarsjóð.

Gera skal aðför hjá hinum seku til lúkningar sektum samkvæmt lögum þessum, og því aðeins skulu þeir afplána sektir í fangelsi, að fé þeirra hrökkvi ekki fyrir þeim.

47. gr.

Vinnuskylda má vera samfara afplánun sekta samkvæmt lögum þessum.

48. gr.

Fara skal með mál út af brotum á lögum þessum og reglum að hætti opinberra mála.

49. gr.

Lög þessi skal prenta á íslenzku, dönsku, þýzku, ensku og frönsku, og svo mörg eintök, að nægi til að senda umboðsmönnum ríkisins í öðrum löndum.

50. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 33 9. jan. 1935, lög nr. 26 18. febr. 1943, lög nr. 47 16. marz 1951, lög nr. 11 29. jan. 1952, svo og öll þau lagaákvæði, sem brjóta í bága við þessi lög.

51. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 585. Breytingartillaga [179. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Einari Ingimundarsyni, Birni Björnssyni, Magnúsi Jónssyni, Gunnari Jóhannssyni og Eggert Þorsteinssyni.

Við 7. gr. 1. málsl. h-liðar 4. tölul. orðist svo: Fæðiskostnað sjómanna á fiskiskipum, ef þeir þurfa að sjá sér fyrir fæði, svo og nauðsynlegan dvalarkostnað annarra, sem sækja þurfa atvinnu til staða fjarri heimilum sínum, og við ákvörðun þess kostnaðar sé farið eftir mati skattayfirvalda.

Nd. 586. Breytingartillaga [179. mál]

við brtt. á þskj. 577 [Tekjuskattur og eignarskattur].

Frá Karli Guðjónssyni, Sigurði Guðnasyni og Gunnari Jóhannssyni.

Við 2. tölul. Á eftir g-lið komi nýr stafliður, þannig:

Kaup verkafólks fyrir eftir-, nætur- og helgidagavinnu nema eins og greitt hefði verið fyrir dagvinnu.

Nd. 587. Breytingartillaga [179. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Karli Guðjónssyni.

Við 7. gr. Á eftir m-lið 4. tölul. komi nýr stafliður, þannig:

Nú óskar gift kona, sem hefur sjálfstæðar atvinnutekjur, að telja fram sem sérstakur skattþegn, og skal það þá leyft og skattur hjónanna reiknaður sem tveggja einstaklinga. Persónufrádráttur skylduómaga slíkra hjóna skiptist að jöfnu.

Nd. 588. Breytingartillaga [179. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Lúðvík Jósefssyni, Karli Guðjónssyni og Gunnari Jóhannssyni.

Við 7. gr. Á eftir m-lið 4. tölul. komi nýr liður, svo hljóðandi:

Við ákvörðun á skattskyldum tekjum íslenzkra sjómanna á fiskiskipum skal telja ⅓ hluta þess kaups, sem þeir hafa aflað sem sjómenn á íslenzku fiskiskipi, sem skattfrjálsan kauphluta.

Atvinnurekendur skulu við uppgjöf á atvinnutekjum til skattayfirvalda tilgreina, hvort nokkur hluti tekna telst sjómannstekjur samkv. 1. málsgr.

Nd. 589. Breytingartillögur [179. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, og við brtt. á þskj. 577.

Frá Lúðvík Jósefssyni, Gunnari Jóhannssyni og Karli Guðjónssyni.

1. Við 4. gr. Upphaf a- og b-liða orðist svo:
   a. **Skattgjald einstaklinga:**
      Ef skattskyldar tekjur eru undir 20 þús. kr., greiðist enginn skattur.
      Af 20—30 þús. kr. greiðist 630 kr. af 20 þús. og 6% af afgangi
      — 30—40 — — — 1230 — — 30 — — 10% — —
      o. s. frv.
   b. **Skattgjald hjóna:**
      Ef skattskyldar tekjur eru undir 20 þús. kr., greiðist enginn skattur.
      Af 20—25 þús. kr. greiðist 560 kr. af 20 þús. og 5% af afgangi
      — 25—30 — — — 810 — — 25 — — 6% — —
      o. s. frv.
2. Við 7. gr.
   a. Á eftir fyrsta málsl. í h-lið 4. tölul. komi nýr málsl., svo hljóðandi: Sama skal gilda um fæðiskostnað verkafólks, sem vinnur utan heimilissveitar.
   b. Orðin „en keypt er í staðinn heimilisaðstoð“ í j-lið 4. tölul. falli niður.
   c. Orðin „og heldur ekki meiri en greitt hefur verið fyrir keypta heimilisaðstoð“ í sama staflið falli niður.
   d. 3. málsl. í sama staflið orðist þannig: Sama gildir um einstæðar mæður, ef þær framfæra börn eða aðra ómaga, en afla skattskyldra tekna.

3. Við brtt. 577, 4. tölul.
   a. Í stað „kr. 6500.00“ komi: kr. 7500.00.
   b. Í stað „kr. 12000.00 (6 þús. fyrir hvort)“ komi: kr. 15000.00 (7500 fyrir hvort).
   c. Í stað „kr. 4500.00“ komi: kr. 5000.00.
4. Við 16. gr. Í 3. tölul. falli niður b- og c-liðir.

Ed. 590. Nefndarálit [165. mál]

um frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefur athugað frv. þetta og leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. Greinin orðist svo:
Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Christensen, Ejvil Walin, bifreiðastjóri í Reykjavík, fæddur 6. febr. 1917 í Danmörku.
2. Clausen, Elisabeth, húsmóðir í Reykjavík, fædd 31. marz 1931 í Noregi.
3. Guðrún Steina Hólm Magnúsdóttir, húsmóðir í Reykjavík, fædd 15. marz 1929 á Íslandi.
4. Jacobsen, Trönd, verkamaður í Stykkishólmi, fæddur 21. febr. 1922 í Færeyjum.
5. Jörgensen, Jörgen, verkamaður í Reykjavík, fæddur 20. janúar 1919 í Noregi.
6. Kári Guðjónsson, sjómaður í Reykjavík, fæddur 30. október 1927 í Noregi.
7. Kjeldsen, Kaja, húsmóðir í Reykjavík, fædd 3. júlí 1925 í Danmörku.
8. Kjærvik, Julius Ingar, matsveinn í Reykjavík, fæddur 15. janúar 1923 í Noregi.
9. Krog, Else Marie Christine, húsmóðir í Reykjavík, fædd 13. júlí 1914 í Færeyjum.
10. Lambrechts, Fridtjov Johannes, sjómaður í Kópavogi, fæddur 29. júní 1917 í Noregi.
11. Machnitzky, Berta Emma, ráðskona að Sveinsstöðum í Lýtingsstaðahreppi, fædd 8. ágúst 1904 í Þýzkalandi.
12. Moravek, Johann Franz Josef, hljómlistarmaður í Kópavogi, fæddur 2. mai 1912 í Austurríki.
13. Spitzer, Erika Anita Maria Luise, húsmóðir í Reykjavík, fædd 3. apríl 1911 í Þýzkalandi.
14. Tavsen, Peter Andreas, sjómaður á Hofsósi, fæddur 20. sept. 1919 í Færeyjum.
15. Thorberg, Flemming, sjómaður í Reykjavík, fæddur 29. janúar 1933 í Danmörku.

Alþingi, 30. marz 1954.

Hermann Jónasson, form. Lárus Jóhannesson, fundaskr., frsm. Páll Zóphóníasson.
Sigurður Ó. Ólafsson. Guðm. Í. Guðmundsson.

Nd. **591. Breytingartillögur** [179. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, og við brtt. á þskj. 577.

Frá Bergi Sigurbjörnssyni og Gils Guðmundssyni.

1. Við 4. gr. I. tölul. a og b orðist þannig:

a. **Skattgjald einstaklinga:**

Ef skattskyldar tekjur eru undir 8000 kr., greiðist enginn skattur.

Af	8— 20	þús.	kr.	greiðist	150	kr.	af	8	þús.	og	4 %	af afgangi
—	20— 30	—	—	—	630	—	—	20	—	—	6 %	— —
—	30— 40	—	—	—	1230	—	—	30	—	—	10 %	— —
—	40— 50	—	—	—	2230	—	—	40	—	—	15 %	— —
—	50— 60	—	—	—	3730	—	—	50	—	—	20 %	— —
—	60— 70	—	—	—	5730	—	—	60	—	—	25 %	— —
—	70—100	—	—	—	8230	—	—	70	—	—	30 %	— —
—	100—130	—	—	—	17230	—	—	100	—	—	35 %	— —
—	130 þús. og yfir			—	27730	—	—	130	—	—	41 %	— —

b. **Skattgjald hjóna:**

Ef skattskyldar tekjur eru undir 10 þús. kr., greiðist enginn skattur.

Af	10— 15	þús.	kr.	greiðist	210	kr.	af	10	þús.	og	3 %	af afgangi
—	15— 20	—	—	—	360	—	—	15	—	—	4 %	— —
—	20— 25	—	—	—	560	—	—	20	—	—	5 %	— —
—	25— 30	—	—	—	810	—	—	25	—	—	6 %	— —
—	30— 35	—	—	—	1110	—	—	30	—	—	7 %	— —
—	35— 45	—	—	—	1460	—	—	35	—	—	10 %	— —
—	45— 50	—	—	—	2460	—	—	45	—	—	15 %	— —
—	50— 60	—	—	—	3210	—	—	50	—	—	20 %	— —
—	60— 70	—	—	—	5210	—	—	60	—	—	25 %	— —
—	70—100	—	—	—	7710	—	—	70	—	—	30 %	— —
—	100—130	—	—	—	16710	—	—	100	—	—	35 %	— —
—	130 þús. og yfir			—	27210	—	—	130	—	—	41 %	— —

2. Við brtt. 577, 4. tölul. Sundurliðunin í 1. efnismálsgr. orðist svo:

Fyrir einstakling ..... kr. 9000.00.
Fyrir hjón ..... — 17000.00 (8500 fyrir hvort).
Fyrir hvert barn ..... — 6500.00.

3. Á eftir 9. gr. bætist ný grein (verður 10. gr.), svo hljóðandi:

13. gr. laganna orðist svo:

a. Skattgjald þeirra, sem um getur í 1. gr., skal á lagt og innheimt mánaðarlega, um leið og tekjurnar myndast.

Skal ákvæði þetta koma til framkvæmda í fyrsta skipti í janúarlok 1955.

b. Skattgjald annarra aðila skal miða við tekjur næsta almanaksárs á undan skattaákvörðun.

4. Við 10. gr. (verður 11. gr.). 22. gr. orðist þannig:

Undanþegnar eignarskatti eru sparifjárinnstæður í bönkum, sparisjóðum og löglegum innlánsdeildum félaga, allt að 100 þús. kr. hjá skattgreiðanda, svo sem hér segir:

a. Innstæður skattgreiðanda, sem ekkert skuldar.

b. Innstæður skattgreiðanda, er ekki skuldar meira en 120 þús. kr. samtals, enda séu þær skuldir fasteignaveðslán, tekin til 10 ára eða lengri tíma og sannanlega

notuð til þess að afla fasteignanna eða endurbæta þær. Ákvæði þetta um frávik vegna fasteignaveðskulda nær ekki til félaga, sjóða eða stofnana.

c. Sá hluti innstæðna hjá öllum skattgreiðendum, sem er umfram skuldir. Innborgað hlutafé og stofnfé telst til skulda félaga í þessu sambandi.

Undanþegnir tekjuskatti eru allir vextir af eignarskattfrjálsum sparifjárinnstæðum.

Þegar þess er krafizt, ber gjaldendum að leggja fyrir skattayfirvöld yfirlit frá innlánsstofnunum um allar innstæður sínar á tímabili því, sem um er að ræða. Einnig geta skattayfirvöld krafizt hjá innlánsstofnunum allra þeirra upplýsinga, sem þau telja brýna þörf fyrir.

5. Við 16. gr. (verður 17. gr.) Í stað orðanna „20% — tuttugu af hundraði“ í 3. tölulið b og c komi: 10% — tíu af hundraði.

Ed. 592. Sóttvarnarlög. [16. mál]

(Afgreidd frá Ed. 30. marz.)

Samhljóða þskj. 16.

Ed. 593. Lög [107. mál]

um breyting á lögum nr. 87 frá 5. júní 1947, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

(Afgreidd frá Ed. 30. marz.)

Samhljóða þskj. 357.

Nd. 594. Nefndarálit [177. mál]

um frv. til l. um framlengingu á heimild ríkisstjórnarinnar til að nota yfirdráttarheimild Íslands hjá Greiðslubandalagi Evrópu.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin er sammála um að mæla með, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 30. marz 1954.

Skúli Guðmundsson, form. Jóhann Hafstein, frsm., Jón Pálmason fundaskr.
Gylfi Þ. Gíslason. Páll Þorsteinsson.

Nd. 595. Breytingartillaga [84. mál]

við frv. til l. um Kirkjubyggingasjóð.

Frá Kjartani J. Jóhannssyni og Halldóri Ásgrímssyni.

Við 2. gr. Síðari málsgr. orðist svo:

Stjórn sjóðsins skal skipuð þrem mönnum. Biskup landsins á sæti í stjórninni og er formaður hennar, en tveir stjórnarmenn skulu kosnir af Synodus til þriggja ára í senn. Reikningar sjóðsins skulu birtir í Stjórnartíðindum.

Nd. 596. Breytingartillaga [84. mál]

við frv. til l. um Kirkjubyggingasjóð.

Frá Pétri Ottesen og Gísla Guðmundssyni.

Við 3. gr. Fyrir orðin „¼ kostnaðar“ í síðari málsgr. kemur: ⅖ kostnaðar.

Ed. 597. Frumvarp til laga [84. mál]

um Kirkjubyggingasjóð.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Kirkjubyggingasjóður. Hlutverk sjóðsins er að veita þjóðkirkjusöfnuðunum vaxtalaus lán til kirkjubygginga í sóknum landsins og til varanlegra endurbóta á eldri kirkjum.

2. gr.

Ríkissjóður skal greiða í Kirkjubyggingasjóð kr. 500000.00 á ári næstu 20 ár.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þrem mönnum. Biskup landsins á sæti í stjórninni og er formaður hennar, en tveir stjórnarmenn skulu kosnir af Synodus til þriggja ára í senn. Reikningar sjóðsins skulu birtir í Stjórnartíðindum.

3. gr.

Ekki má veita lán úr sjóðnum samkv. 1. gr., nema teikning að kirkjubyggingu eða endurbót eldri kirkju hafi verið samþykkt af þriggja manna nefnd, er í skulu eiga sæti biskup landsins, húsameistari ríkisins og þriðji maður, sem kirkjumálaráðherra skipar. Árlegar tekjur kirkjunnar skulu vera til tryggingar láninu. Lánsupphæðin miðast við stærð kirkju og má nema allt að kr. 200.00 á hvern teningsmetra, þó aldrei meiru en kr. 1000.00 á hvern fermetra gólfflatar. Byggingarlánin endurgreiðast með jöfnum árlegum afborgunum á 50 árum.

Til endurbóta eldri kirkna má eigi veita hærri lán en sem svarar ⅖ kostnaðar, samkvæmt reikningum, sem biskup úrskurðar. Lánin endurgreiðast á 20 árum með jöfnum afborgunum.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1955.

Bráðabirgðaákvæði.

Endurgreiða skal úr Kirkjubyggingasjóði vexti af lánum þeim til kirkjubygginga og endurbóta eldri kirkna, er tekin hafa verið eftir árslok 1945, enda sanni kirkjureikningar, að lánin nemi ekki stærri hluta af byggingar- og viðgerðarkostnaði en sagt er í 3. gr.

Nd. 598. Nefndarálit [178. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með því, að það verði samþykkt. Stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga hefur átt tal við nefndarmenn um málið og gerði ráð fyrir að senda nefndinni erindi um það. Mun nefndin taka það til athugunar fyrir 3. umr., ef það hefur þá borizt.

Alþingi, 30. marz 1954.

Skúli Guðmundsson, form., frsm.
Jóhann Hafstein, fundaskr., með fyrirvara.
Páll Þorsteinsson.
Gylfi Þ. Gíslason, með fyrirvara.
Jón Pálmason.

Sþ. 599. Nefndarálit [96. mál]

um till. til þál. um ríkisútgáfu námsbóka.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið á eitt sátt um afgreiðslu málsins.

Minni hlutinn leggur til, að tillagan verði samþykkt, en á fjárlögum yfirstandandi árs er ekki gert ráð fyrir neinni hækkun á framlagi til ríkisútgáfu námsbóka, sem geri framkvæmd málsins kleifa nú á þessu ári.

Meiri hlutinn telur rétt, að ríkisstjórnin láti fara fram vinsamlega athugun á málinu, og leggur því til, að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 27. marz 1954.

Bernh. Stefánsson, form.
Jón Sigurðsson, fundaskr.
Eiríkur Þorsteinsson, frsm.
Sigurður Ágústsson.
Jóhann Þ. Jósefsson.

Ed. 600. Frumvarp til laga [172. mál]

um breyting á lögum nr. 101 30. des. 1943, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Á eftir 14. gr. laganna komi ný grein, er verður 15. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkvæmt því):

Nú frestar sjóðfélagi að taka ellilífeyri og gegnir starfi sínu áfram, eftir að iðgjaldagreiðslu hans er lokið og hann hefur öðlazt rétt til að hætta störfum og fá ellilífeyri, og hækkar þá réttur hans til ellilífeyris um 2% af meðalárslaunum hans síðustu 10 starfsárin fyrir hvert ár, er hann frestar að taka ellilífeyri. Á tilsvarandi hátt hækkar lífeyrisréttur maka hans um 1% af meðalárslaunum fyrir hvert ár.

Nú frestar sjóðfélagi að taka ellilífeyri og tekur jafnframt við öðru starfi hjá ríkinu eða ríkisstofnun, lægra launuðu en því, er hann gegndi áður, og gilda þá reglur 1. málsgr. óbreyttar að öðru en því, að ellilífeyrir og makalífeyrir skulu reiknaðir af meðallaunum síðustu 10 ára í því starfinu, sem hærra var launað, ef það meðaltal er hærra en meðaltal launa síðustu 10 starfsárin.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði.

Ríkisstjórnin lætur fara fram endurskoðun á lögum nr. 101 30. des. 1943, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, í samráði við stjórn sjóðsins. Verði m. a. athugað, hvort ekki sé rétt með hliðsjón af breyttum aðstæðum að hækka aldurstakmark frá því, sem nú er um rétt til fullrar lífeyrisgreiðslu, svo og annað það, sem af slíkri breytingu kann að leiða. Skal endurskoðuninni lokið á þessu ári.

Ed. 601. Frumvarp til laga [184. mál]

um breyting á lögum nr. 66 27. júní 1921, um fasteignaskatt.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Upphaf 1. gr. laganna orðist svo:

Af öllum fasteignum á landinu, sem eru ekki sérstaklega undanþegnar, skal greiða árlega af fasteignamatsverði skatt í sveitarsjóð, þar sem fasteignirnar eru, eins og hér segir:

2. gr.

Í stað orðanna „lögreglustjóra, sem leggur það undir úrskurð stjórnarráðsins, ásamt tillögum sínum“ í niðurlagi 4. gr. laganna komi: sveitarstjórn, sem leggur úrskurð á beiðnina.

3. gr.

Í stað orðanna „lögsagnarumdæmi“ og „lögreglustjóri“ í 5. gr. laganna komi: sveitarfélagi, sveitarstjórn.

4. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Skatt þennan skulu sveitarstjórnir innheimta, og fellur hann í gjalddaga 1. júlí ár hvert, í fyrsta sinn 1954. Þó getur sveitarstjórn ákveðið annan gjalddaga fyrr á árinu.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Lögreglustjórar, eða hver sá embættismaður, sem innheimta hefði átt fasteignaskattinn að óbreyttum þeim lögum, er um hann hafa gilt, afhendi hver í sínu umdæmi eigi síðar en 1. júní 1954 gjaldkera hvers sveitarsjóðs í umdæminu skrá yfir fasteignaskattsgjaldendur í sveitarfélaginu, og sé á skránni tilgreindur skattur hvers gjaldanda fyrir árið 1954.

Ed. 602. Nefndarálit [173. mál]

um frv. til l. um brunatryggingar bæjar- og sveitarfélaga.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefur klofnað í máli þessu.

Við undirritaðir leggjum til, að frv. verði fært aftur í sitt upprunalega horf með einni breytingu, og leggjum því til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr.
   a. 1. málsgr. orðist svo:
      Bæjarstjórn Reykjavíkur er heimilt að taka í eigin hendur brunatryggingar allra húseigna í lögsagnarumdæminu eða semja við eitt vátryggingarfélag eða fleiri um slíkar tryggingar eða um endurtryggingu á áhættu bæjarins að undangengnu almennu útboði.
   b. Í stað orðanna „bæjar- eða sveitarsjóðs“ í 2. málsgr. og „bæjar- eða sveitarstjórn“ í 3. málsgr. og síðar í frv. komi: bæjarsjóðs — og: bæjarstjórn.
2. Við 2. gr. Orðin „eða almennra samtaka iðgjaldagreiðenda“ falli niður.
3. Við 3. gr. Orðin „á tryggingarsvæðinu“ falli niður og í staðinn komi: í bænum.
4. Fyrirsögn frv. verði: Frumvarp til laga um brunatryggingar í Reykjavík.

Alþingi, 30. marz 1954.

Lárus Jóhannesson, fundaskr., frsm. Sigurður Ó. Ólafsson. Guðm. Í. Guðmundsson.

Ed. 603. Nefndarálit [183. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Framkvæmdabanka Íslands, nr. 17 10. febr. 1953.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og leggur til, að það verði samþykkt.

Nefndinni þykir rétt, að það komi berlega fram í lögunum, sem tekið er fram í athugasemdunum við frv., að ef Framkvæmdabankinn tekur lán til sementsverksmiðju eftir lögum þessum, falli lánsheimildin í lögunum um hana niður. Hún ber því fram eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGU:

Á eftir 1. gr. komi ný gr., svo hljóðandi:

Ef Framkvæmdabankinn annast lántöku til að koma á fót sementsverksmiðju samkv. lögum þessum, fellur niður lántökuheimild ríkisstjórnarinnar samkv. 2. gr. laga nr. 35/1948, sbr. lög nr. 57/1950, um sementsverksmiðju.

Alþingi, 30. marz 1954.

Bernharð Stefánsson, form. Lárus Jóhannesson, fundaskr., frsm. Karl Kristjánsson.
Gísli Jónsson. Haraldur Guðmundsson.

Ed. 604. Frumvarp til laga [189. mál]

um stofnun prófessorsembættis í læknadeild Háskóla Íslands og starfrækslu rannsóknarstofu í líffæra- og lífeðlisfræði.

(Lagt fyrir Alþingi á 73. löggjafarþingi, 1954.)

1. gr.

Stofna skal nýtt prófessorsembætti í læknadeild Háskóla Íslands, er veitist í fyrsta sinn frá 15. september 1956 að telja.

Um prófessor þennan gilda að öllu sömu reglur og um prófessora þá, sem fyrir eru við háskólann.

2. gr.

Við Háskóla Íslands skal starfrækja rannsóknarstofu, er vinni að rannsóknum í líffæra- og lífeðlisfræði og öðrum skyldum verkefnum. Stofnun þessi nefnist Rannsóknarstofa háskólans í líffæra- og lífeðlisfræði, og skal hún lúta læknadeild háskólans.

3. gr.

Forstöðumaður rannsóknarstofunnar skal vera sá prófessorinn í líffæra- eða í lífeðlis- og lífefnafræði, sem lengri starfsaldur hefur að baki sem kennari við læknadeild Háskóla Íslands. Launakjör hans verði þau sömu og þeirra prófessora, sem jafnframt eru yfirlæknar Landsspítalans. Laun hins prófessorsins, sem starfar við rannsóknarstofuna, eru hálf önnur prófessorslaun.

Við rannsóknarstofuna starfar sérmenntaður aðstoðarmaður, auk forstöðumanns og prófessors. Skal hann skipaður af menntamálaráðherra, að fengnum tillögum læknadeildar og forstöðumanns rannsóknarstofunnar. Aðstoðarmaðurinn tekur laun eftir 6. flokki launalaga. Forstöðumaðurinn ræður annað starfsfólk að fengnu samþykki menntamálaráðherra. Laun þess eru ákveðin af forstöðumanni, að fengnu samþykki fjármálaráðuneytisins.

4. gr.

Menntamálaráðherra setur, að fengnum tillögum læknadeildar háskólans, reglugerð um starfsemi rannsóknarstofunnar.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á tveimur undanfarandi þingum hefur að tilhlutan þáverandi menntamálaráðherra verið flutt frumvarp til laga um stofnun prófessorsembættis í læknadeild Háskóla Íslands í lífeðlis- og lífefnafræði, en eigi náð fram að ganga.

Nú hefur þótt rétt að taka frumvarpið upp af nýju í nokkru víðtækara formi og að leggja til við Alþingi, að stofnað verði sérstakt prófessorsembætti í lífeðlis- og lífefnafræði ásamt rannsóknarstofu í líffæra- og lífeðlisfræði. Embætti þetta veitist þó eigi fyrr en frá 15. september 1956 að telja, svo að þeim, sem við starfinu tekur, veitist tóm til að búa sig sem bezt undir það.

Hér fer á eftir greinargerð prófessorsins í líffæra- og lífeðlisfræði um málið:

„Þegar núverandi prófessor í líffæra- og lífeðlisfræði tók við kennslu 1937 voru kenndar 10 stundir á viku í þessum greinum. Þá var engin kennsla í lífefnafræði og engin veruleg kennsla í lífeðlisfræði. Nemendafjöldinn í læknadeild hafði þá undanfarin 5 ár (1932—37) verið að meðaltali 69, þar af 40—50 í fyrsta hluta, og að jafnaði innrituðust í deildina 16 á ári á þessum árum.

Nú er kennslan í líffæra-, lífeðlis- og lífefnafræði samtals 19 stundir á viku og nemendafjöldinn í fyrsta hluta læknadeildar hefur undanfarandi ár verið um 150 og árlega ritast nú inn í deildina 40—50 nemendur.

Líffærafræði ásamt vefjafræði og fósturfræði annars vegar og lífeðlis- og lífefnafræði hins vegar eru hvort um sig það stórar fræðigreinar, að fullkomið starf er að kenna og halda sér við í einu þeirra. Enda þekki ég engan háskóla annan en okkar, sem ekki hefur aðalkennara í hverju þessara faga, auk eins eða fleiri aðstoðarkennara eftir nemendafjölda. Víðast á Norðurlöndunum eru fjórir prófessorar í þessum fögum. Hér við bætist svo, að kennarinn í líffærafræði þarf að halda við og auka líffærasafn deildarinnar. Það þarf naumast að taka það fram, að stundirnar, sem aflögu verða til að sinna safninu, eru allt of fáar fyrir jafnnauðsynlegt kennslutæki og það er.

Af ofansögðu má ljóst vera, að það er ofvaxið einum manni að hafa á hendi munnlega og verklega kennslu 150 nemenda í þrem aðalfögum og mun enginn kennari háskólans kenna jafnmargar stundir á viku og kennarinn í líffæra- og lífeðlisfræði. Við flesta háskóla er 4—6 stunda kennsla á viku talinn hæfilegur kennslustundafjöldi og á það einnig við um meiri hluta kennara við Háskóla Íslands.

Til þess að kennsla í þeim greinum, er hér um ræðir, geti talizt viðunandi, er nauðsynlegt að vel búnar rannsóknarstofur fylgi kennslustólnum, svo kennarinn geti gefið sig að sjálfstæðum rannsóknum og veitt nemendum verklega tilsögn. Nú er alls staðar lögð mjög aukin áherzla á verklega kennslu í læknisfræði, en þar sem hún er mun kostnaðarmeiri en sú munnlega, hefur verklega kennslan átt erfitt uppdráttar við Háskóla Íslands. Ef svo á að vera áfram, þá mun kennsla læknanema við Háskóla Íslands dragast hröðum skrefum aftur úr því, er kennt er við aðra háskóla, og getur hver og einn gert sér í hugarlund hverjar afleiðingarnar verða.

Þegar ég tók við kennslu í Háskóla Íslands voru aðeins til hin nauðsynlegustu tæki til líkskurðar og vefjarannsókna, en þau síðast töldu hafði Lárus Einarsson útvegað frá Rockefellerstofnuninni. Engin tæki voru til viðvíkjandi lífeðlisfræði og lífefnafræði og ekkert fé var veitt á fjárlögum til verklegrar kennslu í þessum greinum.

Mitt fyrsta verk var því að skýra þáverandi kennslumálaráðherra frá því, að ég áliti það ekki forsvaranlegt að kenna það, sem mér væri ætlað, án þess að styðjast við verklegar æfingar, og sjálfur yrði ég að hafa aðstöðu til sjálfstæðra rannsókna, auk þess sem ég yrði að lifa. Til þess að leysa ofantalin vandamál ríkinu að sem kostnaðarminnstu taldi ég álitlegast að setja á stofn rannsóknarstofu, sem jafnframt því að veita nemendum verklega kennslu, tæki að sér vandameiri rannsóknir fyrir lækna og sjúkrahús.

Á þetta sjónarmið féllst ráðherra og fékk mér til umráða húsnæði í Kirkjustræti 12, 6000 kr. til áhaldakaupa (á fjárlögum 1938) og 4500 kr. í árlegan rekstrarkostnað.

Það var sýnilegt, að tækin, sem fengust fyrir þetta fé, mundu allsendis ófullnægjandi og sótti ég því þegar á árinu 1938 um styrk frá Rockefellerstofnuninni til þess að búa tækjum fyrirhugaða rannsóknarstofu í hinum nýju híbýlum Háskóla Íslands, er þá var í smíðum. Þessi styrkur fékkst þó ekki fyrr en á árinu 1942, að Rockefellerstofnunin veitti Háskóla Íslands 15000 $ til þessara þarfa.

Starfsemi rannsóknarstofu Háskóla Íslands í líffæra- og lífeðlisfræði hefur jafnt og þétt aukizt svo að nú starfa við hana, auk kennara í líffæra- og lífeðlisfræði, einn sérmenntaður læknir, sem jafnframt aðstoðar við verklegu kennsluna, og tvær sérmenntaðar stúlkur. Á fjárlögum 1943 var veitt til rannsóknarstofunnar 11000 kr., og árið 1950 var þessi fjárveiting komin upp í kr. 22557.50, en á því ári barst rektor háskólans bréf frá kennslumálaráðuneytinu þess efnis, að reynt yrði að draga úr útgjöldum Háskóla Íslands eftir mætti, því nú stæði til að draga úr útgjöldum ríkisins á öllum sviðum. Árangurinn af þessu bréfi var sá, að síðan hefur fjárveitingin til rannsóknarstofunnar horfið af fjárlögum, en þrátt fyrir það hefur hin sama verklega kennsla í líffæra- og lífeðlisfræði farið fram.

Það er augljóst mál, að jafnþýðingarmikill þáttur í kennslunni og verklega kennslan og aðstaða kennara til sjálfstæðra rannsókna er, getur ekki átt tilveru sína undir því, að kennarinn reki rannsóknarstofuna á eigin áhættu og kosti eigin rannsóknir og verklega kennslu að verulegu leyti.

Tekjur rannsóknarstofunnar, sem aðallega eru frá Tryggingastofnun ríkisins vegna rannsókna fyrir sjúkrasamlögin í landinu og að litlu leyti frá sjúkrahúsum, námu á síðastliðnu ári líðlega 182000.00 kr., og kostnaðurinn varð 138000 kr. Hér við er það að athuga, að er hinn fyrirhugaði prófessor í lífeðlis- og lífefnafræði tekur til starfa, má gera ráð fyrir auknum tekjum vegna fjölbreyttari rannsókna og þeirri árlegu aukningu á aðsókn að rannsóknarstofunni, er hefur verið til þessa.

Eðlilegast finnst mér, að sjúkrarannsóknirnar greiddu allan kostnað utan húsnæðis, ljóss og ræstingar, nýrra áhalda og viðhalds þeirra og venjulegra launa þeirra tveggja prófessora, er starfa við rannsóknarstofuna, en væntanlega yrði þetta reglugerðaratriði.

Aukin árleg útgjöld ríkissjóðs frá því, sem nú er, yrðu þá laun eins prófessors auk áhalda og viðhalds þeirra. Að lokum vil ég leggja áherzlu á, að með þessari tilhögun nýtist bezt fagþekking og áhaldakostur jafnt í þágu háskólans sem Tryggingastofnunar ríkisins og af þeim ástæðum jafnframt ódýrasta lausnin á þörfum beggja aðila.“

Sþ. 605. Nefndarálit [152. mál]

um till. til þál. um skil bátagjaldeyriságóða til hlutarsjómanna.

Frá minni hl. fjárveitingarnefndar.

Nefndin hefur rætt þetta mál á nokkrum fundum, en samkomulag fékkst ekki um afgreiðslu þess. Meiri hl. fjvn. vill afgreiða málið með dagskrá, en við undirritaðir viljum samþykkja tillöguna eins og hún liggur fyrir.

Það er skoðun okkar, að siðferðileg skylda hvíli á ríkisstjórn landsins að hlutast til um, að sjómenn fái þann hluta af bátagjaldeyriságóðanum, sem hærra fiskverð átti að færa þeim.

Ríkisstjórnin ákvað á sínum tíma bátagjaldeyrisreglurnar. Þær áttu að jafngilda ákveðinni hækkun á fiskverði. Nú er það óumdeilanleg staðreynd, að mikill hluti fiskverðshækkunarinnar hefur ekki runnið til sjómanna, heldur aðeins til útgerðarmanna og fiskkaupenda.

Vegna afskipta ríkisins af þessu máli getur það ekki nú skorazt undan að hlutast til um, að sjómenn landsins fái sinn umsamda hlut, einnig úr þessum hluta fiskverðsins.

Þá má öllum vera ljóst, að ósæmilegt er með öllu að draga sjómenn á þessum kauphluta, svo að árum skiptir. Við teljum því sanngjarnt og sjálfsagt, að tillaga þessi verði samþykkt og að þannig verði strax stigið fyrsta skrefið í þá átt að koma málum þessum í lag.

Alþingi, 30. marz 1954.

Lúðvík Jósefsson, frsm. Hannibal Valdimarsson.

Ed. **606. Frumvarp til laga** **[164. mál]**

um brúargerðir.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Framkvæma skal, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum eða úr brúasjóði (sbr. lög nr. 33/1949, um bifreiðaskatt o. fl.), byggingu brúa þeirra, sem 2. gr. ákveður.

Allar brýr, er gerðar verða samkvæmt lögum þessum, skulu gerðar úr varanlegu efni, svo sem járni eða járnbentri steypu, eftir því sem hagkvæmt þykir.

2. gr.

Brýr þær, sem gera skal, eru yfir vatnsföll þau, sem hér greinir:

A. *Brýr yfir 10 metra haf og lengri.*

I. *Nýjar brýr á þjóðvegum.*

a. Vesturland.

1. Leirvogsá á Kjalarnesvegi innri.
2. Drageyrará í Skorradal.
3. Kaldá í Skorradal.
4. Hornsá í Skorradal.
5. Deildargil í Hálsasveit.
6. Árkvarnarlækur á Hraunhreppsvegi á Mýrum.
7. Hvítá hjá Bjarnarstöðum í Hvítársíðu.
8. Norðlingafljót í Hvítársíðu.
9. Hraunholtsá í Hnappadal.
10. Mjósund á Eyrarsveitarvegi á Snæfellsnesi.
11. Gljúfurá á Skógarströnd.
12. Skeggjagil í Laxárdal í Dalasýslu.
13. Krossá á Skarðsströnd.
14. Fagradalsá á Skarðsströnd.
15. Sælingsdalsá í Hvammssveit.
16. Flekkudalsá á Fellsströnd.
17. Galtará á Fellsströnd.
18. Bakkaá í Gautsdal.
19. Gautsdalsá í Gautsdal.
20. Múlaá í Kollafirði í Barðastrandarsýslu.
21. Fjarðarhornsá í Kollafirði í Barðastrandarsýslu.
22. Skálmardalsá.
23. Þverá í Vattarfirði.
24. Kjálkafjarðará á Þingmannaheiði.
25. Þverá í Vatnsfirði.
26. Hvestuvaðall í Arnarfirði.
27. Fífustaðaá í Arnarfirði.
28. Selárdalsá í Arnarfirði.
29. Otradalsá í Arnarfirði.
30. Fossá í Arnarfirði.
31. Hrafnseyrará í Arnarfirði.
32. Botnsá í Dýrafirði.
33. Langá á Ingjaldssandi.
34. Ísafjarðará.
35. Vatnsfjarðarós við Ísafjarðardjúp.
36. Botnsá í Mjóafirði.

37. Heydalsá í Mjóafirði.
38. Gljúfurá í Mjóafirði.
39. Hattardalsá í Álftafirði.
40. Seljalandsós í Álftafirði.
41. Mórilla í Kaldalóni.
42. Laxá á Laxárdalsheiði í Strandasýslu.
43. Steinadalsá í Strandasýslu.
44. Kaldbaksós í Strandasýslu.
45. Kjósará í Strandasýslu.
46. Reykjarfjarðará í Strandasýslu.

b. Norðurland.

1. Núpsá á Austursíðuvegi í Húnavatnssýslu.
2. Víðidalsá innan við Víðidalstungu.
3. Vatnsdalsá hjá Grímstungu.
4. Svínadalsá hjá Auðkúlu í Húnavatnssýslu.
5. Sléttá í Sléttárdal í Húnavatnssýslu.
6. Laxá hjá Kálfshamarsvík.
7. Laxá á Gönguskarðavegi í Skagafjarðarsýslu.
8. Gauksstaðaá á Skaga í Skagafjarðarsýslu.
9. Hörtná á Skaga í Skagafjarðarsýslu.
10. Héraðsvötn hjá Tyrfingsstöðum.
11. Norðurá á Skagafjarðarvegi.
12. Hjaltadalsá á Hólavegi.
13. Hofsá ofan við Hofsós.
14. Fnjóská fremra.
15. Skjálfandafljót í Bárðardal.
16. Ormarsá sunnan Raufarhafnar.

c. Austurland.

1. Skarðsá á Fjöllum.
2. Lindará á Möðrudalsöræfum.
3. Lónakíll á Möðrudalsöræfum.
4. Fuglabjargaá á Sandvíkurheiði.
5. Selá í Vopnafirði.
6. Kvíslá í Vopnafirði.
7. Njarðvíkurá.
8. Staðará á Hjaltastaðavegi.
9. Bjarglandsá á Hjaltastaðavegi.
10. Jökulsá á Hjaltastaðavegi.
11. Lagarfljót hjá Fossi.
12. Lagarfljót á Steinboga.
13. Gilsá í Fljótsdal.
14. Haugá í Skriðdal.
15. Berufjarðará í Berufirði.
16. Fossá í Berufirði.
17. Búlandsá í Berufirði.
18. Hofsá í Álftafirði.
19. Selá í Álftafirði.
20. Eyrará innri á Sléttuströnd.
21. Dalsá í Fáskrúðsfirði.
22. Tunguá í Fáskrúðsfirði.
23. Stöðvará í Stöðvarfirði.

24. Fagradalsá í Breiðdal.
25. Gilsá á Norðurdalsvegi í Breiðdal.

d. Suðurland.

1. Reyðará í Lóni.
2. Karlsá í Lóni.
3. Gjádalsá í Lóni.
4. Fjarðará í Lóni.
5. Hoffellsá í Nesjum.
6. Hornafjarðarfljót (ef fært þykir að undangenginni rannsókn).
7. Hólmsá á Mýrum.
8. Smyrlabjargaá í Suðursveit.
9. Staðará í Suðursveit.
10. Steinavötn í Suðursveit.
11. Fellsá í Suðursveit.
12. Stemma í Suðursveit.
13. Breiðá í Öræfum.
14. Fjallsá í Öræfum.
15. Virkisá í Öræfum.
16. Kotá í Öræfum.
17. Svínafellsá í Öræfum.
18. Skaftafellsá í Öræfum.
19. Múlakvísl á Mýrdalssandi.
20. Langholtsskurður í Meðallandi.
21. Laxá í Fljótshverfi.
22. Fjarðará á Síðu.
23. Hólsá í Landeyjum.
24. Litla-Laxá á Auðsholtsvegi.
25. Hvítá hjá Iðu.
26. Andalækur í Biskupstungum.
27. Brúará á Laugardalsvegi.
28. Hvítá hjá Kiðjabergi.
29. Villingavatnsá í Grafningi.
30. Ölvesvatnsá í Grafningi.

II.

Ölfusá hjá Óseyrarnesi (enda leiði rannsókn í ljós, að brúarstæðið sé öruggt og brúarsmíðin sé mikill þáttur í að tryggja afkomu íbúanna í sjávarþorpunum austan fjalls).

III. *Endurbygging brúa á þjóðvegum.*

a. Vesturland.

1. Fossá í Hvalfirði.
2. Þverá í Svínadal á Draghálsvegi.
3. Andakílsá við Skorradalsvatn.
4. Hítará á Stykkishólmsvegi.
5. Reykjadalsá í Dalasýslu.
6. Hvammsá í Dalasýslu.
7. Þambá í Strandasýslu.

b. Norðurland.

1. Djúpadalsá í Blönduhlíð í Skagafirði.
2. Kotá í Skagafirði á Norðurlandsvegi.
3. Valagilsá í Skagafirði á Norðurlandsvegi.

4. Hrolleifsdalsá á Siglufjarðarvegi.
5. Eyjardalsá á Bárðardalsvegi vestri.
6. Jökulsá í Axarfirði.
7. Tunguá í Þistilfirði.

c. Austurland.

1. Stafdalsá á Fjarðarheiði.
2. Lagarfljót hjá Egilsstöðum.
3. Gilsá á Völlum.
4. Eyvindará á Völlum.
5. Fagradalsá (neðsta brú).

d. Suðurland.

1. Hverfisfljót í Fljótshverfi.
2. Tungufljót í Skaftártungu.
3. Hólmsá á Mýrdalssandi.
4. Skógaá undir Eyjafjöllum.
5. Ytri-Rangá á Suðurlandsvegi.

IV. *Aðrar brýr.*

a. Brýr á fjallvegum og sýsluvegum má gera að öllu fyrir fé úr ríkissjóði.
b. Brýr á öðrum vegum má kosta að helmingi af ríkissjóði, gegn því, sem á vantar, annars staðar frá.

B. *Brýr yfir 4 metra haf eða lengra, allt að 10 metra.*

Á þjóðvegum og fjallvegum skal greiða kostnað við slíkar brýr að öllu úr ríkissjóði.

Á öðrum vegum má greiða allt að helmingi kostnaðar úr ríkissjóði gegn framlagi frá hlutaðeigendum að öðru leyti.

C. *Brýr yfir styttra en 4 metra haf.*

Kostnað við slíkar brýr skal telja með kostnaði við veg þann, sem brúin er á.

3. gr.

Viðhald brúa, sem gerðar verða samkvæmt 2. gr., skal telja með viðhaldskostnaði þess vegar, sem brúin er á.

4. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir, ásamt breytingum á þeim með lögum nr. 30 2. apríl 1943 og nr. 53 17. maí 1947.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 607. Nefndarálit [173. mál]

um frv. til l. um brunatryggingar bæjar- og sveitarfélaga.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Við undirritaðir höfum ekki getað átt samleið með meðnefndarmönnum okkar um afgreiðslu máls þessa. Þeir vilja færa málið í sama horf og það var borið fram í neðri deild og veita bæjarstjórn Reykjavíkur heimild til að taka í eigin hendur brunatryggingar allra húsa í Reykjavík. Við lítum svo á, að frumvarp þetta sé með öllu óþarft. Bæjarstjórn Reykjavíkur getur samkvæmt núverandi löggjöf boðið út brunatryggingar allra húsa í Reykjavík og þann veg tryggt hagkvæmustu og lægstu fáanleg iðgjöld fyrir húseigendur. En af einhverjum annarlegum ástæðum má nú ekki viðhafa þennan hátt. Bæjarstjórnin hefur boðið brunatryggingarnar út meðal annars í því skyni, að því er ætla mátti, að hafa þennan hátt á tryggingunum. Tilboð bárust frá mörgum félögum, og samkeppni virðist aldrei hafa verið harðari um tryggingarnar. Er talið, að iðgjöld húseigenda hefðu lækkað um allt að 45% frá því, sem þau eru nú. En þegar þessi lágu tilboð bárust, er allt í einu í flýti borið fram hér á Alþingi frumvarp þetta til þess að láta bæjarfélagið sjálft taka tryggingarnar í sínar hendur að meira eða minna leyti. — Við óttumst, að þetta verði til þess, að bæjarsjóður taki hærri iðgjöld en þörf er á og tryggingarnar verði dýrari fyrir húseigendur, auk þess sem það verður að teljast vafasöm aðferð, að bæjarfélagið taki á sig mikið af áhættunni, því þótt nú sé látið í veðri vaka, að bærinn eigi að safna sjóðum til tryggingar, er hætt við, að þetta fé verði fljótt að eyðslueyri, ef að líkum lætur.

Fyrst þessu máli hefur verið hreyft hér á Alþingi, þykir rétt að bera fram breytingartillögur við frumvarpið og freista að koma málinu í það horf, að tryggingar verði með öllu frjálsar, þannig að húseigendur geti tryggt hús sín þar, sem þeir telja sig fá þær ódýrastar og hagkvæmastar, eins og nú tíðkast um tryggingu á bifreiðum og öðru lausu. Er þetta og í samræmi við þann hátt, er erlendis tíðkast og talið er að svo vel hafi reynzt, að jafnaðarmenn hafa ekki séð ástæðu til að breyta til, þótt þeir hafi verið í meiri hluta á löggjafarþingum um lengri tíma.

BREYTINGARTILLÖGUR:

a. 1. gr. orðist svo:

1. gr. laganna orðast þannig:

Öll hús í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, hvort sem þau eru almenningseign eða einstakra manna, skulu tryggð gegn eldsvoða með fullu verði þeirra eftir virðingu dómkvaddra manna. Bæjarstjórnin skal hafa eftirlit með virðingargerðum, og skal ekkert hús tekið í ábyrgð fyrir hærri upphæð en hún álítur hæfilega. Ný hús skal virða ekki síðar en 4 vikum eftir að þau eru fullgerð eða tekin til afnota.

Heimilt er að breyta árlegu brunabótaverði húsa samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar í Reykjavík, eftir reglum, er bæjarstjórn setur með samþykki ráðherra.

Vísitölu byggingarkostnaðar reiknar Hagstofa Íslands árlega í janúarmánuði samkvæmt verðlagi næstliðins árs, miðað við byggingarkostnað 1939.

b. 2. gr. orðist svo:

2. gr. laganna orðast þannig:

Húseigendum er heimilt að tryggja hús sín hjá hverju því tryggingarfélagi, sem viðurkennt er af ráðherra þeim, sem fer með tryggingarmál.

c. 3. gr. orðist svo:

Aftan við 3. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Tryggingin fellur ekki niður, þótt dráttur verði á greiðslu iðgjalda.

d. Í staðinn fyrir 4.—6. gr. komi ein grein, svo hljóðandi:
Nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara skulu sett með reglugerð.
e. Aftan við 7. gr. bætist: og jafnframt er úr gildi 1. gr. l. nr. 87 1943.
f. Fyrirsögn orðist svo:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 26. marz 1924, um brunatryggingar í Reykjavík.

Alþingi, 30. marz 1954.

Hermann Jónasson, form., frsm. Páll Zóphóníasson.

Ed. 608. Breytingartillaga [124. mál]

við frv. til l. um fuglaveiðar og fuglafriðun.

Frá Karli Kristjánssyni.

Við 8. gr.
a. Í stað „20. ágúst“ í c- og d-liðum komi: 20. september.
b. f-liður orðist svo:
Frá 1. september til 20. apríl: lómur, sefönd (flórgoði), stóra toppönd (gulönd), litla toppönd.
c. Í stað „31. desember“ í g-lið komi: 22. desember.

Sþ. 609. Fyrirspurn [190. mál]

til ríkisstjórnarinnar um innlendar bátasmíðar og innflutning fiskibáta.

Frá Karli Guðjónssyni.

1. Hefur ríkisstjórnin undirbúið eða hafizt handa um nokkrar þær ráðstafanir, sem verða mættu til þess, að eðlileg nýsmíði fiskibáta geti farið fram hér innanlands? Ef svo er, hverjar eru þá fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar?
2. Hefur ríkisstjórnin í hyggju að leyfa innflutning fiskibáta á yfirstandandi ári?

Nd. 610. Breytingartillögur [12. mál]

við frv. til áfengislaga.

Frá Pétri Ottesen.

1. Við 12. gr.
a. Á eftir orðunum „getur dómsmálaráðherra“ í 1. málsgr. bætist: ef áfengisvarnaráð mælir með því.
b. Á eftir b-lið kemur nýr stafliður, svo hljóðandi:
Að eigi sé greitt þjórfé (þjónustugjald) af sölu áfengra drykkja né veitingahúsið launi starfsfólk sitt með hundraðsgjaldi af sölu þeirra.
c. 4. málsgr. orðast svo:
Utan kaupstaða er dómsmálaráðherra heimilt, að uppfylltum skilyrðum a—c-liða 1. málsgr. og eftir að leitað hefur verið umsagnar hlutaðeigandi sýslunefndar, að veita veitingahúsum leyfi til vínveitinga, ef áfengisvarnanefnd sú, sem í hlut á, telur, að veitingahúsreksturinn sé aðallega fyrir erlenda ferðamenn, enda mæli áfengisvarnaráð með því, að leyfið sé veitt.

d. 6. málsgr. orðast svo:
Ef áfengisútsala í kaupstað er lögð niður samkv. ákvæðum 10. gr., falla samtímis úr gildi vínveitingaleyfi veitingahúsa þar.

e. Næstsíðasta málsgr. orðast svo:
Dómsmálaráðherra skipar eftirlitsmann, einn eða fleiri, með öllum þeim veitingastöðum, er vínveitingaleyfi hafa. Ríkissjóður greiðir laun eftirlitsmanna, en leyfishafar skulu endurgreiða ríkissjóði kostnað við eftirlitið, eftir ákvörðun ráðherra. Eftirlitsmaðurinn skal gæta þess, að settum reglum sé í hvívetna fylgt um vínveitingar, og má stöðva þær, ef út af er brugðið, enda skal hann tafarlaust kæra öll brot, er hann verður áskynja um. Eftirlitsmaðurinn hefur heimild til aðgangs hvarvetna þar, sem vínveitingar fara fram samkv. þessari grein eða 20. gr. laga þessara.

2. Við 16. gr. Aftan við 1. málsgr. bætist nýr málsl., svo hljóðandi: Óheimilt er að senda mönnum áfengi í pósti, nema færðar hafi verið fullnægjandi sannanir fyrir því, að hvorki aldur né afbrot sé því til fyrirstöðu.

3. Við 20. gr. Upphaf 2. málsgr. orðast svo:
Lögreglustjóri má þó, að fengnu samþykki hlutaðeigandi áfengisvarnanefndar, veita o. s. frv.

4. Við 25. gr. Fyrir orðið „heimilt“ kemur: skylt.

5. Á eftir 30. gr. kemur ný grein, svo hljóðandi:
Stofna skal áfengisvarnasjóð. Er hlutverk hans að standa straum af kostnaði við áfengisvarnir, bindindisfræðslu og bindindisútbreiðslu o. fl. Skulu í hann renna árlega 5% af hagnaði Áfengisverzlunar ríkisins.
Úr áfengisvarnasjóði skal greiða Stórstúku Íslands árlega 350 þús. kr. til bindindisstarfsemi og til bindindisfélaga í skólum 30 þús. kr. í sama skyni.
Að öðru leyti skal verja sjóðnum til byggingar drykkjumannahæla, til lækningastöðva handa drykkjumönnum, sjúkrahúsa og elliheimila og til húsbygginga fyrir bindindis- og hjálparstarfsemi á vegum Góðtemplararreglunnar, eftir nánari ákvörðun heilbirgðismálaráðherra, að fengnum tillögum áfengisvarnaráðs.
Áfengisvarnaráð fer með stjórn og reikningshald sjóðsins, og skulu nánari ákvæði um hann sett í reglugerð.

Nd. 611. Nefndarálit [179. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Ég hef ekki getað orðið sammála meðnefndarmönnum mínum um að mæla með samþykkt þessa frv. óbreytts. Ég tel það að vísu stefna í rétta átt hvað það snertir, að í því felst nokkur lækkun á sköttum til ríkissjóðs. En ég tel hins vegar, að skattalækkunin sé engan veginn nóg, sérstaklega ekki á hjónum, sem hafa fyrir börnum að sjá, og auk þess eru ýmis af ákvæðum frv. gölluð. En höfuðágalli þess er þó fólginn í því, að engin ákvæði skuli í því vera um bætta skipun á skattheimtunni til þess að koma í veg fyrir, að tekjuskatturinn sé fyrst og fremst skattur á launamenn, sem hljóta að telja fram allar tekjur sínar. Það, sem fyrst og fremst reið á að gera varðandi skattamálin, var að tryggja réttlátari dreifingu skattbyrðarinnar en um hefur verið að ræða undanfarið. Það er meira en lítið bogið við það tekjuskattskerfi, sem skilar um 60 millj. kr. tekjuskatti af um 2500 millj. kr. þjóðartekjum þrátt fyrir gífurlega háa skattstiga. Vegna þess, að ríkisvaldið hefur hér í raun og veru gefizt upp við að innheimta réttlátan tekjuskatt, þótt kostnaður við

álagninguna og innheimtuna sé mikill, hefur verið horfið að því ráði að heimta inn mestan hluta ríkisteknanna sem óbeina skatta, þ. e. fyrst og fremst tolla og söluskatt. Þar eð tekjuskatturinn er nú mjög lítill hluti ríkisteknanna, eða um 15%, munar almenning ekki mikið um lækkun á þeim, þótt hún sé hlutfallslega há, — og þá ríkissjóð auðvitað ekki heldur. Sú lækkun, sem frv. gerir ráð fyrir, fer varla mikið yfir 10 millj. kr. Þegar það er haft í huga, að öll gjöld til ríkisins nema 437 millj. kr. samkv. gildandi fjárlögum, útsvör a. m. k. 150 millj. kr. og bátagjaldeyrisálagið vafalaust á annað hundrað milljónum, að meðtalinni álagningu milliliða, þá verður 10 millj. kr. lækkun á tekjuskatti ekki talin nægileg hagsbót fyrir þá aðila, sem beinu skattarnir hafa hvílt þyngst og ranglátlegast á að undanförnu, þ. e. launamenn og þá sérstaklega fjölskyldumenn.

Ég hef því leyft mér að flytja allvíðtækar breytingartill. við frv. á sérstöku þingskjali. Skal ég nú gera grein fyrir aðalatriðum þeirra.

1) Ég legg til, að skattlækkunin verði nokkru meiri en gert er ráð fyrir í frv. Í frv. er gert ráð fyrir því, að einstaklingur byrji að greiða skatta, ef hann hefur 7500 kr., og hjón, ef þau hafa 14000 kr. tekjur. Ég tel fráleitt að skattleggja svo lágar tekjur. Af jafnvel ellilaunum getur þannig þurft að greiða tekjuskatt. Ég legg því til, að ekki sé innheimtur skattur hjá einstaklingi af allt að 15000 kr. tekjum og hjá barnlausum hjónum af allt að 28000 kr. tekjum samtals. Yrði þannig aldrei innheimtur lægri skattur en 100 kr., enda er hæpið að innheimta lægri skattupphæðir. Jafngildir þetta teknalágmark því, að persónufrádáttur sé allt að 15000 kr. fyrir einstakling og allt að 28000 kr. fyrir hjón. En til þess að svo hár persónufrádráttur valdi ekki óeðlilegri lækkun skatta hjá þeim, sem hafa hærri tekjur, legg ég tel, að tekjuskattstigum frv. verði breytt til samræmis við hið hækkaða lágmark, og jafnframt, að engin föst upphæð sé dregin frá hreinum tekjum sem persónufrádráttur, áður en skattur er á lagður. Hefur það þann mikla kost, að skattgreiðendur geta reiknað skatt sinn beint eftir stiganum, nema um frádrátt vegna barna eða annan lögleyfðan frádrátt sé að ræða. Í skattstigum brtt. minna er gert ráð fyrir dálítilli lækkun á tekjuskatti einstaklings af lágum og miðlungstekjum, en nokkru meiri lækkun á skatti barnlausra hjóna. Tekjuskattur einstaklings með 40000 kr. tekjur á t. d. að lækka um 80 kr., miðað við ákvæði frv., og tekjuskattur barnlausra hjóna með sömu tekjur um 190 kr.

Jafnframt hef ég lagt til, að frádráttur vegna hvers barns hækki úr 4500 kr. í 6000 kr. Veldur það því, að hlutfallslega mest skattalækkun verður hjá barnafjölskyldum, en í frv. er einmitt ekki gerður nægur munur á skattgreiðslum einhleypinga og barnlausra hjóna annars vegar og barnafjölskyldna hins vegar. Í tillögum mínum er gert ráð fyrir því, að hjón með 40000 kr. tekjur og 3 börn á framfæri greiði engan tekjuskatt, enda mun lítið afgangs brýnustu nauðsynjum á slíku heimili. En samkvæmt frv. eiga þau að greiða 340 kr. í skatt. Hjón með 40000 kr. tekjur og 2 börn á framfæri eiga samkvæmt frv. að greiða 520 kr. í skatt, en samkvæmt mínum tillögum 100 kr. Hafi þau eitt barn á framfæri, eiga þau samkvæmt frv. að greiða 735 kr. í skatt, en samkvæmt mínum tillögum 510 kr., svo að skattur þeirra lækkar um 225 kr.

Til þess að koma í veg fyrir, að hinn hækkaði barnafrádráttur valdi tiltölulega meiri lækkun á skattgreiðslu hinna tekjuhæstu en á skattgreiðslu af lágtekjum og miðlungstekjum, hef ég lagt til, að skattalækkun vegna barnafrádráttar skuli þó aldrei verða meiri en hún er miðað við 60000 kr. samanlagðar tekjur hjóna.

2) Í frv. er gerð tilraun til þess að lækka skatta hjóna nokkru meir en einstaklinga á þann hátt að leggja á tekjur þeirra eftir öðrum skattstiga. Þá breytingu tel ég þó algerlega ófullnægjandi til leiðréttingar á skattamálum hjóna. Ég tel sjálfsagt, að allar konur séu sjálfstæðir skattþegnar og greiði skatt af þeim tekjum, sem þær afla. Gift kona, sem aflar tekna, á að greiða tekjuskatt af þeim eftir sama skattstiga og ógiftur einstaklingur. Það er algerlega óeðlilegt, að tekjur hennar valdi stighækkun á skattgreiðslu heimilisins. Þótt viðbótartekjur eiginmanns hennar

mundu valda stighækkun á tekjum hans, gildir það allt öðru máli, því að enginn annar kvæntur maður mundi greiða annan eða lægri skatt af sömu tekjum. En ógift kona mundi greiða lægri skatt af jafnháum tekjum og gifta konan hefur, ef tekjum hinnar síðar nefndu er bætt við tekjur mannsins. Auk þess geta maður og kona komizt hjá stighækkuninni með því að giftast ekki eða skilja, en einstaklingur getur aldrei komizt undan henni vegna viðbótartekna. Rökin fyrir því, að réttmætt sé að skattleggja hjón talsvert hærra en tvo einstaklinga með sömu tekjur, eru og hæpin. Að vísu er ýmislegt hagræði að félagsbúinu, en hjón hafa á hinn bóginn ýmis útgjöld, sem einstaklingar hafa ekki, einmitt vegna heimilishaldsins.

Af þessum sökum er nauðsynlegt, að sérskattur sé lagður á tekjur sérhverrar konu. Af því leiðir hins vegar, að reikna verður giftri konu, sem vinnur á heimili, tekjur. Annars væri þeim hjónum ívilnað, þar sem konan vinnur utan heimilis. Það er óeðlilegt að reikna giftri konu tekjur vegna vinnu sinnar á heimili til viðbótar tekjum mannsins, jafnvel þótt reiknaður yrði út sérstakur skattstigi í tilefni af því, enda væri þá lagður skattur á tekjur, sem aldrei hefðu verið peningatekjur, og skatturinn yrði að hækka eftir því, sem vinnan á heimilinu yrði meiri, t. d. vegna aukins barnafjölda. Þess vegna er eðlilegra að reikna konunni hluta af tekjum mannsins. En til þess að reglan valdi ekki óeðlilegri lækkun á háum tekjum, er nauðsynlegt að hafa hámark á þessum tekjuhluta konunnar, og hef ég lagt til, að það yrðu hálfar algengar lágtekjur, eða 20000 kr. Upp að 40000 kr. tekjum er gert ráð fyrir, að tekjur þess hjónanna, sem hærri tekjur hefur, skiptist til helminga milli þeirra. Vegna þess, að með þessu móti eru ávallt teknar 20000 kr. ofan af tekjum þess hjóna, sem hærri tekjur hefur, mundi hljótast óeðlileg skattlækkun af hátekjum af reglu þessari, ef miðað væri við sama skattstiga og hjá einstaklingum. Þess vegna hef ég lagt til, að haldið sé þeirri reglu frv. að hafa skattstigana tvo, og greiði kvæntur maður, sem nýtur hagræðis sérsköttunarinnar, skatt samkvæmt hinum síðari, en eiginkonur eftir sama stiga og einhleypt fólk. Gerð síðari stigans er, eins og áður segir, þannig, að nokkur lækkun verður á skattgreiðslu barnlausra hjóna, miðað við frv., en talsverð lækkun á skattgreiðslu hjóna með börn á framfæri. Gert er ráð fyrir, að barnafrádrætti sé skipt til helminga milli hjónanna.

Giftri konu á og að vera í sjálfsvald sett, hvort hún vinnur á heimili sínu eða kýs heldur að vinna utan þess og nota tekjur sínar til þess að greiða ráðskonukaup. Eftir núgildandi reglum er henni slíkt mjög óhagstætt, þar eð ráðskonufrádráttur hefur ekki mátt vera hærri en persónufrádráttur. Sérsköttun hjóna ein mundi ekki lagfæra þetta misrétti, heldur verður einnig að hækka ráðskonufrádráttinn. Í því efni er of skammt gengið í frv. Hef ég því lagt til, að ráðskonufrádráttur megi nema allt að 30000 kr., eða jafnmiklu og eiginkonu er reiknað af tekjum manns síns.

Til þess að koma í veg fyrir, að skattgreiðendum fjölgi vegna sérsköttunar hjóna, er gert ráð fyrir því, að skattur þeirra sé reiknaður út á einum skattseðli og innheimtur hjá því hjónanna, sem hefur hærri tekjur.

3) Í tillögum mínum er nýmæli, sem ætlað er að auðvelda þeim, sem ekki eiga íbúð eða búa í ófullnægjandi húsnæði, að eignast íbúð. Gert er ráð fyrir því, að slíkir skattgreiðendur fái allt að fjórðungi tekna sinna eða allt að 20000 kr. árlega skattfrjálst, ef þeir leggja fjárhæðina í banka eða sparisjóð í því skyni að kaupa eða byggja síðar fyrir hana íbúð. Megi slík skattfrjáls tillög í eigin byggingarsjóð nema allt að 200000 kr. hjá hverjum einstaklingi. En séu tillögin notuð til annars en íbúðarkaupa eða byggingar, greiðist að sjálfsögðu af þeim skattur.

Allir atvinnurekendur njóta margs konar skatthlunninda í sambandi við afskriftir og viðhald eigna sinna og mjög margir sömuleiðis vegna skattfrjálsra framlaga í varasjóði. Þessi hlunnindi eru svo gífurleg, að öll félög í landinu greiða aðeins um 10 millj. kr. í tekjuskatt, eða um ⅙ hluta alls tekju- og eignarskattsins. Hlunnindin eru réttlætt með því, að rétt sé að stuðla að sjóðmyndun og sparnaði hjá atvinnurekendunum. Eðlilegt sé að létta skattabyrðina, ef tekjunum sé varið til fjárfestingar. En hið sama á þá auðvitað að gilda um einstaklinga, sem vilja

nota hluta af tekjum sínum til fjárfestingar, þ. e. til þess að eignast íbúð. Með þessu móti mundi aðstaða manna til þess að eignast eigið húsnæði verða stórbætt og án efa stigið stórt spor til lausnar hinum miklu húsnæðisvandræðum.

4) Ákvæði frv. um skatthlunnindi sjómönnum til handa eru engan veginn fullnægjandi. Hef ég því lagt til, í aðalatriðum í samræmi við ályktun Landssambands íslenzkra útvegsmanna, að ⅓ af tekjum sjómanna verði skattfrjáls, en þó ekki hærri upphæð en 20000 kr. Enn fremur hef ég lagt til, að verkamenn og iðnaðarmenn, sem vinna fjarri heimilum sínum og sjá sér sjálfir fyrir fæði, fái sams konar fæðisfrádrátt og sjómenn.

5) Í tillögunum er gert ráð fyrir því, að breytt verði til um innheimtu tekjuskattsins hjá launþegum og hann innheimtur um leið og teknanna er aflað. Það hefur margvísleg óþægindi í för með sér að fá handa á milli meiri tekjur en tekjuhafinn má í raun og veru ráðstafa. Þess vegna er æskilegast, að þegar í stað sé tekið tillit til nauðsynlegrar skattgreiðslu.

6) Ákvæði frv. um skattfrelsi tekna af sparifé og afnám eignarskatts af sparifé eru eðlileg með hliðsjón af því ástandi, sem nú er í fjármálum þjóðarinnar og einkennist mjög af of litlum sparnaði og skorti á sparifé. Hins vegar er mjög varhugavert að fella niður framtalsskyldu á þessum eignum, því að telja má, að það stórspilli skilyrðum skattstjóra og skattanefnda til þess að hafa eftirlit með framtölum. Niðurfelling framtalsskyldunnar á sparifé er því spor í þveröfuga átt við það, sem æskilegt er. Það þarf einmitt að stórbæta skilyrðin til skatteftirlits, en ekki að skerða þau.

7) Ákvæði frv. um það, að menn geti selt fasteignir án þess að greiða skatt af söluhagnaði, ef þeir kaupa aðra fasteign í staðinn, er mjög varhugavert, þar eð það getur gefið skattfrjálsu fasteignabraski lausan tauminn. Algerlega eðlilegt getur verið að leggja ekki tekjuskatt á slíkan söluhagnað, en skattfrelsið má ekki ná til brasksölu, og sami maður má ekki njóta þess aftur og aftur. Það er sömuleiðis algerlega óeðlilegt að hafa hina geysiháu skattfrjálsu fyrningu skipa skattfrjálsa áfram við sölu skips. Eiga auðvitað að gilda sömu reglur í þessu efni um skip og önnur framleiðslutæki. Vegna þeirra miklu skatthlunninda, sem felast í heimild til viðhaldsfrádráttar, er og eðlilegt að skattleggja viðhald t. d. þriggja síðustu ára við sölu. Mun ég síðar flytja brtt. varðandi þessi atriði.

Hefur þá verið lýst aðalatriðum þeirra breytingartillagna, sem ég flyt. Ef þær yrðu samþykktar, mundi af þeim hljótast talsvert meiri skattalækkun en gert er ráð fyrir í frv. hæstv. ríkisstjórnar á lágtekjum og miðlungstekjum, sérstaklega hjá barnafjölskyldum, og enn fremur hjá þeim, sem vildu spara til þess að eignast íbúð, og hjá sjómönnum. Erfitt er að áætla tekjumissi ríkissjóðs af þessum sökum. En hann yrði vafalaust ekki tilfinnanlegur eins og nú árar fyrir ríkissjóð, auk þess sem það er vandalítið að stórauka skatttekjurnar með því að bæta skattheimtuna og draga úr skattfríðindum stórgróðarekstrar og skattleggja verðhækkunarágóða sérstaklega. Með slíkum ráðstöfunum mætti án efa auka skatttekjurnar, þótt skattar á launþegum yrðu lækkaðir, svo sem gert er ráð fyrir í þessum tillögum mínum.

Alþingi, 30. marz 1954.

Gylfi Þ. Gíslason.

Nd. 612. Breytingartillögur [179. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, og við brtt. á þskj. 577.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

1. Við 4. gr. I. Liðurinn orðist svo:
I. Skattgjald þeirra, sem um ræðir í 1. og 2. gr., reiknast þannig:
a. Skattgjald einstaklinga:
Ef skattskyldar tekjur eru undir 15000 kr., greiðist enginn skattur.

Af	15	þús. kr. greiðist	100 kr.					
—	15— 25	þús. kr. greiðist	100	kr. af	15	þús. og	5 %	af afg.
—	25— 30	— — —	600	— —	25	— —	4	— — —
—	30— 35	— — —	800	— —	30	— —	6	— — —
—	35— 40	— — —	1100	— —	35	— —	8	— — —
—	40— 45	— — —	1500	— —	40	— —	10	— — —
—	45— 50	— — —	2000	— —	45	— —	14	— — —
—	50— 55	— — —	2700	— —	50	— —	16	— — —
—	55— 60	— — —	3500	— —	55	— —	18	— — —
—	60— 65	— — —	4400	— —	60	— —	20	— — —
—	65— 70	— — —	5400	— —	65	— —	24	— — —
—	70— 80	— — —	6600	— —	70	— —	27	— — —
—	80—100	— — —	9300	— —	80	— —	30	— — —
—	100—130	— — —	15300	— —	100	— —	34	— — —
—	130 þús. kr. og yfir		25500	— —	130	— —	40	— — —

b. Skattgjald þess hjóna, sem tekjur eru lækkaðar hjá þannig, að hinu hjónanna er reiknaður nokkur hluti teknanna:
Ef skattskyldar tekjur eru undir 14000 kr., greiðist enginn skattur.

Af	14	þús. kr. greiðist	100 kr.					
—	14— 15	þús. kr. greiðist	100	kr. af	14	þús. og	5 %	af afg.
—	15— 20	— — —	150	— —	15	— —	6 %	— —
—	20— 25	— — —	400	— —	20	— —	8 %	— —
—	25— 30	— — —	850	— —	25	— —	9 %	— —
—	30— 35	— — —	1300	— —	30	— —	10 %	— —
—	35— 40	— — —	1800	— —	35	— —	13 %	— —
—	40— 45	— — —	2450	— —	40	— —	18 %	— —
—	45— 50	— — —	3350	— —	45	— —	20 %	— —
—	50— 55	— — —	4350	— —	50	— —	23 %	— —
—	55— 60	— — —	5500	— —	55	— —	25 %	— —
—	60— 65	— — —	6750	— —	60	— —	28 %	— —
—	65— 70	— — —	8150	— —	65	— —	30 %	— —
—	70—100	— — —	9650	— —	70	— —	32 %	— —
—	130 þús. kr. og yfir		19250	— —	100	— —	40 %	— —

2. Við 7. gr.
a. Á eftir orðunum „sjá sér fyrir fæði“ í h-lið 4. tölul. bætist: svo og verkamanna og iðnaðarmanna, sem sækja þurfa atvinnu til staða fjarri heimili sínu.
b. Á eftir h-lið komi nýr liður, svo hljóðandi:
⅓ af kaupi sjómanna fyrir vinnu á íslenzku fiskiskipi, þó ekki hærri upphæð en 20000 kr.
c. j-liður 4. tölul. falli niður.
d. Á eftir orðunum „til atvinnurekstrar sé“ í 5. tölul. komi: eða heimilisstjórnar (kaup ráðskonu).

e. Aftan við 5. tölul. bætist tveir nýir málsl., svo hljóðandi:
Frádráttarbær kostnaður við heimilisstjórn má þó ekki fara fram úr 20000 kr. Er upphæð þessi miðuð við meðalvísitölu ársins 1953 og skal breytast í réttu hlutfalli við þær breytingar, sem verða á meðalvísitölunni.

3. Við 8. gr. Upphaf greinarinnar orðist þannig:
1. og 2. málsgr. 11. gr. laganna orðist þannig:
Hvort hjóna um sig er sjálfstæður skattþegn, og skal við ákvörðun skatts þeirra hvors um sig farið eftir þessum reglum:
Hvort hjónanna greiðir skatt af þeim tekjum, sem það aflar. Hafi annað hjóna engar tekjur eða lægri tekjur en hitt, skal því reiknaður til skatts allt að helmingi tekna hins, en þó aldrei hærri upphæð en 20000 kr., miðað við meðalvísitölu ársins 1953, né heldur meira en svo, að tekjur þess fari fram úr tekjum hins. Breytist meðalvísitalan, skal fyrr nefnd upphæð hækka eða lækka í samræmi við það. Tekjur, sem annað hjóna aflar hjá hinu eða í fyrirtæki, sem það á eða er aðaleigandi að, skulu þó ekki taldar sértekjur í þessu sambandi. Í reglugerð skal setja um það nánari ákvæði, hvenær slík laun skuli ekki talin sértekjur. Skattur af tekjum hjóna skal innheimtur hjá því þeirra, sem hefur hærri tekjur.

4. Við brtt. 577, 4. tölul.
a. Orðin „fyrir einstakling kr. 6500.00“ falli niður.
b. Orðin „fyrir hjón kr. 12000.00 (6 þús. fyrir hvort)“ falli niður.
c. Fyrir „kr. 4500.00“ komi: kr. 6000.00.
d. Á eftir 1. efnismálsgr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
Frádráttur fyrir barn eða börn skiptist til helminga milli hjóna.

5. Við 10. gr.
a. Fyrirsögn kaflans orðist svo: Um skattfrelsi sparifjár og byggingarsjóða einstaklinga.
b. Orðin „framtalsskyldu og“ á tveim stöðum í greininni falli niður.
c. Tvær síðustu málsgreinarnar falli niður.
d. Á eftir 22. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
Fjölskyldumenn, sem eiga ekki 90 fermetra íbúð eða stærri, þegar lög þessi öðlast gildi, skulu undanþegnir tekju- og eignarskatti af framlögum í eigin byggingarsjóð samkv. eftirfarandi reglum:
Árleg framlög mega nema allt að ¼ teknanna, þó ekki meiru en 20000 kr. á ári og 200000 kr. alls. Byggingarsjóðurinn skal ávaxtaður í banka eða sparisjóði á nafni eiganda. Sé fé þessu ráðstafað á annan hátt en til bygginga eða kaupa á íbúð fyrir eiganda þess, skal greiða af því þann skatt, sem á það hefði fallið, ef það hefði verið skattlagt á því ári, sem teknanna var aflað. Sé fénu ráðstafað smám saman til annars en byggingar eða kaupa á íbúð fyrir eiganda þess, skal svo litið á, að þess fjár, sem fyrst er ráðstafað, hafi verið aflað fyrst, o. s. frv. Nánari reglur um framkvæmd ákvæða þessara skulu sett í reglugerð.

6. Á eftir 15. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
Tveir síðustu málsl. 45. gr. laganna orðist svo:
Fjármálaráðherra skal með reglugerð setja ákvæði um innheimtu tekjuskatts þannig, að launþegar greiði skatt af tekjum sínum jafnóðum og þeirra er aflað. Heimilt er að skylda kaupgreiðendur til þess að halda eftir og skila í ríkissjóð upp í skattgreiðslur manna svo miklum hluta af kaupi þeirra, að nægi fyrir skattgreiðslunni.

Sþ. **613. Tillaga til þingsályktunar** [191. mál]

um að tryggja rekstur togaraútgerðarinnar.

Flm.: Lúðvík Jósefsson, Einar Olgeirsson, Gunnar Jóhannsson, Karl Guðjónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera nú þegar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja hallalausan rekstur togaraútgerðarinnar og til þess að tryggja, að jafnan fáist íslenzkir sjómenn til starfa á togaraflotanum.

Sérstök áherzla verði lögð á eftirgreindar ráðstafanir:

1. Lækkun á olíuverði.
2. Lækkun bankavaxta, einkum af afurðalánum.
3. Lækkun vátryggingarkostnaðar.
4. Lækkun á farmgjöldum af framleiðsluvörum útgerðarinnar.
5. Tollar og skattar af nauðsynjavörum útgerðarinnar verði afnumdir.
6. Fiskverð til togara verði hækkað verulega frá því, sem nú er.

Jafnhliða ráðstöfunum til stuðnings útgerðinni verði hlutazt til um, að bætt verði svo kjör togarasjómanna, að vanir menn fáist til starfa á skipunum.

Greinargerð.

Eitt mesta framfaraspor, sem stigið hefur verið hin síðari ár í atvinnumálum Íslendinga, voru kaupin á nýsköpunartogurunum að stríðinu loknu.

Þau kaup voru knúin í gegn af Sósialistaflokknum þrátt fyrir skilningsleysi og andstöðu flestra hinna gömlu togaraeigenda og bankastjóra Landsbankans.

Íslendingar eiga nú 43 góða togara, sem framleiða á ári hverju um helming alls fiskafla, er þjóðin framleiðir, þegar síldarafli er ekki reiknaður með. Þessi togarafiskur er undirstaða helmingsins af því útflutningsverðmæti, sem þjóðin flytur út af fiskafurðum, að frádreginni síld. Síðasta ár er togarafiskurinn þannig undirstaða verðmætis, sem er 250—280 millj. kr. í erlendum gjaldeyri, miðað við útflutningsverð.

Á þessum togaraflota vinna 1200—1500 sjómenn. Afköst þeirra á mann eru þau mestu, sem þekkjast við fiskveiðar nokkurs staðar í heiminum. Ísland er fremst allra landa í veröldinni um fiskframleiðslu, hvað snertir magn fisks á hvern starfandi sjómann. Í meðalári er talið, að hver íslenzkur sjómaður framleiði 70 smálestir fisks. Þetta er svo hátt, að næsta land, sem á eftir kemur í röðinni, er með 10 smálestir á sjómann. Ísland er sjöfalt hærra. Þó er meðalveiðimagn á íslenzka togaraflotanum um þrisvar sinnum hærra en meðalveiðimagn á Íslandi. Það er að þakka hinum framúrskarandi dugnaði og sóknhörku sjómanna vorra á togurum og bátum, góðum skipum og gjöfulum miðum. En hvorugt hið síðarnefnda notast, skipin eða miðin, ef ekki nýtur þess dugnaðar, sem einkennt hefur íslenzka sjómannastétt.

Þessi stórkostlega afkastageta íslenzkra sjómanna er undirstaðan undir því, að þjóð vor búi við sæmileg lífskjör og efnahagslegt sjálfstæði: vinni sér sjálf fyrir þeim miklu vörum, sem við þurfum að flytja inn í landið.

Nú vofir hnignun og stöðvun yfir öllum togaraflotanum. Stöðvist hann, brestur aðalgrundvöllinn undir efnahagslífi landsins og lífskjörum fólksins.

Orsakir yfirvofandi stöðvunar eru aðallega tvennar:

Í fyrsta lagi bera togarasjómenn allt of lítið úr býtum fyrir hina miklu, þrotlausu og hættulegu vinnu sína. Þar af leiðir, að mikið af hinum duglegu, vönu togarasjómönnum gengur í land og erfitt er að fá nokkra í staðinn, sem gagn er að. Afleiðing þessa er annars vegar, að afköst togaranna minnka, vinnan um borð lendir á örfáum mönnum, sem brátt gefast upp, og sífellt sígur á ógæfuhliðina, en hins vegar svo tafarlaus stöðvun.

Í öðru lagi tapa flestallar útgerðirnar á togurunum. Bæjarútgerðirnar, sem reka togarana sérstaklega með aukningu atvinnunnar í heimahögum fyrir augum, verða fyrir árlega vaxandi tapi, sem óbærilegt er til lengdar.

Þetta ástand leiðir óhjákvæmilega til stöðvunar mestalls togaraflotans innan nokkurra vikna, ef ekkert er að gert.

Togaraflotinn mun á síðasta ári hafa tapað um 20 millj. kr. á útgerðinni. Kaup sjómanna á honum er auk þess allt of lágt.

En þessi togarafloti, sem reikningslega ber sig ekki, ber hins vegar mest allra aðila uppi þjóðarbúið sjálft. Og á því að selja togurunum vörur og þjónustu græða fjölmargir aðilar stórar fúlgur:

1. Olíufélögin selja hverjum togara á ári olíu fyrir rúma milljón króna. Það mun vart ofreiknað, að þau græði á sölu þeirri a. m. k. 20% eða 200 þús. kr. á hverjum togara, eða 8 600 000 kr. á öllum togaraflotanum.
2. Vextir þeir, sem togararnir greiða bönkunum, sem fá allan gjaldeyri þeirra til ráðstöfunar, munu vera um 300 000 kr. að meðaltali á hvern togara á ári, eða um 13 millj. kr. á ári fyrir allan togaraflotann.
3. Vátryggingargjöld togaranna eru 240—300 þús. kr. á togara á ári, eða 11—13 millj. kr. á flotann.

Þannig mætti lengi telja.

Þann gjaldeyri, sem togararnir og þeir, sem úr afla þeirra vinna, framleiða, 250—300 milljónir, fá innflytjendur til ráðstöfunar. Og er engum blöðum um það að fletta, að á þeim innflutningi taka innflytjendur og seljendur gróða, sem nemur hátt í 100 millj. kr., og ríkið svipaðar upphæðir í tolla.

Vélbátaflotinn var fyrir nokkru rekinn með stórtapi, og sjómenn voru að flýja hann. — Nú lætur ríkið greiða á ári um 80 millj. kr. í styrk til hraðfrystihúsa og verkunarstöðva handa vélbátaflotanum. Þetta fé lætur ríkið innflytjendur taka af almenningi með „bátagjaldeyrinum“ svonefnda, og fá innflytjendur mjög ríflega „þóknun“ fyrir innheimtuna. Bátasjómenn knúðu fram hækkun á fiskverði til sín upp í 122 aura til þess að gera afstöðu sína lífvænlegri.

Ríkið notar þessa aðferð til þess að styrkja vélbátaflotann og tryggja nauðsynlega útgerð hans, þó að þessi aðferð sé almenningi hin dýrasta og komi vélbátaútveginum minnst að gagni. En ríkisstjórnin vill ekki ráðast beint að hagsmunum þeirra auðhringa, banka og heildsala, sem græða á vélbátaútveginum, því að ríkisstjórnin er sjálf fulltrúi þessa auðvalds.

Vandamál togaraútgerðarinnar má ekki leysa með þeim hætti, sem vandi vélbátaútgerðarinnar var leystur í svip, og verða ekki leyst þannig. Alþýða manna mundi ekki láta bjóða sér slíka nýja dulbúna gengislækkun.

Vandamál togaraútgerðarinnar: kauphækkun sjómanna og hallalaus afkoma útgerðarfyrirtækjanna — verður að leysa á kostnað þess auðvalds, sem rakar til sín gróða á útgerðinni og innflutningnum, sem útgerðargjaldeyririnn stendur undir.

Í þingsályktunartillögu þessari er lagt til, að rekstrarafkoma togaraútgerðarinnar verði gerð hagstæðari en nú er, m. a. með lækkun ýmissa helztu rekstrargjaldaliða útgerðarinnar.

Með örfáum orðum skal vikið að þeim ráðstöfunum, sem mestu máli mundu skipta.

1. Lækkun á olíuverði. Telja má víst, að hægt sé að lækka verð á olíum til togaraútgerðarinnar svo, að nema mundi á ári um 200 þús. krónum fyrir hvern togara. Olíuverð hér á landi er miklu hærra en í nálægum löndum og mundi þrátt fyrir þá lækkun, sem hér er ráðgerð, ekki ná sama verði og í aðalviðskiptalöndum okkar. Starfsemi olíufélaganna á Íslandi ber það líka glögglega með sér, að þar er um mikinn gróða að ræða.
2. Lækkun bankavaxta. Bankavextir eru hærri hér á landi en annars staðar, þar sem til þekkist. Sérstaklega eru hinir gífurlega háu vextir, sem teknir eru af hreinum afurðalánum, þ. e. lánum, sem veitt eru út á framleidda vöru, sem bíð-

ur afskipunar, fjarri öllu réttmæti. Slíkir vextir eru hér 5—7%, og munu engin dæmi slíkra vaxta annars staðar. Sanngjarnt væri að lækka vexti af afurðalánum í 1—2%, enda er þar um lán allt annars eðlis að ræða en venjuleg áhættulán eða lán til lengri tíma.

3. Lækkun vátryggingarkostnaðar. Það fer ekki dult, að inlend og erlend vátryggingarfélög græða miklar fjárhæðir árlega á vátryggingum togaranna. Ríkið gæti auðveldlega lækkað þessi útgjöld togaranna, m. a. með aukinni innlendri tryggingu með bakábyrgð ríkisins.
4. Lækkun farmgjalda. Aðalskipafélög landsins hafa grætt álitlega undanfarin ár. Gróði þeirra er ekki sízt af útfluttum sjávarafurðum. Lækkun farmgjalda á útflutningsvörum landsmanna er því vel fær og mundi að sjálfsögðu jafngilda hækkuðu fiskverði.
5. Afnám tolla og skatta af útgerðarnauðsynjum virðist sjálfsögð ráðstöfun, þegar svo er komið, að óhjákvæmilegt er að styðja með opinberum ráðstöfunum útflutningsframleiðsluna. Söluskatturinn hvílir nú í ýmsum greinum þungt á útgerðinni. Má t. d. nefna, að söluskattur af venjulegri ljósavél í togara nemur um 20 þús. kr.
6. Hækkun fiskverðs til togaranna er óhjákvæmileg ráðstöfun. Togararnir fá nú miklu lægra verð fyrir fisk sinn en bátaflotinn. Slíkur mismunur á fiskverði getur ekki haldizt lengi. Með hagkvæmari nýtingu hraðfrystihúsanna ættu þau auðveldlega að geta hækkað verð sitt á togarafiski. Með lækkun útflutningsfarmgjalda mundu einnig aukast möguleikar til verðhækkunar á fiski. Sama er að segja um verulega lækkun vaxta framleiðsluvörulána. Slík vaxtalækkun mundi jafngilda beinni fiskverðshækkun.

Það er því augljóst, að hægt er að lækka útgjaldaliði togararekstrarins og að einnig er hægt að hækka fiskverð togaranna sem því nemur, að hallalaus rekstur náist. Ráðstafanir í þessu efni eru aðkallandi. Þær má ekki draga lengur en orðið er.

Jafnframt þeim verður svo að hlutast til um, að kaup togarasjómanna batni til verulegra muna frá því, sem nú er.

Allar ráðstafanir togaraútgerðinni til hagsbóta, án þess að ráðið sé fram úr þeim vanda að tryggja góða og dugmikla íslenzka sjómenn til starfa á skipunum, eru árangurslausar. Kjör sjómanna verða jafnhliða að takast til meðferðar.

Ed. 614. Breytingartillögur [165. mál]

við brtt. á þskj. 590 [Veiting ríkisborgararéttar].

Frá Jóni Kjartanssyni.

1. Á eftir 6. tölul. bætist nýr liður, svo hljóðandi:
   Kissmann, Dorothea, húsmóðir í Hörgsdal á Síðu, fædd 24. júní 1926 í Þýzkalandi.
2. Á eftir 11. tölul. bætist nýr liður, svo hljóðandi:
   Meckle, Olga, húsmóðir á Reynivöllum í Austur-Skaftafellssýslu, fædd 5. júlí 1925 í Þýzkalandi.

Ed. 615. Breytingartillaga [184. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 27. júní 1921, um fasteignaskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

Við ákvæði til bráðabirgða. Í stað orðanna „1. júní“ komi: 1. maí.

Nd. 616. Frumvarp til laga [184. mál]

um breyting á lögum nr. 66 27. júní 1921, um fasteignaskatt.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Upphaf 1. gr. laganna orðist svo:

Af öllum fasteignum á landinu, sem eru ekki sérstaklega undanþegnar, skal greiða árlega af fasteignamatsverði skatt í sveitarsjóð, þar sem fasteignirnar eru, eins og hér segir:

2. gr.

Í stað orðanna „lögreglustjóra, sem leggur það undir úrskurð stjórnarráðsins, ásamt tillögum sínum“ í niðurlagi 4. gr. laganna komi: sveitarstjórn, sem leggur úrskurð á beiðnina.

3. gr.

Í stað orðanna „lögsagnarumdæmi“ og „lögreglustjóri“ í 5. gr. laganna komi: sveitarfélagi, sveitarstjórn.

4. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Skatt þennan skulu sveitarstjórnir innheimta, og fellur hann í gjalddaga 1. júlí ár hvert, í fyrsta sinn 1954. Þó getur sveitarstjórn ákveðið annan gjalddaga fyrr á árinu.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Lögreglustjórar, eða hver sá embættismaður, sem innheimta hefði átt fasteignaskattinn að óbreyttum þeim lögum, er um hann hafa gilt, afhendi hver í sínu umdæmi eigi síðar en 1. maí 1954 gjaldkera hvers sveitarsjóðs í umdæminu skrá yfir fasteignaskattsgjaldendur í sveitarfélaginu, og sé á skránni tilgreindur skattur hvers gjaldanda fyrir árið 1954.

Ed. 617. Frumvarp til laga [183. mál]

um breyting á lögum um Framkvæmdabanka Íslands, nr. 17 10. febr. 1953.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Í stað orðanna „80 milljónir“ í 2. málsgr. 9. gr. laganna komi: 175 milljónir.

2. gr.

Ef Framkvæmdabankinn annast lántöku til að koma á fót sementsverksmiðju samkv. lögum þessum, fellur niður lántökuheimild ríkisstjórnarinnar samkv. 2. gr. laga nr. 35/1948, sbr. lög nr. 57/1950, um sementsverksmiðju.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 618. Breytingartillögur [12. mál]

við frv. til áfengislaga.

Frá Gils Guðmundssyni og Bergi Sigurbjörnssyni.

1. Við 9. gr. Síðasti málsl. orðist svo: Óheimilt er að gefa öðrum en sendiherrum og sendifulltrúum erlendra ríkja afslátt frá hinu ákveðna útsöluverði til almennings.
2. Við 12. gr. Síðari málsl. 2. málsgr. orðist svo: Nefndin skal þannig skipuð, að áfengisvarnaráð tilnefnir einn mann, Samband veitinga- og gistihúseigenda annan og ráðherra hinn þriðja, er hafi læknismenntun.
3. Við 26. gr. Aftan við fyrri málsgr. bætist: Áfengisvarnaráðunautur skal hafa læknismenntun.

Ed. 619. Nefndarálit [125. mál]

um frv. til laga um húsaleigu.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndarmenn urðu ekki sammála um afgreiðslu þessa máls, og nefndin klofnaði.

Meiri hlutinn leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með tveim breytingum; þó tekur einn maður (HG) úr meiri hlutanum sérstaklega fram, að hann áskilur sér rétt til þess að fylgja öðrum breytingartillögum, er fram kunna að koma.

Meiri hlutinn leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 35. gr. Aftan við 1. málsgr. komi nýr málsl., svo hljóðandi:
   Leigusali og leigutaki hafa þó, ef um það er samkomulag þeirra á milli, heimild til þess að kveðja menn til úttektarinnar að eigin vali eða framkvæma hana sjálfir, en ætíð skal hún skráð í tveim eintökum — sínu handa hvorum aðila — og staðfest með vottfestum undirskriftum leigusala og leigutaka.
2. Við 59. gr. Í stað orðsins „ríkissjóði“ í fyrri málsl. komi: sveitarsjóði.

Alþingi, 31. marz 1954.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form.	Karl Kristjánsson, frsm.	Haraldur Guðmundsson.

Sþ. 620. Tillaga til þingsályktunar [192. mál]

um áskorun til Bandaríkjastjórnar vegna vetnissprengna o. fl.

Flm.: Einar Olgeirsson, Finnbogi R. Valdimarsson, Brynjólfur Bjarnason, Karl Guðjónsson, Gunnar Jóhannsson, Lúðvík Jósefsson, Sigurður Guðnason.

Alþingi Íslendinga ályktar að fela ríkisstjórninni að skora á ríkisstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku að framkvæma eigi fleiri tilraunir með vetnissprengjur og enn fremur að taka nú þegar upp samninga við Sovétríkin, Bretland og önnur ríki um bann við framleiðslu kjarnorkuvopna og strangt alþjóðlegt eftirlit með því, að

banninu verði framfylgt, jafnframt því sem þessi ríki ásamt öðrum skuldbindi sig til þess að beita ekki kjarnorkuvopnum í hernaði.

Greinargerð.

Hinn 1. marz s. l. var vetnissprenging gerð á Kyrrahafi í grennd við Bikini í Marsjalleyja-klasanum með þeim atburðum, að ekki varð dulizt, enda þótt hin ógnþrungnu fréttaskeyti, sem frá þeim bárust, væru í fyrstu sem vendilegast falin í dálkum heimsblaðanna.

Hinn 25. marz, þegar tekið er að leggja drög að þessari greinargerð, er daginn áður haft eftir Eisenhower forseta Bandaríkja Norður-Ameríku, að Strauss aðmíráll, formaður kjarnorkunefndar Bandaríkjanna, hafi ekki enn þá lokið skýrslu sinni um tilraun þessa. Af fréttum í útvarpi og blöðum, sem berast nú æ gleggri, má hins vegar ráða nógu mikið til þess, að ljósara verði en nokkru sinni áður, hver ógn er kveðin að öllu mannkyni, ef ekki tekst að hamla því, að fleiri slíkar „tilraunir" verði gerðar, hvað þá hafið það kjarnorkustríð, sem þær eru forleikurinn að.

Það talar sínu máli, að opinber skýrsla um fyrstu vetnissprenginguna í veröldinni, sem gerð var af Bandaríkjamönnum á Kyrrahafi fyrir tveimur árum, hefur nú fyrst séð dagsins ljós. Eisenhower forseti upplýsti Bandaríkjaþing um það 2. febr. s. l., að Enivetok-sprengingin væri „fyrsta fullkomna vetnissprengingin í sögunni".

Formaður kjarnorkunefndar Bandaríkjaþings, Sterling Cole, skýrði aftur frá því 17. febr. (N.Y.T. 18. febr.) „að við vetnissprenginguna á Kyrrahafi 1952 hefði tilraunaeyjan í Enivetok-klasanum gersamlega horfið og grafizt í sævarbotninn gígur eina mílu í þvermál og 155 fet á dýpt, sem rúma mundi 140 stórbyggingar eins og þinghúsið í Washington". Hr. Cole bætti við: „Ef slík sprenging yrði í nútímaborg, mundi hiti hennar og loftþrýstingur valda algerri eyðingu á þriggja mílna svæði í allar áttir frá sprengistaðnum, og þá er orðið algjör notað í nákvæmustu merkingu og lýtur að eyðingu á svæði, sem er sex mílur í þvermál". Hr. Cole bætti við, að sprengingin 1952 væri upphaf heillar fjölskyldu af atómvopnum.

Um afl þeirrar sprengju, sem varpað var 1. marz, eru fregnir nokkuð á reiki, enda víst, að örðugra varð þar um mat og mælingar en ætlað hafði verið. En það er t. d. kveðið svo að orði, að sprengjan hefði getað dreift af yfirborði jarðar eins og dusti álíka fjalli og Mont Blanc, eða máð þaðan stórborgir eins og New York og London; að hún hefði jafngilt sex milljónum lesta af T.N.T., eins og komið hefðu í einn stað niður og í sömu andrá þær sprengjur allar, sem varpað var hvarvetna um lönd á árum heimsstyrjaldarinnar síðari.

Dagblaðið New York Times skýrir svo frá 18. marz:

„Önnur heimild jafnkunnug málum (vitnað til manns í kjarnorkunefnd Bandaríkjaþings) sagði, að hún (sprengjan 1. marz) hefði verið þrefalt eða fjórfalt öflugri en sérfræðingarnir, sem tilraununum stjórnuðu, höfðu búizt við og að minnsta kosti 600 sinnum sterkari en atómsprengjan, sem varpað var á Hirósjíma — en hún jafngilti að krafti 20 000 lestum af T.N.T. og svipti lífi 60 000 manns.

Sumar áætlanir, sem enn á eftir að meta á grundvelli hvers konar vísindalegra mælinga, sem við varð komið, telja kraft sprengingarinnar 1. marz þúsund sinnum meiri en vetnissprengjunnar 1952."

Blaðið segir ennfremur:

„Sú staðreynd var hin mikilvægasta, að allir lýstu sprengingunni 1. marz sem notkun raunhæfs vopns, er unnt væri að beita gegn andstæðingi."

Loks eru tilfærð ummæli Carls Durham, þingmanns frá North Caroline og formanns demókrata í sameiginlegri nefnd beggja þingdeilda, er fjallar um kjarnorkumál.

Hann taldi, „að verulegur ágreiningur væri innan ríkisstjórnarinnar um það,

hvort gefa skyldi heiminum nákvæmar og yfirgripsmiklar upplýsingar um ægiafl þessa nýja vopns".

Durham taldi, að sprengjan „væri svo hræðilegur hlutur, að bezt væri, að veröldin fengi vitneskju um hana. Það ætti tafarlaust að skýra öllum þjóðum heims frá því, hverrar eyðileggingar lífs og verðmæta mætti vænta af þessari tegund vopna".

Fyrir augum sjómanna á Kyrrahafi varð sprengingin 1. marz eins og upprás sólar við sjóndeildarhring af mikilli skyndingu. Í rúmlega 80 km fjarlægð frá tilraunastaðnum var flugvél á ferð í 30 þús. feta hæð, og þótt hún flygi svo hratt sem hreyflarnir orkuðu, slapp hún naumlega undan sprengjuskýinu, sem hófst úr sjó í 30 km hæð eins og tröllaukinn sveppur. Fiskibáturinn Fúkúrjú Marú, um 22 km utan þess hrings, sem afmarkaði svokallað hættusvæði, og 146 km frá sprengistaðnum, nötraði fyrir loftþrýstingnum, hvítri ösku sáldraði yfir hann þremur klst. síðar, og hörund sjómanna, 21 að tölu, tók að klæja og síðan innan viku að detta út með sárum. Á ótilgreindri ey utan öryggishringsins urðu 253 menn, þar af 17 Ameríkumenn, að því er talið er, fyrir skaðvænum geislaverkunum. A. m. k. 4 skip með samtals 60 manna áhöfn munu hafa farizt af völdum sprengingarinnar, en 10 orðið geislavirk af öskuryki í allt að 2000 km fjarska, eða sem svarar vegalengdinni frá Reykjavík til Kaupmannahafnar, og eru þó ekki öll kurl komin þar til grafar. Þá fyrst, er japönsk skip tóku að leita hafnar eitt af öðru, allt fram í miðjan mánuð, og fólk á landi uppi að sýkjast hundruðum saman af geislavirkum fiski, var þögnin rofin um það, sem orðið var.

Japanska þjóðin var skelfingu lostin. Hinn 19. marz er talið, að ekkert mannsbarn í landinu hafi lagt sér nýjan fisk til munns, enda þótt hann sé aðalfæða þjóðarinnar. Japanska heilbrigðisstjórnin áætlaði, að 600 manns hefðu þá þegar neytt eitraðs fisks. Ríkisstjórnin mælti svo fyrir, að öllum fiskiskipum á Kyrrahafi skyldi haldið til hafna og gengið úr skugga um, hvort afli þeirra eða áhafnir hefðu orðið fyrir áhrifum af sprengingunni, eins og raun varð um fiskibátinn Fúkúrjú Marú, sem svo varð geislavirkur, að vara mundi um ófyrirsjáanlegan tíma, og það eitt fyrir hendi að brenna hann og sökkva í sæ. Á sjúkrahúsi tærist skipshöfnin upp, húðin dökknar og skorpnar, og hárið fellur af, án þess að japönsku sérfræðingarnir frá Hírósjíma og læknar setuliðsins, sem með nauðung hafa fengið að stunda sjúklingana til að afla bandarískrar vitneskju um verkanir geislanna á lifandi hold, fái að gert.

Víðtækari afleiðingar verða því ljósari, sem lengra líður. Skýrustu máli talar þar sú staðreynd, að hver tilskipun Bandaríkjastjórnar er nú ógilt af annarri um útvíkkun á hættusvæðinu á Kyrrahafi, svo að það er nú orðið þrefalt stærra en öruggt var talið 1. marz, eða 275 þúsund ferkm. að flatarmáli og nærri þrisvar sinnum stærra en allt Ísland. Fremsti kjarneðlisfræðingur Japans, dr. Súzúki, varar við þeirri hættu, að stór hluti Kyrrahafsins kunni að vera mengaður geislavirkum söltum og öðrum efnum, er sævarstraumar gætu skolað að ströndum upp, ef framhald yrði slíkra tilrauna. Geislavirkt regn hefur þegar fallið víðs vegar frá sprengjustaðnum, og um brautir fugla og fiska, er eitrazt hafa af ösku og geislunum, kveður enginn né ætlast á, fremur en erfðabreytingar, sem verða kynnu á stofni þeirra.

Fréttaskeytin af þessum fjarlægu stöðum og löndum, sem oss eru nær, bera vitni um þá vaxandi ógn, sem japanska þjóðin og alþýða manna í öllum heimi er slegin af þessum atburðum, og þó ef til vill af öðrum tíðindum enn frekar: afstöðu Bandaríkjastjórnar til þeirra og viðbrögðum öllum, síðan þeir gerðust.

Enda þótt sum áhrifablöð í Bandaríkjum Norður-Ameríku, eins og New York Herald Tribune, styðji einróma kröfu allra brezkra blaða um, að nú verði stungið við fótum; enda þótt þau taki af skarið um það, að hverju barni megi vera ljóst, að tilkoma þessa nýja gereyðingarvopns hljóti að gerbreyta öllum herstjórnarsjónarmiðum, því þó að andstæðingur réði yfir sprengju, sem lagt gæti hálfan hnöttinn í eyði, væri öryggi Bandaríkjanna ei að betur komið, þótt það stæði í

þeirra valdi að eyða hann að þremur fjórðu hlutum; enda þótt staðhæft sé, að við vetnissprengjuárás á Bandaríkin mundu „níu milljónir manna láta lífið, en 22 milljónir særast og limlestast“, og þó að yfirmanni borgarvarnanna í Bandaríkjunum verði eðlilega spurt: Hver á að grafa þessi níu milljón lík? — þá virðast hæstráðendur þar í landi ekki víla slík rök fyrir sér.

Tilskipanir Bandaríkjastjórnar og ábyrg ummæli æðstu valdamanna undanfarnar vikur hafa þvert á móti verið eins og áréttíng ógnaratburðanna á Kyrrahafi og hnigið mjög að hinu sama: að frá stjórnarstefnu þeirri, sem Dulles utanríkisráðherra kunngerði í New York-ræðu sinni í janúar s. l. og gengur undir nafninu „New look“, skuli ekki hvikað um hársbreidd.

Fyrir þessari stjórnarstefnu hefur vetnissprengjan frá 1. marz að vísu talað hærra og skýrar en vænzt var, en ummæli „heimildarmanna, sem málum eru kunnugir“, tilfærð í N. Y. Times 18. marz og áréttuð daglega í fregnum, draga þar í engu úr, en þar er sagt, „að Bandaríkin séu nú þegar tekin að birgja sig upp af vetnissprengjum þeirrar tegundar, sem nú hafi verið framleidd. — — Þeir skýrðu einnig frá því, að sprengingin 1. marz væri aðeins undirbúningur að enn kröftugri vetnissprengingu, sem yrði þáttur í kerfi af tilraunum á Kyrrahafi“.

Þetta er síðast áréttað, samkvæmt fréttum íslenzka ríkisútvarpsins hinn 26. marz, af formanni kjarnorkunefndar Bandaríkjanna, Strauss aðmíráli, sem lýsir yfir því, að Bandaríkin muni samkvæmt beiðni herstjórnarinnar halda áfram smíði á vetnissprengjum af auknum krafti og tilraunum með þær á Kyrrahafi, — og í því skyni samþykkti fjárveitinganefnd fulltrúadeildar þingsins fjárveitingu samdægurs, að upphæð 1000 milljónir dollara, til framleiðslu á vetnis- og kjarnorkusprengjum á fjárhagstímabilinu, sem hefst 1. júlí n. k.

Og enn flytur íslenzka ríkisútvarpið þennan boðskap m. a. í hádegisfréttum 27. marz:

„Eisenhower Bandaríkjaforseti hefur fyrirskipað, að hafin skuli nú söfnun birgða alls konar málma, sem nauðsynlegir séu til hernaðarframleiðslu. Segir í boðskap forsetans til stofnunar þeirrar, sem fer með þessi mál, að svo geti farið, að erfitt verði að afla sér slíkra nauðsynja á styrjaldartímum, einkum þegar nú sé vitað, að Ráðstjórnarríkin séu þess megnug að ráðast á Bandaríkin sjálf. Enn fremur er gefið í skyn í fregnum, að nauðsyn kunni að bera til þess að takmarka sölu slíkra málma innan lands ....“.

Það sýnist mega einu gilda, hvort hin umrædda stjórnarstefna, er í þessu birtist og gengur undir nafninu „New look“, er í orði kveðnu kennd við stríð eða frið, — í framkvæmd verður hún sama óvitið. Hún er reist á þeim rökum, að óviss úrslit í styrjöld séu betri kostur en sá vísi voði, að efnahagskerfi Bandaríkjanna, sem tekið er að svigna undan þunga vígbúnaðarins, hrynji í rúst. Hún er reist á þeim rökum, að styrjöld hljóti að standa og þá styrjöld beri að heyja með öllum tiltækum vopnum og þar hafi sá betur, sem fyrstur slær og þyngst, — og í framkvæmd leiðir hún til vígbúnaðaræðis, þar sem stefnt virðist að því að hafa afl til að drepa andstæðinginn fjórum sinnum, ef ætla má, að hann gæti gert út af við mann tvisvar. Hún gerir ráð fyrir, að svo mikilvægt sé að verða fyrri til að slá, að nauðsynlegt sé, að forseti Bandaríkjanna geti gert sér hægt um hönd, brotið stjórnarskrána og hafið atómstyrjöld upp á sitt eindæmi af hverju því tilefni, er hann sjálfur kynni að velja og telja ógnun við öryggi Bandaríkjanna eða þjóða á þeirra snærum.

New York Times tilfærir 20. marz ummæli Dulles utanríkisráðherra í þingræðu hinn 19., er að þessu lúta:

„Varðandi gagnrýni á „New look“ úr flokki demókrata, sem að því hnígi, að í rauninni sé sú stefna ekki ný og að með henni sé rofið tveggja flokka samkomulagið, þá viðurkenndi ráðherrann, að hótunin um „kröftug hefndarviðbrögð“ væri hvorki „skyndileg“ né „byltingarkennd“.

En hann hélt fast við, að stefnan væri í reyndinni ný og til hennar bæri að

rekja fjölda mikilvægra og leynilegra stjórnmálaákvarðana í öryggisráði Bandaríkjanna.

Herra Dulles færðist undan að gefa nokkurt loforð um það, að Eisenhower forseti ráðgaðist endanlega við þingið, áður en hann léti hart mæta hörðu gegn hvers konar árásum á eitt eða annað bandalagsríki vort."

Utanríkisráðherrann var sem sagt árangurslaust, en ekki ófyrirsynju, krafinn slíks loforðs. Eisenhower forseti hafði lýst yfir í þingræðu 17. marz, að hann mundi ekki hika við að taka sér sjálfdæmi um það, hvað telja bæri árásarógnun við Bandaríkin, og hefja atómstyrjöld umsvifalaust, ef því væri að skipta:

„Forsetinn kvaðst mundu forðast dæmi fortíðarinnar, svo sem Normandy-innrásar sinnar í Evrópuvirkið 1944, og beita nýjustu vopnum og aðferðum atómaldarinnar.

Hvern þann forseta, sem léti undir höfuð leggjast að grípa til vopna andspænis tortímingunni, þann forseta væri of vægt að draga fyrir landsdóm og setja af embætti — hann ætti skilið að hengjast, sagði Eisenhower forseti af tilfinningu.

Ef svo færi, að hann gerði einhliða ákvarðanir á þjóðhættustund, þá mundi hann kalla saman þing eftir á, svo fljótt sem unnt yrði, til þess að veita stríðsaðgerðunum stuðning. Hann tók samt fram, að ef tíminn leyfði, mundi hann telja æskilegra, að árásarógnunin yrði rædd af þinginu, áður en hann hæfist handa." (N. Y. Times 18. marz).

Og enn segir í greininni:

„Í gær lýsti hr. Dulles yfir því, að hann áliti, að forsetinn hefði vald til, án þess að ráðgast við þingið, að skipa fyrir um ráðstafanir gegn hvers konar árásum á Bandaríkin eða bandamenn þeirra í Evrópu og á vesturhveli jarðar.

Hann sagði, að forsetinn hefði þetta vald samkvæmt ákvæðum Norður-Atlantshafssáttmálans og Rio de Janeiro-sáttmálans, er báðir hefðu verið staðfestir í öldungadeildinni."

Þá vitum vér það, hvað vér höfum falið hverjum þeim Forestall á hendur, sem hefjast kann í forsetastól í Bandaríkjunum, á meðan vér skipum skemilsess í „Varnarbandalagi Atlantshafsríkja" — ekkert minna en sjálfdæmi um örlög mannkynsins á jörðinni. Höfum vér ekki horft upp á frumæfingu hinnar forsetalegu valdbeitingar, er Bandaríkin hófu smánarstríð Sameinuðu þjóðanna í Kóreu fyrirvaralaust og knúðu síðan samþykki fram við orðnum hlut. Og megum vér ekki horfa upp á það þessa daga, þegar æ fleiri raddir einstaklinga, flokka og þjóðþinga, sem Bandaríkjunum fylgja að málum, hefjast til mótmæla gegn ábyrgðarlausum leik þeirra með hinn lævísa vítiseld; þegar veröldinni er loks að skiljast á síðustu stund, að henni stafar ekki ógn úr austri eða vestri, heldur er hún yfir og allt um kring og kveðin að hverju mannsbarni jafnt; þegar þjóðunum er loks að skiljast samstaða sín gagnvart einum og sama voða: magnan þessa elds og útkulnun lífsins í styrjöld, sem leiða mundi steinöld eða helöld yfir jörðina — hver eru þá viðbrögð hæstráðenda vetnissprengjunnar önnur en þau að kunngera, að nú skuli tekið að safna glóðum eldsins fyrir alvöru, nú skuli gripið til neyðarráðstafana og skrapað saman hvers konar málmi til hergagnaframleiðslu, nú skuli gera öllum undirgefnum vitanlegt, að forseti Bandaríkjanna hefji sitt stríð, þegar honum sýnist, og ekki skuli dragast mánuði lengur, að ferfalt sterkari vetnissprengja en varpað var 1. marz verði „reynd" á Kyrrahafi.

Og hver ættu að verða viðbrögð vor, sem byggjum vort friðgóða land og vitum það sjálfkjörið vopnabúr þessa bandalagsríkis vors? Ber oss ekki að minnsta kosti að styðja kröfu, sem nú er hafin af þeirri þjóð, sem atómeldurinn hefur sárast brunnið á hingað til, og tekið hefur verið undir í einu formi eða öðru af Bretum, Ástralíumönnum, Nýsjálendingum og fleiri þjóðum nú þegar og er þannig sett fram af brezka Verkamannaflokknum, að ríkisstjórn Bretlands skuli beita sér fyrir því að knýja Bandaríkjastjórn til að hætta við frekari tilraunir með vetnissprengjur, unz haldin hafi verið ráðstefna þeirra fjögurra ríkja, sem lengst eru komin í fram-

leiðslu kjarnorkuvopna, — Bandaríkja Norður-Ameríku, Ráðstjórnarríkjanna, Bretlands og Kanada, og að til þeirrar ráðstefnu verði gengið hið bráðasta.

Ber ekki sérhverjum einstaklingi, hvað þá flokkum manna og þjóðum, smærri sem stærri, að hlutast til um slíkt mál í tíma og gera sitt til að skakka leikinn milli kjarnorkujötnanna, áður en jafnvægi náttúrunnar yrði ófyrirsjáanlega raskað með ofboðslegustu glæfratilraunum eða líf og menning upprætt og jörðin eydd í eldi þriðju og síðustu heimsstyrjaldarinnar?

Beiting kjarnorkusprengjunnar í Kóreu var á sínum tíma hindruð af almenningsáliti og íhlutun samstöðuþjóða Bandaríkjanna, svo sem Breta og Frakka.

Fréttirnar af Kyrrahafi kalla enn til ábyrgðar hvern einstakling, sem atkvæði og skyni er borinn, og til þyngstrar ábyrgðar þá, sem flokkum eða lýðum ráða.

Von mannkynsins er vakandi samvizka og samróma krafa þess á eina lund: Frið á jörð. Og von þess er hugrekki, sem horfist án undarbragða í augu við staðreyndir og metur rétt það vald, sem þjóðum og einstaklingum er í hendur lagið, til að sjá svo um, að af sams konar atburðum verði þessir hinir síðustu, er sagan þurfi frá að greina.

Vér álítum það skyldu Alþingis gagnvart þjóðinni að láta í ljós skoðun sína og gera það, sem í þess valdi stendur til þess að koma í veg fyrir þá skelfingu, sem vofir yfir mannkyninu, ef áfram er haldið á braut kjarnorkuvopna.

Þess vegna er þessi þingsályktunartillaga flutt.

Nd. 621. Breytingartillaga [181. mál]

við brtt. á þskj. 654 [Orkuver og orkuveitur].

Frá fjárhagsnefnd.

Stafliður b. í 1. tölul. orðist svo:

Að virkja Haukadalsá í Dalasýslu í allt að 500 hestafla orkuveri til raforkuvinnslu handa fimm syðstu hreppum Dalasýslu.

Ed. 622. Frumvarp til laga [193. mál]

um brunatryggingar utan Reykjavíkur.

Flm.: Ingólfur Flygenring, Jóhann Jósefsson.

1. gr.

Bæjar- og sveitarstjórnum utan Reykjavíkur er heimilt að semja við eitt vátryggingarfélag eða fleiri um brunatryggingar á þeim húseignum í umdæmi sínu, sem tryggingarskyldar eru samkv. 2. gr.

Tekjur vátryggingarfélags af starfsemi samkvæmt samningi um slíkar tryggingar eru undanþegnar sköttum til bæjar- eða sveitarsjóðs og ríkissjóðs.

2. gr.

Skylt er að tryggja gegn eldsvoða hjá þeim, sem brunatryggingar annast samkv. 1. gr., allar húseignir utan Reykjavíkur, þar með talin hús í smíðum, nema gripahús, hlöður og geymsluhús á sveitabæjum, enda séu þau ekki áföst íbúðarhúsum, svo að þau megi teljast vera í óaðgreinanlegri brunahættu með þeim.

3. gr.

Vátryggingarupphæð húsa, sem lög þessi ná til, skal nema fullu verði þeirra eftir virðingu dómkvaddra manna. Bæjar- eða sveitarstjórn hver skal hafa eftirlit með virðingargerðum húsa í umdæmi sínu. Ný hús skal virða ekki síðar en 4 vikum eftir að þau eru fullgerð eða tekin til afnota.

Breyta skal árlega vátryggingarverði húsa til samræmis við vísitölu byggingarkostnaðar í hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélagi.

4. gr.

Iðgjöld af húseignum í skyldutryggingu hvíla sem lögveð á eignunum sjálfum og ganga í tvö ár fyrir öllum öðrum skuldbindingum, sem á þeim hvíla, nema sköttum til ríkissjóðs.

Séu gjöldin eigi greidd innan 6 mánaða frá gjalddaga, er heimilt að láta selja hina vátryggðu eign á uppboði, án undanfarins dóms, sáttar eða lögtaks, en tilkynna skal vátryggjanda í ábyrgðarbréfi eða á annan öruggan hátt, að sölu hafi verið beiðzt. Á sama hátt skal uppboðshaldari aðvara eiganda með tveggja vikna fyrirvara, áður en hann sendir söluauglýsingu til birtingar.

Uppboðið skal auglýst einu sinni í Lögbirtingablaðinu. Má sala ekki fara fram fyrr en 6 vikum eftir birtingu auglýsingarinnar.

Virðingargjöld má heimta með lögtaki.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 15. október 1955, og eru jafnframt úr gildi numin öll ákvæði eldri laga, sem brjóta í bága við þau.

Greinargerð.

Í neðri deild Alþingis hafa þingmenn Reykjavíkurbæjar borið fram frv. til laga um brunatryggingar í Reykjavík, sem kunnugt er.

Reykjavík hefur, eins og vitað er, þá sérstöðu í brunatryggingamálum, að henni er eigi skylt að brunatryggja hjá Brunabótafélagi Íslands. Eru því brunatryggingamál hennar Brunabótafélaginu óviðkomandi.

Í neðri deild var samþykkt breytingartillaga við þetta frv. um það, að öll bæjar- og sveitarfélög, sem nú er skylt að brunatryggja húseignir sínar hjá Brunabótafélagi Íslands, skuli undanþegin þeirri skyldu framvegis og að um þau skuli gilda sömu ákvæði og með frv. eru fyrirhuguð Reykjavík.

Við, sem stöndum að flutningi þessa frv., er hér liggur fyrir, teljum miður þinglegt að samþykkja þá breytingu gagnvart Brunabótafélagi Íslands, sem felst í umræddri breytingartillögu, þann veg, sem það er þar gert, enda vísast, að hinu upphaflega frumvarpi Reykjavíkurbæjar sé stefnt í hættu með þess konar vinnubrögðum. Virðist vel mega koma fram öllum breytingum til bóta fyrir bæjar- og sveitarfélög utan Reykjavíkur í þessu efni, þótt eigi sé því blandað að ófyrirsynju í óviðkomandi mál og framgangi þeirra af þeim orsökum teflt í tvísýnu.

Þar sem við erum fylgjandi því, að bæjar- og sveitarfélög utan Reykjavíkur geti notið svo góðra tryggingarkjara sem unnt er að fá með auknu samningsfrelsi varðandi tryggingarnar, höfum við flutt þetta frumvarp sem sérstakt mál, óháð tryggingarmálum Reykjavíkurbæjar. Við teljum hæfilegt, að bæði Brunabótafélagið og bæjar- og sveitarfélögin hafi rúman tíma til undirbúnings þeirra breytinga, er þörf kann að þykja á tryggingarfyrirkomulaginu, og höfum því gert ráð fyrir, að lögin gangi ekki í gildi fyrr en á næsta ári.

Nd. 623. Nefndarálit [167. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með því, að það verði samþykkt með nokkrum smávægilegum breytingum, sem hún flytur tillögur um á sérstöku þingskjali.

GÞG mun einnig flytja brtt. á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 1. apríl 1954.

Skúli Guðmundsson, form., frsm. Jóhann Hafstein, fundaskr. Jón Pálmason.
Páll Þorsteinsson. Gylfi Þ. Gíslason.

Nd. 624. Frumvarp til laga [179. mál]

um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

2. málsgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Sömuleiðis skal sá, er eigi hefur aðsetur hér á landi, en hefur laun, biðlaun eða styrk úr ríkissjóði, eða arð af hlutafé í innlendu hlutafélagi eða innborguðu stofnfé í öðrum atvinnufélögum eða fyrirtækjum, eða tekjur frá öðrum innlendum aðilum, gjalda skatt af þessum tekjum, og skal tekjuskattinum haldið eftir við greiðslu fjárins.

2. gr.

Upphaf 4. gr. laganna orðist svo:

Undanþágu frá öllum tekjuskatti hafa: Forseti Íslands, ríkissjóður, o. s. frv.

3. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Erlendir þjóðhöfðingjar, sendiherrar, sendiræðismenn og erlendir starfsmenn sendisveita annarra ríkja eru undanþegnir tekjuskatti, nema að því leyti, sem þeir njóta tekna frá innlendum aðilum, eiga hér fasteignir eða hafa tekjur af þeim, reka atvinnu eða eiga hlut í atvinnufyrirtæki hérlendis.

4. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

I. Skattgjald þeirra, sem um ræðir í 1. gr. og 2. gr., reiknast þannig:

a. **Skattgjald einstaklinga:**

Ef skattskyldar tekjur eru undir 1000 kr., greiðist enginn skattur.
Af 1—2 þús. kr. greiðist 1%.

Af	2—	5	þús.	kr.	greiðist	10	kr.	af	2	þús.	og	2 % af afgangi
—	5—	9	—	—	—	70	—	—	5	—	—	3 % — —
—	9—	20	—	—	—	190	—	—	9	—	—	4 % — —
—	20—	30	—	—	—	630	—	—	20	—	—	6 % — —
—	30—	40	—	—	—	1230	—	—	30	—	—	10 % — —

Af	40— 50	þús.	kr.	greiðist	2230	kr.	af	40	þús.	og	15 %	af afgangi
—	50— 60	—	—	—	3730	—	—	50	—	—	20 %	— —
—	60— 70	—	—	—	5730	—	—	60	—	—	25 %	— —
—	70—100	—	—	—	8230	—	—	70	—	—	30 %	— —
—	100—130	—	—	—	17230	—	—	100	—	—	35 %	— —
—	130 þús. og yfir			—	27730	—	—	130	—	—	40 %	— —

b. Skattgjald hjóna:

Ef skattskyldar tekjur eru undir 2 þús. kr., greiðist enginn skattur.
Af 2—3 þús. kr. greiðist 1%.

Af	3— 6	þús.	kr.	greiðist	10	kr.	af	3	þús.	og	2 %	af afgangi
—	6— 13	—	—	—	70	—	—	6	—	—	3 %	— —
—	13— 20	—	—	—	280	—	—	13	—	—	4 %	— —
—	20— 25	—	—	—	560	—	—	20	—	—	5 %	— —
—	25— 30	—	—	—	810	—	—	25	—	—	6 %	— —
—	30— 35	—	—	—	1110	—	—	30	—	—	7 %	— —
—	35— 45	—	—	—	1460	—	—	35	—	—	10 %	— —
—	45— 50	—	—	—	2460	—	—	45	—	—	15 %	— —
—	50— 60	—	—	—	3210	—	—	50	—	—	20 %	— —
—	60— 70	—	—	—	5210	—	—	60	—	—	25 %	— —
—	70—100	—	—	—	7710	—	—	70	—	—	30 %	— —
—	100—130	—	—	—	16710	—	—	100	—	—	35 %	— —
—	130 þús. og yfir			—	27210	—	—	130	—	—	40 %	— —

Þeir, sem um ræðir í 2. gr., greiði þó aldrei lægri skatt en 5% af skattskyldum tekjum.

Nú breytist kaupgjaldsvísitala til hækkunar eða lækkunar frá því, sem hún var að meðaltali árið 1953, og skal þá tekjutölum framangreindra skattstiga breytt í réttu hlutfalli við það. Brot, sem nemur minna en hálfu þúsundi, falli niður við útreikning tekjutalna, en stærra brot hækki í þúsund. Hundraðshlutatölur (%) skattstiganna breytast ekki, þótt vísitala raskist.

Þeir gjaldendur, sem greiða tekjuskatt samkvæmt ákvæðum a- og b-liða hér á undan, skulu ekki greiða stríðsgróðaskatt samkvæmt lögum nr. 21 20. maí 1942.

II. Skattgjald þeirra, sem um ræðir í a- og c-liðum 3. gr., reiknast þannig:
Ef hinn skattskyldi hluti teknanna er undir 1000 kr., greiðist af honum 1%.

Af	1000— 2000	kr.		greiðist	10	kr.	af	1000	kr.	og	2 %	af afgangi
—	2000— 3000	—		—	30	—	—	2000	—	—	3 %	— —
—	3000— 4000	—		—	60	—	—	3000	—	—	4 %	— —
—	4000— 5000	—		—	100	—	—	4000	—	—	5 %	— —
—	5000— 6000	—		—	150	—	—	5000	—	—	6 %	— —
—	6000— 7000	—		—	210	—	—	6000	—	—	7 %	— —
—	7000— 8000	—		—	280	—	—	7000	—	—	8 %	— —
—	8000— 9000	—		—	360	—	—	8000	—	—	9 %	— —
—	9000—10000	—		—	450	—	—	9000	—	—	10 %	— —
—	10000—12000	—		—	550	—	—	10000	—	—	11 ½%	— —
—	12000—14000	—		—	780	—	—	12000	—	—	13 %	— —
—	14000—17000	—		—	1040	—	—	14000	—	—	15 %	— —
—	17000—20000	—		—	1490	—	—	17000	—	—	17 %	— —
—	20000—25000	—		—	2000	—	—	20000	—	—	18 %	— —
—	25000—30000	—		—	2900	—	—	25000	—	—	19 %	— —
—	30000—40000	—		—	3850	—	—	30000	—	—	20 %	— —
—	40000—50000	—		—	5850	—	—	40000	—	—	21 %	— —
—	50000—60000	—		—	7950	—	—	50000	—	—	22 %	— —

Félög þau og stofnanir, sem um ræðir í a-lið og c-lið 3. gr., þar með talin erlend félög og stofnanir, greiði þó aldrei lægri skatt en 5% af skattskyldum tekjum.

III. Af skattskyldum tekjum þeirra félaga, sem um ræðir í b-lið 3. gr., greiðist jafnan 8%.

5. gr.

Á 7. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1. Aftan við orðin „af sparisjóðsinnlögum og sérhverri annarri arðberandi innstæðu“ í 1. málsgr. d-liðar komi: þó ekki vextir af skattfrjálsri innstæðu, sbr. ákvæði laganna um skattfrelsi sparifjár.
2. Aftan við e-lið bætist:

Nú selur skattþegn fasteign, sem hefur verið í eigu hans skemur en 5 ár, en kaupir aðra innan árs eða byggir hús, áður en tvö ár eru liðin frá söludegi, og skal sölugróði þá ekki skattskyldur, ef hin keypta fasteign eða hið nýreista hús er að fasteignamati jafnhátt eða hærra hinu selda, en ef það er lægra að mati, skal sölugróði skattskyldur hlutfallslega. Undanþága þessi nær þó ekki til neinnar sölu, þar sem telja má, að um atvinnurekstur sé að ræða. Ákvæði þessi raska ekki fyrirmælum laganna um skattgreiðslu, þegar eigin vinna, sem ekki hefur verið skattlögð, fæst greidd í söluverði íbúðar.

Nú er eign önnur en fasteign og skip, sem hefur verið í eigu skattgreiðanda í 3 ár eða lengur og fyrning hefur verið reiknuð af, seld hærra verði heldur en nemur óafskrifuðum hluta hennar, og skal þá það, sem umfram er, teljast skattskyldar tekjur, þó ekki hærri fjárhæð en nemur öllum veittum fyrningarafskriftum. Skiptast tekjur þessar við útreikninga skatts á jafnmörg ár aftur í tímann og afskriftirnar hafa farið fram á, þó ekki á fleiri en 10 ár. Skatturinn greiðist í einu lagi.

6. gr.

Aftan við 9. gr. laganna bætist nýir stafliðir, svo hljóðandi:

e. Eignarauki, er stafar af aukavinnu, sem einstaklingar leggja fram utan reglulegs vinnutíma við byggingu íbúða til eigin afnota. Þessi ívilnun fellur þó burt að því leyti, sem vinnan kann að fást endurgreidd með söluhagnaði af íbúðinni samkv. e-lið 7. gr. Fjármálaráðherra setur um þetta nánari reglur.
f. Jarðræktarframlag ríkisins, samkvæmt II. kafla jarðræktarlaga, nr. 45 17. maí 1950.
g. Fæði sjómanns, er hann fær hjá atvinnurekanda.

7. gr.

Á 10. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1. d-liður orðist svo:

Iðgjöld af lífeyri, sem skattgreiðandi er skyldur lögum samkvæmt að tryggja sér eða maka sínum og börnum eftir sinn dag, svo og iðgjöld af hverri annarri lögboðinni persónutryggingu. Enn fremur skal draga frá tekjum þeirra skattgreiðenda, sem eigi eru að lögum skyldir að tryggja sér eða maka sínum og börnum lífeyri, iðgjöld af slíkum lífeyri, sem sannanlega hafa verið greidd á árinu, allt að 10% af launum eða nettótekjum skattgreiðandans, þó ekki hærri upphæð en kr. 7000.00 á ári. Heimilt er þó fjármálaráðherra að leyfa hærri iðgjaldagreiðslur til frádráttar tekjum, ef sérstakar ástæður mæla með því. Greiði vinnuveitandi hluta af frádráttarhæfu iðgjaldi eða það allt, dregst það frá tekjum hans sem rekstrargjöld, en telst ekki til tekna hjá launþega, og minnkar þá réttur hans til frádráttar á iðgjaldi sem því nemur og hverfur að fullu, ef vinnuveitandi greiðir allt iðgjaldið.

Ákvæði þessi gilda, þó að lífeyristrygging sé ekki bundin við lífstíð manns, heldur ákveðið árabil, enda sé það ekki skemmra en 10 ár („annuitetstrygging").

Heimilt er ráðherra að leyfa frádrátt á iðgjöldum, er atvinnufyrirtæki greiða sem stofnframlag til kaupa á lífeyristryggingum handa starfsmönnum sínum vegna liðins starfstíma, ef um er að ræða hliðstæðar reglur þeim, er gilda um tryggingar annarra aðila, enda sé iðgjaldaupphæðinni skipt með jöfnum greiðslum á það mörg ár, að frádráttarbærar iðgjaldagreiðslur verði ekki hærri en hjá öðrum hliðstæðum aðilum samkvæmt lögum þessum.

Skilyrði fyrir því, að iðgjöld fyrir ólögboðna lífeyristryggingu dragist frá tekjum samkvæmt framansögðu, er, að tryggingin sé keypt hjá lífeyrissjóði, tryggingarfélagi eða stofnun, sem starfar eftir reglum, er fjármálaráðuneytið samþykkir, og séu þar m. a. fyrirmæli um ávöxtun og vörzlu tryggingarfjárins og eftirlit með starfseminni.

Þá skal og draga frá tekjum iðgjald af lífsábyrgð, er skattgreiðandi hefur keypt sér, þó ekki hærra iðgjald en kr. 2000.00.

2. e-liður orðist svo:

Iðgjöld til stéttarfélaga, sjúkrasjóða, styrktarsjóða og atvinnuleysissjóða, þó ekki hærri en sem svarar 5% af hreinum tekjum aðila.

3. Í stað „keyptum verðbréfum" í f-lið komi: seldum verðbréfum.

4. Á eftir g-lið komi nýir stafliðir, þannig:

h. Fæðiskostnað sjómanna á fiskiskipum, ef þeir þurfa sjálfir að sjá sér fyrir fæði, og við ákvörðun þess kostnaðar sé farið eftir mati skattayfirvalda á fæði til tekna. Enn fremur skal draga frá tekjum háseta, bátsmanns og 2. stýrimanns á togara kr. 300.00 á mánuði og frá tekjum sjómanna á öðrum fiskiskipum kr. 200.00 á mánuði vegna sérstaks hlífðarfatakostnaðar, hvort tveggja miðað við þann tíma, sem þeir eru skráðir á fiskiskipin.

i. Ferðakostnað þeirra skattgreiðenda, er fara langferðir vegna atvinnu sinnar, eftir mati skattayfirvalda. Nánari ákvæði skulu sett í reglugerð um þennan frádrátt.

j. Nú vinnur gift kona, sem er samvistum við mann sinn, fyrir skattskyldum tekjum, en keypt er í staðinn heimilisaðstoð, og er þá heimilt að draga frá tekjum hjónanna, áður en skattur er á þær lagður, fjárhæð, er nemur persónufrádrætti konunnar samkvæmt 12. gr. og ⅓ af persónufrádrætti barna og annarra ómaga, sem hjónin hafa á framfæri á heimili sínu. Frádrátturinn í heild má þó aldrei vera meiri en nemur ⅔ af því, sem konan vinnur inn, og heldur ekki meiri en greitt hefur verið fyrir keypta heimilisaðstoð. Sama gildir um einstæðar mæður, ef þær framfæra börn sín eða aðra ómaga heima og kaupa heimilisaðstoð vegna eigin öflunar skattskyldra tekna. Ekklar og ógiftir menn, sem hafa börn eða aðra ómaga á framfæri á heimili sínu og hafa haft ráðskonu eða keypt heimilisaðstoð, mega draga frá skattskyldum tekjum fjárhæð, sem nemur persónufrádrætti konu og ⅓ af persónufrádrætti ómaga sinna á heimilinu, þó ekki meira en tilkostnaðinum nemur.

k. Kostnaður við stofnun heimilis skal dreginn frá tekjum hjóna á því skattári, sem þau ganga í hjónaband, og skal sá frádráttur nema persónufrádrætti fyrir ómagalaus hjón samkvæmt 12. gr.

l. Helming af björgunarlaunum, er skipverjar hljóta. Þetta gildir þó ekki um áhafnir skipa, sem eingöngu eru björgunarskip.

m. Nú færir leigutaki í íbúðarhúsnæði sönnur á, að hann borgi hærri húsaleigu en því nemur, sem afnot húsnæðisins mundu talin til tekna, ef það væri sjálfsíbúð, og er honum þá heimilt að telja hálfan muninn til frádráttar tekjum, áður en skattur er á þær lagður. Frádráttarheimild þessi gildir þó

ekki fyrir einhleypa, og húsaleigufrádrátturinn má ekki nema meiru en kr. 600.00 á ári á hvern mann, sem framteljandi hefur bæði á framfæri og í heimili.

5. Síðasta málsgr. greinarinnar orðist svo:

Tekjur þær, sem koma til greina við ákvörðun skattsins, eru skattskyldar án tillits til þess, hvernig þeim er varið, hvort heldur gjaldandi hefur þær sér eða skylduliði sínu til framfæris, nytsemdar eða munaðar, til hjúahalds, nema til atvinnurekstrar sé, til þess að færa út bú sitt eða atvinnuveg, til umbóta á eignum sínum eða til þess að afla sér fjár, til gjafa eða hvers annars sem er.

8. gr.

2. málsgr. 11. gr. laganna orðist þannig:

Tekjur barna innan 16 ára (þar með talin stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn) teljast með tekjum foreldra. Séu tekjurnar meiri en sem nemur frádrætti fyrir börn samkvæmt 12. gr., er þó heimilt, að þau séu sjálfstæðir skattgreiðendur.

9. gr.

Fyrir 1. málsgr. 12. gr. laganna komi þrjár málsgreinar, þannig:

Frá hreinum tekjum heimilisfastra manna hér á landi, eins og þær eru ákveðnar samkvæmt lögum þessum, skal draga sem hér segir:

Fyrir einstakling kr. 6500.00.

Fyrir hjón kr. 12000.00 (6 þús. fyrir hvort).

Fyrir hvert barn kr. 4500.00.

Nú breytist kaupgjaldsvísitala til hækkunar eða lækkunar frá því sem hún var að meðaltali árið 1953, og skal þá framangreindum frádráttarupphæðum breytt í réttu hlutfalli við vísitölubreytingarnar. Brot úr hundraði skal fella niður af útkomu, þegar reiknaðar eru út frádráttarupphæðir.

Frádráttur veitist fyrir þau börn, sem ekki eru fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs, þegar skattur er á lagður. Hér með teljast stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn, sem ekki er greitt meðlag með. Fyrir aðra skylduómaga, sem skattgreiðandi hefur á framfæri sínu, veitist sami frádráttur og fyrir börn.

10. gr.

Á eftir II. kafla laganna komi nýr kafli, svo hljóðandi (og breytist kafla- og greinatala laganna samkvæmt því):

III. KAFLI
Um skattfrelsi sparifjár.

22. gr.

Undanþegnar framtalsskyldu og eignarskatti eru innstæður í bönkum, sparisjóðum og löglegum innlánsdeildum félaga, svo sem hér segir:

a. Innstæður skattgreiðanda, sem ekkert skuldar.
b. Innstæður skattgreiðanda, er ekki skuldar meira en 120 þús. kr. samtals, enda séu þær skuldir fasteignaveðlán, tekin til 10 ára eða lengri tíma og sannanlega notuð til þess að afla fasteignanna eða endurbæta þær. Ákvæði þetta um frávik vegna fasteignaveðskulda nær ekki til félaga, sjóða eða stofnana.
c. Sá hluti innstæðna hjá öllum skattgreiðendum, sem er umfram skuldir. Innborgað hlutafé og stofnfé telst til skulda félaga í þessu sambandi.

Undanþegnir framtalsskyldu og tekjuskatti eru allir vextir af eignarskattfrjálsum innstæðum.

Þeir, sem bókhaldsskyldir eru, en njóta undanþágunnar, skulu með venjulegum hætti færa allar innstæður sínar og vexti af þeim í bækur sínar og ársreikninga.

Komi í ljós á framtölum gjaldenda ósamræmi milli ára, sem stafað getur af því, að innstæða hefur ekki verið framtalin vegna framangreindrar undanþágu, ber gjaldendum að leggja fyrir skattayfirvöld, þegar þess er krafizt, yfirlit frá innlánsstofnunum um allar innstæður sínar á tímabili því, sem um er að ræða, og einnig geta skattayfirvöld krafizt hjá innlánsstofnunum allra þeirra upplýsinga, sem þau telja þörf fyrir í þessu sambandi.

11. gr.

1. málsl. 1. málsgr. 31. gr. laganna orðist þannig:

Gjaldendur skulu skattlagðir þar, sem þeir eiga lögheimili samkv. allsherjarspjaldskrá Hagstofu Íslands hinn 1. desember á viðkomandi skattári.

12. gr.

3. málsgr. 32. gr. laganna falli niður.

13. gr.

Í stað orðanna „ófullnægjandi og óglögg og tortryggileg“ í 4. málsl. 1. málsgr. 34. gr. laganna komi: ófullnægjandi, óglögg eða tortryggileg.

14. gr.

35. gr. laganna orðist svo:

Þegar á skattgreiðanda hefur fallið vegna alvarlegra sjúkdóma tilfinnanlegur kostnaður, sem ekki er bættur samkvæmt lögum um almannatryggingar, eða veikindi, slys eða mannslát hafa skert gjaldþol hans verulega, má skattanefnd taka við umsókn hans um linun eða eftirgjöf á skattgreiðslunni og senda hana með umsögn sinni til yfirskattanefndar, er leggur úrskurð á beiðnina. Skattanefnd getur og að eigin hvötum gert tillögu til lækkunar á skattgjaldi, þegar svo er ástatt sem segir í upphafi þessarar greinar. Yfirskattanefndir geta einnig, eftir tillögum undirskattanefnda, leyft persónufrádrátt fyrir ættingja eða vandamenn, sem vitað er um að skattþegn hefur á framfæri sínu, allt að þeirri upphæð, sem leyfð er til frádráttar fyrir skylduómaga samkvæmt 12. gr.

15. gr.

Aftan við 44. gr. laganna bætist:

Einnig er ráðuneytinu heimilt að kæra úrskurði skattanefnda með sama hætti og skattþegni sjálfum. Þó er ráðuneytið eigi bundið við kærufresti.

Ákvæði þessarar greinar skulu gilda um alla ríkisskatta, er skattanefndir fjalla um.

16. gr.

45. gr. laganna orðist svo:

Lögreglustjórar — í Reykjavík tollstjóri — innheimta tekju- og eignarskatt á manntalsþingum ár hvert. Sé skatturinn eigi greiddur innan mánaðar frá gjalddaga, skal greiða dráttarvexti, ½% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem greiðsla dregst. Nú er skattur eigi greiddur fyrir næstu áramót, eftir að hann var á lagður, og skal þá greiða 1% dráttarvexti fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem greiðsla dregst frá þeim áramótum. Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett fyllri ákvæði um innheimtuna, svo sem að gjalddagar skuli vera fleiri en einn á ári, þar sem það þykir henta, um tilbúning og sölu skattmerkja og þess háttar. Einnig getur fjármálaráðherra með reglugerð skyldað kaupgreiðendur til að gefa skýrslur um mannahald og halda eftir og skila til innheimtumanns upp í þinggjöld manna hluta af kaupi þeirra til lúkningar gjöldunum, og má í reglugerðinni setja ýtarlegri ákvæði um allt, er að þessu lýtur. Kaupgreiðandi á-

byrgist þá fé það, er hann hefur haldið eftir sem geymslufé. Fé þetta og gjöld, er ekki hefur verið haldið eftir vegna vanrækslu kaupgreiðanda, má taka lögtaki hjá honum sem eigin skattar væru. Nú vanrækir kaupgreiðandi að halda fé eftir upp í gjöldin, skila innheimtufé eða umkröfðum skýrslum, og má þá einnig beita sektum, ef eigi er úr bætt innan hæfilegs frests, er innheimtumaður ákveður.

Enn fremur getur ráðherra með reglugerð ákveðið, að innheimta skuli fyrir fram upp í væntanlega skatta yfirstandandi árs hjá hverjum gjaldanda fjárhæð, er nemi allt að helmingi þeirra þinggjalda, sem honum bar að greiða næstliðið ár.

Nú breytir ríkisskattanefnd skatti svo seint, að tilkynning um það hefur eigi náð innheimtumanni fyrir gjalddaga skattsins, og skal hann þá innheimta eða endurgreiða þann skatt síðar á árinu.

17. gr.

Á eftir 55. gr. laganna komi fimm nýjar greinar, svo hljóðandi:

a. (63. gr.) Auk þess tekjuskatts, sem ákveðinn er í 6. gr., skulu þeir skattgreiðendur, sem taldir eru í 3. gr., greiða skattauka árið 1954 af tekjum ársins 1953 samkvæmt eftirfarandi reglum:

Af skattskyldum tekjum lægri en 8000 kr. greiðist enginn skattauki.
Af skattskyldum tekjum yfir 8000 kr., en undir 9000 kr., greiðist 2%.

Af	9—	10	þús.	kr.	greiðist	20	kr.	af	9	þús.	kr.	og	4	%	af	afgangi		
—	10—	12	—	—	—	60	—	—	10	—	—	—	5	%	—	—		
—	12—	14	—	—	—	160	—	—	12	—	—	—	6	%	—	—		
—	14—	17	—	—	—	280	—	—	14	—	—	—	7	%	—	—		
—	17—	20	—	—	—	490	—	—	17	—	—	—	8	%	—	—		
—	20—	25	—	—	—	730	—	—	20	—	—	—	9	%	—	—		
—	25—	30	—	—	—	1180	—	—	25	—	—	—	10	%	—	—		
—	30—	40	—	—	—	1680	—	—	30	—	—	—	11	%	—	—		
—	40—	100	—	—	—	2780	—	—	40	—	—	—	12	%	—	—		
—	100—	125	—	—	—	9980	—	—	100	—	—	—	10	%	—	—		
—	125—	150	—	—	—	12480	—	—	125	—	—	—	7	%	—	—		
—	150—	200	—	—	—	14230	—	—	150	—	—	—	5	%	—	—		
—	200		—	—	—	16730	—	—	200	—	—							

Um álagningu, gjalddaga, dráttarvexti, lögtaksrétt, viðurlög og innheimtu þessa skatts gilda sömu reglur og um tekjuskatt og eignarskatt.

b. (64. gr.) Þegar reiknaður hefur verið tekjuskattur þeirra, er um ræðir í 6. gr. II—III, og tekjuskattsviðauki samkvæmt 63. gr., skal árið 1954 skattupphæð hvers einstaks gjaldanda, af tekjum ársins 1953, lækkuð um 20% — tuttugu af hundraði.

c. (65. gr.) Stríðsgróðaskattur samkvæmt lögum nr. 21/1942, sem árið 1954 er lagður á tekjur ársins 1953, skal lækkaður hjá hverjum einstökum gjaldanda um 20% — tuttugu af hundraði.

d. (66. gr.) Eigi er heimilt að leggja tekjuútsvar á þann hluta hreinna tekna, sem er umfram 200 þús. kr. hjá þeim gjaldanda, er greiðir stríðsgróðaskatt.

e. (67. gr.) Eignarskattur samkvæmt 14. gr., á lagður árið 1954, skal innheimtur með 50% álagi.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við skattaálagningu 1954 á tekjur ársins 1953. Jafnframt er úr gildi numin 1. gr., hluti af 4. gr. (a- og b-liðir), 5. gr. og hluti af 14. gr. (a- og i-liðir) laga nr. 20 1942, lög nr. 16 1949 og lög nr. 60 1949, um breyt. á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Nd. 625. Nefndarálit [155. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 41 28. nóv. 1919, um landamerki o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað og rætt frumvarp þetta á tveim fundum og leitað álits hæstaréttar og lagadeildar háskólans um það. Mælti lagadeildin og meiri hluti hæstaréttar með því, að það næði fram að ganga.

Nefndin leggur einróma til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 1. apríl 1954.

Björn Ólafsson, form. Ásgeir Bjarnason, fundaskr. Einar Ingimundarson, frsm.
Eggert Þorsteinsson. Jörundur Brynjólfsson.

Nd. 626. Breytingartillaga [178. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör.

Frá Emil Jónssyni.

Við 2. gr. Greinin falli niður.

Ed. 627. Frumvarp til laga [181. mál]

um breyting á lögum nr. 22 1. febr. 1952, um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Á eftir 8. tölul. í 1. gr. laganna koma tveir nýir tölul., svo hljóðandi:

a. Að virkja Lagarfoss á Fljótsdalshéraði í allt að 5300 hestafla orkuveri og leggja frá orkuverinu aðalorkuveitu til Egilsstaða, Seyðisfjarðarkaupstaðar, Neskaupstaðar, Eskifjarðarkauptúns, Búðareyrar í Reyðarfirði og Búðakauptúns.
b. Að virkja Haukadalsá í Dalasýslu í allt að 500 hestafla orkuveri til vinnslu raforku handa fimm syðstu hreppum Dalasýslu.

2. gr.

a. Í stað orðanna „74 millj. kr.“ í fyrri málslið 2. gr. laganna komi: 96 millj. kr.
b. Í stað orðanna „25 millj. kr.“ í síðari málslið sömu lagagr. komi: 32 millj. kr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 628. Breytingartillaga [11. mál]

við frv. til l. um aukatekjur ríkissjóðs.

Frá Sigurði Ágústssyni.

Við 23. gr. 2. málsgr. hljóði svo:

Þegar fjárhæðin er 5000 kr. eða minni, 50 kr., og síðan 5 kr. fyrir hvert þúsund eða brot úr þúsundi, sem fram yfir er. Fyrir þinglestur skjala með veði í framleiðsluvörum sjávarútvegs, landbúnaðar eða iðnaðar skal þó eigi greiða nema kr. 1.00 fyrir hvert þúsund umfram fyrstu 5 þúsundin.

Nd. 629. Lög [177. mál]

um framlengingu á heimild ríkisstjórnarinnar til að nota yfirdráttarheimild Íslands hjá Greiðslubandalagi Evrópu.

(Afgreidd frá Nd. 1. apríl.)

Samhljóða þskj. 513.

Nd. 630. Nefndarálit [11. mál]

um frv. til l. um aukatekjur ríkissjóðs.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur yfirfarið frumvarpið og mælir með því, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 43. gr. Á eftir liðnum „Lög nr. 77/1953, 1. gr., b-liður“ bætist: 41. gr. laga nr. 75/1921, um stimpilgjald.

Alþingi, 1. apríl 1954.

Skúli Guðmundsson, form. Jóhann Hafstein, fundaskr. Jón Pálmason, frsm.
Gylfi Þ. Gíslason. Páll Þorsteinsson.

Ed. 631. Frumvarp til laga [173. mál]

um brunatryggingar í Reykjavík.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur er heimilt að taka í eigin hendur brunatryggingar allra húseigna í lögsagnarumdæminu eða semja við eitt vátryggingarfélag eða fleiri um slíkar tryggingar eða um endurtryggingu á áhættu bæjarins að undangengnu almennu útboði.

Tekjur vátryggingarfélags af starfsemi samkvæmt samningi um slíkar tryggingar eru undanþegnar sköttum til bæjarsjóðs og ríkissjóðs.

Tekjur, sem bæjarstjórn kann að hafa af starfsemi samkv. 1. málsgr., skal leggja í sjóð til eflingar brunavörnum og tryggingarstarfsemi og lækkunar á iðgjöldum húseigenda eftir ákvörðun bæjarstjórnar.

2. gr.

Áður en bæjarstjórn gerir samning samkv. 1. málsgr. 1. gr., skal leita álits Fasteignaeigendafélags Reykjavíkur um málið. Enn fremur skal fulltrúa, er stjórn félagsins tilnefnir, heimilt að fylgjast með ráðstöfun sjóðs þess, er um ræðir í 3. málsgr. 1. gr.

3. gr.

Skylt er að hafa öll hús í lögsagnarumdæminu brunatryggð hjá þeim aðila, er tryggingar annast samkv. 1. gr., og með því vátryggingarverði, er dómkvaddir menn meta, og meta þeir jafnframt brunatjón. Ef annar hvor aðili vill ekki una því mati, getur hann óskað yfirmats.

Ný hús skal meta eigi síðar en 4 vikum eftir að þau eru tekin í notkun.

Bæjarstjórn er heimilt að breyta árlega brunabótaverði húsa til samræmis við breytingar, er verða á byggingarkostnaði húsa í bænum.

4. gr.

Öll iðgjöld og matskostnaður hvíla á húseignum þeim, sem tryggðar eru, með forgangsrétti fyrir öðrum skuldbindingum, sem á eignunum hvíla.

Ef iðgjöld eru ekki greidd á réttum gjalddaga, má innheimta þau með lögtaki.

5. gr.

Bæjarstjórn setur nánari reglur um vátryggingarkjör, iðgjöld og annað það, er máli skiptir í sambandi við framkvæmd laga þessara.

6. gr.

Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 1 26. marz 1924, um brunatryggingar í Reykjavík, og lög nr. 87 16. des. 1943, um breyting á þeim lögum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 632. Breytingartillaga [173. mál]

við frv. til l. um brunatryggingar í Reykjavík.

Frá Brynjólfi Bjarnasyni.

Aftan við 1. gr. frv. bætist: Þó skal aldrei minna en helmingi af tekjum þessum varið til iðgjaldalækkunar.

Nd. 633. Frumvarp til laga [194. mál]

um viðauka við raforkulög, nr. 12 2. apríl 1946.

(Lagt fyrir Alþingi á 73. löggjafarþingi, 1954.)

1. gr.

Á árunum 1954—1963 skal verja 250 milljón krónum að minnsta kosti til:

1. að koma upp raforkuverum rafmagnsveitna ríkisins utan orkuveitusvæðis Sogs- og Laxárvirkjananna;

2. að gera aðalorkuveitur og dreifiveitur rafmagnsveitna ríkisins og héraðsrafmagnsveitna ríkisins fyrir kaupstaði, kauptún og sveitir víðs vegar um landið;
3. að veita bændum lán til að koma upp smárafstöðvum, vatnsafls- og mótorstöðvum;
4. til virkjunarrannsókna og undirbúnings rafveitna, og
5. að lækka raforkuverð, þar sem það er hæst.

2. gr.

Raforkumálastjóri og raforkuráð gera á árinu 1954 áætlun, sem ráðherra staðfestir, um raforkuframkvæmdir á árunum 1954—1963, samkvæmt þessum lögum. Skal áætlunin við það miðuð, að varið verði til framkvæmdanna — auk framlags úr hlutaðeigandi héruðum — eftirtöldum upphæðum a. m. k.:

Árin	1954—56	.....	35	millj.	kr. árlega.
—	1957—59	.....	25	—	— —
—	1960—61	.....	20	—	— —
—	1962—63	.....	15	—	— —

3. gr.

Til þeirra framkvæmda, er um ræðir í 1. og 2. gr., skal fjár aflað á þann hátt er hér segir:

a. með fjárframlögum úr ríkissjóði til raforkusjóðs samkvæmt c-lið 33. gr. raforkulaganna, eigi undir 5 milljónum króna á ári hverju;
b. með framlögum úr ríkissjóði til héraðsrafmagnsveitna ríkisins samkvæmt b-lið 26. gr. raforkulaganna, eigi undir 6 milljónum króna ár hvert;
c. með notkun vaxtatekna raforkusjóðs;
d. með notkun afborgana af útlánum raforkusjóðs af eigin fé sjóðsins, og
e. með lántökum handa raforkusjóði eða rafmagnsveitum ríkisins.

4. gr.

Lánveitingum raforkusjóðs til einkarafstöðva í sveitum skal hagað þannig, að tala þeirra býla, sem fá rafmagn frá einkarafstöðvum, verði, ef eftirspurn eftir lánum gefur tilefni til, hlutfallslega sem jöfnust tölu þeirra býla, sem fá rafmagn frá samveitum, sbr. 7. gr. Stjórn raforkumála ákveður hlutfallið með hliðsjón af athugunum, sem gerðar eru um raforkuvinnslu fyrir sveitabýli.

5. gr.

Heimilt er að verja allt að 500 þús. kr. að fengnum tillögum raforkumálastjóra og raforkuráðs af ríkisframlagi samkv. b-lið 3. gr. til að lækka verð raforku til almenningsnota frá dísilstöðvum, þar sem það er hæst. Skulu þeir raforkunotendur sitja fyrir framlögum í þessu skyni, sem lengst þurfa að bíða eftir raforkuframkvæmdum samkvæmt þessum lögum.

6. gr.

Ráðherra skal, að fengnum tillögum raforkuráðs, fela raforkumálastjóra að annast leiðbeiningar um tilhögun og rekstur vatnsafls-, vindafls- og dísilrafstöðva fyrir sveitaheimili utan þess svæðis, sem héraðsrafmagnsveitum er ætlað að ná til í náinni framtíð. Leiðbeiningar um val á stöðvum skulu miða að því m. a. að tryggja útvegun varahluta og að viðgerðir verði auðveldar.

7. gr.

Stuðla skal að því, að öllum atriðum 1. gr. verði fullnægt samtímis, eftir því sem við verður komið og hagkvæmt getur talizt.

8. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga setur ráðherra í reglugerð.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í samningi þeim, er gerður var milli stjórnarflokkanna, þegar sú ríkisstjórn var mynduð, er nú situr, er ákvæði um raforkumál, svo hljóðandi:

„Hraðað verði byggingu orkuvera, dreifingu raforku og fjölgun smástöðva (einkastöðva) vegna byggðarlaga í sveit og við sjó, sem ekki hafa rafmagn eða búa við ófullnægjandi raforku, og unnið að lækkun raforkuverðs, þar sem það er hæst. Tryggt verði til þessara framkvæmda fjármagn, sem svarar 25 millj. króna á ári að meðaltali næstu ár. Í þessu skyni verði lögboðin árleg framlög af ríkisfé aukin um 5—7 millj. kr. og rafmagnsveitum ríkisins og raforkusjóði tryggðar 100 milljón krónur að láni, og sitji það fyrir öðrum lánsútvegunum af hendi ríkisstjórnarinnar, að undanteknu láni til sementsverksmiðjunnar. Auk þessa séu gerðar ráðstafanir til að hraða áframhaldandi virkjun Sogsins."

Með þessu frumvarpi er leitað staðfestingar Alþingis á því, sem um var samið.

Um 1. gr. og 2. gr.

Á undanförnum árum hefur verið varið þeim upphæðum, er nú skal greina, til þeirra framkvæmda, sem um ræðir í 1.—4. lið 1. gr. frumvarpsins:

Ár	Rafm.veitur ríks árl. stofnkostn. viðbót kr.	Héraðsrafm.v. ríks árl. stofnkostn. viðbót kr.	Lán veitt bændum kr.	Til virkj. rannsókna kr.	Samtals kr.
1946	2 521 964.93	463 920.64	„	300 000.00	3 285 885.57
1947	2 680 029.69	417 686.61	„	300 000.00	3 397 716.30
1948	4 015 259.96	3 236 204.85	25 000.00	589 324.30	7 865 789.11
1949	1 762 774.76	5 691 051.28	123 000.00	349 623.48	7 926 449.52
1950	1 345 439.37	4 299 478.99	291 300.00	429 094.35	6 265 312.71
1951	938 938.13	5 271 906.59	343 800.00	437 959.52	6 992 604.24
1952	5 380 052.11	5 765 172.89	604 900.00	492 196.21	12 242 321.21
1953	7 845 209.97	4 769 337.86	563 500.00	518 776.77	13 696 824.60
Samtals ..	26 489 668.92	29 914 759.71	1 951 500.00	3 416 974.63	61 772 903.26

Um 3. gr.

Fjárframlög úr ríkissjóði til raforkusjóðs samkvæmt 3. gr. raforkulaganna hafa verið 2 milljónir króna á ári síðan 1946, er raforkulögin voru samþykkt, en samkvæmt þessari grein frumvarpsins yrði hið lögbundna framlag hækkað upp í 5 milljónir króna á ári. Hafa nú þegar verið ákveðnar 5 millj. kr. fyrir árið 1954 á fjárlögum þessa árs.

Fjárframlög úr ríkissjóði til héraðsrafmagnsveitna ríkisins samkvæmt 26. grein raforkulaganna hafa verið þessi:

1946	kr.	1 800 000.00
1947	—	1 000 000.00
1948	—	2 000 000.00
1949	—	2 000 000.00
1950	—	1 000 000.00
1951	—	1 000 000.00
1952	—	1 860 000.00
1953	—	1 860 000.00
Samtals	kr.	12 520 000.00

Hér er gert ráð fyrir að lögbinda hina árlegu upphæð og hækka upp í 6 millj. kr., og í fjárlögum þessa árs er hún 6 millj. kr.

Framlög úr héraði eða hin svonefndu heimtaugagjöld hafa verið:

1948	kr.	518 505.31
1949	—	452 673.89
1950	—	1 042 942.96
1951	—	1 327 891.57
1952	—	679 673.00
1953	—	385 132.00
	Samtals kr.	4 406 818.73

Vaxtatekjur raforkusjóðs eru nú um það bil 1½ milljón króna á ári.

Afborganir af þeim útlánum raforkusjóðs, sem veitt eru af eigin fé sjóðsins, eru nú rúmlega 1 milljón króna á ári.

Lántökur handa raforkusjóði með heimild í fjárlögum (22. gr.) hafa verið sem hér segir:

1950	kr.	1 500 000.00
1952	—	2 400 000.00
1953	—	4 600 000.00

Af lánunum á árinu 1953 eru þó 3 000 000.00 kr. aðeins bráðabirgðalán, til eins og tveggja ára. Önnur lán hafa ekki fengizt að teljandi sé. Á efnahagsreikningi rafmagnsveitna ríkisins og héraðsrafmagnsveitna ríkisins árið 1953 eru skuldir við aðra lánardrottna en raforkusjóð aðeins kr. 2 587 270.37.

Í frumvarpi þessu eru ekki sérstök ákvæði til tryggingar á útvegun lánsfjár samkv. e-lið þessarar greinar, en milli ríkisstjórnarinnar og bankanna hefur þegar orðið samkomulag um lánsfjárframlög, sem tryggja framgang þessara raforkuframkvæmda, og mun það nánar skýrt í framsögu.

Um 4. gr.

Greinin þarf varla skýringar við.

Um 5. gr.

Svo sem kunnugt er hafa mörg kauptún og sumir kaupstaðir rafmagn frá dísilstöðvum eða eru í þann veginn að koma upp slíkum stöðvum. En raforka frá dísilstöðvum er dýr, og er hætt við, að þeim, sem lengi þurfa að bíða eftir orku frá vatnsvirkjunum, þyki biðin löng, nema eitthvað sé gert til að bæta aðstöðu þeirra. Því er hér lagt til, að nokkurri fjárupphæð af framlagi samkv. 3. gr. verði varið til að lækka raforkuverð á þeim stöðum, sem ætla má, að lengst þurfi að notast við dísilorkuna. Helzt er þá gert ráð fyrir, að verðlækkunin yrði framkvæmd með niðurgreiðslu beint til notenda einu sinni á ári. Verðlækkun dísilorkunnar kæmi þá ekki til greina í þeim kaupstöðum eða kauptúnum, sem samkv. áætlun fengju orku frá vatnsvirkjun á næstu árum.

Um 6. gr.

Verulegur hluti allra býla á landinu verður að vinna raforku í einkarafstöðvum, vegna þess að of kostnaðarsamt er að leggja til þeirra raflínur frá samveitum. Hvort heldur er um vatnsaflsstöðvar, dísilstöðvar eða vindrafstöðvar að ræða, er bændum á þessum býlum mikil þörf á því að eiga kost á leiðbeiningum um tilhögun stöðvanna, val á vélum og meðferð þeirra. Nú hefur raforkumálastjóri að vísu veitt bændum leiðbeiningar og gert áætlanir um vatnsaflsstöðvar til sveita og hefur verið veitt fé á fjárlögum í þessu skyni, en tilgangurinn með ákvæðum þessarar greinar

er að festa og auka þá leiðbeiningarstarfsemi, og er ætlazt til, að hún taki einnig til dísil- og vindrafstöðva og til rekstrar stöðvanna. Ástæða þykir til að taka sérstaklega fram, að miða skuli leiðbeiningar um val dísilstöðva m. a. við það að auðvelda útvegun varahluta til þeirra og viðgerðir. Það er augljóst mál, að æskilegt er að tegundir véla í dísilrafstöðvar séu í þessu skyni hafðar sem fæstar, en þó þykir ekki rétt að binda með lögum hendur manna um kaup dísilrafstöðva.

Um 7. gr.

Greinin þarf ekki skýringar við.

Um 8. gr.

Óhjákvæmilegt er, að ýmis framkvæmdaratriði verði nánar ákveðin í reglugerð, að undangenginni rannsókn og að fenginni reynslu, sbr. t. d. 5. og 6. gr.

Um 9. gr.

Gert er ráð fyrir, að raforkuframkvæmdir samkvæmt lögunum hefjist þegar á þessu ári, og er því nauðsynlegt, að lögin taki gildi sem fyrst.

Ed. 634. Frumvarp til laga [195. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi samning um breyting á samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, frá 6. febr. 1931, um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða með auglýsingu í Stjórnartíðindum, að samningur sá, er undirritaður var í Stokkhólmi 26. marz 1953, milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, og prentaður er sem fylgiskjal með lögum þessum og fjallar um breyting á samningi milli sömu ríkja frá 6. febrúar 1931, um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð, er staðfestur var með lögum nr. 29 8. sept. 1931, skuli öðlast gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR.

Forseti lýðveldisins Íslands, Hans Hátign konungur Danmerkur, forseti lýðveldisins Finnlands, Hans Hátign konungur Noregs og Hans Hátign konungur Svíþjóðar, sem hafa komið sér saman um að gera með sér milliríkjasamning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um breytingar á 2., 7. og 9. grein í milliríkjasamningi þeim, sem ofangreind ríki gerðu með sér þann 6. febrúar 1931 og hefur að geyma alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráðamennsku, hafa útnefnt sem umboðsmenn sína:

Forseti lýðveldisins Íslands:

sérlegan sendiherra lýðveldisins og ráðherra með umboði í Stokkhólmi, dr. Helga P. Briem;

Hans Hátign konungur Danmerkur:

sérlegan sendiráðherra sinn með umboði í Stokkhólmi, Knud Aage Monrad-Hansen;

Forseti lýðveldisins Finnlands:
sérlegan sendiherra lýðveldisins og ráðherra með umboði í Stokkhólmi, Georg Achates Gripenberg;
Hans Hátign konungur Noregs:
sérlegan sendiráðherra sinn með umboði í Stokkhólmi, Birgir Bergersen;
Hans Hátign konungur Svíþjóðar:
utanríkisráðherra sinn, hans hágöfgi Bo Östen Undén;
sem að fengnum nauðsynlegum umboðum hafa orðið ásáttir um, að eftirfarandi greinar í ofangreindum samningi, dags. 6. febrúar 1931, skulu breytast svo, að þær hljóði svo:

2. gr.

Um lýsingu, þar með talin tilhögun á gæzlu vígsluskilyrða, og um vígslu gilda lög ríkis vígslumanns þess, er gengið er í hjúskapinn fyrir.
Lýsingar samkvæmt þeim lögum er þó ekki krafizt, ef lýsing, sem enn er í gildi, hefur verið framkvæmd samkvæmt lögum einhvers hinna ríkjanna og bæði hjónaefni hafa reynzt eiga rétt til að ganga í hjúskap samkvæmt þeim lögum, sem beita skal í vígsluríki við mat á því atriði. Þetta gildir einnig, þótt aðeins annað hjónaefna sé borgari í öðru samningsríki en ríki vígslumanns, og hitt á ríkisfesti í vígsluríki.

7. gr.

Krafa um skilnað að borði og sæng eða fullan lögskilnað hjóna, sem eru ríkisborgarar í samningsríkjunum, ákvarðast í því ríki, sem bæði hjónanna eiga heimilisfang í, eða þau hafa seinast átt búsetu í samtímis og annað þeirra á enn þá heimilisfang í.
Nú er ekki samkvæmt fyrstu málsgrein hægt að ákvarða um málið í neinu ríkjanna, og má þá gera út um málið í því ríki, þar sem annað hjónanna á ríkisfang.
Lögskilnað eftir skilnað að borði og sæng má ávallt veita í ríki, sem bæði hjónanna eiga ríkisborgararétt í.

9. gr.

Í sérhverju ríkinu ber að fara eftir þar gildandi lögum um ákvarðanir þær, sem nefndar eru í 7. og 8. gr. Eignaskipti og skaðabætur ákvarðast þó ávallt eftir þeim lögum, sem samkvæmt 3. gr. gilda um fjármál hjónanna.
Skilnaður að borði og sæng, sem fengizt hefur í einu ríkjanna, veitir í hinum ríkjunum sama rétt til lögskilnaðar sem skilnaður að borði og sæng, er þar hefur fengizt.

Samning þennan skal fullgilda og fullgildingarskjölunum komið til varðveizlu í skjalasafni sænska utanríkisráðuneytisins, eins fljótt og auðið er.

Samningur þessi öðlast gildi fyrsta dag næsta almanaksmánaðar, eftir að fullgildingarskjölin hafa verið afhent. Hann telst fullkomna samninginn, dags. 6. febrúar 1931, sem hefur að geyma alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráðamennsku, og er því ekki hægt að segja honum upp sérstaklega.

Þessu til staðfestu hafa umboðsmenn hvers ríkis fyrir sig undirritað þennan samning og sett undir hann innsigli sín.
Gert í einu eintaki á íslenzku, dönsku, finnsku, norsku og sænsku, en að því er sænskuna snertir í tveim textum, öðrum fyrir Finnland og hinum fyrir Svíþjóð, hinn 26. marz 1953.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkv. ósk dómsmálaráðherra, og fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Ísland er aðili að samningi milli Norðurlandaríkjanna, er undirritaður var 6. febr. 1931 og fjallar um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði á sviði sifjaréttarins. Í hinni norrænu samvinnunefnd í löggjafarmálefnum voru árið 1949 teknar upp umræður um breytingar á samningnum, aðallega með það fyrir augum að fella niður skyldu til lýsingar í vígsluríki, er borgari einhvers hinna ríkjanna gengur í hjúskap þar og lýsing hefur farið fram í heimalandi hans eða öðru Norðurlandaríki. Að afloknum undirbúningi var síðan undirritaður samningur í Stokkhólmi 26. marz 1953 um breytingar í þessu efni, svo og gerðar minni háttar breytingar aðrar, aðallega með hliðsjón af því, að skilnaður að borði og sæng hefur nú verið tekinn í lög í Finnlandi, en fyrirvarar voru í upphaflega samningnum sakir þess, að svo var þá ekki orðið.

Svo sem kunnugt er, hafa lýsingar til hjónabands lítið verið tíðkaðar hér á landi á síðari árum, og skipta þessar reglur hins nýja samnings því minna máli hér á landi. Þó verður að telja þær horfa til bóta, einnig að því er Ísland varðar.

Ed. 635. Frumvarp til laga [196. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi samning um breyting á samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar frá 10. febr. 1931 um innheimtu meðlaga.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða með auglýsingu í Stjórnartíðindum, að samningur sá, er undirritaður var í Osló 1. apríl 1953, milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, og prentaður er sem fylgiskjal með lögum þessum og fjallar um breyting á samningi milli sömu ríkja frá 10. febrúar 1931, um innheimtu meðlaga, skuli öðlast gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal.

Samkomulag milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um breytingu á samningi þeim, er gerður var með þessum sömu ríkjum 10. febrúar 1931, um innheimtu meðlaga.

SAMKOMULAG.

Forseti lýðveldisins Íslands, Hans Hátign konungur Danmerkur, Forseti lýðveldisins Finnlands, Hans Hátign Noregskonungur og Hans Hátign konungur Svíþjóðar hafa ákveðið að gera samkomulag um breytingar á orðalagi 1., 2. og 3. gr. í samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar frá 10. febrúar 1931, um innheimtu meðlaga, og hafa tilnefnt sem fulltrúa sína:

Forseti lýðveldisins Íslands:

sérstakan sendimann lýðveldisins og ráðherra með umboði í Osló, Bjarna Ásgeirsson, sendiherra;

Hans Hátign konungur Danmerkur:
Mogens Gustav Ivar Melchior, sendiráðunaut, Chargé d'Affaires, a. i. í Osló;
Forseti lýðveldisins Finnlands:
sérstakan sendimann lýðveldisins og ráðherra með umboði í Osló, Eduard Hj. Palin, sendiherra;
Hans Hátign Noregskonungur:
Halvard Lange, utanríkisráðherra;
Hans Hátign konungur Svíþjóðar:
Åke Sjölin, sendiráðunaut, Chargé d'Affaires a. i. í Osló;
og hafa þeir, samkvæmt umboðum sínum, orðið ásáttir um, að eftirfarandi greinar í umgetnum samningi frá 10. febrúar 1931 skuli hljóða sem hér segir:

1. gr.

Aðfararhæfum dómi, úrskurði umboðsvalds eða skriflegu samkomulagi, sem í einhverju samningsríkjanna leggur einhverjum á herðar að greiða meðlag til maka síns, fyrrverandi maka, skilgetins barns, stjúpbarns, kjörbarns, óskilgetins barns eða móður þess, og sé fullnæging heimil í því ríki, skal, sé þess farið á leit, fullnægt í hverju hinna ríkjanna, án þess að frekara komi til. Sama er um dóm, sem ekki er orðinn aðfararhæfur, og úrskurð (ákvörðun), kveðinn upp af rétti, dómara eða „överexekutor" og fullnægja má eftir reglunum um aðfararhæfa dóma.

Fullnægju verður þó ekki krafizt gegn dómi eða úrskurði, sem í því ríki, þar sem fullnægju er leitað, hefur ákveðið lægra meðlag eða að engin meðlagsskylda sé fyrir hendi.

Fullnægju verður heldur ekki krafizt, ef meðlagsskyldan gagnvart óskilgetnu barni eða móður óskilgetins barns er ákveðin með dómi eða úrskurði í ríki, þar sem meðlagsskyldur átti ekki ríkisborgararétt eða heimilisfang, nema því aðeins, að hann hafi mætt í málinu, eða stefnan eða úrskurðurinn hafi í tæka tíð orðið honum kunn.

2. gr.

Beiðni um fullnægju er send frá og móttekin af:
Í Danmörku hlutaðeigandi stjórnardeild eða yfirstjórnarvaldi;
í Finnlandi utanríkismálaráðuneytinu;
í Íslandi dómsmálaráðuneytinu;
í Noregi hlutaðeigandi stjórnardeild eða sýslumanni;
í Svíþjóð réttardeild utanríkismálaráðuneytisins eða fylkisstjórn.

Beiðninni skal fylgja vottorð þess yfirvalds, er hana sendir, um að dómurinn, úrskurðurinn, ákvörðunin eða samkomulagið uppfylli skilyrði 1. greinar, fyrstu og þriðju málsgreinar, fyrir fullnægju.

Með skjölum, sem skráð eru á finnsku eða íslenzku, skal fylgja staðfest þýðing, svo að fullnægjandi sé, á dönsku, norsku eða sænsku.

3. gr.

Fullnægjugerðin framkvæmist í hverju ríki samkvæmt þar gildandi lögum, en getur, að því er snertir skriflegt samkomulag, sem ekki er samþykkt af dómstólum eða framkvæmdavaldinu, orðið takmörkuð við, að haldið sé eftir af launum eða öðru þvílíku.

Fullnægjugerðin framkvæmist án kostnaðar fyrir meðlagsrétthafa, nema því aðeins að hún sé framin eftir reglunum um aðför í fasteign.

Innkrafin meðlög skulu send því yfirvaldi, sem hefur beiðzt fullnægjugerðarinnar, eða til þess, sem það hefur ákveðið.

Samkomulag þetta ber að fullgilda, og skulu fullgildingarskjölin afhent norska utanríkisráðuneytinu svo fljótt sem auðið er. Samkomulagið öðlast gildi fyrsta

dag næsta mánaðar eftir að fullgildingarskjölin hafa verið afhent. Samkomulagið er óaðgreinanlegur hluti af samningnum frá 10. febrúar 1931, um innheimtu meðlaga, og er því ekki hægt að segja því upp sérstaklega.

Þessu til staðfestingar hafa fulltrúarnir hver um sig undirritað samkomulag þetta og sett undir það innsigli sín.

Gert í Osló í einu eintaki á norsku, dönsku, finnsku, íslenzku og sænsku, en þó á sænsku í tveim textum, og er annar ætlaður Finnlandi, en hinn Svíþjóð.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkvæmt ósk dómsmálaráðherra, og fylgdi því svo hljóðandi **greinargerð:**

Ísland er aðili að samningi milli Norðurlandaríkjanna, er undirritaður var 10. febr. 1931 og fjallar um innheimtu meðlaga. Í norrænu samvinnunefndinni í löggjafarmálefnum voru árið 1949 gerðar tillögur um breytingar á samningnum, að frumkvæði Norðmanna. Samningur sá, sem undirritaður var í Osló 1. apríl 1953, er byggður á þeim tillögum, er þar voru undirbúnar. Breytingarnar eru ekki veigamiklar og varða að einni undantekinni hrein framkvæmdaatriði. Sú breyting, á 3. málsgrein 1. gr. samningsins, er þess efnis, að í stað þess, að áður var það skilyrði þess, að krefjast mætti fullnægju á meðlagsúrskurði, ef meðlagsskylda gagnvart óskilgetnu barni eða móður þess er ákveðin með dómi eða úrskurði í ríki, þar sem meðlagsskyldur átti ekki ríkisborgararétt eða heimilisfang, að hann hefði mætt í málinu eða stefnan eða úrskurðurinn hefði í tæka tíð orðið honum kunnur, „meðan hann dvaldi í ríkinu", er nú látið nægja, að „stefnan eða úrskurðurinn hafi í tæka tíð orðið honum kunn". Er þessi breyting til bóta fyrir framgang meðlagsmála og ekki sýnilegt, að hætt sé óhóflega hagsmunum þeirra, sem meðlagsskylda fellur á.

Nd. 636. Breytingartillögur [167. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Við 1. gr.

a. 113. tölul. fellur niður.

b. Á eftir 118. tölul. kemur nýr liður, svo hljóðandi:

Á eftir nr. 9a í sama kafla kemur nýtt nr., svo hljóðandi:

	Tolleining	Vörumagnstollur Aurar	Verðtollur %
10 Fiskkassar	1 kg	7	8

c. Á eftir 135. tölul. koma tveir nýir liðir, svo hljóðandi:

1. Nr. 4 í 80. kafla orðast svo:			
4 — hvalveiðabyssur og hlutar til þeirra	—	2	2
2. Nr. 6 í sama kafla orðast svo:			
6 — hvalveiðaskutlar	—	2	2

Nd. 637. Breytingartillögur [179. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

1. Við 5. gr.
   a. Við 2. málsl. 1. málsgr. 2. tölul. bætist: eða að eignarinnar hafi verið aflað til að selja hana aftur með hagnaði.
   b. Fyrir orðin „og skip“ í upphafi 2. málsgr. 2. tölul. komi: skip og flugvél,
2. Við 7. gr.
   a. Á eftir 2. málsl. j-liðar í 4. tölul. komi nýr málsliður, þannig:
      Til keyptrar heimilisaðstoðar telst kaup og hlunnindi þjónustufólks á heimilum og greiðslur fyrir börn á dagheimilum.
   b. Stafliður l í 4. tölul. orðist svo:
      Helming af björgunarlaunum, er áhafnir skipa hljóta. Þetta gildir þó ekki um áhafnir þeirra skipa, sem eingöngu eru björgunarskip. Heimilt er að láta þetta ákvæði gilda um björgunarlaun, sem greidd voru árin 1951 og 1952, og endurgreiða skatt samkvæmt því.
3. Við 9. gr. Við greinina bætist: en hafi þeir tekjur, lækkar frádrátturinn sem þeim nemur, og fellur burt, ef tekjuupphæðin nemur lögleyfðum ómagafrádrætti eða meiru.

Ed. 638. Breytingartillögur [173. mál]

við frv. til l. um brunatryggingar í Reykjavík.

Frá Hermanni Jónassyni og Páli Zóphóníassyni.

1. Við 1. gr.
   a. 1. málsgr. orðist þannig:
      Bæjar- og sveitarstjórn er heimilt, að undangengnum útboðum, að semja við eitt eða fleiri vátryggingarfélög fyrir tvö til fimm ár í senn um tryggingar gegn eldsvoða á öllum húsum í umdæmi sínu. Sérhver lækkun brunabótagjalda eða endurgreiðsla skal renna til húseigenda.
   b. Í stað orðsins „bæjarsjóðs“ í 2. málsgr. komi: bæjar- eða sveitarsjóðs.
   c. 3. málsgr. falli niður.
2. Við 2. gr. Greinina skal orða svo:
   Áður en bæjarstjórn Reykjavíkur gerir samning samkv. 1. málsgr. 1. gr., skal hún leita álits Fasteignaeigendafélags Reykjavíkur um málið. Utan Reykjavíkur skal á sama hátt leita álits almennra samtaka húseigenda.
3. Við 3. gr. Greinina skal orða svo:
   Nú notar bæjar- eða sveitarstjórn heimild 1. gr., og er þá skylt að brunatryggja öll hús í umdæminu hjá því félagi eða félögum, er tryggingarnar annast, og með fullu verði þeirra eftir virðingu dómkvaddra manna.
   Ný hús skal meta eigi síðar en 4 vikum eftir að þau eru tekin í notkun.
   Bæjar- og sveitarstjórn er heimilt að breyta á ári hverju brunabótaverði húsa til samræmis við breytingar, er verða á byggingarkostnaði í umdæminu eftir byggingarvísitölu hagstofunnar.
4. Við 5. gr. Greinin falli niður.
5. Við 6. gr. Aftan við greinina bætist:
   Þar, sem lög þessi koma til framkvæmda, víkja ákvæði eldri laga, sem brjóta í bága við þau.
6. Fyrirsögn frv. verði: Frv. til l. um brunatryggingar bæjar- og sveitarfélaga.

Nd. 639. Breytingartillögur [167. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

	Toll-eining	Vörumagns-tollur Aurar	Verð-tollur %
1. Við 1. gr. Á eftir 131. tölul. kemur nýr liður, svo hljóðandi: Á eftir nr. 6 í 73. kafla kemur nýtt nr., svo hljóðandi: 6b Efni í spenna (hluta til spenna)			2
2. Við 2. gr. Á eftir 3. tölul. kemur nýr liður, svo hljóðandi: Á eftir ö-lið kemur nýr stafliður, svo hljóðandi: aa. Að endurgreiða verksmiðjum, sem framleiða rafmagnstæki, aðflutningsgjöld eða hluta af þeim af efnivörum til þeirra.			

Ed. 640. Nefndarálit [125. mál]

um frv. til l. um húsaleigu.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur rætt frv. á tveimur fundum og hefur ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þess. Vill meiri hluti n. láta samþykkja það án verulegra breytinga, en á það getur minni hl. ekki fallizt, þar sem hann telur, að nauðsynlegt sé að gera á því allvíðtækar breytingar. Af þessum ástæðum óskaði minni hl. eftir því, að frv. yrði sent til umsagnar þeim félagssamtökum, sem mál þetta snertir aðallega, en á það var ekki fallizt. Fulltrúar þeirra voru hins vegar kvaddir til viðtals við nefndina, sem ræddi við þá um frv. Var afstaða þeirra til frv. sem hér segir:

Formaður Fasteignaeigendafélagsins mótmælti harðlega samþykkt á X. og XI. kafla frv. og taldi, að ákvæði þeirra kafla, ef að lögum yrðu og þeim yrði síðan beitt, kæmu til að torvelda mjög heppilega lausn þeirra erfiðleika, sem jafnan eru samfara húsnæðiseklu. Hann leit einnig svo á, að ýmis önnur ákvæði frv. væru þess eðlis, að þau þyrftu frekari athugunar við, áður en þau væru lögtekin. Mæltist hann til þess, að nefndin frestaði að taka afstöðu til málsins, þar til eftir fund, sem fasteignaeigendur héldu þá um kvöldið og nefndin væri beðin að koma á til viðræðna um málið. Við þessum tilmælum vildi meiri hl. n. ekki verða. Á fundi þessum, er haldinn var sama dag, var samþykkt einróma svo hljóðandi áskorun til Alþingis í sambandi við þetta mál:

„Almennur fundur húseigenda í Reykjavík, haldinn 30. marz 1954, skorar á Alþingi að lögfesta ekki þvingunarákvæði þau, sem felast í 10. og 11. kafla frv. til laga um húsaleigu, sem nú er til meðferðar í Alþingi. Jafnframt vekur fundurinn athygli á því, að í hinum almennu ákvæðum frv. eru einnig ýmis varhugaverð ákvæði, svo sem um úttekt húsnæðis.

Fundurinn bendir á þá ánægjulegu staðreynd, að síðustu árin hafa ýmsar ráðstafanir verið gerðar til aukningar íbúðarhúsnæðis, byggingar íbúða hafa nú verið gefnar frjálsar, og ríkisstjórnin hefur í undirbúningi tillögur um frambúðarlausn á fjáröflun til íbúðabygginga.

Það verður því fjarstæðara með ári hverju að lögfesta heimild til jafnvíðtækra réttarskerðinga og felast í nefndu frv. um húsaleigu. Lögfesting slíkra ákvæða leiðir til þess eins að draga úr framboði leiguhúsnæðis og auka þannig húsnæðisvandræðin."

Fulltrúi leigjendafélagsins mælti hins vegar með því, að frv. yrði samþykkt, en taldi þó, að breyta þyrfti einstöku greinum þess, einkum þeim, er kveða á um skyldur leigjenda til að viðhalda íbúðum. Hann vildi þó ekkert um það segja, hvort frv., ef að lögum yrði, mundi bæta úr húsnæðiseklunni á hverjum tíma eða örva menn til að koma upp leiguíbúðum.

Fjármálaráðherra hafði lofað að koma til viðræðna hjá nefndinni, en gat ekki komið því við vegna anna.

Með tilvísun til þess, sem að framan greinir, leit minni hl. svo á, að fresta bæri afgreiðslu málsins um stund og gera enn frekari tilraunir til að ná samkomulagi við alla hlutaðeigandi aðila um þau atriði frv., sem enn fékkst ekkert samkomulag um. Harmar minni hl. nefndarinnar, að ekki skyldu vera gerðar frekari tilraunir til samkomulags um mál, sem vissulega snertir hagsmuni tugþúsunda manna og veldur margvíslegum árekstrum, er til framkvæmda kemur. Efni frv., eins og það liggur fyrir á þskj. 302, er tvíþætt. Annars vegar eru almenn ákvæði um skyldur og réttindi leigusala og leigutaka. Sum ákvæði í þessum kafla frv. eru til bóta og ættu því að verða lögtekin. Önnur eru aðeins til þess að auka að miklum mun gersamlega óþarfa skriffinnsku, og þau á að fella niður. Og enn eru ákvæði, sem óhjákvæmilega skapa sífelldar deilur á milli aðila, svo sem ákvæðin um viðhaldsskyldu og endurgreiðslu á kostnaði viðhalds, ef umbætur hafa farið fram úr eðlilegu viðhaldi, auk ýmissa annarra ákvæða. Af þessu er ljóst, að jafnvel þessi kafli frv. þarf miklu meiri og betri undirbúning, áður en frv. verður að lögum.

Hins vegar eru ákvæði í frv., sem einungis eiga við á þeim tímum, er húsnæðisekla skapar neyðarástand, svo að grípa verði til alveg sérstakra aðgerða af hálfu hins opinbera. Verður ekki séð, að nein þörf sé á því að lögtaka slík ákvæði nú, þótt aðeins í heimildarformi sé, þar sem einstaklingar eru ýmist með margvíslegri fyrirgreiðslu frá því opinbera eða af eigin rammleik að koma upp í stærri stíl en nokkru sinni áður nýjum íbúðum til þess að bæta úr því ástandi, sem ríkti hér í húsnæðismálunum á ófriðartímunum og eftir þá og m. a. margvísleg höft á framkvæmdum og ósanngjörn húsaleigulöggjöf hafa hingað til átt drjúgan þátt í að viðhalda. Lögfesting hliðstæðra ákvæða nú mundu tvímælalaust vinna gegn þeirri þróun í byggingu íbúða, sem hér þarf að verða, og þannig torvelda lausn þeirra vandamála, sem hér um ræðir. Það er vitað, að engar sveitarstjórnir á landinu hafa óskað eftir þeim heimildum, sem verið er að troða upp á þær í X. og XI. kafla frv. — sumar hafa jafnvel mótmælt því, að þær yrðu lögfestar, og lýst yfir, að þær mundu ekki nota þær, enda er þetta mjög skiljanlegt, þar sem lítill vafi leikur á því, að hvert sveitarfélag, sem kynni að nota heimildina, væri með því að skapa sér þannig ábyrgð gegn þeim aðilum, sem sviptir yrðu umráðarétti eigna sinna á þennan hátt og mundu því krefjast fullra bóta fyrir. Það er því síður en svo, að þessir kaflar frv. leysi á einn eða annan hátt þann vanda, sem steðjar að þjóðinni vegna vantandi húsnæðis í landinu, eða dragi úr þeim ágreiningi, sem ríkir á milli leigusala og leigutaka um þessi mál. Til þess þarf allt aðrar og raunhæfari aðgerðir.

Minni hl. vill þó ekki leggja til, að frv. verði fellt, heldur hitt, að gerðar verði á því eftirfarandi

BREYTINGAR:

1. Við 1. gr. Fyrri málsgr. orðist svo:
   Lög þessi taka til leigumála um íbúðir og atvinnuhúsnæði.
2. Við 2. gr. Aftan við greinina bætist: Eyðublöð fyrir leigumála skulu afhent án endurgjalds.
3. Við 5. gr.
   a. Í stað orðanna „að tefla“ í lok 2. málgr. komi: að ræða.
   b. Í stað orðanna „kl. 13“ í 3. málsgr. 2. tölul. komi: kl. 1 síðdegis.
4. Við 7. gr. Orðin „einstökum herbergjum“ í 1. tölul. falli niður.

5. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
   Nú vanrækir leigutaki að flytjast brott, eftir að leigumáli er útrunninn, og getur leigusali þá krafizt þess, að leigumálinn framlengist, unz leigutaki segir húsnæðinu upp samkvæmt ákvæðum 7. gr.
6. Við 11. gr. Orðið „meindýralaust“ í 1. málsgr. falli niður.
7. Við 12. gr.
   a. Í stað orðanna „að tefla“ í lok 2. málsgr. komi: að ræða.
   b. Orðin „eða hefði átt að verða þeirra var“ í niðurlagi síðustu málsgr. falli niður.
8. Við 15. gr.
   a. 2. málsgr. falli niður.
   b. Orðin „og annarrar“ í 3. málsgr. falli niður.
9. Við 16. gr. Síðari málsgr. falli niður.
10. Við 18. gr. Aftan við greinina bætist: nema öðruvísi semji.
11. Við 21. gr. Aftan við greinina bætist: Um viðhald íbúða fer eftir samkomulagi milli leigusala og leigutaka.
12. Við 28. gr. Greinin falli niður.
13. Við 32. gr. Greinin falli niður.
14. Við 33. gr. Í stað orðanna „nákominn ættingja“ í lok greinarinnar komi: nákomna vandamenn.
15. Við 34. gr. Greinin falli niður.
16. Við 35. gr. Greinin falli niður.
17. Við 36. gr. Í stað orðanna „tvær klukkustundir annan hvern virkan dag“ í 2. málsgr. komi: eina klukkustund á viku.
18. Við 40. gr. Orðin „nema af hendi leigusala séu fram færðar gildar ástæður, er mæla því í gegn“ falli niður.
19. Við 41. gr. Síðari málsl. fyrri málsgr. falli niður.
20. Við 44. gr. Orðið „stórra“ í síðustu málsgr. falli niður.
21. Við X. kafla (48.—69. gr.). Kaflinn falli niður.
22. Við XI. kafla (70.—73. gr.). Kaflinn falli niður.
23. Við XII. kafla. 74.—75. gr. og fyrirsögn kaflans falli niður.

Alþingi, 2. apríl 1954.

Gísli Jónsson, frsm. Ingólfur Flygenring, fundaskr.

Ed. 641. Frumvarp til laga [197. mál]

um breyting á lögum nr. 28/1940, um friðun hreindýra og eftirlit með þeim.

(Lagt fyrir Alþingi á 73. löggjafarþingi, 1954.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:
Hreindýr skulu friðuð fyrir skotum og öðrum veiðivélum. Nú telur eftirlitsmaður hreindýra, að þeim hafi fjölgað svo, að stofninum stafi eigi hætta af veiðum, og er ráðherra þá rétt að heimila veiðar, enda skal hann þá setja reglur um veiðarnar, að fengnum tillögum hlutaðeigandi sýslumanna og eftirlitsmanns, og kveða á um, hvert renna skuli hagnaður, er verða kann af veiðunum. Heimilt er ráðherra að veita mönnum leyfi til að handsama dýr til eldis.

2. gr.

3. gr. orðist svo:

Brot gegn lögum þessum og reglum, settum samkvæmt þeim, skal varða allt að 10000.00 króna sekt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Gildandi lög um friðun hreindýra og eftirlit með þeim eru frá 12. febrúar 1940. Þegar þau voru sett, var talið að hreindýrahjörð landsins væri ekki stærri en 100 dýr, og að þar að auki væri hlutfallið milli karl- og kvendýra óheppilegt, tarfarnir of margir, og mundi það m. a. hindra vöxt hjarðarinnar. Þess vegna var í lögunum frá 1940 heimilað að láta veiða hreintarfa, ef sérstök ástæða virtist til. Að ráði eftirlitsmanns þess, sem skipaður var samkvæmt lögunum, hefur nokkrum hreintörfum verið fargað árlega, frá 20—60 á hverju hausti.

Hvort sem þessi ráðstöfun hefur átt mikinn eða lítinn þátt í fjölgun dýranna, þá er nú svo komið, að þau eru orðin mörg. Að sjálfsögðu er ógerlegt að segja hve mörg þau eru, en ekki munu þau færri en tvö þúsund, og fjölgar ört með hverju ári. Enn halda öll dýrin sig austanlands eins og þau hafa gert um langt skeið. Þótt ekki sé unnt að vita nákvæmlega tölu þeirra, þá er ljóst, að stofninn er nú svo stór, að tímabært er að gera sér grein fyrir, hvernig hann skuli hagnýttur.

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir, að ráðherra geti heimilað hreindýraveiðar, ef stofninum er eigi talin hætta búin af veiðunum, að dómi eftirlitsmanns. Skal ráðherra þá setja reglur um veiðarnar, að fengnum tillögum sýslumanna þeirra héraða, er hlut eiga að máli, svo og eftirlitsmanns dýranna. Í reglunum skal meðal annars kveða á um, hvert renna skuli hagnaður, er verða kann af veiðunum.

Í því sambandi er rétt að benda á, að eðlilegast virðist, að bændur, sem lönd eiga næst hreindýraslóðunum og helzt verða fyrir ágangi af þeim á beitilönd sín, njóti fyrst og fremst arðs af veiðunum, en síðan sveitar- og/eða sýslusjóðir hlutaðeigandi héraða.

Um þetta og önnur atriði í þessu sambandi mundi menntamálaráðuneytið setja reglur í samráði við framangreinda aðila. Virðist sjálfsagt að reyna að hagnýta hreindýrin skynsamlega eins og hver önnur gæði landsins. Reynslan þarf að skera úr um, með hvaða hætti þau verða helzt gerð arðgæf. Í svipinn virðast veiðarnar liggja næst, enda er talin yfirvofandi hætta á, að í hörðu ári muni dýrin horfalla, ef hjarðir þeirra vaxa frá því sem nú er.

Um 2. gr. frv. er það að segja, að ákvæðum gildandi laga um 200—800 kr. sekt fyrir hvert dýr, sem veitt er ólöglega, er breytt í allt að 10000.00 króna sekt fyrir brot á lögunum og reglum, settum samkvæmt þeim.

Sþ. 642. Tillaga til þingsályktunar [198. mál]

um eflingu fiskveiðasjóðs vegna bátasmíða.

Frá fjárveitinganefnd.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því, að gerðar verði ráðstafanir til þess að afla fiskveiðasjóði viðbótarfjár til nauðsynlegra stofnlána vegna endurnýjunar og eðlilegrar aukningar fiskibátaflotans með bátasmíði innanlands.

Greinargerð.

Fiskveiðasjóður Íslands hefur miklu hlutverki að gegna með þjóð vorri. Er aðstaða hans til stofnlána á vegum sjávarútvegsins hliðstæð því hlutverki, sem Búnaðarbankinn, eða nánar til tekið stofnlánadeildir hans inna af hendi í þágu landbúnaðarins.

Fjárþörf sjávarútvegsins á þessu sviði er eðlilega mikil. Er fiskveiðasjóði ætlað að geta sinnt stofnlánaþörf þeirri, sem fyrir hendi er á hverjum tíma til bátabygginga og bátakaupa, svo að vel sé séð fyrir endurnýjun og aukningu fiskibátaflotans og báta, sem nota þarf til flutninga með ströndum fram.

Þá er fiskveiðasjóði einnig ætlað að sinna stofnlánaþörf til byggingar iðnfyrirtækja í sambandi við fiskveiðar og enn fremur til byggingar dráttarbrauta. Þá eru og uppi raddir og kröfur um það, að starfsemi sjóðsins sé enn færð út að því er snertir lán til verbúða, útgerðarhúsa o. fl. Þó að því sé sleppt, að bætt yrði við nýjum verkefnum í lánastarfsemi sjóðsins, sem þó er vissulega mikil þörf fyrir, skortir mjög á um það, að fiskveiðasjóður hafi því fjármagni yfir að ráða, að hann geti sinnt hlutverki sínu eins og það nú er markað í lögum sjóðsins.

Fiskveiðasjóður mun nú hafa yfir að ráða til starfsemi sinnar um 60 millj. kr., sem allt er sjálfseignarfé sjóðsins, og er sú upphæð öll bundin í útlánum eða ráðstafað í því augnamiði. Árlegar tekjur sjóðsins, vaxtatekjur og hluti af útflutningsgjaldi, munu varla hrökkva til þess að sjá fyrir lánaþörf til viðhalds fiskibátaflotans og fiskiðjuvera. Vantar sjóðinn því alveg fé til þess að geta mætt lánaþörfinni til endurnýjunar og aukningar flotans, svo að eigi sé fleira talið. Nú liggja fyrir hjá sjóðnum umsóknir um lán til byggingar og kaupa á 22 fiskibátum af venjulegri stærð auk umsókna um lán til byggingar smærri báta með eða án þilfars. Hefur sjóðurinn eins og stendur ekkert fé til þess að sinna þessum lánbeiðnum, en til þess eins, þótt annað sé ekki talið, þyrfti hann að hafa yfir að ráða um 15 millj. kr., og er þá við það miðað, að lánað sé 75% af kostnaðarverði hinna stærri báta.

Á árunum 1950—53 varð mikil rýrnun í fiskibátaflotanum. Var á þeim árum ekkert hægt að aðhafast til þess að fylla í þau skörð, sem þá voru í hann höggvin. Á s. l. ári voru aftur á móti keyptir og byggðir allmargir fiskibátar, en svo var rýrnunin mikil orðin á undanförnum árum, að enn skortir mikið á, að úr sé bætt. Er því sízt að undra, þótt eftirspurn stofnlána til bátabygginga sé mikil.

Þá er og ör þróun í fiskiðnaðinum, sem krefst aukins lánsfjár á því sviði, en úr því verður ekki heldur bætt að óbreyttum aðstæðum.

Þörfin knýr því mjög fast á um það, að gerð verði gangskör að því að afla fiskveiðasjóði lánsfjár, og þá einkum í sambandi við endurnýjun og aukningu fiskibátaflotans. Það mál krefst skjótra aðgerða.

Fyrir hendi eru nú tæplega önnur úrræði til þess að koma þessu í kring en að afla fiskveiðasjóði lánsfjár, en lánsfé er nú ekki heldur auðfengið, sízt til langs tíma. En þess er þó að vænta, að ríkisstjórninni mætti takast að útvega fiskveiðasjóði nauðsynlegt viðbótarfé til nota samkvæmt því, sem að framan segir.

Eins og fyrr er að vikið, starfar fiskveiðasjóður nú eingöngu með eigið fé. Þetta gerir honum kleift að lána fé með vægum vaxtakjörum. Er það mikill styrkur fyrir sjóðinn, að fjármálum hans er svona háttað, þegar hann færi að taka lán til starfsemi sinnar máske með hærri vöxtum en sjóðurinn tekur af fyrsta veðréttar lánum. Ætti hann því að minnsta kosti fyrst um sinn ekki að þurfa að hækka útlánsvexti sína, þó að hann tæki nokkurt lán til starfseminnar, en árlegar vaxtatekjur sjóðsins mundu að sjálfsögðu geta minnkað nokkuð af þessum sökum.

Síðan stofnlánadeild Landsbankans hætti útlánastarfsemi sinni til skipabygginga og fiskiðjuvera, en hún var á sínum tíma stofnuð með 100 milljón króna framlagi frá sparisjóðsdeild bankans, er hér á landi engin lánsstofnun, sem hefur það hlutverk með höndum sérstaklega að lána fé til togarakaupa. Máske er ekki, eins og nú stendur, mikil þörf fyrir lán í þessu skyni. Það mun ekki þykja nú sérstak-

lega fýsilegt að auka togaraflotann. En ef breyting yrði á þessu og nýtt líf færðist aftur í þá útgerð, mundi mega telja eðlilega þróun þessara mála, að starfsemi fiskveiðasjóðs yrði aukin með það fyrir augum.

En þetta liggur ekki fyrir nú, enda sjálfsagt nógan vanda við að stríða að afla fiskveiðasjóði viðbótarfjár til viðhalds og endurnýjunar fiskibátaflotans. En hjá því verður ekki komizt. Er það tilgangurinn með flutningi þessarar þingsályktunartillögu, að Alþingi og ríkisstjórn leggist á eitt um að leysa þetta nauðsynjamál. Það mun vera nauðsynlegt, samhliða þeirri ákvörðun, sem tekin yrði með samþykkt þessarar tillögu, að breyta samtímis lögunum um fiskveiðasjóð á þann veg að hækka verulega þá heimild til lántöku sjóðnum til handa, sem þar er nú.

Ed. 643. Lög [84. mál]

um Kirkjubyggingasjóð.

(Afgreidd frá Ed. 2. apríl.)

Samhljóða þskj. 597.

Ed. 644. Breytingartillögur [125. mál]

við frv. til laga um húsaleigu.

Frá Guðmundi Í. Guðmundssyni og Finnboga R. Valdimarssyni.

1. Við 68. gr. Í stað „sveitarsjóður“ í 2. málsgr. komi: ríkissjóður.
2. Við 72. gr. Í stað „sveitarstjórn“ í 4. málsgr. komi: ríkisssjóður.
3. Við 73. gr. Í stað „sveitarsjóður“ í 2. málsgr. komi: ríkissjóður.

Nd. 645. Breytingartillaga [167. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

Við 2. gr. Á eftir tölulið 2 komi nýr liður:

Að innheimta ekki aðflutningsgjöld af veiðarfærum fiskiskipa, vélum í fiskiskip og skipsbúnaði.

Nd. 646. Breytingartillaga [179. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

Við 10. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:

Á eftir II. kafla laganna (21. gr.) kemur ný gr. (verður 22. gr.) í nýjum kafla, er verður III. kafli, með fyrirsögninni: Um skattfrelsi sparifjár:

Undanþegnar framtalsskyldu o. s. frv.

Nd. 647. Breytingartillögur [179. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

1. Við 5. gr.
   a. Fyrir 2. málsl. 1. málsgr. 2. tölul. koma tveir málsl., svo hljóðandi:
      Undanþága þessi nær þó ekki til neinnar sölu, þar sem telja má að um atvinnurekstur sé að ræða, eða ætla má, að eignarinnar hafi verið aflað til þess að selja hana aftur með hagnaði. Enginn skattgreiðandi skal þó njóta þessarar undanþágu oftar en einu sinni á tíu árum.
   b. Orðin „og skip“ í 1. málsl. 2. málsgr. sama tölul. falli niður.
   c. Á eftir orðunum „sem umfram er“ í sama málsl. bætist: að viðbættu viðhaldi þriggja síðustu ára.
   d. Aftan við sama málsl. bætist: að viðbættu framangreindu viðhaldi.
2. Við 6. gr. Aftan við greinina bætist nýr stafl., svo hljóðandi: Alþjóðleg heiðurslaun fyrir afrek í listum og vísindum.

Ed. 648. Frumvarp til laga [179. mál]

um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

2. málsgr. 2. gr. laganna orðist svo:
Sömuleiðis skal sá, er eigi hefur aðsetur hér á landi, en hefur laun, biðlaun eða styrk úr ríkissjóði, eða arð af hlutafé í innlendu hlutafélagi eða innborguðu stofnfé í öðrum atvinnufélögum eða fyrirtækjum, eða tekjur frá öðrum innlendum aðilum, gjalda skatt af þessum tekjum, og skal tekjuskattinum haldið eftir við greiðslu fjárins.

2. gr.

Upphaf 4. gr. laganna orðist svo:
Undanþágu frá öllum tekjuskatti hafa: Forseti Íslands, ríkissjóður, o. s. frv.

3. gr.

5. gr. laganna orðist svo:
Erlendir þjóðhöfðingjar, sendiherrar, sendiræðismenn og erlendir starfsmenn sendisveita annarra ríkja eru undanþegnir tekjuskatti, nema að því leyti, sem þeir njóta tekna frá innlendum aðilum, eiga hér fasteignir eða hafa tekjur af þeim, reka atvinnu eða eiga hlut í atvinnufyrirtæki hérlendis.

4. gr.

6. gr. laganna orðist svo:
I. Skattgjald þeirra, sem um ræðir í 1. gr. og 2. gr., reiknast þannig:
a. **Skattgjald einstaklinga:**

Ef skattskyldar tekjur eru undir 1000 kr., greiðist enginn skattur.
Af 1—2 þús. kr. greiðist 1%.

Af	2—	5	þús.	kr.	greiðist	10	kr.	af	2	þús.	og	2 %	af afgangi
—	5—	9	—	—	—	70	—	—	5	—	—	3 %	— —
—	9—	20	—	—	—	190	—	—	9	—	—	4 %	— —
—	20—	30	—	—	—	630	—	—	20	—	—	6 %	— —
—	30—	40	—	—	—	1230	—	—	30	—	—	10 %	— —

Af	40—	50	þús.	kr.	greiðist	2230	kr.	af	40	þús.	og	15	%	af afgangi
—	50—	60	—	—	—	3730	—	—	50	—	—	20	%	— —
—	60—	70	—	—	—	5730	—	—	60	—	—	25	%	— —
—	70—	100	—	—	—	8230	—	—	70	—	—	30	%	— —
—	100—	130	—	—	—	17230	—	—	100	—	—	35	%	— —
—	130	þús.	og	yfir	—	27730	—	—	130	—	—	40	%	— —

b. **Skattgjald hjóna:**

Ef skattskyldar tekjur eru undir 2 þús. kr., greiðist enginn skattur.
Af 2—3 þús. kr. greiðist 1%.

Af	3—	6	þús.	kr.	greiðist	10	kr.	af	3	þús.	og	2	%	af afgangi
—	6—	13	—	—	—	70	—	—	6	—	—	3	%	— —
—	13—	20	—	—	—	280	—	—	13	—	—	4	%	— —
—	20—	25	—	—	—	560	—	—	20	—	—	5	%	— —
—	25—	30	—	—	—	810	—	—	25	—	—	6	%	— —
—	30—	35	—	—	—	1110	—	—	30	—	—	7	%	— —
—	35—	45	—	—	—	1460	—	—	35	—	—	10	%	— —
—	45—	50	—	—	—	2460	—	—	45	—	—	15	%	— —
—	50—	60	—	—	—	3210	—	—	50	—	—	20	%	— —
—	60—	70	—	—	—	5210	—	—	60	—	—	25	%	— —
—	70—	100	—	—	—	7710	—	—	70	—	—	30	%	— —
—	100—	130	—	—	—	16710	—	—	100	—	—	35	%	— —
—	130	þús.	og	yfir	—	27210	—	—	130	—	—	40	%	— —

Þeir, sem um ræðir í 2. gr., greiði þó aldrei lægri skatt en 5% af skattskyldum tekjum.

Nú breytist kaupgjaldsvísitala til hækkunar eða lækkunar frá því, sem hún var að meðaltali árið 1953, og skal þá tekjutölum framangreindra skattstiga breytt í réttu hlutfalli við það. Brot, sem nemur minna en hálfu þúsundi, falli niður við útreikning tekjutalna, en stærra brot hækki í þúsund. Hundraðshlutatölur (%) skattstiganna breytast ekki, þótt vísitala raskist.

Þeir gjaldendur, sem greiða tekjuskatt samkvæmt ákvæðum a- og b-liða hér á undan, skulu ekki greiða stríðsgróðaskatt samkvæmt lögum nr. 21 20. maí 1942.

II. Skattgjald þeirra, sem um ræðir í a- og c-liðum 3. gr., reiknast þannig:

Ef hinn skattskyldi hluti teknanna er undir 1000 kr., greiðist af honum 1%.

Af	1000—	2000	kr.	greiðist	10	kr.	af	1000	kr.	og	2	%	af afgangi
—	2000—	3000	—	—	30	—	—	2000	—	—	3	%	— —
—	3000—	4000	—	—	60	—	—	3000	—	—	4	%	— —
—	4000—	5000	—	—	100	—	—	4000	—	—	5	%	— —
—	5000—	6000	—	—	150	—	—	5000	—	—	6	%	— —
—	6000—	7000	—	—	210	—	—	6000	—	—	7	%	— —
—	7000—	8000	—	—	280	—	—	7000	—	—	8	%	— —
—	8000—	9000	—	—	360	—	—	8000	—	—	9	%	— —
—	9000—	10000	—	—	450	—	—	9000	—	—	10	%	— —
—	10000—	12000	—	—	550	—	—	10000	—	—	11½	%	— —
—	12000—	14000	—	—	780	—	—	12000	—	—	13	%	— —
—	14000—	17000	—	—	1040	—	—	14000	—	—	15	%	— —
—	17000—	20000	—	—	1490	—	—	17000	—	—	17	%	— —
—	20000—	25000	—	—	2000	—	—	20000	—	—	18	%	— —
—	25000—	30000	—	—	2900	—	—	25000	—	—	19	%	— —
—	30000—	40000	—	—	3850	—	—	30000	—	—	20	%	— —
—	40000—	50000	—	—	5850	—	—	40000	—	—	21	%	— —
—	50000—	60000	—	—	7950	—	—	50000	—	—	22	%	— —

Félög þau og stofnanir, sem um ræðir í a-lið og c-lið 3. gr., þar með talin erlend félög og stofnanir, greiði þó aldrei lægri skatt en 5% af skattskyldum tekjum.

III. Af skattskyldum tekjum þeirra félaga, sem um ræðir í b-lið 3. gr., greiðist jafnan 8%.

5. gr.

Á 7. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1. Aftan við orðin „af sparisjóðsinnlögum og sérhverri annarri arðberandi innstæðu“ í 1. málsgr. d-liðar komi: þó ekki vextir af skattfrjálsri innstæðu, sbr. ákvæði laganna um skattfrelsi sparifjár.
2. Aftan við e-lið bætist:

Nú selur skattþegna fasteign, sem hefur verið í eigu hans skemur en 5 ár, en kaupir aðra innan árs eða byggir hús, áður en tvö ár eru liðin frá söludegi, og skal sölugróði þá ekki skattskyldur, ef hin keypta fasteign eða hið nýreista hús er að fasteignamati jafnhátt eða hærra hinu selda, en ef það er lægra að mati, skal sölugróði skattskyldur hlutfallslega. Undanþága þessi nær þó ekki til neinnar sölu, þar sem telja má, að um atvinnurekstur sé að ræða eða að eignarinnar hafi verið aflað til að selja hana aftur með hagnaði. Ákvæði þessi raska ekki fyrirmælum laganna um skattgreiðslu, þegar eigin vinna, sem ekki hefur verið skattlögð, fæst greidd í söluverði íbúðar.

Nú er eign önnur en fasteign og skip og flugvél, sem hefur verið í eigu skattgreiðanda í 3 ár eða lengur og fyrning hefur verið reiknuð af, seld hærra verði heldur en nemur óafskrifuðum hluta hennar, og skal þá það, sem umfram er, teljast skattskyldar tekjur, þó ekki hærri fjárhæð en nemur öllum veittum fyrningarafskriftum. Skiptast tekjur þessar við útreikninga skatts á jafnmörg ár aftur í tímann og afskriftirnar hafa farið fram á, þó ekki fleiri en 10 ár. Skatturinn greiðist í einu lagi.

6. gr.

Aftan við 9. gr. laganna bætist nýir stafliðir, svo hljóðandi:

e. Eignarauki, er stafar af aukavinnu, sem einstaklingar leggja fram utan reglulegs vinnutíma við byggingu íbúða til eigin afnota. Þessi ívilnun fellur þó burt að því leyti, sem vinnan kann að fást endurgreidd með söluhagnaði af íbúðinni samkv. e-lið 7. gr. Fjármálaráðherra setur um þetta nánari reglur.
f. Jarðræktarframlag ríkisins, samkvæmt II. kafla jarðræktarlaga, nr. 45 17. maí 1950.
g. Fæði sjómanns, er hann fær hjá atvinnurekanda.

7. gr.

Á 10. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1. d-liður orðist svo:

Iðgjöld af lífeyri, sem skattgreiðandi er skyldur lögum samkvæmt að tryggja sér eða maka sínum og börnum eftir sinn dag, svo og iðgjöld af hverri annarri lögboðinni persónutryggingu. Enn fremur skal draga frá tekjum þeirra skattgreiðenda, sem eigi eru að lögum skyldir að tryggja sér eða maka sínum og börnum lífeyri, iðgjöld af slíkum lífeyri, sem sannanlega hafa verið greidd á árinu, allt að 10% af launum eða nettótekjum skattgreiðandans, þó ekki hærri upphæð en kr. 7000.00 á ári. Heimilt er þó fjármálaráðherra að leyfa hærri iðgjaldagreiðslur til frádráttar tekjum, ef sérstakar ástæður mæla með því. Greiði vinnuveitandi hluta af frádráttarhæfu iðgjaldi eða það allt, dregst það frá tekjum hans sem rekstrargjöld, en telst ekki til tekna hjá launþega, og minnkar þá réttur hans til frádráttar á iðgjaldi sem því nemur og hverfur að fullu, ef vinnuveitandi greiðir allt iðgjaldið.

Ákvæði þessi gilda, þó að lífeyristrygging sé ekki bundin við lífstíð manns, heldur ákveðið árabil, enda sé það ekki skemmra en 10 ár („annuitetstrygging").

Heimilt er ráðherra að leyfa frádrátt á iðgjöldum, er atvinnufyrirtæki greiða sem stofnframlag til kaupa á lífeyristryggingum handa starfsmönnum sínum vegna liðins starfstíma, ef um er að ræða hliðstæðar reglur þeim, er gilda um tryggingar annarra aðila, enda sé iðgjaldaupphæðinni skipt með jöfnum greiðslum á það mörg ár, að frádráttarbærar iðgjaldagreiðslur verði ekki hærri en hjá öðrum hliðstæðum aðilum samkvæmt lögum þessum.

Skilyrði fyrir því, að iðgjöld fyrir ólögboðna lífeyristryggingu dragist frá tekjum samkvæmt framansögðu, er, að tryggingin sé keypt hjá lífeyrissjóði, tryggingarfélagi eða stofnun, sem starfar eftir reglum, er fjármálaráðuneytið samþykkir, og séu þar m. a. fyrirmæli um ávöxtun og vörzlu tryggingarfjárins og eftirlit með starfseminni.

Þá skal og draga frá tekjum iðgjald af lífsábyrgð, er skattgreiðandi hefur keypt sér, þó ekki hærra iðgjald en kr. 2000.00.

2. e-liður orðist svo:

Iðgjöld til stéttarfélaga, sjúkrasjóða, styrktarsjóða og atvinnuleysissjóða, þó ekki hærri en sem svarar 5% af hreinum tekjum aðila.

3. Í stað „keyptum verðbréfum" í f-lið komi: seldum verðbréfum.

4. Á eftir g-lið komi nýir stafliðir, þannig:

h. Fæðiskostnað sjómanna á fiskiskipum, ef þeir þurfa sjálfir að sjá sér fyrir fæði, og við ákvörðun þess kostnaðar sé farið eftir mati skattayfirvalda á fæði til tekna. Enn fremur skal draga frá tekjum háseta, bátsmanns og 2. stýrimanns á togara kr. 300.00 á mánuði og frá tekjum sjómanna á öðrum fiskiskipum kr. 200.00 á mánuði vegna sérstaks hlífðarfatakostnaðar, hvort tveggja miðað við þann tíma, sem þeir eru skráðir á fiskiskipin.

i. Ferðakostnað þeirra skattgreiðenda, er fara langferðir vegna atvinnu sinnar, eftir mati skattayfirvalda. Nánari ákvæði skulu sett í reglugerð um þennan frádrátt.

j. Nú vinnur gift kona, sem er samvistum við mann sinn, fyrir skattskyldum tekjum, en keypt er í staðinn heimilisaðstoð, og er þá heimilt að draga frá tekjum hjónanna, áður en skattur er á þær lagður, fjárhæð, er nemur persónufrádrætti konunnar samkvæmt 12. gr. og ⅓ af persónufrádrætti barna og annarra ómaga, sem hjónin hafa á framfæri á heimili sínu. Frádrátturinn í heild má þó aldrei vera meiri en nemur ⅔ af því, sem konan vinnur inn, og heldur ekki meiri en greitt hefur verið fyrir keypta heimilisaðstoð. Til keyptrar heimilisaðstoðar telst kaup og hlunnindi þjónustufólks á heimilum og greiðslur fyrir börn á dagheimilum. Sama gildir um einstæðar mæður, ef þær framfæra börn sín eða aðra ómaga heima og kaupa heimilisaðstoð vegna eigin öflunar skattskyldra tekna. Ekklar og ógiftir menn, sem hafa börn eða aðra ómaga á framfæri á heimili sínu og hafa haft ráðskonu eða keypt heimilisaðstoð, mega draga frá skattskyldum tekjum fjárhæð, sem nemur persónufrádrætti konu og ⅓ af persónufrádrætti ómaga sinna á heimilinu, þó ekki meira en tilkostnaðinum nemur.

k. Kostnaður við stofnun heimilis skal dreginn frá tekjum hjóna á því skattári, sem þau ganga í hjónaband, og skal sá frádráttur nema persónufrádrætti fyrir ómagalaus hjón samkvæmt 12. gr.

l. Helming af björgunarlaunum, er áhafnir skipa hljóta. Þetta gildir þó ekki um áhafnir þeirra skipa, sem eingöngu eru björgunarskip. Heimilt er að láta þetta ákvæði gilda um björgunarlaun, sem greidd voru árin 1951 og 1952, og endurgreiða skatt samkvæmt því.

m. Nú færir leigutaki í íbúðarhúsnæði sönnur á, að hann borgi hærri húsaleigu en því nemur, sem afnot húsnæðisins mundu talin til tekna, ef það væri sjálfsíbúð, og er honum þá heimilt að telja hálfan muninn til frádráttar

tekjum, áður en skattur er á þær lagður. Frádráttarheimild þessi gildir þó ekki fyrir einhleypa, og húsaleigufrádrátturinn má ekki nema meiru en kr. 600.00 á ári á hvern mann, sem framteljandi hefur bæði á framfæri og í heimili.

5. Síðasta málsgr. greinarinnar orðist svo:

Tekjur þær, sem koma til greina við ákvörðun skattsins, eru skattskyldar án tillits til þess, hvernig þeim er varið, hvort heldur gjaldandi hefur þær sér eða skylduliði sínu til framfæris, nytsemdar eða munaðar, til hjúahalds, nema til atvinnurekstrar sé, til þess að færa út bú sitt eða atvinnuveg, til umbóta á eignum sínum eða til þess að afla sér fjár, til gjafa eða hvers annars sem er.

8. gr.

2. málsgr. 11. gr. laganna orðist þannig:

Tekjur barna innan 16 ára (þar með talin stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn) teljast með tekjum foreldra. Séu tekjurnar meiri en sem nemur frádrætti fyrir börn samkvæmt 12. gr., er þó heimilt, að þau séu sjálfstæðir skattgreiðendur.

9. gr.

Fyrir 1. málsgr. 12. gr. laganna komi þrjár málsgreinar, þannig:

Frá hreinum tekjum heimilisfastra manna hér á landi, eins og þær eru ákveðnar samkvæmt lögum þessum, skal draga sem hér segir:

Fyrir einstakling kr. 6500.00.

Fyrir hjón kr. 12000.00 (6 þús. fyrir hvort).

Fyrir hvert barn kr. 4500.00.

Nú breytist kaupgjaldsvísitala til hækkunar eða lækkunar frá því sem hún var að meðaltali árið 1953, og skal þá framangreindum frádráttarupphæðum breytt í réttu hlutfalli við vísitölubreytingarnar. Brot úr hundraði skal fella niður af útkomu, þegar reiknaðar eru út frádráttarupphæðir.

Frádráttur veitist fyrir þau börn, sem ekki eru fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs, þegar skattur er á lagður. Hér með teljast stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn, sem ekki er greitt meðlag með. Fyrir aðra skylduómaga, sem skattgreiðandi hefur á framfæri sínu, veitist sami frádráttur og fyrir börn, en hafi þeir tekjur, lækkar frádrátturinn sem þeim nemur, og fellur burt, ef tekjuupphæðin nemur lögleyfðum ómagafrádrætti eða meiru.

10. gr.

Á eftir II. kafla laganna (21. gr.) kemur ný gr. (verður 22. gr.) í nýjum kafla, er verður III. kafli, með fyrirsögninni: **Um skattfrelsi sparifjár:**

Undanþegnar framtalsskyldu og eignarskatti eru innstæður í bönkum, sparisjóðum og löglegum innlánsdeildum félaga, svo sem hér segir:

a. Innstæður skattgreiðanda, sem ekkert skuldar.
b. Innstæður skattgreiðanda, er ekki skuldar meira en 120 þús. kr. samtals, enda séu þær skuldir fasteignaveðlán, tekin til 10 ára eða lengri tíma og sannanlega notuð til þess að afla fasteignanna eða endurbæta þær. Ákvæði þetta um frávik vegna fasteignaveðskulda nær ekki til félaga, sjóða eða stofnana.
c. Sá hluti innstæðna hjá öllum skattgreiðendum, sem er umfram skuldir. Innborgað hlutafé og stofnfé telst til skulda félaga í þessu sambandi.

Undanþegnir framtalsskyldu og tekjuskatti eru allir vextir af eignarskattfrjálsum innstæðum.

Þeir, sem bókhaldsskyldir eru, en njóta undanþágunnar, skulu með venjulegum hætti færa allar innstæður sínar og vexti af þeim í bækur sínar og ársreikninga.

Komi í ljós á framtölum gjaldenda ósamræmi milli ára, sem stafað getur af því, að innstæða hefur ekki verið framtalin vegna framangreindrar undanþágu, ber gjaldendum að leggja fyrir skattayfirvöld, þegar þess er krafizt, yfirlit frá

innlánsstofnunum um allar innstæður sínar á tímabili því, sem um er að ræða, og einnig geta skattayfirvöld krafizt hjá innlánsstofnunum allra þeirra upplýsinga, sem þau telja þörf fyrir í þessu sambandi.

11. gr.

1. málsl. 1. málsgr. 31. gr. laganna orðist þannig:

Gjaldendur skulu skattlagðir þar, sem þeir eiga lögheimili samkv. allsherjarspjaldskrá Hagstofu Íslands hinn 1. desember á viðkomandi skattári.

12. gr.

3. málsgr. 32. gr. laganna falli niður.

13. gr.

Í stað orðanna „ófullnægjandi og óglögg og tortryggileg“ í 4. málsl. 1. málsgr. 34. gr. laganna komi: ófullnægjandi, óglögg eða tortryggileg.

14. gr.

35. gr. laganna orðist svo:

Þegar á skattgreiðanda hefur fallið vegna alvarlegra sjúkdóma tilfinnanlegur kostnaður, sem ekki er bættur samkvæmt lögum um almannatryggingar, eða veikindi, slys eða mannslát hafa skert gjaldþol hans verulega, má skattanefnd taka við umsókn hans um linun eða eftirgjöf á skattgreiðslunni og senda hana með umsögn sinni til yfirskattanefndar, er leggur úrskurð á beiðnina. Skattanefnd getur og að eigin hvötum gert tillögu til lækkunar á skattgjaldi, þegar svo er ástatt sem segir í upphafi þessarar greinar. Yfirskattanefndir geta einnig, eftir tillögum undirskattanefnda, leyft persónufrádrátt fyrir ættingja eða vandamenn, sem vitað er um, að skattþegn hefur á framfæri sínu, allt að þeirri upphæð, sem leyfð er til frádráttar fyrir skylduómaga samkvæmt 12. gr.

15. gr.

Aftan við 44. gr. laganna bætist:

Einnig er ráðuneytinu heimilt að kæra úrskurði skattanefnda með sama hætti og skattþegni sjálfum. Þó er ráðuneytið eigi bundið við kærufresti.

Ákvæði þessarar greinar skulu gilda um alla ríkisskatta, er skattanefndir fjalla um.

16. gr.

45. gr. laganna orðist svo:

Lögreglustjórar — í Reykjavík tollstjóri — innheimta tekju- og eignarskatt á manntalsþingum ár hvert. Sé skatturinn eigi greiddur innan mánaðar frá gjalddaga, skal greiða dráttarvexti, ½% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem greiðsla dregst. Nú er skattur eigi greiddur fyrir næstu áramót, eftir að hann var á lagður, og skal þá greiða 1% dráttarvexti fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem greiðsla dregst frá þeim áramótum. Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett fyllri ákvæði um innheimtuna, svo sem að gjalddagar skuli vera fleiri en einn á ári, þar sem það þykir henta, um tilbúning og sölu skattmerkja og þess háttar. Einnig getur fjármálaráðherra með reglugerð skyldað kaupgreiðendur til að gefa skýrslur um mannahald og halda eftir og skila til innheimtumanns upp í þinggjöld manna hluta af kaupi þeirra til lúkningar gjöldunum, og má í reglugerðinni setja ýtarlegri ákvæði um allt, er að þessu lýtur. Kaupgreiðandi ábyrgist þá fé það, er hann hefur haldið eftir sem geymslufé. Fé þetta og gjöld, er ekki hefur verið haldið eftir vegna vanrækslu kaupgreiðanda, má taka lögtaki hjá honum sem eigin skattar væru. Nú vanrækir kaupgreiðandi að halda fé eftir upp í gjöldin,

skila innheimtufé eða umkröfðum skýrslum, og má þá einnig eita sektum, ef eigi er úr bætt innan hæfilegs frests, er innheimtumaður ákveður.

Enn fremur getur ráðherra með reglugerð ákveðið, að innheimta skuli fyrir fram upp í væntanlega skatta yfirstandandi árs hjá hverjum gjaldanda fjárhæð, er nemi allt að helmingi þeirra þinggjalda, sem honum bar að greiða næstliðið ár.

Nú breytir ríkisskattanefnd skatti svo seint, að tilkynning um það hefur eigi náð innheimtumanni fyrir gjalddaga skattsins, og skal hann þá innheimta eða endurgreiða þann skatt síðar á árinu.

17. gr.

Á eftir 55. gr. laganna komi fimm nýjar greinar, svo hljóðandi:

a. (63. gr.) Auk þess tekjuskatts, sem ákveðinn er í 6. gr., skulu þeir skattgreiðendur, sem taldir eru í 3. gr., greiða skattauka árið 1954 af tekjum ársins 1953 samkvæmt eftirfarandi reglum:

Af skattskyldum tekjum lægri en 8000 kr. greiðist enginn skattauki.

Af skattskyldum tekjum yfir 8000 kr., en undir 9000 kr., greiðist 2%.

Af	9—	10	þús.	kr.	greiðist	20	kr.	af	9	þús.	kr.	og	4 %	af afgangi
—	10—	12	—	—	—	60	—	—	10	—	—	—	5 %	— —
—	12—	14	—	—	—	160	—	—	12	—	—	—	6 %	— —
—	14—	17	—	—	—	280	—	—	14	—	—	—	7 %	— —
—	17—	20	—	—	—	490	—	—	17	—	—	—	8 %	— —
—	20—	25	—	—	—	730	—	—	20	—	—	—	9 %	— —
—	25—	30	—	—	—	1180	—	—	25	—	—	—	10 %	— —
—	30—	40	—	—	—	1680	—	—	30	—	—	—	11 %	— —
—	40—	100	—	—	—	2780	—	—	40	—	—	—	12 %	— —
—	100—	125	—	—	—	9980	—	—	100	—	—	—	10 %	— —
—	125—	150	—	—	—	12480	—	—	125	—	—	—	7 %	— —
—	150—	200	—	—	—	14230	—	—	150	—	—	—	5 %	— —
—	200		—	—	—	16730	—	—	200	—	—			

Um álagningu, gjalddaga, dráttarvexti, lögtaksrétt, viðurlög og innheimtu þessa skatts gilda sömu reglur og um tekjuskatt og eignarskatt.

b. (64. gr.) Þegar reiknaður hefur verið tekjuskattur þeirra, er um ræðir í 6. gr. II—III, og tekjuskattsviðauki samkvæmt 63. gr., skal árið 1954 skattupphæð hvers einstaks gjaldanda, af tekjum ársins 1953, lækkuð um 20% — tuttugu af hundraði.

c. (65. gr.) Stríðsgróðaskattur samkvæmt lögum nr. 21/1942, sem árið 1954 er lagður á tekjur ársins 1953, skal lækkaður hjá hverjum einstökum gjaldanda um 20% — tuttugu af hundraði.

d. (66. gr.) Eigi er heimilt að leggja tekjuútsvar á þann hluta hreinna tekna, sem er umfram 200 þús. kr. hjá þeim gjaldanda, er greiðir stríðsgróðaskatt.

e. (67. gr.) Eignarskattur samkvæmt 14. gr., á lagður árið 1954, skal innheimtur með 50% álagi.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við skattálagningu 1954 á tekjur ársins 1953. Jafnframt er úr gildi numin 1. gr., hluti af 4. gr. (a- og b-liðir), 5. gr. og hluti af 14. gr. (a- og i-liðir) laga nr. 20 1942, lög nr. 16 1949 og lög nr. 60 1949, um breyt. á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Ed. 649. Breytingartillaga [173. mál]

við frv. til l. um brunatryggingar í Reykjavík.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Á eftir 1. gr. komi ný grein, er verði 2. gr. (og breytist greinatalan samkv. því):
Bæjarstjórnin getur því aðeins tekið tryggingarnar í eigin hendur, að fjárhagslegur grundvöllur þeirra sé tryggur og iðgjöldin séu sambærileg iðgjöldum viðurkenndra tryggingarfélaga, sem hagkvæmast tilboð gefa, að viðbættu gjaldi, sem ákveðið er að leggja í sérstakan tryggingarsjóð, sbr. 1. gr.
Útboð samkv. 1. málsgr. 1. gr. skulu fara fram eigi sjaldnar en á 5 ára fresti.

Nd. 650. Frumvarp til laga [173. mál]

um brunatryggingar í Reykjavík.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur er heimilt að taka í eigin hendur brunatryggingar allra húseigna í lögsagnarumdæminu eða semja við eitt vátryggingarfélag eða fleiri um slíkar tryggingar eða um endurtryggingu á áhættu bæjarins að undangengnu almennu útboði.
Tekjur vátryggingarfélags af starfsemi samkvæmt samningi um slíkar tryggingar eru undanþegnar sköttum til bæjarsjóðs og ríkissjóðs.
Tekjur, sem bæjarstjórn kann að hafa af starfsemi samkv. 1. málsgr., skal leggja í sjóð til eflingar brunavörnum og tryggingarstarfsemi og lækkunar á iðgjöldum húseigenda eftir ákvörðun bæjarstjórnar.

2. gr.

Bæjarstjórnin getur því aðeins tekið tryggingarnar í eigin hendur, að fjárhagslegur grundvöllur þeirra sé tryggur og iðgjöldin séu sambærileg iðgjöldum viðurkenndra tryggingarfélaga, sem hagkvæmast tilboð gefa, að viðbættu gjaldi, sem ákveðið er að leggja í sérstakan tryggingarsjóð, sbr. 1. gr.
Útboð samkv. 1. málsgr. 1. gr. skulu fara fram eigi sjaldnar en á 5 ára fresti.

3. gr.

Áður en bæjarstjórn gerir samning samkv. 1. málsgr. 1. gr., skal leita álits Fasteignaeigendafélags Reykjavíkur um málið. Enn fremur skal fulltrúa, er stjórn félagsins tilnefnir, heimilt að fylgjast með ráðstöfun sjóðs þess, er um ræðir í 3. málsgr. 1. gr.

4. gr.

Skylt er að hafa öll hús í lögsagnarumdæminu brunatryggð hjá þeim aðila, er tryggingar annast samkv. 1. gr., og með því vátryggingarverði, er dómkvaddir menn meta, og meta þeir jafnframt brunatjón. Ef annar hvor aðili vill ekki una því mati, getur hann óskað yfirmats.
Ný hús skal meta eigi síðar en 4 vikum eftir að þau eru tekin í notkun.
Bæjarstjórn er heimilt að breyta árlega brunabótaverði húsa til samræmis við breytingar, er verða á byggingarkostnaði húsa í bænum.

5. gr.

Öll iðgjöld og matskostnaður hvíla á húseignum þeim, sem tryggðar eru, með forgangsrétti fyrir öðrum skuldbindingum, sem á eignunum hvíla.

Ef iðgjöld eru ekki greidd á réttum gjalddaga, má innheimta þau með lögtaki.

6. gr.

Bæjarstjórn setur nánari reglur um vátryggingarkjör, iðgjöld og annað það, er máli skiptir í sambandi við framkvæmd laga þessara.

7. gr.

Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 1 26. marz 1924, um brunatryggingar í Reykjavík, og lög nr. 87 16. des. 1943, um breyting á þeim lögum.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 651. Nefndarálit [150. mál]

um till. til þál. um kjarnfóðurframleiðslu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur sent þessa tillögu til umsagnar atvinnudeild háskólans (búnaðardeild), tilraunaráði jarðræktar, Sambandi ísl. samvinnufélaga og Mjólkurfélagi Reykjavíkur, en tveir síðasttaldir aðilar hafa um langt skeið haft með höndum sölu á fóðurblöndum. Hafa borizt umsagnir frá öllum þeim, er málið fengu til umsagnar, nema S. Í. S. Frá því hefur umsögn enn ekki borizt. Það kom fram í umsögnunum, sem n. var raunar kunnugt, að framleiðsluráð landbúnaðarins skipaði haustið 1951 5 manna nefnd til að athuga möguleika á ræktun kjarnfóðurs hér á landi. Sú nefnd skilaði ýtarlegu áliti um málið ásamt frv., sem síðan hefur verið í athugun hjá Búnaðarfélagi Íslands og Stéttarsambandi bænda. Hafa hvor tveggja samtökin mælt með frv., og flytur landbúnaðarnefnd Nd. það nú á Alþingi. Nefndin leggur því til, að tillagan verði afgreidd með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem athugun á möguleikum til kjarnfóðurframleiðslu hér á landi hefur farið fram og málið liggur nú í frumvarpsformi fyrir Alþingi, telur deildin ekki ástæðu til að samþykkja tillöguna og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 2. apríl 1954.

Ásgeir Bjarnason, form., frsm. Jón Sigurðsson, fundaskr. Gísli Guðmundsson.

Jón Pálmason. Hannibal Valdimarsson.

Nd. 652. Breytingartillaga [167. mál]

við brtt. á þskj. 636 [Tollskrá o. fl.].

Frá Sigurði Ágústssyni.

Meginmál b-liðar orðist svo:

	Toll-eining	Vöru-magns-tollur Aurar	Verð-tollur %
10. Fiskkassar	1 kg	2	2

Ed. 653. Frumvarp til laga [165. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Christensen, Ejvil Walin, bifreiðastjóri í Reykjavík, fæddur 6. febr. 1917 í Danmörku.
2. Clausen, Elisabeth, húsmóðir í Reykjavík, fædd 31. marz 1931 í Noregi.
3. Guðrún Steina Hólm Magnúsdóttir, húsmóðir í Reykjavík, fædd 15. marz 1929 á Íslandi.
4. Jacobsen, Trönd, verkamaður í Stykkishólmi, fæddur 21. febr. 1922 í Færeyjum.
5. Jörgensen, Jörgen, verkamaður í Reykjavík, fæddur 20. janúar 1919 í Noregi.
6. Kári Guðjónsson, sjómaður í Reykjavík, fæddur 30. október 1927 í Noregi.
7. Kjeldsen, Kaja, húsmóðir í Reykjavík, fædd 3. júlí 1925 í Danmörku.
8. Kjærvik, Julius Ingar, matsveinn í Reykjavík, fæddur 15. janúar 1923 í Noregi.
9. Krog, Else Marie Christine, húsmóðir í Reykjavík, fædd 13. júlí 1914 í Færeyjum.
10. Lambrechts, Fridtjov Johannes, sjómaður í Kópavogi, fæddur 29. júní 1917 í Noregi.
11. Machnitzky, Berta Emma, ráðskona að Sveinsstöðum í Lýtingsstaðahreppi, fædd 8. ágúst 1904 í Þýzkalandi.
12. Moravek, Johann Franz Josef, hljómlistarmaður í Kópavogi, fæddur 2. maí 1912 í Austurríki.
13. Spitzer, Erika Anita Maria Luise, húsmóðir í Reykjavík, fædd 3. apríl 1911 í Þýzkalandi.
14. Tavsen, Peter Andreas, sjómaður á Hofsósi, fæddur 20. sept. 1919 í Færeyjum.
15. Thorberg, Flemming, sjómaður í Reykjavík, fæddur 29. janúar 1933 í Danmörku.

2. gr.

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgararétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum nr. 54 27. júní 1925, um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 654. Nefndarálit [111. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 16 12. marz 1947, um menntun kennara.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. Meginmál greinarinnar orðist svo:
Húsmæðrakennaraskóli skal starfa á Íslandi, á þeim stað, sem fræðslumálastjórnin ákveður.

Alþingi, 2. apríl 1954.

Ingólfur Flygenring, form. Andrés Eyjólfsson, fundaskr. Bernharð Stefánsson, frsm.
Sigurður Ó. Ólafsson. Haraldur Guðmundsson.

Ed. 655. Nefndarálit [124. mál]

um frv. til l. um fuglaveiðar og fuglafriðun.

Frá menntamálanefnd.

Frumvarp þetta er samið af fimm manna nefnd, er menntamálaráðuneytið skipaði til að endurskoða lagaákvæði þau, er gilda um friðun fugla. Var það lagt fyrir Nd. með nokkrum breytingum. Nefndin hefur athugað frv. Kom dr. Finnur Guðmundsson á fund nefndarinnar, og var rætt við hann um málið. Einn nefndarmanna (HG) var fjarstaddur. Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Fastráðnum starfsmönnum við dýrafræðideild Náttúrugripasafns Íslands í Reykjavík skal heimilt að veiða fugla og safna eggjum handa safninu, hvar sem er, án þess að endurgjald komi fyrir, enda geri þeir landeiganda aðvart fyrir fram og sýni skilríki sín, verði því við komið.
2. Við 9. gr.
   a. 1. málsgr. orðist svo:
      Frá 15. apríl til 14. júlí ár hvert eru öll skot bönnuð nær friðlýstu æðarvarpi en 2 km, nema brýna nauðsyn beri til. Á sama tíma má eigi án leyfis varpeigenda leggja net nær friðlýstu æðarvarpi en ¼ km frá stórstraumsfjörumáli.
   b. Við 2. málsgr. Í stað „bæjarfógetar og sýslumenn“ komi: lögreglustjórar.
   c. Við 3. málsgr. Í stað „sýslumanni“ og „sýslumaður“ komi: lögreglustjóra, lögreglustjóri.
3. Við 10. gr. 3. málsgr. falli niður.
4. Við 18. gr. Greinin orðist svo:
   Við fuglaveiðar má eigi nota önnur skotvopn en þau, er skjóta má með fríhendis frá öxl. Hlaupvíðari haglabyssur en cal. 12 má eigi nota til fuglaveiða.

5. Við 19. gr. Greinin orðist svo:
   1. Eigi má nota flugvélar, bifreiðar eða önnur vélknúin farartæki á landi til fuglaveiða eða til að elta uppi eða reka fugla. Farartæki þessi má þó nota til að flytja veiðimenn, veiðihunda og veiðitæki að og frá veiðistað.
   2. Eigi má nota vélknúna báta til fuglaveiða á ósöltu vatni, og til fuglaveiða á sjó má eigi nota vélknúna báta, sem ganga hraðar en 9 sjómílur á klst.
6. Við 20. gr.
   a. 1. málsgr. orðist svo:
      Eigi má nota net til fuglaveiða á sjó eða vötnum.
   b. Aftan við greinina bætist ný málsgr., er orðist svo:
      Eigi má nota net til fuglaveiða á landi. Þó skal heimilt að veiða lunda í net, þar sem lundagröftur stendur æðarvarpi fyrir þrifum. Þessa veiðiaðferð má þó ekki stunda, nema verið sé yfir netunum og fuglinn hirtur úr þeim jafnóðum eða þeirra sé vitjað minnst tvisvar á dag. Heimilt skal að nota háfa til bjargfuglaveiða.
7. Við 21. gr.
   a. Orðið „svartfuglasnöru“ falli niður.
   b. Síðari málsl. falli niður.

Alþingi, 2. apríl 1954.

Ingólfur Flygenring, form., frsm. | Andrés Eyjólfsson, fundaskr. | Bernharð Stefánsson.

Sigurður Ó. Ólafsson.

Nd. 656. Breytingartillögur [12. mál]

við frv. til áfengislaga.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

Við 12. gr.

a. 2. málsgr. orðist svo:
   Í hverjum kaupstað, þar sem áfengissala er, skal þriggja manna nefnd dæma um, hvaða veitingahús fullnægja ákvæðum b-liðar 1. málsgr. Nefndirnar skulu skipaðar þannig: áfengisvarnaráð tilnefnir einn, ráðherra annan og hlutaðeigandi bæjarstjórn hinn þriðja.
b. Við 3. málsgr. bætist: og er óheimilt að veita vínveitingaleyfi, þar sem bæjarstjórn og áfengisvarnanefnd mæla á móti.

Nd. 657. Frumvarp til laga [160. mál]

um breyting á lögum nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

90. tölul. í 1. gr. laganna orðist svo:
Höfðakaupstaður: Höskuldsstaða-, Höfða- og Hofssóknir.
Prestssetur: Höfðakaupstaður.

2. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda, þegar notuð hefur verið heimild sú, er felst í bráðabirgðaákvæði laganna um prestsseturshús í Höfðakaupstað.

Bráðabirgðaákvæði.

Kirkjumálaráðherra er heimilt að láta reisa eða kaupa prestssetureshús í Höfðakaupstað, enda fylgi því að minnsta kosti 5 hektara ræktunarland, og að því loknu að leigja eða selja jörðina Höskuldsstaði.

Ed. 658. Breytingartillögur [165. mál]

við frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. Inn í greinina bætist eftirtalin nöfn í stafrófsröð (og breytist liðatalan samkvæmt því):

a. Benske, Erich Gerhard Julius, verzlunarmaður í Reykjavík, fæddur 2. júlí 1895 í Þýzkalandi.
b. Benske, Sesselja Guðmundsdóttir, húsmóðir í Reykjavík, fædd 28. febrúar 1903 á Íslandi.
c. Holmboe, Sigrid Johanne Emilie, húsmóðir í Reykjavík, fædd 20. desember 1901 í Danmörku.
d. Ward, Herbert Patrick, verkamaður í Reykjavík, fæddur 10. júlí 1922 á Írlandi.

Nd. 659. Frumvarp til laga [199. mál]

um kornrækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Landbúnaðarráðherra skal hafa yfirstjórn þeirra mála, er lög þessi varða, en hann getur falið Búnaðarfélagi Íslands eða öðrum aðilum framkvæmd þeirra, eftir því sem henta þykir á hverjum tíma.

2. gr.

Einstökum bændum eða fleirum í sameiningu, er mynda félagsleg samtök um að taka kornrækt sem framleiðslugrein, þar sem bygg og hafrar er ræktað til þroskunar, skal gefinn kostur á sérstökum stuðningi, ef þeir uppfylla ákvæði 3. greinar.

3. gr.

Skilyrði fyrir því, að framlag sé veitt til kornræktar, eru:

1. Að býlin séu þar í sveit sett, að vænta megi í öllu venjulegu árferði, að korn nái fullum þroska.
2. Að hlutaðeigandi búandi eða búendur hafi umráð fyrir minnst 20 hekturum af ræktanlegu landi, sem er girt fjárheldri girðingu og fullundirbúið til jarðvinnslu, að því er tekur til framræslu landsins.
3. Að aðilar skuldbindi sig til um 10 ára tímabil að framkvæma bygg- og hafrarækt til þroskunar á minnst 10 hekturum lands.
4. Að þeir skuldbindi sig til að hlíta þeim reglum, er settar verða um vinnslu landsins, áburðarnotkun, tegundaval sáðkornsins, uppskeru þess og meðferð hennar til tryggingar því, að framleiðslan verði sem bezt markaðshæf vara.

5. Að þeir haldi skýrslur þær, sem fyrirskipaðar verða um allt, er varðar tilkostnað og tekjur rekstrarins, enn fremur uppskeruskýrslur og nákvæmt yfirlit um alla framkvæmd ræktunarinnar og á hvaða tíma hvert verk er unnið að framleiðslunni.

4. gr.

Þeim, sem hafa tekið að sér samningsbundna kornyrkju, skal árlega í tæka tíð tryggður aðgangur til kaupa á sáðkorni af byggi og höfrum, af þeim stofnum, er reyndir hafa verið í hérlendum tilraunum og beztir hafa reynzt, enda fylgi vottorð atvinnudeildar háskólans um uppruna sáðkornsins, hreinleika þess og spírunarhæfni. Skal með reglugerð ákveðið, hverjar kröfur séu gerðar í þessu efni.

Samningsbundnir aðilar að kornyrkju skulu hafa forgang að taka að sér stofnræktun útsæðis eftir þeim reglum, er um þá ræktun gilda eða síðar kunna að verða settar, enda uppfylli þeir þau skilyrði, sem fyrir þeirri ræktun eru sett, og sé sérsamningur um það gerður í hverju tilfelli.

5. gr.

Framlög til eflingar kornræktar skulu vera sem hér segir:

1. Til styrktar kaupum á kornræktarvélum allt að 50% af kaupverði. Heimilt er að veita styrkinn til kaupa á sáðvélum, sjálfbindurum, þreski- og kornhreinsunarvélum.
2. Árlegur stofnstyrkur, sem svari hálfu jarðræktarframlagi ríkisins á jarðvinnslu til túnræktar samkvæmt jarðræktarlögum, enda miðist styrkurinn við flatarmál þess lands, sem söluhæft korn fæst af á því býli eða býlum, er gert hafa samning um kornyrkju.
3. Til viðurkenningar þeim, sem eru til fyrirmyndar um kornrækt.

6. gr.

Á árinu 1954 er heimilt að takmarka kornyrkjusamninga við 10 aðila, en á næstu 10 árum sé 10 nýjum aðilum árlega gefinn kostur á samningum með þeim kjörum, sem lögin gera ráð fyrir. Skal það gert með auglýsingu fyrir 30. júní árið áður en ræktun hefst. Skulu samningar gerðir fyrir þann tíma, að jarðvinnslu vegna kornræktar geti verið lokið fyrir 1. okt. haustið áður en ræktun er framkvæmd.

7. gr.

Með reglugerð skal ákveða nánari fyrirmæli um framkvæmd kornræktarinnar og um eftirlit með henni. Leiðbeiningar séu útgefnar um undirbúning og framkvæmd ræktunarinnar, svo og um meðferð uppskerunnar, og sé eintak af þeim afhent samningsaðilum, um leið og samningar eru gerðir.

8. gr.

Framlög ríkisins til samningsbundinnar kornyrkju ákveðast þennig:

1. Hámark stofnframlags til vélakaupa hvers samningsaðila samkvæmt 6. gr. er kr. 15000.00.
2. Hámark stofnframlags til kornræktar hvers samningsaðila sé kr. 3600.00 á ári.
3. Til verðlaunaveitinga er hámark alls á ári kr. 10000.00.

Almennur jarðræktarstyrkur greiðist ekki á þá jarðvinnslu, sem samningur um kornyrkju nær til.

9. gr.

Fé því, sem ætlað er til verðlaunaveitinga, sé skipt í fyrstu, önnur og þriðju verðlaun. Hve mörg verðlaun eru veitt og fjárhæð hvers verðlaunaflokks ákveðst af landbúnaðarráðherra. Hlutaðeigandi aðilar fái afhent skrautritað verðlaunaskírteini ásamt verðlaunum.

10. gr.

Landbúnaðarrráðherra gefur út reglugerð um framkvæmd laga þessara.

11. gr.

Lög þessi skulu endurskoðuð áður en 10 ár eru liðin frá því þau eru sett.

Greinargerð.

Frv. þetta hefur nýlega verið sent landbúnaðarnefnd Nd. og er flutt af nefndinni samkvæmt ósk framleiðsluráðs landbúnaðarins, landbúnaðarráðherra og landnámsstjóra. Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að flytja eða fylgja síðar breytingartillögum við frv., ef þurfa þætti.

Hér fer á eftir greinargerð sú, er fylgdi frv., ásamt nefndaráliti kornræktarnefndar, sem gefur veigamiklar upplýsingar um kornræktarmálin hér á landi.

Frumvarpið er samið að tilhlutun framleiðsluráðs landbúnaðarins af nefnd, er það skipaði 25. okt. 1951.

Nefndin skilaði til framleiðsluráðs bráðabirgðatillögum 3. marz s. l. ár. Framleiðsluráðið lagði tillögur þessar fyrir búnaðarþing.

Búnaðarþing samþykkti ályktun varðandi málið, þar sem það lýsti því yfir, að það í grundvallaratriðum féllist á tillögur kornræktarnefndarinnar, og gerir nokkrar athugasemdir og ábendingar, sem hafðar hafa verið til hliðsjónar við samningu frumvarpsins.

Aðalfundur Stéttarsambands bænda á Laugarvatni 1. sept. 1952 lýsti sig fylgjandi því, að lög yrðu sett um kornyrkju.

Nefndin hefur því samið frumvarp til laga um kornrækt. Til skýringar því skal eftirfarandi tekið fram:

Nefndin er sammála um, að fengin reynsla af kornyrkju í landinu gefi fulla ástæðu til, að veittur sé stuðningur til eflingar þessari framleiðslugrein, og að fyrst og fremst sé aðgerða þörf til að auka þekkingu bænda á kornrækt. Þeim tilgangi verður bezt náð með því, að stuðlað sé að því, að einstakir bændur taki kornræktina upp sem lið í búrekstri sínum og þeim veitt til þess fræðileg aðstoð og nokkurt framlag til þess stofnkostnaðar, er leiðir af þeirri breytingu í búskaparháttum að taka kornyrkju upp.

Á þessum forsendum er frumvarp það, sem hér kemur fram, samið. Varðandi einstakar greinar frumvarpsins skal eftirfarandi tekið fram.

Um 1. gr.

Það þykir eðlilegt, enda í samræmi við hliðstæð lagaákvæði, svo sem jarðræktarlög, að Búnaðarfélagi Íslands sé falin framkvæmd laganna, enda verður að ætla, að það hafi beztu aðstöðu til að leiðbeina um framkvæmd kornyrkjunnar og meðferð uppskeru, svo og að móta þær reglur, sem settar verða um framkvæmdir og samninga við aðila.

Um 2. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir, að einstökum bændum eða fleiri, sem hafa aðstöðu til sameiginlega að taka undir kornyrkju þá lágmarkslandstærð, 10 ha, sem lögin ákveða, skuli gefinn kostur á nokkrum fjárhagslegum stuðningi til þess að taka upp kornyrkju um ákveðið árabil eftir fyrirframgerðum samningi.

Það er augljóst, að sá, sem tekur upp kornrækt, verður að leggja í verulegan stofnkostnað umfram það, sem þarf við venjulegan búrekstur, einkum vegna vélakaupa, byggingar kornhlöðu o. fl. Til þess að kornræktin standi undir þeim kostnaði, verður ræktun korns að vera framkvæmd í þeim stíl, að afraksturinn og þá einnig landstærðin, sem ræktað er á einum stað, svari til þess lágmarks, er vélasamstæðurnar hæfa fyrir. Þykir því rétt, að í þéttbýli séu fleiri bændur saman, er

að ræktuninni standa á félagslegum grundvelli, og reglur séu settar, um leið og samningur er gerður, fyrir slíkri samyrkju.

Um 3. gr.

Greinin ákveður skilyrði fyrir því, að samningar séu gerðir um kornyrkju og framlag veitt eftir lögunum.

Það þykir rétt, að ákvörðun um, hvaða býli komi til greina með kornyrkju, sé lögð í hendur þess aðila, sem fer með framkvæmd laganna, en þó bundið því skilyrði, að lega lands og veðurskilyrði staðarins séu þannig, að vænta megi í öllu venjulegu árferði, að bygg og hafrar nái fullum þroska á viðkomandi stað. Í öðru lagi verður land að vera fyrir hendi svo undirbúið að framræslu og girðingum, að það sé ekki til hindrunar, að kornræktin geti strax hafizt og samningar hafa verið gerðir. Landstærðin er bundin því, að tún og land undirbúið til ræktunar sé minnst 20 hektarar, af því yrði samningsbundið, að korn sé árlega haft í minnst 10 hekturum. Það er flatarmál, er telja verður sem lágmark fyrir nýtingu þess vélakosts, sem lögin gera ráð fyrir, að framlag sé veitt til.

Fjórði liður greinarinnar felur í sér, að í samningum eða á annan hátt séu settar reglur og gefnar leiðbeiningar um framkvæmd ræktunarinnar. Samhliða því verður að gera ráð fyrir, að leiðbeiningar um kornræktina séu gefnar á hverjum stað af kunnáttumönnum um kornrækt, er hafi eftirlit með því, að samningar séu uppfylltir.

Fimmti liður greinarinnar felur í sér, að með skýrslunum fáist skráð sú reynsla um kornrækt, sem ávinnst við framkvæmd laganna og gæti skapað grundvöll fyrir bættri og öruggari leiðbeiningastarfsemi um kornyrkju síðar.

Um 4. gr.

Til þess að tryggja það, að eigi séu notaðir aðrir stofnar en reynsla er fyrir af útsæðiskorni, að vel hafi gefizt hér, þá eru þau skilyrði sett, að atvinnudeild háskólans hafi eftirlit og leiðbeiningar um val tegunda og stofna, enda gert ráð fyrir, að þeir, sem fara með framkvæmd laganna, sjái um útvegun sáðkornsins. Að sjálfsögðu yrði notað innlent útsæði af eigin uppskeru, eftir að kornræktin er komin í gang, en þó því aðeins, að rannsóknir atvinnudeildar sýni, að það sé góð sáðvara.

Enda þótt frumvarpið feli ekki í sér ákvæði um skiptiræktun, leiðir það af sjálfu sér, að þessir aðilar taki upp regluleg sáðskipti í búrekstri sínum. Þykir því rétt að tryggja þeim forgangsrétt til að taka að sér stofnræktun útsæðis af kartöflum, en stofnræktun þessi hefur verið gerð hin síðustu ár með sérstökum samningum við einstaka bændur, en það er gert samkvæmt ákvæðum gildandi laga um, að grænmetisverzlun ríkisins semji um slíka ræktun við bændur og að ræktað sé útsæði af völdum stofnum, sem tilraunastöðvarnar í jarðrækt leggja til.

Um 5. gr.

Framlög þau, sem lögin gera ráð fyrir, eru stofnframlag til vélakaupa og stofnstyrkur vegna hinnar árlegu vinnslu á landinu.

Sá vélakostur, sem þarf til kornyrkju, umfram þau áhöld og vélar, sem notuð eru í almennum búrekstri, eru sáðvélar fyrir korn, sjálfbindarar og þreskivélar ásamt kornhreinsunartækjum. Kaupverð þessara véla, miðað við, að þær séu fullnægjandi við framleiðslu korns af 10—15 hekturum, er nú 26500.00 kr., komnar til landsins. Með samsetningarkostnaði og flutningskostnaði frá sölustað má gera ráð fyrir, að kostnaðarverð vélanna verði um 30 þús. kr., og er gert ráð fyrir, að framlög til vélakaupanna séu 50% af kostnaðarverðinu. Er það hliðstætt þeim kjörum, sem ræktunarsambönd fengu á sínum tíma á stórvirkum jarðvinnslutækjum. Þeir, sem þessa ræktun ætla að stunda, verða að eiga öll venjuleg jarðvinnslutæki, svo sem

plóga, herfi, áburðardreifara og valtara, en þar sem þessara áhalda er not við búið, er ekki gert ráð fyrir framlagi, þó að aðilar þurfi að kaupa þau.

Stofnframlag vegna árlegrar vinnslu á landinu, sem svarar hálfu jarðræktarframlagi ríkisins á jarðvinnslu til túnræktar, er 100 kr. grunnframlag að viðbættri vísitölu og mundi við núverandi aðstæður nema um 360 kr. alls á hektara. Það er gert ráð fyrir því, að styrkurinn sé greiddur á það flatarmál, sem söluhæft korn fæst af. Er þetta ákvæði sett með tilliti til, að sem bezt sé vandað til verka við kornyrkjuna, því að það er reynsla fyrir því, að í flestum sveitum í öllum landsfjórðungum fæst fullþroskað korn í öllu meðalárferði og að ræktun korns sé því nær jafnárviss og kartöfluræktun.

Þá er ástæða til að veita þeim viðurkenningu, sem framkvæma kornyrkju svo, að til fyrirmyndar sé. Þessir aðilar mundu vegna þekkingar sinnar geta leiðbeint um kornrækt í nágrenni sínu, og fordæmi þeirra mundi auka ræktunarmenningu í viðkomandi sveit eða héraði.

Um 6. gr.

Þar sem hér er að ræða fyrst og fremst um aðgerðir til að auka þekkingu bænda á kornyrkju og framkvæmd hennar, þá þykir rétt, að í byrjun sé farið hægt á stað. Er því gert ráð fyrir, að hið fyrsta ár eftir gildistöku laganna verði framlag veitt 10 aðilum, sem hafi 100 ha af landi undir kornrækt, árlega sé talan aukin um 10, þar til 100 bændur hafa minnst 1000 ha lands ræktaða með korni, en það svarar til þess, að í sæmilegu meðalári væri kornyrkja á ⅙ hluta þess flatarmáls, sem rækta þyrfti, til að landið væri óháð innflutningi korns til fóðurs, miðað við síðasta árs innflutning.

Reynslan hefur sýnt, að akrana þarf að hafa undirbúna að haustinu, og þarf haustplægingu að vera lokið í september. Þess vegna er gert ráð fyrir, að ákvörðunum og samningum sé lokið fyrir þann tíma sumarið áður en kornræktin hefst.

Um 7. gr.

Þar sem hér er fyrst og fremst stefnt að eflingu kornræktar með því að auka þekkingu almennings á þessari framleiðslugrein með nokkurs konar sýnikennslu hjá þeim, er kornrækt framkvæma fyrir atbeina laganna, þá er nauðsynlegt, að út séu gefnar öruggar leiðbeiningar og faglegar leiðbeiningar séu gefnar þeim, er við ræktunina fást. Er ætlazt til, að ákvæði varðandi þessi atriði séu sett með reglugerð.

Um 8. gr.

Þar er sett hámark á fjárhæðir framlaga ríkissjóðs til kornyrkju. Til vélakaupa er framlagið jöfn fjárhæð öll árin 10 og getur numið hæst 150 þús. kr. á ári. Stofnframlag til ræktunar nemur fyrsta árið 36 þús. kr., en hækkar á næstu 10 árum um 3600 kr. fyrir hvern nýjan samningsbundinn aðila, er samninga fær. Hver aðili, sem samið yrði við, yrði minnst á 10 árum að rækta 30 hektara að nýju til að geta árlega haft 10 ha með korni, þar sem ræktun korns í sama landi, án þess að skipt sé um, er 3 ár.

Jarðabótaframlag á þessa ræktun, sem fellur niður samkvæmt lögunum, er 21600 kr. Í þess stað kemur stofnframlagið, sem mundi nema á 10 hektara á 10 ára tímabili 36 þús. kr. Mismunur, sem þessi ræktun yrði styrkt, nemur því árlega um 1500 kr. á hvern samningsaðila fram yfir það jarðabótaframlag, sem nú er veitt. Á móti því kemur að loknu 10 ára tímabilinu, að sparaður er erlendur gjaldeyrir til kaupa á ⅙ af því korni, sem nú er flutt inn, og mundi framleiðsluverðmæti þessa korns með núgildandi verðlagi nema 3.2 millj. kr. Það má og taka til greina, að kornræktin knýr fram stórbætta jarðvinnslu á því landi, sem notað er til kornræktar, og bætir því fóðuröflunaraðstöðu, eftir að landið hefur verið lagt út sem varanlegt tún.

Eftirfarandi tölur sýna, hverju framlög hins opinbera geta numið hæst samkvæmt lögunum:

Árið	Tala samnings-aðila	Stærð akra ha	Stofnframlag: Vélar og verðlaun krónur	Stofnframlag: Ræktun krónur	Stofnframlag: Samtals krónur
1954	10	100	160 000	36 000	186 000
1955	20	200	160 000	72 000	232 000
1956	30	300	160 000	108 000	268 000
1957	40	400	160 000	144 000	304 000
1958	50	500	160 000	180 000	340 000
1959	60	600	160 000	216 000	376 000
1960	70	700	160 000	252 000	412 000
1961	80	800	160 000	288 000	448 000
1962	90	900	160 000	324 000	484 000
1963	100	1000	160 000	360 000	520 000

Til þess að fá það stofnframlag, sem hér um ræðir, verður flatarmálsaukning ræktunar að nema 3000 hekturum hjá þessum 100 bændum, og túnaukning þeirra yrði því 20 ha á þessu 10 ára tímabili.

Um 9. gr.

Að heitið er verðlaunum, á að miða að því að hvetja aðila til að sýna sérstaka vandvirkni og alúð við framkvæmd kornyrkjunnar.

Um 10. gr.

Þarf ekki skýringar.

Um 11. gr.

Þar sem hér er að ræða um tilraun til þess að fá úr því skorið, hvort hagkvæmt sé fyrir bændur og íslenzkan landbúnað að taka upp kornrækt, og enn fremur til þess að auka þekkingu bænda á réttum kornræktaraðferðum, þá þykir sjálfsagt, að lögin séu endurskoðuð, þegar lokið er fyrsta reynslutímabili í þessum efnum.

Nefndin er ekki fyllilega sammála um, að beri að leggja jafnmikla áherzlu á kornræktina og hér er lagt til. Runólfur Sveinsson telur, að beri að leggja meiri áherzlu og alúð við grasrækt, grænfóðurrækt og bætta heyverkun með súgþurrkun og aukinni votheysverkun, og ályktar, að hægt sé á þann hátt að draga úr innflutningi á kolvetnafóðri og með því minnka notkun kornfóðurs.

Þar sem aðrir nefndarmenn viðurkenna réttmæti þessa sjónarmiðs, þá beinir nefndin því til framleiðsluráðs, hvort það vildi vinna að því, að hliðstæður kafli kornræktarfrumvarpinu væri settur inn í jarðræktarlög eða önnur ákvæði til styrktar aukinni grænfóðurrækt og bættrar heyverkunar.

Reykjavík, 30. okt. 1952.

Pálmi Einarsson. Jón Sigurðsson. Runólfur Sveinsson.
Sverrir Gíslason. Klemenz Kr. Kristjánsson.

Fylgiskjal.

Framleiðsluráð landbúnaðarins lagði fyrir nefndina að athuga og gera tillögur um eftirgreind atriði:

1. Aðstöðu landbúnaðarins til aukinnar kornræktar.
2. Hvaða aðgerða er þörf til þess að auka kornræktina, ef aðstaða hennar hérlendis þykir þess eðlis, að það hafi hagnýta þýðingu.

Það er fyrir fram vitað og óumdeilt, að sú kornrækt, sem hér kemur til greina, er ræktun á byggi og höfrum. Aðrar korntegundir hafa ekki náð hér viðhlítandi þroska, þegar miðað er við þá stofna, sem reyndir hafa verið t. d. af hveiti og rúg. Þessu viðhorfi getur að vísu aukin þekking og vísindaleg tækni breytt, ef framleidd verða afbrigði, sem eru harðgerðari og þurfa styttri vaxtartíma til þroskunar heldur en þau, sem nú eru þekkt. Þrjátíu ára tilraunir um kornyrkju á Íslandi, svo og reynsla þeirra bænda, er tekið hafa upp kornyrkju hin síðustu 20 ár, staðfesta þessa ályktun.

Af því leiðir, að hið fyrsta, sem athuga þarf í þessu sambandi, er, hver þörf þjóðarinnar er fyrir þessar korntegundir og að hverju leyti er hægt og rétt að auka notkun þeirra með tilliti til, að þær komi í stað annarra erlendra korntegunda til fóðurs og neyzlu. Í annan stað kemur einnig til greina rannsókn og samanburður á því, hvort önnur innlend fóðurframleiðsla sé framkvæmanleg til að draga úr notkun og innflutningi korns erlendis frá.

1. Notkun þjóðarinnar á kornvörum.

Samkvæmt innflutningsskýrslum ársins 1951 er heildarinnflutningur af korni, kornvörum og fóðurvörum, sem að meiri hluta eru kornafurðir, þar með talinn úrgangur við kornmölun, þessi:

Tegund	Magn tonn	Fob.-verð þús. kr.	Cif.-verð þús. kr.
Ómalað korn	1739.4	3418	3946
Mjölvörur	14134.5	24461	28105
Ýmsar teg. kornvara til skepnufóðurs	3920.3	5085	6092
Alls:	19794.2	32964	38143

Af þeim tæpum 20 þúsund tonnum, sem innflutt eru, nema bygg og hafrar og vörur úr þeim korntegundum eigi nema litlum hluta innflutningsins, eða bygg 240.1 tonni og hafrar 402.8 tonnum, eða samtals 642.9 tonnum, og auk þess mjölvörur úr þessum tegundum 30.6 tonn. Hafrar og bygg og afurðir þessara korntegunda gera því alls í korninnflutningnum 1951 673.5 tonn, en það svarar til um 6800 tunna af ómöluðu korni.

Þá er enn fremur flutt inn maísmjöl, 5315.4 tonn, sem innifalið er í heildarinnflutningnum, og getur bygg og hafrar að verulegu leyti komið í þess stað, þegar um gripafóður er að ræða.

Í þriðja lagi er innifalið í heildarinnflutningnum tilbúið gripafóður, fóðurblöndur og úrgangur frá kornmölun, samtals 3920.3 tonn, en af því eru um 2873 tonn korntegundir, sem hafrar og bygg má telja jafngildisfóður fyrir.

Árið 1951 eru því fluttar til landsins kornvörur alls 8862 tonn, sem að verulegu leyti kæmi að sömu notum að nota bygg og hafra í staðinn fyrir. Verð þessa innflutnings er fob. 12.1 millj. kr., en cif.-verð 14.5 millj. kr. Það er ljóst, að það getur verið réttmætt íhugunarefni, hvort ekki er hægt að fullnægja kornvöruþörfinni að því er tekur til 45% af innflutningnum á annan hátt en að þurfa að greiða það með erlendum gjaldeyri, er nemur minnst 12 millj. kr. á ári.

2. Leiðir til að draga úr innflutningsþörf þjóðarinnar á kornvörum.

Þegar athugaðir eru möguleikar til breytinga og lækkunar á þessum útgjaldaliðum þjóðarbúsins, koma fyrst og fremst til athugunar tvær leiðir:

1. Að efla og bæta innanlands fóðurframleiðslu af öðru kolvetnaauðugu fóðri en korni og með því að minnka niður í mögulegt lágmark notkun korns til fóðrunar.
2. Að framleiða innanlands bygg og hafra, að svo miklu leyti sem þessar korntegundir geta komið í stað þeirra, sem innfluttar eru.

Það þarf engum getum að því að leiða, að grasræktin og grænfóðurrækt af höfrum og belgjurtum er öruggasta fóðurframleiðslan hérlendis, að því tilskildu, að gróðrinum sé séð fyrir nægum áburði í réttum hlutföllum, ábornum á réttum tíma, og að allur ræktunarundirbúningur sé vel af hendi leystur, svo sem framræsla lands og jarðvinnsla.

Það leikur því ekki á tveim tungum, að stefna ber að því að efla og bæta hey- og grænfóðurframleiðsluna og auka á þann hátt fóðurgildi þessara fóðurtegunda og á þann hátt beinlínis að draga úr notkun kjarnfóðurs umfram það, sem alveg er óhjákvæmilegt, til þess að búfé gefi fullt afurðamagn miðað við afurðagetu hvers einstaklings.

Þegar íslenzk taða verkast vel og samhliða er notað vel verkað vothey af töðu eða grænfóðri, er hægt að komast af með mjög litla kjarnfóðurgjöf.

Þrátt fyrir það þó verulega megi draga úr kornfóðurnotkun á þennan hátt, verður ekki fram hjá þeirri staðreynd gengið, að bætt og aukin gróffóðurframleiðsla getur ekki útrýmt þörf landbúnaðarins fyrir notkun byggs og hafra, enda þótt sterkar líkur séu fyrir, að mjög megi úr henni draga á þennan hátt. Til þess að gera sér grein fyrir, að hve miklu leyti er rétt og mögulegt með bættum ræktunaraðferðum túngrasa og grænfóðurs og auknu öryggi við heyverkun og verkun votheys að minnka kornfóðurnotkunina, verður að greina milli, hve mikið er notað af því fyrir hverja búfjártegund og í hvaða tilgangi. Hina hlutfallslega miklu kornfóðurnotkun hér á landi til fóðurs má rekja til þrennra orsaka:

1. Það er notað sem fóðurbætir vegna þess, að heyfóðrið, sem aflað er, er svo létt, að ekki er hægt að afurðafóðra búfé á því á viðunandi hátt. Þegar tún eru seint slegin, taða hrekst, áður en heyið kemur í hlöðu, eða verkast illa af öðrum ástæðum, þá er ekki hægt að fá hámjólka kýr til að éta nóg af heyi eingöngu, svo að þær haldi eðlilegri nyt. Hið sama gildir um beitarfénað, einkum ær síðari hluta meðgöngutímans.
2. Þá hefur í öðru lagi korn eða kornvörur verið notað vegna almenns fóðurskorts, þ. e. a. s. að kornið er notað vegna heyþrots sem viðbótarfóður handa nautgripum, sauðfé og hrossum, með beit eða mjög takmarkaðri heygjöf.
3. Í þriðja lagi eru tvær tegundir búfjár, hænsni og svín, sem eigi verður hjá komizt að fóðra að verulegu leyti á korni.

Gagnvart 1. og 2. lið ber áreiðanlega að leita úrræða með því að tryggja betur en gert hefur verið enn þá hey- og grænfóðurframleiðslu. Því marki þarf að ná með:

1. Bættum ræktunaraðferðum, framræslu ræktunarlanda og beitilanda, góðri jarðvinnslu við túnræktunina og réttri áburðarnotkun.
2. Með notkun kynbættra, þolnari stofna af þeim tegundum, sem notaðar eru til túnræktar og grænfóðurframleiðslu.
3. Með bættum hraðvirkari og öruggari verkunaraðferðum á heyi og grænfóðri.

Þó lögð sé áherzla á þetta hér, að stefna beri að bættri fóðuröflun af grænfóðri og heyi, þá verður ekki í náinni framtíð komizt hjá notkun á kornfóðri í fóðurblöndur fyrir nautgripi og sauðfé, þó að úr því beri að draga frá því, sem verið hefur á síðasta áratug.

Það er áætlað, að við notum um 24 milljónir fóðureininga í kjarnfóðri fyrir búpening landsmanna. Af því munu rúmar 15 millj. fóðureininga notaðar fyrir nautgripi, sauðfé og hross, en tæpar 9 milljónir fóðureininga fyrir aðrar búgreinar, aðallega alifugla og svín. Mestur hluti þess er fóður fyrir hænsni.

Það mun láta nærri, miðað við notkunarhlutföll hin síðustu ár, að af kjarnfóðri aðalbúgreinanna þriggja sé um 63% eggjahvítuauðug fóðurefni, en um 37% að uppruna frá korntegundunum, og er þá kornhrat eða klíð talið þar með, og nemur þessi notkun alls 4.550.000 fóðureiningum. Sé gert ráð fyrir, að af kjarnfóðri alifugla sé um 50% korntegundir, nemur kornfóðurþörf þeirra um 4.5 milljónum fóðureininga. Kemur það að mestu leyti heim við innflutningstölur þær, sem áður

eru nefndar, eða 8550 tonn af kornvörum, en innflutningurinn 1951 var, eins og áður segir, 8862 tonn, en í því eru meðtaldir hafrar og bygg, sem flutt hefur verið inn til útsæðis vegna grænfóðurræktar.

Því miður verður því ósvarað að svo stöddu, hverju bættar aðstæður um hey- og grænfóðurframleiðslu geta áorkað til að draga úr kornvöruþörfinni, en gengið út frá notkuninni 1951 sem hámarksmagni. Svarar það til, miðað við 16 tnr. meðaluppskeru af hektara, að rækta þyrfti 5538 ha til þess að fullnægja innflutningsþörfinni.

Samkvæmt innflutningsskýrslum 1951 nemur cif.-verð á hvert kg af innflutningi kornsins, sem til greina kemur að afla innanlands með ræktun, 1.92 kr. Þess ber þó að gæta, að þar er meðtalið 125 tonn af sáðkorni, sem hækkar verðið lítils háttar. Ber því að athuga, hvort líkur séu til, að jafngóða vöru sé hægt að framleiða hér tilsvarandi eða lægra verði en innflutningsverðinu nemur.

3. Tilraunir og árangur þeirra.

Það eru á þessu hausti 30 ár síðan fyrstu tilraunir hófust í Reykjavík með sáðtíma á Dönnesbyggi. Þessar tilraunir voru gerðar þar í 4 ár. En þegar stofnað var til tilraunastarfsemi á Sámsstöðum í Fljótshlíð vorið 1927, var þar haldið áfram tilraununum varðandi framkvæmd kornræktar og reynd á annað hundrað afbrigði af byggi og höfrum, rúgi og hveiti. Það, sem haldið hefur velli í kornræktinni þar, eru bygg og hafrar. Hveiti og rúgur hafa ekki reynzt árvissar tegundir á skjóllausu landi, en tekizt hefur að ná fullum þroska á vorhveiti í góðu skógarskjóli, jafnvel í lélegu kornræktarsumri eins og 1945. Auk afbrigðatilraunanna hafa um aldarfjórðungsskeið verið framkvæmdar þar sáðtímatilraunir, tilraunir með sáðaðferðir og sáðdýpi og mjög víðtækar áburðartilraunir.

Hér verður ekki rakinn í einstökum atriðum árangur hinna fjölþættu tilrauna um kornrækt á Sámsstöðum, en þær leiddu til þess, að þar var tekin upp kornrækt sem sterkur þáttur í búrekstrinum. Meðaluppskera af korni á Sámsstöðum hefur síðan 1927, eða í 25 ár, verið 1650 kg af hektara. Á þessu tímabili eru þó 6 ár, sem uppskera af hektara nær aðeins 10—11 tnr., en alger uppskerubrestur hefur aldrei orðið.

Það er ástæða til að benda á nokkur aðalatriði, sem fengizt hafa sönnuð með tilraunum á þessum stað. Samkvæmt sáðtíma-tilraunum, er stóðu í 13 ár, þá sést, að því síðar sem sáð var, því seinna skríður kornið. Það eykur áhættuna um, að uppskeran geti farið fram á réttum og hagstæðum tíma. Tímabilið frá sáningu til þroskunar hefur fyrir bygg verið 114—129 dagar eftir því, hver sáðtími er notaður.

Hlutfallstölur fyrir uppskerumagn hafa verið þessar:

Sáð 20. apríl	100
— 1. maí	94
— 10. maí	91
— 20. maí	84
— 30. maí	64

Þetta gefur tilefni til að ætla, að sáningu verði að vera lokið fyrstu dagana í maí, til þess að öryggi sé fyrir góðum árangri af kornræktinni. Í flestum árum ætti þetta að vera mögulegt sunnan- og vestanlands og í lágsveitum norðanlands og á veðursælli stöðum þar inn til dala. Heildarhitamagn virðist að vera mjög ákvarðandi um, hve góð uppskera fæst. Nái það samtals 1200° C eða meira yfir vaxtartímabilið, er það gott. Veðurfarsskýrslur frá 7 stöðum, teknar í öllum landsfjórðungum, sýna, að maí—september, að báðum meðtöldum, liggur hitamagnið yfir þessu marki á árabilinu frá 1920 á öllum stöðunum, en á árabilinu 1873—1920 liggja Austfirðir og Vestfirðir neðan við þetta hitamagn. Þegar athugaðar eru veðurfarsskýrslur Sámsstaða og veðurathugunarstöðva annars staðar á landinu,

virðist réttmætt að draga þá ályktun, að mörg aðalræktunarhéruð landsins hafa hliðstæð veðurfarsskilyrði og þar eru. Ætti það því ekki sérstaklega að valda uppskerubresti, ef önnur aðbúð ræktunar er í lagi. En vitanlega hefur veðurfarið mikið að segja, eins og við alla aðra ræktun.

Grómagn hins íslenzka korns er misjafnara eftir árferðinu en hjá kornræktarþjóðum hinna Norðurlandanna, en fyrir bygg hefur það oftast verið 80—100%, en liggur lítið eitt lægra fyrir hafra. Grómagnið hefur ætíð reynzt bezt frá fyrstu sáðtíð. Rúmþyngd á íslenzku korni, einkum þegar það þroskast við mikla úrkomu og lágan hita, er minni en á erlendu korni. Fóðurgildi þess reynist til jafns við erlent korn, og rannsóknir hafa sýnt, að það í mörgum tilfellum hefur meira fóðurgildi en erlent korn.

Þessi atriði, sem byggð eru á tilraunum frá Sámsstöðum, eru hér fram dregin, af því að þau gefa rökstudda ástæðu til að ætla, að sé unnið að kornrækt af þekkingu og sömu alúð sem bændur leggja í aðra ræktun sína, þá sé mögulegt að rækta korn í landinu með góðum árangri.

Reynsla þeirra bænda, er reynt hafa kornyrkju.

Nefndin sendi út fyrirspurnir til 76 bænda, er reynt hafa kornrækt. Svör bárust frá 40 mönnum, en nokkur þeirra voru mjög ófullnægjandi um þau atriði, sem um var spurt, en fela þó í sér hugleiðingar þeirra um möguleika fyrir kornrækt. Hér verða aðeins rakin þau svör, er tilgreindu staðreyndir af þeirri reynslu, er aðilar höfðu fengið af kornrækt sinni. Eru upplýsingar þær, sem á eftir fara, byggðar á skýrslum frá 31, er sendu fullnægjandi svör við fyrirspurnunum. Nokkrir menn hafa annaðhvort munnlega eða bréflega tjáð, að þær tilraunir, sem þeir hafa gert, væru í svo smáum stíl, að þeir gætu ekki svarað spurningunum.

Þeir, sem svarað hafa, hafa eitt eða fleiri ár á tímabilinu 1928—1951 fengizt við kornrækt. Af þeim hafa fengizt við kornrækt í:

1— 5 ár	16	bændur
5—10 —	7	—
10—15 —	3	—
15—20 —	5	—

Á árabilinu 1928—1931 er það aðeins einn bóndi, sem sáð hefur korni til þroskunar af þeim, sem svör gefa, en 20 byrja á tímabilinu 1932—1940, 8 byrja á árabilinu 1941—1950 og tveir á árinu 1951. Eins og sjá má af tölunum, eru það langflestir, sem aðeins fást við ræktunina 1—5 ár. Hinir hafa, að tveim undanskildum, haft ræktunina á samfelldu árabili, en aðeins tveir, sem hættu ræktuninni á tímabili, hafa tekið hana upp aftur 1947—1951. Það eru 12 af þeim, sem skýrslu gefa, sem rækta korn 1951, en 21 hefur kornrækt 1950. Það virðist ekki, að sú festa sé komin í þessa framleiðslugrein hjá þeim, er skýrslur gefa, að kornræktin sé árfastur liður í framleiðslu þeirra.

Stærð lands, sem ræktað hefur verið árlega hjá hverjum fyrir sig, er ærið mismunandi, allt frá 200 m² upp í 40000 m². Lágmarksflatarmál er undir 1000 m² hjá 10 aðilanna, og hámarksflatarmál hjá fjórum er undir 1000 fermetrum. 10 hafa lágmarksflatarmál frá 1000 m² til 1 hektara og 2 ræktað sem lágmark yfir 1 hektara. Sem hámark rækta 11 yfir 1 ha á ári. Af þessu sést, að allar tilraunir til kornræktar hjá einstaklingum eru í fremur smáum stíl. Þó er ljóst af skýrslunum, að þeir, sem fengizt hafa við ræktunina síðustu árin, taka stærra land undir korn en gert var fram til ársins 1945.

Þrátt fyrir að til þess var ætlazt, að upp væri gefið, hvert flatarmál hefði verið undir korni frá ári til árs, hafa fæstir tilgreint það. Frá einum aðila er þó glögg skýrsla um það atriði, svo og uppskerutölur. Fara þær tölur hér á eftir, og eru uppskerutölur umreiknaðar pr. hektara:

Ár	Akurstærð m²	Uppskera kg pr. ha
1936	1500	466
1937	1300	2153
1938	2000	1450
1939	2500	2400
1940	2000	2500
1941	6000	1500
1942	6000	1833
1943	5200	500
1944	4600	1390
1945	3500	1028
1946	5000	1540
1947	2400	1262
1948	1400	2214

Það sést af þessu, að af 13 árum þá er í tvö ár uppskerumagnið sáralítið, 7 árin gefa mjög góða uppskeru, eða yfir 15 tnr. af hektara, og 4 árin er uppskeran lakleg, þótt telja megi, að þar sé um eðlilegan árferðismismun að ræða.

Það er aðeins á 5 stöðum, þar sem korn hefur verið ræktað að nokkru ráði.

1. Í 18 ár 1000—30000 m² á ári
2. Í 16 ár 10000—20000 m² - —
3. Í 13 ár 1300— 6000 m² - —
4. Í 15 ár 6600—10000 m² - —
5. Í 3 ár 20000—40000 m² - —

Allir, sem skýrslu gefa, hafa ræktað bygg, 22 af þeim hafa einnig ræktað hafra til þroskunar, en þó enginn ræktað þá allt tímabilið, sem þeir hafa fengizt við kornrækt. Tveir hafa reynt ræktun vetrarrúgs.

Dönnesbygg	hafa	22	ræktað
Flöjabygg	—	8	—
Sigurkorn	—	12	—
Eddakorn	—	2	—
Ótilgr. stofna	—	6	—

Fjórir tilgreina 5 önnur afbrigði, sem virðast reynd aðeins í eitt skipti í smáum stíl.

Af höfrum hafa verið aðallega tilgreindir þessir stofnar:

Niðarhafra	hafa	9	ræktað
Sv. Orion	—	2	—
Silfurhafra	—	1	—
Sandhafra	—	1	—
Favorithafra	—	1	—
Minorhafra	—	2	—
Ótilgr.	—	8	—

Það er ljóst af þessu, að flestir hafa notað hin sömu afbrigði og ræktuð hafa verið á Sámsstöðum, enda því nær allir væntanlega fengið byggútsæðið þaðan. En nokkrir þeir, sem hafra hafa ræktað, hafa án efa fengið útsæðið annars staðar eða notað þá útsæðishafra, er seldir hafa verið til grænfóðurræktunar.

Jarðvinnslan er framkvæmd á mjög breytilegan hátt. Oftast hefur þó verið notuð haustplæging, 18 telja sig hafa notað hana því nær einvörðungu, 3 af þeim hafa þó sum árin vorplægt. Vorplægingu hafa 9 notað. 4 telja sig hafa herfað, og mun þá átt við, að landið hafi verið plægt haustinu áður eða ef til vill að sáð hafi verið í aðeins

rótherfað land. Engum vafa mun það bundið, að jarðvinnslu hefur í mörgum tilfellum verið áfátt, einkum þar sem sáð hefur verið í nýbrotin lönd.

Fyrsti sáðtími, sem upp er gefinn, er 6. apríl, en síðasti sáðtími 10. júlí. Hjá 11 er sáðtíminn jafnan fyrir 15. maí, þegar miðað er við síðasta dag, sem þeir gefa upp. Það eru 16, sem gefa upp sem sáðtíma tímabilið 16. maí til 15. júní, en mjög fáir gera grein fyrir sáðtímanum frá ári til árs.

Ef draga mætti nokkra ályktun af upplýsingum um sáðtímann, virðist, að mörg árin sé of seint sáð, og væntanlega seinna en möguleikar eru til vegna tíðarfars og framkvæmda á jarðvinnslunni, og má því ganga út frá, að um þetta atriði hafi framkvæmdinni verið mjög ábótavant og hafi leitt til lakari útkomu en annars hefði orðið.

Uppskerutími er uppgefinn frá 20. ágúst til 20. október, hjá flestum fellur þó uppskerutíminn á septembermánuð. Hjá 15 fellur hann á tímabilið eftir 15. sept., og hjá 17 er síðasti uppskerutími fyrir 1. nóv. Hér kemur það sama fram og um voryrkjuna, að uppskerutíminn er það seint, að vænta má, að af þeim ástæðum hafi framkvæmdin ekki gefið þá raun, sem fengizt hefði með því, að uppskera færi fram á hæfilegum tíma, og jafnframt má búast við, að afföll hafi orðið á korninu við svo seina uppskeru.

Jarðvegur hefur verið hjá 17 bændum moldarjarðvegur og framræst mýri, en flestir hafa þeir þó einnig ræktað einstök ár í öðrum jarðvegstegundum, 15 hafa aðallega notað leirborna móajörð. Það hefur einnig verið ræktað í mela- og holtajarðvegi, sendinni jörð og á valllendisbökkum með jökulleirruðningi einstök ár. Það lítur út fyrir, að þeir, sem hafa verið með þetta í smæstum stíl og í byrjun, hafa margir tekið túnjörð eða niðurlagða kálgarða, en almennast er, að valin hefur verið óræktuð jörð, sem er í vinnslu. Allmargir taka fram, að jarðvegur hafi verið ófrjór, einkum hjá þeim, sem ræktað hafa móa og mela. Yfirleitt má segja eftir skýrslunum, að jarðvegur hafi verið sæmilega valinn. Flestir hafa valið hallandi land mót suðri eða suðvestri, en nokkrir eru með akrana á flatlendi, og yfirleitt er tekið fram um mýrarjarðveginn, að hann hafi verið ræstur.

Þroskun kornsins virðist ærið misjöfn. Einn gefur upp, að fræið, sem hann fékk af byggi, hafi alls ekki spírað, en ekki verður séð, hvort það er að kenna framkvæmdinni eða því, að útsæðið, sem notað var, hafi verið lélega þroskað. Hjá 17 einstaklingum þroskast kornið vel flest árin, þó með nokkrum undantekningum um einstök ár. 13 einstaklingar gefa upp, að af 135 uppskerum hafi 41 uppskera gefið illa þroskað korn.

Skýrslurnar ná samtals yfir 217 uppskerur, og ef mat aðilanna á þroskun kornsins er rétt, ætti ⅘ uppskeranna að vera vel til ágætlega þroskað, en ⅕ að vera laklega eða illa þroskað. Svörin skiptast þannig á sýslurnar, 12 að tölu:

Gullbringusýsla	2
Kjósarsýsla	2
Mýrasýsla	1
Borgarfjarðarsýsla	3
V-Barðastrandarsýsla	1
V-Ísafjarðarsýsla	3
Eyjafjarðarsýsla	3
S-Þingeyjarsýsla	1
S-Múlasýsla	1
A-Skaftafellssýsla	1
V-Skaftafellssýsla	1
Rangárvallasýsla	4
Árnessýsla	9

Í einu svarinu felast engar upplýsingar, aðeins hugleiðingar á víð og dreif um málið.

Að síðustu eru frá þremur aðilum teknar upp tölulegar staðreyndir, og um nr. I

má segja, að þær eru byggðar á öruggum skráðum heimildum úr búreikningum bóndans. Hins vegar er hjá flestum byggt meira á því, hvað þeir hafa á tilfinningu um útkomu af kornrækt, frekar en nákvæmri athugun.

I.

Ár	Akurstærð m²	Sáð-tími	Uppskeru-tími	Vaxtartími dagar	Kg uppskerumagn á ha	Gróði kr.	Tap kr.
1936	1500	29/4	27/8	121	466	„	„
1937	1300	7/5	11/9	127	2153	„	37.74
1938	2000	22/4	8/9	136	1450	„	38.68
1939	2500	8/5	27/8	112	2400	42.35	„
1940	2000	16/5	1/9	118	2500	114.75	„
1941	6000	29/4	26/8–5/9	120/129	1500	„	47.95
1942	6000	19—27/4	26/8–29/8	124/129	1833	665.25	„
1943	5200	27/4	21/9	116	500	„	78.35
1944	4600	30/8	30/8	122	1390	164.20	„
1945	3500	17—20/4	22—28/8	126/130	1028	544.70	„
1946	5000	22/4	7—21/9	121	1540	„	455.03
1947	2400	13/5	26/8–5/9	104/115	1262	„	336.31
1948	1400	26/4	18/9	114	2214	162.33	„

Þetta yfirlit sýnir útkomu hjá bónda, sem vinnur að kornræktinni af alúð og hefur yfirleitt tekizt að framkvæma hvert verk á hagstæðum tíma. Hins vegar er þess að gæta, þegar litið er á tap og gróða, að hann hefur skort ýmsa þá tæknihjálp, sem nauðsynleg er. Meðaltal eftirtekju á ha er 1558 kg korns. Vaxtartími er frá 104—130 daga. Kornið þroskast öll árin, en misjafnlega vel.

II.

Ár	Stærð m²	Sáðtími	Uppskerutími	Vaxtartími dagar
1939	2000	14—16/5	15/9 vel	122
1940	2000	14—16/5	15/9 illa	122
1943	3000	14—16/5	/10 illa	137
1948	5000	2/5	9/9 vel	130
1949	6000	17/5	24/9 illa	128
1950	16000	19/5	5. og 13/9 vel	117
1951	11000	24/5	24/10 vel	123

Vel þroskað 4 ár, 3 ár illa þroskað.

Hann telur þó, að fjögur síðustu árin muni hafa gefið um 1800 kg pr. hektara. Af þeim eru þrjú góð ár, en eitt slæmt, og fyrir utan laklega þroskun skemmdist kornið af vatnavöxtum í Hvítá.

III.

Ár	Sáðtími	Uppskerutími	Vaxtartími dagar
1949	9—19/5	3/9 illa	107 dagar
1950	9—19/5	20/10 alls ekki	154 —
1951	9—19/5	30/9 sæmilega	134 —

Kornið hefur þessi þrjú ár aldrei náð þroska fyrr en síðast í september. 1950 gerði þá snjóa, svo að kornið varð ekki slegið fyrr en 20. október, eða þrem vikum eftir að það hafði lokið þroskun sinni.

Ef dregnar eru fram helztu upplýsingar, er af svörunum fást, eru þær þessar:

1. Að allar tilraunir hjá einstaklingum til kornræktar eru í smáum stíl, en að þeir, sem fengizt hafa við kornrækt síðustu árin, taka stærra land undir korn en gert var fram til ársins 1945, eða allt upp í 4 ha.

2. Að allir hafa þeir reynt að rækta bygg, en 24 hafa einnig ræktað hafra, en aðeins einn hefur reynt að rækta rúg. Af stofnum hafa flestir notað Dönnesbygg og Sigurkorn, en af höfrum Niðarhafra.
3. Jarðvinnslan er hjá flestum haustplæging, en fjórði hluti notar eingöngu vorplægingu, og það er engum vafa bundið, að jarðvinnsla hefur í mörgum tilfellum verið áfátt, einkum þar sem sáð hefur verið í nýbrotið land.
4. Skýrslurnar gefa tilefni til að ætla, að flest árin sé of seint sáð, og væntanlega seinna en möguleikar eru til vegna tíðarfars og möguleika til framkvæmda á jarðvinnslunni á réttum tíma af veðurfarsástæðum, og má því ganga út frá, að um þetta atriði hafi framkvæmdinni verið mjög ábótavant og hafi leitt til lakari útkomu en annars hefði orðið.
5. Yfirleitt má segja um jarðvegsvalið, að það hafi verið eftir atvikum sæmilegt. Flestir nota moldarjarðveg og leirborna mójörð, í sumum tilfellum jörð, sem áður hefur verið ræktuð. Þeir, sem hafa haft akra á mýrlendi, taka fram, að það hafi verið framræst.
6. Um uppskerutímann kemur það sama fram og um voryrkjuna, að hann er það seint, að vænta má, að af þeim ástæðum hafi framkvæmdin ekki gefið þá raun, sem fengizt hefði með því, að uppskeran hefði farið fram á hæfilegum tíma, og jafnframt má búast við, að afföll hafi orðið á korninu við svo seina uppskeru.
7. Þroskun kornsins virðist ærið misjöfn. Hjá 13 einstaklingum hefur 41 uppskera af 135 uppskerum gefið illa þroskað korn, en 17 aðilar telja kornið hafa þroskazt vel flest árin, nokkrir, sem hafa haft korn aðeins eitt eða tvö ár, telja uppskeruna sæmilega án þess að tilgreina þroskastig. Skýrslurnar ná yfir 234 uppskerur, og ef mat aðilanna á þroskun kornsins er rétt, ættu ⅘ uppskeranna að vera vel, allvel til ágætlega þroskað, en ⅕ að vera laklega til illa þroskað, og sums staðar hefur kornið alls ekki þroskazt í einstökum árum.
8. Því miður hafa þeir, sem kornrækt hafa stundað, ekki getað gefið upp uppskerutölur, því að fæstir hafa þreskt kornið, en þær tölur, sem upp eru gefnar, sýna, að kornrækt einstaklinga hefur gefið mun minna uppskerumagn af hektara heldur en fengizt hefur á Sámsstöðum.

   Einn bóndi norðanlands, er stundað hefur kornrækt í 13 ár, hefur fengið sem meðaluppskeru 1558 kg korns af hektara. Tvö af þessum árum hefur uppskeran brugðizt, en öll hin árin verið yfir 10 tnr. af hektara og komizt hæst í 25 tnr. af ha.

Nd. 660. Breytingartillögur [12. mál]

við frv. til áfengislaga.

Frá allsherjarnefnd.

1. **Við 12. gr.**
   a. Fyrir orðin „gistihús- og veitingahúseigenda“ í 2. málsgr. kemur: veitinga- og gistihúseigenda.
   b. Við næstsíðustu málsgr. greinarinnar bætist:

      Ráðherra getur ákveðið nánara eftirlit með þeim veitingastöðum, er vínveitingaleyfi hafa. Ríkissjóður greiðir kostnað eftirlitsins en leyfishafar skulu endurgreiða hann ríkissjóði eftir ákvörðun ráðherra. Ráðherra setur þeim, er eftirlitið annast, erindisbréf um, hvernig þeir skuli haga starfi sínu.
2. Við 28. gr. Á eftir greininni komi ný grein, svo hljóðandi:

   Á árunum 1955 og 1956 skal leggja í sjóð, gæzluvistarsjóð, af ágóða áfengisverzlunar ríkisins 750 þús. kr. hvort ár, til viðbótar því fjárframlagi, er ákveðið er í 15. gr. l. nr. 55 25. maí 1949, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra.

Enn fremur skal á árunum 1957—1959 greiða til sama sjóðs af ágóða Áfengisverzlunarinnar 1.5 millj. kr. hvert ár. Um meðferð þessa fjár fer eftir ákvörðun heilbrigðisstjórnarinnar, sbr. framangreinda lagagrein.

Nd. 661. Breytingartillögur [12. mál]

við frv. til áfengislaga.

Frá Páli Þorsteinssyni.

Við 12. gr.

a. Á eftir stafliðum a og b komi ný málsgr., svo hljóðandi:
Leyfi til vínveitinga samkvæmt þessari grein má þó því aðeins veita, að hlutaðeigandi bæjarstjórn hafi fallizt á, að vín verði til sölu í veitingahúsum í bænum.

b. Upphaf 3. málsgr. orðist þannig:
Áður en vínveitingaleyfi er veitt, skal hverju sinni leita umsagnar o. s. frv.

c. 4. málsgr. falli niður.

d. Í stað orðanna „til fjögurra ára í senn“ í 5. málsgr. komi: til tveggja ára í senn.

Nd. 662. Breytingartillaga [12. mál]

við frv. til áfengislaga.

Frá Páli Þorsteinssyni, Lúðvík Jósefssyni og Skúla Guðmundssyni.

Við 12. gr.

Á eftir 7. málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Dans má ekki fara fram í veitingahúsum, á þeim tímum, sem vín er veitt þar, nema um sé að ræða samkomur félaga, sem hafa fengið leyfi samkvæmt 20. gr.

Nd. 663. Breytingartillaga [11. mál]

við frv. til l. um aukatekjur ríkissjóðs.

Frá fjárhagsnefnd.

Við 43. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1954.

Ed. 664. Nefndarálit [187. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 25. maí 1949, um bifreiðaskatt o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Efni frv. þessa er að hækka benzínskattinn um fimm aura og renni hækkunin í brúasjóð. Nefndin fellst að því leyti á efni frv., að hún telur fulla nauðsyn á því að auka tekjur brúasjóðs. Hins vegar er mál þetta ekki svo einfalt sem virðast kann í fljótu bragði. Tollur þessi mundi hækka allt benzín í verði, og kæmi það jafnt niður á atvinnuvegunum, sem nota mikið ökutæki knúin benzíni, eins og á

ónauðsynlegri notkun bifreiða. Þá eru nú orðið töluvert notuð ökutæki, sem ekki nota benzín, og þarf að athuga, að hverju leyti þau ættu að taka þátt í kostnaði við viðhald vega og byggingu brúa. Þá athugun, sem hér er þörf á, getur þingnefnd ekki innt af hendi á síðustu dögum þingsins. Virðist réttara, að ríkisstjórnin taki mál þetta til athugunar og leggi þá tillögur sínar um það fyrir næsta þing.

Nefndin leggur því til, að frv. verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Einn nm. (HG) var ekki viðstaddur, þegar nefndin afgreiddi málið, og skrifar því ekki undir nefndarálitið.

Alþingi, 5. apríl 1954.

Bernh. Stefánsson, form., frsm.	Lárus Jóhannesson, fundaskr.	Gísli Jónsson.
	Karl Kristjánsson.	

Ed. 665. Breytingartillögur [179. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Páli Zóphóníassyni.

1. Við 5. gr. Fyrir orðin „eða byggir hús“ í 1. málsl. 1. málsgr. 2. tölul. kemur: eða lýkur byggingu húss.
2. Við 7. gr. Fyrir orðin „sem þau ganga í hjónaband“ í k-lið 4. tölul. kemur: sem þau í fyrsta sinn telja fram sameiginlega.
3. Á eftir 18. gr. kemur ný gr., svo hljóðandi:

   Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra, ásamt meginmáli eldri laga um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, að því leyti sem þau eru enn í gildi, inn í lög nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, og gefa þau út svo breytt.

Nd. 666. Breytingartillaga [168. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 59 7. maí 1946, um sérstakar fyrningarafskriftir.

Frá fjármálaráðherra.

Við 1. gr. Aftan við 1. málsgr. bætist: Enn fremur skal heimildin gilda um farþega- og vöruflutningaflugvélar, sem teknar verða í fyrstu notkun á árunum 1954—1956.

Nd. 667. Breytingartillögur [173. mál]

við frv. til l. um brunatryggingar í Reykjavík.

Frá Lúðvík Jósefssyni, Karli Guðjónssyni og Gunnari Jóhannssyni.

1. Við 1. gr.
   a. 1. málsgr. orðist svo:

      Bæjar- og sveitarstjórnum er heimilt að taka í eigin hendur brunatryggingar allra húseigna í umdæmi sínu eða semja við eitt vátryggingarfélag eða fleiri um slíkar tryggingar eða um endurtryggingar á áhættu sveitarfélagsins. Þá er og einstökum bæjar- eða sveitarfélögum heimilt að mynda með sér félög um sameiginleg tryggingasvæði.

b. Í stað orðanna „bæjarsjóðs“ í 2. málsgr. og „bæjarstjórn“ í 3. málsgr. og síðar í frv. komi: bæjar- eða sveitarsjóðs — og: bæjar- eða sveitarstjórn.
2. Við 3. gr. Aftan við orðin „Fasteignaeigendafélags Reykjavíkur“ komi: eða almennra samtaka iðgjaldagreiðenda.
3. Við 4. gr. Í stað orðanna „í bænum“ í lok síðustu málsgr. komi: á tryggingasvæðinu.
4. Fyrirsögn frv. verði: Frumvarp til laga um brunatryggingar bæjar- og sveitarfélaga.

Ed. 668. Nefndarálit [181. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 22 1. febr. 1952, um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frv., og kom raforkumálastjóri til viðtals hjá nefndinni. Leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Á eftir b-lið komi nýr stafliður, er orðist svo:
Að virkja Múlaá í Geiradalshreppi í allt að 500 hestafla orkuveri til vinnslu raforku handa nálægum hreppum.
2. Við 2. gr.
a. Í stað „96 millj.“ í a-lið komi: 99 millj.
b. Í stað „32 millj.“ í b-lið komi: 33 millj.

Alþingi, 5. apríl 1954.

Gísli Jónsson, form., frsm. Páll Zóphóníasson, fundaskr. Jóhann Þ. Jósefsson.
Guðm. Í. Guðmundsson. Hermann Jónasson.

Ed. 669. Nefndarálit [144. mál]

um frv. til laga um orkuver Vestfjarða.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á einum fundi. Mætti raforkumálastjóri á fundinum til viðræðu um málið. Einn nefndarmanna (GÍG) var ekki á fundinum og tók því ekki þátt í afgreiðslu málsins.
Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Á eftir 5. gr. komi ný grein, er orðist svo:
Heimild sú, sem veitt er í lögum þessum, skal þó ekki tefja byggingu þeirra orkuvera á Vestfjörðum, sem þegar eru tekin upp í heimildarlög, ef þær virkjanir þættu hagkvæmari, enda verði teknar um það ákvarðanir á yfirstandandi ári.

Alþingi, 5. apríl 1954.

Gísli Jónsson, form., frsm. Páll Zóphóníasson, fundaskr. Jóhann Þ. Jósefsson.
Hermann Jónasson.

Ed. 670. Nefndarálit [171. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 16. febr. 1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og komizt að þeirri niðurstöðu, að rétt sé að gera á því smávegis breytingar.

Tilgangur laganna er að veita efnalitlu fólki lán til þess að koma upp smáíbúðum handa sér, og er heimilað, að allt að 70 þús. kr. veðskuldir megi hvíla á íbúð á undan þeim 30 þús. kr., er lánadeildin veitir sem hámarkslán út á smáíbúð hverja, en þó tekið fram, að lán úr lánadeildinni skuli hvíla á 2. veðrétti.

Nú getur verið, að sá, er hús reisir, fái ekki hjá einum aðila það lán, sem lögin heimila að hvíli á 1. veðrétti, heldur yrði að sæta því að taka upphæðina, sem leyfð er á undan smáíbúðaláni og hann nauðsynlega þarfnast umfram það, hjá tveimur, og þá út á 1. og 2. veðrétt. Krafan um 2. veðrétt til tryggingar smáíbúðarláni getur þar af leiðandi orðið — og hefur líka orðið — því til fyrirstöðu, að lán úr lánadeildinni nái fullum tilgangi. Hins vegar skiptir litlu máli fyrir lánadeildina, hvort veðrétturinn er 2. eða 3., sem hún fær, ef ekki hvíla á hinni veðsettu eign samkvæmt nefndum veðréttum hærri lán samanlagt en lögin tiltaka, þ. e. mest 70 þús. kr. á undan hámarksláni úr lánadeildinni, eða samtals 100 þús. kr. veðskuldir að meðtöldu láni hennar. Telur nefndin þess vegna rétt að heimila lánveitingar út á 2. eða 3. veðrétt íbúðanna.

Frumvarpið er flutt að nokkru leyti til þess að samræma orðalag laganna, eins og segir í greinargerðinni, er því fylgir, svo að skýrt komi fram í öllum atriðum, að lána megi til smáíbúða, þótt í sambýlishúsum séu. Þetta hefur ekki að fullu tekizt með frumvarpinu. Á 41. gr. þarf að gera breytingar. Tillögur um þær vantar í frumvarpið.

Samkvæmt framansögðu leggur fjárhagsnefnd til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 3. gr.
   a. Í stað orðanna „2. veðrétti“ í fyrsta málsl. komi: 2. eða 3. veðrétti.
   b. Í stað orðanna „fyrsta og öðrum veðrétti 100 þúsund krónur“ í niðurlagi greinarinnar komi: á fyrri veðréttum og veðrétti þeim, er lánadeildin hefur fyrir sínu láni til smáíbúðar, en 100 þúsund krónur.
2. Á eftir 3. gr. komi ný grein (verður 4. gr.), svo hljóðandi:
   41. grein laganna breytist þannig:
   a. Aftan við 1. tölul. bætist: eða sambyggingu, sem smáíbúð hans er í.
   b. Í stað orðsins „húsinu“ í 3. tölul. komi: íbúðinni.

Alþingi, 5. apríl 1954.

Bernh. Stefánsson, form. Lárus Jóhannesson, fundaskr. Karl Kristjánsson, frsm.
Gísli Jónsson. Haraldur Guðmundsson.

Sþ. **671. Nefndarálit** [158. mál]

um till. til þál. um undirbúning sjónvarps.

Frá fjárveitinganefnd.

Fjárveitinganefnd ræddi tillöguna á tveimur fundum. Var hún send útvarpsstjóra til umsagnar. Í svari hans kom margvíslegur fróðleikur fram. Meðal annars skýrði hann frá því í svari sínu, að ríkisútvarpið hefði unnið að því að fá leigð sjónvarpstæki um nokkurra mánaða skeið á afmælisári útvarpsins, 1955, til þess að kynna sjónvarpið fyrir þjóðinni.

Hefur nú verið send „fyrirspurn til tveggja sjónvarpstækjaverksmiðja um möguleika á að fá leigð fullkomin sjónvarpstæki (sendistöð og búnað fyrir sjónvarpssal) og enn fremur 300 viðtæki fyrir sjónvarp í því skyni að endurleigja þau almenningi, á meðan þetta tilraunaútvarp stæði yfir".

Hefur útvarpsstjóra nú borizt vinsamlegt bráðabirgðasvar frá annarri verksmiðjunni, en leigutilboð er sagt væntanlegt bráðlega.

Vegna þýðingarmikilla upplýsinga um málið í bréfi útvarpsstjóra, þykir rétt að birta hér orðréttan kafla úr bréfinu. Útvarpsstjórinn, Vilhjálmur Þ. Gíslason, segir m. a.:

„Ég kynntist sjónvarpinu af eigin sjón í Ameríkuför minni 1952, og virðist mér það geta orðið til mikils menningarauka, ekki sízt sem fræðslutæki, þar sem það hefur ólíkt meiri möguleika en hljóðútvarpið, t. d. til kennslu í verklegum fræðum.

Sjónvarpið er nú orðið mjög útbreitt í Bandaríkjunum, og munu vera þar um 27 millj. sjónvarpsnotenda. Þar næst kemur Bretland með 3 millj. Annars staðar er það skemmra á veg komið, en fer hraðvaxandi. Í mörgum löndum, og m. a. á Norðurlöndum, er rekið tilraunasjónvarp tiltölulega fáar stundir á viku. Er það yfirleitt venja að reka fyrst tilraunasjónvarp í 3 ár til þess að æfa starfslið við rekstur þess og viðhald og kynna það jafnframt, en þá ekki gert ráð fyrir tekjum, sem neinu nemi, á meðan. Enn þá mun sjónvarpsstarfsemin sjálf hvergi bera sig, nema þá í Bandaríkjunum og ef til vill í Bretlandi. Verður að hafa það í huga, að sjónvarpsnotendum fjölgar ekki verulega, fyrr en viðunandi dagskrá er komin á, og er því skiljanlegt, að það hlýtur framan af að vera fjárhagsleg byrði.

Ein sjónvarpsstöð, sem kostar upp komin 2½—3 millj. kr., miðað við það, að útvarpið ætti hana, ætti að nægja fyrir svæðið innan fjallahringsins kringum Reykjavík, og næði hún þá til meira en helmings þjóðarinnar. Í ofannefndri upphæð er þó ekki fólgið húsnæði fyrir sjónvarpssal, en aðeins tækin og uppsetning þeirra.

Mér virðist slíkur stofnkostnaður ekki versti tálminn á vegi sjónvarpsins hér á landi. Örðugasta viðfangsefnið verður sennilega að sjá fyrir viðunandi sjónvarpsdagskrá, bæði vegna þess, að af litlu efni er að taka og undirbúningur að beinni upptöku sjónvarpsefnis er mjög kostnaðarsamur, og mætti ef til vill líkja því við leikhús, sem þyrfti að sýna nýtt leikrit á hverjum degi. Eins og útvarpið hér varð í fyrstu að byggja tóndagskrá sína að miklu leyti á hljómplötum, virðist mér sjónvarp hér á landi verða í fyrstu að treysta mikið á sjónvarp af kvikmyndafilmum, eða þá frá segulbandi, þegar sú aðferð er komin á markaðinn. Eru nú athugaðir möguleikar á leigu á slíkum sjónvarpsfilmum.

Húsnæðisvandræði útvarpsins standa mjög í vegi fyrir sjónvarpinu, engu síður en þau eru nú versti þrándur í götu fyrir framþróun útvarpsins, og virðist mér ekki verða komizt hjá að reisa útvarpshús hér sem allra fyrst.

Að sjálfsögðu verður líka að hafa í huga möguleika á sjónvarpi fyrir aðra landshluta, eftir því sem fé og tækifæri vinnst til. Útvarpið vill fara hófsamlega

af stað, en þó með þeim beztu tækjum, sem völ er á, og hefur ákveðið, eins og áður segir, að reyna fyrst að fá tæki léð í tilraunaskyni, í því trausti, að það reynist viðráðanlegt."

Þetta er meginefnið í bréfi útvarpsstjóra.

Að fengnum upplýsingum um, að undirbúningur þess máls, sem þingsályktunartillagan fjallar um, væri kominn á svo góðan rekspöl, að framkvæmdir gætu varla farizt fyrir, samþykkti nefndin að leggja til, að tillagan verði afgreidd með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að ríkisútvarpið hefur þegar undirbúið ráðstafanir til þess að gera sjónvarpstilraunir hér á landi, án þess að það hafi farið fram á sérstaka fjárveitingu í því skyni, og tilgangi flutningsmanns virðist þar með náð, telur þingið ekki ástæðu til þess að samþykkja tillögu um það efni og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 5. apríl 1954.

Pétur Ottesen, form.	Björn Björnsson, fundaskr.	Hannibal Valdimarsson, frsm.
Lúðvík Jósefsson.	Halldór Ásgrímsson.	Jónas G. Rafnar.
Karl Kristjánsson.	Magnús Jónsson.	Jón Kjartansson.

Nd. 672. Þingsályktun [59. mál]

um endurskoðun á gjaldskrá héraðsrafmagnsveitna ríkisins.

(Afgreidd frá Nd. 5. apríl.)

Samhljóða þskj. 70.

Nd. 673. Frumvarp til laga [11. mál]

um aukatekjur ríkissjóðs.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

Samhljóða þskj. 11 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Í gagnsökum, framhaldssökum, meðalgöngumálum og sakaukamálum skal greiða gjald samkvæmt 1. gr.

Í barnsfaðernismálum og í málum þeim, sem um ræðir í 24. gr. laga nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis, skal engin réttargjöld greiða. Í gjafsóknarmálum skal gjafsóknarhafi engin réttargjöld greiða.

Í málum, þar sem fjárhæð nemur ekki 1000 kr., greiðast hálf réttargjöld.

23. gr. hljóðar svo:

Fyrir að þinglesa skjöl, sem eru eignarheimild fyrir eða leggja haft á fasteignir eða lausafé, skal gjalda í hlutfalli við fjárhæð þá, er skjalið hljóðar um, eins og hér segir:

Þegar fjárhæðin er 5000 kr. eða minni, 50 kr., og síðan 5 kr. fyrir hvert þúsund eða brot úr þúsundi, sem fram yfir er. Fyrir þinglestur skjala með veði í framleiðsluvörum sjávarútvegs, landbúnaðar eða iðnaðar skal þó eigi greiða nema kr. 2.40 fyrir hvert þúsund umfram fyrstu 5 þúsundin.

Þegar fjárhæð sú er óákveðin, sem skjalið greinir um, og eigi er hægt að ákveða verðmætið, skal gjalda 100 kr. Þegar veð er sett fyrir skuldum, er síðar verða stofnaðar, skal ákveða gjaldið eftir hæstu fjárhæðinni, sem veðið á að gilda fyrir, og skal taka hana fram í skjalinu.

Nú er fjárhæðin ákveðin í öðru en peningum, og skal þá meta verðmætið til peningaverðs.

Nú er árlegt afgjald áskilið um óákveðinn tíma, og skal þá gjalda sem fyrir 25 sinnum hærri fjárhæð. Sé ártal tiltekið, skal afgjaldið talið saman fyrir öll árin, en þó skal aldrei af meiru gjalda en af afgjaldinu 25-földu.

Nú er eign seld af hendi, án þess að fyrir hana sé greitt andvirði, eða henni makaskipt gegn annarri eign, og verður þá að tiltaka verð hennar í skjalinu eða rita það á skjalið, svo að ákveða megi eftir því þinglýsingargjaldið.

Nú hefur embættismaður ákveðið stimpilskylda fjárhæð kaupsamnings eða afsals, og skal þá greiða þinglýsingargjald af þeirri upphæð.

26. gr. hljóðar svo:

Nú krefst einhver vottorðs úr afsals- og veðmálaskrám um eignarheimild á fasteign og um höft þau, er á henni hvíla, og skal hann gjalda fyrir það 15 kr.

43. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1954. Jafnframt eru úr gildi numin þessi lagaákvæði:

Lög um aukatekjur, dagpeninga og ferðakostnað sýslumanna og bæjarfógeta, nr. 2/1894.
Lög um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 27/1921.
Lög nr. 112/1935, 52. gr.
Lög nr. 85/1938, 2., 3., 10. og 11. gr.
Lög nr. 10/1928, 54. gr.
Lög nr. 62/1928, 2. gr., síðasta málsgr.
Lög nr. 34/1943, 16. gr., síðasta málsgr.
Lög nr. 41/1946, 18. gr., síðasta málsgr.
Lög nr. 120/1950, 30. gr., síðasta málsgr.
Lög nr. 61/1942, 11. og 16. gr.
Lög nr. 77/1953, 1. gr., b-liður.
41. gr. laga nr. 75/1921, um stimpilgjald.

Enn fremur er breytt ákvæðum eftirtaldra laga, að því er gjöld til ríkissjóðs snertir:

Lög nr. 112/1935, 54. gr.
Lög nr. 85/1936, 199. gr.
Lög nr. 52/1925, 13. gr.
Lög nr. 21/1926, 13. gr.
Lög nr. 18/1927, 26. gr.
Lög nr. 12/1923, 7. gr.
Lög nr. 66/1946, 50. gr.
Lög nr. 77/1921, 60. gr.
Lög nr. 42/1903, 36. gr.
Lög nr. 43/1903, 3. gr.
Lög nr. 17/1948, 21. gr.
Lög nr. 33/1951, 13. gr.

Svo eru og úr gildi numin önnur þau lagafyrirmæli, er koma í bága við lög þessi.

Nd. **674. Nefndarálit** [76. mál]

um frv. til laga um togaraútgerð ríkisins til atvinnujöfnunar.

Frá 3. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsnefnd hefur rætt frv. þetta á nokkrum fundum, en ekki getað orðið á eitt sátt um afgreiðslu þess. Hefur nefndin klofnað í þrjá hluta um afstöðu til málsins. Tveir nefndarmanna (EmJ og EirÞ) — en EirÞ er annar flutningsmaður frv. — vilja samþykkja það eins og það liggur fyrir. Einn nefndarmanna (GG) vill breyta frv. En við, sem að þessu nefndaráliti stöndum, teljum, að frv. mundi ekki, þótt samþykkt væri, ná tilgangi sínum og því ekki árangurs að vænta af lögfestingu þess.

Í frv. er ákveðið, að ríkið kaupi fjóra togara, geri þá út og beri allan veg og vanda af þeirri útgerð. Markmiðið með þessari togaraútgerð ríkisins á að vera atvinnujöfnun í kaupstöðum og kauptúnum. Eins og fyrr greinir, höfum við, sem ritum undir nefndarálit þetta, ekki trú á því, að þessi ráðstöfun feli í sér neina raunhæfa lausn þess vandamáls, sem henni er ætlað að leysa. Liggja til þess meðal annars þessar ástæður:

Ríkisútgerð togara, sem rekin væri með þessum hætti, mundi óefað, miðað við núverandi útgerðaraðstæður, leiða af sér stórfelld töp fyrir ríkissjóð — og það jafnvel þótt afkoma togara í höndum einstaklinga, hlutafélaga og bæjarfélaga gæfi sæmilega afkomu á sama tíma. Það er því hætt við, að hér yrði aðeins tjaldað til einnar nætur, þó að farið yrði inn á þessa braut. Úrlausn til frambúðar fengist ekki, en ríkissjóður sæti eftir með töpin. Hér verður því að leita annarra úrræða, sem líklegri eru til að leysa málið. Allt atvinnulíf Íslendinga byggist á því í raun og veru, að einstaklingsframtakið hafi forustuna. Með þeim hætti hefur atvinnulífið í landi voru þróazt stig af stigi frá hinni frumstæðu einbeitingu handaflsins til allra hluta í það, að vér höfum tileinkað okkur nýjustu tækni nútímans til hagnýtingar á flestum sviðum, bæði á sjó og landi. Og þannig hefur þróunin verið, þrátt fyrir það þó höfuðatvinnuvegir landsmanna, landbúnaður og sjávarútvegur, hafi löngum orðið fyrir þungum búsifjum vegna aflabrests við sjávarsíðuna og harðinda og annars misferlis tíðarfarsins í landbúnaðinum. Reynslan sýnir ótvírætt, að þessi tilhögun í atvinnulífinu hefur gefið Íslendingum góða raun. Nú getur það alltaf að höndum borið, að atvinnulíf einstakra staða og byggðarlaga bíði af sérstökum ástæðum það mikinn hnekki, að þeir, sem að atvinnurekstrinum standa, fái ekki rönd við reist af eigin rammleik í bili — og til atvinnuleysis dragi þar af þessum sökum. Þegar svona stendur á, er réttmætt og sjálfsagt vegna þjóðfélagsöryggis, að frá því opinbera komi sú aðstoð, sem nauðsynleg er til viðréttingar þessu. Verður þá að hafa í huga, að svo sé á málum þessum haldið, að í stuðningnum og aðstoðinni felist varanleg úrlausn til frambúðar. En það er augljóst mál, að eins og atvinnuháttum vorum er varið, þá á að beina þessari aðstoð fyrst og fremst að því að styrkja aðstöðu þess atvinnurekstrar, sem fyrir er, hvort sem hann er í höndum einstaklinga, hvers fyrir sig eða í félagsbundnum samtökum, eða á vegum bæjarfélaganna. Með þessum hætti einum er hægt að tryggja það, að stuðningurinn leiði til varanlegra úrbóta. Þetta eru þau grundvallaratriði, sem ekki má missa sjónar á, þegar nauðsyn þykir til bera, að hið opinbera geri ráðstafanir til atvinnuaukningar í sérstökum byggðarlögum.

Með skírskotun til alls þessa leggjum vér til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem telja má víst, að af ríkisútgerð togara, sem rekin væri á þeim grundvelli, sem lagður er í frv. þessu, mundi leiða mikið tap fyrir ríkissjóð — og því engin framtíðarlausn gegn atvinnubresti með henni fengin, gagnstætt því, sem

vænta mætti af sams konar útgerð, er rekin væri á vegum einstaklinga, hlutafélaga eða bæjarfélaga, virðist auðsætt, þegar nauðsynlegt þykir, að af hálfu þess opinbera sé í té látin fyrirgreiðsla og aðstoð til aukningar atvinnu í kaupstöðum og kauptúnum, að þá sé það gert með því að styðja einkaframtakið til að leysa þetta vandamál, hvort sem að atvinnurekstrinum standa einstaklingar, félagsbundin samtök eða bæjarfélög.

Í trausti þess, að með þessum hætti verði fengin raunhæfari og staðbetri lausn til frambúðar á atvinnuörðugleikum þessara staða en með ríkisútgerð togara í þessu skyni, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 31. marz 1954.

Sigurður Ágústsson, form., frsm. Pétur Ottesen.

Sþ. 675. Nefndarálit [140. mál]

um till. til þál. um gerð hagrænna landabréfa í þágu atvinnuveganna.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna á nokkrum fundum, en auk þess leitað umsagnar Hagstofu Íslands, Fiskifélags Íslands og dr. Sigurðar Þórarinssonar um efni hennar.

Nefndin telur, að rétt sé að breyta tillögunni þannig, að aðaláherzla sé nú lögð á gerð fiskikorta í þágu fiskveiða landsmanna, en jafnframt sé látin fara fram athugun á kostnaði við gerð almennra, hagrænna landabréfa. Flutningsmaður till. hefur fallizt á þessa breytingu.

Á sérstökum fundi ræddi nefndin við þá Pétur Sigurðsson forstjóra landhelgisgæzlunnar og Davíð Ólafsson fiskimálastjóra um gerð fiskikorta. Báðir lögðu þeir áherzlu á nauðsyn þess, að hafizt yrði handa um gerð slíkra korta jafnhliða þeirri almennu sjókortagerð, sem unnið er að og öll er nú flutt inn í landið.

Fiskikort hafa mikla þýðingu fyrir fiskimenn. Á þeim eru sýndar margvíslegar upplýsingar um fiskimiðin.

Fram til þessa hafa íslenzkir fiskimenn aðeins haft erlend fiskikort af fiskimiðunum í kringum landið. Þau kort eru þó ófullnægjandi, en auk þess er varla sæmandi, að Íslendingar þurfi erlend kort til upplýsinga um sín eigin dýrmætu fiskimið.

Á síðari árum hafa íslenzkir fiskimenn stöðugt aukið við sig þekkingu um fiskimiðin við landið. Þeir hafa fundið ný og ný veiðisvæði, sem oft og tíðum hafa gerbreytt aðstöðu til veiðanna. Mörg hin nýju veiðisvæði eru lítið sem ekkert kortlögð, og almennar upplýsingar um þau eru ekki fyrir hendi á neinum kortum. Það gefur auga leið, að gerð nákvæmra og góðra fiskikorta af fiskislóðum mundi auðvelda mjög veiðarnar.

Nauðsynlegur undirbúningur að gerð fiskikorta af fiskimiðum Íslands er að afla víðtækra upplýsinga frá reyndum og glöggum fiskimönnum. Ýmsir íslenzkir sjómenn búa yfir ómetanlegri þekkingu í þessum efnum. Þá þarf einnig að gera ýtarlegri sjómælingar af ýmsum veiðisvæðum en nú eru fyrir hendi. Það er álit fjárveitinganefndar, að rétt sé að hefjast þegar handa um þennan undirbúning.

Leggur nefndin því til, að till. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að verja á þessu ári úr ríkissjóði allt að 30 þús. kr. til þess að afla upplýsinga um fiskimiðin umhverfis landið og

láta að því loknu gera og gefa út fiskikort til afnota fyrir íslenzka fiskimenn; enn fremur að láta fara fram athugun á því, hvaða kostnað það mundi hafa í för með sér að gera hagræn landabréf af Íslandi í því skyni að auðvelda ráðstafanir til sköpunar jafnvægis í byggð landsins.

Alþingi, 5. apríl 1954.

Pétur Ottesen, form.	Björn Björnsson, fundaskr.	Lúðvík Jósefsson, frsm.
Magnús Jónsson.	Halldór Ásgrímsson.	Jónas G. Rafnar.
Hannibal Valdimarsson.	Jón Kjartansson.	Karl Kristjánsson.

Nd. 676. Frumvarp til laga [200. mál]

um byggingarsjóð kauptúna.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Halldór Ásgrímsson, Eiríkur Þorsteinsson.

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Byggingarsjóður kauptúna. Félagsmálaráðuneytið annast bókhald sjóðsins og fjárreiður samkvæmt fyrirmælum sjóðstjórnar.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita lán til að byggja íbúðarhús í kauptúnum, sem hafa 1000 íbúa eða færri, og að taka fé að láni til starfsemi sinnar.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa skrifstofustjóri félagsmálaráðuneytisins, sem er formaður stjórnarinnar, og tveir menn kjörnir hlutfallskosningu á Alþingi til fjögurra ára í senn.

4. gr.

Tekjur Byggingarsjóðs kauptúna eru:

1. Óendurkræft framlag ríkissjóðs, 300 þúsundir króna á ári.
2. Framlög sveitarsjóða og ríkissjóðs samkvæmt 10. gr.
3. Tekjur, sem sjóðurinn kann að hafa af starfsemi sinni.

5. gr.

Ríkissjóður lánar Byggingarsjóði kauptúna 10 milljónir króna á næstu tveim árum eftir gildistöku laga þessara. Skal helmingur þessarar upphæðar greiddur sjóðnum um leið og hann tekur til starfa. Lán þetta er vaxta- og afborgunarlaust í fimm ár, en endurgreiðist síðan á næstu 20 árum með jöfnum afborgunum og 5% ársvöxtum. Ríkisstjórninni er heimilt að taka jafnháa upphæð að láni fyrir hönd ríkissjóðs.

6. gr.

Sjóðurinn veitir, eftir því sem honum endist fé til, efnalitlum mönnum og þá einkum fjölskyldumönnum í kauptúnum, sem hafa 1000 íbúa eða færri, lán til að koma upp íbúðum til eigin nota. Lánsupphæð til íbúðar má nema allt að kaupverði efnis, sem til byggingarinnar þarf.

7. gr.

Afborganir og vexti af lánum úr sjóðnum greiða lántakendur með jöfnum upphæðum árlega (ársgreiðslum), þannig að lánin endurgreiðist að fullu á 20

árum. Sjóðstjórnin getur þó ákveðið að veita einstök lán til skemmri tíma. Ársvextir af lánunum skulu vera hinir sömu og hjá lánadeild smáíbúðarhúsa, sbr. lög nr. 36/1952.

8. gr.

Lán úr sjóðnum skulu tryggð með veði í íbúðum þeim, sem þau eru veitt til. Sé lán úr sjóðnum tryggt með síðari veðrétti, mega fyrri veðréttar lán eigi nema hærri upphæð samtals en því nemur, að þau ásamt láni úr sjóðnum fari ekki fram úr ⅔ af kostnaðarverði íbúðarinnar eins og það er að dómi sjóðstjórnarinnar.

9. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs skilvísa greiðslu lána þeirra, er sjóðurinn kann að taka til starfsemi sinnar, enda séu þau eigi tekin til skemmri tíma en 20 ára og með vöxtum, er ráðherra samþykkir.

10. gr.

Ef ⅔ hlutar sveitarstjórna í þeim hreppum, sem kauptún er í, samþykkja, getur félagsmálaráðherra ákveðið til fimm ára í senn, að hver þeirra hreppa skuli greiða í sjóðinn árlega allt að 5% álagðra útsvara í kauptúninu, og greiðir ríkissjóður þá jafnmikið á móti. Framlag þetta er óendurkræft og vaxtalaust. Hreppar, sem þess óska, skulu þá jafnframt vera undanþegnir gjaldi til byggingarsjóðs verkamanna, enda eiga þeir þá ekki rétt til lána úr þeim sjóði. Jafnframt eiga þeir rétt til endurgreiðslu fyrri framlaga, enda hafi þeir ekki notið lána úr sjóðnum.

11. gr.

Kauptún telst í þessum lögum þorp með minnst fimm fjölskyldur, sem hafa ekki svo mikið land til afnota, að talizt geti lögbýli.

12. gr.

Nánari ákvæði um starfsemi sjóðsins setur félagsmálaráðherra með reglugerð. Skulu þar m. a. settar reglur til tryggingar því, að stærð íbúða, sem lán eru veitt til, fari ekki yfir tiltekið hámark.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1955.

Greinargerð.

Frumvarp um byggingarsjóð kauptúna var flutt á Alþingi 1952, og er þetta frumvarp í meginatriðum sama efnis, en þó nokkuð breytt frá hinu eldra frv. Tilgangur frv. er, að tilraun verði gerð til að bæta nokkuð úr húsnæðisþörf almennings í kauptúnum (eða þorpum), en íbúar þeirra kauptúna, sem frv. þetta tekur til, voru alls 18—19 þús. (18654) samkvæmt manntali 1952. Starfsemi byggingarsjóðs verkamanna hefur hingað til komið kauptúnunum að litlu gagni, og hætt við, að svo verði fyrst um sinn. Sama er að segja um fé það, er veitt hefur verið bæjar- og sveitarfélögum til íbúðabygginga. Fé þetta hefur að mestu lent í kaupstöðunum, þar sem fjölmennið er mest. Það er og kunnugt, að af veðdeild Landsbankans hafa fámenn kauptún lítils góðs notið, enda hefur hún lengi verið févana. Starfsemi lánadeildar smáíbúðarhúsa, er stofnuð var með lögum 1952, hefur að vísu hjálpað mörgum kauptúnafjölskyldum til að koma sér upp íbúðum tvö undanfarin ár, en sú lausn mun þó ekki nægja kauptúnunum til frambúðar, miðað við húsnæðisþörf og aðrar ástæður. Hér verður því að grípa til nýrra ráða, ef hlutur þorpanna á ekki að vera fyrir borð borinn. Virðist þá ekki annað ráð vænna en að setja á fót sérstaka byggingarlánastofnun fyrir þorpin og freista þess að efla hana til sjálfstæðrar starfsemi, eftir því sem föng eru á.

Hlunnindum, sem kauptúnin kynnu að geta orðið aðnjótandi samkvæmt núgildandi lögum, er ekki afsalað, þótt frv. verði að lögum, en þau hlunnindi hafa, eins og áður er sagt, ekki reynzt mikils virði fyrir kauptúnin fram að þessu.

Ýmis rök eru til þess, að þjóðfélagið ætti að gefa hinum fámennu kauptúnum og þorpum meiri gaum en gert hefur verið til þessa. Flest þeirra eru í öndverðu mestmegnis byggð upp af vanefnum af fátækum fjölskyldumönnum. Fólk, sem af einhverjum ástæðum hverfur úr sveitum, leggur oft leið sína til þorpanna í fyrsta áfanga, en margt af því hverfur þaðan aftur eftir stutta dvöl til hinna stóru kaupstaða, m. a. vegna þess, að viðunandi íbúðarhúsnæði skortir í þorpunum. En þar með hefur það að fullu yfirgefið hérað sitt og æskustöðvar og á þá yfirleitt ekki afturkvæmt þangað. Í sjávarþorpum eru þó víða mjög sæmileg afkomuskilyrði til sjós og lands og ekki óhugsandi, að þau skilyrði fari heldur batnandi, ef sá árangur verður af stækkun landhelginnar, sem margir hafa gert sér vonir um.

Ekki þykir ástæða til að setja mjög nákvæm ákvæði um starfsemi sjóðsins að svo stöddu. Þykir rétt, að ráðherra og stjórn sjóðsins hafi frjálsar hendur til að ákveða nánar en hér er gert skilyrði fyrir lánum, hámarksupphæðir lána o. fl., eftir því sem hagkvæmt kann að reynast. Gert er ráð fyrir, að lánskjör verði svipuð og í lánadeild smáíbúða, sem stofnuð var með lögum 1952.

Frv. þetta tekur ekki til kauptúna, sem hafa fleiri en 1000 íbúa, enda má gera ráð fyrir, að aðrar lánsstofnanir veiti lán til íbúða á þeim stöðum, og hlutur þeirra í engu skertur, þótt frv. verði að lögum.

Til skýringar 10. gr. skal þess getið, að samanlögð útsvör í þeim hreppum, er frv. þetta tekur til, voru 13.8 millj. kr. samkvæmt síðustu tölum hagstofunnar um það efni.

Fylgiskjal.

Mannfjöldi í árslok 1952 í 51 kauptúni, sem frv. þetta tekur til (samkvæmt skýrslum hagstofunnar):

Kauptún og þorp	Íbúafjöldi
Grindavík	544
Sandgerði	709
Borgarnes	795
Hellissandur	326
Ólafsvík	516
Grafarnes í Grundarfirði	248
Stykkishólmur	846
Búðardalur	94
Flatey á Breiðafirði	133
Patreksfjörður	870
Bíldudalur	372
Þingeyri	327
Flateyri	482
Suðureyri	354
Bolungavík	668
Hnífsdalur	300
Súðavík	235
Djúpavík	55
Drangsnes	203
Hólmavík	432
Hvammstangi	301
Blönduós	469
Höfðakaupstaður	590

Kauptún og þorp	Íbúafjöldi
Hofsós	297
Dalvík	811
Hrísey	319
Hjalteyri	134
Glerárþorp	553
Svalbarðseyri	70
Grenivík	141
Flatey á Skjálfanda	128
Kópasker	66
Raufarhöfn	384
Þórshöfn	383
Höfn í Bakkafirði	82
Vopnafjörður	324
Bakkagerði í Borgarfirði	162
Egilsstaðir	151
Eskifjörður	722
Búðareyri í Reyðarfirði	429
Búðir í Fáskrúðsfirði	592
Kirkjubólsþorp í Stöðvarfirði	157
Breiðdalsvík	81
Djúpivogur	315
Höfn í Hornafirði	435
Vík í Mýrdal	316
Hvolsvöllur	116
Hella	126
Stokkseyri	428
Eyrarbakki	514
Hveragerði	549

Ed. 677. Breytingartillögur [179. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Brynjólfi Bjarnasyni og Finnboga R. Valdimarssyni.

1. Við 4. gr. Upphaf a- og b-liða undir I. tölul. orðist svo:
   a. Skattgjald einstaklinga:
      Ef skattskyldar tekjur eru undir 15 þús. kr., greiðist enginn skattur.
      Af 15—30 þús. kr. greiðist 180 kr. af 15 þús. og 7% af afgangi.
      Af 30—40 þús. kr. greiðist 1230 kr. af 30 þús. og 10% af afgangi
      o. s. frv.
   b. Skattgjald hjóna:
      Ef skattskyldar tekjur eru undir 15 þús. kr., greiðist enginn skattur.
      Af 15—35 þús. kr. greiðist 60 kr. af 15 þús. og 7% af afgangi.
      Af 35—40 þús. kr. greiðist 1460 kr. af 35 þús. og 10% af afgangi
      o. s. frv.
2. Við 7. gr.
   a. 1. málsl. h-liðar 4. tölul. orðist svo:
      Fæðiskostnað sjómanna á fiskiskipum, ef þeir þurfa að sjá sér fyrir fæði, svo og nauðsynlegan dvalarkostnað annarra fjölskyldumanna, sem sækja þurfa atvinnu til staða fjarri heimilum sínum. Við ákvörðun þess kostnaðar sé farið eftir mati skattayfirvalda.

b. Á eftir m-lið 4. tölul. komi tveir nýir stafl., þannig:

n. Við ákvörðun á skattskyldum tekjum íslenzkra sjómanna á fiskiskipum skal telja ⅓ hluta þess kaups, sem þeir hafa aflað sem sjómenn á íslenzku fiskiskipi, sem skattfrjálsan kauphluta.

Atvinnurekendur skulu við uppgjöf á atvinnutekjum til skattayfirvalda tilgreina, hvort nokkur hluti tekna telst sjómannstekjur samkv. 1. málsgr.

o. Nú óskar gift kona, sem hefur sjálfstæðar atvinnutekjur, að telja fram sem sérstakur skattþegn, og skal það þá leyft og skattur hjónanna reiknaður sem tveggja einstaklinga. Persónufrádráttur skylduómaga slíkra hjóna skiptist að jöfnu.

3. Við 11. gr. Á eftir greininni komi ný grein, svo hljóðandi:

Á eftir 1. málsl. 32. gr. laganna komi: Þegar hjón telja fram til skatts sameiginlega, skulu þau bæði undirrita skýrsluna.

Nd. 678. Breytingartillaga [11. mál]

við frv. til l. um aukatekjur ríkissjóðs.

Frá Sigurði Ágústssyni.

Við 23. gr. 2. málsgr. hljóði svo:

Þegar fjárhæðin er 5000 kr. eða minni, 50 kr., og síðan 5 kr fyrir hvert þúsund eða brot úr þúsundi, sem fram yfir er. Fyrir þinglestur skjala með veði í framleiðsluvörum sjávarútvegs, landbúnaðar eða iðnaðar skal þó eigi greiða nema kr. 1,10 fyrir hvert þúsund umfram fyrstu 5 þúsundin.

Nd. 679. Frumvarp til laga [167. mál]

um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Á tollskránni í 1. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

		Toll-eining	Vörumagnstollur Aurar	Verðtollur %
1.	Nr. 4 í 5. kafla orðast svo:			
	4 Svínshár			2
2.	Nr. 19 í 11. kafla orðast svo:			
	19 Sterkja, ót. a.	1 kg	7	8
3.	Nr. 1—8 í 13. kafla orðast svo:			
	1 Jurtir og jurtahlutar, svo sem börkur, til litunar eða sútunar			2
	Gúmmí, gúmmíharpix, annað harpix og náttúrlegt balsam, ót. a.:			
	2 — gúmmí arabikum			2
	3 — skellakk			2
	4 — kólófónium			2
	5 — benzoëharpix			2
	6 — myrra			2
	7 — annað			2
	8 Kamfóra, einnig tilbúin			2

		Toll-eining	Vöru-magns-tollur Aurar	Verð-tollur %
4.	Nr. 1—7 í 14. kafla orðast svo:			
	Efni úr jurtaríkinu til bursta- og körfugerðar o. þ. h. iðnaðar, ót. a.:			
	1 — bast			2
	2 — greinar, kókostægjur og aðrar jurtatrefjar, ót. a.			2
	3 — spanskreyr og annar reyr, svo og bambus, ót. a.			2
	4 — strá og sef			2
	5 — annað			2
	Húsgagnatróð og annað tróð úr jurtaríkinu, ót. a.:			
	6 — kapok			2
	7 — viðarhár			2
5.	Nr. 9—10 í sama kafla orðast svo:			
	9 — annað			2
	10 Hráefni og úrgangsefni úr jurtaríkinu, ót. a.			2
6.	Á eftir nr. 5 í 15. kafla kemur nýtt nr., svo hljóðandi:			
	5a — lanólín	1 kg	2	8
7.	Nr. 11 í sama kafla orðast svo:			
	11 — ólívuolía (viðsmjör)			2
8.	Nr. 13 og 13a í sama kafla orðast svo:			
	13 — línolía			5
	13a— tréolía			5
9.	Í staðinn fyrir nr. 19 í sama kafla koma tvö nr., svo hljóðandi:			
	19 — pálmaolía			2
	20 — önnur jurtafeiti, ót. a.	—	2	8
10.	Nr. 22 og 23 í sama kafla orðast svo:			
	Olein og aðrar feitisýrur:			
	22 — súrfeiti			5
	23 — feitisýra			5
11.	Nr. 26 í sama kafla orðast svo:			
	26 Vax úr jurta- og dýraríkinu, ót. a.	—	7	8
12.	Nr. 12—16 í 17. kafla orðast svo:			
	Sykurvörur:			
	12 — marzipan, sykrað	N —	630	35
	13 — brjóstsykur	N —	630	35
	14 — munngúmmí (tyggigúmmí)	N —	630	35
	15 — töggur (karamellur)	N —	630	35
	16 — aðrar	N —	630	35
13.	Nr. 18 í sama kafla orðast svo:			
	18 Lakkrísvörur og sykraður lakkrís	N —	630	35
14.	Nr. 3 í 18. kafla orðast svo:			
	3 Kakódeig	N —	70	8
15.	Nr. 7—10 í sama kafla orðast svo:			
	7 Suðusúkkulaði	N —	315	35
	8 Átsúkkulaði alls konar, svo sem súkkulaðihúðað munngæti (kremsúkkulaði, krókantsúkkulaði, marzipansúkkulaði, núgatsúkkulaði og konfekt), ávaxtasúkkulaði, hnotsúkkulaði og möndlusúkkulaði	N —	630	35
	9 Súkkulaðihúð	N —	315	35
	10 Aðrar vörur úr kakó, ót. a.	N —	630	35
16.	Nr. 3 í 20. kafla orðast svo:			
	3 — — aðrir	N —	630	35

		Toll-eining	Vöru-magns-tollur Aurar	Verð-tollur %
17.	Nr. 8 í sama kafla orðast svo:			
	8 Pectin (sultuhleypir)	1 kg	7	8
18.	Nr. 1—5 í 22. kafla orðast svo:			
	Gosdrykkir:			
	1 — límonaði og sítrónuvatn	N 1 l	100	10
	2 — sódavatn	N —	100	10
	3 — aðrir	N —	100	10
	Öl alls konar:			
	4 — maltöl	N —	170	10
	5 — annað	N —	210	10
19.	Nr. 8 í 25. kafla orðast svo:			
	8 Grafít, óunnið, malað eða þvegið, svo og grafít tilbúið	1 kg	2	8
20.	Nr. 12 í sama kafla orðast svo:			
	Steinefni til fágunar, eða slípunar, svo sem smergill, vikur (pimpsteinn), trípel o. þ. h., óunnin, mulin eða þvegin:			
	12 — smergilduft	—	2	8
21.	Nr. 9—13 í 27. kafla orðast svo:			
	Olíur og önnur efni eimd úr háhitatjöru og hydrerað fenól, kresól og naftalín:			
	9 — benzól			2
	10 — fenól			2
	11 — kresól			2
	12 — naftalín			2
	13 — annað			2
22.	Á eftir nr. 19 í sama kafla kemur nýtt nr., svo hljóðandi:			
	19a — lakkbenzín (white spirit)			5
23.	Nr. 23 í sama kafla orðast svo:			
	23 Parafín (parafínvax), ceresín (jarðvax), montanvax, ósókerít og annað tilbúið vax, ót. a., einnig þótt þessar vörur séu blandaðar með steríni eða vaxi úr jurta- og dýraríkinu			5
24.	Nr. 7 í 28. kafla orðast svo:			
	7 — brennisteinssýra			2
25.	Nr. 15 í sama kafla orðast svo:			
	15 — kalíumhydroxyd			2
26.	Nr. 24 í sama kafla orðast svo:			
	24 — kvikasilfuroxyd			2
27.	Nr. 29 í sama kafla orðast svo:			
	29 — pottaska (kalíumkarbónat)			2
28.	Nr. 31 í sama kafla orðast svo:			
	31 — sóði (natríumkarbónat)			2
29.	Nr. 34 í sama kafla orðast svo:			
	34 — salmíak (ammóníumklórid)	—	7	8
30.	Nr. 36 í sama kafla orðast svo:			
	36 — vatnsglas (kalíum- og natríumsílíkat)			5
31.	Nr. 47 í sama kafla orðast svo:			
	47 — terpentínuolía (terpentína)			5
32.	Nr. 49 í sama kafla orðast svo:			
	49 — aceton			2
33.	Nr. 51 og 52 í sama kafla orðast svo:			
	51 — metylalkóhól			5
	52 — ísóprópylalkóhól			5

	Toll-eining	Vöru-magns-tollur Aurar	Verð-tollur %
34. Nr. 54—55 í sama kafla orðast svo:			
54 — alkóhól, ót. a.			5
55 — ostahleypir og annað enzym			2
35. Nr. 60b í sama kafla orðast svo:			
60b Lecithin	1 kg	7	8
36. Á eftir nr. 60c í sama kafla kemur nýtt nr., svo hljóðandi:			
60d Hvetjandi efni til kemískrar framleiðslu, ót. a.			8
37. Nr. 7—8 í 29. kafla orðast svo:			
7 — aðrar	—	7	15
8 Ljósmyndapappír	—	7	15
38. Nr. 1, 1a, 2, 2a og 3 í 30. kafla orðast svo:			
1 Quebrachoextrakt			2
1a Annar sútunarextrakt og önnur efni til sútunar, ót. a., einnig þótt þau séu tilbúin			2
Litarextrakt úr jurtaríkinu:			
2 — barkarlitur	tollfrjáls		
2a— annar			2
3 Indígó, einnig tilbúið			2
39. Nr. 5 í sama kafla orðast svo:			
5 — aðrir			2
40. Nr. 7—12 í sama kafla orðast svo:			
7 Kinrok (sót) og aðrir þvílíkir svartir litir, ót a.			2
8 Krít, möluð eða þvegin			2
9 Þungspat, malað eða þvegið			2
10 Baryumsúlfat tilbúið (blanc fix)			2
11 Jarðlitir, malaðir eða þvegnir, svo sem okkur, umbra o. þ. h.			2
Bronslitir, ót. a.:			
12 — duft			2
41. Nr. 13—21 í sama kafla orðast svo:			
Þurrir málningarlitir, ót. a.:			
13 — blýhvíta			2
14 — zinkhvíta			2
15 — títanhvíta			2
16 — últramarín			2
17 — kóboltlitur			2
18 — menja			2
19 — aðrir			2
Prentlitir:			
20 — svartir	tollfrjálsir		
21 — aðrir	tollfrjálsir		
42. Nr. 34 í sama kafla orðast svo:			
34 — þurrkefni, fast eða fljótandi	—	7	8
43. Nr. 4a í 32. kafla (Súlfórísinöt o. fl.). Liðurinn fellur niður.			
44. Nr. 1—2 í 33. kafla orðast svo:			
1 Ostaefni (kaseín)	—	7	15
2 Albúmín			2
45. Nr. 1 í 34. kafla (Skotbómull og kollodíumull). Liðurinn fellur niður.			

		Toll-eining	Vöru-magns-tollur Aurar	Verð-tollur %
46.	Nr. 6—9 í 36. kafla orðast svo:			
	6 Lakkleður og lakkleðurlíki	1 kg	7	15
	Skinn af slöngum, krókódílum og strútum, óunnið og unnið, svo og líki þeirra efna:			
	7 — slönguskinn	—	7	20
	8 — krókódílaskinn og strútaskinn	—	7	20
	9 — annað	—	7	20
47.	Nr. 13 í sama kafla orðast svo:			
	13 Leðurlíki, sem í eru leðurþræðir	—	7	20
48.	Nr. 10 í 37. kafla orðast svo:			
	10 Bakpokar og fatapokar	—	7	50
49.	Fyrirsögn VIII. flokks orðast svo:			
	Plast, kátsjúk og vörur úr hvoru tveggja.			
50.	Framan við 39. kafla kemur nýr kafli, svo hljóðandi:			
	39. kafli A.			
	Plast og vörur úr því, ót. a.			
	Gerviharpixar og plastisk efni, cellulósaester og eter:			
	1 — duft eða deig			2
	2 — umbúðablöð og hólkar, ólitað, einnig áletrað, ef áletrunin ber það með sér, að það sé ætlað utan um íslenzkar afurðir til útflutnings			2
	3 — umbúðablöð, ót. a.	—	7	15
	— plötur eða þynnur, ót. a.:			
	4 — — einlitaðar og ómunstraðar	—	7	8
	5 — — aðrar	—	7	15
	6 — rör og stengur	—	7	15
	7 Plastdúkur	—	7	15
	8 Fatnaður, ót. a.	—	20	50
	9 Búsáhöld	—	7	30
	10 Þvottaskálar, vaskar og önnur hreinlætis- og snyrtitæki	—	7	30
	11 Aðrar vörur, ót. a.	—	7	30
	Aths. Nú er flutt inn vara úr tilbúnum mótanlegum efnum (plasti) og vara þessi á að koma í hærri tolla en tilsvarandi vara úr kátsjúki, trjávið, pappa, steini, steinkenndum efnum, leir, gleri eða ódýrum málmum, og má þá fjármálaráðuneytið færa tollana niður í samræmi við tollana á vörum úr nefndum efnum. Allar slíkar lækkanir skulu þegar birtar í B-deild Stjórnartíðinda.			
51.	39. kafli verður 39. kafli B.			
52.	Nr. 2—3 í 39. kafla orðast svo:			
	2 Latex, einnig konsentrerað			2
	3 Kátsjúk, ót. a., uppleyst eða deig	—	7	8
53.	Nr. 15—16 í sama kafla orðast svo:			
	15 — sólar, hælar, húfuskyggni, húfugjarðir og svitagjarðir			8
	Kátsjúkfatnaður, nema skófatnaður:			
	16 — belti	—	20	40
54.	Nr. 18 í sama kafla orðast svo:			
	18 — annað		20	50
55.	Á eftir nr. 19b í sama kafla kemur nýtt nr., svo hljóðandi:			
	19c Gúmmíhringir í niðursuðudósir			8

		Toll-eining	Vöru-magns-tollur Aurar	Verð-tollur %
56.	Síðari málsliður aths. aftan við 39. kafla orðast svo: Hins vegar er ebonit (harðgúmmí) vulkaniserað með um 30% af brennisteini talið í 39. kafla A.			
57.	Nr. 15 í 40. kafla orðast svo:			
	15 — krossviður og aðrar límdar plötur („gabon“) ..	1 fet³	10	8
58.	Nr. 17 í sama kafla orðast svo:			
	17 — spónn	—	10	8
59.	Nr. 5 í 41. kafla orðast svo:			
	5 Pressaðar korkplötur með eða án bindiefna til einangrunar	1 kg	7	15
	Aths. Ráðuneytinu er heimilt að lækka verðtoll á einangrunarkorki til frystihúsa í 8%.			
60.	Í staðinn fyrir nr. 7 í sama kafla koma tvö nr., svo hljóðandi:			
	7 Korkvörur til skógerðar			8
	8 Aðrar vörur, ót. a.	—	7	30
61.	Nr. 1 í 43. kafla orðast svo:			
	1 Pappírsmassi og pappírsúrgangur			2
62.	Nr. 5—6 í 44. kafla orðast svo:			
	5 Pergamentpappi og pergamentpappír, ót. a.	—	7	15
	6 Pappi, ót. a., yfirdreginn með litum, lakki, bronsi og þvílíkum efnum, eða lagður lit- eða skrautpappír	—	7	30
63.	Í staðinn fyrir nr. 8 í sama kafla koma tvö nr., svo hljóðandi:			
	Bókbandspappi:			
	8 — sem vegur allt að 700 g/m²			5
	8a — annar	—	2	8
64.	Í staðinn fyrir nr. 10 í sama kafla koma tvö nr., svo hljóðandi:			
	Venjulegur umbúðapappír, áprentaður eða óáprentaður, og annar þess háttar pappír, enda sé hann ekki þannig gerður, að hann falli undir annað tollskrárnúmer með hærri tolli:			
	10 — sem vegur allt að 130 g/m²			8
	10a — annar			5
65.	Nr. 17 í sama kafla orðast svo:			
	17 Smjörpappír og hvítur pergamentpappír, áprentaður eða óáprentaður, sem vegur allt að 100 g/m² ...			2
66.	Í staðinn fyrir nr. 22 í sama kafla koma tvö nr., svo hljóðandi:			
	21a Marmarapappír	—	7	15
	22 Annar pappír, ót. a.	—	7	30
67.	Í staðinn fyrir nr. 25 í sama kafla koma tvö nr., svo hljóðandi:			
	25 — nafnspjöld, matseðlar og bréfspjöld, skilti, merkispjöld, flöskumiðar og önnur þess háttar spjöld og miðar án áletrunar, svo og spjöld í spjaldskrár eða til notkunar við vélabókhald, þótt þau séu með áletrun	—	7	30
	25a — húfuskyggni og hattagjarðir	—	7	8
68.	Í staðinn fyrir nr. 36 í sama kafla koma tvö nr., svo hljóðandi:			
	36 Frímerkjapappír, limborinn, svo og flugnaveiðarar	—	7	30
	36a Pappírsræmur, límbornar til umbúða	—	7	15

		Toll-eining	Vörumagns-tollur Aurar	Verð-tollur %
69.	Nr. 18 í 45. kafla orðast svo:			
	18 Spil, einnig þótt þau séu úr öðrum efnum en pappa, pappír o. s. frv.	1 stk.	100	30
70.	Nr. 20a í sama kafla (Áprentaðar fiskumbúðir o. fl.). Liðurinn fellur niður.			
71.	Nr. 1 í 46. kafla A. orðast svo:			
	1 Silkiormahylki (kókónar), óspunnið byssússilki og silkiúrgangur			2
72.	Nr. 4—8 í sama kafla orðast svo:			
	4 Tvinni	1 kg	7	8
	5 Flauel og flos (plyds)	—	20	50
	6 Gólfábreiður, gólfmottur og gólfdreglar	—	20	60
	7 Laufaborðar (blúndur), laufaborðaefni, knipplingar, tyll og önnur þess konar netofin efni	—	20	45
	8 Leggingar, snúrur og aðrar þess konar dregilvörur (possement)	—	20	45
73.	Nr. 10—11 í sama kafla orðast svo:			
	10 Bönd og borðar úr silki, sem ekki geta talizt dregilvörur eða laufaborðar	—	20	60
	Aths. Borði telst í þessu sambandi sú ofin vara, sem ekki er breiðari en 30 cm.			
	11. Silkivefnaður, ót. a.	—	20	50
74.	Nr. 1 í 46. kafla B. orðast svo:			
	1 Gervisilkiúrgangur, óspunnir gervisilkiþræðir og aðrir þess konar gerviþræðir			5
75.	Nr. 4, 5 og 5a í sama kafla orðast svo:			
	Garn:			
	4 — tvinni	—	7	8
	5 — netjagarn, einlitt	tollfrjálst		
	5a — annað			5
76.	Nr. 8—9 í sama kafla orðast svo:			
	8 Laufaborðar, laufaborðaefni, knipplingar, tyll, „curtain nets“ og önnur þess konar netofin efni	—	20	45
	9 Leggingar, snúrur og aðrar þess konar dregilvörur	—	20	45
77.	Nr. 11 í sama kafla orðast svo:			
	11 Bönd og borðar, sem ekki geta talizt dregilvörur eða laufaborðar	—	20	30
78.	Nr. 1—2 í 47. kafla orðast svo:			
	1 Ull			5
	2 Ullarúrgangur og ótó (shoddy)			2
79.	Í staðinn fyrir nr. 1a og 2 í 48. kafla kemur eitt nr., svo hljóðandi:			
	Baðmull og baðmullarúrgangur:			
	2 — baðmull, ót. a.			2
80.	Nr. 5—6 í sama kafla orðast svo:			
	Garn:			
	5 — tvinni	—	7	8
	6 — netjagarn	tollfrjálst		
81.	Nr. 8a í sama kafla orðast svo:			
	8a — annað	—	20	35
82.	Nr. 12—13 í sama kafla orðast svo:			
	12 Laufaborðar, laufaborðaefni, knipplingar, tyll, „curtain nets“ og önnur þess konar netofin efni	—	20	45
	13 Leggingar, snúrur og aðrar þess konar dregilvörur	—	20	45

		Toll-eining	Vöru-magns-tollur Aurar	Verð-tollur %
83.	Nr. 1 í 49. kafla orðast svo:			
	Hör, hampur, júta, kínagras (ramie) og önnur spunaefni úr jurtaríkinu, ót. a.:			
	1 — hör			2
84.	Nr. 3—6 í sama kafla orðast svo:			
	3 — júta			2
	4 — annað			2
	Garn, ót. a.:			
	— úr hör eða ramí:			
	5 — — netjagarn	tollfrjálst		
	6 — — tvinni	1 kg	7	8
85.	Nr. 8 í sama kafla orðast svo:			
	8 — — netjagarn	tollfrjálst		
86.	Nr. 17—18 í sama kafla orðast svo:			
	17 Laufaborðar, laufaborðaefni, knipplingar, tyll, „curtain nets“ og önnur þess konar netofin efni	—	20	45
	18 Leggingar, snúrur og aðrar þess konar dregilvörur	—	20	45
87.	Nr. 27 í 50. kafla orðast svo:			
	27 Bókbandsléreft			5
88.	Í staðinn fyrir nr. 32 í sama kafla koma tvö nr., svo hljóðandi:			
	32 — vaxdúkur	—	7	30
	32a— leðurlíkisdúkur	—	7	15
89.	Á eftir nr. 33a í sama kafla koma tvö nr., svo hljóðandi:			
	33b — skóstrigi	—	7	8
	33c — ræmur, limbornar til umbúða	—	7	8
90.	Í staðinn fyrir nr. 34 í sama kafla koma tvö nr., svo hljóðandi:			
	— annað:			
	34 — — úr silki	—	20	50
	34a— — úr gervisilki og öðrum gerviþráðum	—	20	30
91.	Nr. 39 í sama kafla orðast svo:			
	Vefnaðarvara, bönd og dregilvörur, sem í er ofinn kátsjúkþráður, náttúrlegur eða tilbúinn (teygjubönd), ót. a.:			
	39 — ef vefnaðurinn er úr silki	—	20	35
92.	Nr. 43 í sama kafla orðast svo:			
	Kveikir:			
	43 — kertakveikir	—	7	8
93.	Nr. 1—6 í 51. kafla orðast svo:			
	Prjónavörur úr silki:			
	1 — prjónavoð (metravara)	—	20	50
	2 — sokkar og leistar	—	20	50
	3 — ytri fatnaður	—	20	60
	4 — nærfatnaður	—	20	60
	5 — vettlingar	—	20	60
	6 — aðrar	—	20	60
94.	Nr. 4—5 í 52. kafla orðast svo:			
	— úr öðrum efnum:			
	— — silki:			
	4 — — — nærfatnaður	—	20	60
	5 — — — annar	—	20	60

		Toll-einíng	Vörumagns-tollur Aurar	Verð-tollur %
95.	Nr. 14 í sama kafla orðast svo:			
	Borðdúkar, pentudúkar, vasaklútar, höfuðklútar, hálsklútar, handklæði, rúmábreiður, dívanteppi, veggteppi og þess konar:			
	14 — úr silki	1 kg	20	60
96.	Nr. 20 í sama kafla orðast svo:			
	Sjöl, slör og slæður:			
	20 — úr silki	—	20	60
97.	Nr. 23 í sama kafla orðast svo:			
	Hálsbindi, kvenslifsi og slaufur, hnýttar og óhnýttar:			
	23 — úr silki	—	20	60
98.	Nr. 32 í sama kafla orðast svo:			
	32 Skóreimar	—	7	20
99.	Nr. 36 í sama kafla orðast svo:			
	Flögg alls konar:			
	36 — úr silki	—	20	60
100.	Nr. 8 í 54. kafla orðast svo:			
	8 — — annar	—	20	25
101.	Á eftir nr. 8 í 55. kafla kemur nýtt nr., svo hljóðandi:			
	8a Tilsniðin hattaefni	—	20	30
102.	Athugasemd aftan við 55. kafla fellur niður.			
103.	Nr. 11 í 58. kafla orðast svo:			
	11 — smergill, einnig þótt hann sé með ás, svo og vikur og karborundum			8
104.	Á eftir nr. 19 í sama kafla kemur nýtt nr., svo hljóðandi:			
	19a — hús og hlutar til þeirra, ót. a.	—	7	30
105.	Nr. 3 í 59. kafla orðast svo:			
	3 Eldfastir steinar og aðrir brenndir hlutir til tekniskrar notkunar, ót. a.			2
106.	Nr. 1—2 í 63. kafla orðast svo:			
	1 Óunnið járn í klumpum ..... tollfrjálst			
	2 Stál- og járnsvarf ..... tollfrjálst			
107.	Í staðinn fyrir nr. 3 í sama kafla koma tvö nr., svo hljóðandi:			
	Járn og stál í stöngum:			
	3 — sívalar stengur 25 mm í þvermál eða grennri	—	2	8
	3a — annað ..... tollfrjálst			
108.	Nr. 4 í sama kafla orðast svo:			
	4 Prófiljárn alls konar, ót. a. ..... tollfrjálst			
109.	Nr. 8 í sama kafla orðast svo:			
	8 — — aðrar ..... tollfrjálsar			
110.	Nr. 8b í sama kafla orðast svo:			
	8b— — aðrar ..... tollfrjálsar			
111.	Í staðinn fyrir nr. 9 í sama kafla koma tvö nr., svo hljóðandi:			
	9 Raf- og logsuðuvír ..... tollfrjáls			
	9a Vír úr járni og stáli, ót. a.	—	2	8
	Aths. Vír er málmþráður 10 mm í þvermál eða grennri.			
112.	Nr. 11 í sama kafla orðast svo:			
	11 Gjarðajárn ..... tollfrjálst			
113.	Nr. 1 í 64. kafla orðast svo:			
	1 Kopar og koparblöndur, óunnið í klumpum eða sem duft ..... tollfrjálst			

		Toll-eining	Vöru-magns-tollur Aurar	Verð-tollur %
114.	Nr. 3—4 í sama kafla orðast svo:			
	3 — lóðunarefni í stöngum, plötum eða sem duft .... tollfrjálst			
	4 — annað ..... tollfrjálst			
115.	Nr. 1 í 65. kafla orðast svo:			
	1 Nikkel, nikkelblöndur, óunnið í klumpum, svo og duft tollfrjálst			
116.	Nr. 1 í 66. kafla orðast svo:			
	1 Alúmínium og alúmíniumblöndur, óunnið í klumpum, svo og duft ..... tollfrjálst			
117.	Í staðinn fyrir nr. 2 í sama kafla koma tvö nr., svo hljóðandi:			
	2 Vír, ekki einangraður	1 kg	7	8
	2a Stengur, þ. á m. prófílstengur ..... tollfrjálsar			
118.	Á eftir nr. 9a í sama kafla kemur nýtt nr., svo hljóðandi:			
	10 Fiskkassar	—	2	2
119.	Nr. 1 í 67. kafla orðast svo:			
	1 Blý og blýblöndur, ót. a., óunnið í klumpum, svo og blýspænir ..... tollfrjálst			
120.	Nr. 5 í sama kafla orðast svo:			
	5 Blýlóð (sökkur)			2
121.	Nr. 1 í 68. kafla orðast svo:			
	1 Zink og zinkblöndur, óunnið í klumpum, svo og zinkduft ..... tollfrjálst			
122.	Nr. 3 í sama kafla orðast svo:			
	3 Plötur ..... tollfrjálsar			
123.	Nr. 1 í 69. kafla orðast svo:			
	1 Tin og tinblöndur, óunnið í klumpum, svo og duft tollfrjálst			
124.	Í staðinn fyrir nr. 5 í sama kafla koma tvö nr., svo hljóðandi:			
	5 Lóðtin í stöngum eða öðru formi ..... tollfrjálst			
	5a Túbur úr tini	—	7	8
125.	Nr. 1—2 í 70. kafla orðast svo:			
	Málmar og blöndur þeirra, ót. a.:			
	1 — óunnir ..... tollfrjálst			
	2 — í stöngum, plötum eða sem vír ..... tollfrjálst			
126.	Á eftir nr. 5 í 71. kafla kemur nýtt nr., svo hljóðandi:			
	5a — hnífablöð	—	7	15
127.	Nr. 15 í sama kafla orðast svo:			
	15 Smávarningur til húsgagnagerðar (Möbelbeslag), ót. a.	—	7	15
128.	Nr. 17 í sama kafla orðast svo:			
	17 Hringjur, spennur óskreyttar, smellur, krókapör, skókóssar og annar þess konar smávarningur til sauma, lífstykkjagerðar, pappírsvöruiðnaðar, skósmíða og söðlasmíða o. þ. h., ót. a.	—	7	15
129.	Nr. 25 og 25a í sama kafla orðast svo:			
	Blaðtin (stanníól) og aðrar málmþynnur, sem eru minna en 0.25 mm að þykkt, þó ekki blaðgull og blaðsilfur og eftirlíkingar hvors tveggja:			
	25 — með áletrun, sem ber það með sér, að þynnurnar séu ætlaðar utan um íslenzkar afurðir			2
	25a — aðrar	—	7	15

		Toll-eining	Vöru-magns-tollur Aurar	Verð-tollur %
130.	Nr. 5 í 72. kafla orðast svo:			
	5 — vefjarskeiðar og skyttur til vefstóla	1 kg	7	8
131.	Nr. 31 í sama kafla orðast svo:			
	31 Kúlu- og keflalegur			2
132.	Á eftir nr. 11 í 73. kafla kemur nýtt nr., svo hljóðandi:			
	11a Hlutar til rafmagnsgeyma	—	2	8
133.	Nr. 14 í 75. kafla orðast svo:			
	14 Reiðhjólahlutar, ót. a.	—	7	20
134.	Nr. 2 í 79. kafla orðast svo:			
	2 Hlutar til flygela og pianóa	—	7	15
135.	Nr. 4 í sama kafla orðast svo:			
	4 Hlutar til orgela og harmonía	—	7	15
136.	Nr. 4 í 80. kafla orðast svo:			
	4 — hvalveiðabyssur og hlutar til þeirra	—	2	2
137.	Nr. 6 í sama kafla orðast svo:			
	6 — hvalveiðaskutlar	—	2	2
138.	Nr. 8, 9, 9a, 9b, 9c og 10 ásamt athugasemd í 82. kafla falla niður.			
139.	Nr. 11 í sama kafla orðast svo:			
	8 Skraut- og glysvarningur úr plastiskum efnum og efnum þeim, sem talin eru í þessum kafla	—	120	80
140.	Nr. 1 í 85. kafla orðast svo:			
	1 Hnappar til fata, ót. a., þar með taldir ermahnappar og flibbahnappar, aðrir en úr góðmálmum	—	20	30

2. gr.

Á 3. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1. Fyrir orðið „hampgarn“ í h-lið kemur: garn.
2. æ-liður orðast svo:
   æ. Að innheimta ekki aðflutningsgjöld af vélum, sem eingöngu eru notaðar til veiðarfæragerðar.
3. Á eftir æ-lið kemur nýr stafliður, svo hljóðandi:
   ö. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af efni, vélum og tækjum í skip og báta, sem smíðaðir eru innanlands. Má miða endurgreiðsluna við tiltekna fjárhæð á hverja rúmlest.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numdir 1., 6., 21. og 24. tölul. 1. gr. laga nr. 96 1941, 1., 2., 3., 7., 9., 10., 13., 20., hluti af 25. (49/5, 6 og 8), hluti af 49. (63/8 og 8b) tölul. 1. gr. laga nr. 56 1942, 7., 9., fyrri hluti 23. (50/39) og 29. tölul. 1. gr. laga nr. 6 1945, fyrri hluti 8. (30/12) og 33. tölul. 1. gr. laga nr. 71 1947, niðurlag 2. (15/19), 7., 10., 12., 16., 18. og 40. tölul. 1. gr. laga nr. 49 1950, 2., 3., 8., 11. og 16. tölul. 1. gr. laga nr. 108 1951 og 4., 14., 15., 17., 24. og 29. tölul. 1. gr. og æ-liður 3. tölul. 2. gr. laga nr. 31 1953, allra um breyt. á l. nr. 62 1939, um tollskrá o. fl.

4. gr.

Þá er lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra, ásamt meginmáli eldri laga um breyt. á l. nr. 62 1939, um tollskrá o. fl., að því leyti sem þau eru enn í gildi, inn í lög nr. 62 1939, um tollskrá o. fl., og gefa þau út svo breytt.

Nd. 680. Breytingartillaga [12. mál]

við frv. til áfengislaga.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Við 12. gr. Á eftir 7. málsgr. komi ný málsgrein, þannig:
Í veitingahúsum má aðeins selja vín með máltíðum og eigi eftir kl. 9 að kvöldi.

Nd. 681. Breytingartillaga [12. mál]

við brtt. á þskj. 660 [Áfengislög].

Frá Skúla Guðmundssyni.

Við 1. tölul. Meginmál b-liðar orðist svo:
Leyfishafar skulu greiða kostnað við það sérstaka eftirlit, eftir ákvörðun ráðherra.

Nd. 682. Breytingartillaga [12. mál]

við frv. til áfengislaga.

Frá Karli Guðjónssyni.

Við 12. gr. Á eftir 2. málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:
Eigi skal veitingahúsi, sem leyfi hefur til áfengisveitinga, heimilt að selja áfengi með hærra verði en sem nemur 20% álagningu frá útsöluverði Áfengisverzlunar ríkisins.

Nd. 683. Frumvarp til laga [165. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Benske, Erich Gerhard Julius, verzlunarmaður í Reykjavík, fæddur 2. júlí 1895 í Þýzkalandi.
2. Benske, Sesselja Guðmundsdóttir, húsmóðir í Reykjavík, fædd 28. febrúar 1903 á Íslandi.
3. Christensen, Ejvil Walin, bifreiðastjóri í Reykjavík, fæddur 6. febr. 1917 í Danmörku.
4. Clausen, Elisabeth, húsmóðir í Reykjavík, fædd 31. marz 1931 í Noregi.
5. Guðrún Steina Hólm Magnúsdóttir, húsmóðir í Reykjavík, fædd 15. marz 1929 á Íslandi.
6. Holmboe, Sigrid Johanne Emilie, húsmóðir í Reykjavík, fædd 20. desember 1901 í Danmörku.
7. Jacobsen, Trönd, verkamaður í Stykkishólmi, fæddur 21. febr. 1922 í Færeyjum.

8. Jörgensen, Jörgen, verkamaður í Reykjavík, fæddur 20. janúar 1919 í Noregi.
9. Kári Guðjónsson, sjómaður í Reykjavík, fæddur 30. október 1927 í Noregi.
10. Kjeldsen, Kaja, húsmóðir í Reykjavík, fædd 3. júlí 1925 í Danmörku.
11. Kjærvik, Julius Ingar, matsveinn í Reykjavík, fæddur 15. janúar 1923 í Noregi.
12. Krog, Else Marie Christine, húsmóðir í Reykjavík, fædd 13. júlí 1914 í Færeyjum.
13. Lambrechts, Fridtjov Johannes, sjómaður í Kópavogi, fæddur 29. júní 1917 í Noregi.
14. Machnitzky, Berta Emma, ráðskona að Sveinsstöðum í Lýtingsstaðahreppi, fædd 8. ágúst 1904 í Þýzkalandi.
15. Moravek, Johann Franz Josef, hljómlistarmaður í Kópavogi, fæddur 2. maí 1912 í Austurríki.
16. Spitzer, Erika Anita Maria Luise, húsmóðir í Reykjavík, fædd 3. apríl 1911 í Þýzkalandi.
17. Tavsen, Peter Andreas, sjómaður á Hofsósi, fæddur 20. sept. 1919 í Færeyjum.
18. Thorberg, Flemming, sjómaður í Reykjavík, fæddur 29. janúar 1933 í Danmörku.
19. Ward, Herbert Patrick, verkamaður í Reykjavík, fæddur 10. júlí 1922 á Írlandi.

2. gr.

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgararétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum nr. 54 27. júní 1925, um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 684. Frumvarp til laga [168. mál]

um breyting á lögum nr. 59 7. maí 1946, um sérstakar fyrningarafskriftir.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Heimild 1. gr. laga nr. 59 7. maí 1946 til sérstakra afskrifta skal einnig ná til eigna af þeirri tegund, sem þar eru taldar og teknar í fyrstu notkun á árunum 1954, 1955 og 1956. Enn fremur skal heimildin gilda um farþega- og vöruflutningaflugvélar, sem teknar verða í fyrstu notkun á árunum 1954—1956.

Öll önnur ákvæði fyrrgreindra laga gilda einnig um þessar eignir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 685. Frumvarp til laga [124. mál]

um fuglaveiðar og fuglafriðun.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

Samhljóða þskj. 288 með þessum breytingum:

3. gr. hljóðar svo:

1. Nú er landareign í óskiptri sameign, og eru þá landeigendum öllum fuglaveiðar jafnheimilar í þeirri landareign í réttu hlutfalli við afnotarétt lands, nema samkomulag verði um aðra skipan.

2. Nú er landareign í sameign, en er skipt eftir merkjum, afnotaskiptum eða eignar, og á þá hver sameigandi fuglaveiðar á og fyrir sínum landshluta eða afnotasvæði, nema samkomulag hafi orðið um aðra lögmæta skipan.

6. gr. hljóðar svo:

Fastráðnum starfsmönnum við dýrafræðideild Náttúrugripasafns Íslands í Reykjavík skal heimilt að veiða fugla og safna eggjum handa safninu, hvar sem er, án þess að endurgjald komi fyrir, enda geri þeir landeiganda aðvart fyrir fram og sýni skilríki sín, verði því við komið.

9. gr. hljóðar svo:

1. Frá 15. apríl til 14. júlí ár hvert eru öll skot bönnuð nær friðlýstu æðarvarpi en 2 km, nema brýna nauðsyn beri til. Á sama tíma má eigi án leyfis varpeigenda leggja net nær friðlýstu æðarvarpi en ¼ km frá stórstraumsfjörumáli.

2. Lögreglustjórar skulu ár hvert á manntalsþingum, ótilkvaddir og ókeypis, friðlýsa öll æðarvörp í lögsagnarumdæmum sínum.

3. Nú vill einhver koma á fót æðarvarpi í landareign ábúðarjarðar sinnar, og skal hann þá senda lögreglustjóra skriflega yfirlýsingu um það. Skal þar skýrt frá legu varplandsins, afstöðu þess, ummerkjum og útbúnaði. Skýrslu þessari fylgi vottorð tveggja áreiðanlegra og óvilhallra manna, er kunnugir séu staðháttum, um, að hún sé rétt og þeir telji landið vænlegt til æðarvarps. Síðan friðlýsir lögreglustjóri varplandið ókeypis á næsta manntalsþingi.

10. gr. hljóðar svo:

1. Á takmörkuðum svæðum, þar sem veiði, eggja- eða ungataka þeirra sjófugla, sem taldir eru undir b- og e-liðum 2. málsgr. 8. gr., hefur talizt eða telst til hlunninda, skulu friðunarákvæði laga þessara ekki vera til fyrirstöðu því, að nytja megi þau hlunnindi eftirleiðis. Óheimilt skal þó að skjóta umræddar tegundir á þeim tíma, er þær eru friðaðar samkvæmt lögum þessum, og aldrei má skjóta fugla í fuglabjörgum.

2. Í Mývatnssveit og á öðrum takmörkuðum svæðum, þar sem andavarp er mikið (þar með talin æðarvörp), skal, þrátt fyrir ákvæði 8. gr., leyfilegt að taka andaregg (og æðaregg), en við eggjatökuna skal þeirri reglu fylgt, að ávallt séu skilin eftir minnst 4 egg í hreiðri hverju. Undanþága þessi til eggjatöku tekur þó eigi til skeiðandar, álftar og gæsa, hverrar tegundar sem eru. Um æðaregg skulu gilda þau sérákvæði, að þau má hvorki bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa né þiggja að gjöf.

3. Í kríuvörpum skal heimilt að taka kríuegg, þrátt fyrir friðunarákvæði 8. gr., en þó aldrei nema fyrsta varp eða annað egg af tveimur.

13. gr. hljóðar svo:

Sýslunefndum og bæjarstjórnum veitist heimild til, hverri sér eða fleirum saman, að gera samþykktir um nytjun þeirra hlunninda, er um ræðir í 10. gr., á þann hátt og með þeim skilyrðum, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

14. gr. hljóðar svo:

1. Þegar sýslunefnd (eða sýslunefndir og bæjarstjórnir) hefur gert frumvarp til samþykktar samkvæmt 13. gr., skal oddviti sýslunefndar (eða oddvitar sýslunefnda og bæjarstjórna) kveðja til samþykktarfundar. Sé ein sýslunefnd aðili að samþykktinni, stjórnar oddviti hennar fundinum, en sé um fleiri að ræða, þá sá maður, er til þess er kosinn af öllum aðilum. Sé samþykktinni ætlað að ná til eins hrepps eða eins bæjarfélags, skal boða á fundinn alla eigendur og umráðamenn landa og lóða á svæðinu. En sé samþykktinni ætlað að ná til stærra svæðis, skal boða á fundinn hreppsnefndarmenn og bæjarfulltrúa á samþykktarsvæðinu. At-

kvæðisréttur á samþykktarfundi er bundinn við þá, sem boðaðir eru á fundinn, og er fundurinn því aðeins lögmætur, að meira en helmingur þeirra sé á fundi.

2. Á fundinum leggur fundarstjóri fram frumvarp það til samþykktar, er sýslunefnd (eða sýslunefndir) hefur gert. Fallist fundarmenn á frumvarpið óbreytt að efni með ⅔ greiddra atkvæða, sendir sýslumaður það ráðherra til staðfestingar, og er þá öllum, er boðaðir voru á fundinn, skylt að gerast aðilar að samþykktinni. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri á því efnisbreytingar, ef sýslunefnd (eða sýslunefndir) fellst á þær. En ef sýslunefnd (eða sýslunefndir) vill ekki fallast á breytingartillögur, er fundurinn gerir, skal kveðja til nýs fundar. Fallist fundurinn þá á frumvarpið óbreytt að efni með ⅔ greiddra atkvæða, fer um það sem fyrr segir.

3. Nú er gerð samþykkt, eins og að framan er mælt, og send ráðherra til staðfestingar, og virðist ráðherra hún brjóta í bág við lög eða grundvallarreglur laga eða réttindi manna, og er samþykktin þá endursend án staðfestingar, ásamt synjunarástæðum ráðherra. Að öðrum kosti staðfestir ráðherra samþykktina, skipar fyrir um birtingu hennar og tiltekur, hvenær hún skuli öðlast gildi.

4. Staðfestri samþykkt má breyta á sama hátt og til hennar var stofnað.

18. gr. hljóðar svo:

Við fuglaveiðar má eigi nota önnur skotvopn en þau, er skjóta má með fríhendis frá öxl. Hlaupvíðari haglabyssur en cal. 12 má eigi nota til fuglaveiða.

19. gr. hljóðar svo:

1. Eigi má nota flugvélar, bifreiðar eða önnur vélknúin farartæki á landi til fuglaveiða eða til að elta uppi eða reka fugla. Farartæki þessi má þó nota til að flytja veiðimenn, veiðihunda og veiðitæki að og frá veiðistað.

2. Eigi má nota vélknúna báta til fuglaveiða á ósöltu vatni, og til fuglaveiða á sjó má eigi nota vélknúna báta, sem ganga hraðar en 9 sjómílur á klst.

20. gr. hljóðar svo:

1. Eigi má nota net til fuglaveiða í sjó eða vötnum.

2. Nú festast fuglar í netum, sem ætluð eru til annarra veiða (fisk- eða selveiða), og ber þá að greiða þá úr netunum og sleppa þeim, ef þeir eru lifandi, þegar netanna er vitjað. En fugla, sem finnast dauðir í slíkum netum, má hvorki hirða né nýta á nokkurn hátt.

3. Eigi má nota net til fuglaveiða á landi. Þó skal heimilt að veiða lunda í net, þar sem lundagröftur stendur æðarvarpi fyrir þrifum. Þessa veiðiaðferð má þó ekki stunda, nema verið sé yfir netunum og fuglinn hirtur úr þeim jafnóðum eða þeirra sé vitjað minnst tvisvar á dag. Heimilt skal að nota háfa til bjargfuglaveiða.

21. gr. hljóðar svo:

Eftirtalin tæki eða útbúnað má eigi nota til fuglaveiða: fleka (snörufleka), stingi eða króka (gogga), öngla, boga, gildrur, blys eða annan ljósaútbúnað, svo og allar aðrar fastar veiðivélar, þótt hér hafi ekki verið taldar.

Nd. 686. Breytingartillögur [167. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni og Hannibal Valdimarssyni.

Við 1. gr.

1. Á eftir 68. tölul. kemur nýr liður, svo hljóðandi:
   Á eftir nr. 1 í 45. kafla kemur nýtt nr., svo hljóðandi:
   2 — — nótnabækur og nótnablöð fyrir hljóðfæri, ót. a. ..... tollfrjálst

2. Fyrir 134. og 135. tölul. koma þrír tölul., svo hljóðandi:
   a. Nr. 1—7 í 79. kafla orðast svo:

1 Flygel og píanó	tollfrjáls
2 Hlutar til flygela og píanóa	tollfrjálsir
3 Orgel og harmónium	tollfrjáls
4 Hlutar til orgela og harmónía	tollfrjálsir
5 Strengjahljóðfæri og hlutar til þeirra, ót. a.	tollfrjálst
Blásturshljóðfæri:	
6 — munnhörpur	tollfrjálsar
7 — önnur og hlutar til þeirra	tollfrjálst

   b. Nr. 9 í sama kafla orðast svo:

9 — grammófónar og hlutar til þeirra	tollfrjálsir

   c. Fyrir nr. 11 og 12 í sama kafla kemur eitt nr. svo hljóðandi:

11 — grammófónplötur	tollfrjálsar

Ed. 687. Nefndarálit [178. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin athugaði frumvarp þetta, og mæla undirritaðir nefndarmenn með því, að það verði samþykkt.

Einn nefndarmaður (HG) skilar væntanlega séráliti.

Alþingi, 5. apríl 1954.

Bernharð Stefánsson, form.	Lárus Jóhannesson, fundaskr.	Karl Kristjánsson, frsm.
	Gísli Jónsson.	

Sþ. 688. Skýrsla

félagsmálaráðuneytisins um 35. og 36. Alþjóðavinnumálaþingið í Genf 1952 og 1953.

Samkvæmt stjórnarskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, skal þing hennar koma saman a. m. k. einu sinni á ári. Hin síðari ár hafa þing þessi verið haldin í Þjóðabandalagshöllinni í Genf. Hafa þau verið haldin í júnímánuði, og staðið yfir um þriggja vikna skeið.

Skýrsla þessi fjallar um tvö síðustu þing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, þ. e. þingin 1952 og 1953.

Á síðara þinginu var enginn fulltrúi frá Íslandi, en hið fyrra sat nefnd skipuð í samræmi við ákvæði stofnunarinnar, en hún mælir svo fyrir að hvert aðildarríki skuli senda fjóra fulltrúa til þings. Tveir þeirra skuli tilnefndir í samráði við samtök atvinnurekenda og verkamanna. Auk þess er ríkjum heimilt að senda sérfræðinga og varamenn hinum skipuðu fulltrúum til aðstoðar.

Íslenzka nefndin 1952 var skipuð þessum mönnum: Jónasi Guðmundssyni skrifstofustjóra í félagsmálaráðuneytinu, Jóni S. Ólafssyni, fulltrúa í sama ráðuneyti, Kjartani Thors, framkvæmdastjóra, formanni Vinnuveitendasambands Íslands og

Magnúsi Ástmarssyni, prentara, meðlim í stjórn Alþýðusambands Íslands. Enn fremur sótti Haraldur Guðmundsson, forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins, þingið um skeið sem sérfræðingur í tryggingamálum, og Olivier de Ferron ræðismaður Íslands í Genf var nefndinni einnig til aðstoðar.

Dagskrá þingsins 1952 var svo hljóðandi:

1. Skýrsla framkvæmdastjóra.
2. Fjárhagsmál.
3. Skýrslur um framkvæmdir á samþykktum.
4. Orlof með kaupi í landbúnaði (síðari umræða).
5. Markmið og lágmarkskröfur félagslegs öryggis.
6. Samstarf stjórnvalda við samtök atvinnurekenda og verkamanna.
7. Endurskoðun Mæðraverndarsamþykktarinnar (nr. 3) 1919.
8. Heilsuvernd á vinnustöðum.
9. Takmörkun á vinnu unglinga í kolanámum.

Formaður stjórnar Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar setti þingið, en forseti þess var kjörinn José de Segadas Vianna vinnumálaráðherra Brazilíu.

Talsverð átök urðu á þinginu út af þingsetu kínversku fulltrúanna, sem voru tilnefndir af Formósu-stjórninni. Pólsku og tékknesku fulltrúarnir mótmæltu því, að kínversku fulltrúunum væri leyft að sitja þingið, þar sem þeir væru ekki tilnefndir af hinni löglegu stjórn Kína. Úrslit þessa máls urðu þau, að kínversku fulltrúunum var leyfð þingseta með fullum réttindum, enda þótt Kína hefði ekki staðið í skilum með greiðslur til stofnunarinnar síðast liðin ár. Alls sátu þingið 650 manns frá 60 aðildarríkjum, en þau eru nú 66 með Libiu, sem gerðist aðili á þessu þingi.

Dagskrá þingsins 1953 var svo hljóðandi:

1. Skýrsla framkvæmdastjórans.
2. Fjárhagsmál.
3. Skýrslur um framkvæmdir á samþykktum.
4. Orlof með kaupi (fyrri umræða).
5. Heilsuvernd á vinnustöðum (síðari umræða).
6. Lágmarksaldur verkafólks í kolanámum (síðari umræða).
7. Skipulagning og starfsemi vinnumálaráðuneyta (almennar umræður).
8. Stjórnarskrárbreytingar.

Hér á eftir verður gerð nokkur grein fyrir þeim málum, sem rædd voru á þessum tveim þingum, og samþykktir þær og tillögur, sem þar voru gerðar, eru birtar hér með sem fylgiskjöl:

1. Skýrsla framkvæmdastjórans.

Á hverju þingi leggur framkvæmdastjórinn fram skýrslu um starfsemi stofnunarinnar undanfarið ár og um þróun í vinnu- og félagsmálum í heiminum yfirleitt. Hin síðari ár hefur skýrsla framkvæmdastjórans einnig tekið fyrir eitthvert efni sérstaklega, sem einkum hefur verið rætt. Annars eru umræður um þennan dagskrárlið jafnan mjög almenns eðlis. Menn ræða þar efni þau, sem skýrsla framkvæmdastjórans fjallar um, og gera almennt grein fyrir þróun félagsmála og vinnumála í sínum löndum. Jafnan tekur mikill fjöldi fulltrúa til máls í þessum umræðum og taka þær mikinn hluta þingtímans, meðan nefndir fjalla um hin einstöku mál dagskrárinnar.

Á þinginu 1952 flutti Jónas Guðmundsson skrifstofustjóri ræðu við þessar umræður. Vék hann fyrst nokkrum orðum að skýrslu framkvæmdastjórans og ræddi nokkuð um sérstöðu smáþjóðanna, m. a. hversu vandamál þeirra væru að ýmsu leyti önnur en hinna stærri þjóða. Þá gerði hann grein fyrir legu Íslands, stærð þess og fólksfjölda svo og atvinnuháttum þjóðarinnar. Í því sambandi minntist skrifstofustjórinn á hina vaxandi flutninga fólks úr sveitum til kaupstaða og kauptúna og vandamál þau, sem þeir hafa í för með sér.

Þessu næst gerði skrifstofustjórinn grein fyrir almannatryggingalögunum íslenzku og skipan tryggingamálanna og drap í því sambandi á framfærslumálin og ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla.

Þá ræddi Jónas Guðmundsson nokkuð um atvinnuástandið í landinu og skýrði m. a. frá því, að ríkisstjórnin, Vinnuveitendasamband Íslands og Alþýðusamband Íslands hefðu sameiginlega skipað nefnd til þess að rannsaka, hversu koma mætti í veg fyrir árstíðabundið atvinnuleysi.

Að síðustu ræddi skrifstofustjórinn um það, að smáþjóðum væri að sumu leyti auðveldara að innleiða nýjungar á sviði félags- og menningarmála vegna fámennis þeirra og þess, hve auðvelt er hjá þeim að fylgjast vel með áhrifum slíkra nýjunga. Smáþjóðirnar gætu því á þessu sviði orðið eins konar tilraunastöðvar, þar sem framkvæmdar yrðu tilraunir með félagslegar umbætur, og gætu þær á þennan hátt látið mikið gott af sér leiða fyrir mannkynið í heild.

2. Fjárhagsmál.

Á hverju þingi leggur framkvæmdastjórinn fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár, en áætlun þessa hefur stjórn stofnunarinnar áður athugað gaumgæfilega. Upphaflega fjárhagsáætlunin fyrir 1953 var nokkru hærri en fyrir næsta ár á undan, en stjórnin lækkaði hana niður í 6 469 085 bandaríkjadollara.

Sérstök þingnefnd fjallar um fjárhagsmál stofnunarinnar. Hún er skipuð einum stjórnarfulltrúa frá hverju ríki, og átti Jónas Guðmundsson sæti í henni fyrir Íslands hönd.

Nefndin samþykkti fjárhagsáætlunina eins og hún var lögð fyrir þingið, og síðar var hún samþykkt á allsherjar þingfundi, en þar komu þó fram nokkur mótmæli frá fulltrúum verkamanna gegn lækkun þeirri, sem áður var getið.

Vegna fjölgunar aðildarríkjanna lækkaði nokkuð hundraðshluti nokkurra ríkja af heildarframlögum til stofnunarinnar. Árgjald Íslands fyrir árið 1953 var 7 126.65 dollarar.

Á þinginu 1953 var samþykkt fjárhagsáætlun fyrir 1954, og nam hún 6 556 887 dollurum. Þar af var hlutur Íslands 7 636.30 dollarar. Í þetta sinn bentu fulltrúar verkamanna einnig á það, að á áætluninni væri ekki tekið nægilegt tillit til eðlilegrar útgjaldaaukningar, og hlyti það að hafa í för með sér samdrátt í starfsemi stofnunarinnar. Upphaflegu tillögunnar höfðu verið nokkru hærri, en þær höfðu verið lækkaðar að vilja fulltrúa atvinnurekenda og allmargra stjórnarfulltrúa.

3. Skýrslur um framkvæmd samþykkta.

Samkvæmt stjórnarskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar ber aðildarríkjunum skylda til þess að gefa árlega skýrslur um það, hversu samþykktum Alþjóðavinnumálaþingsins, sem þau hafa fullgilt, er framfylgt. Einnig skulu þau, að beiðni stofnunarinnar, gefa skýrslur um, hvað hamli fullgildingu þeirra á samþykktum og hvernig ástatt sé hjá þeim í þeim málum, sem viðeigandi ófullgiltar samþykktir fjalla um.

Sérstök nefnd sérfræðinga rannsakar skýrslur þessar og gefur þinginu skýrslur um niðurstöður sínar. Síðan fjallar sérstök nefnd á þinginu um þetta mál. Þessar nefndir rannsaka einnig þær kærur, er fram kunna að koma um það, að ríki fullnægi ekki skyldum sínum í þessum efnum.

Í samþykktum stofnunarinnar eru ekki ákveðin nein viðurlög við vanrækslu ríkja á því að fullnægja skyldum sínum, og hafa þau því ekki annað aðhald í þessu efni en þann siðferðilega hnekki, er þau mundu bíða við það, að verða uppvís að því á alþjóðavettvangi að uppfylla ekki þær skyldur, sem þau hafa á sig tekið. Störf þessara nefnda eru því mjög mikilvæg fyrir stofnunina og starfsemi hennar, því að ef þeirra nyti ekki við, er ástæða til að ætla, að sum ríki mundu ekki hugsa jafnvel

sitt ráð, áður en þau fullgiltu samþykktir Alþjóðavinnumálaþingsins, því að mörgum ríkjum er það mikið kappsmál að fullgilda sem flestar samþykktir til þess að sýna öðrum þjóðum hversu langt þær eru komnar á sviði félagsmála.

Ísland hefur jafnan hin síðari ár fullnægt skyldum sínum í sambandi við þessar skýrslur til Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar.

4. Orlof með kaupi.

a. Á þinginu 1951 fór fram fyrri umræða um orlof með kaupi í landbúnaði, og var þá gengið frá uppkasti að samþykkt og tillögu um það mál. Síðari umræða um málið fór síðan fram á þinginu 1952, og var þá gerð um það samþykkt og einnig tillaga. Orðalag þessarar samþykktar er mjög rúmt, og felast í henni einungis nokkrar grundvallarreglur. Þar er t. d. einungis ákveðið, að fólk, sem vinnur landbúnaðarstörf, skuli eiga rétt á orlofi með kaupi, en ekkert kveðið á um það, hve langt orlofið skuli vera. Í tillögunni er hins vegar mælzt til þess, að tilteknum lágmarksákvæðum sé fullnægt.

   Eins og kunnugt er eiga allir, sem vinna í annarra þjónustu hér á landi, rétt á orlofi með kaupi. Íslandi ætti því ekki að vera neitt að vanbúnaði að fullgilda þessa samþykkt og verða við þeim tilmælum, sem í tillögunni felast. Mun félagsmálaráðuneytið því síðar beita sér fyrir því, að svo verði gert.

b. Stjórn Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar ákvað á 117. fundi sínum, að á þinginu 1953 skyldi fara fram fyrri umræða um orlof með kaupi með það fyrir augum að gerð yrði tillaga um það mál. Í samræmi við þessa ákvörðun var þetta mál tekið fyrir á þinginu, og voru samin drög að tillögu um þetta efni og samþykkt, að það skyldi tekið til lokaafgreiðslu á næsta þingi. Enn fremur var gerð ályktun þess efnis, að tekið skyldi til athugunar að setja á dagskrá einhvers næstu þinga endurskoðun samþykktar frá 1936 um orlof með kaupi. Hin áformaða tillaga tekur ekki til sjómanna né landbúnaðarverkafólks, þar sem sérstakar samþykktir fjalla um orlof þessara stétta.

5. Félagslegt öryggi.

Mál þetta var rætt á þinginu 1952, og var það umfangsmest þeirra mála, sem þar voru rædd. Nefndin, sem um það fjallaði, var skipuð 90 fulltrúum. Fulltrúi Íslands í nefndinni var Jón S. Ólafsson og síðar Haraldur Guðmundsson.

Á þinginu 1951 hafði farið fram fyrri umræða um þetta mál (sjá skýrslu um það þing), og hafði þá verið samið uppkast, sem skrifstofan síðan breytti í nokkrum atriðum til samræmis við framkomnar tillögur frá ríkisstjórnum aðildarríkjanna. Þetta uppkast var síðan lagt til grundvallar umræðunum á þinginu 1952.

Bæði í nefndinni og á almennum þingfundi greindi menn mjög á um hin ýmsu atriði þessarar samþykktar, og má segja, að fulltrúar atvinnurekenda og verkamanna skiptust þar í andstæðar fylkingar. Við lokaatkvæðagreiðslu um samþykktina, sem þá var orðin allmikið breytt frá uppkastinu, greiddu fulltrúar verkamanna og allur þorri stjórnarfulltrúanna atkvæði með henni, en flestir fulltrúar atvinnurekenda sátu annaðhvort hjá eða greiddu atkvæði á móti samþykktinni.

Samþykkt þessi tekur til sjúkrahjálpar, sjúkradagpeninga, atvinnuleysisstyrkja, ellilífeyris, slysabóta, fjölskyldubóta, mæðrastyrkja, örorkustyrkja og bóta til eftirlifenda.

Hér skal ekki farið út í það að gera nánari grein fyrir efni þessarar víðtæku samþykktar, en hún er prentuð sem fylgiskjal með þessari skýrslu ásamt öðrum samþykktum og tillögum, sem gerðar voru á þeim þingum, sem hér er um að ræða.

Þess skal þó getið, að í samþykktinni felast nýmæli, sem ekki hafa komið fyrir í eldri samþykktum. Þannig getur ríki fullgilt samþykktina, ef það fullnægir ákvæðum hennar, að því er tekur til þriggja af þeim níu greinum tryggginganna, sem hún

fjallar um, en a. m. k. ein þessara þriggja greina verður að vera atvinnuleysistryggingar, ellitryggingar, slysatryggingar, örorkutryggingar eða trygging til handa eftirlifendum. Þá hefur samþykktin og að geyma ákvæði um upphæðir bótanna. Þær eru þó ekki ákveðnar í neinni tiltekinni mynt, heldur í ákveðnu hlutfalli við vinnulaun í hverju landi.

Ekki hefur enn verið gerð endanleg athugun á því, hvort hin íslenzka tryggingalöggjöf samrýmist nægilega ákvæðum samþykktarinnar, til þess að hægt sé að fullgilda hana. Sú athugun mun verða gerð innan skamms, og verður þá tekin ákvörðun um það, hvort leita skuli samþykkis Alþingis til fullgildingar á samþykktinni.

6. Samstarf stjórnvalda við samtök atvinnurekenda og verkamanna.

Á nokkrum fyrri þingum hefur verið rætt um hina ýmsu þætti samstarfs milli hins opinbera, atvinnurekenda og verkamanna. Einn þáttur þessa umfangsmikla máls var til umræðu á þinginu 1952, þ. e. samstarf atvinnurekenda og verkamanna innan einstakra fyrirtækja. Þingið samþykkti tillögu um þetta mál, sem birt er hér með sem fylgiskjal, og verður efni hennar ekki rakið nánar hér.

7. Endurskoðun Mæðraverndarsamþykktarinnar frá 1919.

Þetta mál var á dagskrá þingsins 1952.

Samþykkt sú, sem hér er um að ræða, kveður á um rétt og skyldu kvenna til þess að taka sér frí frá störfum tiltekinn tíma fyrir og eftir barnsburð og um laun þeirra á þessum tíma.

Niðurstaða endurskoðunar þessarar varð sú, að samþykktin var látin taka til fleiri stétta kvenna og ákvæðunum um frí vegna barnsburðar breytt þannig, að konum er veittur réttur til tólf vikna orlofs, en þar af skulu a. m. k. sex vikur teknar eftir fæðinguna.

Þá kveður samþykktin og á um læknishjálp og fjárhagslega hjálp.

Um þetta mál gerði þingið einnig tillögu til uppfyllingar samþykktinni.

8. Heilsuvernd verkamanna á vinnustöðum.

Fyrri umræða um þetta mál fór fram á þinginu 1952, en hin síðari 1953.

Á fyrra þinginu voru gerð drög að samþykkt og tillögu um þetta mál.

Niðurstaðan á þinginu 1953 varð sú, að einungis var samþykkt tillaga um þetta mál. Fjallar tillaga þessi um almennar tæknilegar ráðstafanir til heilsuverndar á vinnustöðum, læknisskoðanir, tilkynningarskyldu um atvinnusjúkdóma og bráðabirgðahjálp.

9. Takmörkun á vinnu unglinga í kolanámum.

Þetta mál var til umræðu á báðum þingunum 1952 og 1953 og á hinu síðara var samþykkt tillaga um lágmarksaldur við vinnu í kolanámum.

10. Skipulagning og starfsemi vinnumálaráðuneyta.

Mál þetta var á dagskrá þingsins 1953, og fóru þar fram almennar umræður um það. Tilgangurinn með þessum umræðum var fyrst og fremst sá, að gefa þeim ríkjum, sem nýlega hefðu sett á stofn sérstakar stjórnardeildir til þess að annast vinnumál, tækifæri til þess að kynnast og njóta góðs af reynslu annarra þjóða í þessum efnum.

Nefndin, sem fjallaði um þetta mál á þinginu, samdi greinargerð um það, sem þingið síðan samþykkti.

Fjallar greinargerð þessi um þörfina fyrir, að komið sé á fót sérstökum vinnumálaráðuneytum, svo og um hlutverk þeirra, skipulag og störf.

11. Stjórnarskrárbreytingar.

Á þinginu 1953 var gerð breyting á stjórnarskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Var hún fólgin í því, að meðlimum í stjórn stofnunarinnar var fjölgað úr 32 í 40, en hlutfallið milli stjórnarfulltrúa atvinnurekenda og verkamanna hélzt óbreytt, þ. e. 20:10:10. Önnur ákvæði um skipun stjórnarinnar breytast eftir því, sem nauðsynlegt var með tilliti til fjölgunarinnar.

Þessi fjölgun í stjórninni var gerð, vegna þess að aðildarríkjunum hefur farið sífellt fjölgandi, og til þess að auðveldara sé að koma á betra jafnvægi í skiptingu fulltrúa í stjórninni milli hinna ýmsu hluta heims.

Breytingar þessar ganga í gildi, þegar ⅔ aðildarríkjanna hafa fullgilt þær eða samþykkt formlega, en það hafa 20 ríki nú gert, þ. á m. Ísland. Stjórnarkosning á að fara fram á næsta þingi í júní n. k., og er stofnuninni mjög umhugað um, að breytingarnar verði þá gengnar í gildi, svo að kjósa megi eftir hinum nýju ákvæðum.

Þessar stjórnarskrárbreytingar verða birtar í Stjórnartíðindum, svo að þær eru ekki prentaðar hér með.

Fylgiskjöl.

I. Samþykkt nr. 101 um orlof með kaupi í landbúnaði (1952).

1. gr.

Verkafólki, sem vinnur að landbúnaði eða skyldum störfum, skal veita árlegt orlof með kaupi, eftir að það hefur um tiltekinn tíma unnið stöðugt hjá sama húsbónda.

2. gr.

1. Sérhvert aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt, getur sjálft ákveðið, með hverjum hætti skuli setja ákvæði um orlof með kaupi í landbúnaði.
2. Slík ákvæði má setja með heildarsamningum, þar sem það á við, eða með því að fela sérstökum stofnunum að annast skipulagningu orlofs í landbúnaði.
3. Þar sem skipulagshættir orlofs í landbúnaði leyfa:
   a. skal í upphafi haft rækilegt samráð við aðalsamtök hlutaðeigandi atvinnurekenda og verkafólks, þar sem um slík samtök er að ræða, og við hverja þá menn aðra, sem sérstaklega eru til þess hæfir vegna atvinnu sinnar eða stöðu og rétt stjórnvöld álíta gagnlegt að hafa samráð við;
   b. skulu atvinnurekendur og verkamenn, sem hlut eiga að máli, taka þátt í framkvæmd reglnanna um orlof, þeir hafðir með í ráðum eða eiga rétt á því að láta til sín heyra á þann hátt og að svo miklu leyti, sem ákveðið kann að vera með landslögum eða reglugerðum, en ávallt á grundvelli fullkomins jafnræðis.

3. gr.

Hinn tilskildi lágmarkstími samfellds starfs og lágmarkslengd árlegs orlofs með kaupi skulu ákveðin með landslögum eða reglugerðum, heildarsamningum, úrskurði gerðardóms, af sérstökum stofnunum, sem falin hefur verið skipulagning orlofs með kaupi í landbúnaði, eða með hverjum þeim hætti, sem viðurkenndur er af þar til bæru stjórnvaldi.

4. gr.

1. Sérhverju aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt, skal frjálst að ákveða, til hvaða starfsemi, starfsgreina og flokka manna, sem um getur í 1. gr., ákvæði samþykktarinnar skuli taka, en fyrst skal það hafa um þetta samráð við aðalsamtök hlutaðeigandi atvinnurekenda og verkafólks, þar sem um þau er að ræða.

2. Sérhvert aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt, getur undanskilið öllum eða einhverjum ákvæðum hennar greinar starfsfólks, þegar vinnuskilyrðum þess er þannig háttað, að þau ákvæði geta ekki átt við það, eins og til dæmis skyldulið bóndans, sem hjá honum vinnur.

5. gr.

Þar sem það hentar, skal í samræmi við viðtekna hætti um tilhögun orlofs með kaupi í landbúnaði setja sérstök ákvæði um:

a. betri kjör fyrir ungt starfsfólk og nemendur, þegar árlegt orlof með kaupi, sem veitt er fullorðnu starfsfólki, er ekki talið nægilegt fyrir ungt starfsfólk;
b. að árlegt orlof með kaupi lengist með lengdum starfstíma;
c. orlof í hlutfalli við starfstímann eða fjárgreiðslu í þess stað, þar sem svo stendur á, að samfelldur starfstími verkamannsins er ekki nógu langur til þess að veita honum rétt til árlegs orlofs með kaupi, en er þó lengri en lágmarkstími sá, sem ákveðinn kann að vera í samræmi við viðtekna hætti;
d. að í árlegu orlofi með kaupi skuli ekki teljast með almennir og venjubundnir frídagar og vikulegir hvíldartímar svo og bráðabirgðafjarvistir frá vinnu vegna orsaka eins og t. d. veikinda eða slysa, að svo miklu leyti, sem ákveðið kann að vera í samræmi við viðtekna hætti.

6. gr.

Árlegu orlofi með kaupi má skipta innan þeirra takmarka, sem ákveðin kunna að vera með landslögum eða reglugerðum, heildarsamningi, úrskurði gerðardóms, af sérstökum stofnunum, sem hefur verið falin framkvæmd reglnanna um orlof með kaupi í landbúnaði, eða á hvern þann hátt annan, sem viðurkenndur er af þar til bæru stjórnvaldi.

7. gr.

1. Hver sá, sem tekur orlof samkvæmt þessari samþykkt, skal allan orlofstímann fá kaup, er eigi sé lægra en venjulegt kaup hans eða það kaup, sem ákveðið kann að vera í samræmi við 2. og 3. tölulið þessarar greinar.
2. Kaup það, sem greiðast skal fyrir orlofstímann, skal reiknast eins og fyrir er mælt í landslögum eða reglugerðum, heildarsamningi, úrskurði gerðardóms, af sérstökum stofnunum, sem hefur verið falin framkvæmd reglnanna um skipulagning orlofs með kaupi í landbúnaði, eða á hvern þann hátt annan, sem samþykktur er af réttu stjórnvaldi.
3. Þegar kaup orlofsþega er greitt að nokkru í öðru en peningum, má ákveða, að greitt skuli orlofsfé, er jafngildi slíkri greiðslu.

8. gr.

Sérhver samningur um afsal réttar til árlegs orlofs með kaupi skal vera ógildur.

9. gr.

Maður, sem vísað er úr vinnu án saka, áður en hann hefur tekið orlof það, er honum ber, skal fyrir hvern orlofsdag, sem hann á rétt á samkvæmt samþykkt þessari, fá það kaup, sem ákveðið er í 7. gr.

10. gr.

Sérhvert aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt, skuldbindur sig til þess að halda uppi eða sjá um, að haldið sé uppi fullnægjandi eftirliti til tryggingar því, að ákvæðum hennar sé beitt.

11. gr.

Sérhvert aðildarríki, sem fullgildir þessa samþykkt, skal árlega senda Alþjóðavinnumálaskrifstofunni almenna skýrslu um það, á hvern hátt ákvæði samþykkt-

arinnar eru framkvæmd, og yfirlit yfir starfsgreinar, flokka og áætlaðan fjölda verkafólks, sem hún tekur til, hversu langt orlof er veitt svo og önnur þýðingarmikil skilyrði, ef einhver eru, sem hafa skapazt varðandi orlof með kaupi í landbúnaðinum.

12. gr.

Formlegar fullgildingar á samþykkt þessari skal senda framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar.

13. gr.

1. Þessi samþykkt skal einungis bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem hafa látið framkvæmdastjórann skrá fullgildingar sínar.
2. Hún gengur í gildi tólf mánuðum eftir að fullgildingar tveggja aðildarríkja hafa verið skráðar hjá framkvæmdastjóranum.
3. Síðan gengur þessi samþykkt í gildi, að því er snertir hvert einstakt aðildarríki, tólf mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skráð.

14. gr.

1. Yfirlýsingar þær, sem sendar eru framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar í samræmi við 2. málsgrein 35. greinar stjórnarskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, skulu greina:
   a. landsvæði, þar sem hlutaðeigandi aðildarríki undirgengst, að ákvæðum samþykktarinnar skuli beitt án takmarkana;
   b. landsvæði, þar sem það undirgengst að beita ákvæðum samþykktarinnar með takmörkunum, ásamt upplýsingum um þær takmarkanir;
   c. landsvæði, sem samþykktin tekur ekki til, og ástæður til þess;
   d. landsvæði, sem það áskilur sér rétt til að taka ákvörðun um síðar að lokinni nánari athugun á aðstæðum.
2. Yfirlýsingar þær, sem nefndar eru í stafliðum a og b, í 1. tölulið þessarar greinar, ber að skoða sem óskiptan hluta fullgildingarinnar og skulu hafa sama gildi og hún.
3. Sérhvert aðildarríki getur hvenær sem er ógilt að nokkru eða öllu leyti með síðari yfirlýsingu fyrirvara þá, sem það hefur gert í upprunalegri yfirlýsingu sinni í samræmi við stafliðina b, c eða d í 1. tölulið þessarar greinar.
4. Í hvert skipti, sem segja má samþykkt þessari upp í samræmi við ákvæði 16. greinar, getur sérhvert aðildarríki sent framkvæmdastjóranum yfirlýsingu um hvers konar aðrar breytingar, er dragi úr ákvæðum fyrri yfirlýsinga þess, enda lýsi það því ástandi, sem þá ríkir á landsvæðum þeim, sem það kann að tiltaka.

15. gr.

1. Í yfirlýsingum þeim, sem sendar eru framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar samkvæmt 4. og 5. málsgrein 35. greinar stjórnarskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, skal fram tekið, hvort ákvæðum samþykktarinnar verði beitt til fullnustu eða með takmörkunum á landsvæði því, sem um er að ræða. Þegar yfirlýsing ber með sér, að samþykktinni skuli beitt með takmörkunum, skulu þær greindar í einstökum atriðum.
2. Aðildarríki eða fjölþjóðleg stjórnvöld, sem hlut eiga að máli, geta hvenær sem er með síðari yfirlýsingu afsalað sér að nokkru eða öllu leyti áskildum réttindum til takmarkana, sem tiltekin voru í fyrri yfirlýsingu.
3. Jafnan þegar hægt er að segja samþykkt þessari upp í samræmi við ákvæði 16. greinar geta aðildarríki eða fjölþjóðleg stjórnvöld, sem hlut eiga að máli, sent framkvæmdastjóranum yfirlýsingu, sem dragi að einhverju öðru leyti úr ákvæðum fyrri yfirlýsingar, enda lýsi þau jafnframt, hvernig þá er ástatt um framkvæmd samþykktarinnar.

16. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, getur sagt henni upp að tíu árum liðnum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar. Slík uppsögn öðlast ekki gildi, fyrr en ár er liðið frá skráningardegi hennar.
2. Hvert það aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, en notfærir sér ekki innan árs frá lokum tíu ára tímabilsins, sem um getur í fyrri tölulið, rétt þann til uppsagnar, sem kveðið er á um í þessari grein, skal bundið af henni í annað tíu ára tímabil og síðan getur það sagt þessari samþykkt upp að liðnu hverju tíu ára tímabili í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

17. gr.

1. Framkvæmdastjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skráningu allra fullgildinga, yfirlýsinga og uppsagna, sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.
2. Þegar framkvæmdastjórinn tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skrásetningu annarrar fullgildingarinnar, sem honum berst, skal hann vekja athygli þeirra á, hvaða dag samþykktin gangi í gildi.

18. gr.

Framkvæmdastjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar samkvæmt 102. grein Sáttmála Sameinuðu þjóðanna allar upplýsingar um fullgildingar, yfirlýsingar og uppsagnir, sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði undanfarandi greina.

19. gr.

Þegar stjórn Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar kann að álíta það nauðsynlegt, skal hún leggja fyrir allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd þessarar samþykktar og athuga jafnframt, hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins breytingar á henni allri eða hluta hennar.

20. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt, sem breytir þessari samþykkt allri eða hluta hennar, skal:
   a. fullgilding aðildarríkis á hinni nýju samþykkt ipso jure hafa í för með sér tafarlaust uppsögn á þessari samþykkt, hvað sem ákvæðum 10. gr. hér að framan líður, ef hin nýja samþykkt öðlast gildi og þá frá þeim tíma, er það gerðist;
   b. aðildarríkjunum ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt, eftir að hin nýja samþykkt gekk í gildi;

   enda sé ekki öðruvísi ákveðið í hinni nýju samþykkt.
2. Þessi samþykkt skal, hvað sem öðru líður, halda gildi sínu eins og hún er að formi og efni, hvað snertir þau aðildarríki, sem hafa fullgilt hana, en ekki hina nýju samþykkt.

21. gr.

Hinn enski og franski texti þessarar samþykktar eru jafngildir.

II. Samþykkt nr. 102 um lágmark félagslegs öryggis (1953).

I. KAFLI.
Almenn ákvæði.

1. gr.

1. Í samþykkt þessari
   a. merkir orðið „tiltekið“ það, sem tiltekið er með eða samkvæmt landslögum eða reglugerðum;
   b. merkir orðið „heimili“ venjulegan dvalarstað í landi aðildarríkisins, og orðin „maður, sem á heimili“ þann mann, sem að staðaldri dvelur í landi aðildarríkisins;
   c. merkir orðið „eiginkona“ þá konu, sem framfærð er af manni sínum;
   d. merkir orðið „ekkja“ konu, sem var á framfæri manns síns, er hann lézt;
   e. merkir orðið „barn“ barn á skólaaldri, eða undir 15 ára aldri, eftir því, sem tiltekið kann að vera;
   f. merkir orðið „réttindavinnslutími“ iðgjaldagreiðslutíma, starfstíma, aðseturstíma eða þetta allt sameiginlega, eftir því sem tiltekið kann að vera.
2. Í greinunum 10, 34 og 49 merkir orðið „bætur“ ýmist beinar bætur í formi umönnunar, eða óbeinar bætur í því innifaldar, að endurgreiddur sé kostnaður, er hlutaðeigandi maður hefur sjálfur borið.

2. gr.

Hvert það aðildarríki, sem bundið er af samþykkt þessari, skal
   a. breyta eftir:
      (i) fyrsta kafla;
      (ii) að minnsta kosti þremur af öðrum, þriðja, fjórða, fimmta, sjötta, sjöunda, áttunda, níunda og tíunda kafla;
      (iii) þeim ákvæðum ellefta, tólfta og þrettánda kafla, sem við eiga; og
      (iv) fjórtanda kafla; og
   b. um leið og það fullgildir samþykktina, tilgreina hverra af köflunum II.—X. það undirgengst að láta ákvæði samþykktarinnar taka til.

3. gr.

1. Sé svo ástatt um aðildarríki, að efnahagsmál þess og heilbrigðismál séu á lítt þroskuðu stigi, skal því heimilt, ef eða á meðan rétt stjórnvöld telja það nauðsynlegt, að færa sér í nyt með yfirlýsingu, er fylgi fullgildingarskjalinu, þær undantekningar um stundarsakir, sem gert er ráð fyrir í eftirtöldum greinum: 9 d; 12 2; 15 d; 18 2; 21 c; 27 d; 33 b; 34 3; 41 d; 48 c; 55 d; og 61 d.
2. Hvert það aðildarríki, sem gert hefur yfirlýsingu samkvæmt 1. tölulið þessarar greinar, skal taka upp í ársskýrslu sína um framkvæmd þessarar samþykktar, þá er gefin er samkvæmt 22. gr. stjórnarskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, yfirlýsingu varðandi hverja þá undantekningu, er það færir sér í nyt, um
   a. að ástæðan til þess, að svo er gert, sé enn fyrir hendi; eða
   b. að það afsali sér réttinum til þess að færa sér í nyt umrædda undantekningu frá tilteknum degi.

4. gr.

1. Hverju því aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, skal síðar heimilt að tilkynna framkvæmdarstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar að það taki á sig skuldbindingar samþykktarinnar, að því er varðar einn eða fleiri af öðrum til tíunda kafla, þeirra sem ekki eru þegar tilteknir í fullgildingarskjali þess.

2. Þær skuldbindingar, sem um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar, skulu teljast heildarhluti fullgildingarskjalsins, og hafa sama gildi og það, frá tilkynningardeginum að telja.

5. gr.

Þar sem þess er krafizt af aðildarríki, til þess að fullnægt sé II.—X. kafla samþykktar þessarar að svo miklu leyti sem fullgildingin nær til þeirra, að það verndi tiltekna flokka manna, svo að ekki nemi minna en ákveðinni hundraðstölu starfsfólks eða íbúa, skal aðildarríkið, áður en það skuldbindur sig til að fullnægja nokkrum þeirra kafla, ganga úr skugga um það, að náð hafi verið umræddri hundraðstölu.

6. gr.

Til þess að fullnægja II., III., IV., V., VIII., (að svo miklu leyti, sem hann fjallar um læknishjálp), IX. og X. kafla samþykktar þessarar, skal aðildarríki heimilt að taka tillit til þeirrar verndar, sem með tryggingu er fengin, enda þótt þeir aðilar, sem tryggja ber, séu ekki með landslögum eða reglugerðum skyldaðir til slíkrar tryggingar, enda sé hún:

a. undir eftirliti opinberra stjórnvalda, eða framkvæmd svo að fullnægi tilteknum kröfum, með samvinnu milli atvinnurekenda og verkafólks;
b. svo víðtæk að hún taki til verulegs hluta þess fólks, sem ekki hefur meiri tekjur af vinnu sinni en faglærðir karlmenn í annarra þjónustu; og
c. ásamt annarri vernd, þar sem um slíkt er að ræða, svo að fullnægi viðeigandi ákvæðum samþykktarinnar.

II. KAFLI.

Læknishjálp.

7. gr.

Hvert það aðildarríki, sem bundið er af þessum kafla samþykktar þessarar, skal tryggja hinum tryggðu, að bætur séu veittar í hverju því tilfelli, þar sem læknishjálpar er þörf, hvort heldur til lækningar eða varnar, samkvæmt eftirfarandi greinum þessa kafla.

8. gr.

Þau tilfelli, sem undir þetta koma, skulu taka til allra veikinda, af hverju sem þau stafa, svo og meðgöngu kvenna, barnsburðar og afleiðinga þess.

9. gr.

Tryggingin skal ná til þeirra, sem hér greinir:

a. tiltekinna flokka kaupþega, svo að ekki séu færri en 50% allra kaupþega, og sömuleiðis til eiginkvenna þeirra og barna; eða
b. tiltekinna stétta arðbærlega starfandi manna, svo að ekki séu færri en 20% allra íbúanna, og sömuleiðis eiginkvenna þeirra og barna; eða
c. tiltekinna stétta íbúanna, svo að eigi séu færri en 50% þeirra allra; eða
d. þar sem í gildi er yfirlýsing gefin samkvæmt 3. gr., tiltekinna stétta kaupþega, svo að ekki séu færri en 50% allra kaupþega á þeim vinnustöðum, þar sem vinna tuttugu manns eða fleiri, og sömuleiðis eiginkvenna þeirra og barna.

10. gr.

1. Aðstoðin skal að minnsta kosti fela það í sér, sem nú greinir:
   a. Þegar um veikindi er að ræða:
      (i) aðstoð venjulegs læknis, þar með taldar heimavitjanir;
      (ii) aðstoð sérfróðs læknis í sjúkrahúsum fyrir legusjúklinga og heimangöngusjúklinga, og þá sérfræðingsaðstoð, sem kostur kann að vera á utan sjúkrahúsa;

(iii) nauðsynleg lyf og umbúðir, eftir því sem læknir fyrirskipar; og
(iv) sjúkrahúsvist þegar hennar er þörf; og

b. þegar um er að ræða meðgöngu kvenna og barnsburð og afleiðingar þess:
(i) aðstoð annaðhvort læknis eða lærðrar ljósmóður fyrir, við og eftir barnsburð; og
(ii) sjúkrahúsvist, þegar hennar er þörf.

2. Krefjast má þess, að bótaþegi eða fyrirvinna hans taki þátt í lækniskostnaði, sem hann nýtur vegna veikinda. Reglurnar um slíka þátttöku í kostnaðinum skulu miða að því, að afstýrt sé harðrétti.
3. Aðstoð veitt samkvæmt þessari grein skal veitt í þeim tilgangi að rétta við, viðhalda eða bæta heilsu hins tryggða og hæfileika hans til að starfa og sjá sér farborða.
4. Stofnanir þær eða stjórnardeildir, sem aðstoðinni stjórna, skulu með þeim ráðum, sem kunna að teljast henta, hvetja hina tryggðu til þess að færa sér í nyt hina almennu heilsuþjónustu, sem stjórnvöldin eða aðrar stofnanir viðurkenndar af stjórnvöldunum veita þeim aðgang að.

11. gr.

Sú aðstoð, sem 10. gr. tiltekur, skal í þeim tilfellum, sem undir trygginguna falla, tryggð að minnsta kosti þeim aðila, sem hún tekur til, ef hann, eða fyrirvinna hans, hefur lokið þeim réttindavinnslutíma, er kann að teljast nauðsynlegur, til þess að girða fyrir misnotkun.

12. gr.

1. Aðstoð þá, er 10. gr. tiltekur, skal veita svo lengi sem það ástand varir, sem tryggingin tekur til, nema hvað í veikindatilfellum má takmarka tímalengdina við 26 vikur í hverju tilfelli, en eigi skal aðstoðinni hætt meðan greiðslum sjúkrabóta er haldið uppi, og gera skal ráðstafanir til þess, að lengja megi tímann vegna tiltekinna sjúkdóma, sem viðurkennt er að krefjist langvarandi hjúkrunar.
2. Þegar yfirlýsing gerð samkvæmt 3. gr. er í gildi, má takmarka aðstoðartímann við 13 vikur í hverju tilfelli.

III. KAFLI.

Sjúkrabætur.

13. gr.

Hvert það aðildarríki, sem bundið er af þessum kafla samþykktar þessarar, skal tryggja hinum tryggðu sjúkrabætur í samræmi við eftirfarandi greinar þessa kafla.

14. gr.

Tryggingin skal ná til þess, er maður verður vanhæfur til vinnu vegna veikinda, ef það veldur því, að hlutaðeigandi hætti í bili að geta unnið fyrir kaupi, eftir því sem landslög eða reglugerðir skýra það.

15. gr.

Tryggingin skal ná til:

a. tiltekinna flokka kaupþega, svo að ekki séu færri en 50% allra kaupþega; eða
b. tiltekinna stétta arðbærlega starfandi fólks, svo að ekki séu færri en 20% allra íbúanna; eða
c. allra íbúa, sem meðan ástandið, sem tryggingin nær til, varir, hafa fjárráð undir því marki, er ákveðið sé í samræmi við ákvæði 67. gr.; eða
d. þar sem yfirlýsing gefin samkvæmt 3. gr. er í gildi, tiltekinna stétta kaupþega, svo að ekki séu færri en 50% allra kaupþega á þeim vinnustöðum, þar sem vinna tuttugu manns eða fleiri.

16. gr.

1. Þegar kaupþegastéttir eða arðbærlega vinnandi stéttir þjóðfélagsins eru tryggðar, skulu bæturnar vera greiðslur, inntar af hendi á ákveðnum fresti, og með þeim hætti útreiknaðar, að þær séu í samræmi við ákvæði annaðhvort 65. gr. eða 66. gr.
2. Nú eru allir íbúar, sem hafa fjárráð undir ákveðnu marki meðan ástandið varir, tryggðir, og skulu bæturnar þá vera greiðslur, er inntar séu af hendi með vissu millibili og reiknaðar í samræmi við 67. gr.

17. gr.

Bætur þær, sem um ræðir í 16. gr., skulu, í þeim tilfellum, sem þær ná til, tryggðar að minnsta kosti þeim tryggðum manni, er lokið hefur þeim réttindavinnslutíma, sem teljast kann nauðsynlegur, til þess að girt sé fyrir misnotkun.

18. gr.

1. Sá styrkur, sem um ræðir í 16. gr., skal greiddur meðan ástandið varir, nema hvað takmarka má bótatímann við 26 vikur í hverju veikindatilfelli, og þarf þá ekki að greiða hann þrjá fyrstu dagana eftir að tekjur féllu niður.
2. Þar sem yfirlýsing gefin samkvæmt 3. grein er í gildi, má takmarka bótagreiðslutímann við:
   a. það tímabil, að heildartala sjúkrabótadaga á einu og sama ári sé ekki lægri en tífalt meðaltal tryggðra manna á því ári; eða
   b. 13 vikur í hverju veikindatilfelli og þarf þá ekki að greiða fyrir fyrstu þrjá dagana eftir að tekjur féllu niður.

IV. KAFLI.

Atvinnuleysisbætur.

19. gr.

Hvert það aðildarríki, sem þessi kafli samþykktar þessarar tekur til, skal tryggja hinum tryggðu atvinnuleysisbætur í samræmi við eftirfarandi greinar þessa kafla.

20. gr.

Tryggingin skal ná til þess, er hlutaðeigandi missir um sinn af tekjum sínum, eins og það er skilgreint í landslögum eða reglugerðum, sökum þess að hann á ekki kost þeirrar atvinnu, er honum hentar, enda sé hinn tryggði vinnufær og reiðubúinn til vinnu.

21. gr.

Þeir, sem tryggingin nær til, skulu vera:
a. tilteknir flokkar kaupþega, svo að ekki séu færri en 50% allra kaupþega; eða
b. allir þeir íbúar, sem meðan ástandið varir, hafa ekki fjárráð umfram það mark, sem tiltekið er í samræmi við ákvæði 67. gr.; eða
c. þar sem yfirlýsing gefin samkvæmt 3. gr. er í gildi, tilteknar stéttir kaupþega, svo að eigi séu færri en 50% allra kaupþega á þeim vinnustöðum, þar sem vinna tuttugu manns eða fleiri.

22. gr.

1. Þar sem stéttir kaupþega eru tryggðar, skulu bæturnar vera greiðslur, inntar af hendi með vissu millibili og reiknaðar út í samræmi við ákvæði annaðhvort 65. eða 66. greinar.

2. Nú eru allir íbúar, sem hafa fjárráð undir ákveðnu marki meðan ástandið varir, tryggðir, og skal þá styrkurinn vera í samræmi við ákvæði 67. greinar.

23. gr.

Bætur þær, er um ræðir í 22. gr., skulu, í þeim tilfellum, sem þær ná til, tryggðar að minnsta kosti þeim tryggðum manni, er lokið hefur þeim réttindavinnslutíma, sem nauðsynlegur kann að teljast, til þess að girt sé fyrir misnotkun.

24. gr.

1. Styrkur sá, er um ræðir í 22. gr., skal veittur meðan ástandið varir, nema hvað takmarka má tímalengd hans:
   a. við 13 vikur á 12 mánaða tímabili, þar sem flokkar kaupþega eru tryggðir; eða
   b. við 26 vikur á 12 mánaða tímabili, þar sem allir þeir íbúar eru tryggðir, sem ekki hafa fjárráð umfram tiltekið mark.
2. Þar sem landslög eða reglugerðir mæla svo fyrir, að lengd styrktímans skuli fara eftir lengd iðgjaldatímabilsins og/eða áður mótteknum bótum á tilteknu tímabili, skal ákvæðum stafliðs a í 1. tölulið talið fullnægt, ef meðallengd styrktímans er a. m. k. 13 vikur á 12 mánaða tímabili.
3. Bæturnar þarf ekki að greiða fyrir biðtíma, er sé fyrstu sjö dagarnir í hverju því tilfelli er tekjur hafa stöðvazt, og skal þá telja atvinnuleysisdaga fyrir og eftir stundaratvinnu, er ekki varir lengur en tiltekinn tíma, sem hluta sama atvinnuleysistímabils.
4. Þegar um er að ræða árstíðavinnu má haga lengd styrktíma og biðtíma eftir starfskjörum.

V. KAFLI.
Ellilífeyrir.

25. gr.

Hvert það aðildarríki, sem þessi kafli samþykktar þessarar tekur til, skal tryggja hinum tryggðu ellilífeyri í samræmi við eftirfarandi greinar þessa kafla.

26. gr.

1. Tryggingin skal taka til þeirra, sem lifa fram yfir tiltekinn aldur.
2. Hið tiltekna aldursmark skal ekki var hærra en 65 ár, eða það hærra aldursmark, sem ákveðið kann að vera af þar til bæru stjórnvaldi, með fullu tilliti til starfsgetu aldraðs fólks í hlutaðeigandi landi.
3. Með landslögum eða reglugerðum má ákveða, að lífeyrisgreiðslu manns, sem annars ætti rétt á henni, megi fresta, ef sá maður hefur eitthvert tiltekið arðbært starf, eða ef styrkur er háður iðgjaldagreiðslu, megi lækka hann, þegar tekjur styrkþega fara fram úr tiltekinni upphæð, og ef hann er ekki háður iðgjaldagreiðslu megi lækka hann ef vinnutekjur lífeyrisþega eða aðrar tekjur hans eða þetta hvort tveggja samanlagt fer fram úr tiltekinni upphæð.

27. gr.

Þeir, sem tryggingin nær til, skulu vera:
a. tilteknar stéttir kaupþega, svo að eigi séu færri en 50% allra kaupþega; eða
b. tilteknar stéttir arðbærlega starfandi fólks, svo að ekki séu færri en 20% allra íbúa; eða

c. allir íbúar landsins, sem hafa á þeim tíma, sem um er að ræða, fjárráð, sem ekki fara yfir ákveðið mark, er sé í samræmi við ákvæði 67. gr.; eða
d. þar sem yfirlýsing gefin samkvæmt 3. gr. er í gildi, tilteknar stéttir kaupþega, svo að eigi séu færri en 50% af öllum kaupþegum á þeim vinnustöðum, þar sem vinna tuttugu manns eða fleiri.

28. gr.

Lífeyririnn skal vera greiðslur, er inntar séu af hendi með ákveðnu millibili og reiknaðar eins og hér segir:
a. Þar sem flokkar kaupþega eða flokkar fólks í arðberandi starfi eru tryggðir, skal það gert þannig, að í samræmi sé við ákvæði 65. gr. eða ákvæði 66. gr.
b. Þar sem allir íbúar landsins, sem ekki hafa fjárráð umfram ákveðið hámark á tímabilinu, sem lífeyrir er greiddur fyrir, eru tryggðir, skal hann reiknaður þannig, að í samræmi sé við ákvæði 67. gr.

29. gr.

1. Lífeyrir sá, er um ræðir í 28. gr., skal, í þeim tilfellum, sem koma undir hann, vera tryggður að minnsta kosti:
   a. hverjum þeim tryggðum manni, sem áður en til þessa kom hefur í samræmi við tilteknar reglur lokið réttindavinnslutíma, sem getur verið annaðhvort 30 ára iðgjaldagreiðsla eða starf eða 20 ára búseta; eða
   b. þar sem það er reglan að allt arðbærlega starfandi fólk sé tryggt, þá þeim tryggðum aðila, sem hefur lokið tilteknum réttindavinnslutíma með iðgjaldagreiðslu, enda hafi tilskilið árlegt meðaltal iðgjalda verið greitt hans vegna, eftir að hann náði starfsaldri.
2. Þar sem lífeyrir sá, er um ræðir í 1. tölulið, er bundinn við lágmarkstímabil iðgjaldagreiðslu eða starfs, skal lægri lífeyrir tryggður að minnsta kosti:
   a. hverjum þeim tryggðum manni, sem áður en til þessa kom hefur í samræmi við tilteknar reglur lokið 15 ára réttindavinnslutíma með iðgjöldum eða starfi; eða
   b. þar sem það er reglan að allt arðbærlega starfandi fólk sé tryggt, þá þeim tryggðum aðila, sem hefur lokið tilteknum réttindavinnslutíma með iðgjaldagreiðslu, enda hafi helmingur árlegra iðgjalda, þeirra sem tiltekin eru samkvæmt staflið b í 1. tölulið í þessari grein, verið greiddur fyrir hann meðan hann var á starfsaldri.
3. Svo skal litið á að skilyrðum 1. töluliðs þessarar greinar hafi verið fullnægt, þar sem lífeyrir reiknaður samkvæmt ákvæðum XI. kafla, en tíu hundraðshlutum lægri, en ákveðið er í fylgiskjali með þeim kafla til handa hlutaðeigandi venjulegum lífeyrisþega, hefur verið tryggður a. m. k. þeim tryggðum aðila, sem hefur lokið samkvæmt tilteknum reglum tíu ára iðgjaldagreiðslu eða starfi eða fimm ára búsetu.
4. Hlutfallslega lækkun má gera á hundraðshluta í fylgiskjali með XI. kafla, þar sem réttindavinnslutíminn, sem svarar til lækkaðs hundraðshluta, fer fram úr 10 árum iðgjaldagreiðslu eða starfs, en er undir 30 árum iðgjaldagreiðslu eða starfs, ef slíkur réttindavinnslutími fer fram úr 15 árum, skal greiða lækkaðan lífeyri í samræmi við 2. tölulið þessarar greinar.
5. Þar sem lífeyrir sá, sem um ræðir í 1., 3. eða 4. tölulið þessarar greinar, er bundinn við lágmarkstíma iðgjaldagreiðslu eða starfs, skal tryggðum aðila greiddur lækkaður lífeyrir við tiltekin skilyrði, enda sé þá svo, að einungis sökum síns háa aldurs á þeim tíma, er viðeigandi ákvæði þessa kafla gengu í gildi, hafi hann ekki fullnægt skilyrðum þeim, sem tiltekin eru samkvæmt 2. tölulið þessarar greinar, nema lífeyrir samkvæmt ákvæðum 1., 3. eða 4. töluliðs þessarar greinar hafi verið tryggður þeim aðila við hærri aldur en venjulegan.

30. gr.

Lífeyrir sá, er um ræðir í 28. og 29. gr., skal greiddur meðan skilyrði lífeyrisgreiðslunnar eru fyrir hendi.

VI. KAFLI.
Atvinnuslysabætur.

31. gr.

Hvert það aðildarríki, sem þessi kafli samþykktar þessarar tekur til, skal tryggja hinum tryggðu atvinnuslysabætur í samræmi við eftirfarandi greinar þessa kafla.

32. gr.

Tryggingin skal taka yfir það, er að neðan greinir, þegar það stafar af slysum eða tilteknum sjúkdómi, er leiðir af atvinnunni:

a. veikindi;
b. vanhæfi til vinnu, sem er afleiðing af slíkum veikindum og veldur því, að hlutaðeigandi maður missir af kaupi, eins og það er skilgreint í landslögum eða reglugerðum;
c. missir starfsgetunnar allrar eða fram yfir ákveðið stig, sem er líklegur til að verða varanlegur, eða tilsvarandi örorkustig; og
d. sá framfærslumissir, sem eiginkona eða barn verður fyrir við dauða fyrirvinnunnar; þegar um ekkju er að ræða, má binda réttinn til bóta því skilyrði, að ályktað sé samkvæmt landslögum eða reglugerðum að hún geti ekki sjálf unnið fyrir sér.

33. gr.

Þeir, sem tryggingin nær til, skulu vera:

a. tilteknar stéttir kaupþega, svo að ekki séu færri en 50% allra kaupþega, og að því er tekur til dauða fyrirvinnu, einnig kona hans og börn; eða
b. þar sem yfirlýsing gefin samkvæmt 3. gr. er í gildi, tilteknar stéttir kaupþega, svo að ekki séu færri en 50% allra kaupþega á vinnustöðum, þar sem starfa 20 manns eða fleiri, og að því er tekur til dauða fyrirvinnu, einnig kona hans og börn.

34. gr.

1. Þegar um veikindi er að ræða, skulu bæturnar fólgnar í læknishjálp, eftir því sem segir í 2. og 3. tölulið þessarar greinar.
2. Læknishjálp skal taka til þess, er hér segir:
   a. hjálp almennra lækna og sérfræðinga innan sjúkrahúsa og utan, þar með taldar vitjanir í heimahúsum;
   b. tannlækningar;
   c. hjúkrun heima eða í sjúkrahúsi, eða öðrum lækningastofnunum;
   d. framfærsla í sjúkrahúsi, hressingarhæli, heilsuhæli eða öðrum lækningastofnunum;
   e. lyf, umbúðir og aðrar læknislegar nauðsynjar, þar á meðal til tanna, svo og gervilimir og viðhald þeirra, gleraugu; og
   f. umönnun af hálfu þeirra manna af öðrum lærðum stéttum, sem á hverjum tíma kunna að vera löglega viðurkenndar og tengdar eru læknastéttinni, undir eftirliti læknis eða tannlæknis.
3. Þar sem yfirlýsing gefin samkvæmt 3. gr. er í gildi, skal læknishjálp að minnsta kosti fólgin í:
   a. umönnun almenns læknis, þar með taldar vitjanir í heimahúsum;
   b. umönnun sérfræðinga í sjúkrahúsi fyrir þá, sem þar liggja eða þangað ganga, og þeirri umönnun sérfræðinga, sem kostur kann að vera á utan sjúkrahúss;

c. nauðsynlegum lyfjum og hjúkrunargögnum, eftir fyrirsögn læknis eða annars þar til bærs aðila; og
d. sjúkrahúsvist, þegar hennar er þörf.

4. Sú læknishjálp, sem látin er í té samkvæmt framanrituðum málsgreinum, skal veitt í þeim tilgangi að viðhalda, endurheimta eða bæta heilsu hins tryggða og möguleika hans til að vinna og sjá sér farborða.

35. gr.

1. Stofnanir þær eða stjórnardeildir, er sjá um læknishjálpina, skulu alls staðar, þar sem það hentar, hafa samvinnu við þá aðila, sem almennt vinna að því að gera menn færa til þess að sinna starfi sínu á ný, með það fyrir augum, að fatlaðir menn komist aftur í hentuga atvinnu.
2. Landslög eða reglugerðir mega heimila slíkum stofnunum eða stjórnardeildum að tryggja það, að ráðstafanir séu gerðar til þess að fatlaðir menn verði aftur færir til starfa.

36. gr.

1. Þegar um er að ræða vanhæfi til starfs, missi alls möguleika til þess að vinna fyrir sér, og líkindi eru til að svo verði til frambúðar eða tilsvarandi örorkustig, eða dauða fyrirvinnunnar, skulu bæturnar vera greiðslur inntar af hendi á vissum fresti, reiknaðar á þann hátt að sé í samræmi við ákvæði 65. gr. eða ákvæði 66. gr.
2. Þegar um er að ræða missi nokkurs hluta getunnar til þess að vinna fyrir sér, og líklegt er að svo verði til frambúðar, eða tilsvarandi örorkustig, skulu bæturnar, þar sem þær eiga að greiðast, inntar af hendi með greiðslum á vissu millibili og séu þær í hæfilegu hlutfalli við þann styrk, sem ákveðinn er fyrir algjöran missi getunnar til þess að vinna fyrir sér eða tilsvarandi örorkustig.
3. Í stað greiðslna með tilteknu millibili má greiða heildarupphæð:
   a. þar sem vanhæfið er á lágu stigi, eða
   b. þar sem hlutaðeigandi stjórnvöld telja öruggt, að heildarupphæðin verði skynsamlega notuð.

37. gr.

Bætur þær, sem tilteknar eru í 34. og 36. gr., skulu í þeim tilfellum, sem tryggging tekur til, tryggðar a. m. k. tryggðum manni, sem var í vinnu í landi aðildarríkis er slysið varð, ef skaðinn er afleiðing slyss, eða þegar hann tekur veikina, ef skaðinn er afleiðing veikinda, og enn fremur að bæturnar séu tryggðar ekkju og eftirlifandi börnum, ef um er að ræða, greiðslur með vissu millibili vegna dauða fyrirvinnu þeirra.

38. gr.

Þær bætur, sem tilteknar eru í 34. og 36. gr., skulu veittar meðan hið bótaskylda ástand varir, með þeirri undantekningu, að vegna vanhæfis til vinnu þarf í hverju tilfelli ekki að greiða vegna þriggja fyrstu daganna frá því að kaupgreiðsla féll niður.

VII. KAFLI.

Fjölskyldubætur.

39. gr.

Hvert það aðildarríki, sem þessi kafli samþykktar þessarar tekur til, skal tryggja hinum tryggðu fjölskyldubætur í samræmi við eftirfarandi greinar þessa kafla.

40. gr.

Svið tryggingarinnar skal vera það, að hún taki til framfærslu barna eftir því, sem tiltekið er.

41. gr.

Tryggingin skal ná til þeirra, sem hér greinir:

a. tiltekinna flokka kaupþega, svo að nemi ekki færri en 50% allra kaupþega; eða
b. tiltekinna flokka arðbærlega starfandi manna, svo að ekki nemi færri en 20% allra íbúanna; eða
c. allra íbúa, sem meðan skilyrði bótanna eru fyrir hendi, hafa fjárráð, er ekki fari yfir ákveðið mark; eða
d. þar sem yfirlýsing gefin samkvæmt 3. gr. er í gildi, tiltekinna stétta kaupþega, svo að nemi ekki færri en 50% allra starfsmanna á vinnustöðum, þar sem vinna tuttugu manns eða fleiri.

42. gr.

Bæturnar skulu vera fólgnar í:

a. greiðslum, er inntar séu af hendi með vissu millibili til hvers þess aðila, sem tryggður er og hefur lokið tilteknum réttindavinnslutíma; eða
b. veitingu matvæla, fatnaðar, húsnæðis, frídaga eða heimilisaðstoðar til barna eða vegna þeirra; eða
c. því, sem greinir í a. og b. sameiginlega.

43. gr.

Bætur þær, er um ræðir í 42. gr., skulu tryggðar a. m. k. þeim tryggðum aðila, sem innan tiltekins tíma hefur lokið réttindavinnslutíma, sem getur verið 3 mánuðir iðgjaldagreiðslu eða starfs eða eitt ár heimilisfestu eftir því, sem tiltekið kann að vera.

44. gr.

Heildarupphæð bóta, sem veittar eru tryggðum aðilum samkvæmt 42. gr., skal vera:

a. 3% af kaupi venjulegs fullorðins verkamanns eins og það er ákveðið samkvæmt reglum þeim, sem gefnar eru í 66. gr., margfaldað með heildartölu barna hinna tryggðu aðila; eða
b. 1,5% af nefndu kaupi margfölduðu með heildartölu barna allra íbúa.

45. gr.

Þar sem styrkurinn er fólginn í greiðslum, sem inntar eru af hendi með vissu millibili, skal hann greiddur meðan hið tryggða ástand varir.

VIII. KAFLI.

Mæðrastyrkur.

46. gr.

Hvert það aðildarríki, sem þessi kafli samþykktar þessarar tekur til, skal tryggja hinum tryggðu mæðrastyrk í samræmi við eftirfarandi greinar þessa kafla.

47. gr.

Tryggingin skal taka til meðgöngu kvenna ásamt barnsburði og afleiðinga þess, svo og stöðvunar tekna, er af þessu stafar, eins og það er skilgreint í landslögum eða reglugerðum.

48. gr.

Tryggingin skal ná til:

a. allra kvenna í tilteknum stéttum kaupþega, enda séu í þeim stéttum ekki færri en 50% allra kaupþega og, að því er tekur til læknishjálpar vegna meðgöngu og barnsfæðingar, einnig til eiginkvenna þeirra manna, sem í þessum stéttum eru; eða
b. allra kvenna í tilteknum flokkum arðbærlega starfandi fólks, enda séu í þeim flokkum ekki færri en 20% allra landsmanna, og, að því er varðar læknishjálp til kvenna vegna meðgöngu og barnsburðar, einnig eiginkvenna þeirra manna, sem í þessum flokkum eru, eða
c. þar sem yfirlýsing gefin í samræmi við 3. gr. er í gildi, allra kvenna af tilteknum stéttum kaupþega, enda séu í þeim stéttum eigi færri en 50% allra kaupþega á vinnustöðum, þar sem vinna 20 manns eða fleiri, og, að því er til læknishjálpar kemur vegna meðgöngu og barnsfæðingar, einnig eiginkvenna manna í þessum stéttum.

49. gr.

1. Að því er varðar meðgöngu kvenna, barnsburð og afleiðingar þess, skal aðstoðin vera læknishjálp eins og hún er skilgreind í 2. og 3. tölulið þessarar greinar.
2. Læknishjálpin skal innifela að minnsta kosti:
   a. umönnun læknis eða lærðrar ljósmóður fyrir barnsburð, meðan á honum stendur og eftir hann; og
   b. sjúkrahúsvist, þegar hennar gerist þörf.
3. Læknishjálp sú, er um ræðir í 2. tölulið þessarar greinar, skal í té látin í þeim tilgangi að viðhalda, endurheimta og bæta heilsu tryggðrar konu og hæfileika hennar til að starfa og sjá sér farborða.
4. Stofnanir þær eða stjórnardeildir, sem sjá um veitingu læknishjálpar vegna meðgöngu og barnsburðar, skulu, með þeim aðferðum, er þær kunna að telja hagkvæmar, hvetja hlutaðeigandi konur til þess að færa sér í nyt hina almennu heilsuverndarþjónustu, sem stjórnvöld eða aðrar stofnanir viðurkenndar af þeim gefa þeim kost á.

50. gr.

Að því er varðar stöðvun tekna sökum meðgöngu, barnsburðar og afleiðinga þess, skal styrkurinn vera greiðsla innt af hendi á ákveðnum fresti og útreiknuð í samræmi við ákvæði 65. eða 66. gr. Upphæð þeirra greiðslna, sem inntar eru af hendi með tilteknu millibili, má vera breytileg meðan ástandið varir, að því tilskildu að meðaltal þeirra sé í samræmi við þessi skilyrði.

51. gr.

Í þeim tilfellum, sem tryggð eru, skal styrkur sá, er um ræðir í 49. og 50. gr., tryggður að minnsta kosti hverri konu í þeim stéttum, sem tryggðar eru, svo framarlega sem hún hefur lokið réttindavinnslutíma, sem teljast kann nauðsynlegur til þess að girða fyrir misnotkun, og styrkur sá, er um ræðir í 49. gr., skal enn fremur tryggður konu manns innan hinna tryggðu stétta, svo framarlega sem hann hefur lokið slíkum réttindavinnslutíma.

52. gr.

Styrkur sá, er um ræðir í 49. og 50. gr., skal veittur á meðan ástandið varir, nema hvað greiðslur, sem inntar eru af hendi á ákveðnum fresti, má takmarka við tólf vikur, nema lengra fjarvistartíma frá starfi sé krafizt eða hann leyfður í landslögum eða reglugerðum, og má þá ekki takmarka hann við tímabil, sem sé styttra en það lengra tímabil.

IX. KAFLI.
Örorkubætur.

53. gr.

Hvert það aðildarríki, sem þessi kafli þessarar samþykktar tekur til, skal tryggja hinum tryggðu örorkubætur í samræmi við eftirfarandi greinar þessa kafla.

54. gr.

Tryggingin tekur til þess er maður er ófær til þess að stunda arðbæra atvinnu í svo ríkum mæli sem nánar er tiltekið, enda sé líklegt að svo verði til frambúðar, og að þetta haldist eftir að hætt er að greiða sjúkrabætur.

55. gr.

Tryggingin skal ná til:

a. tiltekinna flokka kaupþega, er séu eigi færri en 50% allra kaupþega; eða
b. tiltekinna stétta arðbærlega vinnandi fólks, er eigi sé færra en 20% allra landsmanna; eða
c. allra landsmanna, sem á meðan ástandið varir hafi ekki þau fjárráð, er fari yfir mark, sem sé þannig ákveðið að sé í samræmi við 67. gr.; eða
d. þar sem yfirlýsing, gefin samkvæmt 3. gr., er í gildi, tiltekinna stétta kaupþega, þeirra er eigi séu færri en 50% allra kaupþega á vinnustöðum, þar sem vinna tuttugu manns eða fleiri.

56. gr.

Bæturnar skulu vera greiðslur inntar af höndum með vissu millibili, sem hér segir:

a. Þar sem flokkar kaupþega eða flokkar arðbærlega starfandi fólks eru tryggðir, þá á þann hátt, að í samræmi sé við ákvæði 65. eða 66. gr.
b. Þar sem allir landsmenn, sem meðan ástandið varir hafa ekki fjárráð fram yfir tiltekið mark, eru tryggðir, þá með þeim hætti að sé í samræmi við ákvæði 67. gr.

57. gr.

1. Bætur þær, er um ræðir í 56. gr., skulu, þar sem svo er ástatt, vera tryggðar a. m. k.
   a. þeim tryggðum aðila, sem hefur áður en tilfellið gerðist samkvæmt tilteknum reglum lokið réttindavinnslutíma, sem getur verið 15 ár iðgjaldagreiðslu eða starfs eða 10 ár búsetu; eða
   b. þar sem það er reglan að allt arðbærlega starfandi fólk sé tryggt, þá þeim tryggðum aðila, sem hefur lokið réttindavinnslutíma, er sé þrjú ár iðgjaldagreiðslu, enda hafi verið greitt hið árlega tiltekna meðaltal iðgjalda hans vegna meðan hann var á starfsaldri.
2. Þar sem bætur þær, er um ræðir í 1. tölulið, eru bundnar við lágmarkstímabil iðgjaldagreiðslu eða starfs, skulu lægri bætur tryggðar a. m. k.:
   a. tryggðum aðila, sem áður en tilfellið gerðist, hefur í samræmi við tilteknar reglur lokið réttindavinnslutíma, er sé fimm ár iðgjaldagreiðslu eða starfs; eða
   b. þar sem það er reglan að allt arðbærlega starfandi fólk sé tryggt, þeim tryggðum aðila, sem hefur lokið réttindavinnslutíma, er sé þrjú ár iðgjaldagreiðslu, enda hafi hans vegna meðan hann var á starfsaldri verið greiddur helmingur hinna tilskildu árlegu greiðslna samkvæmt staflið b. í tölulið 1 í þessari grein.

3. Ákvæðum 1. tölul. þessarar greinar skal talið fullnægt, ef bætur reiknaðar samkvæmt ákvæðum XI. kafla, en 10% lægri en tiltekið er í fylgiskjali með þeim kafla fyrir hlutaðeigandi almennan bótaþega, eru tryggðar a. m. k. tryggðum aðila, sem hefur lokið, eftir tilteknum reglum, fimm árum iðgjaldagreiðslu, starfs eða búsetu.
4. Tilsvarandi lækkun hundraðshluta þess, sem tiltekinn er í fylgiskjali með XI. kafla, má gera þegar réttindavinnslutíminn svarandi til hins lækkaða hundraðshluta fer fram úr fimm árum iðgjaldagreiðslu eða starfs, en er undir 15 árum iðgjaldagreiðslu eða starfs. Hinar lægri bætur skal greiða samkv. 2. tölulið þessarar greinar.

58. gr.

Bætur þær, er um ræðir í 56. og 57. gr., skulu greiddar svo lengi sem ástandið varir eða þar til greiða ber ellilífeyri.

X. KAFLI.
Eftirlifendabætur.

59. gr.

Hvert það aðildarríki, sem þessi kafli samþykktar þessarar tekur til, skal tryggja hinum tryggðu eftirlifendabætur í samræmi við eftirfarandi greinar þessa kafla.

60. gr.

1. Tryggingin skal taka til þess, er ekkja eða barn missir af framfærslu vegna fráfalls fyrirvinnunnar. Þegar um ekkju er að ræða mega bæturnar vera bundnar því skilyrði, að hún sé samkvæmt lögum og reglugerðum landsins talin ófær um að sjá sér farborða á eigin spýtur.
2. Landslög eða reglugerðir mega kveða svo á, að bótagreiðslur, sem aðili annars á rétt á, megi um sinn falla niður, ef sá hinn sami vinnur að einhverju arðbæru starfi, eða bæturnar, séu þær háðar iðgjaldagreiðslu, megi lækka, ef atvinnutekjur bótaþega fara fram úr tiltekinni upphæð, og ef þær eru ekki háðar iðgjaldagreiðslu, megi lækka þær þegar atvinnutekjur bótaþegans eða önnur fjárráð hans, eða þetta tvennt samanlagt, fer fram úr tiltekinni upphæð.

61. gr.

Tryggingin skal ná til:

a. Eiginkonu og barna fyrirvinnu í tilteknum flokkum kaupþega, enda séu í þeim flokkum ekki færri en 50% af öllum kaupþegum; eða
b. eiginkonu og barna fyrirvinnu í tilteknum flokkum arðbærlega vinnandi fólks, enda sé í þeim flokkum ekki færri en 20% allra landmanna; eða
c. allra ekkna og barna búsettra í landinu, er misst hafa fyrirvinnu sína, og, meðan ástandið varir, hafa ekki þau fjárráð, er fari yfir tiltekið mark, sem ákveðið sé í samræmi við ákvæði 67. gr.; eða
d. þar sem yfirlýsing, gefin samkvæmt 3. gr., er í gildi, eiginkonu og barna fyrirvinnu í tilteknum stéttum kaupþega, enda séu í þeim stéttum ekki færri en 50% allra kaupþega á þeim vinnustöðum, þar sem vinna tuttugu manns eða fleiri.

62. gr.

Bæturnar skulu vera greiðslur, inntar af hendi með vissu millibili, og reiknaðar sem hér segir:

a. Þar sem flokkar kaupþega eða flokkar arðbærlega vinnandi fólks eru tryggðir, þá með þeim hætti, að í samræmi sé við ákvæði 65. gr. eða 66. gr.

b. Þar sem allir landsmenn, sem, meðan ástandið varir, hafa ekki þau fjárráð, er fari yfir tiltekið mark, eru tryggðir, þá með þeim hætti að sé í samræmi við 67. gr.

63. gr.

1. Bætur þær, er um ræðir í 62. gr., skulu, þegar þær eru greiddar, vera tryggðar a. m. k.:
   a. þeim tryggðum aðila, er fyrirvinna hans hefur samkvæmt tilteknum reglum lokið réttindavinnslutíma, sem getur verið fimmtán ár iðgjaldagreiðslu eða starfs, eða tíu ár búsetu; eða
   b. þar sem það er reglan að eiginkonur og börn allra arðbærlega vinnandi manna séu tryggð, þá þeim tryggðum aðila, er fyrirvinna hans hefur lokið réttindavinnslutíma, er sé þrjú ár iðgjaldagreiðslu, enda hafi vegna fyrirvinnu hans, meðan hún var á starfsaldri, verið innt af hendi hið tiltekna árlega meðaltal iðgjalda.
2. Þegar bætur þær, er um ræðir í 1. tölulið, eru bundnar við lágmarkstímabil iðgjaldagreiðslu eða starfs, skulu lægri bætur tryggðar a. m. k.:
   a. þeim tryggðum aðila, er fyrirvinna hans hefur samkvæmt tilteknum reglum lokið réttindavinnslutíma, er sé fimm ár iðgjaldagreiðslu eða starfs; eða
   b. þar sem það er reglan að eiginkonur og börn allra arðbærlega vinnandi manna séu tryggð, þá þeim tryggðum aðila, er fyrirvinna hans hefur lokið réttindavinnslutíma, er sé þrjú ár iðgjaldagreiðslu, enda hafi vegna þeirrar fyrirvinnu meðan hún var á starfsaldri verið innt af hendi hálft árlegt meðaltal iðgjaldagreiðslu, er tiltekið sé í samræmi við staflið b. fyrsta töluliðs þessarar greinar.
3. Ákvæðum 1. töluliðs þessarar greinar skal talið fullnægt, ef bætur reiknaðar samkvæmt ákvæðum XI. kafla, en 10% lægri en tiltekið er í fylgiskjali með þeim kafla fyrir hlutaðeigandi almennan bótaþega, eru tryggðar a. m. k. tryggðum aðila, enda hafi fyrirvinna hans lokið eftir tilteknum reglum fimm árum iðgjaldagreiðslu, starfs eða búsetu.
4. Tilsvarandi lækkun hundraðshluta þess, sem tiltekinn er í fylgiskjali með XI. kafla, má gera þegar réttindavinnslutíminn svarandi til hins lækkaða hundraðshluta fer fram úr fimm árum iðgjaldagreiðslu eða starfs, en er undir 15 árum iðgjaldagreiðslu eða starfs. Hinar lægri bætur skal greiða samkvæmt 2. tölulið þessarar greinar.
5. Til þess að barnlaus ekkja, sem ekki er talin geta framfært sig, skuli hafa rétt til eftirlifendabóta, má setja það skilyrði að hún hafi verið í hjónabandi tiltekinn tíma.

64. gr.

Bætur þær, sem um ræðir í 62. og 63. grein, skulu greiddar meðan hið bótaskylda ástand helzt.

XI. KAFLI.

Meginreglur, sem farið skal eftir, við greiðslur inntar af hendi með vissu millibili.

65. gr.

1. Þegar um er að ræða greiðslur inntar af hendi með vissu millibili, sem þessi grein tekur til, skulu bæturnar að viðbættum þeim fjölskyldubótum, sem kunna að eiga að greiðast samtímis, vera þær, að því er viðeigandi tilfelli varðar, til handa venjulegum bótaþega eftir því, sem segir í fylgiskjali með þessum kafla, að þær séu að minnsta kosti þargreind hundraðstala, bæði af þeim fyrri heildartekjum bótaþegans eða fyrirvinnu hans og upphæð þeirra fjölskyldubóta, er greiðast kunna að eiga tryggðum aðila með sömu heimilisástæður og hinn venjulegi bótaþegi.

2. Fyrri tekjur bótaþega eða fyrirvinnu hans skulu reiknaðar eftir ákveðnum reglum. Þar sem hinir tryggðu eða fyrirvinnur þeirra eru flokkaðir eftir tekjum þeirra, má reikna fyrri tekjur þeirra eftir grunntekjum þeirra flokka, sem þeir tilheyrðu.
3. Tiltaka má hámark upphæðar bóta og tekna, sem tekið er tillit til við útreikning bóta, enda sé það hámark sett á þann hátt að ákvæða 1. töluliðs þessarar greinar sé gætt, þegar fyrri tekjur bótaþegans eða fyrirvinnu hans eru hinar sömu eða lægri en kaup faglærðs vinnandi karlmanns.
4. Fyrri tekjur bótaþega eða fyrirvinnu hans, kaup faglærðs vinnandi karlmanns, bætur og fjölskyldubætur, ef um þær er að ræða, skal allt miðast við sama tíma.
5. Að því er til annarra bótaþega tekur, skulu bæturnar vera í hæfilegu hlutfalli við bætur til venjulegs bótaþega.
6. Í merkingu þessarar greinar skal faglærður karlmaður í annarra þjónustu vera:
   a. Setjari (montör) eða rennismiður í vélsmiðju annarri en rafmagnsvéla; eða
   b. maður, sem telja má sérkennandi fyrir faglærða stétt, og sé þá haft tillit til ákvæða eftirfarandi greinar; eða
   c. maður, sem hefur þær tekjur, að þær séu eins miklar eða meiri en tekjur 75% allra hinna tryggðu, skulu þá tekjurnar miðaðar við eitt ár eða skemmra tímabil eftir því, sem tiltekið kann að vera; eða
   d. sá maður, er hafi tekjur, sem jafngildi 125% af meðaltekjum allra hinna tryggðu.
7. Sá maður, sem talinn er sérkennandi fyrir faglærða stétt í skilningi b-liðs næsta töluliðs hér á undan, skal vera maður er starfi í hinum meiri háttar atvinnugreinum, er samanlagt veiti atvinnu mestum fjölda arðbærlega starfandi karlmanna, er tryggðir séu í því tilfelli, sem um er að ræða, eða fyrirvinnur hinna tryggðu, eftir því sem á stendur í þeim flokki, sem fjölmennastur sé af slíkum mönnum eða fyrirvinnum. Í þessu augnamiði skal nota hinar viðurkenndu alþjóðareglur um flokkun allra atvinnugreina, sem Fjárhags- og félagsmálaráð Sameinuðu þjóðanna samþykkti á sjöunda þingi sínu 27. ágúst 1948 og prentaðar eru sem viðauki við samþykkt þessa, eða þá sömu flokkun eins og hún kann að vera breytt á hverjum tíma.
8. Þar sem bæturnar eru mismunandi eftir landshlutum, má í samræmi við töluliði 6 og 7 í þessari grein ákvarða, hver sé faglærður karlmaður í annarra þjónustu í hverjum landshluta sérstaklega.
9. Kaup faglærðs karlmanns skal ákvarðað með tilliti til launastigans fyrir venjulegan vinnutíma, eins og hann hefur verið ákveðinn með heildarsamningum með eða samkvæmt lögum landsins eða reglugerðum, þar sem það á við, eða með venju, og sé talin þar með dýrtíðaruppbót, ef nokkur er. Þar sem slíkir taxtar eru mismunandi eftir landshlutum, en ekki er farið eftir 8. tölulið þessarar greinar, skal miða við meðaltaxtann.
10. Upphæðir greiðslna, sem inntar eru af hendi með vissu millibili vegna elli, meiðsla við vinnu (að undanteknu vanhæfi til vinnu), örorku og dauða fyrirvinnu, skulu endurskoðaðar þegar verulegar almennar kaupgjaldsbreytingar hafa orðið, ef þær stafa af verulegum breytingum á framfærslukostnaðinum.

66. gr.

1. Greiðsla, innt af hendi með vissu millibili, sem þessi grein tekur til, að viðbættum fjölskyldubótum, sem kann að vera um að ræða í hverju tilfelli, skal vera það há, að hinn venjulegi bótaþegi, sem tiltekinn er í fylgiskjali með þessum kafla, fái í því bótatilfelli, sem um er að ræða, a. m. k. þann hundraðshluta af samanlögðu kaupi venjulegs fullorðins verkamanns, sem þar er tilgreint, og fjölskyldubótum, sem greiða ber tryggðum manni, sem hefur sömu framfærsluskyldu og hinn venjulegi bótaþegi.

2. Kaup venjulegs fullorðins verkamanns, bæturnar og fjölskyldubætur, ef um þær er að ræða, skal miða við sama tíma.
3. Þar sem um er að ræða aðra bótaþega, skulu bæturnar vera í hæfilegu hlutfalli við bætur venjulegs bótaþega.
4. Í skilningi þessarar greinar skal venjulegur fullorðinn verkamaður vera:
   a. maður, sem talinn er sérkennandi fyrir ófaglærða verkamenn í vélsmíði, annarri en smíði rafmagnsvéla; eða
   b. maður, sem talinn er sérkennandi fyrir ófaglærða verkamenn, og sé þá miðað við ákvæði næsta töluliðs hér á eftir.
5. Sá maður, sem talinn er sérkennandi fyrir ófaglærða stétt, í skilningi b.-liðs næsta töluliðs hér á undan, skal vera maður, er starfi í hinum meiri háttar atvinnugreinum, er samanlagt veiti atvinnu mestum fjölda arðbærlega starfandi karlmanna, er tryggðir séu í því tilfelli, sem um er að ræða, eða fyrirvinnur hinna tryggðu, eftir því, sem á stendur í þeim flokki, sem fjölmennastur sé af slíkum mönnum eða fyrirvinnum. Í þessu augnamiði skal nota hinar viðurkenndu alþjóðareglur um flokkun allra atvinnugreina, sem Fjárhags- og félagsmálaráð Sameinuðu þjóðanna samþykkti á sjöunda þingi sínu 27. ágúst 1948 og prentaðar eru sem viðauki við samþykkt þessa, eða þá sömu flokkun eins og hún kann að vera breytt á hverjum tíma.
6. Þar sem bæturnar eru mismunandi eftir landshlutum, má í samræmi við töluliði 4 og 5 í þessari grein ákvarða, hver teljist venjulegur fullorðinn verkamaður í hverjum landshluta fyrir sig.
7. Kaup venjulegs fullorðins verkamanns skal ákvarðað með tilliti til launastigans fyrir venjulegan vinnutíma, eins og hann hefur verið ákveðinn með heildarsamningum, með eða samkvæmt lögum landsins eða reglugerðum, þar sem það á við, eða með venju, og sé talin þar með dýrtíðaruppbót, ef nokkur er. Þar sem slíkir taxtar eru mismunandi eftir landshlutum, en ekki er farið eftir 6. tölulið þessarar greinar, skal miða við meðaltaxtann.
8. Upphæðir greiðslna, sem inntar eru af hendi með vissu millibili vegna elli, meiðsla við vinnu (að undanteknu vanhæfi til vinnu), örorku og dauða fyrirvinnu, skulu endurskoðaðar þegar verulegar almennar kaupgjaldsbreytingar hafa orðið, ef þær stafa af verulegum breytingum á framfærslukostnaðinum.

67. gr.

Þegar um er að ræða greiðslur, sem inntar eru af hendi með vissu millibili og þessi grein tekur til:

a. skal upphæð bótanna ákveðin samkvæmt tilteknum stiga eða stiga, sem ákveðinn er af hlutaðeigandi stjórnvaldi í samræmi við tilteknar reglur;
b. má einungis lækka þessa upphæð eftir því, sem önnur fjárráð fjölskyldubótaþegans fara fram úr tilteknum verulegum upphæðum eða verulegum upphæðum ákveðnum af hlutaðeigandi stjórnvaldi í samræmi við gefnar reglur;
c. skal heildarupphæð bótanna að viðbættum öðrum tekjum, eftir að frá hafa verið dregnar þær verulegu upphæðir, sem um ræðir í staflið b., vera fullnægjandi til þess að framfleyta fjölskyldu bótaþegans heilsusamlega og sómasamlega og skal ekki vera lægri en tilsvarandi bætur reiknaðar í samræmi við ákvæði 66. gr.;
d. ákvæðum stafliðs c. skal talið fullnægt af heildarupphæð bóta þeirra, sem greiddar eru samkvæmt viðeigandi kafla, fara a. m. k. 30% fram úr heildarupphæð bóta, sem fást mundu ef farið væri eftir ákvæðum 66. gr. og ákvæðum:

(I) 15. greinar b. að því er tekur til III. kafla
(II) 27. greinar b. að því er tekur til V. kafla
(III) 55. greinar b. að því er tekur til IX. kafla
(IV) 61. greinar b. að því er tekur til X. kafla

Fylgiskjal XI. kafla.

Greiðslur inntar af hendi með vissu millibili til venjulegra styrkþega.

Kafli: Tilfelli:	Venjulegir styrkþegar:	Hundraðshluti:
III. Veikindi	Maður með konu og tvö börn	45
IV. Atvinnuleysi	Maður með konu og tvö börn	45
V. Elli	Maður með konu á ellilífeyrisaldri	40
VI. Atvinnuslys.		
Vanhæfi til vinnu	Maður með konu og tvö börn	50
Örorka	Maður með konu og tvö börn	50
Eftirlifendur	Ekkja með tvö börn	40
VIII. Mæðrastyrkur	Kona	45
IX. Örorka	Maður með konu og tvö börn	40
X. Eftirlifendur	Ekkja með tvö börn	40

XII. KAFLI.

Jafnrétti þeirra erlendra þegna, sem búsettir eru í landinu.

68. gr.

1. Erlendir menn, búsettir í landinu, skulu hafa sama rétt og þegnar ríkisins, þar búsettir, að því tilskildu, að sérstakar reglur má setja um erlenda þegna og þegna ríkisins, sem fæddir eru utan yfirráðasvæðis aðildarríkisins, að því er tekur til bóta eða hluta af bótum greiddum að öllu eða mestu úr almennum sjóðum, og að því er varðar breytingarráðstafanir.
2. Þar sem um er að ræða félagslegar tryggingar með iðgjaldaskyldu, sem taka til starfsfólks, skulu hinir tryggðu, sem eru þegnar annars aðildarríkis, er tekið hefur á sig skyldur, er greinir í viðeigandi kafla samþykktarinnar, njóta samkvæmt þeim kafla sömu réttinda og þegnar hlutaðeigandi ríkis, að því tilskildu, að framkvæmd þessa töluliðs megi binda því skilyrði, að fyrir hendi sé gagnkvæmissamningur milli tveggja eða fleiri aðila.

XIII. KAFLI.

Almenn ákvæði.

69. gr.

Bætur þær, sem tryggður maður hefði annars átt kröfu til, samkvæmt einhverjum af II. til X. kafla þessarar samþykktar, má láta falla niður um sinn að svo miklu leyti, sem ákvæðið kann að verða:

a. meðan hlutaðeigandi maður dvelur fjarvistum frá umráðasvæði aðildarríkisins;
b. meðan hlutaðeigandi maður er á opinberu framfæri eða á framfæri tryggingar eða tryggingastofnunar ríkisins, en þó skal þá sá hluti styrksupphæðarinnar, sem fram yfir er verðmæti slíkrar framfærslu, veittur þeim, sem styrkþega ber að framfæra;
c. meðan hlutaðeigandi maður fær aðrar bætur frá félagslegum tryggingum í reiðufé, að undanskildum fjölskyldubótum, og meðan svo er ástatt, að hann fær bætur fyrir tilfelli sitt frá þriðja aðila, enda fari hinn niðurfelldi hluti styrksins ekki fram úr hinum styrknum eða bótunum frá þriðja aðila;
d. ef hlutaðeigandi maður hefur krafizt styrksins undir fölsku yfirskini;
e. ef tilfellið hefur orsakazt af glæpsamlegu atferli hlutaðeigandi manns;

f. ef tilfellið stafar af vísvitandi óleyfilegu atferli hlutaðeigandi manns;
g. í viðeigandi tilfellum, þar sem hlutaðeigandi maður vanrækir að notfæra sér þá læknis- eða heilsuhjálparþjónustu, sem honum er gerður kostur á, eða lætur undir höfuð leggjast að fylgja fyrirskipuðum reglum um sönnun þess, að tilfellið hafi gerzt eða haldizt, eða um það, hvernig styrkþegar skuli hegða sér;
h. ef um atvinnuleysisstyrk er að ræða, þegar hlutaðeigandi maður hefur vanrækt að notfæra sér þá ráðningarþjónustu, sem honum er gerður kostur á;
i. ef um atvinnuleysisstyrk er að ræða, þegar hlutaðeigandi maður hefur misst atvinnu sína beinlínis fyrir það, að vinna féll niður sökum vinnudeilu, eða hann hefur farið úr vinnu sjálfkrafa án réttmæts tilefnis; og
j. ef um eftirlifendabætur er að ræða, meðan ekkjan býr með manni eins og hún væri eiginkona hans.

70. gr.

1. Hver kröfuhafi skal hafa áfrýjunarrétt, ef honum er synjað um bætur eða hann telur þær of lágar eða of lélegar.
2. Þar sem framkvæmd samþykktar þessarar er með þeim hætti að stjórnardeild ábyrgri gagnvart löggjafarþinginu er falið að stjórna læknishjálpinni, má í stað áfrýjunarréttar samkvæmt 1. tölulið þessarar greinar koma réttur til þess að fá kæru vegna synjunar um læknishjálp, eða þá umönnun, sem í té er látin, rannsakaða af viðeigandi stjórnvaldi.
3. Þar sem kröfur eru úrskurðaðar af sérstökum dómstóli, til þess settum að fjalla um félagsleg tryggingarmál, skal ekki þurfa neinn áfrýjunarrétt, enda eigi hinir tryggðu fulltrúa í dóminum.

71. gr.

1. Kostnaður sá, er leiðir af styrkjum þeim, sem veittir eru samkvæmt samþykkt þessari og sömuleiðis stjórnarkostnaðurinn, skal greiðast í heild með iðgjöldum eða sköttum eða hvoru tveggja, á þann hátt að ekki baki efnalitlu fólki harðræði og að tekið sé tillit til efnahags aðildarríkisins og þeirra stétta, sem tryggðar eru.
2. Heildarupphæð þeirra tryggingaiðgjalda, sem launþegar greiða, skal ekki fara fram úr 50% þess heildarfjár, sem varið er til tryggingar launþegum ásamt konum þeirra og börnum. Til þess að ganga úr skugga um það, hvort þessa skilyrðis er gætt, má taka saman alla styrki, sem aðildarríkið hefur veitt samkvæmt samþykkt þessari, að undanskildum fjölskyldubótum og atvinnuslysabótum, ef þær eru veittar í sérstökum flokki.
3. Aðildarríkið skal taka á sig allsherjarábyrgð á því, að fyrir hendi séu styrkir þeir, sem veittir eru samkvæmt samþykkt þessari, og skal það gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að svo sé. Þar sem það hentar, skal aðildarríkið sjá um að gerðar séu við og við nauðsynlegar tryggingarfræðilegar athuganir og útreikningar á fjármálalegu jafnvægi, og, að minnsta kosti áður en nokkur breyting er gerð á styrkjum, iðgjaldastiganum, eða á sköttum, sem ganga eiga til að standa straum af þeim greiðslum, sem um er að ræða.

72. gr.

1. Þar sem stjórn tryggingannna er ekki fengin í hendur stofnun undir umsjá stjórnvalda, eða stjórnardeild sem ábyrg sé gagnvart löggjafarþinginu, skulu fulltrúar hinna tryggðu taka þátt í stjórninni, eða vera í ráðgefandi sambandi við hana með settum skilyrðum. Líka má með lögum landsins og reglugerðum ákveða þátttöku fulltrúa af hálfu vinnuveitenda og opinberra stjórnvalda.
2. Aðildarríkið skal taka á sig allsherjarábyrgð á góðri stjórn þeirra stofnana og þjónustugreina, er taka þátt í framkvæmd samþykktarinnar.

XIV. KAFLI.
Ýmis ákvæði.

73. gr.

Undir samþykkt þessa skulu ekki falla:

a. Tilfelli, sem gerðust áður en tilsvarandi kafli samþykktarinnar gekk í gildi hjá hlutaðeigandi aðildarríki;
b. styrkir í tilfellum, sem gerðust eftir að tilsvarandi kafli samþykktarinnar gekk í gildi hjá hlutaðeigandi aðildarríki, að svo miklu leyti, sem rétturinn til slíkra styrkja á upptök sín á þeim tíma, sem á undan fór.

74. gr.

Á þessa samþykkt ber ekki að líta sem endurskoðun neinnar eldri samþykktar.

75. gr.

Ef nokkur sú samþykkt, er þingið síðar kann að gera, er varðandi nokkurt það efni, sem þessi samþykkt fjallar um, skulu þau ákvæði þessarar samþykktar, er tiltekin kunna að verða í nefndri samþykkt, falla úr gildi hjá hverju því aðildarríki, er fullgilt hefur nefnda samþykkt, á þeim degi, er hún gengur í gildi hjá því aðildarríki.

76. gr.

1. Hvert það aðildarríki, sem fullgildir samþykkt þessa, skal taka upp í ársskýrslu sína um framkvæmd hennar, sem það gefur, samkvæmt 22. gr. stjórnarskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar:
   a. fullkomnar upplýsingar um lög þau og reglugerðir, sem gefa ákvæðum samþykktarinar gildi; og
   b. upplýsingar, er séu svo nákvæmlega sem unnt er í samræmi við tillögur stjórnar Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar um sem mesta samkvæmni í frásögn, fyrir því að fylgt hafi verið þeim skilyrðum um hlutfallstölu, sem greind eru í:
      (i) greinunum 9 a, b, c eða d; 15 a, b eða d; 21 a eða c; 27 a, b eða d; 33 a eða b; 41 a, b eða d; 48 a, b eða c; 55 a, b eða d; 61 a, b eða d; að því er varðar tölu hinna tryggðu;
      (ii) greinunum 44, 65, 66 eða 67, að því er varðar bótastigann;
      (iii) staflið a í tölulið 2, í 18. gr., að því er varðar lengd sjúkrabótatímans;
      (iv) tölulið 2 í 24. gr., að því er varðar lengd styrktíma vegna atvinnuleysis; og
      (v) tölulið 2 í 71. gr., að því er varðar hlutföll fjárframlaga með iðgjöldum af hálfu tryggðra kaupþega til tryggingasjóðsins.
2. Hvert það aðildarríki, sem fullgildir samþykkt þessa, skal með hæfilegu millibili, eftir því sem stjórnin æskir, senda aðalforstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skýrslu um lög sín og framkvæmdir, að því er varðar hvern sem vera kann af II. til X. kafla samþykktarinnar og ekki er tiltekinn í fullgildingu þess eða í tilkynningu, er það kann síðar að hafa sent samkvæmt 4. gr.

77. gr.

1. Samþykkt þessi skal ekki taka til sjómanna eða fiskimanna á sjó. Ákvæði um tryggingu sjómanna og fiskimanna á sjó hefur Alþjóðavinnumálaþingið sett í samþykktinni um félagslegt öryggi sjómanna frá 1946 og samþykktinni um eftirlaun sjómanna frá 1946.
2. Aðildarríki má undanskilja sjómenn og fiskimenn á sjó frá tölu kaupþega, tölu arðbærlega starfandi fólks, eða tölu landsmanna, þegar reiknaður er út hundraðshluti kaupþega eða landsmanna tryggðra samkvæmt einhverjum kaflanna II. til X., þeirra er fullgildingin tekur til.

XV. KAFLI.

Lokaákvæði.

78.—87. gr.

(Samsvara 12.—21. gr. samþykktar nr. 101 hér að framan.)

III. Samþykkt nr. 103 um mæðravernd (endurskoðuð 1952).

1. gr.

1. Samþykkt þessi tekur til kvenna, sem vinna iðnaðarstörf, svo og störf, sem ekki teljast til iðnaðar, og landbúnaðarstörf, þ. á m. störf á heimilum.
2. Með orðinu „iðnfyrirtæki“ er í samþykkt þessari átt við fyrirtæki hins opinbera eða einstaklinga, eða einstakar greinar þeirra og sérstaklega:
   a. fyrirtæki, sem stunda námugröft, grjótnám eða aðra vinnslu efna úr jörðu;
   b. fyrirtæki, þar sem vörur eru framleiddar, þeim breytt, þær hreinsaðar, viðgerðar, skreyttar, fullunnar, lagaðar til sölu, brotnar eða leystar upp eða þar, sem efnum er breytt, og teljast þar með fyrirtæki, sem stunda skipasmíðar eða framleiðslu, spennubreytingu eða flutning á rafmagni eða hvers konar hreyfiafli;
   c. fyrirtæki, sem annast byggingar eða mannvirkjagerð, bæði hvað snertir nýbyggingar, viðgerðir, viðhald, breytingar og niðurrif;
   d. fyrirtæki, sem annast flutninga á fólki eða vörum, hvort heldur er á vegum, járnbrautum, fljótum, vötnum og skipaskurðum eða í lofti, og telst þar með meðhöndlun vara í skipakvíum, á hafnarbökkum og bryggjum, í geymsluhúsum eða flughöfnum.
3. Með orðunum „starfsemi, sem ekki telst iðnaður“, er í samþykkt þessari átt við hvers konar starfsemi, sem unnin er við eða í sambandi við eftirtalin fyrirtæki eða þjónustu hins opinbera eða einstaklinga:
   a. verzlunarfyrirtæki;
   b. póst- og símaþjónusta;
   c. stjórnarstofnanir og skrifstofur, þar sem starfsfólkið vinnur mestmegnis skrifstofustörf;
   d. blaðaútgáfa;
   e. gistihús, dvalarheimili, veitingahús, klúbbar, kaffihús og aðrar slíkar stofnanir;
   f. stofnanir, sem annast hjúkrun og aðhlynningu sjúkra, lasburða, snauðra og munaðarlausra;
   g. leikhús og opinberir skemmtistaðir;
   h. launuð heimilisstörf á einkaheimilum;

   enn fremur hver sú starfsemi önnur, sem ekki telst iðnaður og þar til bært stjórnvald kann að ákveða, að samþykktin skuli taka til.
4. Að því er varðar þessa samþykkt, skal orðið „landbúnaðarstörf“ taka til hvers konar starfa, sem unnin eru við landbúnað, þar á meðal plantekrubúskap og stórfelld tæknileg landbúnaðarfyrirtæki.
5. Þegar vafi leikur á því, hvort samþykkt þessi tekur til fyrirtækis, greinar þess eða starfsemi, skal jafnan úr því skorið af þar til bæru stjórnvaldi, að höfðu samráði við aðalsamtök hlutaðeigandi atvinnurekenda og verkamanna, þar sem þau eru til.
6. Með lögum eða reglugerðum má undanskilja ákvæðum samþykktar þessarar fyrirtæki, þar sem einungis fjölskylda húsbóndans vinnur, eins og það er skilgreint í lögum eða reglugerðum.

2. gr.

Að því er tekur til þessarar samþykktar, táknar orðið „kona“ sérhvern kvenmann, án tillits til aldurs, þjóðernis, kynþáttar eða trúarbragða, hvort sem hún er gift eða ógift, og orðið „barn“ táknar sérhvert barn, hvort sem það er skilgetið eða ekki.

3. gr.

1. Kona, sem samþykkt þessi tekur til og leggur fram læknisvottorð um, hvenær ætla megi að hún muni ala barn, skal eiga rétt á orlofi vegna barnsburðarins.
2. Orlof vegna barnsburðar skal eigi vera skemmra en tólf vikur, og ákveðinn hluta þessa orlofs skal taka eftir fæðinguna.
3. Skylduorlof að lokinni fæðingu skal ákveðið með landslögum eða reglugerðum, en það má aldrei vera skemmra en sex vikur. Afgang heildarorlofsins má veita fyrir áætlaðan fæðingardag eða að loknu skylduorlofinu eða skipta því milli þessara tveggja tímabila eftir því, sem ákveðið kann að vera í landslögum eða reglugerðum.
4. Við orlofstímann fyrir áætlaðan fæðingardag skal bæta þeim tíma, sem líða kann á milli áætlaðs og raunverulegs fæðingardags, og skylduorlofið, sem taka á eftir fæðingu, skerðist ekki af þessum sökum.
5. Þegar um er að ræða veikindi, sem samkvæmt læknisvottorði leiðir af meðgöngu, skulu lög eða reglugerðir kveða á um viðbótarorlof fyrir barnsburð og getur þar til bært stjórnvald ákveðið hámarkslengd þess.
6. Þegar um er að ræða veikindi, sem samkvæmt læknisvottorði leiðir af barnsburði, skal konan eiga rétt á framlengingu orlofs eftir barnsburð, og getur þar til bært stjórnvald ákveðið hámarkslengd þess.

4. gr.

1. Meðan kona er fjarverandi í orlofi vegna barnsburðar samkvæmt ákvæðum 3. gr., skal hún eiga rétt á fjárstyrk og sjúkrahjálp.
2. Upphæð fjárstyrkjanna skal ákveðin með landslögum eða reglugerðum, þannig að þeir nægi til fulls og heilsusamlegs framfæris konunnar og barnsins í samræmi við hæfileg lífskjör.
3. Sjúkrahjálpin tekur til umönnunar hæfrar ljósmóður eða læknis fyrir barnsburð, við fæðingu og eftir hana, svo og sjúkrahúsvistar, þegar hún er nauðsynleg. Val á lækni og val á milli sjúkrahúsa hins opinbera og einstaklinga skal vera frjálst.
4. Fjárstyrkirnir og sjúkrahjálpin skulu annaðhvort veitt frá félagslegum skyldutryggingum eða af almannafé, og hvor hátturinn, sem hafður er, skulu þau veitt sem réttur allra kvenna, sem fullnægja hinum tilteknu skilyrðum.
5. Konur, sem ekki uppfylla skilyrðin fyrir styrkjum, sem veittir eru sem réttur, skulu eiga rétt á hæfilegum styrkjum af framfærslufé, eftir að fram hefur farið sú athugun á afkomu, sem krafizt er til veitingar framfærsluhjálpar.
6. Þegar fjárstyrkir, sem veittir eru samkvæmt félagslegum skyldutryggingum, eru miðaðir við fyrri tekjur, skulu þeir eigi vera lægri en tveir þriðju hlutar af þeim fyrri tekjum konunnar, sem miðað er við í útreikningi styrksins.
7. Sérhver tillög, sem greiða ber samkvæmt félagslegum skyldutryggingum, sem láta í té mæðrastyrki, og sérhver skattur, sem miðaður er við laun og innheimtur er til þess að standa straum af mæðrastyrkjum, skulu greidd eftir heildartölu þeirra manna og kvenna, sem starfa í hlutaðeigandi fyrirtækjum, án tillits til kynferðis og hvort sem þessi tillög eða skattar eru greidd af atvinnurekandanum og starfsfólkinu eða atvinnurekandanum einum.
8. Atvinnurekandinn skal aldrei vera persónulega ábyrgur fyrir greiðslu kostnaðar við þessa aðstoð, sem veita ber konu, er hjá honum vinnur.

5. gr.

1. Ef kona hefur barn sitt á brjósti, skal hún eiga rétt á að víkja frá vinnu sinni í þessu skyni á þeim tíma eða tímum, sem ákveðnir eru með lögum eða reglugerðum.
2. Starfshlé, sem verða vegna þess, að konan er að gefa barni brjóst, skulu talin með vinnutíma og fyrir þau greitt samkvæmt því, þegar þessu máli er skipað með eða í samræmi við lög og reglugerðir. Þegar þessu máli er skipað með heildarsamningum, skal um þetta fara eftir ákvæðum viðeigandi samnings.

6. gr.

Á meðan kona er frá vinnu í orlofi vegna barnsburðar í samræmi við 3. gr. þessarar samþykktar, skal atvinnurekanda hennar óheimilt að tilkynna henni uppsögn, og einnig er honum óheimilt að segja henni upp, þannig að uppsagnarfrestinum mundi ljúka, meðan á slíku orlofi stendur.

7. gr.

1. Sérhvert aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem fullgildir þessa samþykkt, getur með yfirlýsingu, er fylgi fullgildingu þess, tiltekið undanþágur frá ákvæðum samþykktarinnar varðandi:
   a. tilteknar tegundir starfa, sem ekki teljast til iðnaðar;
   b. störf unnin í landbúnaði öðrum en plantekrubúskap;
   c. launuð heimilisstörf á einkaheimilum;
   d. konur, sem taka laun og vinna heima;
   e. fyrirtæki, sem annast flutning á mönnum eða vörum á sjó.
2. Þær tegundir starfa og fyrirtækja, sem aðildarríki vill láta undanþáguákvæði 1. töluliðs þessarar greinar taka til, skulu tilgreindar í yfirlýsingu, sem fylgi fullgildingu þess.
3. Sérhvert aðildarríki, sem gert hefur slíka yfirlýsingu, getur hvenær sem er fellt hana úr gildi að öllu eða nokkru leyti, með síðari yfirlýsingu.
4. Nú eru í gildi yfirlýsingar, gerðar samkvæmt 1. tölulið þessarar greinar, og skulu þá öll ríki, sem þær varða, geta þess í öllum ársskýrslum sínum um framkvæmd samþykktarinnar, hvern veg er háttað lögum þeim og venju varðandi störf þau og fyrirtæki, sem 1. töluliður þessarar greinar tekur til samkvæmt nefndri yfirlýsingu, svo og í hve ríkum mæli samþykkt þessi hefur öðlazt gildi eða er ætlað að öðlast gildi fyrir slík störf eða fyrirtæki.
5. Að liðnum fimm árum frá upphaflegri gildistöku þessarar samþykktar skal stjórn Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar leggja fyrir þingið sérstaka skýrslu um beitingu þessarar undanþága, er innihaldi þær tillögur, sem henni kann að sýnast vel fallnar til frekari aðgerða í þessu máli.

8.—17. gr.

(Samsvara 12.—21. grein í samþ. 101 hér að framan).

IV. Tillaga nr. 93 um orlof með kaupi í landbúnaði (1952).

Þingið leggur til, að sérhvert aðildarríki komi eftirgreindum ákvæðum í framkvæmd, svo fljótt sem ástæður í landinu leyfa, og gefi Alþjóðavinnumálaskrifstofunni, að beiðni stjórnarinnar, skýrslu um ráðstafanir þær, sem gerðar hafa verið, til þess að af framkvæmdum yrði:

1. Lágmarkslengd orlofs með kaupi ætti að vera ein vinnuvika fyrir eins árs órofna þjónustu og hlutfallslega styttri fyrir skemmri tíma órofinnar þjónustu.

2. Þar til bært stjórnvald ætti að athuga möguleikana á því, að sett yrðu hagkvæmari ákvæði fyrir ungt verkafólk innan átján ára aldurs, þar með taldir lærlingar, í því skyni að létta breytinguna frá skólalífinu til landbúnaðarstarfa á þroskaskeiði líkamans.
3. Lágmarkslengd orlofs ungs verkafólks, innan sextán ára aldurs, þar með taldir lærlingar, ætti að vera tvær vinnuvikur fyrir eins árs órofna þjónustu og hlutfallslega styttri fyrir skemmri tíma órofinnar þjónustu.
4. Kröfunni um, að þjónusta skuli vera órofin til þess að veita verkamanni rétt til orlofs með kaupi, ætti að telja fullnægt, þrátt fyrir fjarvistir um stundar sakir vegna veikinda, slysa, fjölskylduatburða eða annarra svipaðra ástæðna.
5. Þar sem það hentar, ætti þar til bært stjórnvald að ákveða, að orlof með kaupi lengist með lengri þjónustutíma. Ætti sú lenging að hefjast svo fljótt sem auðið er og gerast reglulega stig af stigi, svo að tilteknu lágmarki sé náð innan tiltekins árafjölda.
6. Enda þótt það kunni að vera æskilegt að ákveða, að í sérstökum tilfellum megi skipta orlofi, ætti að gæta þess vel að tryggja það, að slík skipting brjóti ekki í bág við tilgang orlofsins, sem er að gera verkamanninum unnt að safna nýjum kröftum. Með þetta markmið í huga ætti verkamaðurinn að eiga rétt á að taka a. m. k. einn hluta orlofsins samfellt, og ætti hann eigi að vera skemmri en tiltekið lágmark.
7. Þar sem það á við, ætti að tryggja það, í samræmi við viðtekna hætti, að orlof með kaupi sé ekki tekið á aðalannatímum eða skerði alvarlega landbúnaðarframleiðsluna.

V. Tillaga nr. 94 um samráð og samvinnu milli atvinnurekenda og verkamanna innan einstakra fyrirtækja (1952).

1. Gera ætti tilhlýðilegar ráðstafanir til þess að efla samráð og samvinnu milli atvinnurekenda og verkamanna innan hinna einstöku fyrirtækja um mál, sem þá báða varðar, en falla ekki undir starfssvið þeirra aðila, sem falið er að gera heildarsamninga, og aðrir aðilar, sem gera ákvarðanir um ráðningarkjör og vinnuskilyrði, láta yfirleitt ekki til sín taka.
2. Slík samráð og samvinnu ætti í samræmi við landsvenjur og siði að:
   a. auðvelda með því að hvetja til frjálsra samninga milli aðilanna, eða
   b. efla með lögum eða reglugerðum, sem kveða á um stofnun nefnda til samræðna og samvinnu og ákveða starfssvið þeirra, störf, samsetningu og starfsaðferðir eftir því sem hæfa kann aðstæðunum í hinum ýmsu fyrirtækjum, eða
   c. auðvelda eða efla með þessum aðferðum sameiginlega.

VI. Tillaga (nr. 95) um mæðravernd (1952).

I. Orlof vegna barnsburðar.

1. (1) Þar sem nauðsyn krefur, vegna heilsu konunnar, og þar sem því verður við komið, ætti að lengja orlofstímann, sem ákveðinn er í 2. tölulið 3. gr. Mæðraverndarsamþykktarinnar frá 1952, svo að hann yrði samtals 14 vikur.
   (2) Í einstökum tilfellum ættu þeir, sem eftirlitið annast, að hafa heimild til þess eftir læknisvottorði að ákveða frekari lengingu á orlofi fyrir og eftir barnsburð, sem ákveðið er í 4., 5. og 6. tölulið 3. gr. Mæðraverndarsamþykkt-

arinnar frá 1952, ef slík lenging virðist nauðsynleg til verndar heilsu móður og barns, og sér í lagi þegar um er að ræða óeðlilegt ástand, sem þegar er staðreynd eða búast má við, eins og t. d. fósturlát og aðrir erfiðleikar fyrir og eftir barnsburð.

II. Mæðrastyrkir.

2. (1) Þar sem því verður við komið ætti að ákveða fjárstyrki þá, sem veittir eru samkvæmt 4. gr. Mæðraverndarsamþykktarinnar frá 1952, hærri en lágmark það, sem ákveðið er í samþykktinni og þar, sem það er mögulegt, ættu þeir að vera jafnháir fyrri tekjum, sem lagðar eru til grundvallar útreikningi styrkjanna.
(2) Þar sem því verður við komið ætti sjúkrahjálp sú, sem veita ber samkvæmt 4. gr. nefndrar samþykktar, að fela í sér læknishjálp almennra lækna og sérfræðinga í sjúkrahúsum og utan þeirra, þar með taldar sjúkravitjanir í heimahúsum, enn fremur tannlækningar, ljósmóðuraðstoð og önnur aðstoð í heimahúsum eða sjúkrahúsum vegna meðgöngu eða barnsburðar, hjúkrun í heimahúsum, sjúkrahúsum eða öðrum lækningastöðvum, dvöl á sjúkrahúsum eða öðrum lækningastöðvum, lyf, umbúðir og efni til almennra lækninga og tannlækninga og umönnun, sem látin er í té af mönnum úr öðrum stéttum, sem á hverjum tíma kunna að vera löglega viðurkenndar bærar til að láta í té þjónustu í sambandi við meðhöndlun þungaðra kvenna undir viðeigandi eftirliti læknis.
(3) Sjúkrahjálpina ætti að láta í té með það fyrir augum að viðhalda eða bæta heilsu konunnar og hæfni hennar til að vinna og sjá fyrir persónulegum þörfum sínum.
(4) Stofnanir þær eða stjórnardeildir, sem hafa með höndum stjórn sjúkrahjálparinnar, ættu, með þeim ráðum, sem teljast kunna við eiga, að hvetja hlutaðeigandi konur til þess að færa sér í nyt hina almennu heilsugæzlu, sem opinber stjórnvöld, eða aðrar stofnanir viðurkenndar af opinberum stjórnvöldum, gefa þeim kost á.
(5) Auk þessa má með lögum eða reglugerðum löggilda slíkar stofnanir eða stjórnardeildir til þess að bæta heilsu hlutaðeigandi kvenna og barna þeirra.
(6) Við greiðslur þær, sem nefndar eru í tölulíðum (1) og (2) í þessari grein, væri æskilegt að bæta öðrum greiðslum í vörum eða reiðufé eins og t. d. ungbarnafatnaði eða peningum til kaupa á honum, mjólk eða sérstökum greiðslum til kvenna, sem hafa börn á brjósti o. s. frv.

III. Hagsbætur fyrir brjóstmæður og börn.

3. (1) Þar sem því verður við komið ætti að gefa konum, a. m. k. 1½ klukkustundar frí í dagvinnutímanum til þess að gefa börnum sínum brjóst, og breytingar á lengd og tíðni þessara fría ætti að leyfa samkvæmt læknisvottorði.
(2) Gera ætti ráðstafanir til þess að komið sé á fót vöggustofum og dagheimilum, helzt utan þeirra fyrirtækja, sem hlutaðeigandi konur vinna í. Þar sem því verður við komið ætti að gera ráðstafanir til þess að hið opinbera eða félagslegar skyldutryggingar kosti eða a. m. k. styrki slík heimili.
(3) Útbúnaður og hollustuhættir vöggustofa og dagheimila svo og fjöldi og hæfileikar starfsfólksins ættu að uppfylla hæfilegar kröfur, sem settar eru með viðeigandi reglugerðum, og vera háð samþykki og eftirliti þar til bærra stjórnvalda.

IV. Vernd vinnuréttinda.

4. (1) Tímabil það fyrir og eftir barnsburð, sem kona er vernduð fyrir uppsögn af hálfu atvinnurekandans samkvæmt ákvæðum 6. gr. Mæðraverndarsamþykktarinnar 1952, ætti, þar sem því verður við komið, að auka þannig að

það hefjist þann dag, sem atvinnurekanda konunnar er með læknisvottorði gefið til kynna að hún sé með barni, og eigi ljúka fyrr en a. m. k. einum mánuði eftir lok barnsburðarorlofs samkvæmt 3. gr. samþykktarinnar.

(2) Löglegar ástæður til uppsagnar meðan á hinu lögákveðna verndaða tímabili stendur ættu m. a. að vera alvarleg vanræksla hinnar vinnandi konu, að fyrirtækið hætti störfum eða vinnusamningurinn renni út. Þar sem vinnunefndir starfa er æskilegt að haft sé samráð við þær um slíkar uppsagnir.

(3) Forréttindi konu, byggð á starfsaldri, ættu að haldast meðan hún er löglega fjarverandi fyrir og eftir barnsburð og sömuleiðis réttur hennar til þess að komast aftur í sitt fyrra starf eða annað sambærilegt starf, sem er jafnvel launað.

V. Heilsuvernd vinnandi kvenna fyrir og eftir barnsburð.

5. (1) Banna ætti næturvinnu og eftirvinnu kvenna, sem ganga með barn eða hafa barn á brjósti, og vinnutíma þeirra ætti að haga þannig, að þeim sé tryggður nægilegur hvíldartími.

(2) Um meðgöngutímann og a. m. k. þrjá mánuði eftir barnsburð og lengur, ef konan hefur barn á brjósti, ætti að banna henni að vinna störf, sem að dómi þar til bærs stjórnvalds eru skaðleg heilsu hennar eða barns hennar.

(3) Störf þau, sem ákvæði töluliðs (2) taka til, ættu einkum að vera:

a. hvers konar erfiðisvinna, sem hefur í för með sér:
   (i) að lyfta, draga eða ýta þungum hlutum, eða
   (ii) mikla líkamlega áreynslu, sem hlutaðeigandi kona er óvön, þar á meðal langar stöður;
b. störf, sem krefjast sérstakrar áreynslu til að halda jafnvægi; og
c. vinna við vélar sem titra.

(4) Kona, sem venjulega vinnur starf, sem að dómi þar til bærs stjórnvalds er heilsuspillandi, ætti að eiga rétt á að fá annað starf, sem ekki er skaðlegt heilsu hennar, án þess að hún missi við það neitt af kaupi sínu.

(5) Slíkan rétt til að skipta um starf ætti einnig í einstökum tilfellum að veita barnshafandi konu, sem sýnir læknisvottorð um það, að skipti á starfi séu nauðsynleg vegna heilsu hennar eða barns hennar.

VII. Tillaga nr. 96 um lágmarksaldur verkamanna neðanjarðar í kolanámum (1953).

Þingið leggur til að sérhvert aðildarríki komi eftirgreindum ákvæðum í framkvæmd svo fljótt sem ástæður í landinu leyfa og gefi Alþjóðavinnumálaskrifstofunni, að beiðni stjórnarinnar, skýrslu um ráðstafanir þær, sem gerðar hafa verið til þess að af framkvæmdum yrði:

1. Unglingar innan 16 ára aldurs ættu ekki að vinna neðanjarðar í kolanámum.
2. Unglingar, sem orðnir eru 16 ára, en eru ekki orðnir 18 ára, ættu ekki að vinna neðanjarðar í kolanámum nema
   a. sem lærlingar eða þátttakendur í annarri kerfisbundinni starfskennslu, sem þar til bærir menn, með tæknilega og raunhæfa þekkingu á starfinu, annast undir tilhlýðilegu eftirliti; eða
   b. með skilyrðum, sem þar til bært stjórnvald ákveður, að höfðu samráði við hlutaðeigandi félagssamtök atvinnurekenda og verkamanna, varðandi hina leyfðu vinnustaði og störf svo og varðandi kerfisbundnar heilbrigðis- og öryggisráðstafanir, sem beita skal.

VIII. Tillaga nr. 97 um heilsuvernd á vinnustöðum (1953).

I. Tæknilegar ráðstafanir til varnar gegn hættum fyrir heilsu verkamanna.

1. Með landslögum eða reglugerðum ætti að kveða á um ráðstafanir til að verjast, draga úr eða útiloka hættur fyrir heilsu á vinnustöðum þar á meðal ráðstafanir, sem kann að vera beitt vegna sérstakrar hættu á heilsutjóni, eftir því sem nauðsynlegt er og við á.
2. Atvinnurekandinn ætti að gera allar viðeigandi ráðstafanir til tryggingar því, að almennur aðbúnaður á vinnustöðum sé þannig að heilsa verkamanna sé nægilega vernduð og einkum að:
   a. óhreinindi og úrgangur safnist ekki svo að af því stafi hætta á heilsutjóni;
   b. gólfflötur og lofthæð vinnusala sé nægilegt til þess að ekki verði þrengsli hjá verkamönnunum vegna mannfjölda, véla, hráefna eða framleiðsluvara;
   c. birta sé næg og góð, hvort sem um er að ræða dagsbirtu eða ljós eða hvort tveggja;
   d. andrúmsloftinu sé haldið góðu þannig að það sé jafnan nægilegt og hafi hringrás og að komið sé í veg fyrir spillt loft, skaðlegan dragsúg, snöggar hitabreytingar og enn fremur, eftir því sem unnt er, of mikinn loftraka, hita eða kulda og óþægilega lykt;
   e. nægum og hæfilegum aðbúnaði til hreinlætis og þvotta og nægum birgðum af heilnæmu drykkjarvatni sé komið fyrir á hentugum stöðum og vel við haldið;
   f. þegar verkamenn þurfa að skipta um föt er þeir hefja eða hætta vinnu, sé séð fyrir og vel við haldið herbergjum, þar sem verkamennirnir geti skipt um föt og geymt þau;
   g. þegar verkamönnum er bannað að neyta matar eða drykkjar við vinnu sína, ætti að sjá fyrir hæfilegum matstofum í fyrirtækinu, nema viðeigandi ráðstafanir hafi verið gerðar fyrir verkamennina til að matast annars staðar;
   h. ráðstafanir séu gerðar til þess að útiloka eða minnka eins og mögulegt er hávaða og titring, sem er hættulegur fyrir heilsu verkamanna;
   i. hættuleg efni séu höfð í öruggum geymslum.
3. (1) Í því skyni að koma í veg fyrir, minnka eða útiloka hættu á heilsutjóni, ætti að gera allar viðeigandi og mögulegar ráðstafanir til þess að:
   a. í stað skaðlegra efna, efnabreytinga eða starfsaðferða komi skaðlaus eða minna skaðleg efni, efnabreytingar eða starfsaðferðir;
   b. koma í veg fyrir útbreiðslu skaðlegra efna og verja verkamenn fyrir skaðlegum geislum;
   c. hættulegar efnabreytingar séu framkvæmdar í sérstökum herbergjum eða byggingum, að viðstöddum sem fæstum verkamönnum;
   d. framkvæma hættulegar efnabreytingar í lokuðum áhöldum til þess að útiloka að menn snerti skaðleg efni og andrúmsloftið í vinnusalnum blandist ryki, reyk, gasi, trefjum, móðu eða gufu í svo ríkum mæli að hætt sé við að orsakað geti heilsutjón;
   e. þegar ekki er hægt að verjast skaðlegu ryki, reyk, gasi, trefjum, móðu eða gufu með þeim ráðum, sem talin eru í stafliðum a—d í þessum tölulið, ætti að fjarlægja það á eða við upprunastað þess með vélknúnum útblæstri, loftræstingu eða öðrum viðeigandi ráðum.
   f. Þegar aðrar ráðstafanir til varnar heilsu verkamanna gegn áhrifum skaðlegra efna eru ómögulegar eða ónógar til þess að veita nægilega vernd ætti að láta verkamönnunum í té verjur og annan útbúnað, sem kann að vera nauðsynlegur til að verja þá fyrir skaðlegum efnum og kenna þeim að nota það.

(2) Þegar verjur og útbúnaður, sem um getur í f-lið hér að framan, er nauðsynlegt vegna sérstakrar áhættu, sem fylgir starfinu, ætti atvinnurekandinn að láta slíkar verjur og útbúnað í té, halda þeim við og hreinsa. Þegar slíkar verjur eða útbúnaður getur hafa tekið í sig eitruð eða hættuleg efni ætti jafnan, þegar þau eru ekki í notkun við vinnu eða viðgerð eða hreinsun, að geyma þau í sérstökum geymslum, þar sem þau geta ekki óhreinkað hversdagsföt verkamannsins.

(3) Stjórnvöld einstakra ríkja ættu að efla og, þar sem það á við, að annast rannsóknir á þeim ráðstöfunum, sem nefndar eru í (1) hér að framan, og hvetja til þess að árangri slíkra rannsókna sé beitt. Slíkar rannsóknir ættu atvinnurekendur einnig að gera af sjálfsdáðum.

4. (1) Kynna ætti verkamönnunum:
   a. nauðsyn þeirra varnarráðstafana, sem nefndar eru í 2. og 3. tölulið hér að framan;
   b. skyldu þeirra til þess að taka þátt í og spilla ekki eðlilegri framkvæmd slíkra ráðstafana; og
   c. skyldu þeirra til að hagnýta sér á réttan hátt tæki þau og útbúnað, sem látið er í té þeim til verndar.

   (2) Viðurkenna ætti mikilvægi þess, að samráð sé haft við verkamenn um þær ráðstafanir, sem fyrirhugaðar eru til þess að tryggja samvinnu þeirra.

5. (1) Með nægilega stuttu millibili ætti reglulega að rannsaka andrúmsloftið í vinnusölum þar sem hættuleg eða óþægileg efni eru framleidd, meðhöndluð eða notuð, til þess að tryggja það, að eitrað eða ertandi ryk, reykur, gas, trefjar, móða eða gufa séu ekki fyrir hendi í það ríkum mæli að hætt sé við að orsaki heilsutjón. Þar til bær stjórnvöld ættu við og við að birta fáanlegar upplýsingar um hámark skaðlegra efna, sem leyfilegt er, til upplýsinga fyrir alla þá, sem hlut eiga að máli.

   (2) Stjórnvaldi því, sem annast heilsuvernd verkamanna á vinnustöðum, ætti að gefa vald til að ákveða undir hvaða skilyrðum nauðsynlegt er að rannsaka andrúmsloftið í vinnusölum og hvernig rannsóknin skuli gerð. Slíkar rannsóknir skyldu gerðar af starfsliði með sérlega hæfni til þess eða undir eftirliti þess, og þar sem það á við, ættu þar til hæfir læknar, með reynslu á sviði heilbrigðis á vinnustöðum, að framkvæma þessar rannsóknir.

6. Með öllum viðeigandi ráðstöfunum, svo sem aðvörunarspjöldum á vinnustöðum, ættu þar til bær stjórnvöld að vekja athygli atvinnurekenda og verkamanna á þeim sérstöku hættum, sem ógna þeim, og þeim varúðarráðstöfunum, sem gerðar eru til þess að koma í veg fyrir þessar hættur.

7. Þar til bært stjórnvald ætti að sjá um að stofnun sú, sem annast vinnueftirlitið, eða annað stjórnvald, sem annast ber heilsuvernd verkamanna á vinnustöðum, hafi samráð við hlutaðeigandi landssambönd atvinnurekenda og verkamanna í því skyni að koma ákvæðum 2., 3., 4., 5. og 6. gr. í framkvæmd.

II. Læknarannsókn.

8. (1) Lög eða reglugerðir ættu að kveða á um læknisrannsóknir á verkamönnum í atvinnu, sem hefur í för með sér sérstaka hættu fyrir heilsu þeirra.

   (2) Vinna verkamanna í atvinnu, sem hefur í för með sér sérstaka hættu fyrir heilsu þeirra, ætti að vera bundin þeim skilyrðum:
   a. að læknisskoðun fari fram skömmu áður eða skömmu eftir að verkamaðurinn hefur vinnu; eða
   b. að læknisskoðun fari fram á vissum fresti; eða
   c. að bæði fari fram læknisskoðun í upphafi og á vissum fresti eins og fyrir er mælt í a og b hér að framan.

(3) Lög eða reglugerðir ættu að ákveða, eða fela þar til hæfu stjórnvaldi að ákveða á hverjum tíma, að höfðu samráði við hlutaðeigandi atvinnurekenda- og verkamannafélög:
   a. hvaða hættur og ástæður gera læknisskoðun nauðsynlega;
   b. hvaða hættum læknisskoðun skal beita gegn í upphafi vinnu, á reglulegum fresti eða hvort tveggja;
   c. hve langur tími megi í mesta lagi líða milli læknisskoðana, og skal í því sambandi tekið fullt tillit til hversu mikil og hvers eðlis hættan er og sérstakra aðstæðna.

9. Læknisskoðanir samkv. undanfarandi grein ætti að framkvæma í því skyni að:
   a. finna eins fljótt og unnt er merki um tiltekinn atvinnusjúkdóm eða sérstakan næmleika fyrir honum;
   b. komast að raun um það, hvort læknisfræðilegar ástæður mæli gegn starfinu eða áframhaldandi vinnu verkamannsins í tiltekinni starfsgrein, að því er tekur til hættu á sérstökum atvinnusjúkdómi, sem um er að ræða.

10. (1) Þegar læknisfræðilegar ástæður mæla ekki gegn vinnu verkamanns í tiltekinni starfsgrein, að því er tekur til hættu á sérstökum atvinnusjúkdómi, ætti að gefa um það vottorð í því formi, sem þar til bært stjórnvald ákveður.
   (2) Slíkt vottorð ætti atvinnurekandinn að varðveita og sýna vinnueftirlitinu eða öðru stjórnvaldi, sem annast heilsuvernd verkamanna á vinnustöðum.
   (3) Hlutaðeigandi verkamaður skal hafa aðgang að slíku vottorði.

11. Læknisskoðunin skal gerð af hæfum lækni, sem hefur þekkingu á atvinnusjúkdómum, eftir því, sem því verður við komið.

12. Gera ætti ráðstafanir til þess að tryggja leynd um læknisskoðanir svo og um skráningu og geymslu skjala varðandi þær.

13. (1) Læknisrannsóknir, framkvæmdar í samræmi við þessa tillögu, ættu ekki að hafa neinn kostnað í för með sér fyrir verkamanninn.
   (2) Ekki skal dregið af kaupi vegna þess tíma, sem fer í slíkar læknisrannsóknir, þegar um þetta mál er fjallað í lögum eða reglugerðum. Þegar um þetta atriði er fjallað í heildarsamningum, ætti þetta atriði að fara eftir viðeigandi samningi.

III. Tilkynningar um atvinnusjúkdóma.

14. (1) Með lögum eða reglugerðum ætti að krefjast þess, að tilkynnt séu atvinnusjúkdómstilfelli, sem vitað er um eða grunur leikur á.
   (2) Slíkra tilkynninga ætti að krefjast til þess:
      a. að komið verði á ráðstöfunum til varnar og tryggð raunhæf framkvæmd þeirra;
      b. að rannsaka vinnuskilyrði og aðrar aðstæður, sem hafa valdið eða grunur leikur á að hafi valdið atvinnusjúkdómi;
      c. að gerðar séu skýrslur um atvinnusjúkdóma; og
      d. að gera kleift að koma á eða bæta aðgerðir, sem miða að því að tryggja fólki, sem þjáist af atvinnusjúkdómi, þær bætur, sem ákveðnar eru fyrir slíka sjúkdóma.
   (3) Tilkynninguna ætti að senda vinnueftirlitinu eða öðru stjórnvaldi, sem annast heilsuvernd verkamanna á vinnustöðum.

15. Landslög eða reglugerðir ættu að:
   a. tilgreina þá aðila, sem ber að tilkynna atvinnusjúkdómstilfelli, sem vitað er um eða grunur leikur á; og
   b. ákveða á hvern hátt tilkynna skuli atvinnusjúkdómstilfelli, hvaða atriði skuli tilgreina og sér í lagi að tiltaka:
      (i) í hvaða tilfellum skuli strax tilkynna og í hvaða tilfellum nægir að senda tilkynningar á tilteknum fresti;

(ii) hve langur tími megi líða frá því er sjúkdóms verður vart eða grunur kemur upp um hann, og þar til tilkynning er send, þegar um er að ræða sjúkdómstilfelli, sem krefjast tilkynningar strax;
(iii) á hve löngum fresti skuli senda tilkynningar, þegar um það er að ræða að senda beri tilkynningu á vissum fresti.

16. Til upplýsinga fyrir stjórnvald það, sem annast heilsuvernd verkamanna á vinnustöðum, ætti tilkynningin að innihalda þær upplýsingar, sem kunna að hafa þýðingu og vera nauðsynlegar til þess að þau geti framkvæmt skyldustörf sín á raunhæfan hátt, þar á meðal sérstaklega eftirtaldar upplýsingar:
a. aldur og kyn hlutaðeigandi persónu;
b. vinnu, svo og starfsgrein eða iðngrein, sem hlutaðeigandi er eða var síðast í;
c. nafn og heimilisfang fyrirtækis, þar sem hlutaðeigandi vinnur eða vann síðast;
d. tegund sjúkdómsins eða eitrunarinnar;
e. hið skaðlega efni og efnabreytingu, sem orsök sjúkdómsins eða eitrunarinnar eru rakin til;
f. nafn og heimilisfang fyrirtækis, þar sem verkamaðurinn telur sig hafa orðið fyrir þeirri hættu, sem sjúkdómurinn eða eitrunin eru rakin til; og
g. upphaf og, þar sem það á við, lok þess tíma, sem hlutaðeigandi verkamaður var í hættu í hverju einstöku starfi, starfsgrein eða iðngrein, þar sem hann hefur verið í hættu, að svo miklu leyti sem sá, er skýrsluna gefur, veit eða getur auðveldlega fullvissað sig um.

17. Hlutaðeigandi stjórnvald ætti, að höfðu samráði við atvinnurekenda- og verkamannafélög, sem hlut eiga að máli, að semja skrá yfir tilkynningarskyldu atvinnusjúkdóma eða flokka sjúkdómstilfella ásamt lýsingu á þeim og gera við og við þá viðauka eða breytingar á skránni eða lýsingunum, sem ástæður krefja eða talin eru æskileg.

IV. Fyrsta hjálp.

18. (1) Á vinnustöðum ættu að vera fyrir hendi aðstæður til þess að veita fyrstu hjálp og bráðabirgða læknishjálp þegar um er að ræða atvinnusjúkdóm, eitrun eða lasleika.
(2) Með landslögum eða reglugerðum ætti að ákveða á hvern hátt beita skal undanfarandi tölulið.

V. Almenn ákvæði.

19. Þar sem orðið „land" er notað í þessari tillögu í sambandi við lög, reglugerðir eða stjórnvöld skal það, að því er tekur til sambandsríkja, talið eiga við sambandsríkið, einstök ríki þess, fylki, kantónur eða einingar stjórnvaldsins eftir því sem við á.

Ed. 689. Nefndarálit [179. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Meðnefndarmenn mínir leggja til, að frv. verði samþykkt óbreytt. Ég tel, að á því beri að gera margháttaðar breytingar. Þótt sú skattalækkun, sem frv. gerir ráð fyrir á lágum tekjum og miðlungstekjum, sé að vísu spor í rétta átt, þá fer því alls fjarri, að orðið sé við hinum sanngjörnustu og hófsamlegustu óskum og kröfum í því efni. Samkv. frv. er ætlazt til, að einstaklingar greiði tekjuskatt, ef tekjur þeirra fara fram úr 7500 kr. á ári, og hjón af tekjum, sem eru meiri en 14000 kr. á

ári. Þetta tekjumark er langt fyrir neðan brýnustu þurftartekjur. Augljóst er, að það er með öllu ómögulegt fyrir tvær manneskjur að lifa á 14 þús. kr. tekjum í heilt ár. Ætti það vissulega að vera nógu langt gengið að skerða slíkar tekjur með tollum og öðrum óbeinum sköttum, þótt ekki sé í viðbót lagður á þær tekjuskattur.

Því er mjög haldið fram af ríkisstjórninni og formælendum þessa frv., að hér sé um stórkostlega lækkun á sköttum að ræða fyrir allan almenning, og óspart flaggað með prósentureikningi í því sambandi. Lýst er yfir að lækkun tekjuskattsins muni nema um 10 millj. kr. Um þetta segir í grg. frv.: „Þeir, sem þessarar lækkunar njóta, eru fyrst og fremst fjölskyldufólk.“ Þessu til sönnunar er á það bent, að hjón, ómagalaus, með 20 þús. kr. tekjur fái 39% lækkun á tekjuskatti, en hjón með 2 börn og 40—60 þús. kr. árstekjur 31—37% lækkun.

Ómagalaus hjón með 20 þús. kr. árstekjur greiða samkv. gildandi lögum um 210 kr. í tekjuskatt. Lækkun um 39% nemur því hér um bil 80 kr. samkv. frv. Þetta er dæmi um hina „stórkostlegu lækkun“, sem lágtekjufólkið fær.

Félagaskattur á „aðeins“ að lækka um 20%. Samkv. skattskrá Reykjavíkur fyrir árið 1953 greiða 24 félög í Reykjavík samtals rösklega 5 milljónir króna í skatt. Lækkunin, sem fellur í þeirra hlut, nemur því yfir einni milljón. Fimm tekjuhæstu félögin greiða nálægt 2,2 millj. kr. í tekjuskatt. Lækkun þeirra samkv. frv. nemur því nálægt 450 þús. kr.

Það er því fullmikið öfugmæli, að það sé lágtekjufólk og fjölskyldufólk, sem fyrst og fremst á að njóta skattalækkunarinnar. Aðrir koma þar á undan.

Þær breytingar, sem ég tel að gera beri á frv., eru í höfuðatriðum þessar:

Tekjuskattur af tekjum einstaklinga, sem ekki fara fram úr 15 þús. kr. á ári, sé felldur niður með öllu. Tekjuskattur hjóna af undir 28 þús. kr. árstekjum falli alveg niður. — Frádráttur vegna barna verði hækkaður upp í 6000 kr. fyrir hvert barn. — Hjón séu skattlögð hvort í sínu lagi. Ákveðinn hluti (⅕) af tekjum fjölskyldumanna, sem ekki eiga íbúðarhúsnæði til eigin þarfa, sé gerður skattfrjáls, ef þeir leggja upphæðina í banka eða sparisjóð í því skyni að nota hana eingöngu til þess að byggja eða kaupa fyrir hana íbúð til eigin nota. — Sjómenn á togurum og fiskibátum fái rétt til að draga allt að ⅓ hluta frá tekjum sínum, áður en skattur er á þær lagður. — Þá verði og verkafólki, sem þarf að dveljast utan heimilis vegna atvinnu sinnar eða takast á hendur ferðalög, leyft að draga hæfilegan hluta frá tekjunum vegna þessa kostnaðar við öflun þeirra. — Innheimtu tekjuskattsins hjá launþegum verði komið í það horf, að hann sé innheimtur um leið og teknanna er aflað. — Framtalsskylda sparifjár haldist óbreytt vegna eftirlits með framlögum.

Breytingartillögur mínar um framangreind atriði ber ég fram á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 5. apríl 1954.

Haraldur Guðmundsson.

Ed. 690. Breytingartillögur [179. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Haraldi Guðmundssyni.

1. Við 4. gr. Liðurinn orðist svo:
   I. Skattgjald þeirra, sem um ræðir í 1. og 2. gr., reiknast þannig:
   a. Skattgjald einstaklinga:
      Ef skattskyldar tekjur eru undir 15000 kr., greiðist enginn skattur.
      Af 15 þús. kr. greiðist 100 kr.
      — 15— 25 þús. kr. greiðist 100 kr. af 15 þús. og 5 % af afg.
      — 25— 30 — — — 600 — — 25 — — 4 — — —

Af	30—	35	þús.	kr.	greiðist	800	kr.	af	30	þús.	og	6	%	af	afg.
—	35—	40	—	—	—	1100	—	—	35	—	—	8	—	—	—
—	40—	45	—	—	—	1500	—	—	40	—	—	10	—	—	—
—	45—	50	—	—	—	2000	—	—	45	—	—	14	—	—	—
—	50—	55	—	—	—	2700	—	—	50	—	—	16	—	—	—
—	55—	60	—	—	—	3500	—	—	55	—	—	18	—	—	—
—	60—	65	—	—	—	4400	—	—	60	—	—	20	—	—	—
—	65—	70	—	—	—	5400	—	—	65	—	—	24	—	—	—
—	70—	80	—	—	—	6600	—	—	70	—	—	27	—	—	—
—	80—	100	—	—	—	9300	—	—	80	—	—	30	—	—	—
—	100—	130	—	—	—	15300	—	—	100	—	—	34	—	—	—
—	130	þús.	kr.	og	yfir	25500	—	—	130	—	—	40	—	—	—

b. Skattgjald þess hjóna, sem tekjur eru lækkaðar hjá þannig, að hinu hjónanna er reiknaður nokkur hluti teknanna:

Ef skattskyldar tekjur eru undir 14000 kr., greiðist enginn skattur.

Af 14 þús. kr. greiðist 100 kr.

—	14—	15	þús.	kr.	greiðist	100	kr.	af	14	þús.	og	5	%	af	afg.
—	15—	20	—	—	—	150	—	—	15	—	—	6	—	—	—
—	20—	25	—	—	—	400	—	—	20	—	—	8	—	—	—
—	25—	30	—	—	—	850	—	—	25	—	—	9	—	—	—
—	30—	35	—	—	—	1300	—	—	30	—	—	10	—	—	—
—	35—	40	—	—	—	1800	—	—	35	—	—	13	—	—	—
—	40—	45	—	—	—	2450	—	—	40	—	—	18	—	—	—
—	45—	50	—	—	—	3350	—	—	45	—	—	20	—	—	—
—	50—	55	—	—	—	4350	—	—	50	—	—	23	—	—	—
—	55—	60	—	—	—	5500	—	—	55	—	—	25	—	—	—
—	60—	65	—	—	—	6750	—	—	60	—	—	28	—	—	—
—	65—	70	—	—	—	8150	—	—	65	—	—	30	—	—	—
—	70—	100	—	—	—	9650	—	—	70	—	—	32	—	—	—
—	130	þús.	kr.	og	yfir	19250	—	—	100	—	—	40	—	—	—

2. Við 7. gr.
   a. Á eftir orðunum „sjá sér fyrir fæði“ í h-lið 4. tölul. bætist: svo og verkamanna og iðnaðarmanna, sem sækja þurfa atvinnu til staða fjarri heimili sínu.
   b. Á eftir h-lið komi nýr liður, svo hljóðandi:
   ⅓ af kaupi sjómanna fyrir vinnu á íslenzku fiskiskipi, þó ekki hærri upphæð en 20000 kr.
   c. j-liður 4. tölul. falli niður.
   d. Á eftir orðunum „til atvinnurekstrar sé“ í 5. tölul. komi: eða heimilisstjórnar (kaup ráðskonu).
   e. Aftan við 5. tölul. bætist tveir nýir málsl., svo hljóðandi:
   Frádráttarbær kostnaður við heimilisstjórn má þó ekki fara fram úr 20000 kr. Er upphæð þessi miðuð við meðalvísitölu ársins 1953 og skal breytast í réttu hlutfalli við þær breytingar, sem verða á meðalvísitölunni.
3. Við 8. gr. Upphaf greinarinnar orðist þannig:
   1. og 2. málsgr. 11. gr. laganna orðist þannig:
   Hvort hjóna um sig er sjálfstæður skattþegn, og skal við ákvörðun skatts þeirra hvors um sig farið eftir þessum reglum:
   Hvort hjónanna greiðir skatt af þeim tekjum, sem það aflar. Hafi annað hjóna engar tekjur eða lægri tekjur en hitt, skal því reiknað til skatts allt að helmingi tekna hins, en þó aldrei hærri upphæð en 20000 kr., miðað við meðalvísitölu ársins 1953, né heldur meira en svo, að tekjur þess fari fram úr tekjum hins. Breytist meðalvísitalan, skal fyrr nefnd upphæð hækka eða lækka í samræmi við það. Tekjur, sem annað hjóna aflar hjá hinu eða í fyrirtæki, sem það

á eða er aðaleigandi að, skulu þó ekki taldar sértekjur í þessu sambandi. Í reglugerð skal setja um það nánari ákvæði, hvenær slík laun skuli ekki talin sértekjur. Skattur af tekjum hjóna skal innheimtur hjá því þeirra, sem hefur hærri tekjur.

4. Við 9. gr.
   a. Orðin „fyrir einstakling kr. 6500.00“ falli niður.
   b. Orðin „fyrir hjón kr. 12000.00 (6 þús. fyrir hvort)“ falli niður.
   c. Fyrir „kr. 4500.00“ komi: kr. 6000.00.
   d. Á eftir 1. efnismálsgr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
      Frádráttur fyrir barn eða börn skiptist til helminga milli hjóna.
5. Við 10. gr.
   a. Fyrirsögn III. kafla orðist svo: Um skattfrelsi sparifjár og byggingarsjóða einstaklinga.
   b. Orðin „framtalsskyldu og“ á tveim stöðum í greininni falli niður.
   c. Tvær síðustu málsgreinarnar falli niður.
   d. Á eftir nýrri 22. gr. komi ný gr. (verður 23. gr.), svo hljóðandi:
      Fjölskyldumenn, sem eiga ekki 90 fermetra íbúð eða stærri, þegar lög þessi öðlast gildi, skulu undanþegnir tekju- og eignarskatti af framlögum í eigin byggingarsjóð samkv. eftirfarandi reglum:
      Árleg framlög mega nema allt að ¼ teknanna, þó ekki meiru en 20000 kr. á ári og 200000 kr. alls. Byggingarsjóðurinn skal ávaxtaður í banka eða sparisjóði á nafni eiganda. Sé fé þessu ráðstafað á annan hátt en til bygginga eða kaupa á íbúð fyrir eiganda þess, skal greiða af því þann skatt, sem á það hefði fallið, ef það hefði verið skattlagt á því ári, sem teknanna var aflað. Sé fénu ráðstafað smám saman til annars en byggingar eða kaupa á íbúð fyrir eiganda þess, skal svo litið á, að þess fjár, sem fyrst er ráðstafað, hafi verið aflað fyrst, o. s. frv. Nánari reglur um framkvæmd ákvæða þessara skulu sett í reglugerð.
6. Á eftir 15. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Tveir síðustu málsl. 45. gr. laganna orðist svo:
   Fjármálaráðherra skal með reglugerð setja ákvæði um innheimtu tekjuskatts þannig, að launþegar greiði skatt af tekjum sínum jafnóðum og þeirra er aflað. Heimilt er að skylda kaupgreiðendur til þess að halda eftir og skila í ríkissjóð upp í skattgreiðslur manna svo miklum hluta af kaupi þeirra, að nægi fyrir skattgreiðslunni.

Ed. 691. Nefndarálit [179. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. og borið það saman við gildandi skattalöggjöf. Nefndin gat ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Minni hl. (HG) vill gera ýmsar efnisbreytingar á frv., en á það gat meiri hl. n. ekki fallizt. Gerir minni hl. því væntanlega grein fyrir afstöðu sinni í sérstöku nál.

Eins og fram kemur í greinargerð fyrir frv., er hér um að ræða tillögur til breytinga á gildandi skattalöggjöf, er milliþinganefnd sú, sem skipuð var til að vinna að nýrri skatta- og útsvarslöggjöf, leggur til, að gerðar verði á yfirstandandi þingi, og miðaðar eru við samkomulag, er stjórnarflokkarnir hafa gert með sér um lækkun skatta á þessu ári. Með því að hér er aðeins um einn þátt að ræða í endurskoðun skatta- og útsvarslaganna og vitað er, að milliþinganefndin verður látin halda áfram

störfum, unz fram hefur farið heildarendurskoðun á löggjöfinni, og með því að nauðsynlegt var að gera á þessu þingi bráðabirgðalagfæringu á skattlagningu þegnanna, til þess að staðið verði við fyrirheit um skattalækkun, sem boðuð var í sambandi við stjórnarmyndun á s. l. ári og afgreiðslu fjárlaga fyrir yfirstandandi ár, og enn fremur með því að vitað er, að stjórnarflokkarnir og meiri hl. milliþinganefndarinnar eru sammála um þau atriði, sem felast í frv. því, sem hér um ræðir, þykir meiri hl. fjhn. ekki ástæða til að koma fram með breytingartillögur við frv. við 2. umr., en mun athuga fyrir 3. umr. um formsbreytingar á einstökum greinum þess. Leggur meiri hl. nefndarinnar því til, að frv. verði samþykkt óbreytt til 3. umr.

Alþingi, 5. apríl 1954.

Bernharð Stefánsson, form.	Lárus Jóhannesson, fundaskr.	Gísli Jónsson, frsm.

Karl Kristjánsson.

Nd. 692. Nefndarálit [118. mál]

um frv. til l. um breyt. á póstlögum, nr. 31 12. febr. 1940.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og fellst á þau rök, sem fram eru sett í greinargerð með frumvarpinu. Einn nefndarmanna (EmJ) var ekki á fundi, þegar frv. var afgreitt í nefndinni, en hafði áður lýst sig samþykkan efni þess.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Við 1. gr. Í stað orðanna „sem póstmeistari bendir á“ í 1. efnismálsgr. komi: sem póstmeistari samþykkir.

Alþingi, 5. apríl 1954.

Sigurður Bjarnason, form.	Ásgeir Bjarnason, fundaskr.	Magnús Jónsson, frsm.

Eiríkur Þorsteinsson.

Nd. 693. Breytingartillaga [93. mál]

við frv. til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

Á eftir 5. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Lausa stöðu skal veita þeim umsækjanda, sem hæfastur er talinn. Hæfi umsækjanda skal metin m. a. með tilliti til þess, er hér greinir:

1. Ef um er að ræða embætti eða starf, sem krefst ákveðinnar sérþekkingar eða sérhæfileika umfram það, sem krafizt er til að gegna almennum embættum eða störfum í sömu grein, skal sá umsækjandi, er fullnægir þeim sérkröfum, teljast öðrum hæfari.
2. Ef um er að ræða embætti eða starf, sem krefst ekki slíkrar sérþekkingar eða sérhæfileika, skal sá, er fullnægir almennum kröfum til embættis eða starfs í greininni, teljast fullhæfur til embættisins eða starfsins, en þá skal sá umsækjandi, er lengstan og farsælastan starfsferil á að baki, að öðru jöfnu teljast hæfastur.

Nd. 694. Nefndarálit [194. mál]

um frv. til l. um viðauka við raforkulög, nr. 12 2. apríl 1946.

Frá fjárhagsnefnd.

Frumvarp þetta er borið fram af hæstv. ríkisstjórn. Efni þess er að fá lögfest það ákvæði í samningi þeim, sem gerður var milli stjórnarflokkanna, þegar sú ríkisstjórn var mynduð, er nú situr, að hraðað verði byggingu orkuvera, dreifingu raforku og fjölgun smástöðva vegna byggðarlaga í sveit og við sjó, sem hafa ekki rafmagn eða búa við ófullnægjandi raforku, og að tryggt verði til þessara framkvæmda fjármagn, sem svarar 25 millj. kr. á ári að meðaltali næstu ár.

Samkvæmt frv. skal á árunum 1954—63 verja 250 millj. kr. að minnsta kosti til raforkumála, þannig að meira fjármagn verði þó aflað fyrri hluta þessa tímabils en hinn síðari, svo að meiri hraði verði á framkvæmdum á þessu sviði en ella mundi.

Fjárhagsnefnd hefur athugað frv. og mælir einróma með því, að það verði samþykkt.

Alþingi, 5. apríl 1954.

Skúli Guðmundsson, form. Jóhann Hafstein, fundaskr. Páll Þorsteinsson, frsm.
Gylfi Þ. Gíslason. Jón Pálmason.

Nd. 695. Nefndarálit [172. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 101 30. des. 1943, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur á fundi sínum í dag athugað frv. og leggur einróma til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 5. apríl 1954.

Björn Björnsson, form. Kjartan J. Jóhannsson, frsm. Jónas G. Rafnar, fundaskr.
Gylfi Þ. Gíslason. Páll Þorsteinsson.

Nd. 696. Nefndarálit [182. mál]

um frv. til laga um stækkun lögsagnarumdæmis Húsavíkurkaupstaðar

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur einróma til, að það verði samþykkt.

	10 Baryumsúlfat tilbúið (blanc fix)			2
	11 Jarðlitir, malaðir eða þvegnir, svo sem okkur, umbra o. þ. h.			2
	Bronslitir, ót. a.:			
	12 — duft			2
41.	Nr. 13—21 í sama kafla orðast svo:			
	Þurrir málningarlitir, ót. a.:			
	13 — blýhvíta			2
	14 — zinkhvíta			2
	15 — títanhvíta			2
	16 — últramarín			2
	17 — kóboltlitur			2
	18 — menja			2
	19 — aðrir			2
	Prentlitir:			
	20 — svartir			tollfrjálsir
	21 — aðrir			tollfrjálsir
42.	Nr. 34 í sama kafla orðast svo:			
	34 — þurrkefni, fast eða fljótandi	—	7	8
43.	Nr. 4a í 32. kafla (Súlfórisinöt o. fl.). Liðurinn fellur niður.			
44.	Nr. 1—2 í 33. kafla orðast svo:			
	1 Ostaefni (kasein)	—	7	15
	2 Albúmín			2
45.	Nr. 1 í 34. kafla (Skotbómull og kollodíumull). Liðurinn fellur niður.			

		Toll-eining	Vöru-magns-tollur Aurar	Verð-tollur %
46.	Nr. 6—9 í 36. kafla orðast svo:			
	6 Lakkleður og lakkleðurlíki	1 kg	7	15
	Skinn af slöngum, krókódílum og strútum, óunnið og unnið, svo og líki þeirra efna:			
	7 — slönguskinn	—	7	20
	8 — krókódílaskinn og strútaskinn	—	7	20
	9 — annað	—	7	20
47.	Nr. 13 í sama kafla orðast svo:			
	13 Leðurlíki, sem í eru leðurþræðir	—	7	20
48.	Nr. 10 í 37. kafla orðast svo:			
	10 Bakpokar og fatapokar	—	7	50
49.	Fyrirsögn VIII. flokks orðast svo:			
	Plast, kátsjúk og vörur úr hvoru tveggja.			
50.	Framan við 39. kafla kemur nýr kafli, svo hljóðandi:			

39. kafli A.

Plast og vörur úr því, ót. a.

	Gerviharpixar og plastisk efni, cellulósaester og eter:			
	1 — duft eða deig			2
	2 — umbúðablöð og hólkar, ólitað, einnig áletrað, ef áletrunin ber það með sér, að það sé ætlað utan um íslenzkar afurðir til útflutnings			2
	3 — umbúðablöð, ót. a.	—	7	15
	— plötur eða þynnur, ót. a.:			
	4 — — einlitaðar og ómunstraðar	—	7	8
	5 — — aðrar	—	7	15
	6 — rör og stengur	—	7	15
	7 Plastdúkur	—	7	15
	8 Fatnaður, ót. a.	—	20	50
	9 Búsáhöld	—	7	30
	10 Þvottaskálar, vaskar og önnur hreinlætis- og snyrtitæki	—	7	30
	11 Aðrar vörur, ót. a.	—	7	30
	Aths. Nú er flutt inn vara úr tilbúnum mótanlegum efnum (plasti) og vara þessi á að koma í hærri tolla en tilsvarandi vara úr kátsjúki, trjávið, pappa, steini, steinkenndum efnum, leir, gleri eða ódýrum málmum, og má þá fjármálaráðuneytið færa tollana niður í samræmi við tollana á vörum úr nefndum efnum. Allar slíkar lækkanir skulu þegar birtar í B-deild Stjórnartíðinda.			
51.	39. kafli verður 39. kafli B.			
52.	Nr. 2—3 í 39. kafla orðast svo:			
	2 Latex, einnig konsentrerað			2
	3 Kátsjúk, ót. a., uppleyst eða deig	—	7	8
53.	Nr. 15—16 í sama kafla orðast svo:			
	15 — sólar, hælar, húfuskyggni, húfugjarðir og svitagjarðir			8
	Kátsjúkfatnaður, nema skófatnaður:			
	16 — belti	—	20	40
54.	Nr. 18 í sama kafla orðast svo:			
	18 — annað		20	50
55.	Á eftir nr. 19b í sama kafla kemur nýtt nr., svo hljóðandi:			
	19c Gúmmíhringir í niðursuðudósir			8

		Toll-eining	Vörumagnstollur Aurar	Verðtollur %
56.	Síðari málsliður aths. aftan við 39. kafla orðast svo: Hins vegar er ebonit (harðgúmmí) vulkaniserað með um 30% af brennisteini talið í 39. kafla A.			
57.	Nr. 15 í 40. kafla orðast svo:			
	15 — krossviður og aðrar límdar plötur („gabon“) ..	1 fet³	10	8
58.	Nr. 17 í sama kafla orðast svo:			
	17 — spónn	—	10	8
59.	Nr. 5 í 41. kafla orðast svo:			
	5 Pressaðar korkplötur með eða án bindiefna til einangrunar	1 kg	7	15
	Aths. Ráðuneytinu er heimilt að lækka verðtoll á einangrunarkorki til frystihúsa í 8%.			
60.	Í staðinn fyrir nr. 7 í sama kafla koma tvö nr., svo hljóðandi:			
	7 Korkvörur til skógerðar			8
	8 Aðrar vörur, ót. a.	—	7	30
61.	Nr. 1 í 43. kafla orðast svo:			
	1 Pappírsmassi og pappírsúrgangur			2
62.	Nr. 5—6 í 44. kafla orðast svo:			
	5 Pergamentpappi og pergamentpappír, ót. a.	—	7	15
	6 Pappi, ót. a., yfirdreginn með litum, lakki, bronsi og þvílíkum efnum, eða lagður lit- eða skrautpappír	—	7	30
63.	Í staðinn fyrir nr. 8 í sama kafla koma tvö nr., svo hljóðandi:			
	Bókbandspappi:			
	8 — sem vegur allt að 700 g/m²			5
	8a — annar	—	2	8
64.	Í staðinn fyrir nr. 10 í sama kafla koma tvö nr., svo hljóðandi:			
	Venjulegur umbúðapappír, áprentaður eða óáprentaður, og annar þess háttar pappír, enda sé hann ekki þannig gerður, að hann falli undir annað tollskrárnúmer með hærri tolli:			
	10 — sem vegur allt að 130 g/m²			8
	10a — annar			5
65.	Nr. 17 í sama kafla orðast svo:			
	17 Smjörpappír og hvítur pergamentpappír, áprentaður eða óáprentaður, sem vegur allt að 100 g/m² ...			2
66.	Í staðinn fyrir nr. 22 í sama kafla koma tvö nr., svo hljóðandi:			
	21a Marmarapappír	—	7	15
	22 Annar pappír, ót. a.	—	7	30
67.	Í staðinn fyrir nr. 25 í sama kafla koma tvö nr., svo hljóðandi:			
	25 — nafnspjöld, matseðlar og bréfspjöld, skilti, merkispjöld, flöskumiðar og önnur þess háttar spjöld og miðar án áletrunar, svo og spjöld í spjaldskrár eða til notkunar við vélabókhald, þótt þau séu með áletrun	—	7	30
	25a — húfuskyggni og hattagjarðir	—	7	8
68.	Í staðinn fyrir nr. 36 í sama kafla koma tvö nr., svo hljóðandi:			
	36 Frímerkjapappír, límborinn, svo og flugnaveiðarar	—	7	30
	36a Pappírsræmur, límbornar til umbúða	—	7	15

		Toll-eining	Vörumagns-tollur Aurar	Verð-tollur %
69.	Nr. 18 í 45. kafla orðast svo:			
	18 Spil, einnig þótt þau séu úr öðrum efnum en pappa, pappír o. s. frv.	1 stk.	100	30
70.	Nr. 20a í sama kafla (Áprentaðar fiskumbúðir o. fl.). Liðurinn fellur niður.			
71.	Nr. 1 í 46. kafla A. orðast svo:			
	1 Silkiormahylki (kókónar), óspunnið byssússilki og silkiúrgangur			2
72.	Nr. 4—8 í sama kafla orðast svo:			
	4 Tvinni	1 kg	7	8
	5 Flauel og flos (plyds)	—	20	50
	6 Gólfábreiður, gólfmottur og gólfdreglar	—	20	60
	7 Laufaborðar (blúndur), laufaborðaefni, knipplingar, tyll og önnur þess konar netofin efni	—	20	45
	8 Leggingar, snúrur og aðrar þess konar dregilvörur (possement)	—	20	45
73.	Nr. 10—11 í sama kafla orðast svo:			
	10 Bönd og borðar úr silki, sem ekki geta talizt dregilvörur eða laufaborðar	—	20	60
	Aths. Borði telst í þessu sambandi sú ofin vara, sem ekki er breiðari en 30 cm.			
	11. Silkivefnaður, ót. a.	—	20	50
74.	Nr. 1 í 46. kafla B. orðast svo:			
	1 Gervisilkiúrgangur, óspunnir gervisilkiþræðir og aðrir þess konar gerviþræðir			5
75.	Nr. 4, 5 og 5a í sama kafla orðast svo:			
	Garn:			
	4 — tvinni	—	7	8
	5 — netjagarn, einlitt	tollfrjálst		
	5a — annað			5
76.	Nr. 8—9 í sama kafla orðast svo:			
	8 Laufaborðar, laufaborðaefni, knipplingar, tyll, „curtain nets“ og önnur þess konar netofin efni	—	20	45
	9 Leggingar, snúrur og aðrar þess konar dregilvörur	—	20	45
77.	Nr. 11 í sama kafla orðast svo:			
	11 Bönd og borðar, sem ekki geta talizt dregilvörur eða laufaborðar	—	20	30
78.	Nr. 1—2 í 47. kafla orðast svo:			
	1 Ull			5
	2 Ullarúrgangur og ótó (shoddy)			2
79.	Í staðinn fyrir nr. 1a og 2 í 48. kafla kemur eitt nr., svo hljóðandi:			
	Baðmull og baðmullarúrgangur:			
	2 — baðmull, ót. a.			2
80.	Nr. 5—6 í sama kafla orðast svo:			
	Garn:			
	5 — tvinni	—	7	8
	6 — netjagarn	tollfrjálst		
81.	Nr. 8a í sama kafla orðast svo:			
	8a — annað	—	20	35
82.	Nr. 12—13 í sama kafla orðast svo:			
	12 Laufaborðar, laufaborðaefni, knipplingar, tyll, „curtain nets“ og önnur þess konar netofin efni	—	20	45
	13 Leggingar, snúrur og aðrar þess konar dregilvörur	—	20	45

		Toll-eining	Vörumagns-tollur Aurar	Verð-tollur %
83.	Nr. 1 í 49. kafla orðast svo:			
	Hör, hampur, júta, kínagras (ramie) og önnur spunaefni úr jurtaríkinu, ót. a.:			
	1 — hör			2
84.	Nr. 3—6 í sama kafla orðast svo:			
	3 — júta			2
	4 — annað			2
	Garn, ót. a.:			
	— úr hör eða ramí:			
	5 — — netjagarn tollfrjálst			
	6 — — tvinni	1 kg	7	8
85.	Nr. 8 í sama kafla orðast svo:			
	8 — — netjagarn tollfrjálst			
86.	Nr. 17—18 í sama kafla orðast svo:			
	17 Laufaborðar, laufaborðaefni, knipplingar, tyll, „curtain nets“ og önnur þess konar netofin efni	—	20	45
	18 Leggingar, snúrur og aðrar þess konar dregilvörur	—	20	45
87.	Nr. 27 í 50. kafla orðast svo:			
	27 Bókbandsléreft			5
88.	Í staðinn fyrir nr. 32 í sama kafla koma tvö nr., svo hljóðandi:			
	32 — vaxdúkur	—	7	30
	32a— leðurlíkisdúkur	—	7	15
89.	Á eftir nr. 33a í sama kafla koma tvö nr., svo hljóðandi:			
	33b — skóstrigi	—	7	8
	33c — ræmur, límbornar til umbúða	—	7	8
90.	Í staðinn fyrir nr. 34 í sama kafla koma tvö nr., svo hljóðandi:			
	— annað:			
	34 — — úr silki	—	20	50
	34a— — — úr gervisilki og öðrum gerviþráðum	—	20	30
91.	Nr. 39 í sama kafla orðast svo:			
	Vefnaðarvara, bönd og dregilvörur, sem í er ofinn kátsjúkþráður, náttúrlegur eða tilbúinn (teygjubönd), ót. a.:			
	39 — ef vefnaðurinn er úr silki	—	20	35
92.	Nr. 43 í sama kafla orðast svo:			
	Kveikir:			
	43 — kertakveikir	—	7	8
93.	Nr. 1—6 í 51. kafla orðast svo:			
	Prjónavörur úr silki:			
	1 — prjónavoð (metravara)	—	20	50
	2 — sokkar og leistar	—	20	50
	3 — ytri fatnaður	—	20	60
	4 — nærfatnaður	—	20	60
	5 — vettlingar	—	20	60
	6 — aðrar	—	20	60
94.	Nr. 4—5 í 52. kafla orðast svo:			
	— úr öðrum efnum:			
	— — silki:			
	4 — — — nærfatnaður	—	20	60
	5 — — — annar	—	20	60

		Toll-eining	Vörumagns-tollur Aurar	Verð-tollur %
95.	Nr. 14 í sama kafla orðast svo:			
	Borðdúkar, pentudúkar, vasaklútar, höfuðklútar, hálsklútar, handklæði, rúmábreiður, dívanteppi, veggteppi og þess konar:			
	14 — úr silki	1 kg	20	60
96.	Nr. 20 í sama kafla orðast svo:			
	Sjöl, slör og slæður:			
	20 — úr silki	—	20	60
97.	Nr. 23 í sama kafla orðast svo:			
	Hálsbindi, kvenslifsi og slaufur, hnýttar og óhnýttar:			
	23 — úr silki	—	20	60
98.	Nr. 32 í sama kafla orðast svo:			
	32 Skóreimar	—	7	20
99.	Nr. 36 í sama kafla orðast svo:			
	Flögg alls konar:			
	36 — úr silki	—	20	60
100.	Á eftir nr. 8 í 55. kafla kemur nýtt nr., svo hljóðandi:			
	8a Tilsniðin hattaefni	—	20	30
101.	Athugasemd aftan við 55. kafla fellur niður.			
102.	Nr. 11 í 58. kafla orðast svo:			
	11 — smergill, einnig þótt hann sé með ás, svo og vikur og karborundum			8
103.	Á eftir nr. 19 í sama kafla kemur nýtt nr., svo hljóðandi:			
	19a — hús og hlutar til þeirra, ót. a.	—	7	30
104.	Nr. 3 í 59. kafla orðast svo:			
	3 Eldfastir steinar og aðrir brenndir hlutir til tekniskrar notkunar, ót. a.			2
105.	Nr. 1—2 í 63. kafla orðast svo:			
	1 Óunnið járn í klumpum	tollfrjálst		
	2 Stál- og járnsvarf	tollfrjálst		
106.	Í staðinn fyrir nr. 3 í sama kafla koma tvö nr., svo hljóðandi:			
	Járn og stál í stöngum:			
	3 — sívalar stengur 25 mm í þvermál eða grennri	—	2	8
	3a — annað	tollfrjálst		
107.	Nr. 4 í sama kafla orðast svo:			
	4 Prófiljárn alls konar, ót. a.	tollfrjálst		
108.	Nr. 8 í sama kafla orðast svo:			
	8 — — aðrar	tollfrjálsar		
109.	Nr. 8b í sama kafla orðast svo:			
	8b— — aðrar	tollfrjálsar		
110.	Í staðinn fyrir nr. 9 í sama kafla koma tvö nr., svo hljóðandi:			
	9 Raf- og logsuðuvír	tollfrjáls		
	9a Vír úr járni og stáli, ót. a.	—	2	8
	Aths. Vír er málmþráður 10 mm í þvermál eða grennri.			
111.	Nr. 11 í sama kafla orðast svo:			
	11 Gjarðajárn	tollfrjálst		
112.	Nr. 1 í 64. kafla orðast svo:			
	1 Kopar og koparblöndur, óunnið í klumpum eða sem duft	tollfrjálst		

		Toll-einíng	Vörumagns-tollur Aurar	Verð-tollur %
113.	Nr. 3—4 í sama kafla orðast svo:			
	3 — lóðunarefni í stöngum, plötum eða sem duft .... tollfrjálst			
	4 — annað ..... tollfrjálst			
114.	Nr. 1 í 65. kafla orðast svo:			
	1 Nikkel, nikkelblöndur, óunnið í klumpum, svo og duft tollfrjálst			
115.	Nr. 1 í 66. kafla orðast svo:			
	1 Alúmíníum og alúmíníumblöndur, óunnið í klumpum, svo og duft ..... tollfrjálst			
116.	Í staðinn fyrir nr. 2 í sama kafla koma tvö nr., svo hljóðandi:			
	2 Vír, ekki einangraður	1 kg	7	8
	2a Stengur, þ. á m. prófílstengur ..... tollfrjálsar			
117.	Á eftir nr. 9a í sama kafla kemur nýtt nr., svo hljóðandi:			
	10 Fiskkassar	—	2	2
118.	Nr. 1 í 67. kafla orðast svo:			
	1 Blý og blýblöndur, ót. a., óunnið í klumpum, svo og blýspænir ..... tollfrjálst			
119.	Nr. 5 í sama kafla orðast svo:			
	5 Blýlóð (sökkur)			2
120.	Nr. 1 í 68. kafla orðast svo:			
	1 Zink og zinkblöndur, óunnið í klumpum, svo og zinkduft ..... tollfrjálst			
121.	Nr. 3 í sama kafla orðast svo:			
	3 Plötur ..... tollfrjálsar			
122.	Nr. 1 í 69. kafla orðast svo:			
	1 Tin og tinblöndur, óunnið í klumpum, svo og duft tollfrjálst			
123.	Í staðinn fyrir nr. 5 í sama kafla koma tvö nr., svo hljóðandi:			
	5 Lóðtin í stöngum eða öðru formi ..... tollfrjálst			
	5a Túbur úr tini	—	7	8
124.	Nr. 1—2 í 70. kafla orðast svo:			
	Málmar og blöndur þeirra, ót. a.:			
	1 — óunnir ..... tollfrjálst			
	2 — í stöngum, plötum eða sem vír ..... tollfrjálst			
125.	Á eftir nr. 5 í 71. kafla kemur nýtt nr., svo hljóðandi:			
	5a — hnífablöð	—	7	15
126.	Nr. 15 í sama kafla orðast svo:			
	15 Smávarningur til húsgagnagerðar (Möbelbeslag), ót. a.	—	7	15
127.	Nr. 17 í sama kafla orðast svo:			
	17 Hringjur, spennur óskreyttar, smellur, krókapör, skókóssar og annar þess konar smávarningur til sauma, lífstykkjagerðar, pappírsvöruiðnaðar, skósmíða og söðlasmíða o. þ. h., ót. a.	—	7	15
128.	Nr. 25 og 25a í sama kafla orðast svo:			
	Blaðtin (stanníól) og aðrar málmþynnur, sem eru minna en 0.25 mm að þykkt, þó ekki blaðgull og blaðsilfur og eftirlíkingar hvors tveggja:			
	25 — með áletrun, sem ber það með sér, að þynnurnar séu ætlaðar utan um íslenzkar afurðir			2
	25a — aðrar	—	7	15

	Toll-eining	Vöru-magns-tollur Aurar	Verð-tollur %
129. Nr. 5 í 72. kafla orðast svo:			
5 — vefjarskeiðar og skyttur til vefstóla	1 kg	7	8
130. Nr. 31 í sama kafla orðast svo:			
31 Kúlu- og keflalegur			2
131. Á eftir nr. 11 í 73. kafla kemur nýtt nr., svo hljóðandi:			
11a Hlutar til rafmagnsgeyma	—	2	8
132. Nr. 14 í 75. kafla orðast svo:			
14 Reiðhjólahlutar, ót. a.	—	7	20
133. Nr. 2 í 79. kafla orðast svo:			
2 Hlutar til flygela og pianóa	—	7	15
134. Nr. 4 í sama kafla orðast svo:			
4 Hlutar til orgela og harmonía	—	7	15
135. Nr. 4 í 80. kafla orðast svo:			
4 — hvalveiðabyssur og hlutar til þeirra	—	2	2
136. Nr. 6 í sama kafla orðast svo:			
6 — hvalveiðaskutlar	—	2	2
137. Nr. 8, 9, 9a, 9b, 9c og 10 ásamt athugasemd í 82. kafla falla niður.			
138. Nr. 11 í sama kafla orðast svo:			
8 Skraut- og glysvarningur úr plastiskum efnum og efnum þeim, sem talin eru í þessum kafla	—	120	80
139. Nr. 1 í 85. kafla orðast svo:			
1 Hnappar til fata, ót. a., þar með taldir ermahnappar og flibbahnappar, aðrir en úr góðmálmum	—	20	30

2. gr.

Á 3. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1. Fyrir orðið „hampgarn“ í h-lið kemur: garn.
2. æ-liður orðast svo:
   æ. Að innheimta ekki aðflutningsgjöld af vélum, sem eingöngu eru notaðar til veiðarfæragerðar.
3. Á eftir æ-lið koma tveir nýir liðir, svo hljóðandi:
   ö. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af efni, vélum og tækjum í skip og báta, sem smíðaðir eru innanlands. Má miða endurgreiðsluna við tiltekna fjárhæð á hverja rúmlest.
   aa. Að endurgreiða verksmiðjum, sem framleiða rafmagnsspenna, aðflutningsgjöld eða hluta af þeim af efnivörum þeirra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numdir 1., 6., 21. og 24. tölul. 1. gr. laga nr. 96 1941, 1., 2., 3., 7., 9., 10., 13., 20., hluti af 25. (49/5, 6 og 8), hluti af 49. (63/8 og 8b) tölul. 1. gr. laga nr. 56 1942, 7., 9., fyrri hluti 23. (50/39) og 29. tölul. 1. gr. laga nr. 6 1945, fyrri hluti 8. (30/12) og 33. tölul. 1. gr. laga nr. 71 1947, niðurlag 2. (15/19), 7., 10., 12., 16., 18. og 40. tölul. 1. gr. laga nr. 49 1950, 2., 3., 8., 11. og 16. tölul. 1. gr. laga nr. 108 1951 og 4., 14., 15., 17., 24. og 29. tölul. 1. gr. og æ-liður 3. tölul. 2. gr. laga nr. 31 1953, allra um breyt. á l. nr. 62 1939, um tollskrá o. fl.

4. gr.

Þá er lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra, ásamt meginmáli eldri laga um breyt. á l. nr. 62 1939, um tollskrá o. fl., að því leyti sem þau eru enn í gildi, inn í lög nr. 62 1939, um tollskrá o. fl., og gefa þau út svo breytt.

Nd. 710. Nefndarálit [183. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Framkvæmdabanka Íslands, nr. 17 10. febr. 1953.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv.

Við nánari athugun málsins hefur komið í ljós, að miðað við þær ráðagerðir um erlendar lántökur vegna fyrirhugaðrar sementsverksmiðju og raforkuframkvæmda, sem nú eru á döfinni, þykir rétt að hækka enn nokkuð þá upphæð, sem erlendar skuldir bankans með ábyrgð ríkissjóðs mega hæst vera.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

1. gr. orðist svo:

Í stað orðanna „80 milljónir“ í 2. málsgr. 9. gr. laganna komi: 225 milljónir.

Alþingi, 6. apríl 1954.

Skúli Guðmundsson, form. Jóhann Hafstein, fundaskr., frsm. Páll Þorsteinsson.
Gylfi Þ. Gíslason. Jón Pálmason.

Nd. 711. Breytingartillaga [194. mál]

við frv. til l. um viðauka við raforkulög, nr. 12 2. apríl 1946.

Frá Einari Olgeirssyni.

Á eftir 7. gr. komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:

a. (8. gr.) Ríkisstjórnin skal leggja andvirði þess, sem hún fær greitt í söluskatt og aðra tolla af vélum og efni til þeirra virkjana, sem gerðar eru samkvæmt lögum þessum, í sérstakan raftækjasjóð. Skal það fé notað til þess að gera íslenzkum alþýðuheimilum til sjávar og sveita mögulegt að fá öll þau raftæki, sem heimili þarfnast, sem fyrst og með góðum afborgunarskilmálum. Skal ríkisstjórnin semja við raftækjaverksmiðjuna Rafha um fjöldaframleiðslu þessara tækja og afgreiðslu þeirra jafnóðum beint til notenda.

b. (9. gr.) Ákveðið skal í reglugerð um raftækjasjóð nánar um skilmála og miðað við að gera þeim, sem minnst efni og þyngst heimili hafa, auðveldast að fá öll þau tæki, er létt geta heimilisstörf. Skal þar mælt fyrir, hvert umsóknir skulu sendar og í hvaða röð þær skulu afgreiddar. Skulu þau fyrirmæli tryggja, að þau heimili, þar sem flest börn eru, gangi fyrir að fá tækin.

Sþ. 712. Tillaga til þingsályktunar [203. mál]

um endurskoðun laga nr. 34/1943, um fiskveiðasjóð Íslands.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Sigurður Ágústsson, Emil Jónsson, Einar Ingimundarson, Eiríkur Þorsteinsson.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að láta fara fram á þessu ári endurskoðun laga nr. 34/1943, um fiskveiðasjóð Íslands — m. a. í því skyni, að starfsfé sjóðsins og starfssvið verði aukið — og leggja frumvarp til nýrra laga um sjóðinn fyrir næsta Alþingi.

Greinargerð.

Lög þau, er nú gilda um fiskveiðasjóð Íslands, voru gefin út árið 1943. Þeim lögum hefur síðan verið breytt með lögum nr. 107/1943, lögum nr. 39/1946 og lögum nr. 120/1951. Nú í seinni tíð hafa auk þess verið uppi á Alþingi tillögur til breytinga, sem ekki hafa náð fram að ganga. Ýmsar breytingar hafa orðið í vélbátaútveginum og á verkun og vinnslu bátaaflans, síðan lögin voru sett, og sumar þeirra breytinga á lögunum, sem gerðar voru til bráðabirgða, kunna nú að þurfa athugunar við. Með tilliti til þess og þar eð lögin eru nú 11 ára gömul, er full ástæða til þess, að nú fari fram endurskoðun á lögunum, enda munu stjórnendur sjóðsins vera þeirrar skoðunar. Nú er og svo ástatt, að gera má ráð fyrir, að starfsfé sjóðsins reynist ekki nóg á þessu ári sakir mjög vaxandi eftirspurnar undanfarið eftir lánum, bæði til skipa, mótorvéla og fiskiðjuvera. Jafnframt þyrfti að rýmka nokkuð starfssvið sjóðsins í þágu bátaútvegsins. Kæmi þá m. a. til greina lán til verbúða og að koma fastri skipan á lán út á minni vélbáta (trillubáta). Telja flutningsmenn því aðkallandi, að í sambandi við endurskoðunina verði gaumgæfilega athugaðir möguleikar til að auka starfsfé sjóðsins, svo að ekki þurfi að verða hlé á starfsemi hans, þó að verkefni aukist.

Fylgiskjal.

	Útlán fiskveiðasjóðs Íslands í árslok 1953:		
Reykjavík	47	lán kr.	3 328 183.00
Akranes	10	— —	1 134 500.00
Ísafjörður	12	— —	1 137 500.00
Siglufjörður	15	— —	775 000.00
Ólafsfjörður	8	— —	927 000.00
Akureyri	9	— —	1 391 340.00
Húsavík	10	— —	876 446.50
Seyðisfjörður	4	— —	402 200.00
Neskaupstaður	8	— —	1 096 500.00
Vestmannaeyjar	46	— —	5 731 970.00
Keflavík	23	— —	2 509 500.00
Hafnarfjörður	22	— —	3 158 080.00
Gullbringusýsla	40	— —	3 702 500.00
Borgarfjarðarsýsla	1	— —	32 000.00
Snæfellsnessýsla	31	— —	3 050 635.00
Barðastrandarsýsla	17	— —	1 232 000.00
V.-Ísafjarðarsýsla	15	— —	1 831 800.00
N.-Ísafjarðarsýsla	15	— —	2 116 000.00
Strandasýsla	10	— —	827 050.00
Húnavatnssýslur	6	— —	445 100.00
Skagafjarðarsýsla	1	— —	190 000.00
Eyjafjarðarsýsla	10	— —	1 007 020.00
Þingeyjarsýslur	9	— —	762 400.00
N.-Múlasýsla	6	— —	244 500.00
S.-Múlasýsla	15	— —	2 128 300.00
Skaftafellssýslur	3	— —	628 000.00
Árnessýsla	15	— —	1 191 800.00
	408	lán kr.	41 857 324.50

Ed. 713. Breytingartillaga [187. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 25. maí 1949, um bifreiðaskatt o. fl.

Frá Vilhjálmi Hjálmarssyni og Jóni Kjartanssyni.

Aftan við frumvarpið komi svo hljóðandi

Ákvæði til bráðabirgða.

Lög þessi koma aðeins til framkvæmda að því leyti, sem ákvæði þeirra leiða eigi til hækkunar á útsöluverði á benzíni frá því, sem það nú er.

Nd. 714. Breytingartillaga [63. mál]

við frv. til l. um síldarleit úr lofti.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við 4. gr.

a. 2. málsgr. hljóði svo:
Fiskimálasjóður greiði ⅓ hluta kostnaðar. ⅔ hlutum skal jafnað niður á síldarútvegsnefnd og síldarverksmiðjur, er reknar eru á svæðinu frá Horni að Djúpavogi. Við þá skiptingu skal miða við tunnufjölda saltaðrar síldar til útflutnings og málafjölda bræðslusíldar, og skal tunna saltsíldar látin jafngilda hálfu öðru máli til bræðslu. Síldarútvegsnefnd greiðir allt gjaldið af saltsíldinni, en síldarverksmiðjurnar af bræðslusíldinni í hlutfalli við þann málafjölda, sem þær hver um sig hafa tekið til vinnslu á síldarvertíðinni.

b. 4. málsgr. falli niður.

Ed. 715. Breytingartillaga [144. mál]

við brtt. á þskj. 669 [Orkuver Vestfjarða].

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Í stað orðanna „á yfirstandandi ári“ í lok meginmálsgreinarinnar komi: svo fljótt sem verða má.

Ed. 716. Breytingartillaga [178. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör.

Frá Haraldi Guðmundssyni.

Við 2. gr. Greinin falli niður.

Nd. 717. Breytingartillaga [165. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá Jónasi Rafnar.

Í 1. gr. bætist í stafrófsröð:
Hansen, Niels Marinus, vefari á Akureyri, fæddur 24. febrúar 1929 í Danmörku.

Ed. 718. Breytingartillaga [179. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Við 12. gr. Greinin falli niður.

Sþ. 719. Breytingartillögur [192. mál]

við till. til þál. um áskorun til Bandaríkjastjórnar vegna vetnissprengna o. fl.

Frá Gils Guðmundssyni og Haraldi Guðmundssyni.

1. Tillögugreinin orðist þannig:
   Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beina þeirri áskorun til ríkisstjórna Bandaríkjanna, Sovétríkjanna og Bretlands að taka nú þegar upp samninga sín á milli og við önnur ríki um bann við framleiðslu kjarnorkuvopna, allsherjarafvopnun, strangt alþjóðlegt eftirlit með því, að banninu verði framfylgt, og að fella jafnframt niður frekari tilraunir með vetnissprengjur og önnur kjarnorkuvopn.
2. Fyrirsögn orðist þannig:
   Tillaga til þingsályktunar um kjarnorkuvopn.

Sþ. 720. Breytingartillaga [116. mál]

við till. til þál. um skipun nefndar til athugunar á ráðstöfunum til varnar utanaðkomandi efnahagskreppu.

Frá Einari Olgeirssyni.

Í stað orðanna „1. marz“ í síðustu málsgr. komi: 1. október.

Nd. 721. Breytingartillaga [124. mál]

við frv. til l. um fuglaveiðar og fuglafriðun.

Frá Gísla Guðmundssyni.

Við 6. gr. Í stað orðanna „enda geri þeir landeiganda aðvart fyrir fram og sýni skilríki sín, verði því við komið“ komi: Í landareignum lögbýla er þetta þó því aðeins heimilt, að samþykki landráðanda komi til.

Sþ. 722. Breytingartillögur [100. mál]

við till. til þál. um milliþinganefnd í heilbrigðismálum.

Frá heilbrigðismálaráðherra.

Við tillögugreinina.

a. Fyrir orðið „fimm manna“ í 1. málsgr. kemur: þriggja manna.
b. Aftan við 2. tölul. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
Nefndin skal ljúka störfum fyrir 1. okt. 1954.

Nd. 723. Breytingartillaga [174. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 80 11. júní 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

Frá iðnaðarnefnd.

Í stað 1. gr. koma tvær greinar, svo hljóðandi:

a. (1. gr.) Aftan við 39. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
Þegar mál þau, sem um ræðir í 2. málsgr. 44. gr., koma til meðferðar í Félagsdómi, skulu dómendur þeir, sem tilnefndir eru af Vinnuveitendasambandi Íslands og Alþýðusambandi Íslands, víkja sæti, en í þeirra stað tilnefna stefnandi og stefndur hvor sinn mann úr hópi 18 manna, sem tilnefndir eru í því skyni af Landssambandi iðnaðarmanna, Iðnsveinaráði Alþýðusambands Íslands og Félagi íslenzkra iðnrekenda til þriggja ára í senn. Nefnir hvert nefndra samtaka sex menn og jafnmarga til vara. Nú tilnefnir aðili ekki dómara eða ekki næst samkomulag um tilnefninguna milli samaðila máls, og nefnir forseti Félagsdóms þá dómara í hans stað úr hópi sömu manna.
b. (2. gr.) Aftan við 44. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
Heimilt skal stéttarfélögum, félögum meistara og iðnrekenda og einstökum atvinnurekendum að leita úrskurðar Félagsdóms um það, hvort starfsemi falli undir I. og II. kafla laga um iðju og iðnað, svo og um það, til hvaða löggiltrar iðngreinar hún taki.

Nd. 724. Breytingartillaga [124. mál]

við frv. til l. um fuglaveiðar og fuglafriðun.

Frá Steingrími Steinþórssyni og Jóni Sigurðssyni.

Við 21. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
Þó má með ákvæðum í fuglaveiðasamþykkt heimila að nota fleka (snörufleka) til fuglaveiða á takmörkuðum svæðum.

Ed. 725. Nefndarálit [193. mál]

um frv. til l. um brunatryggingar utan Reykjavíkur.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Þeir LJóh, SÓÓ og GÍG vildu leita álits Brunabótafélags Íslands um málið og enga afstöðu taka til þess fyrr en það lægi fyrir.

HermJ telur, að þar sem fyrirhugað sé að slíta þingi fyrir páska, muni það tefja afgreiðslu málsins og ef til vill verða til þess, að það dagi uppi. Hann vill því afgreiða málið þegar og leggur til, að það verði samþykkt með nokkrum breytingum.

PZ taldi eðlilegt að fá umsögn Brunabótafélagsins um málið, það mætti athuga umsögn þess milli 2. og 3. umræðu, og þar sem hann fylgdi málinu, vildi hann afgreiða það nú og gera við það breytingartillögur. Nú hefur umsögn Brunabótafélags Íslands borizt fyrir tveim dögum, en meiri hlutinn þó ekki skilað áliti.

Við leggjum því til, að frumvarpið sé samþykkt með breytingum, sem eru á sérstöku þingskjali, en áskiljum okkur rétt til að bera fram fleiri breytingartillögur eftir að hafa séð umsögn Brunabótafélagsins, ef hún gefur tilefni til.

Alþingi, 7. apríl 1954.

Hermann Jónasson, form., frsm. Páll Zóphóníasson.

Ed. 726. Breytingartillögur [193. mál]

um frv. til l. um brunatryggingar utan Reykjavíkur.

Frá minni hl. allsherjarnefndar (HermJ og PZ).

1. Við 2. gr.
   a. Orðin „þar með talin hús í smíðum“ falli burt.
   b. Aftan við greinina bætist: Hús í smíðum skal einnig tryggja, og fer um tryggingarupphæð þeirra á hverjum tíma eftir samkomulagi milli eiganda og vátryggingarfélagsins.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Vátryggingarupphæð húsa, sem lög þessi ná til, annarra en húsa í smíðum, skal nema fullu verði þeirra eftir virðingu dómkvaddra manna. Bæjar- eða sveitarstjórn hver skal hafa eftirlit með virðingargerðum húsa í umdæmi sínu, og ber hún á hverjum tíma ábyrgð á, að vátryggingum sé haldið við og ný hús metin og vátryggð þegar eftir að byggingu þeirra er lokið eða þau tekin til íbúðar.
   Breyta skal árlega vátryggingarverði húsa til samræmis við vísitölu byggingarkostnaðar.

Nd. 727. Lög [182. mál]

um stækkun lögsagnarumdæmis Húsavíkurkaupstaðar.

(Afgreidd frá Nd. 7. apríl.)

Samhljóða þskj. 545.

Ed. 728. Frumvarp til laga [118. mál]

um breyting á póstlögum, nr. 31 12. febr. 1940.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Aftan við 4. gr. laganna komi 2 nýjar málsgr., svo hljóðandi:

Í Reykjavík og annars staðar í landinu, þar sem daglegur bréfaútburður fer fram og slíkt þykir henta, getur póstmeistari með samþykki póst- og símamálastjórnar, eftir nánari ákvæðum í reglugerð, sem póst- og símamálaráðherra setur, gert húseigendum skylt að setja upp bréfakassa í eða við hús sín, á þeim stað, sem póstmeistari samþykkir, undir þann póst, sem í húsið á að fara. Skal gerð kassanna háð samþykki póstmeistara, og er húseigendum skylt að halda þeim við.

Nú lætur húseigandi undir höfuð leggjast að sinna fyrirmælum póstmeistara, og varðar það sektum samkvæmt 22. gr., og heimilast þá póstmeistara, ef svo ber undir, að útvega, setja upp og halda við bréfakössum á kostnað húseiganda. Kostnað þennan má krefja með lögtaki.

2. gr.

Upphaf 22. gr. laganna orðist svo:

Brot gegn ákvæðum 3., 4., 5., 8., 9., 10. og 11. greinar o. s. frv.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 729. Breytingartillaga [100. mál]

við till. til þál. um milliþinganefnd í heilbrigðismálum.

Frá Jóhanni Hafstein.

Í stað orðanna „Nefndin velur sér formann“ í 1. málsgr. komi: Ráðherra skipar formann nefndarinnar.

Ed. 730. Breytingartillögur [179. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Haraldi Guðmundssyni og Guðmundi Í. Guðmundssyni.

1. Við 4. gr. Aftan við I. lið greinarinnar bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Nú nemur skattgjald einstaklings ekki fullum 100.00 krónum og skattgjald hjóna ekki fullum 200.00 krónum, og skal þá fella skattinn niður.
2. Við 7. gr. 1. málsl. h-liðar 4. tölul. orðist svo:
   Fæðiskostnað sjómanna á fiskiskipum, ef þeir þurfa að sjá sér fyrir fæði, svo og nauðsynlegan dvalarkostnað annarra, sem sækja þurfa atvinnu til staða fjarri heimilum sínum, og við ákvörðun þess kostnaðar sé farið eftir mati skattayfirvalda.

3. Við 10. gr. Aftan við greinina bætist:
Á eftir nýrri 22. gr. komi ný grein (23. gr.), svo hljóðandi:
Fjölskyldumenn, sem eiga ekki 90 fermetra íbúð eða stærri, þegar lög þessi öðlast gildi, skulu undanþegnir tekju- og eignarskatti af framlögum í eigin byggingarsjóð samkvæmt eftirfarandi reglum:
Árleg framlög mega nema allt að ¼ teknanna, þó ekki meiru en 15000 kr. á ári og 150000 kr. alls. Byggingarsjóðurinn skal ávaxtaður í banka eða sparisjóði á nafni eiganda. Sé fé þessu ráðstafað á annan hátt en til byggingar eða kaupa á íbúð fyrir eiganda þess, skal greiða af því þann skatt, sem á það hefði fallið, ef það hefði verið skattlagt á því ári, sem teknanna var aflað. Sé fénu ráðstafað smám saman til annars en byggingar eða kaupa á íbúð fyrir eiganda þess, skal svo litið á, að þess fjár, sem fyrst er ráðstafað, hafi verið aflað fyrst, o. s. frv. Nánari reglur um framkvæmd ákvæða þessara skulu sett í reglugerð.

Ed. 731. Nefndarálit [170. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 27. febr. 1953, um breyt. á l. nr. 50/1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Frv. þetta er borið fram af ríkisstjórninni til staðfestingar á samkomulagi samtaka sjómanna og útvegsmanna í janúarmánuði síðast liðnum.

Einn þáttur þessa samkomulags er, að dánarbætur, sem greiddar eru í einu lagi vegna dauðaslysa lögskráðra sjómanna, skuli hækka, eins og í frv. segir, og áhættuiðgjöldin tilsvarandi.

Hækkun á dánarbótum til sjómannsekkju nemur samkvæmt frv. rösklega 22 þús. kr., og verða þá dánarbætur til hennar, sem greiðast í einu lagi, nokkuð yfir 36 þús. kr., enda hafi maðurinn verið lögskráður á skip og farizt af slysi. Bætur til annarra vandamanna hækka nokkru minna. Minnstu bætur fyrir dauðaslys, þótt engir nákomnir séu á lífi, verða samkvæmt frv. um 10 þús. kr., allt miðað við gildandi vísitölu. Gert er ráð fyrir, að áhættuiðgjaldið þurfi að hækka um ca. 6.00 kr. á viku, eða um ca. 37.5%, til þess að mæta útgjaldaaukningu tryggginganna.

Nefndin felst á efni frv. og leggur einróma til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 7. apríl 1954.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form.	Ingólfur Flygenring, fundaskr.	Haraldur Guðmundsson, frsm.
Gísli Jónsson.	Karl Kristjánsson.	

Ed. 732. Frumvarp til laga [144. mál]

um orkuver Vestfjarða.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að fela rafmagnsveitum ríkisins að virkja Dynjandisá eða Mjólká í Arnarfirði til raforkuvinnslu í allt að 7000 hestafla orkuveri og leggja þaðan aðalorkuveitu vestur á bóginn til Bíldudals, Tálknafjarðar og Patreksfjarðar og norður á bóginn til Þingeyrar, Flateyrar, Suðureyrar, Bolungavíkur, Súðavíkur og Hnífsdals og Ísafjarðar.

2. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs eða ábyrgjast lán, sem rafmagnsveitur ríkisins taka, allt að 60 milljónum króna, eða jafngildi þeirrar upphæðar í erlendri mynt, til greiðslu stofnkostnaðar þeirra mannvirkja, sem um getur í 1. gr. Af þeirri upphæð má taka sem lán úr raforkusjóði samkvæmt 1. lið 35. gr. raforkulaganna allt að 20 milljónum króna, þó eigi meira en nemur ⅓ hluta af stofnkostnaði mannvirkjanna.

3. gr.

Framkvæmdir samkv. 1. gr. mega ekki hefjast, nema fyrir liggi nákvæmar kostnaðaráætlanir um virkjunarframkvæmdir samkv. ákvæðum raforkulaga.

4. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að festa kaup á vatnsréttindum í ánum fyrir botni Arnarfjarðar, ef viðunandi kjör fást.

5. gr.

Heimilt er að endurgreiða kostnað þann, sem sveitarfélögin á Vestfjörðum hafa greitt vegna undirbúnings Vestfjarðavirkjunar, og telja með stofnkostnaði, enda öðlist rafmagnsveitur ríkisins þá eignarrétt á öllum uppdráttum og áætlunum um Dynjandisvirkjun, sem Orkuver Vestfjarða h/f lét gera.

6. gr.

Heimild sú, sem veitt er í lögum þessum, skal þó ekki tefja byggingu þeirra orkuvera á Vestfjörðum, sem þegar eru tekin upp í heimildarlög, ef þær virkjanir þættu hagkvæmari, enda verði teknar um það ákvarðanir svo fljótt sem verða má.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 733. Nefndarálit [18. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 13 frá 20. okt. 1905, um rithöfundarétt og prentrétt.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur ekki getað orðið sammála um afgreiðslu málsins. Einn nefndarmanna (LJóh) leggur til, að því verði vísað frá með rökstuddri dagskrá, en meiri hl. leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt, PZ og SÓÓ áskilja sér þó rétt til að hafa óbundnar hendur um málið.

Alþingi, 7. apríl 1954.

Hermann Jónasson, form., frsm. Sigurður Ó. Ólafsson. Páll Zóphóníasson.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Ed. 734. Lög [167. mál]

um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 7. apríl.)

Samhljóða þskj. 709.

Ed. 735. Frumvarp til laga [181. mál]

um breyting á lögum nr. 22 1. febr. 1952, um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Á eftir 8. tölul. í 1. gr. laganna koma tveir nýir tölul., svo hljóðandi:

a. Að virkja Lagarfoss á Fljótsdalshéraði í allt að 5300 hestafla orkuveri og leggja frá orkuverinu aðalorkuveitu til Egilsstaða, Seyðisfjarðarkaupstaðar, Neskaupstaðar, Eskifjarðarkauptúns, Búðareyrar í Reyðarfirði og Búðakauptúns.
b. Að virkja Haukadalsá í Dalasýslu í allt að 500 hestafla orkuveri til vinnslu raforku handa fimm syðstu hreppum Dalasýslu.
c. Að virkja Múlaá í Geiradalshreppi í allt að 500 hestafla orkuveri til vinnslu raforku handa nálægum hreppum.

2. gr.

a. Í stað orðanna „74 millj. kr.“ í fyrri málslið 2. gr. laganna komi: 99 millj. kr.
b. Í stað orðanna „25 millj. kr.“ í síðari málslið sömu lagagr. komi: 33 millj. kr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 736. Breytingartillaga [63. mál]

við brtt. á þskj. 714 [Síldarleit úr lofti].

Frá sjávarútvegsnefnd.

Fyrir orðin „saltaðrar síldar“ í 2. málsl. a-liðar kemur: herpinótasíldar.

Nd. 737. Breytingartillaga [183. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um Framkvæmdabanka Íslands, nr. 17 10. febr. 1953.

Frá Einari Olgeirssyni.

Á eftir 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Við 2. málsgr. 12. gr. laganna bætist: Þó skulu stofnanir ríkis og bæja aldrei greiða hærra lántökugjald en ¼%.

Nd. 738. Frumvarp til laga [183. mál]

um breyting á lögum um Framkvæmdabanka Íslands, nr. 17 10. febr. 1953.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Í stað orðanna „80 milljónir“ í 2. málsgr. 9. gr. laganna komi: 225 milljónir.

2. gr.

Ef Framkvæmdabankinn annast lántöku til að koma á fót sementsverksmiðju samkv. lögum þessum, fellur niður lántökuheimild ríkisstjórnarinnar samkv. 2. gr. laga nr. 35/1948, sbr. lög nr. 57/1950, um sementsverksmiðju.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 739. Breytingartillögur [184. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 27. júní 1921, um fasteignaskatt.

Frá Jóni Sigurðssyni, Jörundi Brynjólfssyni, Jóhanni Hafstein og Pétri Ottesen.

1. Við 2. gr. Greinin falli niður.
2. Við 3. gr. Greinin falli niður.
3. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Í stað orðanna „í fyrsta sinn 1922“ í 8. gr. laganna komi: í fyrsta sinn 1954, og skila honum til gjaldkera hlutaðeigandi sveitarsjóðs.
4. Ákvæði til bráðabirgða falli niður.

Nd. 740. Frumvarp til laga [184. mál]

um breyting á lögum nr. 66 27. júní 1921, um fasteignaskatt.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Upphaf 1. gr. laganna orðist svo:

Af öllum fasteignum á landinu, sem eru ekki sérstaklega undanþegnar, skal greiða árlega af fasteignamatsverði skatt í sveitarsjóð, þar sem fasteignirnar eru, eins og hér segir:

2. gr.

Í stað orðanna „í fyrsta sinn 1922“ í 8. gr. laganna komi: í fyrsta sinn 1954, og skila honum til gjaldkera hlutaðeigandi sveitarsjóðs.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 741. Frumvarp til laga [174. mál]

um breyting á lögum nr. 80 11. júní 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Aftan við 39. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Þegar mál þau, sem um ræðir í 2. málsgr. 44. gr., koma til meðferðar í Félagsdómi, skulu dómendur þeir, sem tilnefndir eru af Vinnuveitendasambandi Íslands og Alþýðusambandi Íslands, víkja sæti, en í þeirra stað tilnefna stefnandi og stefndur hvor sinn mann úr hópi 18 manna, sem tilnefndir eru í því skyni af Landssambandi iðnaðarmanna, Iðnsveinaráði Alþýðusambands Íslands og Félagi íslenzkra iðnrekenda til þriggja ára í senn. Nefnir hvert nefndra samtaka sex menn og jafnmarga til vara. Nú tilnefnir aðili ekki dómara eða ekki næst samkomulag um tilnefninguna milli samaðila máls, og nefnir forseti Félagsdóms þá dómara í hans stað úr hópi sömu manna.

2. gr.

Aftan við 44. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Heimilt skal stéttarfélögum, félögum meistara og iðnrekenda og einstökum atvinnurekendum að leita úrskurðar Félagsdóms um það, hvort starfsemi falli undir I. og II. kafla laga um iðju og iðnað, svo og um það, til hvaða löggiltrar iðngreinar hún taki.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 742. Breytingartillaga [165. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá Bergi Sigurbjörnssyni.

Í 1. gr. bætist í stafrófsröð:
Niclasen, Lydia Oluffa, húsfrú í Reykjavík, fædd 7. janúar 1918 í Færeyjum.

Ed. 743. Frumvarp til laga [171. mál]

um breyting á lögum nr. 36 16. febr. 1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Fyrirsögn IV. kafla laganna verði: Lánadeild smáíbúða.

2. gr.

Í stað orðanna „smárra íbúðarhúsa“ í 38. gr. laganna komi: smárra íbúða.

3. gr.

40. gr. laganna hljóði þannig:

Lán þau, sem lánadeild smáíbúða veitir, skulu tryggð með 2. og 3. veðrétti í íbúð þeirri, sem féð er lánað til. Ársvextir skulu vera 5½ af hundraði og lánstími allt að 15 ár. Eigi má veita hærri lán til hverrar smáíbúðar en 30 þúsund krónur, og eigi má hvíla hærri upphæð samanlagt á fyrri veðréttum og veðrétti þeim, er lánadeildin hefur fyrir sínu láni til smáíbúðar, en 100 þúsund krónur.

4. gr.

41. gr. laganna breytist þannig:

a. Aftan við 1. tölul. bætist: eða sambyggingu, sem smáíbúð hans er í.
b. Í stað orðsins „húsinu“ í 3. tölul. komi: íbúðinni.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 744. Lög [178. mál]

um breyting á lögum nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör.

(Afgreidd frá Ed. 7. apríl.)

Samhljóða þskj. 520.

Nd. 745. Nefndarálit [201. mál]

um frv. til l. um viðauka við l. nr. 28 23. apríl 1946, um virkjun Sogsins.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarp þetta og mælir með því einróma, að það verði samþykkt eins og það liggur fyrir.

Alþingi, 8. apríl 1954.

Skúli Guðmundsson, form. Jóhann Hafstein, fundaskr., frsm. Jón Pálmason.
Páll Þorsteinsson. Gylfi Þ. Gíslason.

Ed. 746. Breytingartillögur [79. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1955.
2. Á eftir 2. gr. komi svolátandi

BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI:

Ríkisstjórninni er heimilt að greiða á yfirstandandi ári læknislaun vegna veittrar læknisþjónustu í Höfðakaupstað, þó ekki yfir eins árs læknislaun samkvæmt launalögum.

Ed. 747. Breytingartillögur [121. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 8 24. marz 1944, um breyt. á l. nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

1. Við 1. gr.
   a. Í stað „Egilsstaðahérað vestra“ komi: Norður-Egilsstaðahérað.
   b. Í stað „Egilsstaðahérað eystra“ komi: Austur-Egilsstaðahérað.
2. Við 2. gr. Greinin falli niður.
3. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1955.
4. Bráðabirgðaákvæði falli niður.

Ed. 748. Lög [118. mál]

um breyting á póstlögum, nr. 31 12. febr. 1940.

(Afgreidd frá Ed. 8. apríl.)

Samhljóða þskj. 728.

Ed. 749. Lög [164. mál]

um brúargerðir.

(Afgreidd frá Ed. 8. apríl.)

Samhljóða þskj. 606.

Ed. 750. Nefndarálit [194. mál]

um frv. til l. um viðauka við raforkulög, nr. 12 2. apríl 1946.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 8. apríl 1954.

Gísli Jónsson, form. Páll Zóphóníasson, fundaskr. Hermann Jónasson, frsm.
Jóhann Þ. Jósefsson. Guðm. Í. Guðmundsson.

Ed. **751. Frumvarp til laga** [63. mál]

um síldarleit úr lofti.

(Eftir eina umr. í Nd.)

1. gr.

Halda skal uppi síldarleit fyrir Norður- og Austurlandi vor- og sumarmánuðina, eftir því sem nánar verður ákveðið af síldarleitarnefnd og síldarleitarstjóra.

2. gr.

Atvinnumálaráðherra skipar þriggja manna nefnd, sem skal hafa yfirstjórn síldarleitarinnar með höndum. Skal einn nefndarmanna skipaður samkvæmt tilnefningu stjórnar síldarverksmiðja ríkisins, annar samkvæmt tilnefningu síldarútvegsnefndar og hinn þriðji samkvæmt tilnefningu stjórnar fiskimálasjóðs. Ráðherra skipar einn þeirra formann. Nefndin ber nafnið síldarleitarnefnd og skal vera ólaunuð.

3. gr.

Síldarleitarnefnd ræður síldarleitarstjóra, ákveður laun hans og setur honum erindisbréf.

Síldarleitarstjóri ræður starfsmenn síldarleitarinnar, tekur á leigu flugvélar til leitarinnar og hefur með höndum daglega stjórn hennar, allt í samráði við síldarleitarnefnd. Hann skal dveljast á Siglufirði eða Raufarhöfn um síldarleitartímann. Má hann ekki hafa önnur störf með höndum á tímabilinu, sem síldarleitin stendur yfir.

4. gr.

Í júnímánuði ár hvert skulu síldarverksmiðjur ríkisins, síldarútvegsnefnd og fiskimálasjóður leggja fram hver um sig 100 þús. kr. til þess að standa straum af kostnaði af síldarleit á síldarvertíð þeirri, er þá fer í hönd, þar með talin laun síldarleitarstjóra, en hann tekur saman kostnaðinn þegar að vertíð lokinni og skiptir honum eigi síðar en um næstu áramót á eftirtalda aðila sem hér segir:

Fiskimálasjóður greiði ⅓ hluta kostnaðar. ⅔ hlutum skal jafnað niður á síldarútvegsnefnd og síldarverksmiðjur, er reknar eru á svæðinu frá Horni að Djúpavogi. Við þá skiptingu skal miða við tunnufjölda herpinótasíldar til útflutnings og málafjölda bræðslusíldar, og skal tunna saltsíldar látin jafngilda hálfu öðru máli til bræðslu. Síldarútvegsnefnd greiðir allt gjaldið af saltsíldinni, en síldarverksmiðjurnar af bræðslusíldinni í hlutfalli við þann málafjölda, sem þær hver um sig hafa tekið til vinnslu á síldarvertíðinni.

Nú hrekkur framlag einhvers þeirra aðila, er í 1. málsgr. getur, ekki til greiðslu þess hluta síldarleitarkostnaðar, er í hans hlut kemur samkv. 2. málsgr., þegar lokareikningar hafa verið gerðir, og er honum þá skylt að greiða það, sem á vantar, enda á hann á sama hátt endurgreiðslurétt, ef hlutur hans reynist minni en framlaginu nemur.

5. gr.

Þegar síldarleitargjöld eru fallin í gjalddaga samkvæmt 4. gr., má innheimta þau með sama hætti og opinber gjöld, og skal sýslumönnum og bæjarfógetum skylt að gera það, ef síldarleitarstjóri beiðist þess.

6. gr.

Atvinnumálaráðherra ákveður samkvæmt tillögum síldarleitarnefndar, hvort nota skuli dulmálslykla við fréttasendingar síldarleitarinnar.

7. gr.

Nú hefur atvinnumálaráðherra ákveðið, að fréttasendingar síldarleitarinnar skuli fara fram á dulmáli, og skal síldarleitarstjóri þá semja dulmálslykil, einn

eða fleiri, og afhenda hann starfsmönnum síldarleitarinnar, stjórn Landssíma Íslands, landhelgisgæzlunni og skipstjórum á íslenzkum síldveiðiskipum. Kostnaður vegna dulmálslykla telst til síldarleitarkostnaðar.

Þeim aðilum, sem fá dulmálslykla eða fréttir á dulmáli frá síldarleitinni, skal skylt að fara með það sem trúnaðarmál.

8. gr.

Brot gegn ákvæðum 7. gr. varða sektum til ríkissjóðs frá 500 til 10000 krónum. Ef miklar sakir eru eða brot er margítrekað, er heimilt að svipta hinn brotlega dulmálslykli og innsigla tæki hans.

Mál út af brotum gegn 7. gr. skulu sæta meðferð opinberra mála.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 752. Frumvarp til laga [204. mál]

um Kvikmyndastofnun ríkisins.

Flm.: Hannibal Valdimarsson.

1. gr.

Á vegum ríkisins skal reka stofnun, er ein hefur með höndum innflutning allra kvikmynda og ásamt bæjarfélögum og menningarstofnunum, er til þess fá leyfi, rekstur kvikmyndahúsa.

Stofnunin heitir Kvikmyndastofnun ríkisins.

2. gr.

Kvikmyndastofnun ríkisins skal rekin sem sjálfstætt fjárhagsfyrirtæki á ábyrgð ríkisins, en að því stefnt, að hún standi undir sér sjálf án útgjalda fyrir ríkissjóð. Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán vegna stofnkostnaðar fyrirtækisins. Rekstrarhagnaði Kvikmyndastofnunar ríkisins skal varið til eflingar menningarstarfsemi þeirri, sem henni er gert að hafa með höndum samkvæmt ákvæðum 4. gr. þessara laga.

3. gr.

Kvikmyndastofnun ríkisins er undanþegin hvers konar sköttum til ríkis og sveitarfélaga.

4. gr.

Kvikmyndastofnun ríkisins skal keppa að því að gera kvikmyndir að sem almennustu og þjóðlegustu menningartæki, hliðstæðu útvarpi og skólum. Í þessu skyni skal kvikmyndastofnunin m. a.:

1. Reka kvikmyndahús sem víðast um landið, en halda uppi ferðasýningum kvikmynda, þar sem ekki eru skilyrði fyrir rekstri fastra kvikmyndahúsa.
2. Sjá skólum landsins fyrir fræðslukvikmyndum og aðstoða þá við sýningu slíkra kvikmynda.
3. Vanda sem bezt val þeirra erlendra kvikmynda, sem fluttar eru inn í landið til sýningar, með tilliti til þess að bægja burt siðspillandi, óþjóðhollum og menningarsnauðum kvikmyndum.
4. Gera íslenzka texta við erlendar kvikmyndir, eftir því sem föng verða á.
5. Efla innlenda kvikmyndagerð og gera íslenzkar kvikmyndir.

Af rekstrarhagnaði Kvikmyndastofnunar ríkisins er heimilt að styrkja leiklist, hljómlist og aðrar skyldar listgreinar.

5. gr.

Sameinað Alþingi kýs fimm manna kvikmyndaráð að nýafstöðnum almennum alþingiskosningum.

Menntamálaráðherra skipar forstöðumann Kvikmyndastofnunar ríkisins, kvikmyndastjóra ríkisins, að fengnum tillögum kvikmyndaráðs. Menntamálaráðherra skipar aðra starfsmenn að fengnum tillögum kvikmyndastjóra.

Menntamálaráðherra ákveður laun kvikmyndaráðsmanna og starfsmanna, að svo miklu leyti sem þau verða ekki ákveðin í launalögum.

6. gr.

Kvikmyndaráð hefur yfirstjórn hinnar menningarlegu starfsemi Kvikmyndastofnunar ríkisins og ræður vali kvikmynda, svo og gerð þeirra kvikmynda, sem stofnunin sjálf lætur gera, hvort tveggja í samráði við kvikmyndastjóra. Þess skal stranglega gætt um alla starfsemi kvikmyndastofnunarinnar, að fyllsta hlutleysi ríki, enda verði starfseminni ekki beitt til einhliða áróðurs fyrir ákveðnar stefnur eða flokka.

7. gr.

Kvikmyndastjóri hefur yfirstjórn fjárhagsmála Kvikmyndastofnunar ríkisins og annast fjármálastjórn hennar. Hann semur í tæka tíð ár hvert fjárhagsáætlun um rekstur stofnunarinnar, og skal áætlunin send menntamálaráðuneytinu til staðfestingar.

8. gr.

Frá þeim tíma, er Kvikmyndastofnun ríkisins hefur starfsemi sína, er einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum, hvar sem er á landinu, óheimilt að reka kvikmyndahús.

Menntamálaráðherra er heimilt að láta taka eignarnámi handa Kvikmyndastofnun ríkisins kvikmyndahús þau, sem rekin eru, þegar lög þessi taka gildi. Koma þar einungis til greina við eignarnámið húseignirnar sjálfar ásamt vélum, innanstokksmunum og öðrum tækjum, og skal miða matið við það eitt. Að öðru leyti fer um framkvæmd eignarnámsins eftir lögum nr. 61 14. nóv. 1917.

Kvikmyndastjóra ríkisins er þó heimilt að semja um rekstur einstakra kvikmyndahúsa, sem nú eru í opinberum eða hálfopinberum rekstri, þannig að sú skipun haldist áfram um ákveðinn tíma gegn gjaldi til stofnunarinnar, er um semst, en menntamálaráðherra staðfestir slíka samninga.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og skal Kvikmyndastofnun ríkisins hefja starfsemi sína eigi síðar en 1. janúar 1955.

Greinargerð.

Það er óhætt að fullyrða, að með frumvarpi þessu er hreyft merkilegu máli. Hingað til hefur innflutningi kvikmynda og sýningu þeirra hér á landi verið hagað þannig, að þetta stórmerkilega menningartæki yrði fyrst og fremst eins konar gróttakvörn fyrir örfáa einstaklinga. Þetta hefur vafalaust vel tekizt, þegar litið er á málið frá þeirri hlið, að það eitt eigi að vera hlutverk kvikmyndanna að mala 20—30 Íslendingum auð og allsnægtir.

Síðan farið var að hafa hér fastar kvikmyndasýningar, hafa það þó ekki einvörðungu verið Íslendingar, sem setið hafa að því að gera sér kvikmyndareksturinn að féþúfu. Það ásamt öðru hefur stuðlað að því, að fjöldamargir hafa þegar sannfærzt um, að kvikmyndarekstur eigi alls ekki að vera í einkarekstri, hann eigi að vera í höndum þess opinbera, og hafa menn þá einkum hallazt að bæjarrekstri kvikmyndahúsa. Með því móti sáu menn, að gróðinn af kvikmyndarekstrinum gat runnið

í sameiginlegan sjóð borgaranna, og þar var hægt að verja honum í þágu almennra menningarmála eða til líknarstarfsemi — eða þá til nytsamra og aðkallandi framkvæmda, allt eftir geðþótta og vild bæjaryfirvalda á hverjum stað.

Í þessu frumvarpi er líka ráð fyrir því gert, að þau kvikmyndahús, sem þegar eru í opinberum eða hálfopinberum rekstri, geti verið það áfram, þar til allur einstaklingsrekstur á þessu sviði sé horfinn og kominn undir það skipulag, sem hér er mótað í frumvarpsformi.

Það er furðulegt, en þó ómótmælanleg staðreynd, að hingað til virðist af mörgum hafa verið litið á kvikmyndir líkt og áfengi eða tóbak, þ. e. sem hverja aðra þjóðfélagsógæfu, er þó verði að þola, af því að fólkið vilji þetta. Það er miklu tíðara að heyra menn ræða af fjálgleik um siðspillandi áhrif kvikmynda en að heyra rætt um menningarlegt gildi þeirra. Og eins og sá hugsunarháttur er nú næsta útbreiddur, að sjálfsagt sé að maka krók ríkissjóðs sem allra bezt á áfengisgróða, er það almenn skoðun, að af kvikmyndasýningum eigi að taka a. m. k. 20% skatt í ríkissjóð, annað eins í bæjarsjóð og bæta síðan 200% álagi á hvort tveggja, — þetta geri þá ekki annað en draga e. t. v. svolítið úr bióástríðu unga fólksins, segja menn. Og verður ekki annað skilið en að það sé hliðstætt því, ef hátt verð á brennivíni aftri einhverri sinkri sál frá svartadauðakaupum.

En eru kvikmyndirnar þá í raun réttri hliðstæða við eiturlyf, eins og brennivín og tóbak?

Það er að vísu rétt, að af því að bæði kvikmyndagerð og kvikmyndarekstur hafa fallið í „ræningjahendur“ og orðið að einhverju mesta auðsöfnunartæki, sem heimurinn þekkir, þá er reynslan sú, að oft er þessi dásamlega uppfinning, sem helzt mætti líkja við sjálfa prentlistina og útvarpið, notuð í menningarfjandsamlegum tilgangi. Fer því fjarri, að þetta þurfi svo að vera.

Gróðasjónarmiðið eitt hefur fram að þessum tíma ráðið því, hvaða kvikmyndir væru fluttar hingað til lands og sýndar almenningi í kvikmyndahúsum. Þær hafa því oft verið valdar með það fyrir augum, að þær höfðuðu til lægstu hvata fólks og væru umfram allt æsandi og tryllandi, eins og áfengt vín.

En þetta þarf ekki heldur svo að vera. Mikið er til af fögrum, göfgandi og fræðandi kvikmyndum í veröldinni. Spurningin er því aðeins sú, hvernig hægt sé að tryggja það, að þær verði fyrir valinu til sýningar í íslenzkum kvikmyndahúsum, en ekki hinar, sem oft eru allt í senn, óþjóðhollar, siðspillandi og menningarsnauðar.

Flutningsmaður þessa frumvarps hugsar sér, að til þess sé sú leið fær, að ríkið reki stofnun, er beint heyri undir menntamálastjórnina, eins og skólar og útvarp. Og sé það hlutverk stofnunarinnar að hafa með höndum hvort tveggja: allan innflutning kvikmynda, og ásamt bæjarfélögum og menningarstofnunum, er til þess fái leyfi, rekstur kvikmyndahúsa. Slíkri stofnun ætti að vera til þess trúandi að velja kvikmyndir fyrst og fremst með tilliti til listræns og menningarlegs gildis yfirleitt, en ekki út frá einsýnu gróðasjónarmiði. Slíkri stofnun ætti einnig að vera til þess trúandi að beita þessu einstaka menningartæki í þjónustu allrar þjóðarinnar, en einskorða ekki reksturinn aðeins við fjölmennustu kaupstaði landsins, þar sem bezt eru skilyrði til auðfengins gróða af slíkri starfsemi. Er í frumvarpinu gert ráð fyrir ferðasýningum kvikmynda, þar sem vegna strjálbýlis eða samgangnaerfiðleika væri ekki unnt að halda uppi rekstri fastra kvikmyndahúsa (sbr. farskóla sveitanna).

Það er eitt grundvallaratriði þeirrar hugmyndar, sem hér er fram borin, að rekstrarhagnaði þeim, sem skapist við kvikmyndarekstur ríkisins, skuli einungis varið til eflingar menningarstarfsemi þeirri, sem stofnuninni er ætlað að hafa með höndum, — að því skuli t. d. stefnt að gera kvikmyndir að sem almennustu og þjóðlegustu menningartæki. Við merkar erlendar kvikmyndir á þannig auðvitað að gera íslenzka texta, áður en þær fara í hringferð sína um allar byggðir Íslands. Getur það naumast verið þeim sársaukalaust, er meta íslenzkt þjóðerni og tungu

ofar öllum andlegum verðmætum, að sjá hér ekkert orð á móðurmálinu í fylgd með kvikmyndum þeim, sem æskulýður landsins tileinkar sér með opnum hug af áfergju og hrifni á degi hverjum ár eftir ár og áratug eftir áratug. Yrðum vér ekki argir ofan í tær, æstir í skapi og fullir réttlátri reiði, ef hér væri prédikað í kirkjunum á ensku eða öðrum erlendum tungum? Og mundum vér ekki óttast, að það hefði spillandi áhrif á tungu vora og þjóðerniskennd? Jú, vissulega mundum vér óttast það og sjálfsagt ekki að ástæðulausu. Og þó væri sú hætta margfalt minni en sú hætta, sem nú stafar af erlendum textum kvikmyndanna. Kirkjurnar eru ekki fylltar mörgum sinnum á dag alla daga vikunnar, eins og kvikmyndahúsin, og auk þess eru biógestir að langmestu leyti fólk í mótun, áhrifagjarnt og lausara í rás en kirkjugestir eru yfirleitt. Áhrifavald kvikmyndanna væri e. t. v. áþekkast því, ef kennslan í skólunum færi fram á erlendu máli. Má því nærri geta, hvort við slíkt yrði unað. — Nei, það er vaninn einn, sem sættir okkur við, að allar kvikmyndir skuli vera sýndar hér með erlendum textum. En óviðunandi er það, og það vitum við, að á því verður ekki breyting, meðan á það eitt er litið að græða sem allra mest á sýningu kvikmynda. Meðan svo er, verður ávallt reynt að komast hjá þeim útgjaldaliðum, sem ekki eru annaðhvort óhjákvæmilegir eða beinlínis líklegir til að skila auknum gróða.

Þá er eitt þeirra verkefna, sem Kvikmyndastofnun ríkisins er ætlað, það að efla innlenda kvikmyndagerð og láta sjálf gera íslenzkar kvikmyndir. Þar mætti sérstaklega hugsa sér gerð fréttakvikmynda af merkisatburðum líðandi stundar, almennar fræðslukvikmyndir, bæði fyrir skólana og til alþýðufræðslu, kvikmyndir úr sögu þjóðarinnar, myndir úr atvinnulífinu, menningarlífinu o. s. frv. Einnig ætti kvikmyndastofnunin að hafa forgöngu um kvikmyndun öndvegisskáldverka íslenzkra bókmennta, svo að ekki þurfi í framtíðinni að velja slíkri starfsemi svið norður á Lapplandi, eins og gert hefur verið stundum, þegar íslenzk skáldverk hafa verið valin til kvikmyndagerðar.

Hér er sem sé um það að ræða að verja nokkru af fé kvikmyndastofnunarinnar til þess að gera kvikmyndirnar sjálfar íslenzkari, auk þess sem ætlunin er að kippa þeim úr þjónustu auðsöfnunar og ómenningar í þjónustu menningarstarfs. Á það er bent í frumvarpinu, að af rekstrarhagnaði sínum sé kvikmyndastofnuninni heimilt, utan við starf sitt beinlínis, að styrkja íslenzka leiklist, hljómlist og aðrar skyldar listgreinar. Gæti t. d. kvikmyndahúsrekstur í þjóðleikhúsinu létt þar verulega undir.

Yfirstjórn hinnar menningarlegu starfsemi Kvikmyndastofnunar ríkisins er hugsuð í höndum fimm manna kvikmyndaráðs, er kosið sé af sameinuðu Alþingi að afloknum almennum alþingiskosningum. Er þetta svipað fyrirkomulag og um stjórn útvarpsins, enda væri hér um svipaða menningarstarfsemi að ræða. Hins vegar væri fjármálastjórnin í höndum kvikmyndastjóra, sem skipulegði kvikmyndahúsareksturinn út um allt land og sæi um útsendingu allra kvikmynda frá einni miðstöð hér í Reykjavík. Auðvitað á svo stofnunin öll að heyra undir menntamálaráðherra, eins og útvarp og skólar.

Það er auðskilið mál, að til þess að koma rekstri Kvikmyndastofnunar ríkisins af stað þyrfti mikið fé, og færi það þó eftir því, hvernig byrjunarstarfinu væri hagað. Þess vegna er ráð fyrir því gert, að ríkisstjórninni sé í upphafi heimilt að ábyrgjast lán vegna stofnkostnaðarins. Kvikmyndahús, sem fyrir eru, verður að taka eignarnámi og greiða þau út við hæfilegu verði eða þá að byggja ný hús — og reyndar hvort tveggja þetta um margra ára skeið, meðan byggt væri upp samfellt kvikmyndahúsakerfi um land allt. Þessi uppbygging kostaði að sjálfsögðu marga milljónatugi. En auðvitað verður að ætla rekstrinum að leggja árlega fram fé til þessa hlutverks, jafnframt því sem rækt er hið menningarlega hlutverk stofnunarinnar.

Nýmæli þau, sem í þessu frumvarpi felast, eru einkum þessi:

1. Yfirstjórn menntamálanna fær yfirráð yfir öllum innflutningi kvikmynda og ber ábyrgð á og ákveður menningargildi þeirra.

2. Öllu því fjármagni, sem gengur gegnum kvikmyndahús landsins, skal varið til almennrar menningarstarfsemi í þjónustu allra landsmanna.
3. Stefnt sé að því að gera kvikmyndir, sem sýndar eru hér á landi, þjóðlegri, bæði með gerð íslenzkra texta við erlendar kvikmyndir og með upptöku og gerð alíslenzkra kvikmynda.
4. Samstarf sé milli kvikmyndarekstrarins og skólahaldsins í landinu.
5. Byggt sé upp samfellt kvikmyndahúsakerfi um land allt og þar með bætt samkomuhúsaþörf fámennari kauptúna og byggðarlaga.
6. Kvikmyndarekstrinum er lögð sú skylda á herðar að styrkja skyldar listgreinar, svo sem leiklist og hljómlist.

Nd. 753. Lög [172. mál]

um breyting á lögum nr. 101 30. des. 1943, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

(Afgreidd frá Nd. 8. apríl.)

Samhljóða þskj. 600.

Ed. 754. Breytingartillaga [12. mál]

við frv. til áfengislaga.

Frá Bernharð Stefánssyni og Andrési Eyjólfssyni.

Við 9. gr. Síðasti málsl. greinarinnar falli niður.

Ed. 755. Breytingartillaga [12. mál]

við frv. til áfengislaga.

Frá Bernharð Stefánssyni, Jóni Kjartanssyni og Andrési Eyjólfssyni.

Við 12. gr. 2. málsgr. greinarinnar falli niður.

Sþ. 756. Nefndarálit [145. mál]

um till. til þál. um Grænlandsmál.

Frá allsherjarnefnd.

Tillögu þessari var vísað til allsherjarnefndar 3. f. m. með eins atkvæðis mun. Kemur það beinlínis í bága við þingsköp að vísa slíku máli til þeirrar nefndar, því að hér er tvímælalaust um utanríkismál að ræða, en þeim ber að vísa til utanríkismálanefndar samkv. skýlausum ákvæðum þingskapa.

Nefndin verður því að telja vafasamt, að henni hafi borið nokkur skylda til að fjalla um þetta mál, þó að því væri til hennar vísað gegn þingsköpum. Samt sem áður hefur

hún tekið það til meðferðar og rætt það á þrem fundum, en að sjálfsögðu átti hún óhægara um vik við athugun málsins heldur en utanríkismálanefnd, sem hefði getað notið hvers konar sérfræðilegrar aðstoðar.

Alþingi hefur oftar en einu sinni gert ályktanir um þetta mál og aldrei afturkallað þær. Standa þær því enn í fullu gildi. Nefndin sér því ekki, að ný þingsályktun um málið geti haft verulega þýðingu, heldur sé mest undir framkvæmdinni komið, þ. e. hvað ríkisstjórninni kann að verða ágengt í samningum við stjórn Danmerkur um réttindi Íslendinga á Grænlandi. Leggur nefndin því til, að till. þessari verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 8. apríl 1954.

Bernharð Stefánsson, form., frsm.	Jón Sigurðsson, fundaskr.	Jóhann Þ. Jósefsson.
Sig. Ágústsson, með fyrirvara.	Karl Guðjónsson, með fyrirvara.	Eiríkur Þorsteinsson.
	Emil Jónsson.	

Nd. 757. Breytingartillögur [124. mál]

við frv. til l. um fuglaveiðar og fuglafriðun.

Frá Páli Þorsteinssyni.

Við 8. gr.

a. c-liður orðist svo:
Frá 20. ágúst til 31. október: grágæs, blesgæs, heiðagæs, margæs, helsingi.

b. Á eftir c-lið komi nýr tölul., svo hljóðandi:
Frá 1. september til 31. október: urtönd, grafönd, skúfönd, duggönd, hrafnsönd.

c. Í stað „20. september“ í d-lið komi: 1. september.

d. Í stað „1. september“ í f-lið komi: 20. ágúst.

Nd. 758. Breytingartillaga [124. mál]

við frv. til l. um fuglaveiðar og fuglafriðun.

Frá Jóni Pálmasyni.

Við 20. gr. Síðari málsl. 2. málsgr. falli burt.

Ed. 759. Frumvarp til laga [124. mál]

um fuglaveiðar og fuglafriðun.

(Eftir eina umr. í Nd.)

Samhljóða þskj. 288 með þessum breytingum:

3. gr. hljóðar svo:

1. Nú er landareign í óskiptri sameign, og eru þá landeigendum öllum fuglaveiðar jafnheimilar í þeirri landareign í réttu hlutfalli við afnotarétt lands, nema samkomulag verði um aðra skipan.

2. Nú er landareign í sameign, en er skipt eftir merkjum, afnotaskiptum eða eignar, og á þá hver sameigandi fuglaveiðar á og fyrir sínum landshluta eða afnotasvæði, nema samkomulag hafi orðið um aðra lögmæta skipan.

6. gr. hljóðar svo:

Fastráðnum starfsmönnum við dýrafræðideild Náttúrugripasafns Íslands í Reykjavík skal heimilt að veiða fugla og safna eggjum handa safninu, hvar sem er, án þess að endurgjald komi fyrir, enda geri þeir landeiganda aðvart fyrir fram og sýni skilríki sín, verði því við komið.

8. gr. hljóðar svo:

1. Á Íslandi skulu allar villtar fuglategundir, að undanskildum þeim tegundum, sem taldar eru í 2. málsgr., vera friðaðar allt árið.

2. Á eftirgreindum árstímum skal heimilt að veiða þær tegundir, sem hér eru taldar:

a. Allt árið: kjói, svartbakur (veiðibjalla), hrafn.
b. Frá 15. ágúst til 19. maí: skúmur, silfurmáfur, litli svartbakur, stóri hvítmáfur, litli hvítmáfur, hettumáfur, rita, álka, stuttnefja, langvía, teista, lundi.
c. Frá 20. ágúst til 31. október: grágæs, blesgæs, heiðagæs, margæs, helsingi.
d. Frá 1. september til 31. október: urtönd, grafönd, skúfönd, duggönd, hrafnsönd.
e. Frá 1. september til 29. febrúar: stokkönd, rauðhöfðaönd, hávella.
f. Frá 20. ágúst til 31. marz: fýll, súla, dílaskarfur, toppskarfur.
g. Frá 20. ágúst til 20. apríl: lómur, sefönd (flórgoði), stóra toppönd (gulönd), litla toppönd.
h. Frá 15. október til 22. desember: rjúpa.

3. Friðun sú, sem fólgin er í ákvæðum 1. og 2. málsgr., tekur einnig til eggja og hreiðra þeirra fugla, sem njóta algerðrar eða tímabundinnar friðunar, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum.

9. gr. hljóðar svo:

1. Frá 15. apríl til 14. júlí ár hvert eru öll skot bönnuð nær friðlýstu æðarvarpi en 2 km, nema brýna nauðsyn beri til. Á sama tíma má eigi án leyfis varpeigenda leggja net nær friðlýstu æðarvarpi en ¼ km frá stórstraumsfjörumáli.

2. Lögreglustjórar skulu ár hvert á manntalsþingum, ótilkvaddir og ókeypis, friðlýsa öll æðarvörp í lögsagnarumdæmum sínum.

3. Nú vill einhver koma á fót æðarvarpi í landareign ábúðarjarðar sinnar, og skal hann þá senda lögreglustjóra skriflega yfirlýsingu um það. Skal þar skýrt frá legu varplandsins, afstöðu þess, ummerkjum og útbúnaði. Skýrslu þessari fylgi vottorð tveggja áreiðanlegra og óvilhallra manna, er kunnugir séu staðháttum, um, að hún sé rétt og þeir telji landið vænlegt til æðarvarps. Síðan friðlýsir lögreglustjóri varplandið ókeypis á næsta manntalsþingi.

10. gr. hljóðar svo:

1. Á takmörkuðum svæðum, þar sem veiði, eggja- eða ungataka þeirra sjófugla, sem taldir eru undir b- og f-liðum 2. málsgr. 8. gr., hefur talizt eða telst til hlunninda, skulu friðunarákvæði laga þessara ekki vera til fyrirstöðu því, að nytja megi þau hlunnindi eftirleiðis. Óheimilt skal þó að skjóta umræddar tegundir á þeim tíma, er þær eru friðaðar samkvæmt lögum þessum, og aldrei má skjóta fugla í fuglabjörgum.

2. Í Mývatnssveit og á öðrum takmörkuðum svæðum, þar sem andavarp er mikið (þar með talin æðarvörp), skal, þrátt fyrir ákvæði 8. gr., leyfilegt að taka andaregg (og æðaregg), en við eggjatökuna skal þeirri reglu fylgt, að ávallt séu skilin eftir minnst 4 egg í hreiðri hverju. Undanþágа þessi til eggjatöku tekur þó eigi til skeiðandar, álftar og gæsa, hverrar tegundar sem eru. Um æðaregg skulu

gilda þau sérákvæði, að þau má hvorki bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa né þiggja að gjöf.

3. Í kríuvörpum skal heimilt að taka kríuegg, þrátt fyrir friðunarákvæði 8. gr., en þó aldrei nema fyrsta varp eða annað egg af tveimur.

13. gr. hljóðar svo:

Sýslunefndum og bæjarstjórnum veitist heimild til, hverri sér eða fleirum saman, að gera samþykktir um nytjun þeirra hlunninda, er um ræðir í 10. gr., á þann hátt og með þeim skilyrðum, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

14. gr. hljóðar svo:

1. Þegar sýslunefnd (eða sýslunefndir og bæjarstjórnir) hefur gert frumvarp til samþykktar samkvæmt 13. gr., skal oddviti sýslunefndar (eða oddvitar sýslunefnda og bæjarstjórna) kveðja til samþykktarfundar. Sé ein sýslunefnd aðili að samþykktinni, stjórnar oddviti hennar fundinum, en sé um fleiri að ræða, þá sá maður, er til þess er kosinn af öllum aðilum. Sé samþykktinni ætlað að ná til eins hrepps eða eins bæjarfélags, skal boða á fundinn alla eigendur og umráðamenn landa og lóða á svæðinu. En sé samþykktinni ætlað að ná til stærra svæðis, skal boða á fundinn hreppsnefndarmenn og bæjarfulltrúa á samþykktarsvæðinu. Atkvæðisréttur á samþykktarfundi er bundinn við þá, sem boðaðir eru á fundinn, og er fundurinn því aðeins lögmætur, að meira en helmingur þeirra sé á fundi

2. Á fundinum leggur fundarstjóri fram frumvarp það til samþykktar, er sýslunefnd (eða sýslunefndir) hefur gert. Fallist fundarmenn á frumvarpið óbreytt að efni með ⅔ greiddra atkvæða, sendir sýslumaður það ráðherra til staðfestingar, og er þá öllum, er boðaðir voru á fundinn, skylt að gerast aðilar að samþykktinni. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri á því efnisbreytingar, ef sýslunefnd (eða sýslunefndir) fellst á þær. En ef sýslunefnd (eða sýslunefndir) vill ekki fallast á breytingartillögur, er fundurinn gerir, skal kveðja til nýs fundar. Fallist fundurinn þá á frumvarpið óbreytt að efni með ⅔ greiddra atkvæða, fer um það sem fyrr segir.

3. Nú er gerð samþykkt, eins og að framan er mælt, og send ráðherra til staðfestingar, og virðist ráðherra hún brjóta í bág við lög eða grundvallarreglur laga eða réttindi manna, og er samþykktin þá endursend án staðfestingar, ásamt synjunarástæðum ráðherra. Að öðrum kosti staðfestir ráðherra samþykktina, skipar fyrir um birtingu hennar og tiltekur, hvenær hún skuli öðlast gildi.

4. Staðfestri samþykkt má breyta á sama hátt og til hennar er stofnað.

18. gr. hljóðar svo:

Við fuglaveiðar má eigi nota önnur skotvopn en þau, er skjóta má með frihendis frá öxl. Hlaupvíðari haglabyssur en cal. 12 má eigi nota til fuglaveiða.

19. gr. hljóðar svo:

1. Eigi má nota flugvélar, bifreiðar eða önnur vélknúin farartæki á landi til fuglaveiða eða til að elta uppi eða reka fugla. Farartæki þessi má þó nota til að flytja veiðimenn, veiðihunda og veiðitæki að og frá veiðistað.

2. Eigi má nota vélknúna báta til fuglaveiða á ósöltu vatni, og til fuglaveiða á sjó má eigi nota vélknúna báta, sem ganga hraðar en 9 sjómílur á klst.

20. gr. hljóðar svo:

1. Eigi má nota net til fuglaveiða í sjó eða vötnum.

2. Nú festast fuglar í netum, sem ætluð eru til annarra veiða (fisk- eða selveiða), og ber þá að greiða þá úr netunum og sleppa þeim, ef þeir eru lifandi, þegar netanna er vitjað. En fugla, sem finnast dauðir í slíkum netum, má hvorki hirða né nýta á nokkurn hátt.

3. Eigi má nota net til fuglaveiða á landi. Þó skal heimilt að veiða lunda í net, þar sem lundagröftur stendur æðarvarpi fyrir þrifum. Þessa veiðiaðferð má þó ekki stunda, nema verið sé yfir netunum og fuglinn hirtur úr þeim jafnóðum eða þeirra sé vitjað minnst tvisvar á dag. Heimilt skal að nota háfa til bjargfuglaveiða.

21. gr. hljóðar svo:

Eftirtalin tæki eða útbúnað má eigi nota til fuglaveiða: fleka (snörufleka), stingi eða króka (gogga), öngla, boga, gildrur, blys eða annan ljósaútbúnað, svo og allar aðrar fastar veiðivélar, þótt hér hafi ekki verið taldar. Þó má með ákvæðum í fuglaveiðasamþykkt heimila að nota fleka (snörufleka) til fuglaveiða á takmörkuðum svæðum.

Nd. 760. Nefndarálit [202. mál]

um frv. til l. um heimild handa ríkisstjórninni til öflunar lánsfjár til smáíbúðabygginga.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur rætt þetta frumvarp og mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 8. apríl 1954.

Skúli Guðmundsson, form. Jóhann Hafstein, fundaskr. Jón Pálmason, frsm.

Gylfi Þ. Gíslason. Páll Þorsteinsson.

Nd. 761. Nefndarálit [196. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi samning um breyting á samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar frá 10. febr. 1931 um innheimtu meðlaga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leggur til, að frumv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 8. apríl 1954.

Björn Ólafsson, form. Ásgeir Bjarnason, fundaskr. Eggert G. Þorsteinsson, frsm.

Jörundur Brynjólfsson. Einar Ingimundarson.

Nd. 762. Nefndarálit [195. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi samning um breyting á samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, frá 6. febr. 1931, um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með frv. óbreyttu.

Alþingi, 8. apríl 1954.

Björn Ólafsson, form. Ásg. Bjarnason, fundaskr., frsm. Jörundur Brynjólfsson.
Einar Ingimundarson. Eggert G. Þorsteinsson.

Nd. 763. Lög [144. mál]

um orkuver Vestfjarða.

(Afgreidd frá Nd. 8. apríl.)

Samhljóða þskj. 732.

Nd. 764. Lög [181. mál]

um breyting á lögum nr. 22 1. febr. 1952, um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins.

(Afgreidd frá Nd. 8. apríl.)

Samhljóða þskj. 735.

Ed. 765. Breytingartillaga [179. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Við 7. gr. Í stað orðanna í niðurlagi tölul. 4, staflið h „þann tíma, sem þeir eru skráðir á fiskiskipin“ komi: þann viknafjölda, sem þeir eru háðir greiðslu slysatryggingariðgjalda sem fiskimenn.

Ed. 766. Breytingartillaga [179. mál]

við brtt. á þskj. 730 [Tekjuskattur og eignarskattur].

Frá Páli Zóphóníassyni.

Við 3. tölul. Byrjun meginmálsgr. orðist svo:
Menn, sem eiga ekki íbúð, þegar lög þessi öðlast gildi o. s. frv.

Nd. **767. Frumvarp til laga** [179. mál]

um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

2. málsgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Sömuleiðis skal sá, er eigi hefur aðsetur hér á landi, en hefur laun, biðlaun eða styrk úr ríkissjóði, eða arð af hlutafé í innlendu hlutafélagi eða innborguðu stofnfé í öðrum atvinnufélögum eða fyrirtækjum, eða tekjur frá öðrum innlendum aðilum, gjalda skatt af þessum tekjum, og skal tekjuskattinum haldið eftir við greiðslu fjárins.

2. gr.

Upphaf 4. gr. laganna orðist svo:

Undanþágu frá öllum tekjuskatti hafa: Forseti Íslands, ríkissjóður, o. s. frv.

3. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Erlendir þjóðhöfðingjar, sendiherrar, sendiræðismenn og erlendir starfsmenn sendisveita annarra ríkja eru undanþegnir tekjuskatti, nema að því leyti, sem þeir njóta tekna frá innlendum aðilum, eiga hér fasteignir eða hafa tekjur af þeim, reka atvinnu eða eiga hlut í atvinnufyrirtæki hérlendis.

4. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

I. Skattgjald þeirra, sem um ræðir í 1. gr. og 2. gr., reiknast þannig:

a. **Skattgjald einstaklinga:**

Ef skattskyldar tekjur eru undir 1000 kr., greiðist enginn skattur.
Af 1—2 þús. kr. greiðist 1%.

Af	2—	5	þús.	kr.	greiðist	10	kr.	af	2	þús.	og	2 %	af afgangi
—	5—	9	—	—	—	70	—	—	5	—	—	3 %	— —
—	9—	20	—	—	—	190	—	—	9	—	—	4 %	— —
—	20—	30	—	—	—	630	—	—	20	—	—	6 %	— —
—	30—	40	—	—	—	1230	—	—	30	—	—	10 %	— —
—	40—	50	—	—	—	2230	—	—	40	—	—	15 %	— —
—	50—	60	—	—	—	3730	—	—	50	—	—	20 %	— —
—	60—	70	—	—	—	5730	—	—	60	—	—	25 %	— —
—	70—	100	—	—	—	8230	—	—	70	—	—	30 %	— —
—	100—	130	—	—	—	17230	—	—	100	—	—	35 %	— —
—	130	þús.	og	yfir	—	27730	—	—	130	—	—	40 %	— —

b. **Skattgjald hjóna:**

Ef skattskyldar tekjur eru undir 2 þús. kr., greiðist enginn skattur.
Af 2—3 þús. kr. greiðist 1%.

Af	3—	6	þús.	kr.	greiðist	10	kr.	af	3	þús.	og	2 %	af afgangi
—	6—	13	—	—	—	70	—	—	6	—	—	3 %	— —
—	13—	20	—	—	—	280	—	—	13	—	—	4 %	— —
—	20—	25	—	—	—	560	—	—	20	—	—	5 %	— —
—	25—	30	—	—	—	810	—	—	25	—	—	6 %	— —
—	30—	35	—	—	—	1110	—	—	30	—	—	7 %	— —

Af	35—	45	þús.	kr.	greiðist	1460	kr.	af	35	þús.	og	10 % af afgangi
—	45—	50	—	—	—	2460	—	—	45	—	—	15 % — —
—	50—	60	—	—	—	3210	—	—	50	—	—	20 % — —
—	60—	70	—	—	—	5210	—	—	60	—	—	25 % — —
—	70—	100	—	—	—	7710	—	—	70	—	—	30 % — —
—	100—	130	—	—	—	16710	—	—	100	—	—	35 % — —
—	130	þús.	og	yfir	—	27210	—	—	130	—	—	40 % — —

Þeir, sem um ræðir í 2. gr., greiði þó aldrei lægri skatt en 5% af skattskyldum tekjum.

Nú breytist kaupgjaldsvísitala til hækkunar eða lækkunar frá því, sem hún var að meðaltali árið 1953, og skal þá tekjutölum framangreindra skattstiga breytt í réttu hlutfalli við það. Brot, sem nemur minna en hálfu þúsundi, falli niður við útreikning tekjutalna, en stærra brot hækki í þúsund. Hundraðshlutatölur (%) skattstiganna breytast ekki, þótt vísitala raskist.

Þeir gjaldendur, sem greiða tekjuskatt samkvæmt ákvæðum a- og b-liða hér á undan, skulu ekki greiða stríðsgróðaskatt samkvæmt lögum nr. 21 20. maí 1942.

II. Skattgjald þeirra, sem um ræðir í a- og c-liðum 3. gr., reiknast þannig:

Ef hinn skattskyldi hluti teknanna er undir 1000 kr., greiðist af honum 1%.

Af	1000—	2000	kr.	greiðist	10	kr.	af	1000	kr.	og	2 %	af afgangi
—	2000—	3000	—	—	30	—	—	2000	—	—	3 %	— —
—	3000—	4000	—	—	60	—	—	3000	—	—	4 %	— —
—	4000—	5000	—	—	100	—	—	4000	—	—	5 %	— —
—	5000—	6000	—	—	150	—	—	5000	—	—	6 %	— —
—	6000—	7000	—	—	210	—	—	6000	—	—	7 %	— —
—	7000—	8000	—	—	280	—	—	7000	—	—	8 %	— —
—	8000—	9000	—	—	360	—	—	8000	—	—	9 %	— —
—	9000—	10000	—	—	450	—	—	9000	—	—	10 %	— —
—	10000—	12000	—	—	550	—	—	10000	—	—	11½ %	— —
—	12000—	14000	—	—	780	—	—	12000	—	—	13 %	— —
—	14000—	17000	—	—	1040	—	—	14000	—	—	15 %	— —
—	17000—	20000	—	—	1490	—	—	17000	—	—	17 %	— —
—	20000—	25000	—	—	2000	—	—	20000	—	—	18 %	— —
—	25000—	30000	—	—	2900	—	—	25000	—	—	19 %	— —
—	30000—	40000	—	—	3850	—	—	30000	—	—	20 %	— —
—	40000—	50000	—	—	5850	—	—	40000	—	—	21 %	— —
—	50000—	60000	—	—	7950	—	—	50000	—	—	22 %	— —

Félög þau og stofnanir, sem um ræðir í a-lið og c-lið 3. gr., þar með talin erlend félög og stofnanir, greiði þó aldrei lægri skatt en 5% af skattskyldum tekjum.

III. Af skattskyldum tekjum þeirra félaga, sem um ræðir í b-lið 3. gr., greiðist jafnan 8%.

5. gr.

Á 7. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1. Aftan við orðin „af sparisjóðsinnlögum og sérhverri annarri arðberandi innstæðu“ í 1. málsgr. d-liðar komi: þó ekki vextir af skattfrjálsri innstæðu, sbr. ákvæði laganna um skattfrelsi sparifjár.

2. Aftan við e-lið bætist:

Nú selur skattþegna fasteign, sem hefur verið í eigu hans skemur en 5 ár, en kaupir aðra innan árs eða byggir hús, áður en tvö ár eru liðin frá söludegi, og skal sölugróði þá ekki skattskyldur, ef hin keypta fasteign eða hið nýreista hús er að fasteignamati jafnhátt eða hærra hinu selda, en ef það er lægra að mati, skal sölugróði skattskyldur hlutfallslega. Undanþága þessi nær þó ekki til neinnar sölu, þar sem telja má, að um atvinnurekstur sé að ræða eða að eignarinnar hafi verið aflað til að selja hana aftur með hagnaði. Ákvæði þessi raska ekki fyrirmælum laganna um skattgreiðslu, þegar eigin vinna, sem ekki hefur verið skattlögð, fæst greidd í söluverði íbúðar.

Nú er eign önnur en fasteign og skip og flugvél, sem hefur verið í eigu skattgreiðanda í 3 ár eða lengur og fyrning hefur verið reiknuð af, seld hærra verði heldur en nemur óafskrifuðum hluta hennar, og skal þá það, sem umfram er, teljast skattskyldar tekjur, þó ekki hærri fjárhæð en nemur öllum veittum fyrningarafskriftum. Skiptast tekjur þessar við útreikninga skatts á jafnmörg ár aftur í tímann og afskriftirnar hafa farið fram á, þó ekki fleiri en 10 ár. Skatturinn greiðist í einu lagi.

6. gr.

Aftan við 9. gr. laganna bætist nýir stafliðir, svo hljóðandi:

e. Eignarauki, er stafar af aukavinnu, sem einstaklingar leggja fram utan reglulegs vinnutíma við byggingu íbúða til eigin afnota. Þessi ívilnun fellur þó burt að því leyti, sem vinnan kann að fást endurgreidd með söluhagnaði af íbúðinni samkv. e-lið 7. gr. Fjármálaráðherra setur um þetta nánari reglur.
f. Jarðræktarframlag ríkisins, samkvæmt II. kafla jarðræktarlaga, nr. 45 17. maí 1950.
g. Fæði sjómanns, er hann fær hjá atvinnurekanda.

7. gr.

Á 10. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1. d-liður orðist svo:

Iðgjöld af lífeyri, sem skattgreiðandi er skyldur lögum samkvæmt að tryggja sér eða maka sínum og börnum eftir sinn dag, svo og iðgjöld af hverri annarri lögboðinni persónutryggingu. Enn fremur skal draga frá tekjum þeirra skattgreiðenda, sem eigi eru að lögum skyldir að tryggja sér eða maka sínum og börnum lífeyri, iðgjöld af slíkum lífeyri, sem sannanlega hafa verið greidd á árinu, allt að 10% af launum eða nettótekjum skattgreiðandans, þó ekki hærri upphæð en kr. 7000.00 á ári. Heimilt er þó fjármálaráðherra að leyfa hærri iðgjaldagreiðslur til frádráttar tekjum, ef sérstakar ástæður mæla með því. Greiði vinnuveitandi hluta af frádráttarhæfu iðgjaldi eða það allt, dregst það frá tekjum hans sem rekstrargjöld, en telst ekki til tekna hjá launþega, og minnkar þá réttur hans til frádráttar á iðgjaldi sem því nemur og hverfur að fullu, ef vinnuveitandi greiðir allt iðgjaldið.

Ákvæði þessi gilda, þó að lífeyristrygging sé ekki bundin við lífstíð manns, heldur ákveðið árabil, enda sé það ekki skemmra en 10 ár („annuitetstrygging").

Heimilt er ráðherra að leyfa frádrátt á iðgjöldum, er atvinnufyrirtæki greiða sem stofnframlag til kaupa á lífeyristryggingum handa starfsmönnum sínum vegna liðins starfstíma, ef um er að ræða hliðstæðar reglur þeim, er gilda um tryggingar annarra aðila, enda sé iðgjaldaupphæðinni skipt með jöfnum greiðslum á það mörg ár, að frádráttarbærar iðgjaldagreiðslur verði ekki hærri en hjá öðrum hliðstæðum aðilum samkvæmt lögum þessum.

Skilyrði fyrir því, að iðgjöld fyrir ólögboðna lífeyristryggingu dragist frá tekjum samkvæmt framansögðu, er, að tryggingin sé keypt hjá lífeyrissjóði, tryggingarfélagi eða stofnun, sem starfar eftir reglum, er fjármálaráðuneytið samþykkir, og séu þar m. a. fyrirmæli um ávöxtun og vörzlu tryggingarfjárins og eftirlit með starfseminni.

Þá skal og draga frá tekjum iðgjald af lífsábyrgð, er skattgreiðandi hefur keypt sér, þó ekki hærra iðgjald en kr. 2000.00.

2. e-liður orðist svo:

Iðgjöld til stéttarfélaga, sjúkrasjóða, styrktarsjóða og atvinnuleysissjóða, þó ekki hærri en sem svarar 5% af hreinum tekjum aðila.

3. Í stað „keyptum verðbréfum“ í f-lið komi: seldum verðbréfum.

4. Á eftir g-lið komi nýir stafliðir, þannig:

h. Fæðiskostnað sjómanna á fiskiskipum, ef þeir þurfa sjálfir að sjá sér fyrir fæði, og við ákvörðun þess kostnaðar sé farið eftir mati skattayfirvalda á fæði til tekna. Enn fremur skal draga frá tekjum háseta, bátsmanns og 2. stýrimanns á togara kr. 300.00 á mánuði og frá tekjum sjómanna á öðrum fiskiskipum kr. 200.00 á mánuði vegna sérstaks hlífðarfatakostnaðar, hvort tveggja miðað við þann viknafjölda, sem þeir eru háðir greiðslu slysatryggingariðgjalda sem fiskimenn.

i. Ferðakostnað þeirra skattgreiðenda, er fara langferðir vegna atvinnu sinnar, eftir mati skattayfirvalda. Nánari ákvæði skulu sett í reglugerð um þennan frádrátt.

j. Nú vinnur gift kona, sem er samvistum við mann sinn, fyrir skattskyldum tekjum, en keypt er í staðinn heimilisaðstoð, og er þá heimilt að draga frá tekjum hjónanna, áður en skattur er á þær lagður, fjárhæð, er nemur persónufrádrætti konunnar samkvæmt 12. gr. og ⅓ af persónufrádrætti barna og annarra ómaga, sem hjónin hafa á framfæri á heimili sínu. Frádrátturinn í heild má þó aldrei vera meiri en nemur ⅔ af því, sem konan vinnur inn, og heldur ekki meiri en greitt hefur verið fyrir keypta heimilisaðstoð. Til keyptrar heimilisaðstoðar telst kaup og hlunnindi þjónustufólks á heimilum og greiðslur fyrir börn á dagheimilum. Sama gildir um einstæðar mæður, ef þær framfæra börn sín eða aðra ómaga heima og kaupa heimilisaðstoð vegna eigin öflunar skattskyldra tekna. Ekklar og ógiftir menn, sem hafa börn eða aðra ómaga á framfæri á heimili sínu og hafa haft ráðskonu eða keypt heimilisaðstoð, mega draga frá skattskyldum tekjum fjárhæð, sem nemur persónufrádrætti konu og ⅓ af persónufrádrætti ómaga sinna á heimilinu, þó ekki meira en tilkostnaðinum nemur.

k. Kostnaður við stofnun heimilis skal dreginn frá tekjum hjóna á því skattári, sem þau ganga í hjónaband, og skal sá frádráttur nema persónufrádrætti fyrir ómagalaus hjón samkvæmt 12. gr.

l. Helming af björgunarlaunum, er áhafnir skipa hljóta. Þetta gildir þó ekki um áhafnir þeirra skipa, sem eingöngu eru björgunarskip. Heimilt er að láta þetta ákvæði gilda um björgunarlaun, sem greidd voru árin 1951 og 1952, og endurgreiða skatt samkvæmt því.

m. Nú færir leigutaki í íbúðarhúsnæði sönnur á, að hann borgi hærri húsaleigu en því nemur, sem afnot húsnæðisins mundu talin til tekna, ef það væri sjálfsíbúð, og er honum þá heimilt að telja hálfan muninn til frádráttar tekjum, áður en skattur er á þær lagður. Frádráttarheimild þessi gildir þó ekki fyrir einhleypa, og húsaleigufrádrátturinn má ekki nema meiru en kr. 600.00 á ári á hvern mann, sem framteljandi hefur bæði á framfæri og í heimili.

5. Síðasta málsgr. greinarinnar orðist svo:

Tekjur þær, sem koma til greina við ákvörðun skattsins, eru skattskyldar án tillits til þess, hvernig þeim er varið, hvort heldur gjaldandi hefur þær sér

eða skylduliði sínu til framfæris, nytsemdar eða munaðar, til hjúahalds, nema til atvinnurekstrar sé, til þess að færa út bú sitt eða atvinnuveg, til umbóta á eignum sínum eða til þess að afla sér fjár, til gjafa eða hvers annars sem er.

8. gr.

2. málsgr. 11. gr. laganna orðist þannig:

Tekjur barna innan 16 ára (þar með talin stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn) teljast með tekjum foreldra. Séu tekjurnar meiri en sem nemur frádrætti fyrir börn samkvæmt 12. gr., er þó heimilt, að þau séu sjálfstæðir skattgreiðendur.

9. gr.

Fyrir 1. málsgr. 12. gr. laganna komi þrjár málsgreinar, þannig:

Frá hreinum tekjum heimilisfastra manna hér á landi, eins og þær eru ákveðnar samkvæmt lögum þessum, skal draga sem hér segir:

Fyrir einstakling kr. 6500.00.

Fyrir hjón kr. 12000.00 (6 þús. fyrir hvort).

Fyrir hvert barn kr. 4500.00.

Nú breytist kaupgjaldsvísitala til hækkunar eða lækkunar frá því sem hún var að meðaltali árið 1953, og skal þá framangreindum frádráttarupphæðum breytt í réttu hlutfalli við vísitölubreytingarnar. Brot úr hundraði skal fella niður af útkomu, þegar reiknaðar eru út frádráttarupphæðir.

Frádráttur veitist fyrir þau börn, sem ekki eru fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs, þegar skattur er á lagður. Hér með teljast stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn, sem ekki er greitt meðlag með. Fyrir aðra skylduómaga, sem skattgreiðandi hefur á framfæri sínu, veitist sami frádráttur og fyrir börn, en hafi þeir tekjur, lækkar frádrátturinn sem þeim nemur, og fellur burt, ef tekjuupphæðin nemur lögleyfðum ómagafrádrætti eða meiru.

10. gr.

Á eftir II. kafla laganna (21. gr.) kemur ný gr. (verður 22. gr.) í nýjum kafla, er verður III. kafli, með fyrirsögninni: **Um skattfrelsi sparifjár:**

Undanþegnar framtalsskyldu og eignarskatti eru innstæður í bönkum, sparisjóðum og löglegum innlánsdeildum félaga, svo sem hér segir:

a. Innstæður skattgreiðanda, sem ekkert skuldar.
b. Innstæður skattgreiðanda, er ekki skuldar meira en 120 þús. kr. samtals, enda séu þær skuldir fasteignaveðlán, tekin til 10 ára eða lengri tíma og sannanlega notuð til þess að afla fasteignanna eða endurbæta þær. Ákvæði þetta um frávik vegna fasteignaveðskulda nær ekki til félaga, sjóða eða stofnana.
c. Sá hluti innstæðna hjá öllum skattgreiðendum, sem er umfram skuldir. Innborgað hlutafé og stofnfé telst til skulda félaga í þessu sambandi.

Undanþegnir framtalsskyldu og tekjuskatti eru allir vextir af eignarskattfrjálsum innstæðum.

Þeir, sem bókhaldsskyldir eru, en njóta undanþágunnar, skulu með venjulegum hætti færa allar innstæður sínar og vexti af þeim í bækur sínar og ársreikninga.

Komi í ljós á framtölum gjaldenda ósamræmi milli ára, sem stafað getur af því, að innstæða hefur ekki verið framtalin vegna framangreindrar undanþágu, ber gjaldendum að leggja fyrir skattayfirvöld, þegar þess er krafizt, yfirlit frá innlánsstofnunum um allar innstæður sínar á tímabili því, sem um er að ræða, og einnig geta skattayfirvöld krafizt hjá innlánsstofnunum allra þeirra upplýsinga, sem þau telja þörf fyrir í þessu sambandi.

11. gr.

1. málsl. 1. málsgr. 31. gr. laganna orðist þannig:

Gjaldendur skulu skattlagðir þar, sem þeir eiga lögheimili samkv. allsherjarspjaldskrá Hagstofu Íslands hinn 1. desember á viðkomandi skattári.

12. gr.

Í stað orðanna „ófullnægjandi og óglögg og tortryggileg“ í 4. málsl. 1. málsgr. 34. gr. laganna komi: ófullnægjandi, óglögg eða tortryggileg.

13. gr.

35. gr. laganna orðist svo:

Þegar á skattgreiðanda hefur fallið vegna alvarlegra sjúkdóma tilfinnanlegur kostnaður, sem ekki er bættur samkvæmt lögum um almannatryggingar, eða veikindi, slys eða mannslát hafa skert gjaldþol hans verulega, má skattanefnd taka við umsókn hans um linun eða eftirgjöf á skattgreiðslunni og senda hana með umsögn sinni til yfirskattanefndar, er leggur úrskurð á beiðnina. Skattanefnd getur og að eigin hvötum gert tillögu til lækkunar á skattgjaldi, þegar svo er ástatt sem segir í upphafi þessarar greinar. Yfirskattanefndir geta einnig, eftir tillögum undirskattanefnda, leyft persónufrádrátt fyrir ættingja eða vandamenn, sem vitað er um, að skattþegn hefur á framfæri sínu, allt að þeirri upphæð, sem leyfð er til frádráttar fyrir skylduómaga samkvæmt 12. gr.

14. gr.

Aftan við 44. gr. laganna bætist:

Einnig er ráðuneytinu heimilt að kæra úrskurði skattanefnda með sama hætti og skattþegni sjálfum. Þó er ráðuneytið eigi bundið við kærufresti.

Ákvæði þessarar greinar skulu gilda um alla ríkisskatta, er skattanefndir fjalla um.

15. gr.

45. gr. laganna orðist svo:

Lögreglustjórar — í Reykjavík tollstjóri — innheimta tekju- og eignarskatt á manntalsþingum ár hvert. Sé skatturinn eigi greiddur innan mánaðar frá gjalddaga, skal greiða dráttarvexti, ½% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem greiðsla dregst. Nú er skattur eigi greiddur fyrir næstu áramót, eftir að hann var á lagður, og skal þá greiða 1% dráttarvexti fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem greiðsla dregst frá þeim áramótum. Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett fyllri ákvæði um innheimtuna, svo sem að gjalddagar skuli vera fleiri en einn á ári, þar sem það þykir henta, um tilbúning og sölu skattmerkja og þess háttar. Einnig getur fjármálaráðherra með reglugerð skyldað kaupgreiðendur til að gefa skýrslur um mannahald og halda eftir og skila til innheimtumanns upp í þinggjöld manna hluta af kaupi þeirra til lúkningar gjöldunum, og má í reglugerðinni setja ýtarlegri ákvæði um allt, er að þessu lýtur. Kaupgreiðandi ábyrgist þá fé það, er hann hefur haldið eftir sem geymslufé. Fé þetta og gjöld, er ekki hefur verið haldið eftir vegna vanrækslu kaupgreiðanda, má taka lögtaki hjá honum sem eigin skattar væru. Nú vanrækir kaupgreiðandi að halda fé eftir upp í gjöldin, skila innheimtufé eða umkröfðum skýrslum, og má þá einnig beita sektum, ef eigi er úr bætt innan hæfilegs frests, er innheimtumaður ákveður.

Enn fremur getur ráðherra með reglugerð ákveðið, að innheimta skuli fyrir fram upp í væntanlega skatta yfirstandandi árs hjá hverjum gjaldanda fjárhæð, er nemi allt að helmingi þeirra þinggjalda, sem honum bar að greiða næstliðið ár.

Nú breytir ríkisskattanefnd skatti svo seint, að tilkynning um það hefur eigi náð innheimtumanni fyrir gjalddaga skattsins, og skal hann þá innheimta eða endurgreiða þann skatt síðar á árinu.

16. gr.

Á eftir 55. gr. laganna komi fimm nýjar greinar, svo hljóðandi:

a. (63. gr.) Auk þess tekjuskatts, sem ákveðinn er í 6. gr., skulu þeir skattgreiðendur, sem taldir eru í 3. gr., greiða skattauka árið 1954 af tekjum ársins 1953 samkvæmt eftirfarandi reglum:

Af skattskyldum tekjum lægri en 8000 kr. greiðist enginn skattauki.
Af skattskyldum tekjum yfir 8000 kr., en undir 9000 kr., greiðist 2%.

Af	9—	10	þús.	kr.	greiðist		20	kr.	af	9	þús.	kr.	og	4	%	af	afgangi	
—	10—	12	—	—	—		60	—	—	10	—	—	—	5	%	—	—	
—	12—	14	—	—	—		160	—	—	12	—	—	—	6	%	—	—	
—	14—	17	—	—	—		280	—	—	14	—	—	—	7	%	—	—	
—	17—	20	—	—	—		490	—	—	17	—	—	—	8	%	—	—	
—	20—	25	—	—	—		730	—	—	20	—	—	—	9	%	—	—	
—	25—	30	—	—	—		1180	—	—	25	—	—	—	10	%	—	—	
—	30—	40	—	—	—		1680	—	—	30	—	—	—	11	%	—	—	
—	40—	100	—	—	—		2780	—	—	40	—	—	—	12	%	—	—	
—	100—	125	—	—	—		9980	—	—	100	—	—	—	10	%	—	—	
—	125—	150	—	—	—		12480	—	—	125	—	—	—	7	%	—	—	
—	150—	200	—	—	—		14230	—	—	150	—	—	—	5	%	—	—	
—	200		—	—	—		16730	—	—	200	—	—						

Um álagningu, gjalddaga, dráttarvexti, lögtaksrétt, viðurlög og innheimtu þessa skatts gilda sömu reglur og um tekjuskatt og eignarskatt.

b. (64. gr.) Þegar reiknaður hefur verið tekjuskattur þeirra, er um ræðir í 6. gr. II—III, og tekjuskattsviðauki samkvæmt 63. gr., skal árið 1954 skattupphæð hvers einstaks gjaldanda, af tekjum ársins 1953, lækkuð um 20% — tuttugu af hundraði.

c. (65. gr.) Stríðsgróðaskattur samkvæmt lögum nr. 21/1942, sem árið 1954 er lagður á tekjur ársins 1953, skal lækkaður hjá hverjum einstökum gjaldanda um 20% — tuttugu af hundraði.

d. (66. gr.) Eigi er heimilt að leggja tekjuútsvar á þann hluta hreinna tekna, sem er umfram 200 þús. kr. hjá þeim gjaldanda, er greiðir stríðsgróðaskatt.

e. (67. gr.) Eignarskattur samkvæmt 14. gr., á lagður árið 1954, skal innheimtur með 50% álagi.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við skattálagningu 1954 á tekjur ársins 1953. Jafnframt er úr gildi numin 1. gr., hluti af 4. gr. (a- og b-liðir), 5. gr. og hluti af 14. gr. (a- og i-liðir) laga nr. 20 1942, lög nr. 16 1949 og lög nr. 60 1949, um breyt. á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

18. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra, ásamt meginmáli eldri laga um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, að því leyti sem þau eru enn í gildi, inn í lög nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, og gefa þau út svo breytt.

Ed. 768. Nefndarálit [189. mál]

um frv. til l. um stofnun prófessorsembættis í læknadeild Háskóla Íslands og starfrækslu rannsóknarstofu í líffæra- og lífeðlisfræði.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 8. apríl 1954.

Ingólfur Flygenring, form. Andrés Eyjólfsson, fundaskr. Haraldur Guðmundsson, frsm.
Bernh. Stefánsson. Sigurður Ó. Ólafsson.

Ed. 769. Nefndarálit [197. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 28/1940, um friðun hreindýra og eftirlit með þeim.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur orðið sammála og leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 8. apríl 1954.

Ingólfur Flygenring, form., frsm. Andrés Eyjólfsson, fundaskr. Haraldur Guðmundsson.
Bernh. Stefánsson. Sigurður Ó. Ólafsson.

Ed. 770. Nefndarálit [168. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 59 7. maí 1946, um sérstakar fyrningarafskriftir.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með frumvarpinu óbreyttu, en einn nefndarmanna (HG) skrifar þó undir þetta nefndarálit með fyrirvara. Annar nefndarmaður (LJóh) var fjarstaddur við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 8. apríl 1954.

Bernh. Stefánsson, form., frsm. Gísli Jónsson. Karl Kristjánsson.
Haraldur Guðmundsson, með fyrirvara.

Ed. 771. Nefndarálit [193. mál]

um frv. til l. um brunatryggingar utan Reykjavíkur.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. nefndarinnar (LJóh, SÓÓ og GÍG) taldi rétt að leita umsagnar Brunabótafélags Íslands um frv., áður en nefndin tæki afstöðu til þess. Minni hl. nefndarinnar (HermJ og PZ) vildi hins vegar ekki bíða eða leita umsagnar Brunabótafélagsins og hefur gefið út sérstakt nefndarálit.

Af umsögn þeirri, sem nefndinni barst frá Brunabótafélagi Íslands um frv., sést, að óhjákvæmilegt er að taka löggjöfina um Brunabótafélag Íslands til endurskoðunar ásamt annarri gildandi löggjöf um brunatryggingar utan Reykjavíkur — og ekki hvað sízt eigi frv. þetta nú fram að ganga. Hefur meiri hl. nefndarinnar því orðið sammála um að leggja til, að lögfest verði fyrirmæli um slíka endurskoðun, um leið og hann mælir með því, að frv. verði samþykkt. Að öðru leyti vísast til meðfylgjandi umsagnar Brunabótafélags Íslands um málið.

Samkvæmt þessu leggur undirritaður meiri hl. nefndarinnar til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Á eftir orðunum „Reykjavíkur er heimilt“ í 1. málsgr. komi: frá 15. okt. 1955.
2. Við 3. gr. Orðin „í hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélagi“ í síðari málsgr. falli niður.
3. Í stað 5. gr. komi tvær greinar, svo hljóðandi:
   a. (5. gr.) Sameinað Alþingi kýs hlutfallskosningu fimm manna nefnd til þess að endurskoða lög um Brunabótafélag Íslands og önnur lagafyrirmæli um brunamál utan Reykjavíkur. Nefndin kýs sér formann og skal í starfi sínu hafa samráð við forstjóra Brunabótafélags Íslands. Nefndin skal ljúka störfum það snemma, að unnt verði að leggja frv. um þetta efni fyrir næsta reglulegt Alþingi.
   b. (6. gr.) Lög þessi öðlast þegar gildi.

Alþingi, 8. apríl 1954.

Lárus Jóhannesson, fundaskr.	Sigurður Ó. Ólafsson, frsm.	Guðm. Í. Guðmundsson.

Fylgiskjal I.

BRUNABÓTAFÉLAG ÍSLANDS

Háttvirt allsherjarnefnd efri deildar Alþingis hefur með bréfi, dags. 2. þ. m., sent oss til umsagnar frumvarp til laga um brunatryggingar utan Reykjavíkur. Fer hér á eftir umsögn vor og álit um málefni það, sem frumvarpið fjallar um.

Til brunatryggingar er stofnað í því augnamiði að tryggja vátryggðum fullar bætur fyrir þann skaða, sem hann kann að líða af völdum eldsvoða, gegn því, að greitt sé sérstakt ákveðið gjald, svonefnt iðgjald. Þegar iðgjöld eru ákveðin, er stuðzt við reynslu liðinna ára og iðgjöldin ákveðin þannig, að þau nægi fyrst og fremst til lögákveðinna bótagreiðslna.

Upphæð iðgjaldsins á hverjum stað fer eftir því, hve tíð og stór brunatjónin eru, sem og dreifingu áhættunnar, en brunatjónin gefa í flestum tilfellum rétta

mynd af ástandi byggingar- og skipulagsmála, og ekki sízt ástandi brunavarnanna á hverjum stað.

Í umræðum um mál þetta hefur aðallega verið gerður samanburður á iðgjöldum í Reykjavík og svo á hinum ýmsu stöðum á landinu, sem tryggja hjá Brunabótafélagi Íslands.

Þegar slíkur samanburður (sem alls ekki er einhlítur, þegar um ólíkar aðstæður er að ræða) er gerður á iðgjöldum, er sagan ekki nema hálfsögð og alls ekki rétt, nema einnig sé meðreiknuð upphæð brunatjóna á hverjum stað. Því eins og áður er sagt er til tryggingarinnar stofnað til þess að bæta brunatjónin. Skal hér gerður stuttur samanburður á þessu.

Á árunum 1944 til 1953 greiðir vátryggingarfélag það, sem hefur brunatryggingar húseigna í Reykjavík, kr. 7 270 185.00 í bætur, en Brunabótafélag Íslands greiðir á sama tímabili kr. 16 986 498.87. Nú eru vátryggingarverðmætin mjög áþekk í Reykjavík og utan Reykjavíkur eða 2.9 milljarðar í Reykjavík, en 2.5 milljarðar utan Reykjavíkur. Sést á þessu, hve tryggingar utan Reykjavíkur eru miklu áhættumeiri.

Meðaliðgjald í Reykjavík er 1.247948‰, en utan Reykjavíkur 2.617107‰. Þ. e. a. s. iðgjöldin hjá Brunabótafélagi Íslands og þau iðgjöld, sem nú eru í Reykjavík og gilda eiga um næstu fimm ár, haldast nokkurn veginn í hendur, miðað við þá áhættu, sem um er að ræða á hvorum stað.

Varðandi meðaliðgjöld ber að gæta þess, að timburhús eru sem næst 40% af tryggingarstofni Brunabótafélagsins, en aðeins 20.1% af tryggingarverðmætum í Reykjavík.

Enn fremur er rétt að gera sér ljóst, að Reykjavíkurbær hefur varið til brunamála síðustu níu árin 14.7 millj. kr. Hins vegar eru stór svæði af tryggingarumdæmi Brunabótafélags Íslands ýmist alveg án brunavarna eða þær mjög ófullkomnar, enn sem komið er.

Í því sambandi skal bent á það, að Brunabótafélag Íslands er með lögum nr. 37 frá 1948 gert að skyldu að greiða allan kostnað við Brunavarnaeftirlit ríkisins. Sá kostnaður nemur nú árlega hátt á annað hundrað þúsund krónum. Brunabótafélagið hefur ekki talið þetta eftir, enda sýnir það sig í því, að það rekur jafnhliða verkstæði, sem eingöngu fæst við smíði og útvegun brunavarnaáhalda og tækja og hefur meðal annars smíðað yfir 20 brunabíla, sem dreifðir eru víðs vegar um landið. Enn fremur hefur félagið flutt inn slökkvitæki alls konar og dreift þeim til hinna ýmsu staða. Alla þessa aðstoð hefur félagið veitt á þann hátt, að bæjar- og sveitarfélög hafa ekki þurft að greiða eina krónu úr bæjar- og sveitarsjóði, heldur hefur félagið afhent tækin í sérstöku afsláttar- eða bonus-formi.

Í tveim hreppum í nágrenni Reykjavíkur, Kópavogs- og Seltjarnarneshreppi, hefur Brunabótafélagið greitt til hreppanna sjálfra 15% af iðgjöldunum til að standast straum af greiðslu til slökkviliðs Reykjavíkur, er fengið væri til aðstoðar, ef bruna bæri að höndum.

Hér við bætist, að stórum meiri hluta varasjóðs félagsins hefur verið varið til vatnsveitulána. Vatnsveitulán nema nú að meðtöldum slökkvitækjalánum rúml. 13 millj. kr. Öll eru lán þessi veitt til langs tíma (20 ára) og með hagstæðum vaxtakjörum.

Markmið félagsins með þessu hefur verið það að auka og bæta brunavarnir út um landið og á þann hátt stuðla að lækkun iðgjalda á brunatryggingum húseigna sem og lausafjármuna.

Árangur af þessari starfsemi félagsins er þegar farinn að koma í ljós í lækkaðri brunaprósentu, sem svo leiðir af sér lækkuð iðgjöld.

Á síðastl. hausti voru öll iðgjöld hjá Brunabótafélagi Íslands lækkuð um 5—25%. Gerðir hafa verið sérstakir samningar við þrjá kaupstaði um lækkun iðgjalda, jafnhliða því sem brunavarnir voru bættar. Veitti félagið viðkomandi bæjarfélögum bæði fjárhagslegan og tæknilegan stuðning í þessu sambandi. Lækkun iðgjalda

samkv. þessum sérsamningum nemur allt upp í 50%, og eru iðgjöld samkv. þeim allt niður í 0.6‰. Auk þess er greiddur til þeirra bæjarfélaga, sem samið hefur verið sérstaklega við, ágóðahluti af rekstri tryggingánna á hverjum stað.

Sams konar samningar standa öllum bæjar- og sveitarfélögum til boða (sjá meðfylgjandi umburðarbréf félagsins frá 1950 og 1953). Á þessa samninga er af hálfu félagsins litið sem byrjunarspor í þá átt, að með samvinnu félagsins og bæjar- og sveitarstjórna verði hægt að halda enn lengra á sömu braut.

Hér fer á eftir yfirlit um iðgjöld á íbúðarhúsum hjá Brunabótafélagi Íslands og í Reykjavík:

Iðgjöld hjá Brunabótafélagi Íslands:

Steinhús: 0.6 — 0.75 — 0.825 — 1.02 — 1.275 — 1.36 — 1.5 — 1.53 — 1.6 — 1.8 — 1.91‰.
Timburhús eldvarin: 2.125 — 2.5 — 2.7 — 2.95 — 3.2‰ allt eftir því, á hvaða stigi brunavarnir eru á hverjum stað, og með tilliti til þess, hvernig frágangur húsanna er, sem og fjarlægð þeirra frá öðrum húsum.

Einstök dæmi: Á Akureyri og í Hafnarfirði eru þessi iðgjöld á meginhluta steinhúsa: 0.6 — 0.825‰. 1.5‰ iðgj. fá þau steinhús, sem eru að mestu eða öllu leyti innréttuð með timbri. Eldvarin timburhús 2.7‰.

Í Kópavogs- og Seltjarnarneshreppi eru iðgjöld þessi, þegar frá hefur verið dreginn 15% afsláttur, sem greiddur er til hreppanna til þess að standa straum af brunavörnum: Steinhús: 1.02—1.53‰, timburhús eldvarin og óeldvarin: 2.125‰.

Iðgjöld í Reykjavík: Steinhús 0.7‰, timburhús eldvarin 1.925‰.

Ef gerður er samanburður á iðgjöldum á þeim stöðum út um landið, þar sem miðað er við ófullkomnar eða engar brunavarnir, og iðgjöldum í Reykjavík, er nauðsynlegt, svo að sambærilegar tölur fáist, að bæta við Reykjavíkur-iðgjöldin beinum árlegum útgjöldum bæjarfélagsins til brunamála, eða sem næst 1‰. Auk þessa verður að taka tillit til hlutfallstölu á milli greiddra tjóna á tryggingarsvæði Reykjavíkur og á tryggingarsvæðinu utan Reykjavíkur, sbr. uppgefnar tölur hér að framan. Athygli skal enn fremur vakin á því, að algerlega er rangt við samanburð á iðgjöldum að reikna Reykjavíkur-iðgjöldin fyrst niður um yfir 40%, eins og sumir hafa leyft sér að gera til þess að fegra tölur sínar, fyrst og fremst vegna þess, að samanburðinn ber að miða við þau iðgjöld, sem gilda eiga um næstu fimm ár í Reykjavíkur-kaupstað. Ella verður slíkur samanburður eins óraunhæfur og ef tekið væri vöruverð tveggja smásöluverzlana og borið saman á þeim grundvelli, að upp væri gefið smásöluverð hjá annarri, en innkaups- eða heildsöluverð hjá hinni.

Þegar Brunabótafélagið var stofnað, voru allar tryggingar í höndum erlendra félaga, og er talið, að meðaliðgjald af húsum, sem greiða varð á hinum frjálsa markaði, hafi verið milli 8 og 9‰ utan Reykjavíkur.

Öll þessi iðgjöld runnu út úr landinu. Í upphafi gat félagið að sjálfsögðu ekki tekið nema takmarkaða áhættu á sig, en jók hana smátt og smátt, eftir því sem varasjóður félagsins óx, og er nú svo komið, að félagið ber sjálft 75% af áhættunni, en endurtryggir 25%. Frá því 1944 hefur verið endurtryggt hjá innlendu félagi, Íslenzkri endurtryggingu, Reykjavík, sem einnig tekur nokkra áhættu af tryggingum félagsins, svo að sá hluti iðgjalda, sem út úr landinu fer, er orðinn alveg hverfandi. Ber hér að undirstrika, hvern gjaldeyrissparnað þetta hefur í för með sér.

Varasjóður félagsins nemur nú eftir nærfellt fjörutíu ára starfsemi 19,2 millj. kr. Ýmsum kann fljótt á litið að þykja þetta mikið fé, en þess ber að gæta, að stór hluti þessa sjóðs er til orðinn fyrir vaxtasöfnun, enda nema vaxtatekjur félagsins nú rúml. 900 þúsundum króna árlega. Til samanburðar má taka annað gagnkvæmt tryggingarfélag íslenzkt, sem stofnað var 1946. Í málgagni þess — Samvinnutryggging — er þess getið, að sjóðir þess séu eftir 6 ára starf, eða pr. 31/12. 1952, 16.4 millj. kr., og ári síðar lætur nefnt félag þess getið í tilboði sínu til Reykjavíkurbæjar, að sjóðir þess nemi 20 millj. króna eftir aðeins 7 ára starfrækslu.

Vér höfum hér að framan gert stutta grein fyrir starfsemi Brunabótafélags Íslands, og er þar aðeins stiklað á stóru einu, enda naumur tími ætlaður til undirbúnings, en af nægu að taka.

Vér teljum það ekki hlutverk vort að dæma um starfsemi félagsins, en viljum taka það fram, að það hefur ávallt vakað fyrir forráðamönnum félagsins að vinna málstað þess sem mest gagn með því að reka það í þeim anda, sem Alþingi ætlast til, með hagsmuni einstakra félagsmanna, félagsdeilda og alþjóðar fyrir augum.

Út af ákvæðum frumvarps um brunatryggingar utan Reykjavíkur (þskj. 622) viljum vér taka þetta fram:

I. Brunabótafélag Íslands, sem er gagnkvæmt ábyrgðarfélag vátryggjenda, var stofnað til þess að hafa allar brunatryggingar húseigna utan Reykjavíkur með höndum. Hér er því um félag eða stofnun að ræða, sem vátryggjendur sjálfir eiga og reka og rekið er einvörðungu með hagsmuni þeirra sjálfra fyrir augum. Oss virðist því sízt vera til hagsbóta fyrir hina einstöku félagsmenn eða félagsdeildir, að forráðamönnum bæjar- og sveitarfélaga sé í sjálfsvald sett, hvort þeir tryggja hjá sínu eigin félagi eða einhverjum öðrum, og gangi þannig á eigin hagsmuni og aðstöðu, sem náðst hefur á hartnær fjörutíu ára starfstíma, einkum nú, þegar það hefur eignazt traustan varasjóð og hafin er úthlutun arðs, en af tekjum síðasta árs voru lagðar í arðjöfnunarsjóð í því skyni 700 þúsund krónur.

II. Þá teljum vér það ótvíræð rök móti frumvarpi þessu, að Reykjavíkurbær, sem haft hefur frelsi til þess að bjóða tryggingar sínar út um þrjátíu ára skeið, eða síðan hann gekk úr tryggingarfélagi dönsku kaupstaðanna 1924, hefur á yfirstandandi Alþingi farið fram á lagaheimild til þess, að Reykjavíkurbær megi sjálfur taka tryggingarnar í sínar hendur, og er þar með eftir 30 ára hrakninga milli félaga kominn á þá sömu skoðun, sem lá að baki stofnunar Brunabótafélags Íslands 1915. Munurinn er þó sá, að nú eiga bæjar- og sveitarfélög utan Reykjavíkur traustan varasjóð í félagi sínu, en Reykjavík verður að byrja frá grunni með tvær hendur tómar.

III. Vér teljum, að með því að kljúfa samtryggingu þá, sem verið hefur með bæjar- og sveitarfélögum utan Reykjavíkur, sé farið inn á hættulega braut, ekki hvað hagsmuni Brunabótafélags Íslands áhrærir, heldur fyrir hagsmuni tryggjenda á hinum ýmsu stöðum, þar eð reynslan sýnir, að því takmarkaðri sem dreifingin verður, því áhættumeiri og ótraustari verður grundvöllur trygginganna, og leiðir það óhjákvæmilega af sér óvissu um iðgjöld frá ári til árs. Nærtækt dæmi er, að á síðastl. ári varð brunatjón í einu kauptúni sem svarar 20 ára iðgjaldagreiðslu sveitarfélagsins. Áþekk dæmi munu raunar hafa komið fyrir í flestum deildum innan félagsins á skiptandi tímabilum. Eftir því sem dreifing áhættunnar er víðtækari, gætir slíkra fyrirbrigða minna, enda er það undirstaða vátryggingarstarfseminnar, að þótt halli sé á einum stað eða einstökum tryggingum, er ábati á öðrum.

Að lokum viljum vér taka þetta fram, að undirritaður forstjóri Brunabótafélags Íslands hefur áður hreyft því við hæstvirtan félagsmálaráðherra, að rétt væri að breyta skipulagi og stjórn félagsins á þann veg, að bæjar- og sýslufélög kysu sérstaka fulltrúa, er hefðu beinan íhlutunarrétt um ákvörðun iðgjalda og rekstur félagsins yfirleitt. Jafnframt væri þeim bæjar- eða sveitarfélögum, sem þess óska, gefinn kostur á að taka í eigin ábyrgð hluta trygginganna á hverjum stað. Vér teljum því mjög nauðsynlegt, að þetta mál verði athugað gaumgæfilega og undirbúið í heild. Ef breyta á starfsháttum og skipulagi stofnunar eins og Brunabótafélags Íslands, sem starfað hefur í hartnær fjörutíu ár að brunatryggingum og brunavörnum í landinu í samræmi við lagaákvæði, þar sem fyrir er mælt um takmörkuð réttindi og ákveðnar skyldur félagsins, þá megi ekki í skyndi rasa um ráð fram með breytingar á sérstökum þætti stofnunarinnar, án þess að gæta þess, að réttindi og skyldur hennar haldist í hendur.

Fram er nú komin á Alþingi tillaga til þingsályktunar um athugun á brunatryggingu húseigna utan Reykjavíkur, er þá mundi leiða til endurskoðunar á

lögum um Brunabótafélag Íslands. Vér teljum mjög eðlilegt, að sú athugun fari fram, og munum vér fúslega gefa allar upplýsingar í því sambandi og benda á, hvað vér teljum til bóta horfa.

Með tilvísun til framanritaðs er það niðurstaða vor, að ekki sé nú tímabært, í þinglok og án undangenginnar nákvæmrar heildarathugunar, að samþykkja frumvarp það til laga um brunatryggingar utan Reykjavíkur, sem oss hefur verið sent til umsagnar. Vér leggjum því eindregið til, að frumvarp þetta nái ekki fram að ganga á yfirstandandi Alþingi, en í stað þess fari fram heildarendurskoðun og athugun á þessu máli og ný eða breytt löggjöf sett um þetta efni strax á næsta Alþingi.

Reykjavík, 5. apríl 1954.

Virðingarfyllst,

Brunabótafélag Íslands,

Stefán Jóh. Stefánsson.

Ásgeir Ólafsson.

Til allsherjarnefndar Efri deildar Alþingis.

Fylgiskjal II.

BRUNABÓTAFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, febrúar 1950.

Til bæjarstjórnar ..... kaupstaðar.

Á síðustu árum hafa einstaka menn úr bæjarstjórnum kaupstaða komið því til leiðar, að flutt hafa verið frumvörp á Alþingi um heimild sérstakra kaupstaða til þess að losna við ákvæði laga nr. 73 4. júlí 1942, um Brunabótafélag Íslands, til þess að leita eftir brunavátryggingum fyrir fasteignir hjá öðrum brunabótafélögum. Frumvörp þessi hefur dagað uppi og ekki átt fylgi að fagna á Alþingi. En nú hefur þess orðið vart, að bæjarstjórn Siglufjarðar hefur leitað til bæjarstjórnar annarra kaupstaða um samtök til þess að hafa uppi þá kröfu á Alþingi, að kaupstaðirnir losni við ákvæði fyrrgreindra laga um Brunabótafélag Íslands, með það fyrir augum að leita eftir vátryggingum annars staðar. Þar sem oss virðist, að óskir þessar byggist að verulegu leyti á grundvallarmisskilningi og lítið athuguðu máli, þá þykir oss rétt að skrifa öllum bæjarstjórnum utan Reykjavíkur um mál þetta og upplýsa þau meginatriði, sem liggja til grundvallar því, að hagsmunum bæjarfélaganna sjálfra, hvað brunabótatryggingu fasteigna snertir, hljóti að vera bezt borgið — ekki hvað sízt til frambúðar — með samstarfi innan Brunabótafélags Íslands.

Þess er þá fyrst að geta, að Brunabótafélag Íslands er ekki það fyrirtæki, er hefur það takmark að skapa óviðkomandi aðilum eða einstökum mönnum, utan fasteignaeigendahópsins, hagnað og gróða af þessum vátryggingum. Félagið var stofnað og hefur eingöngu verið starfrækt til þess að skapa þeim, er eignir sínar tryggja, sem bezt og hagkvæmust kjör. Brunabótafélagið er, eins og segir í 1. gr. laga þess, „gagnkvæmt ábyrgðarfélag vátryggjenda“, og eins og segir í 8. gr. nefndra laga eru „allir þeir, sem skyldir eru til vátrygginga hjá félaginu ..... félagsmenn þess“. Hér er því eingöngu um að ræða félag eða stofnun, sem vátryggjendur sjálfir eiga og reka ber og rekið er einvörðungu með hagsmuni þeirra sjálfra fyrir augum, en ekki til hagsmuna eða gróða fyrir óviðkomandi aðila.

Af þessu leiðir óhjákvæmilega það, að Brunabótafélagið er hagsmunasamtök vátryggjenda sjálfra, og sá myndarlegi varasjóður, sem safnazt hefur hjá Brunabótafélaginu, er eingöngu til þess að mæta skakkaföllum, er fyrir kynnu að koma, og er því í raun og veru sameignarsjóður vátryggjenda.

Það er tekið fram í 16. gr. laganna um Brunabótafélagið, að hvert bæjarfélag og sveitarfélag telst deild í félaginu, og í 17. gr. laganna er gert ráð fyrir því, að félagið safni sér varasjóði, sem tryggi örugga fjárhagsafkomu þess, og geti þá síðar greitt félagsdeildunum af tekjuafgangi ágóðahlut eða lækkað iðgjöldin.

Starfsemi og rekstur Brunabótafélags Íslands, eins og annarra vátryggingafélaga, sem eru eingöngu eign vátryggjendanna sjálfra, byggist fyrst og fremst á því, að iðgjöld séu ákvörðuð þannig, að þau nægi til lögákveðinnar bótagreiðslu og öruggs rekstrar félagsins. Þau eru því ekki sett hærri en það, eftir langri og víðtækri reynslu, sem fengizt hefur af þriðjungs aldar starfsemi félagsins, að ætla megi, að þau nægi örugglega til þess að standa straum af greiðslum á tjónum og einnig til þess að skapa félaginu traustan, fjárhagslegan grundvöll. Það geta svo að sjálfsögðu, eins og í allri vátryggingarstarfsemi, orðið mjög misjöfn tjón frá ári til árs, og eins hitt, að tjónin verði meiri á þessum stað en hinum á skiptandi tímabilum. En allt verður þetta, í samræmi við eðli og rekstur vátrygginga, að jafnast á æði löngu árabili, og kemur þannig til greina samhjálp vátryggjendanna í gagnkvæmu ábyrgðarfélagi.

Brunabótafélag Íslands kostar kapps um það að ákvarða ekki iðgjöld hærri en áhætta og rekstur útheimtir, og þegar þess er eða verður kostur lækka þau eftir því, sem frekast er unnt. Þar kemur og margt til greina, og á sumt verður drepið hér á eftir, og má þar ekki sízt til nefna öflugan varasjóð og auknar og bættar brunavarnir, skipulag og byggingarefni í kaupstöðum.

Til þess að varpa nokkru ljósi á það, hver hefur verið afkoma Brunabótafélagsins, hvað snertir vátryggingar fasteigna í kaupstöðum landsins undanfarin ár, skal þess getið, sem hér á eftir fer:

Ef tekin eru til athugunar 10 síðustu starfsár Brunabótafélags Íslands, eða frá 15. okt. 1939 til 15. okt. 1949, hvað snertir brunatjón og kostnað annars vegar og iðgjaldagreiðslur hins vegar, í 11 kaupstöðum landsins (Akranes, Akureyri, Hafnarfjörður, Ísafjörður, Keflavík, Neskaupstaður, Ólafsfjörður, Sauðárkrókur, Seyðisfjörður, Siglufjörður og Vestmannaeyjar), þá kemur það í ljós, eins og algengt er í allri tryggingarstarfsemi, að gróði, mjög misjafnlega mikill, hefur á þessu tímabili orðið af vátryggingunum í 9 kaupstöðum, en tap af 2. Samanlagt hafa brunatjón og kostnaður á þessu 10 ára tímabili, af fasteignavátryggingum í þessum 11 kaupstöðum, numið 83.32% af heildariðgjöldunum, eða hagnaður alls orðið 16.68% af iðgjöldunum, og nemur hann samtals kr. 1 446 967.00, sem lagður hefur verið í varasjóð.

Um hina einstöku kaupstaði, á þessu tímabili, skal tekið fram:

Akranes. Brunatjón og kostnaður 260% af iðgjöldum. Tap alls kr. 832 432.41.

Akureyri: Brunatjón og kostnaður 81.60% af iðgjöldum. Gróði kr. 338 609.33, eða 18.4% iðgjalda. Á 6 fyrstu árum þessa tímabils var verulegt tap á vátryggingunum.

Hafnarfjörður: Brunatjón og kostnaður 45.949% af iðgjöldum og því gróði, er nemur kr. 780 721.75, eða 54.05% iðgjalda.

Ísafjörður: Brunatjón og kostnaður 100.89% iðgjalda. Tap kr. 7.520.75.

Keflavík: Brunatjón og kostnaður 99.56% iðgjalda. Gróði kr. 3 476.91, eða 0.44% iðgjalda.

Neskaupstaður: Brunatjón og kostnaður 45.44% iðgjalda. Gróði kr. 160 913.20, eða 54.56% iðgjalda.

Ólafsfjörður: Brunatjón og kostnaður 37.26%. Gróði kr. 88 184.07, eða 62.74% iðgjalda.

Sauðárkrókur: Brunatjón og kostnaður 34.45% iðgjalda. Gróði kr. 128 426.33, eða 65.55% iðgjalda.

Seyðisfjörður: Brunatjón og kostnaður 41.31% iðgjalda. Gróði kr. 192 761.08, eða 58.69%.

Siglufjörður: Brunatjón og kostnaður 93 33% iðgjalda. Gróði kr. 91 099.53, eða 6.67%.

Vestmannaeyjar: Brunatjón og kostnaður 44.92% iðgjalda. Gróði kr. 502 717.97, eða 55.08%.

Yfirlit þetta þarfnast lítilla skýringa. Það sýnir, eins og venja er í vátryggingum, að tjónin eru misjöfn, bæði frá ári til árs og á einstöku stöðum. Sums staðar er hagnaður, þó misjafn sé, annars staðar berst í bökkum, og á einstaka stað tap. Heildargróði þessara 10 ára er ekki hár af vátryggingum í 11 kaupstöðum.

Honum er öllum ráðstafað til varasjóðs, sem er raunverulega eign allra vátryggjenda. Kemur hér í ljós það höfuðeinkenni vátryggingarstarfsemi, að þeir, sem illa hafa orðið úti, njóta aðstoðar hinna, sem betur hefur vegnað. En fljótt geta orðið endaskipti og atburðirnir hagað því þannig, að sá, sem áður naut aðstoðar, veiti hinum, er verða kann fyrir stórum skakkaföllum. Í kaupstöðum er enn þá því miður mikið af stórum áhættusvæðum, en brunavarnir ekki eins fullkomnar og skyldi, geta því að höndum borið mjög stór tjón. Minnisstætt er nú síðast, og sem ekki hefur komið inn á þetta yfirlit, hið mikla tjón í Vestmannaeyjum.

Yfirlitið ætti að leiða það í ljós, að upphæð iðgjalda hefur eftir ástæðum verið stillt í hóf.

Til rökstuðnings óskunum um að ganga úr Brunabótafélagi Íslands hafa þær ástæður helzt verið hafðar uppi, að iðgjöld þau, er greiða þarf fyrir brunatryggingar fasteigna í Reykjavík, séu mun lægri en iðgjöldin úr öðrum kaupstöðum til Brunabótafélagsins. En þessi samanburður og röksemd fær ekki staðizt. Aðstæðurnar í Reykjavík eru mjög ólíkar, samanborið við aðra kaupstaði. Í Reykjavík er fast stórt, sístarfandi brunalið, búið þeim beztu tækjum, sem til eru hér á landi, með stórri og myndarlegri slökkvistöð. Kostnaður af brunaliði, tækjum og öðru viðkomandi brunavörnum var áætlaður árið 1949 kr. 1 400 000.00. Aðgangur að vatni er vel tiltækur um alla borgina, margir brunahanar og sérstakt brunasímakerfi. Hinum stóru áhættusvæðum fækkar nú óðum í Reykjavík, og timburhúsin eru orðin *tiltölulega mjög fá í hlutfalli við steinhús, og þannig mætti lengi telja.* Reykjavík hlýtur því að hafa nokkra sérstöðu, hvað þetta snertir, a. m. k. um skeið. En vera má, að í sumum kaupstöðum utan Reykjavíkur færist þetta smám saman í svipað hlutfallslegt horf, og mun það þá vissulega leiða til verulegra iðgjaldalækkana.

Þá er vert að minnast á það, sem hér á undan hefur verið drepið á, að Brunabótafélag Íslands hefur í mörg ár kostað kapps um það að auka og efla brunavarnir, og hefur það víða leitt til verulegra iðgjaldalækkana. Hefur þessi aðstoð félagsins einkum verið í því fólgin:

1) að halda uppi og kosta eftirlit með brunavörnum,
2) að útvega og útbúa hentug og ódýr slökkvitæki með hagkvæmum greiðsluskilmálum og
3) að lána fé til vatnsveitna og sjóveitu.

Skal nú minnzt á hvert þessara atriða fyrir sig.

Um 1. Árið 1929 var gerður sá viðauki við brunamálalögin frá 1907, að skipaður skyldi sérstakur eftirlitsmaður með því, að lögunum yrði framfylgt. Var Geir G. Zoëga falið eftirlitsstarf þetta, og hefur hann gegnt því síðan. En frá 1934 hefur hann haft aðstoðarmann við starfið, Erlend Halldórsson vélstjóra í Hafnarfirði, og hefur hann fyrir hönd Brunabótafélagsins ferðazt um landið milli vátryggingarstaða til eftirlits og leiðbeiningar um brunavarnir. Var Erlendur árið 1941 ráðinn fastur starfsmaður félagsins við brunavarnaeftirlitið og einnig við starfræksluna, sem getur um hér á eftir undir 2. Allan kostnað við þetta brunavarnastarf greiðir Brunabótafélagið, og er það engum efa bundið, að það hefur bætt og aukið brunavarnirnar. Hefur þessi starfsemi félagsins orðið vátryggjendum að miklu liði og bæjarfélögunum til mikilla hagsbóta. Verður það mjög dregið í efa, að önnur brunavátryggingarfélög fasteigna hefðu á sama hátt kostað slíka starfsemi. Kostnaður við þetta eftirlit nam á síðasta ári kr. 73 470.27.

Um 2. Um mörg undanfarin ár hefur Brunabótafélagið kostað kapps um að láta útbúa og hafa á boðstólum hagkvæm og fullkomin brunavarnatæki. Keypti Brunabótafélagið í þessu skyni árið 1945 hentugt húsnæði, þar sem útbúin hefur verið myndarleg vinnustöð, og vinna þar nú að staðaldri 5—6 manns, sem starfa að nýsmíði slökkvibíla og að viðgerðum á gömlum slökkvitækjum, sem send eru þangað víðs vegar af landinu. Þar er og birgðageymsla fyrir innflutt slökkvitæki, en félagið hefur annazt innkaup þeirra beint frá framleiðendum erlendis og selur þau aftur bæjar- og sveitarfélögum við kostnaðarverði. Fyrrgreindur eftirlitsmaður með brunavörnum, Erlendur Halldórsson, veitir vinnustað þessum forstöðu og hefur þar skrifstofu sína. Brunavarnatæki þessi hafa reynzt vel og eftirspurn þeirra verið mikil.

Brunabótafélagið hefur haft þann hátt að veita mörgum kaupstöðum og stórum kauptúnum lán til kaupa á slökkvivélatækjum og öðru varðandi brunavarnir. Fyrir 10 árum síðan, eða 14. okt. 1939, námu eftirstöðvar þessara lán kr. 155 407.67, en á 10 síðustu árum, eða til 14. okt. 1949, nema þessi lán kr. 1 244 193.36, og eru ógreiddar eftirstöðvar af þeim nú kr. 806 040.26. Hefur Brunabótafélagið því hlaupið undir bagga að mjög verulegu leyti með kaupstöðunum til brunavarna.

Slökkvibílar þeir, sem fyrrgreind vinnustöð félagsins hefur útbúið, hafa verið mjög eftirsóttir og reynast vel. Á 10 síðustu árum, en þó aðallega á 3—4 síðustu árum, hafa 8 kaupstaðir fengið samtals 10 slökkvibíla: Akranes 1, Akureyri 1, Hafnarfjörður 1, Ísafjörður 2, Neskaupstaður 1, Seyðisfjörður 1, Siglufjörður 1 og Vestmannaeyjar 2. Þá hafa og 6 hinna stærri kauptúna fengið þessa bíla á árunum 1948 og 1949, og um síðustu áramót höfðu 5—6 bæjarfélög pantað þessa bíla, þar á meðal Húsavík og Sauðárkrókur. Einnig hafa Akranes og Akureyri óskað eftir viðbótarbílum.

Allir kaupstaðirnir fá 20% afslátt af iðgjöldum vegna brunavarna. Afsláttur þessi er ýmist greiddur beint til vátryggjenda í lækkuðum iðgjöldum eða hann gengur til greiðslu afborgana af slökkvitækjalánum viðkomandi staða.

Er af þessu ljóst, hversu Brunabótafélag Íslands hefur með höndum mikla og hagkvæma fyrirgreiðslu til brunavarna, sem aftur fyrr eða síðar verður til þess að lækka verulega brunabótaiðgjöldin, og munu önnur vátryggingarfélög sízt líklegri til þessarar mikilsverðu aðstoðar.

Um 3. Brunabótafélagi Íslands er vel ljós þýðing þess, í sambandi við brunavarnir og vátryggingar, að fullkomin og góð vatnsleiðsla sé á tryggingarsvæðunum í þéttbýlinu. Hefur félagið því veitt veruleg lán til vatnsveitna og sjóveitu (í Vestmannaeyjum) og skapað kaupstöðum og kauptúnum með því aukin þægindi og betri aðstöðu. Vatnsveitulán Brunabótafélagsins nema nú að eftirstöðvum kr. 746 666.67. Einnig er þegar lofað nokkrum vatnsveitulánum til viðbótar.

Af þessu þrennu, sem nú hefur verið nefnt, má gerla sjá, að Brunabótafélag Íslands hefur veitt og mun veita mikla aðstoð til brunavarna, er síðan leiðir til iðgjaldalækkana. Má og gera ráð fyrir því, bæði vegna þess, að Brunabótafélagið hefur safnað verulegum varasjóði, og eins að eftir því sem brunavarnir — slökkviliðið, slökkvitæki, aðgangur að nægilegu vatni, innanhússaðbúnaður, byggingarefni, og skynsamlegt skipulag bæjanna — verða betri og fullkomnari, allt saman með góðum leiðbeiningum og aðstoð Brunabótafélagsins, þá verði unnt að lækka iðgjöldin verulega.

Þá er og rétt að taka það fram, að Brunabótafélag Íslands hefur gegnt því merkilega hlutverki að flytja brunatryggingar fasteigna að verulegu leyti yfir á íslenzkar hendur. Félagið er sjálft, eins og alkunnugt er, alíslenzkt og endurtryggir nú eingöngu hjá Íslenzkri endurtryggingu. Þjóðhagslega séð er það eitt út af fyrir sig mikill kostur.

Þegar athugað er allt, sem hér að framan er skráð, hlýtur það að verða niðurstaðan:

Að Brunabótafélag Íslands er eingöngu rekið og starfrækt sem hagsmunasamtök vátryggjendanna sjálfra.
Að engir aðrir en vátryggjendur taka gróða af rekstri og starfsemi félagsins.
Að varasjóður félagsins er eign vátryggjenda og til þess stofnaður að taka á móti skakkaföllum, er að höndum kann að bera, og einnig til þess, þegar hann er nógu stór og öflugur, að unnt verði að lækka iðgjöld.
Að félagið hefur stillt iðgjöldum mjög í hóf, miðað við aðstæður og langa reynslu.
Að félagið hefur og mun eftirleiðis styðja og efla brunavarnir og eftirlit, meðal annars með beinum fjárframlögum, til þess að auðið verði að lækka iðgjöldin, þegar þessar varnir hafa verið efldar verulega.
Að félagið er algerlega innlent og vinnur að því að flytja brunatryggingar yfir á íslenzkar hendur.

Það má vel vera, að innlend og útlend gróðafélög einstakra manna mundu leita eftir brunavátryggingum húsa í einstökum kaupstöðum og til þess að ná þeim tryggingum og rjúfa starfsemi Brunabótafélags Íslands þá í bráðina bjóða betri kjör. En það er með miklum ólíkindum, bæði það, að lækkun iðgjalda yrði til langframa meiri en hjá Brunabótafélaginu, og einnig hitt, að aðstoð og fyrirgreiðsla slíkra gróðafélaga yrði jafnmikil og Brunabótafélagsins. Og einmitt nú, þegar Brunabótafélag Íslands hefur safnað 10 milljón króna varasjóði og eflt aðstöðu sína til aðstoðar við auknar brunavarnir, hafa skapazt meiri möguleikar en fyrr til þess að geta lækkað iðgjöldin meir, þá væri það vissulega meir en hæpið fyrir hagsmuni vátryggjenda að yfirgefa sín eigin hagsmunasamtök, þó að látið sé skína til bráðabirgða í einhver lækkuð iðgjöld hjá öðrum vátryggingar- og gróðafélögum.

Vér treystum því, að allar staðreyndir verði athugaðar nákvæmlega og að stjórnir kaupstaðanna við það komist að þeirri niðurstöðu, að framtíðarhag vátryggjenda og kaupstaðanna sjálfra sé bezt borgið með áframhaldandi þátttöku í Brunabótafélagi Íslands.

Virðingarfyllst,

Brunabótafélag Íslands.

Fylgiskjal III.

Reykjavík, í apríl 1953.

Með vísun til meðfylgjandi greinargerðar, þar sem meðal annars tekið er fram, að iðgjaldaskrá (taxtar) félagsins sé í endurskoðun og að líklegt sé, að almenn iðgjöld verði lækkuð verulega, viljum vér undirstrika, að bæjarfélögunum er hér með gefinn kostur á enn frekari lækkun með því að efla brunavarnir á staðnum, og er þá aðallega um tvær leiðir að velja.

1. Komið verði á fót fastri brunavakt á svipaðan hátt og á Akureyri og í Hafnarfirði, sbr. meðfylgjandi greinargerð, og brunavarnatæki uppfylli kröfur brunavarnaeftirlitsins á hverjum tíma.
2. Brunavarnir verði endurbættar að einhverju leyti frá því, sem nú er, og ef til vill endurskipulagðar á þann veg, sem brunavarnaeftirlit ríkisins mundi leggja til. Á þeim grundvelli yrði svo hægt að hækka staðarafsláttinn, en staðarafsláttur er nefndur sá afsláttur, sem veittur er frá iðgjaldatöxtunum fyrir þær brunavarnir, sem til staðar eru á hverjum stað. Núverandi staðarafsláttur í kaupstað yðar er 20%.

Um fyrri leiðina er það að segja, að það hefur til skamms tíma aðeins eitt bæjarfélag haft bolmagn til þess að halda úti launuðu slökkviliði, s. s. Reykjavík, en nú í haust bættist Hafnarfjörður í hópinn og Akureyri um síðustu áramót, en flestum hinna minni bæjarfélaga mun þetta vera fjárhagslega um megn.

Um síðari leiðina er enginn vafi að hægt er að sameinast, ef góður vilji er fyrir hendi, og hún hefur þann góða kost, að þar getur hver og einn sniðið sér stakk eftir vexti.

Vér leyfum oss að óska þess, að þér takið mál þetta til gaumgæfilegrar athugunar, og erum vér að sjálfsögðu fúsir til þess að láta fara fram athuganir af vorri hálfu, er nauðsynlegar þættu, og gefa yður, með aðstoð brunavarnaeftirlitsins, allar þær upplýsingar og leiðbeiningar, er vér gætum látið í té.

Virðingarfyllst,

Brunabótafélag Íslands.

Til bæjarstjórnar ..... kaupstaðar.

(Sent öllum kaupstöðum.)

Greinargerð frá Brunabótafélagi Íslands varðandi lækkuð brunabótaiðgjöld, auknar brunavarnir o. fl.

Reykjavík, apríl 1953.

Eins og háttvirtri bæjarstjórn er kunnugt, er Brunabótafélag Íslands, í samræmi við þau lög og reglur, er um félagið gilda, lögboðin hagsmunasamtök þeirra manna, er vátryggja eignir sínar gegn eldsvoða hjá félaginu. Það er „gagnkvæmt ábyrgðarfélag vátryggjenda", eins og segir í 8. gr. laga um Brunabótafélag Íslands, og eru „allir þeir, sem skyldir eru til vátrygginga hjá félaginu ..... félagsmenn þess", eins og segir í sömu lögum. Brunabótafélagið er því stofnun, sem vátryggjendur sjálfir eiga, og ber að haga rekstri þess og starfsemi eingöngu með hagsmuni þeirra sjálfra fyrir augum, en ekki til gróða eða ávinnings fyrir óviðkomandi aðila. Og þannig hefur rekstri og störfum félagsins verið hagað, og mun svo verða í framtíðinni.

Þar sem Brunabótafélag Íslands óvefengjanlega er hagsmunasamtök vátryggjenda sjálfra, hefur það talið skyldu sína að koma upp myndarlegum varasjóði, eingöngu í því skyni að mæta skakkaföllum, er fyrir kynnu að koma, og þá einnig með það fyrir augum, þegar sjóður þessi væri orðinn öruggur bakhjarl, að geta þá boðið vátryggjendum — félagsmönnum — betri kjör og meiri aðstoð við brunavarnir, er þá mundi hafa í för með sér lækkun iðgjalda. Varasjóður félagsins er og sameignarsjóður vátryggjenda og eingöngu til hans stofnað í þeirra þágu.

Brunabótafélag Íslands hefur hagað starfrækslu sinni þannig til þess að greiða ekki beinan ágóðahluta (bónus) eða arð til vátryggjenda — félagsmanna —, heldur lækka brunabótaiðgjöldin, eftir því sem aðstæður hafa leyft, samtímis því, sem komið væri upp myndarlegum varasjóði. Einnig hefur Brunabótafélagið kostað kapps um að styrkja og efla brunavarnir, þar sem hægt er að koma því við, og í því skyni útvegað mörgum stöðum ýmiss konar brunavarnatæki, svo sem brunabíla, dælur, slöngur o. fl., og gefið kaupstöðum og þorpum kost á að fá þessi tæki og þá oft með þeim kjörum, að andvirði tækjanna greiddist með lækkuðum iðgjöldum. Hafa brunabótaiðgjöld þannig verið lækkuð í öllum kaupstöðum um 20%. Má segja, að þessi fyrirgreiðsla, auk beins kostnaðar við brunavarnaeftirlitið, sem Brunabótafélagið greiðir, sé eins konar ágóðaþóknun (bonus) til vátryggjenda. Auk þess hefur félagið veitt hagkvæm lán til vatnsveitna og annars þess, sem telja má að efli beint og óbeint brunavarnir.

Með því að varasjóður Brunabótafélagsins nemur nú verulegri upphæð, um 16 millj. kr., er það í undirbúningi af félagsins hálfu, í samræmi við ákvæði 17. gr. laga nr. 73 frá 1942, um Brunabótafélag Íslands, að greiða af árlegum tekjuafgangi félagsdeildunum ágóðahluta af skyldubundnum fasteignatryggingum. Verður þá gefin út sérstök reglugerð um ágóðaúthlutun.

Í fullu samræmi við tilgang og rekstur Brunabótafélags Íslands hefur það einnig á undanförnum tímum látið fara fram gaumgæfilega athugun á því, hverjir möguleikar væru á því að lækka iðgjöld á brunatryggingum, bæði með almennri iðgjaldalækkun — allsherjarbreytingu á iðgjaldaskrá — og eins á þann veg að lækka iðgjöld á einstökum stöðum og þá sérstaklega þeim kaupstöðum, sem gætu komið upp og viðhaldið nægilega öflugum brunavörnum. Athugun á því, hvort unnt yrði að framkvæma almenna iðgjaldabreytingu til lækkunar, er ekki lokið, og er því ekki enn þá hægt að segja, til hverrar niðurstöðu sú athugun kynni að leiða. Hins vegar hafa nú þegar verið teknar ákvarðanir og samningum náð um breytingu iðgjaldakerfisins til verulegrar lækkunar, bæði á Akureyri og Hafnarfirði. En þeir samningar hafa byggzt á því, að í þessum tveim tilgreindu kaupstöðum hefur verið komið á öflugri og kerfisbundinni brunavarnastarfsemi. En eins og öllum má vera ljóst, hafa brunavarnir staðarins, sem ekki hvað sízt eru fólgnar í styrkleika og hæfni brunaliðs og slökkvitækja og fullkominni og hagnýtri vatnsveitu, hvað mesta þýðingu, þegar um er að ræða að meta áhættu tryggingganna á hverjum stað, og þá einnig að verulegu leyti skipulag og byggingarhættir staðarins.

Til þess að athuga sem gaumgæfilegast hugsanlega sérsamninga við einstaka staði, sérstaklega kaupstaði, sneri Brunabótafélagið sér til stærsta vátryggingarfélags Norðurlanda, Storebrand í Oslo, sem félag vort hefur haft nána samvinnu við í mörg ár, og óskaði aðstoðar þess við athugun þessara mála.

Af Storebrands hálfu var þessu vel tekið, og sumarið 1951 dvaldi hér nokkurn tíma sérfræðingur frá þeim, P. W. Klausen verkfræðingur, til þess að kynna sér aðstæður á nokkrum stöðum hér á landi, og vann hann jafnframt í samvinnu við starfsmenn frá Brunabótafélaginu og brunavarnaeftirliti ríkisins að frekari öflun gagna, er nauðsynleg þóttu, og skilaði álitsgerðum til Brunabótafélagsins, er hann hafði unnið úr þessum gögnum og athugunum erlendis.

Þegar Brunabótafélagið hafði athugað álitsgerðirnar og haft áframhaldandi samráð við brunavarnaeftirlitið, þótti því eðlilegast að snúa sér fyrst að þeim kaupstöðum, er telja mætti að hefðu hvort tveggja í senn, beztan útbúnað til brunavarna, þ. e. brunabíla, slöngur og dælur og annan útbúnað, með aðsetri á sæmilegri slökkvistöð, eitthvað af æfðu brunaliði, fullkomna vatnsveitu með nægilega mörgum brunahönum og brunasíma, og að skipulag og byggingarhættir væru á þann veg, að sambrunahætta væri ekki almenn eða mjög stórvægileg, og í annan stað, að kaupstaðir þessir vildu og gætu nokkuð að sér lagt um eflingu brunavarna.

Fyrir þessu vali urðu fyrst í stað kaupstaðirnir Akureyri og Hafnarfjörður. Það var og er svo ætlun Brunabótafélagsins að snúa sér síðan til allra annarra kaupstaða og leita eftir því að fá einnig við þá sérsamninga eða á annan veg lækka þar brunabótaiðgjald með endurbættum brunavörnum, eftir því sem allar aðstæður leyfðu og unnt væri að framkvæma.

Samningar hafa nú tekizt fyrir nokkru við kaupstaðina Hafnarfjörð og Akureyri. Brunabótaiðgjöld voru að meðaltali lækkuð um ca. 25%. En til þess að þetta gæti orðið, réðu kaupstaðirnir verkfræðing sem aðalslökkviliðsstjóra, auk varaslökkviliðsstjóra, og komu á svo mannmörgu föstu slökkviliði, að hafður er fastur vörður á slökkvistöð allan sólarhringinn. Auk þess hafa báðir þessir kaupstaðir allfullkomnar vatnsveitur, Hafnarfjörður alveg nýbyggða, og Akureyri hefur ákveðið að auka og bæta sína vatnsveitu verulega. Hafnarfjörður hefur þegar sérstakan brunasíma, og Akureyri hefur skuldbundið sig til þess að koma því kerfi á hið bráðasta. Báðir hafa þessir kaupstaðir góða og fullkomna brunabíla, slöngur, dælur og önnur nauðsynleg tæki til þess að slökkva eða hindra útbreiðslu eldsvoða.

Um leið og vér sendum yður þessa greinargerð, þá fylgja einnig hér með í sérstöku, hjálögðu bréfi ábendingar eða tillögur vorar um þær tvær höfuðleiðir, er vér teljum að helzt geti til greina komið til sérstakrar lækkunar á brunabótaiðgjöldum í kaupstað yðar,

Fylgiskjal IV.

BRUNABÓTAFÉLAG ÍSLANDS

Yfirlit yfir tekjuafgang af fasteignatryggingum í kaupstöðum, kauptúnum og sveitum.

Ár	Kaupstaðir og kauptún		Sveitir	
	Tekjuafg. eða % af iðgjöldum		Tekjuafg. eða % af iðgjöldum	
1947—'48	707 313.84	31.3	80 954.74	8.3
1948—'49	185 962.73	6.2	19 394.83	1.8
1949—'50	747 623.86	21.9	468 647.19	3.7
1950—'51	1 322 667.97	35.9	66 834.52	4.8
1951—'52	1 027 844.39	21.4	353 318.61	18.8

14. október síðastl. voru iðgjöld lækkuð frá 5—25%. Auk þess voru lækkuð iðgjöld í þremur kaupstöðum samkvæmt sérsamningi um auknar brunavarnir um 20—25%.

Ed. 772. Nefndarálit [92. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 23 1. febr. 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og borið það saman við gildandi lagafyrirmæli. Ákvæði 1.—3. gr. eru aðeins til samræmingar, og fellst nefndin á, að sjálfsagt sé, að þær breytingar, sem felast í þeim, verði gerðar á löggjöfinni. Um 4. gr. frv. er allt öðru máli að gegna. Með ákvæði þeirrar greinar frv. er ætlazt til þess, að lögreglustjórum sé á ný falin innheimta skoðunargjaldanna, eins og verið hafði áður en lögin frá 1952 voru staðfest, en með þeim lögum er það fyrirkomulag, að gjaldið skuli greitt gegn skoðunarskírteini, tekið upp beinlínis til þess að tryggja hvort tveggja: staðgreiðslu á gjaldinu — og að fullkomið eftirlit hafi farið fram, áður en gjaldið er greitt. Nefndin vill þó taka til greina ábendingar þær, sem fram komu í greinargerðinni um erfiðleika á framkvæmd laganna, og þykir sjálfsagt að breyta orðalagi til samræmingar því, sem þar er bent á, að öðru leyti en breytingu á innheimtufyrirkomulaginu. Vill nefndin taka fram, að henni þykir torskilið, hvers vegna ráðuneytið hefur leyft sér að breyta því með ákvæði 10. gr. reglugerðar nr. 21 frá 18. febr. 1953, þvert ofan í skýr fyrirmæli laganna, og væntir þess, að þetta verði leiðrétt.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 4. gr. Greinin orðist svo:

2. málsl. 45. gr. laganna orðist svo: Að lokinni árlegri skoðun, hafi engar athugasemdir verið gerðar við öryggisbúnað eða hollustuhætti, eða að lokinni eftirskoðun, þegar búið er að framkvæma umbætur þær, sem kunna að hafa verið fyrirskipaðar við aðalskoðun, gefur eftirlitsmaður út skoðunarvottorð ásamt reikningi fyrir eftirlitsgjaldið.

Alþingi, 8. apríl 1954.

Gísli Jónsson, form., frsm. Páll Zóphóníasson, fundaskr. Guðm. Í. Guðmundsson.

Jóhann Þ. Jósefsson. Hermann Jónasson.

Ed. 773. Breytingartillaga [125. mál]

við frv. til laga um húsaleigu.

Frá Guðmundi Í. Guðmundssyni og Finnboga R. Valdimarssyni.

Við 35. gr. Greinin orðist svo:

Félagsmálaráðuneytið skipar úttektarmenn íbúða eftir tillögum sveitarstjórna. Skal á hverjum stað skipa svo marga úttektarmenn sem sveitarstjórn telur nauðsynlegt, til þess að úttektargerð geti farið fram án tafar, eftir að leigutaki flytur úr íbúð og áður en hún er tekin til afnota á ný.

Tveir úttektarmenn skulu annast úttekt hverrar íbúðar. Úttektargerðir svo og allar virðingar í sambandi við þær skulu skrásettar í sérstakar bækur, er félagsmálaráðuneytið löggildir, en afhenda skal leigusala og leigutaka ókeypis afrit. Kostnaður við úttektar- og matsgerðir, þar með talin þóknun matsmanna, greiðist úr ríkissjóði eftir reglum, sem félagsmálaráðuneytið setur.

Það er borgaraleg skylda að taka við útnefningu sem matsmaður íbúðarhúsnæðis.

Ed. 774. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [125. mál]

í málinu: Frv. til laga um húsaleigu.

Frá Bjarna Benediktssyni.

Þar sem frumvarp þetta hefur í för með sér veigamiklar breytingar á gildandi réttarreglum og engan veginn er nægilega ljóst, hvað í hinum nýju réttarreglum felst, og þar eð frv. hefur ekki verið sent til umsagnar sveitarstjórnanna, sem málið varðar þó mjög, þá telur deildin ekki tímabært að afgreiða málið nú og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Ed. 775. Breytingartillögur [125. mál]

við frv. til laga um húsaleigu.

Frá Bjarna Benediktssyni.

1. Við 34. gr. Aftan við 2. málsgr. bætist: Nú er húsnæði í betra ástandi en þegar leigutaki flutti í það, og skal leigusali þó ekki greiða bætur fyrir aðrar framkvæmdir leigutaka en þær, sem gerðar hafa verið vegna eðlilegs viðhalds íbúðarinnar.
2. Við 60. gr. 1. tölul. orðist svo:
   Íbúðarhúsnæðis, sem er í sama húsi og húseigandi býr í sjálfur.
3. Við 71. gr. Eftir orðin „annast leigu á öllu“ í 1. málsgr. hljóði niðurlag málsgr. svo: húsnæði, sem óráðstafað er.

Ed. 776. Breytingartillaga [121. mál]

við brtt. á þskj. 747 [Skipun læknishéraða].

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Við 2. tölul. Liðurinn orðist svo:

Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Læknar beggja héraðanna annast læknisstörf við sjúkrahúsið á Egilsstöðum, enda hafi báðir rétt á sjúkrahúsvist þar fyrir sjúklinga sína.

Stjórn sjúkrahússins á Egilsstöðum ákveður, hvor hinna starfandi héraðslækna skuli vera yfirlæknir við sjúkrahúsið.

Landlæknir getur ákveðið, að lyfjabúð sé sameiginleg fyrir bæði læknishéruðin, og setur hann þá reglur þar um.

Ed. 777. Lög [170. mál]

um breyting á lögum nr. 38 27. febr. 1953, um breyting á lögum nr. 50/1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

(Afgreidd frá Ed. 8. apríl.)

Samhljóða þskj. 478.

Ed. 778. Lög [11. mál]

um aukatekjur ríkissjóðs.

(Afgreidd frá Ed. 8. apríl.)

Samhljóða þskj. 673 (sbr. 11).

Ed. 779. Lög [183. mál]

um breyting á lögum um Framkvæmdabanka Íslands, nr. 17 10. febr. 1953.

(Afgreidd frá Ed. 8. apríl.)

Samhljóða þskj. 738.

Ed. 780. Nefndarálit [201. mál]

um frv. til l. um viðauka við lög nr. 28 23. apríl 1946, um virkjun Sogsins.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 9. apríl 1954.

Gísli Jónsson, form.	Páll Zóphóníasson, fundaskr.	Jóhann Þ. Jósefsson, frsm.
Hermann Jónasson.	Guðm. Í. Guðmundsson.	

Ed. 781. Nefndarálit [160. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það sé samþykkt óbreytt. Einn nefndarmaður (HG) skrifar þó undir nefndarálitið með fyrirvara.

Alþingi, 9. apríl 1954.

Ingólfur Flygenring, form.	Andrés Eyjólfsson, fundaskr.	Sigurður Ó. Ólafsson, frsm.
Haraldur Guðmundsson, með fyrirvara.	Bernh. Stefánsson.	

Nd. 782. Breytingartillaga [179. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Eggert Þorsteinssyni og Gunnari Jóhannssyni.

Við 7. gr. Fyrri málsl. h-liðar í 4. tölul. orðist svo:

Fæðiskostnað sjómanna á fiskiskipum, ef þeir þurfa sjálfir að sjá sér fyrir fæði, svo og dvalarkostnað manna, sem leita þurfa sér atvinnu utan heimilissveitar sinnar og hafa þrjá eða fleiri einstaklinga á framfæri sínu, og við ákvörðun þessa kostnaðar sé farið eftir mati skattayfirvalda.

Nd. 783. Breytingartillögur [165. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá Magnúsi Jónssyni.

Við 1. gr. bætist í stafrófsröð:

1. Hermanns, Wally Louise, húsfrú í Reykjavík, fædd 6. febrúar 1921 í Þýzkalandi.
2. Poulsen, Olaf Martin Aarskog, iðnnemi í Reykjavík, fæddur 19. september 1916 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.

Sþ. 784. Nefndarálit [143. mál]

um till. til þál. um staðfestingu samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um jöfn laun karla og kvenna.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt málið á tveim fundum. Hún hefur og borið það undir þá ráðherra, sem málið snertir sérstaklega. Frá félagsmálaráðuneytinu hefur borizt skýrsla um gang þess, bæði á Alþjóðavinnumálaþingi og í nokkrum löndum. Er skýrsla ráðuneytisins prentuð sem fylgiskjal með nefndarálitinu.

Nefndin er sammála um, að að því beri að stefna, að staðfest verði samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um þetta efni, en þar sem ýmsar ráðstafanir þarf að gera til undirbúnings þessari staðfestingu, m. a. í samráði við heildarsamtök launþega og atvinnurekenda, leggur nefndin til, að þáltill. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæta vinnu geti orðið staðfest á Íslandi.

Alþingi, 9. apríl 1954.

Bernh. Stefánsson, form.	Jón Sigurðsson, fundaskr.	Emil Jónsson, frsm.
Jóhann Þ. Jósefsson.	Eiríkur Þorsteinsson.	Karl Guðjónsson.
	Sigurður Ágústsson.	

Fylgiskjal.

Samþykkt nr. 100 um jöfn laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf.

Samþykkt þessi var gerð á Alþjóðavinnumálaþinginu 1951, en á næsta þingi á undan höfðu farið fram undirbúningsumræður um málið. Mikil átök voru um það á þinginu, hvort tímabært væri að gera samþykkt um þetta efni, og vildu margir láta nægja að samþykkja tilmæli til ríkisstjórnanna um, að þær ynnu að því að koma á þeim grundvallarreglum, sem í samþykktinni felast. Í þessum flokki voru m. a. ríkisstjórnarfulltrúar Ástralíu, Bretlands, Danmerkur, Indlands og Svíþjóðar. Við lokaafgreiðslu samþykktarinnar greiddu 105 atkvæði með henni, 33 á móti og 40 sátu hjá.

Hinn 23. maí 1953 gekk samþykktin í gildi, þar sem þá var liðið ár frá því, að framkvæmdastjóri Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skráði aðra fullgildingu á henni. Nú hafa eftirtalin sex ríki fullgilt samþykktina í þessari röð: Júgóslavía, Belgía, Mexico, Frakkland, Austurríki og Dominikanska lýðveldið.

Ekkert Norðurlandanna hefur enn þá fullgilt samþykktina, og hafa þau greint ástæður sínar til þess í skýrslu, sem þau hafa gefið Norðurlandaráðinu samkvæmt beiðni þess.

Danir telja sig ekki geta fullgilt samþykktina vegna þess, að þar sé engin löggjöf um þetta efni.

Í skýrslu Norðmanna segir, að þar hafi málið verið rætt í nefndum og á Stórþinginu. Atvinnurekendur þar hafa lagzt á móti fullgildingu samþykktarinnar, en Verkalýðssambandið er henni meðmælt. Á Stórþinginu var samþykkt það álit félagsmálanefndar þingsins, að ríkisstjórnin skyldi taka til nákvæmrar athugunar, hversu koma megi grundvallarreglum samþykktarinnar í framkvæmd, svo að hægt sé að fullgilda hana. Ríkisstjórninni var einnig falið að kynna þeim aðilum í atvinnulífinu og opinberum aðilum, sem afskipti hafa af ákvörðun launa, efni samþykktarinnar. Félagsmálaráðuneytið hefur óskað tillagna Jafnlaunanefndarinnar um þetta mál og beðið hana að hraða afgreiðslu þess.

Svíar segja í sinni skýrslu, að fullgilding samþykktarinnar mundi hafa í för með sér, að vikið væri frá þeirri almennt viðurkenndu reglu, að aðilarnir á vinnumarkaðinum geti óháðir ríkisvaldinu ákveðið launakjörin. Ákvörðun um það, í hve ríkum mæli ákvæði samþykktarinnar skuli tekin til greina við ákvörðun launa starfsmanna ríkisins, bíður álitsgerðar Jafnlaunanefndarinnar.

Íslenzka ríkisstjórnin tjáði sig á sínum tíma fylgjandi því, að gerð yrði alþjóðasamþykkt um sömu laun til karla og kvenna, þar sem hún væri fylgjandi þeirri grundvallarreglu, enda er ekki gerður greinarmunur á körlum og konum að því er snertir stöðu hjá hinu opinbera. Á öðrum sviðum mun nokkuð skorta á það, að reglunni um sömu laun sé framfylgt hér á landi.

Samkvæmt samþykktinni sjálfri er ekkert því til fyrirstöðu, að hún sé fullgilt án þess, að ákvæðum hennar sé fullnægt á þeim tíma, er fullgilding fer fram, en þá er hlutaðeigandi ríki skuldbundið til að bæta úr því innan árs frá því, er fullgildingin var skráð.

Almennt fylgja þó menningarríki þeirri reglu að koma málum sínum fyrst í það horf, sem hlutaðeigandi samþykkt krefst, og fullgilda síðan samþykktina, enda er með þeim hætti öruggast, að farið verði eftir samþykktinni og ríkið geti staðið fyllilega við sínar skuldbindingar.

Það virðist því eðlilegast, ef fyrirhugað er, að Ísland fullgildi umrædda samþykkt, að fyrst sé grundvallarreglum hennar komið á með samvinnu við hin ýmsu félagssamtök og aðila, sem þar eiga hlut að máli, og samþykktin fyrst fullgilt að því loknu.

Nd. 785. Frumvarp til laga [205. mál]

um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 73. löggjafarþingi, 1954.)

1. gr.

Heimilt skal dvalarheimili aldraðra sjómanna að stofna happdrætti um bifreiðar, báta og búnaðarvélar.

Verð happdrættismiða skal ákveðið af ráðherra, að fengnum tillögum frá stjórn dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

2. gr.

Drættir í þessu happdrætti skulu fara fram opinberlega í Reykjavík. Dregið skal mánaðarlega.

3. gr.

Heimild þessi gildir í 10 ár frá því, að lögin öðlast gildi. Öllum ágóða af happdrættinu skal varið til að greiða stofnkostnað við byggingarframkvæmdir við dvalarheimili aldraðra sjómanna.

4. gr.

Vinningar í happdrætti þessu skulu undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum, öðrum en eignarskatti, á því ári, sem þeir falla.

5. gr.

Ráðherra getur sett með reglugerð nánari ákvæði um starfsemi happdrættisins.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á nýafstöðnum aðalfundi fulltrúaráðs sjómannadagsins var samþykkt að fara þess á leit við ríkisstjórnina, að hún beitti sér fyrir því, að dvalarheimili aldraðra sjómanna yrði heimilað að stofna happdrætti til að afla tekna til að standa straum af kostnaði við byggingarframkvæmdir við dvalarheimili aldraðra sjómanna. Happdrætti þetta verði um bifreiðar, báta og búvélar, og skal dregið mánaðarlega.

Til viðbótar við framanskráð vill fulltrúaráð sjómannadagsins taka fram eftirfarandi:

Þar sem ráðið sér fram á, að framkvæmdir við byggingu dvalarheimilisins muni stöðvast fáist ekki leyfi til að stofna til fasts tekjustofns sem þessa, skorar fulltrúaráð sjómannadagsins á hið háa Alþingi að samþykkja þessi lög.

Ríkisstjórnin hefur samþykkt að verða við beiðni fulltrúaráðs sjómannadagsins og leggja þetta lagafrumvarp fyrir Alþingi.

Sþ. 786. Tillaga til þingsályktunar [206. mál]

um athugun á hag togaraútgerðarinnar.

(Lögð fyrir Alþingi á 73. löggjafarþingi, 1954.)

Alþingi ályktar að kjósa með hlutfallskosningu 7 manna nefnd til þess að athuga hag togaraútgerðarinnar.

Sjái nefndin að lokinni rannsókn ástæðu til, skal hún benda á úrræði, sem hún telur að megi verða útgerðinni að viðhlítandi gagni.

Ríkisstjórnin skipar formann nefndarinnar.

Greinargerð.

Félag íslenzkra botnvörpuskipaeigenda hefur rætt við ríkisstjórnina um vandamál togaraútgerðarinnar og gert henni nokkra grein fyrir fjárhagsástæðum togaranna. Ríkisstjórnin telur rétt, að Alþingi kjósi nefnd til þess að kynna sér ýtarlega hag togaraútgerðarinnar, og geri nefndin að þessari athugun lokinni tillögur um ráðstafanir, eftir því sem henni þykir þurfa.

Ed. 787. Breytingartillaga [171. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 16. febr. 1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.

Frá fjárhagsnefnd.

Á eftir 4. gr. kemur ný gr., svolátandi:

Á eftir 42. gr. laganna kemur ný gr., svo hljóðandi:

Heimilt er einnig að lána bæjar- og sveitarfélögum úr lánadeildinni til þess að byggja smáar íbúðir í því skyni að útrýma lélegum og heilsuspillandi íbúðum. Lán til sveitarfélags fari þó aldrei yfir fjórða hluta af heildarupphæð þeirri, sem samkv. starfsreglum lánadeildarinnar er metin hæfileg lánsfjárveiting í hlutaðeigandi kaupstað eða kauptún á því ári.

Nd. 788. Frumvarp til laga [171. mál]

um breyting á lögum nr. 36 16. febr. 1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Fyrirsögn IV. kafla laganna verði: Lánadeild smáíbúða.

2. gr.

Í stað orðanna „smárra íbúðarhúsa“ í 38. gr. laganna komi: smárra íbúða.

3. gr.

40. gr. laganna hljóði þannig:

Lán þau, sem lánadeild smáíbúða veitir, skulu tryggð með 2. og 3. veðrétti í íbúð þeirri, sem féð er lánað til. Ársvextir skulu vera 5½ af hundraði og lánstími allt að 15 ár. Eigi má veita hærri lán til hverrar smáíbúðar en 30 þúsund krónur, og eigi má hvíla hærri upphæð samanlagt á fyrri veðréttum og veðrétti þeim, er lánadeildin hefur fyrir sínu láni til smáíbúðar, en 100 þúsund krónur.

4. gr.

41. gr. laganna breytist þannig:

a. Aftan við 1. tölul. bætist: eða sambyggingu, sem smáíbúð hans er í.
b. Í stað orðsins „húsinu“ í 3. tölul. komi: íbúðinni.

5. gr.

Á eftir 42. gr. laganna kemur ný gr., svo hljóðandi:

Heimilt er einnig að lána bæjar- og sveitarfélögum úr lánadeildinni til þess að byggja smáar íbúðir í því skyni að útrýma lélegum og heilsuspillandi íbúðum. Lán til sveitarfélags fari þó aldrei yfir fjórða hluta af heildarupphæð þeirri, sem samkv. starfsreglum lánadeildarinnar er metin hæfileg lánsfjárveiting í hlutaðeigandi kaupstað eða kauptún á því ári.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 789. Nefndarálit [18. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 13 frá 20. okt. 1905, um rithöfundarétt og prentrétt.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Ég hef ekki getað orðið samferða meðnefndarmönnum mínum um afgreiðslu máls þessa. Ég tel, að það hafi verið misráðið, að við Íslendingar gengum á sínum tíma í Bernarsambandið, og að reynslan og upplýsingar þær, er komu fram við fyrirspurnir, er ég bar fram í sameinuðu Alþingi, hafi sýnt það. Í sömu átt hnígur álit Bóksalafélags Íslands, sem prentað er sem fylgiskjal með nál. þessu. Ég álít, að við höfum þá sérstöðu í þessum efnum vegna smæðar okkar og gjaldeyrisástands, að við eigum að semja sérstaklega við þau lönd um vernd hugverka, sem við viljum hafa menningarsamband við.

Ég legg því til, að frv. verði vísað frá með eftirfarandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin láti fyrir næsta Alþingi fara fram alhliða rannsókn á því, hvað þjóðinni sé hentast að gera í sambandi við vernd hugverka hér á landi og erlendis, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Til vara ber ég fram eftirfarandi breytingartillögu, sem nánari grein verður gerð fyrir í framsögu.

Breytingartillaga.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Aftan við 4. gr. laga nr. 13 frá 20. okt. 1905, um rithöfundarétt og prentrétt, bætist:

Með sérstökum samningum við önnur ríki má lengja frest þann, sem getur í greininni, upp í 25 ár.

Alþingi, 9. apríl 1954.

Lárus Jóhannesson,
fundaskr.

Fylgiskjal.

BÓKSALAFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 19. febr. 1954.

Til allsherjarnefndar efri deildar Alþingis.

Samkvæmt tilmælum yðar í bréfi, dags. 12. febrúar þ. á., þar sem óskað er umsagnar Bóksalafélags Íslands um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 13 frá 20. okt. 1905, um rithöfundarétt og prentrétt, ályktar fundur í Bóksalafélagi Íslands, haldinn fimmtudaginn 18. febrúar 1954, á þessa leið:

Bóksalafélag Íslands ber ekki brigður á réttmæti þess, að höfundur hafi eignarrétt á verkum sínum, enda munu íslenzkir útgefendur yfirleitt hafa leitazt við að ná samkomulagi við erlenda höfunda um þýðingar á verkum þeirra á íslenzka tungu. Hitt liggur hins vegar í augum uppi, að útgáfustarfsemi á Íslandi er miklum örðugleikum háð vegna óvenjulegs fámennis þjóðarinnar. Íslenzkum útgefendum er þess vegna ekki unnt að standa undir jafnháum greiðslum til höfunda og tíðkast meðal margfalt fjölmennari þjóða.

Eftir að Ísland gerðist aðili að Bernarsáttmálanum um vernd höfundarréttinda, hafa aðrar og þyngri kröfur verið gerðar á hendur íslenzkum útgefendum fyrir þýðingarrétt erlendra bóka en áður tíðkaðist. Hefur mjög á því borið síðan, að erlendir útgefendur og aðrir umboðsmenn höfunda leggi að jöfnu þýðingarrétt á íslenzku og á tungur milljónaþjóða. Ætti hverjum Íslendingi að vera ljóst, að undir slíkum kvöðum fær íslenzk bókaútgáfa með engu móti risið. Enn fremur er sölufyrirkomulag bóka hér á landi allt öðruvísi og óhagstæðara útgefendum en annars staðar tíðkast og gengi íslenzku krónunnar lágt og greiðslur því erfiðar í erlendri mynt. Margt fleira styður það, að illkleift er að binda íslenzkum útgefendum þyngri bagga en þeir hafa þegar á herðum sér.

Hins vegar telur Bóksalafélag Íslands ekki ástæðu til að óttast það, að réttur íslenzkra höfunda verði fyrir borð borinn í þeim löndum, sem ekki eru aðilar að Bernarsambandinu, þar eð ekki munu vera nein dæmi þess, að seilzt hafi verið til þýðinga á verkum þeirra í þeim löndum, án þess að full greiðsla kæmi fyrir. Virðist ekki ástæða til að ætla, að svo muni fremur verða hér eftir en hingað til.

Af framangreindum ástæðum mælir Bóksalafélag Íslands gegn samþykkt frumvarps þess, er að framan greinir, þar eð það leggur íslenzkum útgefendum auknar kvaðir á herðar, en á þær er sízt bætandi. Leyfir fundurinn sér því að skora á hið háa Alþingi að fella frumvarp þetta.

Tillagan var samþykkt með 7 atkvæðum gegn 4.

Virðingarfyllst,

f. h. Bóksalafélags Íslands,

Ragnar Jónsson.
Daníel Ágústínusson.

Ed. 790. Frumvarp til laga [125. mál]

um húsaleigu.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

Samhljóða þskj. 302 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:
Leigumála um íbúðir og atvinnuhúsnæði skal gera skriflegan.
Félagsmálaráðuneytið skal gefa út eyðublöð fyrir venjulega leigumála um íbúðir, og getur það ákveðið, að ekki megi nota önnur eyðublöð en þau, eða eyðublöð, sem það löggildir sérstaklega. Eyðublöð fyrir leigumála skulu afhent án endurgjalds.

5. gr. hljóðar svo:
Hinir almennu fardagar eru:
1. Hinn fyrsti dagur hvers mánaðar, þegar leigð eru einstök íbúðarherbergi án eldhúss eða aðgangs að eldhúsi.

2. Hinn 14. maí og 1. október, þegar um leigumála á öðru húsnæði er að ræða.

Ef fardag ber upp á sunnudag eða helgidag, er almennur fardagur næsta virkan dag á eftir.

Leigutaki skal á fardegi hafa rýmt hin leigðu híbýli í síðasta lagi kl. 1 síðdegis.

Ákvæði 1. og 2. tölul. þessarar greinar taka ekki til leigumála, þar sem samið er um húsnæði miðað við dag.

8. gr. hljóðar svo:

Nú vanrækir leigutaki að flytjast brott, eftir að leigumáli er útrunninn, og getur leigusali þá krafizt þess, að leigumálinn framlengist, unz leigutaki segir húsnæðinu upp samkvæmt ákvæðum 7. gr.

12. gr. hljóðar svo:

Ef leigt húsnæði er við upphaf leigutíma ekki í því lagi, sem leigutaki átti samkvæmt lögskiptum aðila heimtingu á eða hlaut að gera ráð fyrir, og leigusali gerir ekki að kröfu leigutaka þegar ráðstafanir til að bæta úr annmörkunum, þá er leigutaka heimilt að ráða bót á þessu á kostnað leigusala.

Nú bætir leigusali ekki úr annmörkunum að kröfu leigutaka eða ekki verður úr bætt innan þriggja mánaða frá því leigutaki bar fram umkvörtun sína, og getur leigutaki þá rift leigumálanum, nema um minni háttar annmarka sé að ræða.

Leigutaki getur krafizt hlutfallslegrar lækkunar á leigu, unz bætt er úr annmörkum hins leigða húsnæðis.

Kvörtun um það, að íbúð eða annað leigt húsnæði hafi við upphaf leigutíma ekki verið í löglegu eða samningshæfu lagi, skal borin fram við leigusala innan þriggja vikna frá afhendingu, enda sé sagt til, hverra umbóta sé krafizt. Annars kostar skal telja, að leigutaki uni húsnæðinu.

Nú koma síðar fram annmarkar á húsnæði, sem ekki voru sjáanlegir við venjulega athugun, þegar húsnæðið var afhent, og skal leigutaki þá kvarta undan þeim innan þriggja vikna frá því er hann varð þeirra var eða hefði átt að verða þeirra var.

18. gr. hljóðar svo:

Húsaleigu skal greiða fyrir fram mánaðarlega, nema öðruvísi semji.

Ef samið er um leigu um skemmri tíma en einn mánuð, er leigusala heimilt að krefjast greiðslu á leigunni um leið og leigutíminn hefst.

Ef gjalddaga leigu ber upp á sunnudag eða helgidag, skal gjalddagi vera næsta virkan dag.

Nú er húsaleiga greidd fyrir fram um lengri tíma en sex mánuði, og skal leigusali þá greiða leigutaka 6% vexti af fjárhæðinni, nema öðruvísi semji.

34. gr. hljóðar svo:

Hver íbúð, sem eldhús eða aðgangur að eldhúsi fylgir, skal tekin út, þegar leigutaki flytur í íbúð og þegar hann flytur úr henni. Úttektarmenn skulu meta til peningaverðs þann mismun, er á húsnæðinu kann að vera frá því að leigutaki tók það á leigu.

Leigutaki skal greiða þær bætur, er hann kann að þurfa að greiða leigusala fyrir vanunnið viðhald, eigi síðar en einum mánuði eftir að hann flytur úr húsnæðinu. Ef leigusala ber að greiða leigutaka bætur, vegna þess að húsnæðið sé í betra ástandi en þegar leigutaki flutti í það, þá skal sú greiðsla einnig innt af hendi eigi síðar en mánuði eftir að leigutaki hefur flutt úr húsnæðinu. Nú er húsnæði í betra ástandi en þegar leigutaki flutti í það, og skal leigusali þó ekki greiða bætur fyrir aðrar framkvæmdir leigutaka en þær, sem gerðar hafa verið vegna eðlilegs viðhalds íbúðarinnar.

Fjárnám má gera fyrir kröfum eftir þessari grein án undangengins dóms eða sáttar, samkvæmt úttektargerð.

35. gr. hljóðar svo:

Félagsmálaráðuneytið skipar úttektarmenn íbúða eftir tillögum sveitarstjórna. Skal á hverjum stað skipa svo marga úttektarmenn sem sveitarstjórn telur nauðsynlegt, til þess að úttektargerð geti farið fram án tafar, eftir að leigutaki flytur úr íbúð og áður en hún er tekin til afnota á ný.

Tveir úttektarmenn skulu annast úttekt hverrar íbúðar. Úttektargerðir svo og allar virðingar í sambandi við þær skulu skrásettar í sérstakar bækur, er félagsmálaráðuneytið löggildir, en afhenda skal leigusala og leigutaka ókeypis afrit. Kostnaður við úttektar- og matsgerðir, þar með talin þóknun matsmanna, greiðist úr ríkissjóði eftir reglum, sem félagsmálaráðuneytið setur.

Það er borgaraleg skylda að taka við útnefningu sem matsmaður íbúðarhúsnæðis.

68. gr. hljóðar svo:

Húsaleigunefnd er heimilt að taka til umráða auðar íbúðir og ráðstafa þeim handa húsnæðislausu innanhéraðsfólki, enda komi fullt endurgjald fyrir. Á sama hátt er húsaleigunefnd heimilt að taka til sinna umráða annað ónotað húsnæði og útbúa það til íbúðar.

Ríkissjóður ábyrgist greiðslu fyrir húsnæði, sem tekið er leigunámi samkvæmt grein þessari, svo og hugsanlegt álag vegna skemmda eða vanunnins viðhalds.

72. gr. hljóðar svo:

Áður en húsnæði er leigt af húsaleigumiðstöð, skal leita tillagna eiganda húsnæðisins um væntanlegan leigutaka.

Fjölskyldur, sem ómegð hafa, skulu að öðru jöfnu sitja fyrir um húsnæði, sem leigt er út af húsaleigumiðstöð.

Nú hefur húsaleigumiðstöð leigt húsnæði öðrum en eigandi þess hefur óskað eftir, og skal honum þá heimilt, þrátt fyrir 60. gr. laga þessara, að segja leigutaka upp húsnæðinu eftir að leigutaki hefur verið í húsnæðinu í sex mánuði.

Ríkissjóður ábyrgist eiganda húsnæðis, sem leigt er út af húsaleigumiðstöð, greiðslu á leigu eftir húsnæðið, enda á hún endurkröfurétt á hendur leigutaka fyrir þeirri fjárhæð, sem hún greiðir hans vegna.

73. gr. hljóðar svo:

Með reglugerð, sem sveitarstjórn setur og félagsmálaráðherra staðfestir, skal kveða nánar á um fyrirkomulag og starfrækslu leigumiðstöðvar áður en hún tekur til starfa.

Allur kostnaður við starfrækslu húsaleigumiðstöðvar greiðist úr ríkissjóði.

Nd. 791. Breytingartillaga [165. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá Einari Ingimundarsyni.

Í 1. gr. bætist í stafrófsröð:

Kolsoe, Reidar, stýrimaður í Reykjavík, fæddur 28. september 1902 í Noregi.

Ed. **792. Lög** [194. mál]

um viðauka við raforkulög, nr. 12 2. apríl 1946.

(Afgreidd frá Ed. 9. apríl.)

Samhljóða þskj. 633.

Ed. **793. Lög** [63. mál]

um síldarleit úr lofti.

(Afgreidd frá Ed. 9. apríl.)

Samhljóða þskj. 751.

Ed. **794. Lög** [124. mál]

um fuglaveiðar og fuglafriðun.

(Afgreidd frá Ed. 9. apríl.)

Samhljóða þskj. 759 (sbr. 288).

Ed. **795. Lög** [79. mál]

um breyting á lögum nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

(Afgreidd frá Ed. 9. apríl.)

Samhljóða þskj. 453.

Ed. **796. Lög** [121. mál]

um breyting á lögum nr. 8 24. marz 1944, um breyting á lögum nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

(Afgreidd frá Ed. 9. apríl.)

Samhljóða þskj. 454.

Nd. **797. Lög** [179. mál]

um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Afgreidd frá Nd. 9. apríl.)

Samhljóða þskj. 767.

Nd. 798. Lög [195. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi samning um breyting á samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, frá 6. febr. 1931, um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð.

(Afgreidd frá Nd. 9. apríl.)

Samhljóða þskj. 634.

Nd. 799. Lög [196. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi samning um breyting á samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar frá 10. febr. 1931 um innheimtu meðlaga.

(Afgreidd frá Nd. 9. apríl.)

Samhljóða þskj. 635.

Ed. 800. Frumvarp til laga [193. mál]

um brunatryggingar utan Reykjavíkur.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Bæjar- og sveitarstjórnum utan Reykjavíkur er heimilt frá 15. okt. 1955 að semja við eitt vátryggingarfélag eða fleiri um brunatryggingar á þeim húseignum í umdæmi sínu, sem tryggingarskyldar eru samkv. 2. gr.

Tekjur vátryggingarfélags af starfsemi samkvæmt samningi um slíkar tryggingar eru undanþegnar sköttum til bæjar- og sveitarsjóðs og ríkissjóðs.

2. gr.

Skylt er að tryggja gegn eldsvoða hjá þeim, sem brunatryggingar annast samkv. 1. gr., allar húseignir utan Reykjavíkur, nema gripahús, hlöður og geymsluhús á sveitabæjum, enda séu þau ekki áföst íbúðarhúsum, svo að þau megi teljast vera í óaðgreinanlegri brunahættu með þeim. Hús í smíðum skal einnig tryggja, og fer um tryggingarupphæð þeirra á hverjum tíma eftir samkomulagi milli eiganda og vátryggingarfélagsins.

3. gr.

Vátryggingarupphæð húsa, sem lög þessi ná til, annarra en húsa í smíðum, skal nema fullu verði þeirra eftir virðingu dómkvaddra manna. Bæjar- eða sveitarstjórn hver skal hafa eftirlit með virðingargerðum húsa í umdæmi sínu, og ber hún á hverjum tíma ábyrgð á, að vátryggingum sé haldið við og ný hús metin og vátryggð þegar eftir að byggingu þeirra er lokið eða þau tekin til íbúðar.

Breyta skal árlega vátryggingarverði húsa til samræmis við vísitölu byggingarkostnaðar.

4. gr.

Iðgjöld af húseignum í skyldutryggingu hvíla sem lögveð á eignunum sjálfum og ganga í tvö ár fyrir öllum öðrum skuldbindingum, sem á þeim hvíla, nema sköttum til ríkissjóðs.

Séu gjöldin eigi greidd innan sex mánaða frá gjalddaga, er heimilt að láta selja hina vátryggðu eign á uppboði, án undanfarins dóms, sáttar eða lögtaks, en tilkynna skal vátryggjanda í ábyrgðarbréfi eða á annan öruggan hátt, að sölu hafi verið beiðzt. Á sama hátt skal uppboðshaldari aðvara eiganda með tveggja vikna fyrirvara, áður en hann sendir söluauglýsingu til birtingar.

Uppboðið skal auglýst einu sinni í Lögbirtingablaðinu. Má sala ekki fara fram fyrr en 6 vikum eftir birtingu auglýsingarinnar.

Virðingargjöld má heimta með lögtaki.

5. gr.

Sameinað Alþingi kýs hlutfallskosningu fimm manna nefnd til þess að endurskoða lög um Brunabótafélag Íslands og önnur lagafyrirmæli um brunamál utan Reykjavíkur. Nefndin kýs sér formann og skal í starfi sínu hafa samráð við forstjóra Brunabótafélags Íslands. Nefndin skal ljúka störfum það snemma, að unnt verði að leggja frv. um þetta efni fyrir næsta reglulegt Alþingi.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 801. Frumvarp til laga [92. mál]

um breyting á lögum nr. 23 1. febr. 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

1. málsgr. 32. gr. laganna orðist svo:

Fastir starfsmenn öryggiseftirlitsins eru öryggismálastjóri, öryggiseftirlitsmenn, skoðunarmenn og annað starfsfólk skrifstofu eftirlitsins, og taka þeir laun samkvæmt launalögum, en ráðherra ákveður umdæmisskoðunarmönnum (sbr. 34. gr.) þóknun fyrir störf þeirra.

2. gr.

Fyrri málsgr. 33. gr. laganna orðist svo:

Öryggismálastjóri og öryggiseftirlitsmenn skulu vera véla- eða efnaverkfræðingar, en skoðunarmenn skulu fullnægja þeim kröfum, er öryggismálastjóri gerir um þekkingu.

3. gr.

Síðasta málsgr. 35. gr. laganna orðist svo:

Starfsmenn eftirlitsins skulu skyldir að kenna við skóla landsins án aukagreiðslu varnir gegn slysum og um óhollustu við vinnu, samkvæmt reglugerð, sem ráðherra gefur út, að fengnum tillögum öryggismálastjóra og skipaskoðunarstjóra.

4. gr.

2. málsl. 45. gr. laganna orðist svo:

Að lokinni árlegri skoðun, hafi engar athugasemdir verið gerðar við öryggisútbúnað eða hollustuhætti, eða að lokinni eftirskoðun, þegar búið er að framkvæma umbætur þær, sem kunna að hafa verið fyrirskipaðar við aðalskoðun, gefur eftirlitsmaður út skoðunarvottorð ásamt reikningi fyrir eftirlitsgjaldið.

Ed. 802. Breytingartillaga [111. mál]

við brtt. á þskj. 700 [Menntun kennara].

Frá Haraldi Guðmundssyni.

Við 1. tölul. Meginmálsgreinin orðist svo:
Húsmæðrakennaraskóli skal starfa í Reykjavík eða á þeim stað öðrum, er fræðslumálastjórnin, að undangenginni rannsókn á aðstæðum til skólahaldsins, kann að telja hentugri.

Ed. 803. Breytingartillögur [184. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 27. júní 1921, um fasteignaskatt.

Frá Guðmundi Í. Guðmundssyni og Jóni Kjartanssyni.

Aðaltillögur.

1. Á eftir 1. gr. komi 2 nýjar greinar (verða 2. og 3. gr.), svo hljóðandi:
   a. (2. gr.) Í stað orðanna „lögreglustjóra, sem leggur það undir úrskurð stjórnarráðsins, ásamt tillögum sínum“ í niðurlagi 4. gr. laganna komi: sveitarstjórn, sem leggur úrskurð á beiðnina.
   b. (3. gr.) Í stað orðanna „lögsagnarumdæmi“ og „lögreglustjóri“ í 5. gr. laganna komi: sveitarfélagi, sveitarstjórn.
2. 2. gr. (verður 4. gr.) verði svo hljóðandi:
   8. gr. laganna orðist svo:
   Skatt þennan skulu sveitarstjórnir innheimta, og fellur hann í gjalddaga 1. júlí ár hvert, í fyrsta sinn 1954. Þó getur sveitarstjórn ákveðið annan gjalddaga fyrr á árinu.
3. Á eftir 3. gr. (verður 5. gr.) kemur svo hljóðandi ákvæði til bráðabirgða:
   Lögreglustjórar, eða hver sá embættismaður, sem innheimta hefði átt fasteignaskattinn að óbreyttum þeim lögum, er um hann hafa gilt, afhendi hver í sínu umdæmi eigi síðar en 1. maí 1954 gjaldkera hvers sveitarsjóðs í umdæminu skrá yfir fasteignaskattsgjaldendur í sveitarfélaginu, og sé á skránni tilgreindur skattur hvers gjaldanda fyrir árið 1954.

Varatillaga.

Við 2. gr. Greinin verði svo hljóðandi:
8. gr. laganna orðist svo:
Skatt þennan skulu lögreglustjórar innheimta á manntalsþingum ár hvert. Lægri upphæð en 50 kr. á fasteign skal þó aldrei innheimta.

Nd. 804. Frumvarp til áfengislaga. [12. mál]

(Eftir eina umr. í Ed.)

Samhljóða þskj. 706 með þessari breytingu:

12. gr. hljóðar svo:
Í kaupstöðum, þar sem áfengisútsala er, getur dómsmálaráðherra veitt veitingahúsum leyfi til vínveitinga, þegar eftirtalin skilyrði eru fyrir hendi:

a. Að veitingahúsið hafi á boðstólum mat og fjölbreytta óáfenga drykki við hóflegu verði.
b. Að veitingahúsið sé fyrsta flokks, að því er snertir húsakynni, veitingar og þjónustu.

Þriggja manna nefnd skal dæma um, hvaða veitingahús fullnægja ákvæðum b-liðar 1. málsgr. Nefndin skal þannig skipuð, að áfengisvarnaráð tilnefnir einn mann, annar sé tilnefndur af Sambandi veitinga- og gistihúseigenda og hinn þriðji af ráðherra.

Áður en vínveitingaleyfi er veitt, skal leita umsagnar bæjarstjórnar og áfengisvarnanefndar í þeim kaupstað, er í hlut á.

Utan kaupstaða er dómsmálaráðherra og heimilt að uppfylltum skilyrðum a—b-liða 1. málsgr. og eftir að leitað hefur verið umsagnar hlutaðeigandi sýslunefndar, að veita veitingahúsum leyfi til vínveitinga, ef telja má, að veitingahúsreksturinn sé aðallega fyrir erlenda ferðamenn.

Vínveitingaleyfi skulu ekki veitt lengur en til fjögurra ára í senn. Veitingaleyfi skal bundið við nafn og veitir leyfishafa aðeins rétt til veitinga í því húsnæði, er hann hefur, þegar leyfið er veitt. Öll leyfi skulu gefin út með fyrirvara um, að stytta megi leyfistímann án skaðabótaskyldu fyrir ríkissjóð, ef sérstakar ástæður mæla með því að dómi ráðherra.

Ef áfengisútsala í kaupstað er lögð niður samkvæmt ákvæðum 10. gr., falla samtímis úr gildi vínveitingaleyfi veitingahúsa þar.

Veitingaleyfi má binda þeim skilyrðum, sem dómsmálaráðherra telur nauðsynleg, m. a. er heimilt að binda leyfið eingöngu við veitingar léttra vína. Ef veitingamaður brýtur gegn settum skilyrðum eða uppfyllir þau ekki lengur, skal hann þegar missa vínveitingaleyfi sitt. Fyrir vínveitingaleyfi skal greiða í hvert sinn kr. 4000.00 í ríkissjóð.

Skylt er löggæzlumönnum að gefa sérstakar gætur að starfsemi þeirra veitingahúsa, sem vínveitingaleyfi hafa. Ráðherra getur ákveðið nánara eftirlit með þeim veitingastöðum, er vínveitingaleyfi hafa. Ríkissjóður greiðir kostnað eftirlitsins, en leyfishafar skulu endurgreiða hann ríkissjóði eftir ákvörðun ráðherra. Ráðherra setur þeim, er eftirlitið annast, erindisbréf um, hvernig þeir skuli haga starfi sínu.

Nánari fyrirmæli um vínveitingar, þar á meðal um veitingatíma, álagningu og lögreglueftirlit með veitingastöðum, skulu sett í reglugerð. Áður en slík reglugerð er sett, skal leita umsagnar áfengisvarnaráðs.

Ed. 805. Breytingartillaga [193. mál]

við frv. til l. um brunatryggingar utan Reykjavíkur.

Frá Hermanni Jónassyni.

Við 1. gr. Fyrir orðin „15. okt. 1955“ kemur: 15. okt. 1954.

Ed. 806. Lög [168. mál]

um breyting á lögum nr. 59 7. maí 1946, um sérstakar fyrningarafskriftir.

(Afgreidd frá Ed. 9. apríl.)

Samhljóða þskj. 684.

Nd. 807. Breytingartillaga [165. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá Birni F. Björnssyni.

Í 1. gr. bætist í stafrófsröð:
Gærdbo, Oðni, klæðskeranemi í Reykjavík, fæddur 13. nóvember 1931 í Færeyjum.

Nd. 808. Nefndarálit [165. mál]

um frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumv. og leggur til, að það verði samþykkt með breytingum, sem nefndin flytur tillögur um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 10. apríl 1954.

Björn Ólafsson, form. — Ásg. Bjarnason, fundaskr. — Jörundur Brynjólfsson, frsm.
Eggert G. Þorsteinsson. — Einar Ingimundarson, með fyrirvara.

Nd. 809. Breytingartillaga [165. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. Í greinina bætist í stafrófsröð:

1. Gazeley, George Felix, verzlunarmaður í Reykjavík, fæddur 29. september 1921 í Englandi.
2. Gærdbo, Oðni, klæðskeranemi í Reykjavík, fæddur 13. nóvember 1931 í Færeyjum.
3. Hansen, Niels Marinus, vefari á Akureyri, fæddur 24. febrúar 1929 í Danmörku.
4. Jensen, Erik Frimann, trésmiður í Reykjavík, fæddur 13. september 1914 í Danmörku.
5. Krogh, Per, vélfræðingur í Reykjavík, fæddur 21. janúar 1914 í Noregi.
6. Larsen, Knud, málari í Reykjavík, fæddur 1. apríl 1921 í Danmörku.
7. May, Hans-Wolfgang, járnsmiður í Reykjavík, fæddur 17. marz 1928 í Þýzkalandi. Öðlast réttinn 16. júní 1954.
8. Mikson, Evald, íþróttakennari í Reykjavík, fæddur 12. júlí 1911 í Eistlandi.
9. Münch, Alfred Louis Johannes, matreiðslumaður í Reykjavík, fæddur 17. júní 1899 í Þýzkalandi.
10. Petersen, Arne Ivar, hljóðfærasmiður í Reykjavík, fæddur 5. nóvember 1915 í Danmörku.
11. Poulsen, Olaf Martin Aarskog, iðnnemi í Reykjavík, fæddur 19. september 1916 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.

Nd. 810. Breytingartillaga [205. mál]

við frv. til l. um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

Frá forsætisráðherra.

Við 3. gr. 2. málsl. skal orða svo:
Öllum ágóða af happdrættinu skal varið til byggingar dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

Ed. 811. Frumvarp til laga [205. mál]

um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.
Heimilt skal stjórn dvalarheimilis aldraðra sjómanna að stofna happdrætti um bifreiðar, báta og búnaðarvélar.
Verð happdrættismiða skal ákveðið af ráðherra, að fengnum tillögum frá stjórn dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

2. gr.
Drættir í þessu happdrætti skulu fara fram opinberlega í Reykjavík. Dregið skal mánaðarlega.

3. gr.
Heimild þessi gildir í 10 ár frá því, að lögin öðlast gildi. Öllum ágóða af happdrættinu skal varið til byggingar dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

4. gr.
Vinningar í happdrætti þessu skulu undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum, öðrum en eignarskatti, á því ári, sem þeir falla.

5. gr.
Ráðherra getur sett með reglugerð nánari ákvæði um starfsemi happdrættisins.

6. gr.
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 812. Breytingartillaga [165. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

Í 1. gr. bætist í stafrófsröð:
Wagner, Ilse Inge, húsfrú í Neskaupstað, fædd 24. marz 1930 í Þýzkalandi.

Nd. 813. Breytingartillaga [165. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá Páli Þorsteinssyni.

Við 1. gr. Í greinina bætist í stafrófsröð:
Meckle, Olga, húsmóðir á Reynivöllum í Austur-Skaftafellssýslu, fædd 5. júlí 1925 í Þýzkalandi.

Nd. 814. Breytingartillögur [12. mál]

við frv. til áfengislaga.

Frá Páli Þorsteinssyni og Lúðvík Jósefssyni.

Við 12. gr.

a. Á eftir staflíðum a og b komi ný málsgr., svo hljóðandi:
Leyfi til vínveitinga samkvæmt þessari grein má þó því aðeins veita, að hlutaðeigandi bæjarstjórn hafi fallizt á, að vín verði til sölu í veitingahúsum í bænum.

b. Upphaf 3. málsgr. orðist þannig:
Áður en vínveitingaleyfi er veitt, skal hverju sinni leita umsagnar o. s. frv.

Nd. 815. Nefndarálit [193. mál]

um frv. til l. um brunatryggingar utan Reykjavíkur.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv., og mæla þrír nefndarmenn (BÓ, EI og EggÞ) með, að það verði samþykkt óbreytt. Tveir nefndarmenn (JörB og ÁB) áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur eða fylgja breytingartill., sem fram kunna að koma.

Alþingi, 10. apríl 1954.

Björn Ólafsson, form. — Ásgeir Bjarnason, fundaskr. — Einar Ingimundarson, frsm.
Eggert Þorsteinsson. — Jörundur Brynjólfsson.

Nd. 816. Lög [92. mál]

um breyting á lögum nr. 23. 1. febr. 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum.

(Afgreidd frá Nd. 10. apríl.)

Samhljóða þskj. 801.

Nd. 817. Lög [171. mál]

um breyting á lögum nr. 36 16. febr. 1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.

(Afgreidd frá Nd. 10. apríl.)

Samhljóða þskj. 788.

Nd. 818. Nefndarálit [163. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til kaupa á tveimur olíuflutningaskipum.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Um það getur varla verið ágreiningur, að æskilegt sé, að Íslendingar taki olíuflutninga til landsins sem fyrst í eigin hendur. Um 30 millj. kr. munu á síðastliðnu ári hafa verið greiddar úr landi í sambandi við þessa flutninga. Það fé gæti að verulegu leyti orðið tekjur innlendra aðila. Ef lánsfé reyndist fáanlegt til kaupa á skipi eða skipum til þess að annast þessa flutninga, er spurningin hins vegar sú, hvernig ætti að skipuleggja þá.

Í frv. því um olíueinkasölu, sem þingmenn Alþýðuflokksins í Nd. hafa flutt, er gert ráð fyrir heimild til handa ríkisstjórninni til þess að leigja, kaupa eða láta byggja olíuflutningaskip. Alþýðuflokkurinn telur skynsamlegast, að slíkir flutningar séu allir á einni hendi og þá helzt í höndum hins opinbera, enda er þá auðveldast að koma við heildarskipulagningu til þess að tryggja sem lægstan flutningskostnað. Má í þessu sambandi benda á, að olían er nú keypt inn í einu lagi í sambandi við heildarsamninga, sem ríkisvaldið annast, og má þá búast við, að ríkið gæti annazt flutningana með hagkvæmum hætti.

Eitt 18 000 smálesta skip gæti annað flutningi á allri þeirri olíu, sem landsmenn nota nú, og meira en það. Tel ég eðlilegast, að ríkið eignaðist slíkt skip. En sé ekki vilji fyrir því og eigi að veita ríkisábyrgð til að stuðla að kaupum á slíku skipi af hálfu annarra, tel ég eðlilegra að veita slíka ábyrgð samvinnufyrirtækjum en einkafyrirtækjum. Í þessu frv. er gert ráð fyrir kaupum tveggja skipa, að öllum líkindum af því, að báðir þeir aðilar, sem gert er ráð fyrir að fái ríkisábyrgðina, vilja fá að annast þessa flutninga, þar eð þeir eru taldir gróðavænlegir. Slík sjónarmið mega hins vegar engu ráða um lausn málsins. Og fráleitt er að láta löngun margra fyrirtækja í hagnað af olíuflutningum verða til þess, að tekið verði upp svo óhentugt skipulag á flutningunum, að þeir þurfi að verða dýrari en ella. Þá verður gróðalöngun fyrirtækjanna að bagga á atvinnuvegunum.

Ég tel því rétt, að það skilyrði verði sett fyrir umræddri ábyrgð, að félögin, sem hana fá, skuldbindi sig til þess að taka aldrei hærri farmgjöld en skráð eru á heimsmarkaðinum á hverjum tíma. Um þetta efni hefur hv. 3. landsk. þm., Hannibal Valdimarsson, þegar flutt breytingartillögu. Afstaða mín við endanlega afgreiðslu frv. mun fara eftir því, hvort þessi tillaga nær fram að ganga eða ekki.

Alþingi, 10. apríl 1954.

Gylfi Þ. Gíslason.

Nd. 819. Nefndarálit [64. mál]

um frv. til l. um sömu laun kvenna og karla.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur rætt mál þetta á nokkrum fundum. Meðnefndarmenn mínir hafa ekki viljað tjá sig reiðubúna til þess að mæla með samþykkt þess, en ég legg til, að það nái fram að ganga.

Þótt jafnrétti karla og kvenna sé viðurkennt í orði, vill oft svo verða á borði, að kynin njóti ekki sama réttar. Á þetta einkum við í launamálum. Þess eru mörg dæmi, að konum séu greidd lægri laun en körlum, þótt um sambærileg störf sé að ræða, og sömuleiðis, að laun kvenna hækki minna og seinna við flutning milli launaflokka.

Engin skynsemi væri í því að gera ráð fyrir sömu launum til kvenna og karla við þau störf, þar sem eðlilegt er, að afköst þeirra séu ólík. En sú staðreynd, að vinnuafköst karla og kvenna eru misjöfn við ýmis störf, hefur orðið þess valdandi, að konum er greitt lægra kaup en körlum við ýmis störf, þar sem afköst þeirra eru engu minni. Á þessu þarf að ráða bót. Launþegasamtökunum hefur orðið talsvert ágengt á þessu sviði, en ástæða er samt til þess, að löggjafinn láti málið til sín taka, svo sem ýmis önnur mannréttindamál, og kveði svo á, að laun kvenna og karla skuli vera jöfn við þau störf, þar sem engin skynsamleg ástæða er til að gera yfirleitt ráð fyrir misjöfnum afköstum.

Alþingi, 10. apríl 1954.

Gylfi Þ. Gíslason.

Nd. 820. Nefndarálit [89. mál]

um frv. til laga um olíueinkasölu.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Eitt brýnasta nauðsynjamál íslenzks sjávarútvegs er, að olíuverð sé sem lægst og aldrei hærra en óhjákvæmilegt er. Alþýðuflokkurinn telur, að það verði bezt tryggt á þann hátt, að öll kaup á olíu til landsins séu sameinuð í eina hendi og sömuleiðis allir flutningar til landsins og dreifing innanlands. Virðist hið opinbera þá vera sá aðili, sem helzt gæti annazt þetta hlutverk, og má í því sambandi benda á, að ríkið er nú í raun og veru kaupandi að allri olíu og öllu benzíni, sem til landsins er flutt, þótt það framselji samninga sína til annarra og veiti þeim þannig hagnaðarmöguleika.

Ég legg því til, að frv. þetta, sem flutt er af þingmönnum Alþýðuflokksins í Nd., verði samþykkt.

Alþingi, 10. apríl 1954.

Gylfi Þ. Gíslason.

Nd. 821. Nefndarálit [29. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 16 26. febr. 1943, um orlof.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur rætt frv. þetta á nokkrum fundum, en ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þess. Meðnefndarmenn mínir kveðast ekki reiðubúnir til þess að mæla með samþykkt þess, en ég legg til, að það verði samþykkt.

Alþýðusamtökin íslenzku hafa nú um nokkurt skeið haft baráttu fyrir 3 vikna orlofi á stefnuskrá sinni. Gildandi orlofslög voru á sínum tíma sett fyrir forgöngu Alþýðuflokksins og með hliðsjón af því, sem var á hinum Norðurlöndunum. Nú er svo komið þar víðast hvar, að orlofsréttur hefur verið lengdur úr tveim vikum í þrjár. Virðist því vera tímabært að gera hliðstæðar breytingar hér.

Í frv. er og gert ráð fyrir því, að niður verði felld úr gildandi lögum þau ákvæði, að hlutarsjómenn njóti ekki að fullu þeirra réttinda, sem lögin veita öðrum launþegum, og virðist það sjálfsagt.

Alþingi, 10. apríl 1954.

Gylfi Þ. Gíslason.

Nd. 822. Breytingartillaga [165. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá Ingólfi Jónssyni, Einari Olgeirssyni, Emil Jónssyni, Bergi Sigurbjörnssyni og Birni Björnssyni.

Í 1. gr. bætist í stafrófsröð:

1. Körner, Anneliese Ruth, húsfrú á Hellu í Rangárvallasýslu, fædd 29. jan. 1929 í Þýzkalandi.
2. Warncke, Martha Emma Johanna, húsfrú að Neðra-Seli í Landmannahreppi, fædd 20. febrúar 1924 í Rúmeníu.

Nd. 823. Breytingartillaga [193. mál]

við frv. til l. um brunatryggingar utan Reykjavíkur.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Við 1. gr. Fyrir orðin „15. okt. 1955“ kemur: 15. okt. 1954.

Ed. 824. Lög [184. mál]

um breyting á lögum nr. 66 27. júní 1921, um fasteignaskatt.

(Afgreidd frá Ed. 12. apríl.)

Samhljóða þskj. 740.

Sþ. **825. Breytingartillaga** [206. mál]

við till. til þál. um athugun á hag togaraútgerðarinnar.

Frá Einari Olgeirssyni.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að kjósa með hlutfallskosningu 7 manna nefnd til þess að vinna að því í samráði við ríkisstjórnina, að gerðar séu tafarlaust ráðstafanir til að tryggja hallalausan rekstur togaraútgerðarinnar og að jafnan fáist íslenzkir sjómenn til starfa á togaraflotanum.

Skulu ráðstafanir þessar einkum miða að því að lækka olíuverð, bankavexti, einkum af afurðalánum, vátryggingarkostnað, farmgjöld á framleiðsluvörum útgerðarinnar, tolla og skatta á nauðsynjavörum útgerðarinnar og að því að hækka fiskverð til togaranna. Jafnhliða þessum ráðstöfunum til stuðnings útgerðinni skal hlutazt til um, að bætt verði svo kjör togarasjómanna, að vanir menn fáist til starfa á skipunum.

Ríkisstjórnin skal skipa formann nefndarinnar úr hópi hinna kjörnu.

Nd. **826. Lög** [173. mál]

um brunatryggingar í Reykjavík.

(Afgreidd frá Nd. 12. apríl.)

Samhljóða þskj. 650.

Nd. **827. Áfengislög.** [12. mál]

(Afgreidd frá Nd. 12. apríl.)

Samhljóða þskj. 804 (sbr. 706).

Ed. **828. Breytingartillögur** [125. mál]

við frv. til l. um húsaleigu.

Frá Bjarna Benediktssyni.

1. Við 48. gr. 1. málsgr. orðist svo:
   Þegar mikil húsnæðisekla er í sveitarfélagi, getur sveitarstjórn ákveðið með sérstakri samþykkt, að koma skuli til framkvæmda í sveitarfélaginu, að einhverju eða öllu leyti, ákvæði þessa kafla.
2. Við 49. gr.
   a. Orðið „bæjarfélagi“ í 4. málsgr. verði: sveitarfélagi.
   b. Orðin „kaupstöðum og kauptúnum“ í 5. málsgr. verði: sveitarfélögum.
3. Við 70. gr. Orðin „kaupstað eða kauptúni með 500 íbúa eða fleiri“ verði: sveitarfélagi.

Ed. **829. Breytingartillaga** [18. mál]

við tillögu til rökstuddrar dagskrár á þskj. 789 [Rithöfundaréttur og prentréttur].

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Rökstudd dagskrána skal orða svo:
Í því trausti að ríkisstjórnin láti þegar rannsaka til hlítar, hvernig reynzt hefur í framkvæmd innganga Íslands í Bernarsambandið, enn fremur hvernig svo fámenn þjóð sem Íslendingar geti bezt og hagkvæmast skipað gagnkvæmri vernd höfundaréttar, og leggi niðurstöður sínar fyrir næsta þing, svo og geri þær ráðstafanir, sem hún telur að ekki þoli bið, til þess að tryggja rétt íslenzkra höfunda í Bandaríkjunum, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Ed. **830. Lög** [201. mál]

um viðauka við lög nr. 28 23. apríl 1946, um virkjun Sogsins.

(Afgreidd frá Ed. 12. apríl.)

Samhljóða þskj. 697.

Ed. **831. Lög** [202. mál]

um heimild handa ríkisstjórninni til öflunar lánsfjár til smáíbúðabygginga.

(Afgreidd frá Ed. 12. apríl.)

Samhljóða þskj. 699.

Ed. **832. Lög** [160. mál]

um breyting á lögum nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla.

(Afgreidd frá Ed. 12. apríl.)

Samhljóða þskj. 657.

Nd. **833. Lög** [193. mál]

um brunatryggingar utan Reykjavíkur.

(Afgreidd frá Nd. 12. apríl.)

Samhljóða þskj. 800.

Nd. **834. Breytingartillaga** [165. mál]

við frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá Magnúsi Jónssyni.

Við 1. gr. bætist í stafrófsröð:
Block, Gertrud Friede, húsfrú í Reykjavík, fædd 1. ágúst 1920 í Þýzkalandi.

Sþ. **835. Breytingartillaga** [206. mál]

við till. til þál. um athugun á hag togaraútgerðarinnar.

Frá Einari Olgeirssyni.

Á eftir orðunum „7 manna nefnd“ í 1. málsgr. komi: og sjö til vara.

Nd. **836. Frumvarp til laga** [165. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Benske, Erich Gerhard Julius, verzlunarmaður í Reykjavík, fæddur 2. júlí 1895 í Þýzkalandi.
2. Benske, Sesselja Guðmundsdóttir, húsmóðir í Reykjavík, fædd 28. febrúar 1903 á Íslandi.
3. Block, Gertrud Friede, húsfrú í Reykjavík, fædd 1. ágúst 1920 í Þýzkalandi.
4. Christensen, Ejvil Walin, bifreiðarstjóri í Reykjavík, fæddur 6. febr. 1917 í Danmörku.
5. Clausen, Elisabeth, húsmóðir í Reykjavík, fædd 31. marz 1931 í Noregi.
6. Gazeley, George Felix, verzlunarmaður í Reykjavík, fæddur 29. september 1921 í Englandi.
7. Guðrún Steina Hólm Magnúsdóttir, húsmóðir í Reykjavík, fædd 15. marz 1929 á Íslandi.
8. Gærdbo, Oðni, klæðskeranemi í Reykjavík, fæddur 13. nóvember 1931 í Færeyjum.
9. Hansen, Niels Marinus, vefari á Akureyri, fæddur 24. febrúar 1929 í Danmörku.
10. Holmboe, Sigrid Johanne Emilie, húsmóðir í Reykjavík, fædd 20. desember 1901 í Danmörku.
11. Jacobsen, Trönd, verkamaður í Stykkishólmi, fæddur 21. febr. 1922 í Færeyjum.
12. Jensen, Erik Frimann, trésmiður í Reykjavík, fæddur 13. september 1914 í Danmörku.
13. Jörgensen, Jörgen, verkamaður í Reykjavík, fæddur 20. janúar 1919 í Noregi.
14. Kári Guðjónsson, sjómaður í Reykjavík, fæddur 30. október 1927 í Noregi.
15. Kjeldsen, Kaja, húsmóðir í Reykjavík, fædd 3. júlí 1925 í Danmörku.
16. Kjærvik, Julius Ingar, matsveinn í Reykjavík, fæddur 15. janúar 1923 í Noregi.
17. Kolsoe, Reidar, stýrimaður í Reykjavík, fæddur 28. september 1902 í Noregi.
18. Krog, Else Marie Christine, húsmóðir í Reykjavík, fædd 13. júlí 1914 í Færeyjum.
19. Krogh, Per, vélfræðingur í Reykjavík, fæddur 21. janúar 1914 í Noregi.
20. Körner, Anneliese Ruth, húsfrú á Hellu í Rangárvallasýslu, fædd 29. jan. 1929 í Þýzkalandi.
21. Lambrechts, Fridtjov Johannes, sjómaður í Kópavogi, fæddur 29. júní 1917 í Noregi.
22. Larsen, Knud, málari í Reykjavík, fæddur 1. apríl 1921 í Danmörku.
23. Machnitzky, Berta Emma, ráðskona að Sveinsstöðum í Lýtingsstaðahreppi, fædd 8. ágúst 1904 í Þýzkalandi.
24. May, Hans-Wolfgang, járnsmiður í Reykjavík fæddur 17. marz 1928 í Þýzkalandi. Öðlast réttinn 16. júní 1954.

25. Meckle, Olga, húsmóðir á Reynivöllum í Austur-Skaftafellssýslu, fædd 5. júlí 1925 í Þýzkalandi.
26. Mikson, Evald, íþróttakennari í Reykjavík, fæddur 12. júlí 1911 í Eistlandi.
27. Moravek, Johann Franz Josef, hljómlistarmaður í Kópavogi, fæddur 2. maí 1912 í Austurríki.
28. Münch, Alfred Louis Johannes, matreiðslumaður í Reykjavík, fædur 17. júní 1899 í Þýzkalandi.
29. Niclasen, Lydia Oluffa, húsfrú í Reykjavík, fædd 7. janúar 1918 í Færeyjum.
30. Petersen, Arne Ivar, hljóðfærasmiður í Reykjavík, fæddur 5. nóvember 1915 í Danmörku.
31. Poulsen, Olaf Martin Aarskog, iðnnemi í Reykjavík, fæddur 19. september 1916 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
32. Spitzer, Erika Anita Maria Luise, húsmóðir í Reykjavík, fædd 3. apríl 1911 í Þýzkalandi.
33. Tavsen, Peter Andreas, sjómaður á Hofsósi, fæddur 20. sept. 1919 í Færeyjum.
34. Thorberg, Flemming, sjómaður í Reykjavík, fæddur 29. janúar 1933 í Danmörku.
35. Wagner, Ilse Inge, húsfrú í Neskaupstað, fædd 24. marz 1930 í Þýzkalandi.
36 Ward, Herbert Patrick, verkamaður í Reykjavík, fæddur 1. júlí 1922 á Írlandi.
37. Warncke, Martha Emma Johanna, húsfrú að Neðra-Seli í Landmannahreppi, fædd 20. febrúar 1924 í Rúmeníu.

2. gr.

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgararétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum nr. 54 27. júní 1925, um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 837. Breytingartillaga [165. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

2. gr. orðist svo:

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgararétt með lögum þessum fyrr en þeir hafa fengið íslenzkt fornafn. Sama skal gilda um barn, sem fær ríkisfang samkvæmt lögum þessum með foreldri sínu, en kenna skal það sig við föður, móður eða kjörföður samkvæmt lögum um mannanöfn. Þeir niðjar þessara nýju ríkisborgara, sem fæðast eftir gildistöku laga þessara, skulu á sama hátt kenna sig við föður, móður eða kjörföður.

Sþ. 838. Nefndarálit [20. mál]

um till. til þál. um endurskoðun varnarsamningsins milli Íslands og Bandaríkjanna.

Frá meiri hl. utanríkismálanefndar.

Það er vitað, að samningar um ýmsar breytingar á framkvæmd varnarsamningsins hafa staðið yfir síðan í haust, er leið, og liggja ekki fyrir enn sem komið er niðurstöður þeirra samninga, en ætla má, að þeir muni hafa fjallað um ýmis þau

atriði, er greinir í tillögunni. Meiri hluta nefndarinnar þykir því eftir atvikum bezt hlýða að vísa þessu máli til ríkisstjórnarinnar, en einn nefndarmanna (GÞG) vildi láta samþykkja tillöguna óbreytta. Annar nefndarmaður (FRV) tók ekki þátt í afgreiðslu málsins vegna veikinda.

Meiri hlutinn leggur til samkv. framansögðu, að tillögunni sé **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 12. apríl 1954.

Jóhann Þ. Jósefsson, form., frsm. Jörundur Brynjólfsson, fundaskr. Hermann Jónasson.

Björn Ólafsson. Jóhann Hafstein.

Sþ. 839. Tillaga til þingsályktunar [207. mál]

um kosningu nefndar til að endurskoða lög um kosningar til Alþingis og lög um sveitarstjórnarkosningar.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Jón Pálmason, Gísli Jónsson og Páll Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að kjósa sjö manna nefnd til þess að endurskoða lög um kosningar til Alþingis og lög um sveitarstjórnarkosningar.

Nd. 840. Breytingartillögur [125. mál]

við frv. til l. um húsaleigu.

Frá Einari Olgeirssyni.

1. Við 48. gr. Aftan við 48. gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Þá getur og sveitarstjórn í kaupstað eða kauptúni, þar sem fólk býr í heilsuspillandi íbúðum, ákveðið með sérstakri samþykkt, er ræða skal á tveim fundum, að til framkvæmda skuli koma, hvað þann kaupstað eða kauptún snertir, III. kafli laga um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.
2. Við 76. gr. Aftan við greinina bætist: enn fremur 1. tölul. 1. gr. laga um bráðabirgðabreyting nokkurra laga, nr. 50 5. apríl 1948.

Sþ. 841. Þingsályktun [198. mál]

um eflingu fiskveiðasjóðs vegna bátasmíða.

(Afgreidd frá Sþ. 12. apríl.)

Samhljóða þskj. 642.

Sþ. 842. Þingsályktun [203. mál]

um endurskoðun laga nr. 34/1943, um fiskveiðasjóð Íslands.

(Afgreidd frá Sþ. 12. apríl.)

Samhljóða þskj. 712.

Nd. 843. Nefndarálit [197. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 28/1940, um friðun hreindýra og eftirlit með þeim.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 12. apríl 1954.

Gunnar Thoroddsen, form. Páll Þorsteinsson, fundaskr. Halldór Ásgrímsson, frsm.

Kjartan J. Jóhannsson. Hannibal Valdimarsson.

Sþ. 844. Nefndarálit [20. mál]

um till. til þál. um endurskoðun varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna.

Frá minni hl. utanríkismálanefndar.

Nefndin hefur rætt tillöguna á tveim fundum. Á fyrri fundinum var samþykkt að skrifa utanríkisráðuneytinu og spyrjast fyrir um, hvort og að hversu miklu leyti þau atriði, sem tillagan fjallar um, hafi verið tekin til meðferðar í samningum þeim, sem staðið hafa yfir undanfarið milli Íslands og Bandaríkjanna. Nefndin fékk ekkert svar við þeirri fyrirspurn, og hefur nefndin ekki heldur verið kvödd til ráða um þá samningsgerð og enga skýrslu um hana fengið. Á síðari fundinum samþykktu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins að leggja til, að tillögunni sé vísað til ríkisstjórnarinnar, en fulltrúi Sósialistaflokksins var fjarstaddur sökum veikinda.

Þar eð ekkert hefur enn verið gert opinbert um fyrrnefnda samninga, en Alþingi er nú senn að ljúka, tel ég fulla ástæðu til, að þingið samþykki viljayfirlýsingu um málið. Tillaga þessi er slík viljayfirlýsing og er tvíþætt. Annars vegar fjallar hún um ráðstafanir, sem nauðsynlegt er talið að gera þegar í stað. Hins vegar fjallar hún um undirbúning að breyttri framtíðarskipun þeirra mála, sem hér er um að ræða.

Ráðstafanirnar, sem lagt er til, að gerðar verði strax, eru þessar:

1) Að íslenzkir aðilar annist framkvæmdir, sem ákveðnar voru á grundvelli varnarsamningsins frá 1951 og er enn ólokið.

2) Að sá hluti Keflavíkurflugvallar, sem eingöngu eða fyrst og fremst þarf að nota í hernaðarþágu, sem og önnur varnarsvæði, séu girt og öll almenn umferð um þau bönnuð.

3) Að herliðið dveljist eingöngu á þeim stöðum, sem það hefur fengið til umráða, meðan það er í landinu.

Enn fremur er í tillögunni lagt til, að gerðar verði eftirtaldar ráðstafanir varðandi framtíðarskipun þessara mála:

1) Að ríkisstjórnin hefji þegar undirbúning þess, að Íslendingar taki í sínar hendur rekstur, viðhald og gæzlu þeirra mannvirkja, sem byggð hafa verið eða óbyggð eru á grundvelli varnarsamningsins frá 1951, en þjálfi þó aldrei Íslendinga til neinna hernaðarstarfa.

2) Að ríkisstjórnin leiti samninga við stjórn Bandaríkjanna eða Norður-Atlantshafsbandalagsins um greiðslu kostnaðar, sem af þessu hlýzt.

3) Að varnarsamningnum verði breytt þannig, að Alþingi geti, þegar Íslendingar hafa menntað starfsmenn til að taka að sér framangreind störf eða ráðið erlenda sérfræðinga til að annast þau, ákveðið, með 3 mánaða fyrirvara, að herlið Bandaríkjanna skuli hverfa frá Íslandi.

Til þess ber brýna nauðsyn að endurskoða varnarsamninginn og þá skipun, sem verið hefur á framkvæmd varnarmálanna undanfarið. Samningar þeir, sem teknir voru upp af hálfu ríkisstjórnarinnar, eru skýr staðfesting þess. En það er ekki nóg að taka framkvæmdaratriði til endurskoðunar. Einnig þarf að hefja þegar í stað undirbúning að þeirri framtíðarskipan, sem taka á upp, þegar herliðið verður látið hverfa úr landinu, því að allir flokkarnir, sem stóðu að samþykkt varnarsamningsins, lýstu því yfir, að þeir telji það ekki eiga að vera hér lengur en öryggisnauðsyn krefjist. Um það má að sjálfsögðu deila og verður deilt, hversu lengi sú nauðsyn sé fyrir hendi. En fyrir hinu verða allir að gera sér grein, hvað við á að taka, þegar rétt verður talið að láta herinn hverfa á brott. Fyllilega tímabært virðist að hefja nú þegar undirbúning að ráðstöfunum í því sambandi. Af þeim sökum er sérstök ástæða til þess að samþykkja tillöguna, þótt ýmis af framkvæmdaratriðunum, sem hún fjallar um, kunni að hafa verið þáttur í fyrrnefndum samningum milli Íslands og Bandaríkjanna.

Legg ég því til, að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 12. apríl 1954.

Gylfi Þ. Gíslason.

Sþ. 845. Þingsályktun [100. mál]

um milliþinganefnd í heilbrigðismálum.

(Afgreidd frá Sþ. 12. apríl.)

Alþingi ályktar að kjósa þriggja manna milliþinganefnd í heilbrigðismálum. Ráðherra skipar formann nefndarinnar. Verkefni nefndarinnar eru:

1) Að gera tillögur um fjölda, stærð og staðsetningu sjúkrahúsa og hjúkrunarheimila í landinu.

2) Að gera tillögur um almennar ráðstafanir til eflingar heilsuvernd og heilbrigði með þjóðinni.

Nefndin skal ljúka störfum fyrir 1. okt. 1954.

Læknum, hjúkrunarkonum, kennurum og öðrum, er að heilbrigðismálum vinna í þjónustu ríkisins, er skylt að veita nefndinni upplýsingar, er henni mega að gagni koma í starfi hennar.

Ed. 846. Nefndarálit [174. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 80 11. júní 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, og mælir nefndin einróma með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Einn nefndarmanna (PZ) var ekki á fundinum, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 13. apríl 1954.

Hermann Jónasson, form., frsm. | Lárus Jóhannesson, fundaskr. | Sigurður Ó. Ólafsson.
Guðm. Í. Guðmundsson.

Ed. 847. Nefndarálit [155. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 41 28. nóv. 1919, um landamerki o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Einn nefndarmanna (PZ) var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 13. apríl 1954.

Hermann Jónasson, form. | Lárus Jóhannesson, fundaskr., frsm. | Sigurður Ó. Ólafsson.
Guðm. Í. Guðmundsson.

Sþ. 848. Þingsályktun [140. mál]

um gerð hagrænna landabréfa í þágu atvinnuveganna.

(Afgreidd frá Sþ. 12. apríl.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að verja á þessu ári úr ríkissjóði allt að 30 þús. kr. til þess að afla upplýsinga um fiskimiðin umhverfis landið og láta að því loknu gera og gefa út fiskikort til afnota fyrir íslenzka fiskimenn; enn fremur að láta fara fram athugun á því, hvaða kostnað það mundi hafa í för með sér að gera hagræn landabréf af Íslandi í því skyni að auðvelda ráðstafanir til sköpunar jafnvægis í byggð landsins.

Sþ. 849. Breytingartillaga [169. mál]

við till. til þál. um stækkun þinghúslóðarinnar.

Frá Birni Ólafssyni.

Síðasti málsl. tillgr. orðist svo:

Heimilar Alþingi jafnframt ríkisstjórninni að verja fé úr ríkissjóði til þess að hreinsa og rækta lóðir þessar og til brottflutnings þeirra húsa, sem á þeim standa nú.

Nd. 850. Breytingartillaga [165. mál]

við frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Við 1. gr. Í greinina bætist í stafrófsröð:
Häfner, Ursula Elfriede, húsfrú á Útibleiksstöðum í Vestur-Húnavatnssýslu, fædd 30. apríl 1922 í Þýzkalandi.

Sþ. 851. Tillaga til þingsályktunar [208. mál]

um fjárframlög til stjórnarráðshúss og endurreisnar Skálholtsstaðar.

Flm.: Ólafur Thors, Steingrímur Steinþórsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að verja úr ríkissjóði á árinu 1954 eða leggja til hliðar á því ári:
1. 2 millj. kr. til þess að reisa nýtt stjórnarráðshús í Reykjavík.
2. 1 millj. kr. til kirkjubyggingar í Skálholti.

Nd. 852. Frumvarp til laga [209. mál]

um viðauka við lög nr. 11 23. apríl 1928, um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 73. löggjafarþingi, 1954.)

1. gr.

Aftan við lögin komi svo hljóðandi viðauki:
Landbúnaðarráðherra er heimilt að leyfa innflutning á kjöti til landsins í apríl-, maí- og júnímánuði 1954. Leyfi þetta má því aðeins veita, að yfirdýralæknir samþykki innflutninginn og fylgt verði fyrirmælum hans um kjötinnflutning þennan.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á síðastliðnu framleiðsluári var nokkur skortur á kjöti til neyzlu í landinu, þótt vandræðalaust mætti telja, enda var kjöt skammtað að nokkru leyti síðustu mánuði framleiðsluársins. Miðað við 1. marz þessa árs er nú um 850 tonnum minna af kjöti í landinu en á sama tíma s. l. ár, samkvæmt upplýsingum framleiðsluráðs landbúnaðarins. Neyzla kindakjöts hefur þó verið um 400 smálestum meiri, það sem af er þessu framleiðsluári, en hún var síðastliðið framleiðsluár. Af þessu má ráða, að skortur á kjöti og kjötvörum verður mjög tilfinnanlegur á þessu vori.

Til þess að bæta úr kjötskortinum hefur framleiðsluráð landbúnaðarins tilkynnt ráðuneytinu, að það telji rétt að leyfa innflutning á kjöti. Að sjálfsögðu verður innflutningsleyfi því aðeins veitt, að yfirdýralæknir samþykki innflutninginn og fylgt verði í öllum greinum þeim skilyrðum, sem hann kann að setja til þess að tryggja það, að búfjársjúkdómar flytjist ekki til landsins í sambandi við þennan innflutning.

Nd. **853. Breytingartillaga** [165. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá Páli Þorsteinssyni.

Við 1. gr. Í greinina bætist í stafrófsröð:
Kissmann, Dorothea, húsmóðir í Hörgsdal á Síðu, fædd 24. júní 1926 í Þýzkalandi.

Ed. **854. Lög** [205. mál]

um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

(Afgreidd frá Ed. 13. apríl.)

Samhljóða þskj. 811.

Ed. **855. Lög** [155. mál]

um breyting á lögum nr. 41 28. nóv. 1919, um landamerki o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 13. apríl.)

Samhljóða þskj. 396.

Ed. **856. Lög** [174. mál]

um breyting á lögum nr. 80 11. júní 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

(Afgreidd frá Ed. 13. apríl.)

Samhljóða þskj. 741.

Sþ. **857. Tillaga til þingsályktunar** [210. mál]

um greiðslu ógoldinna framlaga til bæjar- og sveitarfélaga.

Flm.: Gunnar Thoroddsen, Sigurður Ó. Ólafsson, Sigurður Ágústsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að greiða á þessu ári sem mestan hluta af ógoldnum, lögboðnum framlögum ríkissjóðs til bæjar- og sveitarfélaga vegna stofnkostnaðar skóla, sjúkrahúsa, íþróttamannvirkja og hafnarframkvæmda.
Alþingi heimilar ríkisstjórninni að greiða umræddar skuldir af tekjuafgangi ríkissjóðs 1953 og 1954, svo og að taka lán í þessu skyni, ef með þarf.

Greinargerð.

Víða í lögum eru skyldur lagðar á bæjar- og sveitarfélög um ýmsar framkvæmdir og starfsemi. Jafnframt er þá stundum kveðið á um þátttöku ríkissjóðs í

kostnaði, er af þessu leiðir. Stundum er upphæð þessara framlaga ríkissjóðs bundin við fjárveitingu samkv. fjárlögum, en stundum er hún ákveðin án þess fyrirvara, og er þá ríkissjóði talið skylt að greiða framlög sín jafnóðum og bæjar- og sveitarfélögin greiða sinn hluta, sbr. t. d. rekstrarkostnað skóla.

Hins vegar hefur gengið erfiðlega fyrir bæjar- og sveitarfélög að fá greiddan hluta ríkissjóðs af stofnkostnaði þeirra framkvæmda, er í þáltill. greinir. Hafa yfirleitt ekki fengizt greiddar hærri fjárhæðir en áætlaðar hafa verið í fjárlögum hverju sinni. Við þetta hefur ríkissjóður komizt í skuldir við sveitarfélögin, og hafa þær farið sívaxandi. T. d. námu skuldir ríkissjóðs s. l. haust 12—13 millj. kr. vegna stofnkostnaðar skóla, og hafa þær aukizt síðan.

Með lögum nr. 14/1952 var sýnd nokkur viðleitni í þá átt að grynna á þessum skuldum, því að þar var ákveðið að verja af greiðsluafgangi ríkissjóðs 1951 5 millj. kr. til greiðslu á skuld ríkissjóðs vegna stofnkostnaðar skóla og 2 millj. kr. upp í skuldir hans við hafnargerðir.

Í sambandi við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1954 voru uppi ákveðnar kröfur um, að teknar skyldu í lögin fjárveitingar til greiðslu á áðurnefndum skuldum. Af þessu varð þó ekki, en bent var á, að málið mætti leysa í sambandi við ráðstöfun á greiðsluafgangi ársins 1953.

Í greinargerð og tillögum fjármálaráðherra um ráðstöfun á greiðsluafgangi ríkissjóðs árið 1953 eru engar fjárhæðir ætlaðar til greiðslu upp í nefndar skuldir. Er þáltill. því borin fram, enda vitað, að fjárhagur bæjar- og sveitarfélaga þolir ekki að eiga miklar fjárhæðir hjá ríkissjóði árum saman.

Nd. 858. Breytingartillaga [125. mál]

við brtt. á þskj. 840 [Húsaleiga].

Frá Páli Þorsteinssyni.

Við meginmál 1. tölul. bætist nýr málsl., svo hljóðandi: Um fjárframlög samkvæmt þessari málsgrein fer eftir ákvæðum fjárlaga.

Nd. 859. Breytingartillaga [125. mál]

við frv. til l. um húsaleigu.

Frá Jóhanni Hafstein.

1. Við 48. gr. 1. málsgr. orðist svo:
   Þegar mikil húsnæðisekla er í sveitarfélagi, getur sveitarstjórn ákveðið með sérstakri samþykkt, að koma skuli til framkvæmda í sveitarfélaginu, að einhverju eða öllu leyti, ákvæði þessa kafla.
2. Við 49. gr.
   a. Orðið „bæjarfélagi“ í 4. málsgr. verði: sveitarfélagi.
   b. Orðin „kaupstöðum og kauptúnum“ í 5. málsgr. verði: sveitarfélögum.
3. Við 70. gr. Orðin „kaupstað eða kauptúni með 500 íbúa eða fleiri“ verði: sveitarfélagi.

Sþ. 860. Þingsályktun [206. mál]

um athugun á hag togaraútgerðarinnar.

(Afgreidd frá Sþ. 13. apríl.)

Samhljóða þskj. 786.

Sþ. 861. Breytingartillaga [207. mál]

við till. til þál. um kosningu nefndar til að endurskoða lög um kosningar til Alþingis og lög um sveitarstjórnarkosningar.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni, Haraldi Guðmundssyni, Gils Guðmundssyni og Eiríki Þorsteinssyni.

1. Tillögugreinin orðist svo:
   Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa eftir tilnefningu þingflokkanna fimm manna nefnd til þess að endurskoða lög um kosningar til Alþingis og til þess að athuga og gera tillögur um kjördæmaskipunina.
2. Fyrirsögn till. verði: Tillaga til þingsályktunar um skipun nefndar til að endurskoða lög um kosningar til Alþingis og athuga og gera tillögur um kjördæmaskipunina.

Sþ. 862. Nefndarálit [192. mál]

um till. til þál. um áskorun til Bandaríkjastjórnar vegna vetnissprengna o. fl.

Frá meiri hl. utanríkismálanefndar.

Á fundi sínum í dag ræddi utanríkismálanefnd tillögu þá til þingsályktunar, er að framan greinir, og um leið brtt. þá á þskj. 719, sem lögð hefur verið fram við þingsályktunartillöguna.

Ekki náðist samkomulag í nefndinni um afgreiðslu málsins. Fyrsti flm. (EOl) að þingsályktunartillögunni taldi sig geta fallizt á brtt. á þskj. 719, ef ekki næðist samkomulag um aðaltillöguna. Annar nefndarmaður (GÞG) kvaðst aðhyllast brtt. á þskj. 719.

Svo sem ljóst er af aðaltillögunni, er með henni ætlazt til, að áskorun Alþingis sé beint að einu ríki, Bandaríkjum Norður-Ameríku, vegna vetnissprengna o. fl., en brtt. á þskj. 719 vill beina henni einnig að Sovétríkjunum og Bretlandi, auk Bandaríkjanna. Er einnig skorað á þessi ríki að hætta frekari tilraunum með vetnissprengjur og önnur kjarnorkuvopn.

Meiri hlutinn telur, að raunhæfasta leiðin til þess að bægja frá heiminum hinum geigvænlegu vítisvopnum nútímans, hverju nafni sem þau nefnast, þar með talin kjarnorkuvopn og vetnissprengjur, sé allsherjarafvopnun undir alþjóðlegu eftirliti. Líklegustu og öflugustu alþjóðasamtökin til að hafa forgöngu í þessu efni eru Sameinuðu þjóðirnar, og er því hendi næst og áhrifamest að skora á þær að freista þess með því að koma á allsherjarafvopnun að koma í veg fyrir notkun kjarnorku og vetnissprengna og annarra vítisvéla. Með allsherjarafvopnun væri grafið svo sem unnt er fyrir rót þessara og annarra tortímingarafla, sem nú ógna mannkyninu.

Samkvæmt því, er hér að framan greinir, leggur meiri hlutinn til, að þáltill. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Tillögugreinin orðist svo:
   Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skora á Sameinuðu þjóðirnar að beita sér af alefli fyrir allsherjarafvopnun, sem tryggð verði með raunhæfu alþjóðlegu eftirliti, enda er það öruggasta ráðið til þess að koma í veg fyrir framleiðslu og notkun kjarnorkuvopna og vetnissprengjunnar í hernaði, en tilraunir Bandaríkjanna og Sovétríkjanna með þau vopn hafa sýnt, að í þeim felst geigvænleg og yfirvofandi hætta fyrir mannkynið og framtíð þess, ef ekki tekst með alþjóðlegum samtökum að hindra, að ný heimsstyrjöld brjótist út.
2. Fyrirsögn þáltill. orðist svo: Tillaga til þingsályktunar um áskorun á Sameinuðu þjóðirnar varðandi allsherjarafvopnun.

Alþingi, 13. apríl 1954.

Jóhann Þ. Jósefsson, form., frsm. Jörundur Brynjólfsson, fundaskr. Hermann Jónasson.

Jóhann Hafstein. Gunnar Thoroddsen.

Sþ. 863. Nefndarálit [192. mál]

um till. til þál. um áskorun til Bandaríkjastjórnar vegna vetnissprengna o. fl.

Frá minni hl. utanríkismálanefndar.

Nefndin ræddi mál þetta á fundi sínum í dag. Meiri hluti nefndarinnar, fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins, samþykktu að flytja breytingartillögu, sem þeir gerðu grein fyrir í nefndinni. Ég lýsti yfir fylgi mínu við breytingartillögu þá, sem hv. 8. þm. Reykv. og hv. 4. þm. Reykv. hafa flutt á þskj. 719 við aðaltillöguna. Flyt ég því svo hljóðandi

BREYTINGARTILLÖGUR:

Við brtt. á þskj. 862.

1. Meginmál 1. tölul. orðist þannig:
   Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beina þeirri áskorun til ríkisstjórna Bandaríkjanna, Sovétríkjanna og Bretlands að taka nú þegar upp samnina sín á milli og við önnur ríki um allsherjarafvopnun, bann við framleiðslu kjarnorkuvopna og strangt alþjóðlegt eftirlit með því, að banninu verði framfylgt, og að fella jafnframt niður frekari tilraunir með vetnissprengjur og önnur kjarnorkuvopn.
2. Fyrirsögn orðist þannig:
   Tillaga til þingsályktunar um allsherjarafvopnun og kjarnorkuvopn.

Alþingi, 13. apríl 1954.

Gylfi Þ. Gíslason.

Nd. 864. Breytingartillaga [165. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá Sigurði Ágústssyni.

Í 1. gr. bætist í stafrófsröð:

1. Fick, Maria Luise, húsfrú í Hrísdal í Miklaholtshreppi, fædd 19. febrúar 1925 í Þýzkalandi.
2. Mikulcak, Miroslav Randolph, forstjóri í Reykjavík, fæddur 10. september 1927 í Tékkóslóvakíu.
3. Levermann, Klaus Ernst, trésmiður í Reykjavík, fæddur 28. febrúar 1929 í Þýzkalandi.

Sþ. 865. Þingsályktun [207. mál]

um kosningu nefndar til að endurskoða lög um kosningar til Alþingis og lög um sveitarstjórnarkosningar.

(Afgreidd frá Sþ. 13. apríl.)

Samhljóða þskj. 839.

Sþ. 866. Breytingartillaga [192. mál]

við brtt. á þskj. 862 [Vetnissprengjur o. fl.].

Frá Einari Olgeirssyni.

Aftan við tillögugreinina bætist:

Alþingi telur, að fyrsta skrefið til allsherjarafvopnunar sé, að tafarlaust sé hætt öllum tilraunum með vetnissprengjur og að notkun þeirra og annarra kjarnorkuvopna sé bönnuð.

Sþ. 867. Breytingartillögur [210. mál]

við till. til þál. um greiðslu ógoldinna framlaga til bæjar- og sveitarfélaga.

Frá Hermanni Jónassyni og Ásgeiri Bjarnasyni.

1. Aftan við fyrri málsgr. bætist: Enn fremur að greiða Ræktunarsjóði Íslands allt að 5 millj. kr. og veðdeild Búnaðarbankans allt að 5 millj. kr. á árinu.
2. Í stað orðanna „umræddar skuldir“ í síðari málsgr. komi: umrædd framlög.
3. Aftan við fyrirsögn bætist: o. fl.

Sþ. 868. Breytingartillögur [210. mál]

við till. til þál. um greiðslu ógoldinna framlaga til bæjar- og sveitarfélaga.

Frá Eiríki Þorsteinssyni.

1. Aftan við fyrri málsgr. bætist: Enn fremur að láta Fiskveiðasjóði Íslands í té starfsfé allt að 15 milljónum króna á árinu.
2. Í stað „umræddar skuldir“ í síðari málsgr. till. komi: umrædd framlög.
3. Fyrirsögn tillögunnar verði:
   Tillaga til þingsályktunar um greiðslu starfsfjár til Fiskveiðasjóðs Íslands, ógoldin framlög til bæjar- og sveitarfélaga o. fl.

Sþ. 869. Breytingartillögur [210. mál]

við till. til þál. um greiðslu ógoldinna framlaga til bæjar- og sveitarfélaga.

Frá Gísla Guðmundssyni og Vilhjálmi Hjálmarssyni.

1. Í stað orðanna „greiða á þessu ári sem mestan hluta“ í fyrri málsgr, komi: greiða á þessu ári sérstakt framlag til brúasjóðs, að upphæð allt að 5 millj. kr., og sem mestan hluta.
2. Í stað „umræddar skuldir“ í síðari málsgr. komi: umrædd framlög.
3. Fyrirsögn tillögunnar verði: Tillaga til þingsályktunar um greiðslu framlaga til brúasjóðs og til bæjar- og sveitarfélaga.

Nd. 870. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [125. mál]

í málinu: Frv. til laga um húsaleigu.

Frá Magnúsi Jónssyni.

Þar sem frumvarp þetta hefur í för með sér veigamiklar breytingar á gildandi réttarreglum og engan veginn er nægilega ljóst, hvað í hinum nýju réttarreglum felst, og þar eð frv. hefur ekki verið sent til umsagnar sveitarstjórnanna, sem málið varðar þó mjög, þá telur deildin ekki tímabært að afgreiða málið nú og tekur fyrir næsta mál á dagskrá

Nd. 871. Lög [197. mál]

um breyting á lögum nr. 28/1940, um friðun hreindýra og eftirlit með þeim.

(Afgreidd frá Nd. 13. apríl.)

Samhljóða þskj. 641.

Ed. **872. Frumvarp til laga** [125. mál]

um húsaleigu.

(Eftir eina umr. í Nd.)

Samhljóða þskj. 302 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Leigumála um íbúðir og atvinnuhúsnæði skal gera skriflegan.

Félagsmálaráðuneytið skal gefa út eyðublöð fyrir venjulega leigumála um íbúðir, og getur það ákveðið, að ekki megi nota önnur eyðublöð en þau, eða eyðublöð, sem það löggildir sérstaklega. Eyðublöð fyrir leigumála skulu afhent án endurgjalds.

5. gr. hljóðar svo:

Hinir almennu fardagar eru:

1. Hinn fyrsti dagur hvers mánaðar, þegar leigð eru einstök íbúðarherbergi án eldhúss eða aðgangs að eldhúsi.
2. Hinn 14. maí og 1. október, þegar um leigumála á öðru húsnæði er að ræða.

Ef fardag ber upp á sunnudag eða helgidag, er almennur fardagur næsta virkan dag á eftir.

Leigutaki skal á fardegi hafa rýmt hin leigðu híbýli í síðasta lagi kl. 1 síðdegis.

Ákvæði 1. og 2. tölul. þessarar greinar taka ekki til leigumála, þar sem samið er um húsnæði miðað við dag.

8. gr. hljóðar svo:

Nú vanrækir leigutaki að flytjast brott, eftir að leigumáli er útrunninn, og getur leigusali þá krafizt þess, að leigumálinn framlengist, unz leigutaki segir húsnæðinu upp samkvæmt ákvæðum 7. gr.

12. gr. hljóðar svo:

Ef leigt húsnæði er við upphaf leigutíma ekki í því lagi, sem leigutaki átti samkvæmt lögskiptum aðila heimtingu á eða hlaut að gera ráð fyrir, og leigusali gerir ekki að kröfu leigutaka þegar ráðstafanir til að bæta úr annmörkunum, þá er leigutaka heimilt að ráða bót á þessu á kostnað leigusala.

Nú bætir leigusali ekki úr annmörkunum að kröfu leigutaka eða ekki verður úr bætt innan þriggja mánaða frá því leigutaki bar fram umkvörtun sína, og getur leigutaki þá rift leigumálanum, nema um minni háttar annmarka sé að ræða.

Leigutaki getur krafizt hlutfallslegrar lækkunar á leigu, unz bætt er úr annmörkum hins leigða húsnæðis.

Kvörtun um það, að íbúð eða annað leigt húsnæði hafi við upphaf leigutíma ekki verið í löglegu eða samningshæfu lagi, skal borin fram við leigusala innan þriggja vikna frá afhendingu, enda sé sagt til, hverra umbóta sé krafizt. Annars kostar skal telja, að leigutaki uni húsnæðinu.

Nú koma síðar fram annmarkar á húsnæði, sem ekki voru sjáanlegir við venjulega athugun, þegar húsnæðið var afhent, og skal leigutaki þá kvarta undan þeim innan þriggja vikna frá því er hann varð þeirra var eða hefði átt að verða þeirra var.

18. gr. hljóðar svo:

Húsaleigu skal greiða fyrir fram mánaðarlega, nema öðruvísi semji.

Ef samið er um leigu um skemmri tíma en einn mánuð, er leigusala heimilt að krefjast greiðslu á leigunni um leið og leigutíminn hefst.

Ef gjalddaga leigu ber upp á sunnudag eða helgidag, skal gjalddagi vera næsta virkan dag.

Nú er húsaleiga greidd fyrir fram um lengri tíma en sex mánuði, og skal leigusali þá greiða leigutaka 6% vexti af fjárhæðinni, nema öðruvísi semji.

34. gr. hljóðar svo:

Hver íbúð, sem eldhús eða aðgangur að eldhúsi fylgir, skal tekin út, þegar leigutaki flytur í íbúð og þegar hann flytur úr henni. Úttektarmenn skulu meta til peningaverðs þann mismun, er á húsnæðinu kann að vera frá því að leigutaki tók það á leigu.

Leigutaki skal greiða þær bætur, er hann kann að þurfa að greiða leigusala fyrir vanunnið viðhald, eigi síðar en einum mánuði eftir að hann flytur úr húsnæðinu. Ef leigusala ber að greiða leigutaka bætur, vegna þess að húsnæðið sé í betra ástandi en þegar leigutaki flutti í það, þá skal sú greiðsla einnig innt af hendi eigi síðar en mánuði eftir að leigutaki hefur flutt úr húsnæðinu. Nú er húsnæði í betra ástandi en þegar leigutaki flutti í það, og skal leigusali þó ekki greiða bætur fyrir aðrar framkvæmdir leigutaka en þær, sem gerðar hafa verið vegna eðlilegs viðhalds íbúðarinnar.

Fjárnám má gera fyrir kröfum eftir þessari grein án undangengins dóms eða sáttar, samkvæmt úttektargerð.

35. gr. hljóðar svo:

Félagsmálaráðuneytið skipar úttektarmenn íbúða eftir tillögum sveitarstjórna. Skal á hverjum stað skipa svo marga úttektarmenn sem sveitarstjórn telur nauðsynlegt, til þess að úttektargerð geti farið fram án tafar, eftir að leigutaki flytur úr íbúð og áður en hún er tekin til afnota á ný.

Tveir úttektarmenn skulu annast úttekt hverrar íbúðar. Úttektargerðir svo og allar virðingar í sambandi við þær skulu skrásettar í sérstakar bækur, er félagsmálaráðuneytið löggildir, en afhenda skal leigusala og leigutaka ókeypis afrit. Kostnaður við úttektar- og matsgerðir, þar með talin þóknun matsmanna, greiðist úr ríkissjóði eftir reglum, sem félagsmálaráðuneytið setur.

Það er borgaraleg skylda að taka við útnefningu sem matsmaður íbúðarhúsnæðis.

48. gr. hljóðar svo:

Þegar mikil húsnæðisekla er í kaupstað eða kauptúni, sem hefur 500 íbúa eða fleiri, getur sveitarstjórn ákveðið með sérstakri samþykkt, að koma skuli til framkvæmda í sveitarfélaginu, að einhverju eða öllu leyti, ákvæði þessa kafla.

Samþykkt þá, sem um getur í 1. mgr., skal ræða á tveim fundum í sveitarstjórn, og skal eigi líða skemmri tími milli funda en ein vika.

Nú samþykkir sveitarstjórn, að ákvæði kafla þessa skuli koma til framkvæmda í umdæmi hennar, og skal þá skipuð húsaleigunefnd, sem hefur á hendi framkvæmd þeirra.

Þá getur og sveitarstjórn í kaupstað eða kauptúni, þar sem fólk býr í heilsuspillandi íbúðum, ákveðið með sérstakri samþykkt, er ræða skal á tveim fundum, að til framkvæmda skuli koma, hvað þann kaupstað eða kauptún snertir, III. kafli laga um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.

68. gr. hljóðar svo:

Húsaleigunefnd er heimilt að taka til umráða auðar íbúðir og ráðstafa þeim handa húsnæðislausu innanhéraðsfólki, enda komi fullt endurgjald fyrir. Á sama hátt er húsaleigunefnd heimilt að taka til sinna umráða annað ónotað húsnæði og útbúa það til íbúðar.

Ríkissjóður ábyrgist greiðslu fyrir húsnæði, sem tekið er leigunámi samkvæmt grein þessari, svo og hugsanlegt álag vegna skemmda eða vanunnins viðhalds.

72. gr. hljóðar svo:
Áður en húsnæði er leigt af húsaleigumiðstöð, skal leita tillagna eiganda húsnæðisins um væntanlegan leigutaka.
Fjölskyldur, sem ómegð hafa, skulu að öðru jöfnu sitja fyrir um húsnæði, sem leigt er út af húsaleigumiðstöð.
Nú hefur húsaleigumiðstöð leigt húsnæði öðrum en eigandi þess hefur óskað eftir, og skal honum þá heimilt, þrátt fyrir 60. gr. laga þessara, að segja leigutaka upp húsnæðinu eftir að leigutaki hefur verið í húsnæðinu í sex mánuði.
Ríkissjóður ábyrgist eiganda húsnæðis, sem leigt er út af húsaleigumiðstöð, greiðslu á leigu eftir húsnæðið, enda á hún endurkröfurétt á hendur leigutaka fyrir þeirri fjárhæð, sem hún greiðir hans vegna.

73. gr. hljóðar svo:
Með reglugerð, sem sveitarstjórn setur og félagsmálaráðherra staðfestir, skal kveða nánar á um fyrirkomulag og starfrækslu leigumiðstöðvar áður en hún tekur til starfa.
Allur kostnaður við starfrækslu húsaleigumiðstöðvar greiðist úr ríkissjóði.

76. gr. hljóðar svo:
Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 39 7. apríl 1943, um húsaleigu, lög nr. 47 23. febrúar 1945, lög nr. 95 12. des. 1945 og lög nr. 56 25. maí 1950, um breyting á lögum nr. 39/1943, um húsaleigu, svo og lög nr. 30/1952, um hámark húsaleigu o. fl., enn fremur 1. tölul. 1. gr. laga um bráðabirgðabreyting nokkurra laga, nr. 50 5. apríl 1948.

Ed. 873. Lög [209. mál]

um viðauka við lög nr. 11 23. apríl 1928, um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins.

(Afgreidd frá Ed. 13. apríl.)

Samhljóða þskj. 852.

Ed. 874. Frumvarp til laga [165. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:
1. Benske, Erich Gerhard Julius, verzlunarmaður í Reykjavík, fæddur 2. júlí 1895 í Þýzkalandi.
2. Benske, Sesselja Guðmundsdóttir, húsmóðir í Reykjavík, fædd 28. febrúar 1903 á Íslandi.
3. Block, Gertrud Friede, húsfrú í Reykjavík, fædd 1. ágúst 1920 í Þýzkalandi.
4. Christensen, Ejvil Walin, bifreiðarstjóri í Reykjavík, fæddur 6. febr. 1917 í Danmörku.
5. Clausen, Elisabeth, húsmóðir í Reykjavík, fædd 31. marz 1931 í Noregi.
6. Fick, Maria Luise, húsfrú í Hrísdal í Miklaholtshreppi, fædd 19. febrúar 1925 í Þýzkalandi.

7. Gazeley, George Felix, verzlunarmaður í Reykjavík, fæddur 29. september 1921 í Englandi.
8. Guðrún Steina Hólm Magnúsdóttir, húsmóðir í Reykjavík, fædd 15. marz 1929 á Íslandi.
9. Gærdbo, Oðni, klæðskeranemi í Reykjavík, fæddur 13. nóvember 1931 í Færeyjum.
10. Hansen, Niels Marinus, vefari á Akureyri, fæddur 24. febrúar 1929 í Danmörku.
11. Häfner, Ursula Elfriede, húsfrú á Útibleiksstöðum í Vestur-Húnavatnssýslu, fædd 30. apríl 1922 í Þýzkalandi.
12. Holmboe, Sigrid Johanne Emilie, húsmóðir í Reykjavík, fædd 20. desember 1901 í Danmörku.
13. Jacobsen, Trönd, verkamaður í Stykkishólmi, fæddur 21. febr. 1922 í Færeyjum.
14. Jensen, Erik Frimann, trésmiður í Reykjavík, fæddur 13. september 1914 í Danmörku.
15. Jörgensen, Jörgen, verkamaður í Reykjavík, fæddur 20. janúar 1919 í Noregi.
16. Kári Guðjónsson, sjómaður í Reykjavík, fæddur 30. október 1927 í Noregi.
17. Kissmann, Dorothea, húsmóðir í Hörgsdal á Síðu, fædd 24. júní 1926 í Þýzkalandi.
18. Kjeldsen, Kaja, húsmóðir í Reykjavík, fædd 3. júlí 1925 í Danmörku.
19. Kjærvik, Julius Ingar, matsveinn í Reykjavík, fæddur 15. janúar 1923 í Noregi.
20. Kolsoe, Reidar, stýrimaður í Reykjavík, fæddur 28. september 1902 í Noregi.
21. Krog, Else Marie Christine, húsmóðir í Reykjavík, fædd 13. júlí 1914 í Færeyjum.
22. Krogh, Per, vélfræðingur í Reykjavík, fæddur 21. janúar 1914 í Noregi.
23. Körner, Anneliese Ruth, húsfrú á Hellu í Rangárvallasýslu, fædd 29. jan. 1929 í Þýzkalandi.
24. Lambrechts, Fridtjov Johannes, sjómaður í Kópavogi, fæddur 29. júní 1917 í Noregi.
25. Larsen, Knud, málari í Reykjavík, fæddur 1. apríl 1921 í Danmörku.
26. Machnitzky, Berta Emma, ráðskona að Sveinsstöðum í Lýtingsstaðahreppi, fædd 8. ágúst 1904 í Þýzkalandi.
27. May, Hans-Wolfgang, járnsmiður í Reykjavík, fæddur 17. marz 1928 í Þýzkalandi. Öðlast réttinn 16. júní 1954.
28. Meckle, Olga, húsmóðir á Reynivöllum í Austur-Skaftafellssýslu, fædd 5. júlí 1925 í Þýzkalandi.
29. Mikson, Evald, íþróttakennari í Reykjavík, fæddur 12. júlí 1911 í Eistlandi.
30. Moravek, Johann Franz Josef, hljómlistarmaður í Kópavogi, fæddur 2. maí 1912 í Austurríki.
31. Münch, Alfred Louis Johannes, matreiðslumaður í Reykjavík, fæddur 17. júní 1899 í Þýzkalandi.
32. Niclasen, Lydia Oluffa, húsfrú í Reykjavík, fædd 7. janúar 1918 í Færeyjum.
33. Petersen, Arne Ivar, hljóðfærasmiður í Reykjavík, fæddur 5. nóvember 1915 í Danmörku.
34. Poulsen, Olaf Martin Aarskog, iðnnemi í Reykjavík, fæddur 19. september 1916 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
35. Spitzer, Erika Anita Maria Luise, húsmóðir í Reykjavík, fædd 3. apríl 1911 í Þýzkalandi.
36. Tavsen, Peter Andreas, sjómaður á Hofsósi, fæddur 20. sept. 1919 í Færeyjum.
37. Thorberg, Flemming, sjómaður í Reykjavík, fæddur 29. janúar 1933 í Danmörku.
38. Wagner, Ilse Inge, húsfrú í Neskaupstað, fædd 24. marz 1930 í Þýzkalandi.
39. Ward, Herbert Patrick, verkamaður í Reykjavík, fæddur 1. júlí 1922 á Írlandi.
40. Warncke, Martha Emma Johanna, húsfrú að Neðra-Seli í Landmannahreppi, fædd 20. febrúar 1924 í Rúmeníu.

2. gr.

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgararétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum nr. 54 27. júní 1925, um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 875. Þingsályktun [208. mál]

um fjárframlög til stjórnarráðshúss og endurreisnar Skálholtsstaðar.

(Afgreidd frá Sþ. 13. apríl.)

Samhljóða þskj. 851.

Sþ. 876. Þingsályktun [192. mál]

um áskorun á Sameinuðu þjóðirnar varðandi allsherjarafvopnun.

(Afgreidd frá Sþ. 13. apríl.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skora á Sameinuðu þjóðirnar að beita sér af alefli fyrir allsherjarafvopnun, sem tryggð verði með raunhæfu alþjóðlegu eftirliti, enda er það öruggasta ráðið til þess að koma í veg fyrir framleiðslu og notkun kjarnorkuvopna og vetnissprengjunnar í hernaði, en tilraunir Bandaríkjanna og Sovétríkjanna með þau vopn hafa sýnt, að í þeim felst geigvænleg og yfirvofandi hætta fyrir mannkynið og framtíð þess, ef ekki tekst með alþjóðlegum samtökum að hindra, að ný heimsstyrjöld brjótist út.

Sþ. 877. Þingsályktun [143. mál]

um staðfestingu samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um jöfn laun karla og kvenna.

(Afgreidd frá Sþ. 13. apríl.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæta vinnu geti orðið staðfest á Íslandi.

Sþ. 878. Breytingartillaga [210. mál]

við brtt. á þskj. 867 [Framlög til bæjar- og sveitarfélaga].

Frá Bergi Sigurbjörnssyni og Hannibal Valdimarssyni.

Meginmál 1. tölul. orðist svo:

Enn fremur að greiða Ræktunarsjóði Íslands allt að 7 millj. kr. og veðdeild Búnaðarbankans allt að 7 millj. kr. á árinu.

Sþ.

879. Nefndaskipun.

(73. löggjafarþing.)

Fastanefndir.

A.

Í sameinuðu þingi.

1. Fjárveitinganefnd:

Pétur Ottesen, formaður,
Helgi Jónasson, fundaskrifari,[1])
Jónas Rafnar,
Halldór Ásgrímsson,
Lúðvík Jósefsson,[2])
Magnús Jónsson,
Hannibal Valdimarsson,
Karl Kristjánsson,
Jón Kjartansson.

Mál, er til nefndarinnar var vísað:

A. Lagafrumvörp:

1. Fjárlög 1954 (1, n. 251 (meiri hl.), n. 260 (1. minni hl.), n. 262 (2. minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Magnús Jónsson.
   Frsm. 1. minni hl.: Hannibal Valdimarsson.
   Frsm. 2. minni hl.: Lúðvík Jósefsson.
2. Fjáraukalög 1951 (178, n. 380).
   Frsm.: Karl Kristjánsson.

B. Þingsályktunartillögur:

1. Dráttarbraut á Ísafirði (31).
   Nefndarálit kom ekki.
2. Handrit, skjöl og forngripir (53, n. 440).
   Frsm.: Pétur Ottesen.
3. Bátasmíð innanlands (39).
   Nefndarálit kom ekki.
4. Meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra (51).
   Nefndarálit kom ekki.
5. Brúarstæði á Hornafjarðarfljótum (100, n. 376).
   Frsm.: Jón Kjartansson.
6. Dyrhólaós (109, n. 375).
   Frsm.: Jón Kjartansson.
7. Vegarstæði milli Siglufjarðar og Skagafjarðar (190, n. 374).
   Frsm.: Magnús Jónsson.
8. Rannsókn byggingarefna (219, n. 417).
   Frsm.: Halldór Ásgrímsson.
9. Ný iðnfyrirtæki (278).
   Nefndarálit kom ekki.
10. Hafnargerð í Vestmannaeyjum (343).
    Nefndarálit kom ekki.

---

1) Er hann hvarf af þingi sakir sjúkleika, tók sæti hans í nefndinni 11. nóv. Björn F. Björnsson.
2) Í forföllum hans (frá þingbyrjun til 17. okt.) tók sæti hans í nefndinni Ásmundur Sigurðsson.

Fastanefndir Sþ.: Fjárveitinga- og allsherjarnefndir.

11. Milliþinganefnd í heilbrigðismálum (165, n. 580).
    Frsm.: Halldór Ásgrímsson.
12. Endurskoðun skólalöggjafar (220).
    Nefndarálit kom ekki.
13. Landabréf í þágu atvinnuveganna (365, n. 675).
    Frsm.: Lúðvík Jósefsson.
14. Bátagjaldeyriságóði til hlutarsjómanna (393, n. 574 (meiri hl.), n. 605 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Magnús Jónsson.
    Frsm. minni hl.: Lúðvík Jósefsson.
15. Jarðvinnsla og meðferð búvéla (401, n. 535).
    Frsm.: Jón Kjartansson.
16. Sjónvarp (413, n. 671).
    Frsm.: Hannibal Valdimarsson.
17. Þinghúslóðin (468).
    Nefndarálit kom ekki.
18. Framlög til bæjar- og sveitarfélaga (857).
    Nefndarálit kom ekki.

Mál, er nefndin flutti:
Fiskveiðasjóður, þáltill. (642).
Frsm.: Pétur Ottesen.

2. *Allsherjarnefnd:*
Jóhann Jósefsson,
Bernharð Stefánsson, formaður,
Jón Sigurðsson, fundaskrifari,
Eiríkur Þorsteinsson,
Karl Guðjónsson,
Sigurður Ágústsson,
Emil Jónsson.

Þingsályktunartillögur, er til nefndarinnar var vísað:
1. Höfundaréttur (19, n. 123).
   Frsm.: Bernharð Stefánsson.
2. Afturköllun málshöfðunar (47).
   Nefndarálit kom ekki.
3. Bátagjaldeyrir (86, n. 548 (minni hl.), n. 568 (meiri hl.)).
   Frsm. minni hl.: Emil Jónsson.
   Frsm. meiri hl.: Jóhann Jósefsson.
4. Ríkisútgáfa námsbóka (159, n. 549 (minni hl.), n. 599 (meiri hl.)).
   Frsm. minni hl.: Emil Jónsson.
   Frsm. meiri hl.: Eiríkur Þorsteinsson.
5. Höfundaréttarsamningur við Bandaríkin (307, n. 408).
   Frsm.: Bernharð Stefánsson.
6. Notkun fjár í kosningum (360, n. 503).
   Frsm.: Bernharð Stefánsson.
7. Þurrkví (381, n. 409).
   Frsm.: Bernharð Stefánsson.
8. Grænlandsmál (372, n. 756).
   Frsm.: Bernharð Stefánsson.
9. Jöfn laun karla og kvenna (369, n. 784).
   Frsm.: Emil Jónsson.
10. Friðunarsvæði fyrir Vestfjörðum (395, n. 505 (meiri hl.), n. 506 (minni hl.)).

Frsm. meiri hl.: Jóhann Jósefsson.
Frsm. minni hl.: Emil Jónsson.

11. Efnahagskreppa (229).
Nefndarálit kom ekki.

3. *Utanríkismálanefnd:*

Jóhann Jósefsson, formaður,[1])
Hermann Jónasson,[1])
Ólafur Thors,
Jörundur Brynjólfsson, fundaskrifari,
Finnbogi R. Valdimarsson,
Bjarni Benediktsson,
Gylfi Þ. Gíslason.[1])

Varamenn:

Björn Ólafsson,[2])
Eysteinn Jónsson,[2])
Gunnar Thoroddsen,
Páll Zóphóníasson,
Einar Olgeirsson,
Jóhann Hafstein,
Haraldur Guðmundsson.[2])

Þingsályktunartillögur, er til nefndarinnar var vísað:

1. Endurskoðun varnarsamnings (20, n. 838 (meiri hl.), n. 844 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Jóhann Jósefsson.
Frsm. minni hl.: Gylfi Þ. Gíslason.
2. Vetnissprengjur o. fl. (620, n. 862 (meiri hl.), n. 863 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Jóhann Jósefsson.
Frsm. minni hl.: Gylfi Þ. Gíslason.

4. *Kjörbréfanefnd:*

Lárus Jóhannesson, formaður,
Hermann Jónasson,
Einar Ingimundarson,
Gísli Guðmundsson, fundaskrifari,
Sigurður Guðnason.

Nefndin rannsakaði kjörbréf Kjartans J. Jóhannssonar, þm. Ísaf., Jóhanns Jósefssonar, þm. Vestm., Hermanns Jónassonar, þm. Str., Jóhanns Hafsteins, 5. þm. Reykv., og Björns F. Björnssonar, 2. (vara)þm. Rang., og lét uppi munnleg álit um þau.

5. *Þingfararkaupsnefnd:*

Jón Pálmason, formaður,
Andrés Eyjólfsson, fundaskrifari,
Jónas Rafnar,
Eiríkur Þorsteinsson,
Guðmundur Í. Guðmundsson.

B.

Í efri deild.

1. *Fjárhagsnefnd:*

Bernharð Stefánsson, formaður,
Gísli Jónsson,
Lárus Jóhannesson, fundaskrifari,
Karl Kristjánsson,
Haraldur Guðmundsson.

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Gjaldaviðauki 1954 (7, n. 273).
Frsm.: Lárus Jóhannesson.

---

1) Kosinn aðalmaður í þriggja manna undirnefnd til ráðuneytis ríkisstjórninni um utanríkismál.
2) Kosinn varamaður í sömu undirnefnd.

Fastanefndir Ed.: Fjárhagsnefnd.

2. Tollskrá o. fl. (8, n. 198).
   Frsm.: Bernharð Stefánsson.
3. Bæjarútgerð Siglufjarðar og h/f Bjólfur á Seyðisfirði (9, n. 88).
   Frsm.: Karl Kristjánsson.
4. Stimpilgjald (10, n. 258).
   Frsm.: Bernharð Stefánsson.
5. Aukatekjur ríkissjóðs (11, n. 259).
   Frsm.: Bernharð Stefánsson.
6. Happdrætti háskólans (71, n. 96).
   Frsm.: Lárus Jóhannesson.
7. Alþjóðaflugþjónusta (72, n. 82).
   Frsm.: Bernharð Stefánsson.
8. Stimpilgjald (5, n. 146).
   Frsm.: Lárus Jóhannesson.
9. Gengisskráning o. fl. (6, n. 152).
   Frsm.: Haraldur Guðmundsson.
10. Happdrættislán ríkissjóðs (149, n. 153).
    Frsm.: Haraldur Guðmundsson.
11. Réttindi og skyldur opinberra starfsmanna (148, n. 404).
    Frsm.: Karl Kristjánsson.
12. Dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna (189, n. 218 (meiri hl.), n. 227 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Bernharð Stefánsson.
    Frsm. minni hl.: Haraldur Guðmundsson.
13. Gengisskráning o. fl. (55, n. 270).
    Frsm.: Karl Kristjánsson.
14. Víxlar (97, n. 271).
    Frsm.: Lárus Jóhannesson.
15. Tékkar (98, n. 272).
    Frsm.: Lárus Jóhannesson.
16. Innflutnings-, gjaldeyris- og fjárfestingarmál o. fl. (266, n. 290 (meiri hl.), n. 291 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Gísli Jónsson.
    Frsm. minni hl.: Haraldur Guðmundsson.
17. Þingfararkaup alþingismanna (286, n. 321).
    Frsm.: Gísli Jónsson.
18. Ríkisreikningurinn 1951 (179, n. 363).
    Frsm.: Karl Kristjánsson.
19. Tollskrá o. fl. (462, n. 469).
    Frsm.: Bernharð Stefánsson.
20. Framkvæmdabanki Íslands (546, n. 603).
    Frsm.: Lárus Jóhannesson.
21. Fasteignaskattur (547, n. 579).
    Frsm.: Karl Kristjánsson.
22. Bifreiðaskattur o. fl. (566, n. 664).
    Frsm.: Bernharð Stefánsson.
23. Íbúðarhúsabyggingar í kaupstöðum og kauptúnum (479, n. 670).
    Frsm.: Karl Kristjánsson.
24. Tekjuskattur og eignarskattur (648, n. 689 (minni hl.), n. 691 (meiri hl.)).
    Frsm. minni hl.: Haraldur Guðmundsson.
    Frsm. meiri hl.: Gísli Jónsson.

Fastanefndir Ed.: Allsherjar-, samgöngumála-, landbúnaðar- og sjávarútvegsnefndir.

25. Útsvör (520, n. 687 (meiri hl.)).
Frsm. meiri hl.: Karl Kristjánsson.
Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
26. Fyrningarafskriftir (684, n. 770).
Frsm.: Bernharð Stefánsson.

Mál, er nefndin flutti:
Greiðslubandalag Evrópu, frv. (513).
Frsm.: Lárus Jóhannesson.

2. *Samgöngumálanefnd:*
Sigurður Ó. Ólafsson, formaður,
Vilhjálmur Hjálmarsson,
Andrés Eyjólfsson, fundaskrifari,
Jón Kjartansson,
Haraldur Guðmundsson.

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:
1. Vegalög (32).
Nefndarálit kom ekki.
2. Brúargerðir (92).
Nefndarálit kom ekki.
3. Stjórn flugmála (359).
Nefndarálit kom ekki, en málið hlaut þó afgreiðslu.
4. Brúargerðir (606, n. 698).
Frsm.: Sigurður Ó. Ólafsson.

Mál, er nefndin flutti:
Póstlög, frv. (238).
Frsm.: Sigurður Ó. Ólafsson.

Í samvinnu við samgöngumálanefnd Nd. tók nefndin til íhugunar styrk til flóabátaferða. Er álit samvinnunefndarinnar um það efni á þskj. 312 (frsm.: Sigurður Bjarnason).

3. *Landbúnaðarnefnd:*
Páll Zóphóníasson, formaður,
Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskrifari,
Jón Kjartansson,
Andrés Eyjólfsson,
Guðmundur Í. Guðmundsson.

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:
1. Sala Eyvindarár og Heiðarhúsa (107, n. 154).
Frsm.: Páll Zóphóníasson.
2. Sauðfjársjúkdómar (111, n. 155).
Frsm.: Páll Zóphóníasson.
3. Kristfjárjarðir o. fl. (236).
Nefndarálit kom ekki.
4. Búnaðarbanki Íslands (256, n. 450).
Frsm.: Páll Zóphóníasson.

4. *Sjávarútvegsnefnd:*
Jóhann Jósefsson, formaður,
Vilhjálmur Hjálmarsson, fundaskrifari,
Guðmundur Í. Guðmundsson,
Bernharð Stefánsson,
Ingólfur Flygenring.

Fastanefndir Ed.: Sjávarútvegs-, iðnaðar- og heilbrigðis- og félagsmálanefndir.

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:
1. Síldarmat (35, n. 106).
   Frsm.: Vilhjálmur Hjálmarsson.
2. Síldarleit úr lofti (207, n. 244).
   Frsm.: Jóhann Jósefsson.
3. Möskvastærð fiskinetja o. fl. (223, n. 370).
   Frsm.: Jóhann Jósefsson.

Mál, er nefndin flutti:
Útflutningsgjald af sjávarafurðum, frv. (283).
Frsm.: Jóhann Jósefsson.

5. *Iðnaðarnefnd:*
Gísli Jónsson, formaður,
Hermann Jónasson,
Páll Zóphóníasson, fundaskrifari,
Jóhann Jósefsson,
Guðmundur Í. Guðmundsson.

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:
1. Öryggisráðstafanir á vinnustöðum (145, n. 772).
   Frsm.: Gísli Jónsson.
2. Orkuver Vestfjarða (582, n. 669).
   Frsm.: Gísli Jónsson.
3. Ný orkuver og orkuveitur (627, n. 668).
   Frsm.: Gísli Jónsson.
4. Raforkulög (633, n. 750).
   Frsm.: Hermann Jónasson.
5. Sogsvirkjun (697, n. 780).
   Frsm.: Jóhann Jósefsson.

6. *Heilbrigðis- og félagsmálanefnd:*
Gísli Jónsson,
Vilhjálmur Hjálmarsson, formaður,
Haraldur Guðmundsson,
Ingólfur Flygenring, fundaskrifari,
Karl Kristjánsson.

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:
1. Almannatryggingar (67, n. 215).
   Frsm.: Gísli Jónsson.
2. Greiðslur vegna skertrar starfshæfni (40, n. 200).
   Frsm.: Haraldur Guðmundsson.
3. Almannatryggingar (150).
   Nefndarálit kom ekki.
4. Sjúkrahús o. fl. (195, n. 249).
   Frsm.: Ingólfur Flygenring.
5. Almannatryggingar (201).
   Nefndarálit kom ekki.
6. Sóttvarnarlög (16, n. 560).
   Frsm.: Ingólfur Flygenring.
7. Óskilgetin börn (357, n. 554).
   Frsm.: Vilhjálmur Hjálmarsson.
8. Skipun læknishéraða (453, n. 561).
   Frsm.: Ingólfur Flygenring.

Fastanefndir Ed.: **Heilbrigðis- og félagsmála-, menntamála- og allsherjarnefndir.**

9. Skipun læknishéraða (454, n. 565 (minni hl.), n. 570 (meiri hl.)).
   Frsm. minni hl.: Gísli Jónsson.
   Frsm. meiri hl.: Vilhjálmur Hjálmarsson.
10. Eignarnám erfðafesturéttinda í Dalvíkurhreppi (459, n. 534).
   Frsm.: Karl Kristjánsson.
11. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (480, n. 571).
   Frsm.: Gísli Jónsson.
12. Lögsagnarumdæmi Húsavíkur (545, n. 558).
   Frsm.: Karl Kristjánsson.
13. Húsaleiga (302, n. 619 (meiri hl.), n. 640 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Karl Kristjánsson.
   Frsm. minni hl.: Gísli Jónsson.
14. Læknaskipunarlög (557).
   Nefndarálit kom ekki.
15. Almannatryggingar (478, n. 731).
   Frsm.: Haraldur Guðmundsson.

Mál, er nefndin flutti:

Læknaskipunarlög, frv. (557).
Frsm.: Vilhjálmur Hjálmarsson.

7. *Menntamálanefnd:*

Ingólfur Flygenring, formaður,
Bernharð Stefánsson,
Haraldur Guðmundsson,
Sigurður Ó. Ólafsson,
Andrés Eyjólfsson, fundaskrifari.

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Háskóli Íslands (17, n. 147).
   Frsm.: Ingólfur Flygenring.
2. Kirkjubyggingasjóður (120, n. 193).
   Frsm.: Sigurður Ó. Ólafsson.
3. Menntun kennara (418, n. 654).
   Frsm.: Bernharð Stefánsson.
4. Fuglaveiðar og fuglafriðun (528 (sbr. 288), n. 655).
   Frsm.: Ingólfur Flygenring.
5. Prófessorsembætti í læknadeild háskólans o. fl. (604, n. 768).
   Frsm.: Haraldur Guðmundsson.
6. Friðun hreindýra (641, n. 769).
   Frsm.: Ingólfur Flygenring.
7. Skipun prestakalla (657, n. 781).
   Frsm.: Sigurður Ó. Ólafsson.

Mál, er nefndin flutti:

1. Skemmtanaskattur, frv. (191).
   Frsm.: Bernharð Stefánsson.
2. Sóknargjöld, frv. (282).
   Frsm.: Bernharð Stefánsson.

8. *Allsherjarnefnd:*

Páll Zóphóníasson,
Lárus Jóhannesson, fundaskrifari,
Guðmundur Í. Guðmundsson,
Hermann Jónasson, formaður,
Sigurður Ó. Ólafsson.

Fastanefndir Ed.: Allsherjarnefnd. — *Nd.:* Fjárhagsnefnd.

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Kosningar til Alþingis (14, n. 69).
   Frsm.: Sigurður Ó. Ólafsson.
2. Áfengislög (12, n. 386).
   Frsm.: Sigurður Ó. Ólafsson.
3. Löggiltir endurskoðendur (125, n. 214).
   Frsm.: Lárus Jóhannesson.
4. Ríthöfundaréttur og prentréttur (18, n. 733 (meiri hl.), n. 789 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Hermann Jónasson.
   Frsm. minni hl.: Lárus Jóhannesson.
5. Verðlagsskrár (316, n. 373).
   Frsm.: Páll Zóphóníasson.
6. Vátryggingarsamningar (13, n. 383).
   Frsm.: Lárus Jóhannesson.
7. Firmu og prókúruumboð (337 (sbr. 232)).
   Nefndarálit kom ekki.
8. Verðjöfnun á olíu og benzíni (377, n. 433).
   Frsm.: Hermann Jónasson.
9. Óréttmætir verzlunarhættir (391).
   Nefndarálit kom ekki.
10. Ríkisborgararéttur (443, n. 590).
    Frsm.: Lárus Jóhannesson.
11. Hlutafélög (491 (sbr. 3)).
    Nefndarálit kom ekki.
12. Lögreglustjóri á Keflavíkurflugvelli (362, n. 559).
    Frsm.: Hermann Jónasson.
13. Brunatryggingar bæjar- og sveitarfélaga (556, n. 602 (meiri hl.), n. 607 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Lárus Jóhannesson.
    Frsm. minni hl.: Hermann Jónasson.
14. Brunatryggingar utan Reykjavíkur (622, n. 725 (minni hl.), n. 771 (meiri hl.)).
    Frsm. minni hl.: Hermann Jónasson.
    Frsm. meiri hl.: Sigurður Ó. Ólafsson.
15. Landamerki o. fl. (396, n. 847).
    Frsm.: Lárus Jóhannesson.
16. Stéttarfélög og vinnudeilur (741, n. 846).
    Frsm.: Hermann Jónasson.

Mál, er nefndin flutti:

1. Hjúskapur, ættleiðing og lögráð, frv. (634).
   Frsm. var ekki kosinn.
2. Innheimta meðlaga, frv. (635).
   Frsm. var ekki kosinn.

C.

Í neðri deild.

1. *Fjárhagsnefnd:*

Jón Pálmason,
Skúli Guðmundsson, formaður,
Gylfi Þ. Gíslason,
Jóhann Hafstein, fundaskrifari,[1])
Páll Þorsteinsson.

1) Í forföllum hans (frá þingbyrjun til 4. nóv.) tók sæti hans í nefndinni Kristín Sigurðardóttir.

Fastanefndir Nd.: Fjárhagsnefnd.

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna (4, n. 118 (meiri hl.), n. 126 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Skúli Guðmundsson.
   Frsm. minni hl.: Gylfi Þ. Gíslason.
2. Stimpilgjald (5, n. 117).
   Frsm.: Jón Pálmason.
3. Gengisskráning o. fl. (6, n. 115).
   Frsm.: Gylfi Þ. Gíslason.
4. Gengisskráning o. fl. (55, n. 212).
   Frsm.: Skúli Guðmundsson.
5. Bifreiðaskattur o. fl. (45).
   Nefndarálit kom ekki.
6. Stofnlánadeild sjávarútvegsins (58).
   Nefndarálit kom ekki.
7. Alþjóðaflugþjónusta (72, n. 99).
   Frsm.: Skúli Guðmundsson.
8. Skattfríðindi sjómanna á fiskiskipum (93).
   Nefndarálit kom ekki.
9. Bæjarútgerð Siglufjarðar og h/f Bjólfur á Seyðisfirði (9, n. 119).
   Frsm.: Páll Þorsteinsson.
10. Víxlar (97, n. 210).
    Frsm.: Jóhann Hafstein.
11. Tékkar (98, n. 211).
    Frsm.: Jóhann Hafstein.
12. Olíuflutningaskip (113).
    Nefndarálit kom ekki.
13. Olíueinkasala (132, n. 820 (minni hl.)).
    Frsm. minni hl.: Gylfi Þ. Gíslason.
    Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.
14. Happdrættislán ríkissjóðs (149, n. 209).
    Frsm.: Jón Pálmason.
15. Tollskrá o. fl. (158).
    Nefndarálit kom ekki.
16. Þingfararkaup alþingismanna (166, n. 254).
    Frsm.: Jón Pálmason.
17. Ríkisreikningurinn 1951 (179, n. 274).
    Frsm.: Skúli Guðmundsson.
18. Innflutnings-, gjaldeyris- og fjárfestingarmál o. fl. (175, n. 225 (meiri hl.), n. 243 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Jóhann Hafstein.
    Frsm. minni hl.: Gylfi Þ. Gíslason.
19. Tollskrá o. fl. (233, n. 252).
    Frsm.: Skúli Guðmundsson.
20. Gjaldaviðauki 1954 (7, n. 306).
    Frsm.: Skúli Guðmundsson.
21. Tunnuverksmiðjur ríkisins (319).
    Nefndarálit kom ekki.
22. Verðlagsskrár (382, n. 467).
    Frsm.: Páll Þorsteinsson.
23. Orkuver Vestfjarða (371, n. 518).
    Frsm.: Skúli Guðmundsson.

Fastanefndir Nd.: Fjárhags- og samgöngumálanefndir.

24. Virkjun Efri-Fossa við Sog (379).
    Nefndarálit kom ekki.
25. Dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna (394).
    Nefndarálit kom ekki.
26. Verklegar framkvæmdir bæjar- og sveitarfélaga (338).
    Nefndarálit kom ekki.
27. Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (411, n. 494).
    Frsm.: Jóhann Hafstein.
28. Olíuflutningaskip (437, n. 818 (minni hl.)).
    Frsm. minni hl.: Gylfi Þ. Gíslason.
    Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.
29. Fyrningarafskriftir (463, n. 499).
    Frsm.: Skúli Guðmundsson.
30. Tollskrá o. fl. (529, n. 623).
    Frsm.: Skúli Guðmundsson.
31. Tekjuskattur og eignarskattur (521, n. 576 (meiri hl.), n. 611 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Skúli Guðmundsson.
    Frsm. minni hl.: Gylfi Þ. Gíslason.
32. Aukatekjur ríkissjóðs (504 (sbr. 11), n. 630).
    Frsm.: Jón Pálmason.
33. Ný orkuver og orkuveitur (533, n. 575).
    Frsm.: Páll Þorsteinsson.
34. Útsvör (520, n. 598).
    Frsm.: Skúli Guðmundsson.
35. Greiðslubandalag Evrópu (513, n. 594).
    Frsm.: Jóhann Hafstein.
36. Fasteignaskattur (616, n. 701).
    Frsm.: Jón Pálmason.
37. Raforkulög (633, n. 694).
    Frsm.: Páll Þorsteinsson.
38. Framkvæmdabanki Íslands (617, n. 710).
    Frsm.: Jóhann Hafstein.
39. Sogsvirkjun (697, n. 745).
    Frsm.: Jóhann Hafstein.
40. Smáíbúðabyggingar (699, n. 760).
    Frsm.: Jón Pálmason.

Mál, er nefndin flutti:

Íbúðarhúsabyggingar í kaupstöðum og kauptúnum, frv. (479).
Frsm.: Skúli Guðmundsson.

2. *Samgöngumálanefnd:*

Sigurður Bjarnason, formaður,
Ásgeir Bjarnason, fundaskrifari,
Magnús Jónsson,
Eiríkur Þorsteinsson,
Emil Jónsson.

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Brúargerðir (48).
   Nefndarálit kom ekki.
2. Vegalagabreyting (60).
   Nefndarálit kom ekki.

3. Brúargerðir (74).
   Nefndarálit kom ekki.
4. Brúagjald af benzíni (349).
   Nefndarálit kom ekki.
5. Póstlög (238, n. 692).
   Frsm.: Magnús Jónsson.

Mál, er nefndin flutti:

1. Stjórn flugmála, frv. (359).
   Frsm. var ekki kosinn.
2. Brúargerðir, frv. (442).
   Frsm.: Sigurður Bjarnason.

Um samvinnu við samgöngumálanefnd Ed. sjá bls. 1378.

3. Landbúnaðarnefnd:

Ásgeir Bjarnason, formaður,
Jón Sigurðsson, fundaskrifari,
Gísli Guðmundsson,
Jón Pálmason,
Hannibal Valdimarsson.

Mál, er til nefndarinnar var vísað:

A. Lagafrumvörp:

1. Stofnlánadeild landbúnaðarins (34).
   Nefndarálit kom ekki.
2. Búnaðarbanki Íslands (42).
   Nefndarálit kom ekki.
3. Jarðræktarlög (43).
   Nefndarálit kom ekki.
4. Jarðræktarlög (46).
   Nefndarálit kom ekki.
5. Áburðarverksmiðja (27, n. 522 (meiri hl.), n. 524 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Ásgeir Bjarnason.
   Frsm. minni hl.: Hannibal Valdimarsson.
6. Garðávaxta- og grænmetisgeymslur (44).
   Nefndarálit kom ekki.
7. Búnaðarbanki Íslands (49).
   Nefndarálit kom ekki.
8. Sala Hanahóls (83).
   Nefndarálit kom ekki.
9. Áburðarverksmiðja (68, n. 523).
   Frsm.: Ásgeir Bjarnason.
10. Lax- og silungsveiði (95, n. 390).
    Frsm.: Gísli Guðmundsson.
11. Kristfjárjarðir o. fl. (134, n. 183).
    Frsm.: Jón Sigurðsson.
12. Sauðfjársjúkdómar (168, n. 206).
    Frsm.: Ásgeir Bjarnason.
13. Sala jarða í opinberri eigu (181, n. 447).
    Frsm.: Gísli Guðmundsson.
14. Jarðræktarlög (368).
    Nefndarálit kom ekki.
15. Áburðarverksmiðja (567).
    Nefndarálit kom ekki.

Fastanefndir Nd.: Landbúnaðar- og sjávarútvegsnefndir.

B. Þingsályktunartillögur:

1. Héraðsrafmagnsveitur ríkisins (70, n. 348).
   Frsm.: Jón Sigurðsson.
2. Kjarnfóðurframleiðsla (388, n. 651).
   Frsm.: Ásgeir Bjarnason.

Mál, er nefndin flutti:

1. Búnaðarbanki Íslands, frv. (256).
   Frsm.: Jón Sigurðsson.
2. Kornrækt, frv. (659).
   Frsm.: Jón Sigurðsson.

4. *Sjávarútvegsnefnd:*

Pétur Ottesen,
Gísli Guðmundsson, fundaskrifari,
Sigurður Ágústsson, formaður,
Eiríkur Þorsteinsson,
Emil Jónsson.

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Síldarmat (35, n. 57).
   Frsm.: Sigurður Ágústsson.
2. Hvíldartími háseta á togurum (28).
   Nefndarálit kom ekki.
3. Hvíldartími háseta á togurum (25).
   Nefndarálit kom ekki.
4. Fiskveiðasjóður Íslands (37).
   Nefndarálit kom ekki.
5. Síldarleit (78, n. 192).
   Frsm.: Sigurður Ágústsson.
6. Togaraútgerð ríkisins (101, n. 482 (1. minni hl.), n. 538 (2. minni hl.), n. 674 (3. minni hl.)).
   Frsm. 1. minni hl.: Eiríkur Þorsteinsson.
   Frsm. 2. minni hl.: Gísli Guðmundsson.
   Frsm. 3. minni hl.: Sigurður Ágústsson.
7. Bátasmíð innanlands (173).
   Nefndarálit kom ekki.
8. Togarasmíð innanlands o. fl. (185).
   Nefndarálit kom ekki.
9. Möskvastærð fiskinetja o. fl. (223).
   Nefndarálit kom ekki, en málið hlaut þó afgreiðslu.
10. Sjóvinnuskóli Íslands (222, n. 366).
    Frsm.: Emil Jónsson.
11. Útflutningsgjald af sjávarafurðum (283, n. 332).
    Frsm.: Pétur Ottesen.
12. Atvinna við siglingar (318, n. 458 (minni hl.), n. 460 (meiri hl.)).
    Frsm. minni hl.: Emil Jónsson.
    Frsm. meiri hl.: Sigurður Ágústsson.
13. Fiskveiðalandhelgi Íslands (406).
    Nefndarálit kom ekki.

Mál, er nefndin flutti:

Vátryggingarfélög fyrir fiskiskip, frv. (414).
   Frsm.: Sigurður Ágústsson.

Fastanefndir Nd.: Iðnaðar- og heilbrigðis- og félagsmálanefndir.

5. Iðnaðarnefnd:

Gunnar Thoroddsen, formaður,
Skúli Guðmundsson, fundaskrifari,
Eggert Þorsteinsson,
Jörundur Brynjólfsson,
Einar Ingimundarson.

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Ný raforkuver o. fl. (230).
   Nefndarálit kom ekki.
2. Brotajárn (510).
   Nefndarálit kom ekki.

6. Heilbrigðis- og félagsmálanefnd:

Helgi Jónasson, formaður,[1])
Kjartan J. Jóhannsson, fundaskrifari,
Gylfi Þ. Gíslason,
Páll Þorsteinsson,
Jónas Rafnar.

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Sjúkrahús o. fl. (15, n. 182).
   Frsm.: Jónas Rafnar.
2. Sóttvarnarlög (16, n. 224).
   Frsm.: Kjartan J. Jóhannsson.
3. Orlof (22).
   Nefndarálit kom ekki.
4. Orlof (29, n. 821 (minni hl.)).
   Frsm. minni hl.: Gylfi Þ. Gíslason.
   Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.
5. Íbúðarhúsabyggingar í kaupstöðum og kauptúnum (26).
   Nefndarálit kom ekki.
6. Greiðslur vegna skertrar starfshæfni (40, n. 139).
   Frsm.: Páll Þorsteinsson.
7. Félagsheimili (30, n. 456 (meiri hl.), n. 473 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Páll Þorsteinsson.
   Frsm. minni hl.: Gylfi Þ. Gíslason.
8. Landsspítali Íslands (33).
   Nefndarálit kom ekki.
9. Almannatryggingar (52, n. 140).
   Frsm.: Gylfi Þ. Gíslason.
10. Íbúðarhúsabyggingar í kaupstöðum og kauptúnum (63, n. 439 (meiri hl.), n. 511 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Björn F. Björnsson.
    Frsm. minni hl.: Gylfi Þ. Gíslason.
11. Sömu laun kvenna og karla (80, n. 819 (minni hl.)).
    Frsm. minni hl.: Gylfi Þ. Gíslason.
    Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.
12. Atvinnuleysistryggingar (104).
    Nefndarálit kom ekki.
13. Skipun læknishéraða (108, n. 431).
    Frsm.: Jónas Rafnar.
14. Holræsagerð (110).
    Nefndarálit kom ekki.

1) Er hann hvarf af þingi sakir sjúkleika, tók sæti hans í nefndinni 11. nóv. Björn F. Björnsson.

Fastanefndir Nd.: Heilbrigðis- og félagsmála- og menntamálanefndir.

15. Meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra (133, n. 315).
    Frsm.: Kjartan J. Jóhannsson.
16. Almannatryggingar (162).
    Nefndarálit kom ekki.
17. Skipun læknishéraða (279, n. 435 (minni hl.), n. 436 (meiri hl.)).
    Frsm. minni hl.: Gylfi Þ. Gíslason.
    Frsm. meiri hl.: Páll Þorsteinsson.
18. Húsaleiga (302, n. 457 (1. minni hl.), n. 542 (2. minni hl.), n. 551 (3. minni hl.)).
    Frsm. 1. minni hl.: Páll Þorsteinsson.
    Frsm. 2. minni hl.: Jónas Rafnar.
    Frsm. 3. minni hl.: Gylfi Þ. Gíslason.
19. Almannatryggingar (478, n. 550).
    Frsm.: Gylfi Þ. Gíslason.
20. Lögsagnarumdæmi Húsavíkur (545, n. 696).
    Frsm.: Jónas Rafnar.
21. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (600, n. 695).
    Frsm.: Björn F. Björnsson.
22. Byggingarsjóður kauptúna (676).
    Nefndarálit kom ekki.

Mál, er nefndin flutti:

1. Óskilgetin börn, frv. (187).
   Frsm.: Björn F. Björnsson.
2. Eignarnám erfðafesturéttinda í Dalvíkurhreppi, frv. (459).
   Frsm.: Jónas Rafnar.

7. *Menntamálanefnd:*

Gunnar Thoroddsen, formaður,
Páll Þorsteinsson, fundaskrifari,
Kjartan J. Jóhannsson,
Halldór Ásgrímsson,
Hannibal Valdimarsson.

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Rithöfundaréttur og prentréttur (18, n. 213).
   Frsm.: Páll Þorsteinsson.
2. Friðun rjúpu (81).
   Nefndarálit kom ekki.
3. Happdrætti háskólans (71, n. 142).
   Frsm.: Gunnar Thoroddsen.
4. Háskóli Íslands (17, n. 265 (minni hl.)).
   Frsm. minni hl.: Gunnar Thoroddsen.
   Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.
5. Skemmtanaskattur (191, n. 263).
   Frsm.: Halldór Ásgrímsson.
6. Menntun kennara (208, n. 407).
   Frsm.: Páll Þorsteinsson.
7. Fuglaveiðar og fuglafriðun (288, n. 449).
   Frsm.: Páll Þorsteinsson.
8. Sóknargjöld (329, n. 415).
   Frsm.: Gunnar Thoroddsen.
9. Skipun prestakalla (416, n. 573).
   Frsm.: Gunnar Thoroddsen.

Fastanefndir Nd.: Menntamála- og allsherjarnefndir.

10. Kirkjubyggingasjóður (425, n. 541).
    Frsm.: Kjartan J. Jóhannsson.
11. Friðun hreindýra (641, n. 843).
    Frsm.: Halldór Ásgrímsson.
12. Prófessorsembætti í læknadeild háskólans (604).
    Nefndarálit kom ekki.

8. Allsherjarnefnd:

Jörundur Brynjólfsson,
Björn Ólafsson, formaður,
Eggert Þorsteinsson,
Einar Ingimundarson,
Ásgeir Bjarnason, fundaskrifari.

Mál, er til nefndarinnar var vísað:

A. Lagafrumvörp:

1. Firmu og prókúruumboð (2, n. 205).
   Frsm.: Björn Ólafsson.
2. Hlutafélög (3, n. 298 og frhn. 470).
   Frsm.: Björn Ólafsson.
3. Hámark húsaleigu o. fl. (24).
   Nefndarálit kom ekki.
4. Vátryggingarsamningar (13, n. 303).
   Frsm.: Eggert Þorsteinsson.
5. Kosningar til Alþingis (14, n. 102).
   Frsm.: Björn Ólafsson.
6. Sveitarstjórnarkosningar (163, n. 304).
   Frsm.: Einar Ingimundarson.
7. Kosningar til Alþingis (121).
   Nefndarálit kom ekki.
8. Sveitarstjórnarkosningar (122).
   Nefndarálit kom ekki.
9. Löggiltir endurskoðendur (125, n. 322).
   Frsm.: Jörundur Brynjólfsson.
10. Lögreglustjóri á Keflavíkurflugvelli (362, n. 481).
    Frsm.: Jörundur Brynjólfsson.
11. Þjóðhátíðardagur Íslendinga (367).
    Nefndarálit kom ekki.
